

Húsakönnun í Húnavatnshreppi



TGJ

hönnun · ráðgjöf · rannsóknir

1. útgáfa - maí 2019

Unnið að beiðni Húnavatnshrepps með styrk frá Húsafriðunarsjóði.

Efnisöflun / textagerð: Guðrún Jónsdóttir, Gunnlaugur Haraldsson og Páll J. Líndal.

Nýlegar ljósmyndir eru flestar teknar af Páli J. Líndal sumarið 2015.

Kort: TGJ – hönnun – ráðgjöf - rannsóknir.

Mynd á forsíðu: Kornsa 2015. Ljós. Páll J. Líndal.

Afritun einstakra hluta skýrslunnar er leyfileg sé getið heimildar. Afritun heilla kafla eða skýrslunnar í heild með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt er einungis heimil að fengnu skriflegu leyfi TGJ og Húnavatnshrepps.

© TGJ – hönnun – ráðgjöf – rannsóknir / Húnavatnshreppur 2019.

Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
1.1 Fornleifaskráning og þjóðminjavernd.....	8
1.2 Húsakönnun í Húnavatnshreppi.....	8
2. Húsakönnun – tilurð og tilgangur	10
2.1 Afmörkun og efnisskipan.....	10
2.2 Umfang og innihald.....	11
2.3 Aðferðafræði og verktilhögun.....	12
2.4 Mat á varðveislugildi.....	13
3. Húsaskrá	15
3.1 Áshreppur	16
3.1.1 Hvammur I og II.....	19
3.1.2 Eyjólfstaðir.....	25
3.1.3 Hof.....	31
3.1.4 Marðarnúpur.....	41
3.1.5 Guðrúnarstaðir.....	49
3.1.6 Þórormstunga.....	52
3.1.7 Sunnuhlíð.....	55
3.1.8 Forsæludalur.....	60
3.1.9 Hjarðartunga.....	64
3.1.10 Grímsbunga.....	66
3.1.11 Haukagil.....	73
3.1.12 Saurbær.....	78
3.1.13 Móhella.....	82
3.1.14 Ásbrekka.....	86
3.1.15 Ás.....	89
3.1.16 Undirfell og Undirfellskirkja.....	95
3.1.17 Nautabú.....	100
3.1.18 Kornsó.....	103
3.1.19 Gilsstaðir.....	113
3.1.20 Flaga.....	117
3.2 Sveinsstaðahreppur	124
3.2.1 Litla-Giljá.....	127
3.2.2 Brekka.....	132
3.2.3 Brekkukot.....	138
3.2.4 Hnausar I.....	143
3.2.5 Hnausar II.....	151
3.2.6 Hjallaland.....	155
3.2.7 Helgavatn.....	163

3.2.8 Breiðabólstaður	168
3.2.9 Miðhús	173
3.2.10 Uppsalir	179
3.2.11 Vatnsdalshólar	184
3.2.12 Sveinsstaðir	190
3.2.13 Skólahúsið á Sveinsstöðum	198
3.2.14 Steinnes	203
3.2.15 Hagi	209
3.2.16 Leysingjastaðir	213
3.2.17 Þingeyrar	216
3.2.18 Þingeyrakirkja	230
3.3 Torfalækjarhreppur	235
3.3.1 Stóra-Giljá	238
3.3.2 Akur	246
3.3.3 Torfalækur	252
3.3.4 Neðra-Holt	257
3.3.5 Laxárvatnsvirkjun	261
3.3.6 Kaldakinn I	266
3.3.7 Orrastaðir	271
3.3.8 Reykir	275
3.3.9 Hurðarbak	280
3.3.10 Grænahlíð	284
3.3.11 Hæli	287
3.3.12 Beinakelda II	292
3.3.13 Kringla	300
3.3.14 Röðull	303
3.3.15 Sauðanes	305
3.4 Svínavatnshreppur	310
3.4.1 Svínavatn og Svínvatnskirkja	314
3.4.2 Sólheimar	322
3.4.3 Tindar	327
3.4.4 Stóridalur	330
3.4.5 Dalsmynni – <i>félagsheimili</i>	334
3.4.5a Stekkjardalur	336
3.4.6 Ytri-Langamýri	338
3.4.7 Höllustaðir I og II	342
3.4.8 Guðlaugsstaðir	348
3.4.9 Litlidalur	352
3.4.10 Auðkúla og Auðkúlukirkja	360
3.4.11 Snæringstaðir	368

3.4.12 Syðri-Grund.....	372
3.4.13 Grund.....	375
3.4.14 Mosfell.....	380
3.4.15 Kúluqvíslarskáli.....	386
3.4.16 Sæluhús á Hveravöllum.....	388
3.4.17 Sæluhús Ferðafélags Íslands.....	393
3.5 Bólstaðarhlíðarhreppur.....	396
3.5.1 Hólabær.....	401
3.5.2 Gunnsteinsstaðir.....	405
3.5.3 Auðólfstaðir.....	412
3.5.4 Æsustaðir.....	416
3.5.5 Gautsdalur.....	426
3.5.6 Þverárdalur.....	431
3.5.7 Bólstaðarhlíð.....	435
3.5.8 Bólstaðarhlíðarkirkja.....	443
3.5.9 Gil í Svartárdal.....	446
3.5.10 Skeggsstaðir.....	452
3.5.11 Brattahlíð.....	456
3.5.12 Eiríksstaðir.....	468
3.5.13 Bergsstaðir.....	474
3.5.14 Bergsstaðakirkja.....	482
3.5.15 Leifsstaðir I og II.....	486
3.5.16 Steiná I (III).....	491
3.5.17 Skottastaðir.....	497
3.5.18 Stafn.....	500
3.5.19 Fossar.....	504
3.5.20 Kóngsgarður.....	508
3.5.21 Austurhlíð.....	513
3.5.22 Blöndudalshólar.....	517
3.5.23 Finnstunga.....	522
3.5.24 Ártún.....	527
4. Varðveislumat – samantekt.....	531
4.1 Sögulegt ágríp.....	531
4.2 Varðveitt hús frá 1877 til 1950.....	535
4.3 Niðurstöður varðveislumats – verndarflokkar.....	538
Heimildaskrá.....	551

Töflur

Tafla 1. Fjöldi varðveittra húsa í Húnavatnshreppi frá 1877 til 1950.....	11
Tafla 2. Flokkun bæjarhúsa 1918, skv. fasteignamati 1916-1918.....	532
Tafla 3. Flokkun bæjarhúsa 1930-1931, skv. fasteignamati 1930.....	533
Tafla 4. Flokkun bæjarhúsa 1940-1941, skv. fasteignamati 1942.....	534
Tafla 5. Íbúðarhús í Húnavatnshreppi frá 1879 til 1950.....	535
Tafla 6. Skóla- og samkomuhús, kirkjur, rafstöðvarhús, gangnamannaskáli og sæluhús, byggð 1864-1936	536
Tafla 7. Gripahús og önnur útihús í Húnavatnshreppi, byggð fyrir 1951	537
Tafla 8. Niðurstöður varðveislumats	541

1. Inngangur

Með lögum um menningarminjar nr. 80/2012 var gert skylt að skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi byggðar og annarra landsvæða. Með sérstakri húsakönnun ber að skrá friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsamstæður og mannvirki skv. þeim lágmarkskröfum og leiðbeiningum, sem Minjastofnun Íslands setur reglur um.¹ Megintilgangur slíkrar könnunar er að afla sem gleggstra upplýsinga og yfirsýnar um einstök hús, bæjarhluta eða byggingar í dreifbýli, svo að tryggja megi sem best að ákvarðanir um breytingar á byggð og mannvirkjum verði teknar á grundvelli þekkingar og heildstæðs mats á byggingar- og menningarsögulegu gildi byggðar og umhverfis.²

Fyrir gildistöku áðurnefndra laga var hafin nokkur umræða um nauðsyn slíkra húsakráninga í Blönduósbæ og sveitum Austur-Húnavatnssýslu í tengslum við skipulagsgerð, sem þá var unnið að á vegum Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts (TGJ). Frá því er nánar greint í ritunum *Aðalskipulag Blönduóss 1993-2013* og *Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016*, þar sem sérstaklega var fjallað um byggingararfinn í þessum byggðarlögum og vakin athygli á mörgu merkilegu í þeim efnum.³



Horft norður yfir Vatnsdalshóla, Flóðið á hægrri hönd. (Ljósmynd. Páll J. Línal, 2015.)

Eitt leiddi af öðru á næstu árum. Árið 2009 fól sveitarstjórn Blönduósbæjar TGJ - Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur gerð húsakönnunar í þéttbýlinu, sem einkum miðaðist við gamla bæjarkjarnann sunnan Blöndu. Fyrsta útgáfa *Húsakönnunar á Blönduósi* kom út síðla árs 2015.⁴ Með henni var lagður grunnur að þeirri viðamiklu úttekt, sem TGJ gerði á gömlu byggðinni innan ár vegna tillögu sveitarfélagsins að svokölluðu *verndarsvæði í byggð*, sem lokið var í febrúar 2018.⁵ Skömmu síðar, eða í júní 2018, lauk TGJ gerð húsakönnunar í dreifbýli Blönduósbæjar, þ.e. á því landsvæði, sem fyrrum tilheyrði Engihlíðarhreppi og Torfalækjarhreppi, en er nú innan marka Blönduósbæjar.⁶

¹ *Lög um menningarminjar nr. 80/2012*. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>.

² Sjá hér um: Guðmundur L. Hafsteinsson (1996). *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana byggðar á dönsku SAVE-aðferðinni*. Skipulag ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd ríkisins, nóvember 1996, og *Húsakráning, skráningarstaðall. Húsakönnun*. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 2 (ópr. drög), 2017.

³ *Aðalskipulag Blönduóss 1993-2013*. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Útgefendur: Blönduósbær og Skipulag ríkisins 1996; *Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016*. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Reykjavík 2005, s. 88-90.

⁴ *Húsakönnun á Blönduósi 2015*. Unnin af Guðrúnu Jónsdóttur, Ragnheiði Ragnarsdóttur og Páli Jakob Línal. TGJ – Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Fyrsta útgáfa desember 2015. Reykjavík.

⁵ *Blönduós. Gamli bærinn og Klifamýri – Verndarsvæði í byggð*. Tillaga og greinargerð. TGJ - Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Reykjavík 2018.

⁶ *Dreifbýli Blönduósbæjar. Húsakönnun*. Höfundar: Gunnlaugur Haraldsson, Páll J. Línal og Stefán J. K. Jeppesen. 1. útgáfa. TGJ. Reykjavík 2018.

1.1 Fornleifaskráning og þjóðminjavernd

Samhliða gerð *Aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010-2022*,⁷ sem unnið var á árunum 2008-2010, fór fram fornleifaskráning á 14 bújörðum í sveitarfélaginu. Sú skráning var gerð af sérfræðingum fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga, sem áður (2002-2006) höfðu skráð fornleifar á 6 jörðum í hreppnum og búsetuminjar á Hveravöllum.⁸

Áform um að ljúka skráningu allra fornleifa innan hreppsmarka fyrir árið 2020 hafa hins vegar ekki gengið eftir.⁹ Markmið sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi eru m.a. þau að nýta fornleifaskráningu „til að koma minjum í sveitarfélaginu á framfæri til að auka möguleika í ferðaþjónustu“, og að huga jafnframt „sérstaklega að uppbyggingu sögustaða“ í sama augnamiði.¹⁰ Í aðalskipulagi eru afmörkuð tiltekin *þjóðminjaverndarsvæði* á skipulagsupprætti, sem ná til „svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum“. Um er að ræða 10 friðlýsta minjastaði og 6 friðuð hús (kirkjur) skv. aldursákvæðum þjóðminjalaga, sem tilgreind eru í sérstökum kafla greinargerðar skipulagsins um þjóðminjavernd (3.3.2). Þar er meðal annars lögð áhersla á, að tekið skuli „tillit til skráðra fornleifa áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir“, og skilgreindar ýmsar leiðir til að ná því marki „í samstarfi við þjóðminjafirvöld um með hvaða hætti menningarminjum, byggingum og öðrum mannvirkjum í Húnavatnshreppi verði best haldið til haga og varðveitt“. ¹¹ Í öðrum kafla (3.3.5) er fjallað sérstaklega um 8 *hverfisverndarsvæði* og stefnu sveitarfélagsins til að tryggja með þeim varðveislu fornleifa og menningarminja, auk annarra minjasvæða á hálendi Húnavatnshrepps. Meðal þeirra eru tvö mikilvæg svæði í tilliti húsaverndar, þ.e. á Þingeyrum og í Brattahlíð í Svartárdal, eins og minnt er á í þessari skýrslu.¹²

1.2 Húsakönnun í Húnavatnshreppi

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 skerptu mjög á skyldum sveitarfélaga um húsavernd eins og getið er hér að framan. Við þessum kröfum brást sveitarstjórn Húnavatnshrepps með stuðningi Húsafríðunarsjóðs og fól TGJ gerð húsakönnunar í hreppnum, þar sem beitt yrði áþekkri nálgun og viðhöfð var um sömu mundir á Blönduósi. Meðal annars var ákveðið, að skráningin skyldi ná til allra húsa, sem byggð voru fyrir 1951 og ennþá væru uppistandandi. Annars vegar skyldi aflað upplýsinga um húsakost með vettvangsskoðun og viðræðum við ábúendur jarða, en hins vegar af skjallægum og prentuðum heimildum eftir því sem tók væru á og þörf krefði.

Vinna við verkefnið hófst sumarið 2015 með vettvangsferð Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts og dr. Páls J. Línal dr. í umhverfissálfræði um Húnavatnshrepp, þar sem aflað var ýmissa upplýsinga og umrædd mannvirki ljósmynduð. Vegna veikinda Guðrúnar, er síðan leiddu til andláts hennar 2. september 2016, urðu óhjákvæmilega tafir á framvindu verksins lengst af því ári. Var þá leitað til Gunnlaugs Haraldssonar, fornleifa- og þjóðháttufræðings, um að hlaupa í skarðið og taka að sér frekari heimildaöflun, efnisúrvinnslu og samningu greinargerðar í samvinnu við undirritaðan. Í ársbyrjun 2017 var verkefnið lagt til hliðar vegna annarra viðfangsefna TGJ og þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en á liðnu ári. Úrvinnsla heimilda og ritun einstakra húsálýsinga reyndist langtum umfangsmeiri en séð var fyrir í upphafi, en nánari lýsing á verktilhögun og efnisinnihaldi þessarar skýrslu er gefin í kafla 2.

Sérstakar þakkir skulu hér færðar ábúendum jarða og öðrum einstaklingum, sem lagt hafa þessu verkefni lið með hverskyns upplýsingum, yfirlestri húsálýsinga og annarri fyrirgreiðslu. Sérstaklega vil

⁷ *Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022*. <https://www.huna-vatnshreppur.is/static/files/SA-38-ASK-100520-til%20auglysingar.pdf>.

⁸ Sjá nánar fornleifaskýrslur í Heimildaskrá. Sjá ennfremur samantekt um skráðar fornleifar í *Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022*, 6. kafli (Viðauki I), s. 71-82.

⁹ *Húnavaka* 49. árg. 2009, s. 227.

¹⁰ *Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022*, s. 14.

¹¹ *Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022*, s. 35-38.

¹² *Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022*, s. 40-45.

ég nefna Jón Torfason, cand. mag. frá Torfalæk, sem lesið hefur yfir handrit og liðsinnt með margvíslegum hætti á öllum stigum. Sömuleiðis vil ég fyrir hönd TGJ þakka sveitarstjóra, Einari Kr. Jónssyni, og Þorgílsi Magnússyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps, fyrir veitta aðstoð og fyrirgreiðslu vegna þessa verks.

Fyrirsjáanlega verður þessi skýrsla einungis gefin út á rafrænu formi, a.m.k. fyrst í stað, svo að hún verður einungis aðgengileg á vefsíðum Húnavatnshrepps og Minjastofnunar Íslands. Það útgáfuform er að sínu leyti afar þénugt, því að með því gefst færi á viðbótum og leiðréttingum í uppfærðri endurútgáfu, þar sem kringumstæður hafa ekki veitt svigrúm til fullnægjandi rannsókna og mats á öllum þeim húsakosti, sem skýrslan nær til. Þess vegna ber að líta á hana sem „lifandi plagg“ í þeim skilningi, að unnt verður á síðari stigum að auka við hana fyllri upplýsingum um hvaðeina, sem að þessu sinni voru ekki tók á að rannsaka til hlítar eða kann að vera missagt.

Reykjavík, 6. maí 2019,



2. Húsakönnun – tilurð og tilgangur

Landssvæði það, sem nú myndar Húnavatnshrepp, tilheyrði til skamms tíma fimm sveitarfélögum, þ.e. Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, Svínavatnshreppi og Bólstaðarhlíðahreppi, sem sameinuðust í eitt sveitarfélag 1. janúar 2006, og ennfremur Áshreppi, sem bættist í hópinn síðar á sama ári. Heildarstærð Húnavatnshrepps er um 3,800 ferkílómetrar og nær hið sameinaða sveitarfélag yfir stóran hluta þess landsvæðis, sem tilheyrir Austur-Húnavatnssýslu.



Húnavatnshreppur með innfærðum markalínunum gömlu hreppanna og þeim jörðum, sem fjallað er um í húsakönnuninni. (Páll J. Línal / Loftmyndir ehf.)

2.1 Afmörkun og efnisskipan

Skv. Lögbýlaskrá Þjóðskrár Íslands 31. desember 2018 eru samtals 162 lögbýli í Húnavatnshreppi, sem skiptast þannig milli hinna gömlu hreppa: Áshreppur 30 býli, Sveinsstaðahreppur 27 býli, Torfalækjarhreppur 26 býli, Svínavatnshreppur 38 býli og Bólstaðarhlíðahreppur 41 býli. Af þessum fjölda teljast 14 eyðibýli og föst ábúð á 93 jörðum, en aðrar eru án fastrar búsetu. Íbúðarhús og aðrar byggingar eru á allflestum bæjum og uppistandandi einhver hús á mörgum eyðijörðum. Áreiðanlegar tölur um heildarfjölda og gerð allra húsbygginga í Húnavatnshreppi liggja hins vegar ekki fyrir svo vitað sé.

Eins og fyrr er nefnt nær þessi húsaskráning einungis til þeirra húsa, sem byggð voru fyrir 1951 og ennþá eru uppistandandi á samtals 81 jörð í hreppnum. Í þeim efnum hafa skýrsluhöfundar miðað við skráð byggingarár fasteigna, eins og þau birtast í *fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands* árin 2015-2018. Á þessu árabili hafa reyndar tvö gömul íbúðarhús horfið sjónum og verið rifin (á Gilststöðum og Marðar-núpi). Þeirra er þó engu að síður getið í þessari skýrslu. Sömu örlög hafa sennilega hlotið einhver úti-hús og óskráð mannvirki frá eldri tímum, þótt um það sé ekki vitneskja.

Tafla 1. Fjöldi varðveittra húsa í Húnavatnshreppi frá 1877 til 1950.

Hreppur	Íbúðarhús	Úti-hús	Kirkjur	Skóla- og samkomuhús	Rafstöðvarhús	Sæluhús	Gangnamannaskólar	Samtals
Áshreppur	13	28	1	1	1			44
Sveinsstaðahreppur	15	27	1	1				44
Torfalækjarhreppur	13	13			2			28
Svínavatnshreppur	9	7	2	1		2	1	22
Bólstaðarhlíðahreppur	17	28	2		1			48
Samtals:	67	103	6	3	4	2	1	186

Nánari skoðun á húsakosti í Húnavatnshreppi hefur einnig leitt í ljós, að nokkurrar ónákvæmni gætir í skráningu fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands um byggingarár húsa, þar sem aldur þeirra er sannanlega ranglega skráður og þau ýmist talin yngri eða eldri en raun ber vitni, skv. áreiðanlegum heimildum. Kunna því einhver hús í hreppnum að vera vantalin hér af þeim sökum, auk þess sem felldar voru niður samantektir um nokkur hús í vinnuferlinu, þegar í ljós kom við rannsókn að þau reyndust yngri en fasteignaskráin greinir. Eftir sitja þó kaflabútar um 10 athyglisverð hús, sem byggð voru á árabílinu 1952-1956 og ástæðulaust þótti að fella niður. Auk þess eru lýsingar á nokkrum íbúðar- og útihúsum, sem hafa verið rifin á síðustu árum, en eru þó enn í fasteignaskrá Þjóðskrár.

Ennfremur liggur fyrir, að allmörg gömul útihús á þeim jörðum, sem þessi húsakráning nær til, eru ekki tilgreind í fasteignaskrá Þjóðskrár. Af þeirri ástæðu einni má telja fullvíst, að einhverjar aflagðar byggingar frá fyrri hluta síðustu aldar hafi farið fram hjá skýrsluhöfundum, þrátt fyrir talsverða eftirgrenslna þeirra. Á þetta einkum við um torfhús, sem lítil eða engin not eru af lengur.

Við frágang jarða- og húsalýsinga í 3. kafla þótti eðlilegt að fylgja hinni gömlu hreppaskipan og þeirri bæjaröð hveirrar sveitar, sem viðhöfð var í Fasteignamatsbók 1932, enda miðast hún að einhverju leyti við fornar boðleiðir. Þessi niðurröðun hefur ýmsa kosti umfram stafrófsröð, þótt sennilega kunní hún að villa einhverjum sýn við leit að tilteknum bæjum í skránni. Verður þá efnisyfirlit skýrslunnar til leiðsagnar.

2.2 Umfang og innihald

Húsakráningin nær til samtals 186 bygginga, sem skiptast þannig eftir hústegundum: 67 íbúðarhús, 6 kirkjur, 3 skóla- og samkomuhús, 4 rafstöðvarhús, 2 sæluhús, einn gangnamannaskáli og 103 útihús af ýmsum toga. *Tafla 1* sýnir nánar, hvernig þessi húsakostur deilist á einstaka hreppa. Í Bólstaðarhlíðarhreppi eru varðveitt flest hús eða 48, þar af 17 íbúðarhús og 28 útihús. Í Ás- og Sveinsstaðahreppum eru húsin nokkru færri, eða 44 í hvorum hreppi og skipting þeirra áþekk, þ.e. 17 íbúðarhús og 28 útihús í hinum fyrrnefnda, en 15 íbúðarhús og 27 útihús í þeim síðarnefnda. Í Torfalækjarhreppi er fjöldinn 28 hús og þar af 13 íbúðarhús og jafnmörg útihús. Svínavatnshreppur rekur lestina með samtals 22 hús og þar af 9 íbúðarhús og 7 útihús.

Íbúðarhúsin eru að stærstum hluta byggð úr steinsteypu á árabílinu 1931-1950 eða 45 af 67 (67,2%) og einungis eru varðveitt 8 íbúðarhús, sem byggð voru fyrir 1920, þar af tvö úr torfi og timbri, sem bæði hafa staðið auð í áratugi (Brattahlíð og Bergsstaðir). Langflest útihúsin eru sömuleiðis byggð úr steinsteypu á árabílinu 1931-1950, eða 86 af 103 (83,5%), en aðeins er kunnugt um 5 útihús, sem byggð voru fyrir 1920. Þessi hús þjónuðu, eins og vænta má, nánast undantekningarlaust landbúskap, þ.e. sem gripahús, hlöður og geymslur. Aðrar byggingar eru þessar, um 16 talsins: Kirkjur á Þingeyrum, Svínavatni, Bergsstöðum, Auðkúlu, Undirfelli og í Bólstaðarhlíð, Skólahúsið á Sveinsstöðum, félagsheimilin Móhella og Dalsmynni, Laxárvatnsvirkjun og heimilisrafstöðvar á Stóru-Giljá, Gili og Marðar-núpi, torfhlaðinn gangnamannaskáli við Kúluvísl á Auðkúluheiði og tvö sæluhús á Hveravöllum. Nán-ari grein er gerð fyrir öllum þessum húsum í 5. kafla.

Þá skal tekið fram, að í inngangi að köflum 3.1 – 3.5 er birt lauslegt yfirlit um íbúðarhús úr timbri- og steinsteypu, sem byggð voru í hverjum hreppi á fyrri hluta síðustu aldar (fyrir 1951), en hafa nú verið rifin eða eru horfin af öðrum ástæðum. Nokkur þessara húsa stóðu fram yfir 2000. Þar er einnig ófullkomin skrá yfir torf- og timburbæi, sem annars vegar stóðu á eyðijörðum, jafnvel fram yfir miðja 20. öld, eða þjónuðu sem íveruhús á jörðum, þar til steinsteyppt íbúðarhús leystu þau af hólmi eftir 1950. Þessar skrár gefa þannig nokkra hugmynd um þann fjölbreytta húsakost, sem horfið hefur sjónum á síðustu áratugum, og eru áhugaverðar til samanburðar við þann fjölda íbúðarhúsa, sem ennþá er varðveittur frá fyrri tíð.

2.3 Aðferðafræði og verktilhögun

Megintilgangur húsakannana er „að tryggja, að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi sitt, sögu og byggingarlist“.¹³ Hér er vísað til þeirra húsa og annarra mannvirkja, sem skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Slík skráning upplýsinga og mat á varðveislugildi einstakra húsa skal fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt eða gefin út leyfi til framkvæmda. Þannig er unnt að taka upplýstar ákvarðanir og marka framtíðarstefnu um húsvernd og umhverfismótun á grunni bestu yfirsýnar um varðveittan byggingararf, staðbundnar byggingarhefðir og húsagerð.

Þessi húsakönnun byggir á svokallaðri *SAVE-aðferð* (e. Survey of Architectural Values in the Environment), sem beitt hefur verið hér á landi undanfarin ár til að meta og skrá varðveislugildi byggðar og einstakra bygginga. Til leiðsagnar við öflun upplýsinga, úrvinnslu þeirra og gerð varðveislumats eru leiðbeiningarrit Húsafriðunarnefndar ríkisins og Minjastofnunar Íslands,¹⁴ en efnisskipan og frágangur einstakra kafla húskráningarinnar er á hinn bóginn með því sniði, sem höfundar töldu best henta viðfangsefninu. Á það einkum við þá hluta, sem ná til lýsinga á staðháttum, sögu einstakra jarða og horfinna bæjarhúsa.

Eins og áður er lýst, nær þessi húsakönnun til allra bygginga í Húnavatnshreppi, sem byggðar voru árið 1950 eða fyrr og eru ennþá uppistandandi, eða samtals 186 húsa. Húsaskrá hvernar bújarðar er með stöðluðu sniði og skiptist í þrjá efnishluta ásamt völdu myndefni: (1) *Staðhættir og saga*, (2) *Horfin bæjarhús*, (3) *Húsaskráning og varðveislumat*.

Í fyrsta hluta er stutt kynning á staðháttum, sögu jarðar og ábúendum frá byrjun síðustu aldar til þessa dags. Auk þess er gjarnan getið sýnilegra menningarminja í nánd bæja, sem ásamt gömlum húsakosti auka vægi staðar sem menningarsögulegrar heildar.

Í öðrum hluta er gerð grein fyrir þeim húsakosti, - einkum íveruhúsum, - sem nýrri hús leystu af hólmi á fyrri hluta síðustu aldar. Með því er þróun bæjarhúsa á sérhverri jörð sett í sögulegt samhengi, þar sem meðal annars má ætla, að misjafnt ásigkomulag torfbæja á upphafs skeiði steinsteypualdar hafi haft sín áhrif á það, hvenær ráðist var í byggingu íbúðar- og útihúsa úr varanlegri efnum á einstökum bæjum. Margvíslegar aðrar aðstæður komu þar vitaskuld við sögu. Með því að safna hér saman í einn stað upplýsingum um horfin bæjarhús og staðsetningu þeirra er leitast við að brúa bilið milli varðveittra húsa og þess byggingararfs, sem ýmist er horfinn eða jörðin geymir. Á þann hátt fæst mikilvæg tenging milli húsa- og fornminjaskráningar á hverjum stað og traustur grunnur fyrir skipulag bæjarstæðis og nánasta umhverfis til frambúðar með verndun búsetuminja að leiðarljósi.

¹³ *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana [...]*, s. 8.

¹⁴ Guðmundur L. Hafsteinnsson (1996). *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana byggðar á dönsku SAVE-aðferðinni*. Skipulag ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, nóvember 1996, og *Húsaskráning, skráningarstaðall. Húsakönnun. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 2* (ópr. drög), 2017.

Í þriðja hluta birtist hin eiginlega húsaskráning, þar sem gefin er lýsing á þeim varðveittu húsum, sem könnunin nær til skv. tiltækum heimildum. Fyrst er rakin byggingarsaga sérhvers húss og dregnar saman í staðlað form helstu grunnupplýsingar um húsgerð, byggingarefni o.fl., en síðan lagt mat á einstök varðveislugildi með hliðsjón af skráningarstaðli og leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands. Til hagræðis er varðveislumat allra húsa fært saman í eina töflu (tafla 5) og heildstætt yfirlit í 4. kafla. Í því mati skýrsluhöfunda eru einnig gerðar tillögur um frekari aðgerðir, s.s. uppmælingar, nánari rannsóknir, varðveislu og verndun til frambúðar í einhverri mynd.

Víða er leitað fanga við samningu jarða- og húsalýsinga og vísað til heimilda þar um. Lýsingar á staðháttum og sögu einstakra jarða eru að stórum hluta byggðar á þremur grundvallarritum um þau efni: *Föðurtúnum* eftir Pál V. G. Kolka (útg. 1950), *Húnaþingi II og IV* (útg. 1978 og 1989) og *Árbók Ferðafélags Íslands 2007*, „Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda“ eftir Jón Torfason, sem einnig léði afnot af handriti sínu með margvíslegu ítarefni. Jafnframt er sótt efni í fornleifaskýrslur fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga varðandi þær jarðir, sem skráðar voru 2007-2009.

Upplýsingar um eldri og yngri húsakost eru að mestu sóttar í óprentaðar heimildir, svo sem manntal 1910, fasteignamatsgjörðir árána 1916-1918, 1930 og 1942,¹⁵ skjala- og teikningasafn Byggingastofnunar landbúnaðarins, fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2015-2018, virðinga- og úttektarbækur hreppa, gamlar og nýjar ljósmyndir og frásagnir heimildarmanna, sem ýmist var aflað í vettvangsferðum skýrsluhöfunda, með yfirlestri hús- og jarðeigenda á einstökum köflum skýrslunnar eða samtölum við þá. Leitað var eftir liðsinni hjá hartnær 90 einstaklingum, sem nær undantekningarlaust brugðust ljúflega við og komu athugasemdum á framfæri, jafnt stórum sem smáum. Sex manns sinntu því miður ekki kalli, þrátt fyrir ítrekaða beiðni. Er því viðbúið að ýmislegt kunni að vera vantalið og mis-sagt í þeim köflum skýrslunnar.¹⁶

Byggingarár einstakra húsa eru hér oftast miðuð við fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, en jafnframt er getið frávíka og vafaatriða, þegar það á við og heimildir greinir á. Flestar eldri ljósmyndir, sem hér hafa nýst sem mikilvægar heimildir, eru varðveittar í Ljósmyndasafni Austur-Húnavatnssýslu, en einnig eru sóttar myndir í önnur mynda- og skjalasöfn, s.s. Byggingastofnunar landbúnaðarins, og allmörg útgefin rit. Auk þess létu einstaklingar í té fáeinar myndir, en í myndatexta er hvarvetna getið uppruna myndefnis eftir föngum. Velflestar nýjar eða nýlegar ljósmyndir voru teknar af skýrsluhöfundum, Páli J. Líndal og Gunnlaugi Haraldssyni, í vettvangsferðum sumarið 2015 og haustið 2018. Við öflun frumuppdráttar að húsum (einkum íbúðarhúsum) var gerð skipuleg leit í teikningasafni Byggingastofnunar landbúnaðarins og forvera hennar (varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands), en um nýrri uppdrætti var einkum leitað fanga hjá Minjastofnun Íslands, Stefáni Árnasyni, byggingafræðingi á Blönduósi, og skjalasafni skipulags- og byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps.

2.4 Mat á varðveislugildi

Mat á varðveislugildi einstakra húsa byggist á tiltækum heimildum, eins og lýst er hér að ofan. Sú vitneskja tekur nær eingöngu til ytra útlits húsa og þeirra breytinga, sem vitað er að gerðar hafa verið frá upprunalegri gerð þeirra og svipmóti. Þær breytingar hafa eðlilega áhrif á niðurstöður matsins ásamt ástandi byggingar, sem miðast við ríkjandi aðstæður. Með því er hins vegar hvorki lagður dómur á verðgildi né notagildi einstakra húsa. Eins ber að hafa í huga, að niðurstaða varðveislumats verður seint talin ótvíræð eða byggð til fullnustu á hlutlægu mati, auk þess sem fyllri upplýsingar um einstök gildi byggingar geta hæglega leitt til endurmats á varðveislugildi hennar.

¹⁵ Til þessara grunnheimilda er einnig vísað í meginmáli með ártölunum 1910, 1916, 1930 og 1940.

¹⁶ Ekki bárust upplýsingar um þessar jarðir: Bólstaðarhlíð, Brattahlíð, Breiðabólstað, Eiríksstaði, Grænuhlíð og Hvamm.

Varðveislugildi hvers húss er metið út frá fimm matsþáttum eða gildum: a) *Byggingarlistarlegu gildi*, b) *menningarsögulegu gildi*, c) *umhverfisgildi*, d) *upprunalegu gildi* og e) *tæknilegu ástandi*. Við skráningu og mat á einstökum þáttum er fylgt sérstökum matslykli og stöðluðum lýsingum, þar sem sjónarmið og gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vega þyngst.¹⁷ Gefin eru töluleg gildi á skalanum 1-9 við röðun húsa í þrjá varðveisluflokka, sem skilgreindir eru þannig:

- *Hátt varðveislugildi*: Friðlýst hús og önnur hús með ótvírætt varðveislugildi.
- *Miðlungs varðveislugildi*: Friðuð hús með lítið eða miðlungs varðveislugildi og önnur hús með miðlungs gildi.
- *Lágt varðveislugildi*: Hús sem ekki falla undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi.

Helstu viðmið, sem lögð eru til grundvallar einstökum matsþáttum skv. SAVE-aðferðinni, eru þessi:¹⁸

- Gildi *byggingarlistar* miðast við mat á hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta, samspili forms, efnismeðferðar og notagildis. Lagt er mat á hvort húsið megi teljast gott dæmi um tiltekna húsagerð, byggingarstíl eða höfundarverk hönnuðar. Einnig er metið, hvort húsið er dæmigert eða hafi fágætisgildi.
- Við mat á *menningarsögulegu gildi* er m.a. horft til eftirtalinnna þátta: Staðbundinnar byggingarhefðar, húsgerðar og handverks, tiltekinnar stefnu í byggingarlist, tæknilegra nýjunga og efnisvals á byggingartíma, hlutverks og notkunar hússins, svo og tengingar þess við þekktu einstaklinga, sögulega viðburði, sérhæfða starfsemi og atvinnuhætti. Veigamikill þáttur í þessu mati er aldur byggingar, staða hennar í þróun húsagerðar innan byggðar og tenging við önnur hús.
- *Umhverfisgildi* er metið með hliðsjón af nærliggjandi umhverfi og samspili byggingar við önnur hús, staðsetningar hennar og stöðu í landslagi.
- Mat á *upprunalegu gildi* húss tekur mið af því, hvernig upphafleg gerð þess hefur varðveist. Einnig er lagt mat á, hvaða áhrif viðgerðir, viðbyggingar og beytingar hafa haft á gerð og ásýnd hússins og hvort þær veiki eða styrki gildi þess í heild sinni eða ákveðna byggingarhluta.
- Við mat á *tæknilegu ástandi* húss er metið ytra byrði þess og svipmót, þ.e. viðhald og ásigkomulag áberandi byggingarhluta, svo sem útveggja, klæðningar, glugga, þaks og undirstöðu. Tæknilegt ástand hefur þó að jafnaði ekki úrslitaáhrif á varðveislugildi húss.

Ástæða er til að geta þess, að einungis hús með hátt eða miðlungs varðveislugildi eru skilgreind sem byggingar með menningarsögulegt og listrænt gildi og teljast af þeirri ástæðu styrkhæfar úr Húsafríðunarsjóði. Mismunandi verndarstaða friðlýstra, friðaðra og umsagnarskyldra húsa er hins vegar skilgreind í gildandi lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Auk þess er í 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveðið sérstaklega á um vernd einstakra húsa og húsasamstæða með hverfisvernd (sjá nánar 4. kafla).

¹⁷ Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana [...], s. 19-21; Húsafríðun, skráningarstaðall. Húsafríðun (ópr. drög), s. 20.

¹⁸ Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana [...], s. 20-21; Húsafríðun, skráningarstaðall. Húsafríðun (ópr. drög), s. 19-20.

3. Húsaskrá



Við Svínavatn sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Líndal.)

3.1 Áshreppur

Árið 1910 voru 23 bæir í ábúð í fyrrum Áshreppi og 24 bæir árið 1942, en heilsársbúseta á 13 lögbýlum árið 2018. Ennþá eru uppistandandi samtals 44 hús á 18 jörðum, þ.e. 13 íbúðarhús, ein kirkja, samkomuhús, rafstöðvarhús og 28 útihús, sem byggð voru úr timbri og steinsteypu á árabílinu 1879-1950. Á flestum jörðum voru eldri bæjarhús rifin fljótlega eftir byggingu nýs íbúðarhúss. Þeir torfbæir eru því löngu horfnir.

Varðveitt hús frá 1879 til 1950

Varðveittar byggingar í Áshreppi eru eftirtaldar, – raðað eftir byggingarári:

<i>Kornsó</i>	Íbúðarhús úr timbri frá 1879-1881.
<i>Flaga</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1910 og haughús og fjós frá 1923.
<i>Hvammur</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1911 og sjö útihús frá 1928, 1945 og 1948.
<i>Eyjólfsstaðir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1913-1917 og sex útihús frá 1949 og 1950.
<i>Undirfellskirkja</i>	Steinsteyppt hús frá 1915.
<i>Grimstunga</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1921.
<i>Saurbær</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1922.
<i>Guðrúnarstaðir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1930.
<i>Móhella</i>	Steinsteyppt samkomuhús frá 1935 (nú frístundahús).
<i>Haukagil</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1936-1937 og hlaða frá 1950 .
<i>Hjarðartunga</i>	Steinsteyppt hlaða frá 1938 og fjárhús frá 1944.
<i>Marðarnúpur</i>	Steinsteyppt hlaða frá 1939, fjárhús frá 1944 og rafstöðvarhús frá 1946.
<i>Ásbrekka</i>	Bárujárnsklæddur timburskúr (vöruskemmi) frá 1940.
<i>Hof</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1944-1945, timburhús frá 1900/1929 og hlaða frá 1929.
<i>Forsæludalur</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1947.
<i>Sunnuhlíð</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1947-1950 og þrjú útihús frá 1945 og 1950.
<i>Ás</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1949-1950.
<i>Þórormstunga</i>	Steinsteyppt hlaða og votheysgryfja frá 1950.
<i>Nautabú</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1950-1953.

Horfin timbur- og steinsteypuhús – byggð fyrir 1951

Á fimm eyðijörðum eru nú horfin íbúðarhús, sem byggð voru úr timbri og steinsteypu fyrir 1951 og stóðu fram á seinni hluta aldarinnar og jafnvel allt til ársins 2016. Þessar jarðir eru:

<i>Undirfell</i>	Íbúðarhús úr timbri frá 1917, rifið eftir 1970.
<i>Gilsstaðir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1924 og 1938, rifið 2016.
<i>Marðarnúpur</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1931 og 1942, rifið 2016.
<i>Ásbrekka</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1937, rifið 2009.
<i>Vaglir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1944-1945, rifið 1999.

Hornfir torf- og timburbæir

Á árabílinu 1908-1935 féllu úr ábúð sex jarðir með torf- og timburhúsum, sem síðan hafa allar verið í eyði nema Bakki, sem byggðist að nýju 1954. Þessi býli eru eftirtalin (búsetulok innan sviga):


Bakki (1908), Hólkot (1922),¹⁹ Marðarnúpsel (1927),²⁰ Gilhagi (1931) og Kötlustaðir (1935).

Torfbæir stóðu fram yfir miðja síðustu öld á fimm bæjum, þar sem steinsteypt íbúðarhús voru ekki byggð fyrr en 1951 eða síðar. Þessir bæir eru eftirtaldir (byggingarár nýrra húsa innan sviga):

Brúsastaðir (1958), Gilá (1958), Kárdalstunga (1960), Þórormstunga (1964-67) og Snæringsstaðir (1972).



Brúsastaðir (t.v.) og Gilá (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 921. / Ljósmyndasafn A-Hún.)



Þórormstunga (t.v.) og Kárdalstunga. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1013.)




Til vinstri: Vagllir um 1975. Búsetu lauk þar 1976, en bæjar- og útihús voru rifin 1999 og stendur nú aðeins eftir votheysturninn á bæjarstæðinu. Til hægri: Snæringsstaðir í Vatnsdal í júlí 1972, er nýtt íbúðarhús var í smíðum. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/260.)

¹⁹ Hólkots getur fyrst í sálmaregistri 1915 og var í ábúð 31. des. 1921, sbr. sálmaregistrur Undirfellssóknar, en skv. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 44. árg. 1932, s. 66, féll hjáleigan í auðn „fyrir nokkrum árum“.

²⁰ *Marðarnúpsel* er í Svinadal, en tilheyrir þó Áshreppi.

Áshreppur




Myndin sýnir þá bæi í Áshreppi sem fjallað er um í húsaskránni. (Páll J. Línal / Loftmyndir ehf.)

3.1.1 Hvammur I og II

Staðhættir og saga

Hvammur í Vatnsdal er nyrsta býli í Áshreppi austan Vatnsdalsár, fornt höfuðból og kostarík jörð. Á Sturlungaöld bjó þar Þorsteinn Jónsson, faðir Eyjólfssona (d. 1255), sem átti drjúgan þátt í átökum þess tíma og stofnaði m.a. til Flugumýrabrennu 1253. Kirkja var í Hvammi á miðöldum, helguð Maríu guðsmóður. Þar var þjónustað a.m.k. fram yfir 1569 og stóð húsið reyndar enn árið 1706. Í Hvammi var sýslumannssetur 1820-1846 í tíð Björns Auðunssonar Blöndal (1787-1846), sem var röggsamt yfirvald og forfaðir Blöndalsættarinnar. Sonur hans, Benedikt Blöndal, sat jörðina til 1903, en seldi hana þá hjónunum Sigurlaugu Guðlaugsdóttur (1851-1921) og Hallgrími Hallgrímssyni (1854-1927). Hann

var „búmaður mikill og auðugur“ og talinn einn ríkasti bóndi landsins við ævilok.²¹



Túnakort frá 1918. Hannes Jónsson. Samfeldur grjótgæður girðir af túnið að norðan-, austan- og sunnanverðu. Nyrst (lengst til vinstri) eru tvö fjárhús og það þriðja fast við garðinn að austanverðu. Litlu vestar standa hesthús og fjárhús, síðan fjós o.fl. og hesthús norðaustur frá bæjarhúsum. Vestan við mælilínuna stendur steinhúsið og liggur heimreið að því, en austan við hús og heimreið eru rétt, skemma og kálgarður syðst. Efst í horni uppdráttarins er óræktað stykki og lítill kálgarður í horni hans.

Bæjarstæðið er neðarlega á skriðuvæng og bungulagaðri hæð undir rótum Vatnsdalsfjalls, sunnan undir Hvammshjalla (Deildarhjalla). Upp af bænum er djúpur hvammur inn í fjallið, en úr því hefur verið skriðusamt í aldanna rás. Nokkru norðar rís Jörundarfellið (1038 m), hæsti tindur fjallsins, upp af Hjallalandi. Frá bænum er fagurt útsýni og mikið undirlendi, en handan Vatnsdalsár er býlið Flaga.



Gamli torfbærinn í Hvammi árið 1903. Hallgrímur Hallgrímsson bóndi á bæjarhlaðinu. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 967.)

Jörðinni var skipt í tvö býli 1926, Hvamm I og II.

Ábúendur í Hvammi I frá 1922-1947 voru Theodóra Hallgrímsdóttir (1895-1992) og Steingrímur Ingvarsson (1897-1947) og síðan Reynir (1925-1989) sonur þeirra og Salóme Jónsdóttir (1926-2015) frá 1958 til 1989. Ábúendur í Hvammi II frá 1916 til 1946 voru Guðjón Hallgrímsson (1890-1982) og Rósa Ívarsdóttir (1891-1982) og síðan Hallgrímur (1919-2018) sonur þeirra og Fjóla Kristmannsdóttir (1921-2010) frá 1946 til 1985.²² Þau seldu jörðina Gunnari Ástvaldssyni og Þuríði Guðmundsdóttur, sem bjuggu í Hvammi II til 2001. Frá því ári hefur búið í Hvammi II Haukur Suska Garðarsson, ferðaþjónustu- og hrossabóndi, en Hólmgeir Pálsson í Hvammi I.

Íbúðarhús

Árið 1910 var í Hvammi stór og gamall torfbær, sem sneri fimm samföstum heilþiljum (útipiljum) íveruhúsa og skemmuburst að bæjarhlaði (sjá mynd frá 1903). Árið 1911 létu Sigurlaug og Hallgrímur byggja stórt og mikið steinhús, sem enn stendur, vestan við gamla bæinn. Það er einlyft á háum steinsteyptum kjallara, með porti, risi og kvisti mót suðri. Húsið er *annað fyrsta steinsteypuhúsið*,

²¹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 236-239; Jón Torfason (2007), s. 60-61; *Húnaþing* II, s. 326-327; *Heimskringla* 42. árg., 8. tbl., 23. nóv. 1927, s. 4; *Kirkjur Íslands* VIII, s. 226; *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps* [...] 2009/99, s. 8-10.

²² *Morgunblaðið* 11. okt. 2010, s. 20; *Húnavaka* 33. árg. 1993, s. 164-166.

sem byggt var í Vatnsdalnum og þriðja húsið, sem reist var í sveitum Austur-Húnavatnssýslu, næst á eftir steinhúsunum á Flögu í Vatnsdal og Geitaskarði í Langadal, sem bæði voru byggð árið 1910. Ókunnugt er um hönnuð hússins í Hvammi, en yfirmiður þess var Sveinbjörn Kristjánsson (1883-1965), húsasmíðameistari í Reykjavík. Hann var heimilisfastur á Flögu 1910-1911 á meðan hann vann að byggingu hússins þar, en flutti svo aðsetur sitt yfir að Hvammi árið 1911²³ (sjá nánar kafla 3.1.20). Að sögn flutti hann með sér steyptumótin, sem notuð voru við byggingu beggja húsanna.²⁴



Í fasteignamati 1916-1918 var húsinu lýst þannig: „Íbúðarhús með kjallara, úr steinsteypu með járnpaki, einlyft með porti og kvisti, 12 × 18 álnir með áfastri steinlímdri safnþró. Ennfremur eldiviðarhús og smiðja, torfbyggt og þurrkjallur og salerni úr timbri.“ Árið 1930 var þessi lýsing gefin: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 11,30 × 8,15 m að innanmáli, portið 1,25 m og þakið járnavið.“

Steinhúsið í upphaflegri mynd. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 969.)

Um 1940 var húsinu ítarlega lýst: „Íbúðarhús steinsteyppt. Veggshæð frá kjallara 4,3 m, rishæð 1,7 m, grunnstærð 12 × 8,8 m. Kjallari: veggshæð 2,6 m. Herbergi 5 og stigagangur. Skilrúm og gólf steyppt. Á stofuhæð herbergi 5 og stigagangur, eitt timburskilrúm, önnur steyppt. Þiljaðir útveggir á 2 herbergjum. Gólf yfir kjallara af timbri, tvöfalt í 3 herbergjum. Öll hæðin máluð. Á lofti er kvistur og 4 herbergi og stigagangur. Að kvisti eru steyppt skilrúm og hann málaður og veggfóðraður. Önnur herbergi ómáluð og 2 ekki fullþiljuð. Hanabitaloft ekki til neinna nota. Útveggir með holrúmmum, en ekkert stoppuð. Gólf yfir stofuhæð tvöföld. Þak: súð, pappi og járn. Steypa í útveggjum ekki góð, einkum er suðurstafrn mjög gallaður og húsið ekki haft fullnægjandi viðhald. Múrpípur 2, miðstöðvar 2. Útihús: Skúr við íbúðarhús steypptur með skilrúmi, járnpak á rimlum 56 m³. Smiðja 22,6 m³, hjallur af timbri og járn.“



Steinhúsið í Hvammi um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Eins og að framan er lýst er húsið á einni hæð með kjallara, portbyggðu risi, lágu mænispaki og steypptu þakskeggi á langhliðum. Upp af framhlið rís steypptur kvistur með mænispaki. Við norður-gafl var snemma byggður lágrestur og steinsteypptur skúr með einhalla þaki (3 × 8 m), sem getið var um 1940. Hann hýsti Lister-rafstöð, sem var aflögð 1960, er rafmagn kom í Vatnsdalinn frá samveitu. Skúrinn var rifinn um 1965.²⁵



Horft heim að Hvammi 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

²³ Prestþjónustubók Undirfellssóknar.

²⁴ Heim. Steingrímur Ingvarsson 4. mars 2019 og Gísli Ragnar Gíslason 5. mars 2019.

²⁵ Heim. Steingrímur Ingvarsson 4. mars 2019.

Árin 1952-1954²⁶ var húsið stækkað með viðbyggingu eða íbúðarhúsi úr hlöðnum steini, sem byggt var við suðurstaft og áfast honum. Húsið tilheyrði Hvammi II og fyrir byggingu þess stóðu Hallgrímur Guðjónsson og Fjóla Kristmannsdóttir. Það var teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en yfirmsiður var Guðmundur J. Bergmann (1909-1987), húsasmíðameistari á Stóru-Giljá.²⁷ Um er að ræða einlyft hús með lágreistu valmapaki og kjallara, sem rís jafnhátt úr jörðu og eldri hlutinn. Eldra húsið er um 106 m² og 443 m³ að stærð, en viðbyggingin er 80,6 m² og 102 m³, svo að samanlögð stærð alls hússins er 545 m³.²⁸ Viðbyggingin og suðurgafli eldra hússins eru klædd trapizujárni, en að öðru leyti er eldra húsið klætt með steniplötum á einangraða trégrind. Með því hefur húsið verið svipt upprunalegum svip að verulegu leyti og virðist viðhaldi þess í mörgu ábótavant. Gluggar á eldra húsinu eru þó ennþá með krosspóstum og upphaflegu sniði, en gluggasetningu í yngri hluta hússins hefur verið breytt með því að gluggar eru nú aðeins með einum lóðréttum pósti.



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að viðbyggingu við gamla íbúðarhúsið í Hvammi. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/33, nr. 1643.)



Íbúðar- og útihús í Hvammi um 1975. (Húnaþing II, s. 326.)

²⁶ Viðbyggingin var reist 1952 skv. *Húnaþingi II*, s. 327, en árið 1954 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018, sögð 80,6 m². Skv. úttekt pr. 20. nóv. 1953 fóru framkvæmdir að miklu leyti fram á því ári. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/143.

²⁷ Gísli Ragnar Gíslason 5. mars 2019.

²⁸ *Húnaþing II*, s. 326-327. Skv. úttekt pr. 20. nóv. 1953 var viðbyggingin 6,0 × 8,20 m að stærð, þ.e. 50 m² og 250 m³. Samnýting var á eldhúsi, þvottahúsi og geymslum í gamla húsinu. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/143.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1911	
Fyrstu eigendur:	Hallgrímur Hallgrímsson og Sigurlaug Guðlaugsdóttir	Upphafleg notkun: íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Sveinbjörn Kristjánsson	
Viðbygging:	1954	
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	
Fyrstu eigendur:	Hallgrímur Guðjónsson og Fjóla Kristmannsdóttir	
Yfirsmiður:	Guðmundur J. Bergmann	


Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Útveggir klæddir með steniklæðningu 1985-1990.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portbyggt ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		12 × 8,8 m / um 106 m ² og 443 m ³ .
	Kvistur	Óbreytt	
	Reykháfar (2)	Annar horfinn	
	Rafstöðvarskúr	Horfinn	Byggður við norðurgafli fyrir 1940, en rifinn um 1965.
	Gluggar	Óbreyttir	Krosspósta gluggar eru enn með upphaflegu sniði.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Einfaldur og hefðbundinn steinhúsastíll frá fyrri hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	<i>Annað fyrsta steinsteypuhúsið</i> sem reist var í Vatnsdal, 108 ára.
Umhverfisgildi:	Hátt	Reisulegt hús og sómir sér vel á fögru bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Utanhússklæðning dregur verulega úr upprunalegu gildi hússins.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Nokkuð virðist skorta á viðhald hússins, s.s. þaks og útveggja.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi í menningarsögulegu tiliti.
Niðurstaða varðveislumats:		Eldri hluti hússins er friðaður skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað og byggingarsaga þess rannsökuð nánar.

Hesthús, fjós, hlöður (3), geymsla og véla- og verkfærageymsla

Um 1940 stóðu í Hvammi haughús og heyhlöður úr steinsteypu, skv. fasteignamati. Gömul steinsteypt peningshús, sem standa skammt norðan og ofan við bæinn og tilheyra báðum bæjum (Hvammi I og II), gætu þó að einhverju marki verið sömu hús, þótt skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 séu þau öll byggð eftir 1940 nema *hlaða* (92,2 m²), sem tilheyrir Hvammi II og talin er byggð árið 1928. Önnur steinsteypt útihús eru þessi og tilheyra öll Hvammi I: *Hesthús* yfir 14 hross frá 1945 (61,2 m²), *hlaða* (35,2 m²), *geymsla* (39,5 m²), *véla- og verkfærageymsla* (78,4 m²), *hesthús* – upphaflega



fjós fyrir 18 gripi (107,4 m²) og *hlaða* (87,2 m²), - öll síðarnefndu byggð 1948.²⁹ Flest húsinn eru í talsverðri niðurníðslu, sum mjög illa farin og jafnvel hrúnin.

Uppmæling Þorgríms Pálmasonar frá 11. apríl 1993 af hesthúsi, hlöðu og véla- og verkfærageymslu, sem standa næst íbúðarhúsi. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/143.)



Útihús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1928, 1945 og 1948
Fyrstu eigendur: Steingrímur Ingvarsson og Guðjón Hallgrímsson
Hönnuður: Óþekkt
Yfirsmiður: Óþekkt

Upphafleg notkun: Fjós, hlöður, hesthús og geymslur.
Núverandi notkun: Hesthús, hlaða og vélageymsla.

²⁹ Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018; þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/143 (virðingargjörð pr. 25. nóv. 1967).

<i>Húsgerð</i>	<i>Upphaflegt</i>	<i>Núverandi</i>	<i>Helstu einkenni/breytingar</i>
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Látlaus og hefðbundin útihús úr steinsteypu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin eru sögulaus, en vegna aldurs hefur hlaðan frá 1928 helst menningarsögulegt gildi sem eitt elsta útihús í hreppnum, 90 ára.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin eru leifar fjölbreyttrar útihúsabyrpingar sem var fyrrum norðan við íbúðarhúsið.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Flest húsin virðast með upphaflegu svipmóti, en laklegt ástand dregur úr gildi þeirra.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsin eru flest í lélegu ástandi og slæmri umhirðu.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsin hafa fremur lágt varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

3.1.2 Eyjólfstaðir

Staðhættir og saga

Eyjólfstaðir eru næsti bær framan við Hvamm, austan Vatnsdalsár, litlu neðar en á móts við Kornsa að vestanverðu. Trúlega var Kársnes eldra nafn jarðarinnar, sbr. Vatnsdæla sögu, enda er hún fornt



býli eins og staðfest var af kumli, sem fannst í eldhúsgrunni árið 2003 (sjá síðar). Frá Eyjólfstöðum var lögferja á Vatnsdalsá.³⁰

Túnakort frá 1918. Hannes Jónsson. Engar skýringar á einstökum húsum og mannvirkjum eru innfærðar á uppdráttinn, en steinhúsið stendur augljóslega við enda heimreiðarinnar.

Ábúendur á Eyjólfstöðum frá 1903 til 1938 voru hjónin Margrét Jónasdóttir (1879-1961) og Þorsteinn Konráðsson (1873-1959), smiður, fræðimað-

ur og organisti við Undirfellskirkju;³¹ frá 1938 til 1981 Jenný Jónsdóttir (1898-1991) og Bjarni Jónsson (1896-1981) og síðan Ingibjörg dóttir þeirra (1923-2001) og Ingvar A. Steingrímsson (1922-2009) frá 1956 til 1995.³² Síðustu ábúendur á jörðinni voru Þorbergur Aðalsteinsson og Anna S. Guðmundsdóttir, sem bjuggu þar frá 1995 og síðan Þorbergur og Ólína R. Stefánsdóttir til 2003. Frá þeim tíma hefur jörðin ekki verið nýtt til búskapar, en túnin nytjuð. Vorið 2003 keyptu jörðina hjónin Hrefna María Gunnarsdóttir (1944-) og Magnús Þór Magnússon (1942-2007), sem var dóttursonur Þorsteins Konráðssonar og Margrétar Jónasdóttur. Þau létu gera upp íbúðarhúsið og endurgera það að hluta af mikilli vandvirkni á árunum 2003-2007. Hefur það síðan verið nýtt sem heilsárs íveruhús án þess að þar sé skráð föst búseta.³³

Íbúðarhús

Árið 1910 var gamall torfbær á Eyjólfstöðum „í 3 röðum“ með þremur timburstöfnum að hlaði.³⁴



Miðað við fasteignamat 1916/1918 hafði hann þá verið jafnaður við jörðu og að húsbaki stóðu einungis gömul peningshús með torfveggjum og torfþökum, eins og sést á túnakorti frá 1918 og ljósmynd frá svipuðum tíma.

Í baðstofunni á Eyjólfstöðum um aldamótin 1900. Steinunn Steinsdóttir (móðir Margrétar Jónasdóttur) situr við hannyrðir og Sigurður Nordal (síðar prófessor) við bóklestur. (Páll V. G. Kolka (1950), s. 272.)

Ekki verður fullyrst, hvenær Þorsteinn Konráðsson og Margrét Jónasdóttir hófu byggingu steinsteypta hússins, sem enn stendur á Eyjólfstöðum, enda eru heimildir þar

um mjög á reiki.³⁵ Víst er þó, að sumarið 1912 var hafinn undirbúningur þess, sbr. fréttapistil um ný-

³⁰ Páll V. G. Kolka (1950), s. 239-240; *Húnaþing II*, s. 328; Jón Torfason (2007), s. 60.

³¹ *Óðinn* 24. árg., 10.-12. tbl., 1928, s. 88-89.

³² *Morgunblaðið* 1. des. 1981, s. 46-47.

³³ *Morgunblaðið* 95. árg., 9. tbl., 10. jan. 2007, s. 26-27; *Heim*. Steingrímur Ingvarsson 10. febr. 2019; *Heim*. Áslaug María Magnúsdóttir 12. febr. 2019.

³⁴ Bæinn byggðu Jónas Guðmundsson og Steinunn Steinsdóttir, en hann var að sögn Ágúst B. Jónssonar á Hofi einn fegursti sveitabær, sem hann hafði séð „að útliti og frágangi öllum“. Ágúst B. Jónsson (1970), s. 43.

³⁵ Byggingarár hússins er mjög á reiki í heimildum. Skv. *Húnaþing II*, s. 328, var húsið byggt 1914 og 1915 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018, en árið 1917 skv. virðingargjörð pr. 20. mars 1941 (varðveitt í *Hér.A-Hún*. Virðingarbók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953). Þá getur þess í *Óðni* 24. árg. 1928, 10.-12. tbl., s. 89, að húsið hafi verið byggt „á árunum 1913-1917“ og muni það vera „eitt hið vandaðasta hús til sveita“. Um byggingu þess segir í *Húnavöku* 39. árg. 1999, s. 76: „Hið myndarlega íbúðarhús á Eyjólfstöðum var byggt árið 1917. Þótti það finna en önnur íbúðarhús í sveit á þeim tíma.“

byggð steinsteypuhús, sem birtist í blaðinu *Norðurlandi* 1. júní það ár. Þar sagði meðal annars: „Dálítið af þeim [þ.e. steinsteypum húsum] er þegar komið upp hér á Norðurlandi. Í Húnavatnssýslu munu 3 vera fullger, á Geitaskarði í Langadal og tvö í Vatnsdalnum, annað í Hvammi og hitt á Flögu, og verið að efna til hins þriðja á Eyjólfstöðum. Loks er nú verið að byggja upp kvennaskólann á Blönduósi úr steinsteypu.“³⁶ Virðist þó ljóst, að ekki var byrjað að grafa fyrir grunnni hússins á Eyjólfstöðum fyrir en árið eftir, eins og kemur fram í þessari skráningu þjóðminjavarðar um jarðfundnar minjar það ár:



Árið 1913 fann Þorsteinn bóndi Konráðsson mannsbeinagrind er hann var að grafa fyrir húsi á hól skammt fyrir ofan bæinn á Eyjólfstöðum í Vatnsdal. Höfuðið vissi í norður. Beinagrindin var heil, en aðeins fá beinanna komu á safnið, löngu síðar. Engir munir fundust, og heimild brestur að telja þetta með kumlum, þótt ekki sé vitað til að kristinn grafreitir hafi verið á Eyjólfstöðum.³⁷

Eyjólfstaðir skömmu eftir byggingu hússins. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 927.)

Húsið var lengi í smíðum, eða frá 1913 til 1917 og var ekki flutt í það fyrir en í árslok 1917.³⁸ Húsið var eins og áður segir *þriðja steinsteypuhúsið*, sem byggt var í Vatnsdalnum. Það var lengi talið „eitt hið fallegasta og vand-

aðasta hús til sveita“. Fyrir það framtak og aðrar búnaðarframkvæmdir var Þorsteini veitt heiðursgjöf af styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. árið 1924.³⁹ Ekki er kunnugt, hver gerði teikningar að húsinu eða var yfirmiður þess, en sennilega mun Þorsteinn hafa sjálfur stjórnað framkvæmdum að meira eða minna leyti, enda var hann fjölhæfur smiður, bæði á tré og járn. Að sögn var Jónas B. Bergmann, trésmiður á Marðarnúpi, honum til aðstoðar,⁴⁰ og einnig má telja líklegt, að Páll Óskar Einarsson (1891-1969), trésmíðameistari í Reykjavík, hafi eitthvað komið að smíði innréttinga, en hann var til heimilis á Eyjólfstöðum 1917-1918, skv. sóknarmannatali.⁴¹

Í fasteignamat 1916-1918 var húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús með kjallara úr steinsteypu með járnþaki, einlyft með 2 álna porti og krosskvisti. 12 × 17 álnir, nýtt.“ Árið 1930 var gefin þessi lýsing: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 10,65 × 7,55 m. Ein hæð með kjallara. Loft með kvisti í gegn og porti, 1,25 m. Þak járnvarið. Önnur bæjarhús smíðja. Miðstöð.“



Eyjólfstaðir um eða fyrir miðja síðustu öld (t.v.) og eftir 1950. Trjálundurinn sunnan við húsið er frá búskaparátum Þorsteins og Margrétar. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 930.)

³⁶ *Norðurland* 12. árg., 24. tbl., 1. júní 1912, s. 89.

³⁷ Kristján Eldjárn (2000), s. 124.

³⁸ *Heim*. Steingrímur Ingvarsson 10. febr. 2019.

³⁹ *Morgunblaðið* 16. okt. 1959, s. 11; *Óðinn* 24. árg. 1928, 10.-12. tbl., s. 88-89.

⁴⁰ *Heim*. Áslaug María Magnúsdóttir 12. febr. 2019. Haft er eftir Hannei, syni Þorsteins (1918-2005), að einhver Vestur-Íslendingur, sem dvaldi um stundarsakir hér á landi, hafi komið að byggingu hússins. *Heim*. Jón Arason 14. apríl 2019.

⁴¹ Vel má þó vera, að Páll hafi einungis haft aðsetur á Eyjólfstöðum þennan tíma á meðan hann vann ásamt föður sínum, Einari J. Pálssyni, trésmíðameistara og húsamálara, að innansmíði Undirfellskirku. Páll fluttist síðar til Chicago í Bandaríkjunum.



Eyjólfstaðir 1953. Á myndinni til hægri er gamalt hesthús, sem nú er löngu horfið. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/67.)

Um 1940 var húsinu lýst þannig: „Íbúðarhús 10,6 × 7,4 m, vegg hæð frá kjallara 4,2 m, rishæð 3 m, hæð á kjallara 2,5 m. Herbergi 4 og stigagangur, steypt skilrúm og gólf nema í einu herbergi. Gólf yfir kjallara, tvöfalt timbur. Stofuhæð 4 herbergi og stigagangur. Skilrúm eitt, timbur, önnur steypt. Gólf yfir hæðinni tvöföld. Á lofti eru 2 kvistir og 3 herbergi. Kvistirnir og 2 herbergin til íbúðar. Loft yfir tvöfalt nema yfir geymslu. Á stofuhæð eru útveggir þiljaðir og stopp á milli veggja og eins á lofti þau herbergi sem eru til íbúðar. Þak er súð, pappi, járn. Íbúðarherbergi öll máluð og veggfóðruð. Þak málað. Múrpípur eru 2, miðstöð, þvottapottur, skolpleiðsla, ekki vel hagkvæm. Húsið vel byggt og ekki áberandi gallað að öðru leyti en múrpípur leka mikið og skemmdir af útrennsli út frá þeim.“

Að síðustu skal hér vitnað í virðingargjörð, sem gerð var 20. mars 1941, þótt hún bæti litlu við eldri úttektir.⁴² Þar er byggingarár hússins sagt 1917 og stærð þess að utanmáli 10,7 × 7,5 m. Hæð undir loft í kjallara var 2,3 m, á aðalhæð 2,9 m, frá jörð upp á gólf í aðalhæð 1,5 m, á portveggjum 1,25 m og í rishæð 2 m. Útveggir voru steinsteyptir (25 sm þykkir) og sömuleiðis skilrúmsveggir og gólf í kjallara, en gólf í aðalhæð og þakhæð voru hins vegar úr timbri. Þakið var timbursúð með þakjárnri. Í kjallara, stofuhæð og risi voru alls staðar 5 herbergi að meðtöldum gangi.



Horft heim að bænum úr vesturátt um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhúsið er 225,1 m² og 512 m³ að stærð. Það er einlyft með kjallara, portbyggðu risi, mænispaki og krosskvisti. Húsið er fögur og stílhrein bygging með steyptum svölum fram af vesturkvisti og vönduðum tröppum við aðalinngang á framhlið. Húsið heldur upphaflegri gluggasetningu, skreyti á þakskeggi og öðru svipmóti, þ.á m. tveimur reykháfum. Á árunum 2003-2007 var húsið gert upp og endurgert að hluta af eigendum þess, Hrefnu Maríu Gunnarsdóttur og Magnúsi Þór Magnússyni, sem stýrðu framkvæmdum og ákváðu allar breytingar. Lagt var kapp á að halda sem mest í upprunalegt útlit hússins, jafnt innan dyra sem utan, og vanda endurgerð þess af fremsta megni. Jón Arason, húsa-smiður á Blönduósi, hafði yfirumsjón með allri smíðavinnu innandyra.⁴³

⁴² *Hér.A-Hún. Virðingarbók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.*

⁴³ *Heim. Áslaug María Magnúsdóttir 12. febr. 2019.*

Húsið var mikið endurnýjað miðað við nútíma þægindi. Allt dren, skolplagnir, rafmagn, einangrun í útveggjum o.fl. var endurnýjað. Tröppur að framan voru steiptar upp á nýtt, sprunguviðgerðir á útveggjum og húsið málað að utan. Ytra útliti var ekki breytt. Húsagarði haldið í rækt. [...] Allar hurðir voru látnar halda sér, upprunaleg viðargólf voru þússuð og lökkuð, stigi og stigahandrið (handrenndir píllarar af Þorsteini Konráðssyni) var endurgert, fulningar á veggjum og rósettur í loftum látið halda sér o.fl.⁴⁴



Til vinstri sést austurhlið hússins og til hægri norðurgöfl og vesturhlið með steinsteiptum tröppum, svölum og kvisti. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Í verkbyrjun, þegar Jón Arason vann að endurbótum á steinsteiptu kjallaragólfinu, var líkast því sem horfið væri til upphafsins, þegar Þorsteinn Konráðsson hóf grunngröft 90 árum áður. Frá því var greint í fjölmiðlum og með svohljóðandi hætti í blaðinu *Feyki* 1. október 2003 undir fyrirsögninni „Bein undir gólfi á Eyjólfsstöðum“:

Þegar ráðist var í endurbætur á kjallaragólfi á bænum Eyjólfsstöðum í Vatnsdal í síðustu viku komu í ljós manna- og hrossabein. Eftir er að aldursgreina beinin en talið að þau séu um þúsund ára gömul, úr kumli sem grafið var upp 1913 þegar Eyjólfsstaðabærinn var byggður. Sýnt þykir að þau séu af ungum manni og hafa varðveist ótrúlega vel. Til að mynda eru tennurnar mjög heillegar og lítið slitnar, hreinlega eins og gervitennur á að líta, en þær voru víst ekki til á þessum tímum. Þór Hjaltalín minjavörður Norðurlands vestra telur að öll kurl séu komin til grafar í þessum beinafundi á Eyjólfsstöðum. Hann segir greinilegt að kumlið hafi verið grafið upp og það sem nú fannst hafi verið á bakka grafarinnar, sem mokað hafi verið yfir, kannski einnig úr sökkulgrefrinum. Þór segir að kannað hafi verið hvort að fleiri grafir væru þarna undir gólfinu, en það hafi ekki reynst. Þegar farið var að grennslast frekar fyrir um málið kom í ljós að á Þjóðminjasafni var til hauskúpa frá Eyjólfsstöðum, og mun þar vera komin sú sem Þorsteinn Konráðsson fyrrum bóndi á Eyjólfsstöðum notaði sem pennastatif í nokkur ár. Sá sem lengst hefur búið á Eyjólfsstöðum frá því fyrst var vitað af fornmannabeinum undir húsinu er Ingvar Steingrímsson sem nú býr á Blönduósi, en hann hætti búskap á Eyjólfsstöðum 1995 eftir að hafa búið þar í 40 ár. Ingvar segir að fljótlega eftir að hann kom í Eyjólfsstaði hafi hann orðið var við galla þarna í gólfinu en talið að aspir sem



vaxa í garði Eyjólfsstaða hefðu skotið rötum þar undir. Hinsvegar hefði hann aldrei sofið betur en í eldhúsinu þar við hliðina þegar hann lagði sig eftir hádegismatinn og ekkert raskað ró sinni.⁴⁵

Þór Hjaltalín minjavörður við rannsókn á kumlinu. (Ljós. Jón Sigurðsson / Morgunblaðið 27. sept. 2003, s. 4.)

Eins og áður segir var mikil alúð lögð við endurgerð hússins, sem er í prýðilegu standi og nýtt sem heilsárs íveruhús án fastrar búsetu. Sunnanvert við húsið er vöxtulegur trjálundur frá búskap-

⁴⁴ Heim. Áslaug María Magnúsdóttir 12. febr. 2019.

⁴⁵ Feykir 23. árg., 33. tbl., 1. okt. 2003, s. 8.

arárum Þorsteins og Margrétar. Framan við húsið og umhverfis garðinn er rimlagirðing úr timbri.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1913-1917	
Fyrsti eigandi:	Þorsteinn Konráðsson og Margrét Jónasdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Heilsárs íveruhús.
Yfirsmiður(?):	Þorsteinn Konráðsson	
Endurgerving:	2003-2007	
Smiður:	Jón Arason o.fl.	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Húsið var gert upp og endurnýjað 2003-2007.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portbyggt ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		10,7×7,5 m / 225,1 m ² og 512 m ³ .
	Kvistir (2)	Óbreytt	
	Reykháfar (2)	Óbreytt	
	Útitróppur	Óbreytt	
	Gluggar	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Stílhreint afbrigði steinsteypuklassíkur frá fyrri hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er <i>þriðja fyrsta steinsteypuhúsið</i> , sem byggt var í Vatnsdal og rösklega aldargamalt.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er reisulegt og áberandi á fögru bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur verið fært í upprunalegt horf af smekkvísi og alúð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í prýðilegu standi, enda nýlega endurnýjað frá grunni.
Varðveislugildi:	Hátt	Hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstæða varðveislumats:		Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, en auk þess er lagt til að það verði mælt upp og teiknað.



Horft af Þjóðvegnum heim að Eyjólfsstöðum 2015. Í forgrunni eru véla- og verkfærageymsla ásamt smiðju, en fjær og neðan við íbúðarhúsið er heyhlaða frá 1949. (Ljós. Páll J. Lindal.).

Fjós, mjólkurhús, fjárhús (2), hlaða og véla- og verkfærageymsla

Skammt fyrir ofan og neðan íbúðarhúsið eru steinsteypt útihús, sem byggð voru á árunum 1949 og 1950 af Bjarna Jónassyni bónda. Þau eru eftirtalin skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018: *Fjós* með áburðarkjallara frá 1949 (215,9 m²), *fjárhús* með áburðarkjallara frá 1949 (122,5 m²), *fjárhús* frá 1949 (55,4 m²), *hlaða* frá 1949 (128,6 m²), *mjólkurhús / fóðurgeymsla* frá 1950 (23,8 m²) og *véla- og verkfærageymsla* frá 1950 (65,4 m²). Við norðurenda hennar stendur lítil *smiðja* (8,0 m²), sem byggð var

1954 og einnig notuð sem *reykhús*. Húsin eru ekki lengur nýtt sem gripa- og útihús, enda er ekki lengur stundaður búskapur á jörðinni. Þau eru í góðu ásigkomulagi og er vel við haldið.



Á myndinni til vinstri er véla- og verkfærageymsla (byggð 1950) og við norðurgafli hennar smiðja, sem einnig var notuð sem reykhus. Á myndinni til hægri eru þessi hús: Fjórhus (til vinstri), fjós og heyhlaða, öll byggð 1949, en á milli fjórhus og fjóss er mjólkurhús frá 1950. (Ljós. Páll J. Lindal, 2015.)

Útihús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1949 og 1950	Upphafleg notkun:	Gripahús og geymslur.
Fyrsti eigandi:	Bjarni Jónasson	Núverandi notkun:	Standa auð.
Hönnuður:	Óþekkt		
Yfirsmiður:	Óþekkt		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	


Varðveislumat

Lístrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsin eru dæmigerð gripa- og útihús frá miðri 20. öld.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Heilleg og vel hirt samstæða útihúsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Fara vel í landslagi og setja búsaeldarlegan svip á staðinn.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin virðast vera að mestu með upphaflegu sniði.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsin eru í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Æskilegt er að húsin verði varðveitt til frambúðar.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

3.1.3 Hof

Staðhættir og saga

Hof er landnámsjörð Ingimundar gamla og höfuðból að fornu og nýju. Bærinn stendur í fögrum og skjólsælum hvammi í austanverðum Vatnsdal milli Hofs- og Kötlustaðamela. Austan við bæ eru friðlýstar tóftarleifar á svonefndum Goðhól, rétt ofan við gamla túngarðinn, þar sem Hof Ingimundar stóð samkvæmt munnmælum. Á Hofi var hálfkirkja fram á 18. öld, helguð Jóhannesi guðspjallamanni. Öll ummerki um kirkjustæðið eru löngu horfin af yfirborði, en sumarið 2009 komu upp mannabein við framkvæmdir í túninu, vestan og norðvestan við eldra íbúðarhúsið. Staðfest var við rannsókn tilvist



kirkjugarðs frá því fyrir 1104 og ætlað að kirkja hafi verið í miðjum garði. Á Hofi er einnig trjálundur með íslenskrri ösp (um 1000 m²), sem gróðursett var 1927, og skógræktarreitir frá 1957. Skammt frá bæ er einnig afgirtur heimagrafreitir, vígður 1951. Hof var ein þeirra fimm jarða í Vatnsdal, sem Ólafur Stephensen gaf fátækum í Vindhælishreppi (kristfjárfjörð), en jörðin komst í sjálfsábúð 1926.⁴⁶

Túnakort frá 1918. Hannes Jónsson. Fyrir miðju er bærinn og hús rétt sunnan við hann (til hægri), en fyrir austan bæinn fjós og hesthús. Efst til hægri er fjárhús og vestur af því, lengst til hægri á kortinu, hús með kálgarði fast til hliðar.

Hjónin Jón Jónsson (1861-1944) og Valgerður Einarsdóttir (1861-1940) bjuggu á Hofi frá 1896 til 1943 og síðan sonur þeirra, Ágúst B. Jónsson (1892-1987) og kona hans Ingunn Hallgrímsdóttir (1887-1951) frá Hvammi. Jón hóf formlega búskap á hálfri

jörðinni 1916 og keypti hana síðan 1926. Árið 1946 létu hjónin byggja nýtt steinhús, sem var tvöfaldað að stærð með áfastri viðbyggingu árið 1955 af dóttur þeirra og tengdasyni, Vigdís Ágústsdóttur (1928-2018) og Gísli Pálssyni (1920-2013). Þau hófu búskap á Hofi 1949 og bjuggu þar til 2008, en létu af búskap um 1999. Þá tóku við jörðinni sonur þeirra og tengdadóttir, Jón Gíslason og Eline Manjon Schriver.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var á Hofi gamall torfbær af „norðlenskugerð“,⁴⁷ byggður „í 3 röðum, timburhlið í vestur með kvisti [og] 2 timburstafnar í suður“. Ágúst B. Jónsson lýsti bænum m.a. með þessum orðum í endurminningum sínum:

Baðstofan á Hofi var hálf títta stafgólf, en hvert stafgólf var rúmlengd, þó í styttra lagi. Rúmin voru hins vegar höfð allbreið, svo að tveir gætu sofið í þeim. Á betri heimilum var baðstofan í þrennu lagi (endahús). Stofan á Hofi, sem Björn Sigfússon byggði úr viðum Grímstungukirkju, varð síðan lengi eitt helzta samkomu- og fundahús sveitarinnar. Þar voru haldin jólaboð, dansleikir og aðrir leikir, og mátti þar heita samkomustaður unglínganna í dalnum. [...] Baðstofan á Hofi var í fjórum hólfum. Þar var Norðurhús, Litlahús, Miðbaðstofan og Suðurhús. Í Suðurhúsinu var lítill eldavél og húsmennskuhjón höfðu þar gjarnan ofurlitla heimilisaðstöðu. Bærinn á Hofi var í stærra lagi, því að Björn Sigfússon, síðar á Kornsa, bjó þar ein tvö ár um 1880 og byggði stofuna góðu. [...] Fyrsti vísir að kvenskóla Húnavatninga

⁴⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 240-243; Ágúst B. Jónsson (1970), s. 61-62; *Húnaving* II, s. 330; Jón Torfason, 2007, s. 57-58; Þorsteinn Jóseppson og Steindór Steindórsson (1981 II), s. 83; *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps [...] 2009/99*, s. 28-32 og 35-38.

⁴⁷ Hörður Ágústsson (2000 I), s. 47.

var á Undirfelli en næstu vetur einn eða tvo í skjóli Björns og Ingunnar [Jónsdóttur]. Til þess skólahalds byggði Björn stofuna. Björn keypti viðinn úr Grímstungukirkju, þegar hún var lögð niður [1881], og flutti hann til Hofa. Af þeim viðum reis gamla stofan, sem raunar var framhús bæjarins. Út frá stofunni var skáli eða skemma.⁴⁸

Um bæjarhúsin sagði 1916: „Hús á jörðunni öll byggð úr torfi og timbri, all-mikil hús og flest stæðileg og sum nýleg.“ Árið 1930 var húsum þannig lýst: „Bær úr torfi og timbri, rúmgóður og stæðilegur. Önnur bæjarhús geymsluhús og hjallur úr timbri og smiðja úr torfi. Miðstöð.“ Um húsaskipan segir á



öðrum stað: „Rúm húsakynni voru á Hofi. Eldhúsið var sunnan bæjardyra með glugga fram á hlaðið og þaðan gengið upp stiga í kvistinn sem var svefnhús þeirra Jóns og Valgerðar. Þar var og setið við spil. Norðan bæjardyra var svo baðstofan, að minnsta kosti í tvennu lagi.“⁴⁹

Bæjarhús á Hofi um eða fyrir 1940. Timburhúsið frá Blönduósi, sem notað var sem skemma, ber hæst til hægri. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 963. / Ágúst B. Jónsson (1971).)



Um 1940 var gefin ítarleg lýsing á bænum, sem þá hafði verið endurbættur mikið: „Baðstofa 8,2 × 3,5 m. Hæð í mitt ris 2,5 m. Útveggir: Timburhlið, stafn steypdur og hliðarveggur að austurröð. Timburskilrúm að gangi. Skipt í 2 herbergi, bæði máluð. Þak: Súð, pappi, torf. Eldhús og þvottahús (austurröð), útveggir steypdir tvöfaldir, skilrúm og gólf, 8,2 × 4,4 m, hæð í mitt ris 2,6 m. Þak: Súð, járn, torf. Í gangi er inn-

byggt vatnssalerni. Veggir að því steypdir. 2 múrþápur, miðstöð, vatnssalerni. Suðurröð 7,5 × 3,5 m.

Vegghæð 2,7 m, rishæð 1,3 m. Gangur og 2 herbergi. Hlið og stafn timbur, steypdur gólf í gangi og eldhúsi, eitt herbergi málað. Á lofti er kvistur alþiljaður og loft til geymslu. Viðbyggð geymsla 4 × 2,5 × 2,8 m. Þiljaðir veggir, gólf steypdur, skúrþak, járn undir torfi. Búr 3,6 × 2,7 × 2,5, þiljað á þrjá vegu. Kjallari undir grjóthlaðinn, hæð 1,8 m. Þak, súð undir torfi.“



Heimilisfólk á Hofi um 1940 framan við gamla bæinn. (Ágúst B. Jónsson (1970).)


Íbúðarhús

Árin 1944-1945 byggðu Ágúst B. Jónsson og Ingunn Hallgrímsdóttir nýtt steinsteypuð íbúðarhús, sem myndar elsta hluta núverandi húsasam-

⁴⁸ Ágúst B. Jónsson (1970), s. 14 og 16.

⁴⁹ Húnavaka 39. árg. 1999, s. 78.

stæðu og stendur á gamla bæjarstæðinu.⁵⁰ Það var teiknað af Teiknistofu landbúnaðarins, en yfirmiður þess var Jón Ólafur Benónýsson (1893-1986), húsmiður á Blönduósi. Húsið er 10,0 × 6,70 m eða 67 m² að grunnfleti og 440 m³ að stærð, einlyft með kjallara, portbyggðu risi (0,85 sm), mænispaki og stórum kvisti á suðurhlíð og öðrum minni með einhalla þaki á norðurhlíð (aftekinn við stækkun hússins 1955). Á aðalhæð voru fordyri, forstofa, snyrtiherbergi, stofa og tvö herbergi, í rishæð 3 herbergi og 2 lítil herbergi undir súð, en í kjallara tvö herbergi. Svohljóðandi skýringar skráði auk þess Jón Ó. Benónýsson yfirmiður 14. febrúar 1947 á teikningu hússins (sjá mynd):



Efri myndin sýnir uppdrátt Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu eins og hann var sendur Ágústi B. Jónssyni 26. mars 1945, en á neðri uppdráttinni eru innfærðar skýringar Jóns Ólafs Benónýssonar yfirmiðs frá 14. febrúar 1947, svo og seinni tíma viðbætur vegna stækkunar hússins 1955. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/24, nr. 1124, og 2005 A/123.).

Við bygginguna var teikningu fylgt, nema bætt var við 85 cm porti, svo á efri hæð fást 4 góð herbergi og 2 lítil. Í kjallara eru 2 herbergi. Í húsinu er miðstöðvarleiðsla og upphitun og einnig fullkomið rafmagns-

⁵⁰ Ágúst B. Jónsson (1970), s. 65. Byggingarár hússins er þó skráð 1946 í *Húnaþingi II*, s. 330.

kerfi. Að utan er húsið fullgert, múrhúðað með skel yst. Á neðri hæð vantar ennþá gólfduk og málning öll eftir. Veggir eru einfaldir, en gott torftróð sett innan á því og klætt yfir með asbesti og masoniti. Jeg undirritaður sem hafði umsjón með byggingu á húsi þessu votta hjermeð að ofan nefnd lýsing á húsinu er rjett.⁵¹



Íbúðarhúsið eftir stækkun þess. (Ágúst B. Jónsson (1971.))

Árið 1955 var íbúðarhúsið stækkað til muna með því að byggt var steinsteypt viðbygging við norðurhlið þess. Hún er einlyft án kjallara með mænispaki og lágu porti, stórum kvisti á vesturhlið og tveimur minni og samstæðum kvistum að austanverðu. Óvíst er reyndar, hvort þeir eru upprunalegir. Þessi viðbygging var líklega teiknuð af Teiknistofu landbúnaðarins, en nafn yfirmiðsins er gleymt. Árið 1969 var enn fremur byggður bílskúr, lágreist viðbygging, við norðurgafhlússins, en honum hefur nú verið breytt í forstofu og þvottahús. Bílskúrin var byggður á grunni eldra bílskúrs, sem reistur var á sama tíma og íbúðarhúsið. Í honum var ljósavél, sem notuð var til 1958, er rafmagn frá samveitu kom að Hofi. Samanlögð heildarstærð íbúðarhússins er nú 309,7 m².⁵²

Árið 1955 var íbúðarhúsið stækkað til muna með því að byggt var steinsteypt viðbygging við norðurhlið þess. Hún er einlyft án kjallara með mænispaki og lágu porti, stórum kvisti á vesturhlið og tveimur minni og samstæðum kvistum að austanverðu. Óvíst er reyndar, hvort þeir eru upprunalegir. Þessi viðbygging var líklega teiknuð af Teiknistofu landbúnaðarins, en nafn yfirmiðsins er gleymt. Árið 1969 var enn fremur byggður bílskúr, lágreist viðbygging, við norðurgafhlússins, en honum hefur nú verið breytt í forstofu og þvottahús. Bílskúrin var byggður á grunni eldra bílskúrs, sem reistur var á sama tíma og íbúðarhúsið. Í honum var ljósavél, sem notuð var til 1958, er rafmagn frá samveitu kom að Hofi. Samanlögð heildarstærð íbúðarhússins er nú 309,7 m².⁵²



Íbúðar- og útihús á Hofi um 1975. Timburskemman frá Blönduósi stóð þá enn sunnan við íbúðarhúsin. (Ljósmyndasafn A-Hún.)




Horft heim að Hofi frá líku sjónarhorni sumarið 2015. (Ljósm. Páll J. Lindal.)

Árið 2009 voru gerðar miklar endurbætur á íbúðarhúsinu með tilsvarendi breytingum á ytra útliti þess, þar sem allt húsið var einangrað og klætt að utan. Af því tilefni var húsið mælt upp og teiknað af Stoð ehf. verkfræðistofu á Sauðárkróki og svofelld verklýsing gerð:


⁵¹ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/123. Við portið gerði Þórir Baldvinsson arkitekt þá athugasemd, að það væri „til lýta“.

⁵² Heim. Jón Gíslason 21. febr. 2019; Fasteignaskrá Þjóðskrár 2018.

Klæða á húsið með loftræstri utanhússklæðningu. Húsið verður einangrað með 100 mm steinull í lektu-kerfi og klætt með lárétrri Canoxel klæðningu. Steyptir kantar á stafnveggjum, ofan við þakklæðningu, verða brotnir burtu og myndaðir þakkantar, þakklæðning og þakstál framlengt út yfir þá. Á langhlíðum verða steyptir kantar klæddir af og þakjárn framlengt að nýjum þakrennum framan við kantana.⁵³



1. HÆÐ GRUNNMYND mkv. 1:100




Útlitstekningar og grunnmynd jarðhæðar skv. uppælingu, unnið af Stoð ehf. verkfræðistofu í október 2009.

Upphafleg ásýnd eldri hluta íbúðarhússins (frá 1944/45) heyrir að talsverðu leyti sögunni til vegna yngri viðbygginga og annarra breytinga í tímans rás. Þar vega þyngst breytt gluggasetning og utanhússklæðning. Engu að síður er íbúðarhúsið einkar snotur og vel hirt byggingarheild í fögru umhverfi, þar sem norðan við húsið er gamall og ræktarlegur trjálundur. Einnig standa nokkur vöxtuleg tré sunnan við húsið. Einnig skal þess getið, að norðaustan við íbúðarhúsið og handan bæjarhlaðsins var byggt gistihús (159 m²) árið 2005, áfast fjósi frá 1958 (164 m²), sem einnig hefur verið innréttað sem

⁵³ Stoð ehf. verkfræðistofa. Hof í Vatnsdal, A-Hún. Aðaltekningar, utanhússklæðning 2009.

gistihús. Vestan við bæinn stendur enn fremur annað íbúðarhús (kúluhús), sem byggt var 1988 og er 111,5 m² að stærð.⁵⁴

2. HÆÐ GRUNNMYND mkv. 1:100



Snið og grunnmynd efri hæðar skv. uppælingu 2009, unnið af Stoð ehf. verkfræðistofu.



⁵⁴ Fasteignaskrár Þjóðskrár 2018; Heim. Jón Gíslason 21. febr. 2019.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1944-1945	
Fyrstu eigendur:	Ágúst B. Jónsson / Ingunn Hallgrímsdóttir Gísli Pálsson / Vigdís Ágústsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús Núverandi notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	
Yfirsmiður:	Jón Ólafur Benónýsson	
Viðbygging:	1955	
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins (?)	
Yfirsmiður:	Óþekkt	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Allt húsið var einangrað og klætt að utan árið 2009.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Eldra húsið var byggt 1944-1945 og það yngra 1955. Árið 1969 var byggður bílskúr við norðurgafli hússins, en honum hefur verið breytt í forstofu og þvottahús.
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portbyggð ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Kjallari er aðeins undir eldri hluta hússins.
	Kvistir (4)	Óbreytt	Þar af er einn kvistur á eldri hluta hússins.
	Gluggar	Breyttir	Gluggum hefur verið breytt frá upphaflegri gerð.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlung	Eldra húsið er snotur bygging í hefðbundnum steinsteypustíl.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur einungis þjónað sem íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Húsin mynda áhugaverða og samstæða byggingaheild.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Eldra húsið heldur að miklu leyti upprunalegu gildi sínu, þrátt fyrir viðbyggingar, breytta gluggasetningu og ýmsar breytingar samhliða utanhússklæðningu.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsin eru öll í þrýðilegu standi og vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlung	Eldra húsið hefur talsvert varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð sérstök tillaga um varðveislu eldri hluta hússins, sem hefur nú þegar verið mældur upp og teiknaður.

Íshús – skemma – Grjótá (sumarhús)

Árið 1929 keypti Ágúst Jónsson Íshús Höeþnersverslunarinnar á Blönduósi, flutti það heim í Hof og endurbyggði skammt sunnan við bæinn. Þar stóð húsið um næstu áratugi og var notað sem skemma og alhliða geymsla. Upp úr 1970 skekkist húsið í hvassviðri og var þá ákveðið að taka það af grunni og flytja drjúgan spöl í suðvestur frá bænum. Þar var húsinu fundinn staður og endurgert sem sumarhús á sléttri flöt eða gróinni eyri Grjótár. Eftir endurgervingu hússins og gagngera viðgerð, sem unnin var af Grétari Guðmundssyni, húsasmíðameistara frá Finnstungu í Blöndudal, var því gefið nafnið *Grjótá*.




Íshús Höeþnersverslunar á Blönduósi var byggt árið 1900 og síðan tekið niður og endurreist sem skemma, skammt sunnan við bæinn á Hofi árið 1929.

Timburhús þetta var byggt af Höeþnersverslun árið 1900 og stóð norðarlega á lóð hennar, rétt vestan við svonefnt *Vesturpakkhús*. Skv. fasteignamati 1916 var

húsið 10 × 9 álnir að stærð og með járnþaki.⁵⁵ Um 1940 var húsinu þannig lýst: „Skemma 6,2 × 5 m, vegg hæð 3,2 m, ris 1,8 m, 128 m³. Steyptur grunnur 1,2 m. Veggir af timbri, loft og eitt skilrúm uppi

⁵⁵ Húsakönnun á Blönduósi 2015, s. 6; Blönduós. Verndarsvæði í byggð, s. 27, 47 og 70; Jón Arason (2008), s. 98.

og niðri af timbri. Þak: súð og járn.“ Að sögn hefur orðið vart reimleika í húsinu og rakið til þess, að einhvern tíma meðan húsin voru á Blönduósi stóðu uppi í þeim lík erlendra sjómanna eftir sjóskaða.



Gamla Íshúsið þjónaði lengi sem skemma á Hofi, en var flutt um set árið 1976 og endurgert sem sumarhús við Grjótá, skammt suðvestur frá bænum. (Húnavaka 30. árg. 1990, s. 33 / www.skra.is / Loftmyndir ehf.)



Sumarhúsið Grjótá í endurgerðu formi sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Hér fer á eftir frásögn Gísla Pálssonar, bónda á Hofi, af flutningi og endurgervingu gamla íshússins við Grjótá:

Tengdafaðir minn, Ágúst, keypti lítið hús á Blönduósi. Það var þegar Höephnersverslun lagðist af og þetta mun hafa verið 1929. Húsið var rífið alveg spýtu fyrir spýtu og sennilega verið merkt saman. Það var síðan reist aftur hérna á Hofi sunnan við Íbúðarhúsið og notað sem geymsla. Eins fór með það og annað að eftir 40 ár var það farið að fúna að neðan og ég sá að ef ekkert yrði aðgert myndi það fjúka einn góðan veðurdag. Ég skrifaði því hreppsnefnd Blönduósshrepps og bauð að gefa þeim húsið í tilefni af 100 ára afmæli staðarins, sem var árið 1976. Þá var Jón Ísberg oddviti, hann tók þessu vel en fékk ekki meirihlutasamþykkt í hreppsnefndinni fyrir því. Þeir töldu að þetta yrði svo dýrt fyrir þá þótt þeir fengju húsið gefins. Þetta var með allra elstu timburhúsunum á Blönduósi og var notað fyrst sem búð, síðan er það notað undir ís áður en frystihúsið kom. Þegar ég var strákur man ég eftir að í því var geymdur mór, en þá var tekið mikið upp af honum á Blönduósi. Eftir þau málalok spurði ég tengdason minn hvort ekki

væri bara rétt að flytja húsið til og gera það að sumarbústað. Við gerðum það. Fyrst steiptum við grunn undir og síðan fluttum við það. Við fluttum það þannig að við bökkuðum vörubíl undir, söguðum svo fú-ann neðan af því og fluttum í einu lagi. En það var svo stórt að engu mátti muna að þetta tækist. Síðan tjökkuðum við það upp í sömu hæð á grunninum, settum nýjar stoðir að neðan í stað þeirra fúnu og festum á grunninn. Síðan var einangrað, innréttað og lagt í það rafmagn. Varð það hið vistlegasta sumarhús.⁵⁶

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár er húsið 32,6 m² að stærð með viðbyggðum inngönguskúr eða forstofu. Núverandi eigandi þess er Páll Gíslason, verkfræðingur frá Hofi, sem eignaðist húsið árið 1992. Hann lét klæða það að utan með láréttri borðaklæðningu, en að því verki komu einkum smiðirnir Númi Sveinbjörn Adolfsson frá Akureyri og Guðmundur Bernhardsson frá Hafnarfirði. Forstofuna hannaði og smíðaði Páll sjálfur á árunum 1994-1996.

Íshús / skemma / Grjótá (sumarhús) – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1900 / 1929		
Fyrsti eigandi:	Höepfnersverslun á Blönduósi	Upphafleg notkun:	Íshús / skemma.
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun:	Sumarhús (nefnt Grjótá).
Yfirsmiður:	Óþekkt		
Endurgerving:	1976		Húsið var þá flutt og endurgert við Grjótá, suðvestur frá bænum.
Smiður:	Grétar Guðmundsson		
Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur	Óbreytt	Klæddir utan með láréttri borðaklæðningu 1992.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Járn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Forstofa:	Timbur		Inngangs- eða dyraskúr var byggður við húsið 1994-1996.
Hönnun/smíði:	Páll Gíslason		

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Látlaust timburhús í hefðbundnum stíl.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er 119 ára gamalt og á sér merkilega forsögu, þar sem það var upphaflega byggt sem íshús á Blönduósi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fer vel í landi, en umhverfi þess mætti snyrta.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist halda upprunalegu svipmóti að miklu leyti.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er nýlega endurgert og í prýðilegri umhirðu.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi vegna aldurs og sögu.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



⁵⁶ Húnavaka 30. árg. 1990, s. 32-33.

Hlaða

Skv. fasteignaukttekum 1930 og 1940 voru tvær steinsteyptar heyllöður á Hofi, samanlagt um 600 m³ að stærð. Önnur þeirra stendur enn, skammt suðvestur af bænum og þjónar áföstum og yngri fjárhúsum. Hlaðan var byggð af Ágústi B. Jónssyni árið 1929 og er 77,7 m² að stærð skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018. Hún er með hefðbundnu sniði og virðist halda upprunalegu formi að því undanskildu, að settar hafa verið vélgengar dyr á norðurgafli.

Hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1929		
Fyrsti eigandi:	Ágústi B. Jónsson	Upphafleg notkun:	Hlaða
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun:	Hlaða
Yfirsniður:	Óþekkt		

Húsgærd	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Hefðbundið byggingarlag heyllöðu frá fyrri tíð.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er meðal elstu húsa sinnar tegundar í Áshreppi, 89 ára.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið fer vel í landi og sem hluti af húsamastæðu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist halda upprunalegri gerð að mestu, ef undanskilið er stórt dyraop á norðurgafli.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu standi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Varðveislugildi hússins er í meðallagi miðað við framangreint.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

3.1.4 Marðarnúpur

Staðhættir og saga

Marðarnúpur var höfuðból fyrrum og er getið í Sturlungu og víða í fornskjölum. Sumir ætla að býlið hafi upphaflega heitið Guðbrandsstaðir, en aðrir telja það eiga við um Guðrúnarstaði. Á Marðarnúpi var hálfkirkja, helguð Jakobi postula. Hennar getur fyrst í máldaga um 1318, en tíðagerð var þar löngu aflögð í byrjun 18. aldar. Bærinn stendur undir allbrattri hlíð á suðurbakka Gilár. Þaðan er víðsýnt fram Vatnsdalinn til suðurs að Tungumúla og Grímstunguheiði, yfir að bæjum handan Vatnsdalsár og til norðurs út dalinn. Í túninu, utan og neðan við núverandi íbúðarhús, er forn og digur fyrirhleðsla fyrir svonefndri Sundlág í djúpri laut og fornum farvegi Gilár. Hún var friðlýst 1930.⁵⁷



Túnakort 1918. Hannes Jónsson. Efst (nyrst) á uppdrættinum er sundlaugin og hús við hana. Nokkru neðar er kálgarður og fyrir miðri mynd hesthús lengst til vinstri, síðan fjós, hlaða og hesthús í einni þyrpingu og austan við hana bær með kálgarði og vatnsleiðslu, norðaustur frá bænum. Við heimreiðina, norður af bænum, er mylla og lind við suðurenda hennar, nærri túngarði, en fjárhús og fjárrétt meðfram garðinum að austanverðu.

Marðarnúpur var ein þeirra fimm jarða í Vatnsdal, sem Ólafur Stephensen gaf fátækum í Vindhælishreppi, en kristfjárjörðin komst í sjálfsábúð 1926. Um og eftir 1900 bjuggu þar hjónin Þorbjörg Helgadóttir (1839-1929) ljósmóðir og Björn Leví Guðmundsson (1834-1927), vandvirkur snilldarsmiður. Hann byggði m.a. kornmyllu við Gilá og veitti vatni í stökk að henni.⁵⁸ Af þeim hjónum tóku við jörðinni sonur þeirra, Jónas B. Bergmann (1876-1952) trésmiður og kona hans Kristín Guðmundsdóttir Bergmann (1877-1943), sem keyptu jörðina 1926. Þau fluttu að Stóru-Giljá 1930 og seldu Marðarnúp árið eftir Guðjóni Hallgrímssyni (1890-1982) og Rósu Ívarsdóttur (1891-1982). Þau fluttu þangað frá Hvammi árið 1931 og byggðu upp hús og jörð af miklum myndarskap. Fastri ábúð á jörðinni lauk árið 2003, en síðustu ábúendur voru Helgi Ingólfsson



(1937-) og Helga Sigfúsdóttir (1951-), sem bjuggu þar frá 1985.⁵⁹ Núverandi eigendur jarðarinnar eru hjónin Ingþór J. Kristmundsson og Ingibjörg Jónsdóttir á Gilá.

Marðarnúpur í byrjun 20. aldar. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 990.)

Horfin bæjarhús

Um aldamótin 1900 var á Marðarnúpi gamall torfbær með stórra baðstofu af svonefndri *Galtastaðagerð*, sem sneri langhlið að bæjarhlaði eins og önnur hús fram-bæjarins. Árið 1910 var bærinn sagður „með 2 heilpiljum og 1 hálfpili,“ en 1916 voru bæjar- og geymsluhús sögð „talsvert mikil, öll byggð úr torfi og timbri, flest forn, en stæðileg“. Um 1930 var bærinn „gamall en stæðilegur“. Baðstofan var þrískipt, þ.e. norðurhús, miðbaðstofa og suðurhús, en gengið var upp tröppur í miðbaðstofuna. „Baðstofan var hin vistlegasta og Jónas byggði kjallarahús

⁵⁷ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1886-1892, s. 122; *Eyðibýli á Íslandi* V, s. 124; Páll V. G. Kolka (1950), s. 243-244; *Húnaþing* II, s. 332; Jón Torfason (2007), s. 55-57.

⁵⁸ *Húnavaka* 10. árg. 1970, s. 33-34.

⁵⁹ *Tíminn* 8. des. 1950, s. 5-6; *Heim*. Ingþór J. Kristmundsson í febr. 2019.

undir suðurhúsinu þar sem hann hafði smíðavélar sínar, þar á meðal rennibekk. Var gengið niður tröppur af bæjarhlaðinu og inn í kjallarann. [...] Norðan bæjardyra var stofa og svefnkames en þar



norðan við hestarétt en smíðjan nyrst.“⁶⁰ Árið 1940 stóð ennþá þessi hluti bæjarins: „Baðstofa gömul, 12 × 3,5 m, hæð í mitt ris 2,1 m. Timburstafn, 2 skilrúm. Þak, súð undir torfi. Kjallari grjóthlaðinn 28 m³. Baðstofan lítt nothæf til íbúðar. Einnig eldiviðargeymsla við gamla bæ, lítt stæðileg, smíðja og hjallur.“

Fyrir miðju er sá hluti íbúðarhússins, sem byggður var 1931, og yngri steinhúsin frá 1942 við sinn hvorn húsagafi. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 988.)

Íbúðarhús – rífið 2016

Á árunum 1931-1932⁶¹ endurnýjuðu ábúendur, Guðjón og Rósa, íveruhúsið með byggingu á framhúsi, sem var elsti hluti þess sambyggða íbúðarhúss, sem stóð á Marðarnúpi til ársins 2016, er bæjarhúsin voru rifin og jöfnuð við jörðu. Elsta hluta íbúðarhússins byggði Jónas B. Bergmann smíður, sem árið áður flutti frá Marðarnúpi að Stóru-Giljá.⁶² Húsinu var lýst þannig í fasteignamati 1942: „Íbúðarhús 9,5 × 4 m, vegg-hæð 2,6 m. Steypt á 3 vegu, timburhlið. 2 skilrúm af timbri. Útveggir þiljaðir, stopp eða pappalag milli veggja. Timburgólf einfalt, slegið neðan á efri bita. Herbergi veggfóðruð og máluð.



Rishæð 1,2 m. Loftið til lítilla nota. Þak: súð, pappi, járn. Hæð á kjallara 2,2 m. 2 skilrúm steypt. Timburgólf í einu herbergi. Múrpípa. Skolpleiðsla.“ Húsið var að einhverju leyti innréttað með þiljum úr gömlu baðstofunni á Sveinstöð-um, sem Guðjón Hallgrímsson keypti og reif veturinn 1930-1931.⁶³ Einhverjum árum síðar var framhlið bæjarins einnig múrhúðuð (forsköluð) að utan.

Horft heim að Marðarnúpi eftir 1950. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Íbúðarhúsið 1971. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/198.)

Árið 1942⁶⁴ voru byggð tvö aðskilin steinsteypuhús við sinn hvorn endagafi hússins, hið nyrðra talsvert minna. Enn síðar var bætt við geymsluhúsi með hallandi þaki að baki framhússinu og samsíða því. Samanlögð stærð hússanna var 150 m² og 406 m³.⁶⁵ Ókunnugt er um hönnuð, en talið er að Jónas B. Bergmann hafi einnig verið yfirsmíður þeirra eins og eldra

⁶⁰ Grímur Gíslason (1999), s. 82.

⁶¹ Húsið var byggt 1931, sbr. *Tíminn* 8. des. 1950, s. 5.

⁶² *Húnavaka* 10. árg. 1970, s. 35.

⁶³ Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 329.

⁶⁴ Húsin voru ekki nefnd í fasteignamati 1942, sem gert var 1940, en húsið lét Guðjón byggja 1942, sbr. *Tíminn* 8. des. 1950, s. 5.

⁶⁵ Skv. *Eyðibýli á Íslandi* V, s. 124, og *Húnaþingi* II, s. 332.

hússins.⁶⁶ Svofelld lýsing var gefin á húsasam-stæðunni sumarið 2013 í ritinu *Eyðibýli á Íslandi, V.* bindi:

Húsið er samsett úr fjórum hlutum. Elst er framhús (1931) sem liggur norðvestur-suðaustur, steinsteypt hús, kjallari, hæð og ris með járnlæddu mænispaki. Næstelst er hús sem er þvert á norðvesturgafli sem liggur suðvestur-norðaustur, steinsteypt hæð og ris með járnlæddu mænispaki. Dyr eru á norðvesturlanghlið. Þvert á suðausturgafli framhússins er nýrra hús (1942) sem liggur suðvestur-norðaustur. Það er einnig steinsteypt, kjallari, hæð og ris með járnlæddu mænispaki. Á miðri suðvesturhlið þess eru tvennar dyr. Steinsteyptar tröppur liggja að dyrum á aðra hæð og inngangur í kjallara er í tröppunum. Hurðir eru báðar heilar með stórrí rúðu að ofan. Kjallaragluggi á suðvesturgafli er steypur með átta rúðum. Að baki framhúsinu samsíða er svo timburhús á steypum grunni.⁶⁷ Ein hæð með einhalla járnlæddu þaki. Stór bílskúrshurð er á norðvesturgafli þess. Á norðausturlanghlið eru dyr með heilli hurð. [...] Sérstaða og varðveislugildi felst í aldri, byggingarsögu hússins, menningarsögu og friðuðum fornleifum á jörðinni. Húsið er heillegt að utan og virðist ekki vera stórmál að gera það íbúðarhæft.⁶⁸



Efri röð: Bakhlið íbúðarhússins í október 1971. Á myndinni til vinstri sést rafstöðvarhúsið skammt norðan við bæinn, lágreist hús með skúrþaki. Neðri röð: Framhlið og norðurgafli íbúðarhússins. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/198.)



Vestur- og suðurhliðar íbúðarhússins 1976. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/198.)

⁶⁶ Heim. Eiður Steingrímsson og Guðjón Skarphéðinsson 7. mars 2019.

⁶⁷ Upphaflega var langveggur hússins steinsteyptur, en var brotinn niður og endurgerður úr timbri einhvern tíma í búskapartíð Helga Ingólfssonar (1985-2003). Heim. Eiður Steingrímsson 7. mars 2019.

⁶⁸ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 124.

Sem fyrr segir lauk búsetu í húsinu árið 2003. Húsinu hrakaði því verulega á næstu árum, svo að það var að síðustu rífið sumarið 2016.⁶⁹ Suðvestan við bæjarstæðið er ennþá stór trjagarður með hávöxnum reynitryám, sem stóðu næst húsi og huldu með öllu framhlið þess og birgðu fyrir útsýni til vesturs.



Marðarnúpur í ágúst 2015. (Ljós. Páll J. Líndal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1931 og 1942	Upphafleg notkun:	Íbúðarhús
Fyrstu eigendur:	Guðjón Hallgrímsson og Rósa Ívarsdóttir	Núverandi notkun:	Var rífið og jafnað við jörðu 2016.
Hönnuður:	Jónas B. Bergmann		
Yfirsmiður:	Jónas B. Bergmann		
Yngri hús:	1942		
Hönnun/smíði:	Jónas B. Bergmann		

Húsgerð	Upphaflegt	2013-2016	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa/timbur	Óbreytt	Framhlið elsta hússins var úr timbri, annað steipt.
Þakgerð:	Mænisþök/skúrþak	Óbreytt	Skúrþak var á geymsluhúsi austan við elsta húsið.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Bárujárn var horfið af hluta geymsluhússins.
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portbyggð ris	Óbreytt	Elsti hluti hússins var með portlausu risi.
	Kjallari	Óbreytt	Enginn kjallari var undir nyrðra hliðarhúsinu.
	Reykháfur	Óbreytt	
	Útitröppur	Óbreytt	Steinsteyptar tröppur voru við syðsta húsið.
	Gluggar	Óbreytt	Flestir gluggar voru með upprunalegu sniði, þar af steypur kjallaragluggi með 8 rúðum.



Horft heim að Marðarnúpi 8. mars 2019. Lengst til vinstri er trjálundurinn, en að baki honum stóð íbúðarhúsið, sem rífið var 2016. Fyrir miðri mynd og sunnan við Gilána eru hlaða (frá 1939) með sambyggðum fjárhúsum (frá 1976). Neðarlega til hægri og sunnan við bæjarstæðið eru fjárhús, sem byggð voru 1944, en horfin eru fjós, haughús og fjóshlaða, sem stóðu um miðja vega milli bæjar og fjárhúss. (Ljós. Ingbór J. Kristmundsson.)

⁶⁹ Heim. Ingbór J. Kristmundsson 2. mars 2019.

Hlaða

Skv. fasteignamati 1942 voru engin steinsteypt útihús á jörðinni önnur en 22 m³ alsteypt þvaggryfja við fjósið og einn hliðveggur í samstæðum fjárhúsum. Ekki var getið um steinsteypta hlöðu, sem þar



hafði þó verið byggð árið 1939 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018. Byggingarárið kann því að vera rangt.

Hlaðan í ágúst 1976. (Pí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/198.)

Hlaðan stendur skammt suðaustur af bæjarstæðinu, fjallmegin við Vatnsdalsveg. Hún er með hefðbundnu hlöðusniði og járnklæddu

mænispaki, en gaflveggir steyptir upp fyrir þakbrún. Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 er hún 38,7 m² að stærð. Við suðurgافل hennar er lágreist, lítið steinhús með torflæddu skúrþaki, en áfast vesturhlið hlöðunnar er fjárhús, járnklædd timburgrind með hallandi þaki til vesturs. Húsið var byggt haustið 1976 í stað eldra fjárhúss, sem þar stóð, hlaðið úr torfi og grjóti en með steyptum suðurvegg.⁷⁰ (Sjá ljósmynd frá ágúst 1976.)



Hlaðan ásamt viðbyggðu fjárhúsi frá 1976. (Ljós. Páll J. Lindal, 2015.)

Hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1939	Upphafleg notkun:	Hlaða
Fyrsti eigandi:	Guðjón Hallgrímsson	Núverandi notkun:	Er ennþá í notkun.
Hönnuður:	Óþekkt		
Yfirsmiður:	Óþekkt		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er snotur bygging í góðum hlutföllum.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur eingöngu þjónað hlutverki heggymslu.
Umhverfsgildi:	Miðlungs	Húsið stendur hátt í landi og nýtur sín vel.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist upprunalegt að allri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í ágætu standi, en áföst fjárhús eru fremur léleg.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi af nefndum ástæðum.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

⁷⁰ *Tíminn* 8. des. 1950, s. 5; *Heim*. Eiður Steingrímsson 7. mars 2019.

Fjánhús

Árið 1944 byggði Guðjón Hallgrímsson þrjú steinsteypt hús á jörðinni, fjós nærri bænum og fjánhús og hlöðu⁷¹ nokkru sunnar, ofarlega í túninu og neðan við þjóðveginn. Fjánhúsið tók um 120 fjár og stendur enn, en hlaðan var rifin árið 2008. Fjánhúsið gegndi sínu hlutverki fram um síðustu aldamót, en er nú einungis notað sem skjól fyrir lambfé á sauðburði.⁷² Það er í fremur lélegu ásigkomulagi, en heldur að öðru leyti upprunalegri gerð. Sunnan við þessi hús og sambyggð þeim voru áður annað fjánhús og hlaða, sem byggð voru um 1960, en eru nú með öllu horfin (sjá mynd).



Fjánhúsin sem eftir standa á vinstri hönd. (Eigandi: Ingbór J. Kristmundsson.)



Fjánhúsið frá 1944 stendur skammt sunnan við bæjarstæðið. (Ljós. Ingbór J. Kristmundsson, 8. mars 2019.)

Fjánhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1944

Fyrsti eigandi: Guðjón Hallgrímsson

Hönnun/smíði: Óþekkt

Upphafleg notkun: Fjánhús

Núverandi notkun: Skjól fyrir lambfé á sauðburði.

Húsgerð

Útveggir: Steinsteypa

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Bárújárn

Upphaflegt

Steinsteypa

Mænisþak

Bárújárn

Núverandi

Óbreytt

Óbreytt

Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Steinsteypt og sambyggð hlaða var rifin 2008.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Lágt

Miðlungs

Látlaus bygging með hefðbundnu sniði.

Þjónaði hlutverki sínu um 60 ára skeið.

Húsið stendur stakt og fer vel í landi.

⁷¹ *Tíminn* 8. des. 1950, s. 5.

⁷² *Heim*. Eiddur Steingrímsson 7. mars 2019; *Heim*. Ingbór J. Kristmundsson 8. mars 2019.

Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist upprunalegt að allri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er í fremur laslegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur nokkurt varðveislugildi af nefndum ástæðum.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

Rafstöðvarhús

Árið 1946 tóku nágrannarnir, Guðjón Hallgrímsson og Indriði Guðmundsson á Gilá, saman höndum og virkjuðu Gilána.⁷³ Leituðu þeir til Brynjólfs Þorbjarnarsonar (1918-1995), vélsmíðameistara frá Geitaskarði, um hönnun virkjunarinnar. Hann hafði þá



unnið um skeið hjá Steðja hf. í Reykjavík við smíðar á vatnstúrbínnum, en hóf störf hjá Rafha hf. í Hafnarfirði 1946 sem yfirmaður með mótasmíði og framleiðslu úr ryðfríu stáli. Á þessum árum setti hann upp vatnsaflsstöðvar á ýmsum bæjum í Húnaþingi, m.a. á Geitaskarði 1945.⁷⁴

Stíflan í Gilánni og aðfallsrörið á stöplum í árgilinu til hægri. (Ljósmynd Björn Bergmann / Ljósmyndasafn A-Hún.)

Rafstöðin á Marðarnúpi var byggð undir leiðsögn Brynjólfs, en Guðjón og Indriði sáu um framkvæmdir. Byggður var steinsteyptur stíflugarður þvert yfir klettastall neðarlega í ánni, um 200 m ofan við þjóðveginn. Með því var myndað talsvert uppistöðulón ofan við garðinn og frá því leitt vatnið í asbestsrörum um 250 m leið niður að stöðvarhúsinu, sem enn stendur við heimreiðina neðan vegar, um 50 m norðan við bæjarstæðið. Næst stíflunni hvíldu rörin á steinsteyptum stöplum (steypt í járn-tunnur), sunnanvert í árgilinu, en lögnin var að öðru leyti niðurgráfin.⁷⁵ Rörin voru flutt inn frá Tékk-slóvakíu, en túrbínan var íslensk smíði. Var hún trúlega smíðuð í Steðja hf. og jafnvel af Brynjólfi, sem sá um niðursetningu alls búnaðar og lagði rafmagnið í íbúðarhúsið. Rafallinn var jafnstraumsrafall, sem að sögn var fenginn úr skipi og sóttur til Djúpuvíkur á Ströndum af Guðjóni og Indriða. Nokkrum árum síðar bilaði rafallinn, svo að keyptur var nýr rafall frá Simens.⁷⁶



Leifar stíflumamannvirkjanna í árgilinu. (Ljósmynd Ingþór H. Kristmundsson, 2. mars 2019.)

⁷³ *Tíminn* 8. des. 1950, s. 5.

⁷⁴ *Morgunblaðið* 24. jan. 1995, s. 35.

⁷⁵ *Heim*. Ingþór J. Kristmundsson 2. og 4. mars 2019; *Heim*. Eiður Steingrímsson 4. og 5. mars 2019.

⁷⁶ *Heim*. Eiður Steingrímsson og Guðjón Skarphéðinsson 7. mars 2019.

Stöðvarhúsið er lítið steinsteypt hús og standa ennþá útveggir þess eins og áður segir skammt norðan við bæjarstæðið. Húsið var með einhalla bárujárnspaki, sem nú er horfið ásamt dyra- og gluggaum-búnaði. Rafstöðin var aflögð árið 1968, þegar rafmagn kom frá samveitu. Voru aðfallsrörin þá grafin upp og seld ásamt hverfli, rafal og öðru tilheyrandi norður í Þingeyjarsýslu.⁷⁷



Leifar stöðvarhússins. (Ljós. Ingþór J. Kristmundsson, 2. mars 2019.)

Rafstöðvarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1946	Upphafleg notkun:	Rafstöðvarhús
Fyrstu eigendur:	Guðjón Hallgrímsson og Indriði Guðmundsson	Núverandi notkun:	Rafstöðin var aflögð 1968.
Hönnun:	Brynjólfur Þorbjarnarson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Skúrþak	Horfið	
Þakklæðning:	Bárujárn	Horfið	

Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Lítið og látlaust steinsteyptuhús með skúrþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er einn fárra minnisvarða um upphaf rafvæðingar og vatnsaflsstöðva, sem varðveittir eru í Húnavatnshreppi. Húsið stendur lágt í óræktarlandi og er niðurgrafið að hluta. Aðeins standa útveggir hússins, en eru upprunalegir með öllu. Húsið er í lélegu ásigkomulagi og þaklaust. Húsið hefur talsvert varðveislugildi skv. framansögðu. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað og leitast við að varðveita það til frambúðar.
Umhverfisgildi:	Lágt	
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	
Tæknilegt ástand:	Lélegt	
Varðveislugildi:	Miðlungs	
Niðurstaða varðveislumats:		

⁷⁷ Heim. Eiður Steingrímsson 4. og 5. mars 2019.

3.1.5 Guðrúnarstaðir

Staðhættir og saga

Guðrúnarstaðir standa skammt ofan við brúna á Tunguá og neðst í norðanverðum Kárdal, sem gengur inn með Tungumúla að austan. Gamli bærinn stendur í nokkrum halla við rætur Vatnsdalsfjalls. Þar



var fyrrum hálfkirkja, sem þjónað var af Gríms-tungupresti í byrjun 18. aldar og fluttar tíðir þrisvar á ári. Síðast var búið í bænum 1969, en þá var innréttuð íbúð í hluta útihúsa skammt frá, þar sem ábúendur bjuggu uns nýtt íbúðarhús var tekið í notkun 1979. Það stendur um 400 m suðvestur af gamla bænum.⁷⁸

Túnakort 1918. Hannes Jónsson. Lengst til vinstri á uppdrættinum og vestan við heimatúnið á Guðrúnarstöðum rennur Tunguá, en austan við hana eru Gerðistún og sáðslétta fjær. Syðst í túninu er hesthús og kálgarður suðaustan við það, en allnokkru austar er ónafngreind rúst. Frá sléttunni liggur vegur heim til bæjar og fjóss, en að húsbaki eru rétt og kálgarður. Allnokkru suðaustan við bæinn eru fjárhús og önnur norðaustan til í túninu. Vestur af því húsi er rúst í túninu.

Ábúendur á Guðrúnarstöðum í byrjun 20. aldar voru hjónin Magnús Kristinsson (1852-1925) og Sigurlaug Guðmundsdóttir (1853-1927), sem fluttust þangað 1908, er Guðmundur sonur þeirra (1884-1937) keypti jörðina. Hafði jörðin þá verið í eyði í tvö ár og var húsakostur lélegur. Síðan tóku við búi Guðmundur og kona hans, Guðrún Jónsdóttir (1887-1982). Lengst af bjuggu þau í gamla



torfbænum, en árið 1930 byggðu þau steinhúsið, sem enn stendur. Vorið 1939 flutti á jörðina Eysteinn Björnsson (1895-1978) og bjó þar með ráðskonu, Guðrúnu Jónsdóttur frá Öxl, til ársins 1964, er sonur hans, Gestur Eysteinson (1923-1997) lögfræðingur, tók við búsföráðum. Hann bjó þar til 1972 og árið eftir keyptu jörðina Þorvaldur G. Jónsson (1940-2010) búfræðingur og Guðrún Bjarnadóttir (1939-) kennari, sem enn býr á jörðinni.⁷⁹

Guðrúnarstaðir. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 959.)

Íbúðarhús

Árið 1910 var torfbærinn með einu hálfþili og einni timburhlið, þ.e. hugsanlega timburstofu eða framhúsi. Um 1916 voru bæjarhúsin sögð „úr torfi og grjóti, all stór, en gömul og fremur léleg“. Var þó búið áfram í bænum til ársins 1930, er flutt var í nýtt steinsteypt hús, sem Guðmundur og Guðrún létu reisa. Húsið byggði Jónas B. Bergmann (1876-1952), trésmiður á Marðarnúpi, sem fluttist þetta sama ár búferlum að Stóru-Giljá.⁸⁰ Ætla má að hann hafi einnig teiknað húsið. Í fasteignamati 1930 var húsinu þannig lýst: „Bær úr steinsteypu, 2 húsaradír, 11,30 × 8,80 m. Kjallari undir helmingi, loft ekkert, þak úr torfi. Ekki fullgerður.“

⁷⁸ Páll V. G. Kolka (1950), s. 244-245; *Húnaþing II*, s. 333; Jón Torfason (2007), s. 53; *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 125-126.

⁷⁹ *Íslendingaþættir Tímans* 16. árg., 29. tbl., 4. ágúst 1983, s. 3; *Húnaþing II*, s. 333; *Húnavaka* 19. árg. 1979, s. 164-165; 39. árg. 1999, s. 83-84; 51. árg. 2011, s. 164-165.

⁸⁰ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 125.

Gleggri lýsing var gefin á húsinu 1940: „Íbúðarhús 11,2 × 8,6 m, steyppt undir 2 risum. Vegghæð á austurröð 3 m, ris 1,5 m. Loft á bitum ca. 1/3 af lengd. Í hálfri lengdinni er eitt herbergi til geymslu, forstofa og stigagangur í kjallara, undir vestari röð. Vegghæð á þeim hluta 2,3 m. Vesturröð: vegghæð 2,3, rishæð 1,5 m. Skilrúm 2 steyppt. Útveggir þiljaðir með stoppi milli veggja, eitt herbergi, veggfóðrað




og málað. Vegghæð kjallara 2,3 m. Skilrúm sem á gólfhæð. Steyppt gólf í eldhúsi og stigagangi. Þiljaður útveggur í eldhúsi. Gólf í kjallara einfalt timbur. Þak: súð, pappi, torf. Múrþípa ein, miðstöðvarofn frá eldavél. Suðurhluti austurraðar er til geymslu.“

Gamla steinhúsið ásamt viðbyggingu fjárhúsi sumarið 2015. (Ljósmynd. Páll J. Lindal.)

Húsið er 96 m² að grunnfleti⁸¹ og hefur ekki verið nýtt til íbúðar í um 50 ár, en var notað að hluta til sem hlaða um tíma. Það hefur því hrörnað mikið,

en svohljóðandi lýsing var gefin á byggingarlagi og ástandi þess árið 2013 í ritinu *Eyðibýli á Íslandi V* (s. 125):

Gamli bærinn er ein hæð, kjallari og ris með tveimur burstum. Undirstöðurnar eru steypptar eins og húsið sjálft. Að utan er húsið kalkmálað. Á suðurhlíð bæjarins er viðbygging sem hefur verið bætt við eftir að flutt var úr húsinu. Viðbótin er notuð sem hlaða og fjárhús, byggingin er létt timburgrind, klædd bárujárn, með inngangi fyrir sauðfé. Aðalinngangurinn í húsið hefur líklega verið á austurhlíðinni, en þó er önnur útihurð á vesturhlíð en notkun dyranna hefur eflaust farið eftir veðurfari. Gluggar í húsinu eru mjög sérstakir en allir gluggar á nyrðri húshlutanum eru steypptir. Gluggarnir virðast hafa verið forsteypptir og þeim komið fyrir í uppslættinum. Glerið er horfið úr flestum þeirra en póstar eru til staðar en hafa ekki opnanleg fög. Á syðri húshlutanum eru allir gluggarnir úr timbri með opnanlegum fögum og gæti húsið verið augnstungið. Þak bæjarins er lagt torfi en þak viðbyggingarinnar er bárujárnklætt. Göt eru í þakkantinum eftir bita fyrir þakloft. Innandyra hefur verið klætt með panil að hluta til. Hluti syðri húseiningarinnar hefur verið notaður fyrir súrhey en búið er að fjarlægja milliloft í þeim hluta. Stór kjallari er undir húsinu en gluggar voru aðeins á suðurhlíð hans.



Við gerð steinsteyptu glugganna notaði Jónas B. Bergmann sennilega gluggamótin, sem smíðuð voru við byggingu steinhúss á Beinakeldu 1913 og síðar (1921) á Stóru-Giljá (sjá nánar kafla 3.3.1).

Ásigkomulag hússins sumarið 2013. (Eyðibýli á Íslandi V, s. 125.)

⁸¹ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 125, en skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2016 var húsið skráð sem hlaða, 97,4 m² að stærð.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1930
Fyrstu eigendur: Guðmundur Magnússon
og Guðrún Jónsdóttir
Hönnuður: Jónas B. Bergmann
Yfirmsiður: Jónas B. Bergmann

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Húsið hefur staðið autt í hálfra öld.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Tvö samstæð hús með tveimur burstum.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Súð/pappi/torf	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypa	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Kjallari er undir annarri álmu hússins. 96 m ² .
	Stærð		
	Reykháfur	Óbreytt	
	Gluggar	Óbreytt að mestu	Gluggar í nyrðra hússinu eru steypdir, en aðrir úr timbri.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er sérstætt að gerð og byggingarlagi, m.a. vegna steyptra glugga og torflagðs þaks.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er eitt af verkum Jónasar B. Bergmann og hefur því mikið byggingarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið stendur stakt á berangurslegu bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er illa farið, en varðveittir hlutar þess eru upprunalegir.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið hefur staðið lengi autt og verið notað sem gripahús, auk þess að standa opið fyrir veðrum og vindum. Ástand þess er því afar bágborið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna byggingar- og menningarsögulegs gildis hússins væri varðveisla þess ákjósanleg, en lélegt ástand þess leyfir það naumast.
Niðurstaða varðveislumats:		Mikilvægt er að húsið verði mælt upp og teiknað og m.a. steinsteypdir gluggar þess teknir til varðveislu.

3.1.6 Þórormstunga

Staðhættir og saga

Bærinn stendur á flatlendinu norður frá Tungumúla, sem klýfur Vatnsdalinn að nokkru. Jörðin er kennd við Þórorm, fóstura Þorkels kröflu Þorgrímssonar, sem segir frá í Vatnsdæla sögu. Þórormstunga



er ættaróðal síðan 1784,⁸² en þar bjó Jón Bjarnason stjórnufróði um miðja 19. öld (d. 1861). Í túninu heitir Lögrétta, fornhringur, sem hefur verið friðlýstur. Þar er einnig heimagrafreitur, vígður 1949, og hvíla þar hjónin Ásta M. Bjarnadóttir (1864-1952) og Jón Hannesson (1862-1949), sem lengst og síðast bjuggu í Þórormstungu en jafnframt á Undirfelli.⁸³

Gömlu bæjarhúsin í Þórormstungu. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1013. / Lárus í Grímstungu.)



Árið 1944 hófu búskap í Þórormstungu sonur þeirra og tengdadóttir, Skúli Jónsson (1901-1999) og Ástríður H. Sigurjónsdóttir (1909-1997), sem bjuggu á jörðinni til 1959. Þá tóku við búi Sigfús Sigfússon (1917-2002) og Ragnheiður Konráðsdóttir (1932-1997) og síðan Helgi Sveinbjörnsson (1917-1995) bifvélavirki og Helga Sigríður Lárusdóttir (1922-2016), sem höfðu þar leiguábúð frá 1964 til 1976, er þau fluttu á Blönduós. Þau bjuggu í fyrstu í gamla torfbænum, en fluttu síðan í nýtt steinsteypt íbúðarhús,

sem þau byggðu á jörðinni 1964-1967.⁸⁴ – Síðustu ábúendur í Þórormstungu voru Snæbjörn Sigurgeirsson (1958-) og Hrefna Einarsdóttir (1958-), sem bjuggu þar frá 1977 til 1987,⁸⁵ er jörðin fór í eyði. Jörðin er nú í eigu Þórormstungubúsins ehf., þ.e. barna Hannesar Jónssonar alþingismanns, sem bjó þar nokkur síðustu æviárin.⁸⁶

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn í Þórormstungu með 4 heilpiljum að hlaði. Árið 1916 voru bæjarhús sögð „mikil, byggð úr torfi og timbri, sum ný og í sæmilegu standi“. Árið 1930 var þar „bær úr timbri og torfi, rúmgóður og stæðilegur“ og um 1940 voru bæjarhúsin alþiljuð baðstofa með timburstafni, þiljað búr á grjóthlöðnum kjallara, gamalt hlóðældhús og framhús (11 × 3,5 m) með timburþili að

⁸² Um 1977 var jörðin í eigu Hannesar Jónssonar (1893-1977) frá Undirfelli og fv. alþingismanns.

⁸³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 246-247; *Húnaþing II*, s. 336; Jón Torfason (2007), s. 53.

⁸⁴ *Húnaþing II*, s. 336; *Morgunblaðið* 11. okt. 2016, s. 23; *Húnavaka* 36. árg. 1996, s. 172-173; *Morgunblaðið* 78. árg., 174. tbl., 3. ágúst 1991, s. 19. Húsið var gert forkhelt haustið 1964, en ekki að fullu lokið frágangi þess fyrr en haustið 1969, skv. *ÞÍ*. Byggingastofnun landbúndarins 2005 A/323.

⁸⁵ *Heim*. Alfreð Hjaltalín 26. febr. 2019.

⁸⁶ *Vatnsdalsá. Vatnsdalur – Þing*, s. 182.

hlaði og uppreftu torfbaki. Eftirfarandi lýsing Gríms Gíslasonar á húsaskipan miðast við aðstæður á árunum 1920-1925:

Gamall bær var í Þórormstungu en rúmur. Stofa var sunnan bæjardyra en kames og skáli norðan þeirra. Í miðröð var eldhús, búr sunnan þess en hlóðaeldhús að norðan. Baðstofan var í austustu röðinni og var hún í fernu lagi, hjónahús syðst, þá miðbaðstofan, miðhús og norðurhús nyrst. Kjallari var undir búrinu þar sem súrmatur var geymdur. Barnaskólinn var í stofunni frammi sem ekki var notuð til annars að vetrinum.⁸⁷

Hlaða og votheysgryfja

Skv. fasteignamati 1942 voru engin steinsteypt útihús á jörðinni, en skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 voru eftirtalin steinsteypt hús byggð 1950: *Fjánhús* (212,3 m²), *hlaða* (107,1 m²) og *votheysgryfja* af ótilgreindri stærð. Húsin voru byggð af jarðeiganda, Hannesi Jónssyni frá Undirfelli, en ókunnugt er um hönnuð og smíði. Þau standa skammt austan við íbúðarhúsið og heimreiðina að bænum. Húsin eru með hefðbundnu sniði og bárujárnsklæddum mænispökum, sambyggð fjánhús með tveimur risum við austurhlið hlöðunnar, en votheysgryfjan er áföst suðurgafli hennar. Húsunum er vel við haldið og virðast halda upprunalegri gerð og ásýnd.

Áhöld eru um uppgefinn aldur fjárhúsanna í fasteignaskrá Þjóðskrár, því að skv. virðingargjörð frá 7. ágúst 1957 voru byggð samstæð fjánhús á jörðinni árið 1955, 12 m á lengd og 19 m á breidd með 2,30 m vegg hæð og 2,50 m þakhæð. Húsunum var annars þannig lýst:

Húsin eru sambygging með tveim risum. Tvö fjánhús undir sama risi. Hin samstæðan er fjánhús og hesthús. Á garða taka húsin 245 kindur. Hús þessi eru af allra vönduðustu gerð. Veggir eru úr vandaðri steinsteypu, garðar steypdir. Einnig baðþró, þak súðað með 1 tommu borðum, lagt þakpappa og þakjárni. Sperrur 7 × 2" með 70 cm millibili. Hurðir og gluggar sterklegt og vandað. Þök máluð og útveggir.⁸⁸

Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um byggingarár hlöðu og votheysgryfju en fasteignaskrá Þjóðskrár, svo að gengið er út frá því að þau hús hafi verið byggð árið 1950.



Útihús í Þórormstungu 2015. Á myndinni til vinstri sér yfir að útihúsum í Saurbæ, vestan Vatnsdalsár. (Ljós. Páll J. Línal.)

Hlaða og votheysgryfja – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1950	Upphafleg notkun:	Hlaða og votheysgryfja.
Fyrsti eigandi:	Hannes Jónsson	Núverandi notkun:	Geymslur
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins (?)		
Yfirsniður:	Óþekkt		

⁸⁷ Grímur Gíslason (1999), s. 91.

⁸⁸ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/323.

<i>Húsgerð</i>	<i>Upphaflegt</i>	<i>Núverandi</i>	<i>Helstu einkenni/breytingar</i>
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Byggð með hefðbundnu lagi, stílhrein í góðum hlutföllum.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Þjónuðu tilætluðu hlutverki meðan búið var á jörðinni.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Eru snotrar byggingar og fara vel í landslagi ásamt viðbyggðum fjárhúsum frá 1955.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin virðast óbreytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsin líta vel út og virðast í góðri umhirðu.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Æskilegt væri að húsin væru nýtt og varðveitt til frambúðar.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

3.1.7 Sunnuhlíð

Staðhættir og saga

Bærinn er í Forsæludal, sem gengur fram af Vatnsdal, og stendur á allháu melbarði undir Tungumúla, sem heldur að dalnum að norðanverðu. Á fyrstu öldum hét bærinn *Torfustaðir*, en var nefndur *Torfastaðakot* við færslu hans utar í dalinn og síðar *Kot*. Bæjarheitinu var síðan breytt í Sunnuhlíð með



bréfi menntamálaráðuneytisins dags. 14. janúar 1941.⁸⁹ Undirlendi er frekar lítið, en veðursæld mikil og fjárbeit góð.⁹⁰

Túnakort Kots 1918. Hannes Jónsson. Nyrst og syðst í túninu eru fjárhús, en við enda heimreiðarinnar stendur bærinn. Norðvestan við hann er kálgarður og fjós áfast bænum að norðanverðu.

Ábúendur í Sunnuhlíð í byrjun síðustu aldar voru hjónin Guðrún Guðbrandsdóttir (1883-1968) og Guðmundur Magnússon (1874-1934), sem varð úti á Sauðadal í aftakaveðri haustið 1934. Sonur þeirra og tengdadóttir, Gestur Guðmundsson (1916-2009) og Kristín Hjálmsdóttir (1925-1988), bjuggu þar síðan frá 1937 til 1962 og síðar á Kornsó. Þau byggðu steinsteypt hús á jörðinni 1950 og trúlega gömlu útihúsin, sem enn standa. Á árunum 1962-1974 nýtti Lárus Björnsson (1889-1987), bóndi í Grímstungu fjórðung jarðarinnar, en frá 1962 bjuggu á jörðinni hjónin Bragi A. Haraldsson (1932-) og Indíana Sigfúsdóttir (1927-2008). Núverandi ábúandi og eigandi jarðarinnar er sonur þeirra, Árni Bragason.⁹¹



Sunnuhlíð um eða fyrir 1970. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 999.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var á jörðinni torfbær með einu heilþili og öðru hálfþili og um 1916 voru bæjar- og peningshús sögð „flest gömul úr torfi og timbri og sum léleg“. Á öðrum stað var húsaskipan þannig lýst: „Þröngt var á fólkinu í Koti í baðstofu, sem var að vísu í þrennu lagi og eldhús til hægri er gengið var upp í baðstofuna en frambærinn var mjög lélegur. Snéru bæjardyr til vesturs.“⁹² Um 1940 var bæjarhúsum lýst á þennan hátt: „Baðstofa 7,8 × 3,5 m, hæð í mitt ris 2,3 m. Tvö timburskilrúm einföld. Þak: reisifjöl og torf. Húsið snarað og óstæðilegt. Eldavélarhús 5 × 2,2 × 2,2 m við einfaldan baðstofuvegg, að mestu þiljað á 3 vegu. Þak: járn undir torfi. Ekki gólflagt. Búr 5 × 2,2 × 2 m. Einfalt skilrúm að eldavélarhúsi. Þak: járn undir torfi. Eldhús 20 m³, torfveggir. Geymsla og bæjardyr 8 × 2 × 2,5 m. Tvö skilrúm af lélegu timbri. Veggir og þak af torfi.“

⁸⁹ Heim. Árni Bragason 24. febr. 2019.

⁹⁰ Páll V. G. Kolka (1950), s. 248; *Húnaþing* II, s. 337; Jón Torfason (2007), s. 48.

⁹¹ *Húnavaka* 50. árg. 2010, s. 168-169.

⁹² Grímur Gíslason (1999), s. 91.

Íbúðarhús

Árið 1947 hófu Gestur Guðmundsson og Kristín Hjálmsdóttir byggingu á steinsteyptu íbúðarhúsi, sem flutt var í 1950. Húsið var byggt skv. teikningu Kristjáns Gunnarssonar (1903-1986), trésmíðameistara á Blönduósi (Stígandi hf.), sem einnig hafði yfirumsjón með byggingu þess.⁹³ Teikningin var




samþykkt af Teiknistofu landbúnaðarins. Húsið er 8,50 × 12,50 m að grunnfleti (106,25 m²) með 3 m háu risi og 350 m³ að stærð.⁹⁴ Það er einlyft með portlausu risi og mænispaki, en engum kjallara. Nýtanlegt rými í rishæð er 47,5 m².⁹⁵ Húsið snýr stöfnum í norðvestur-suðaustur og stendur fremst á malarkambinum og fast við þjóðveginn (Forsældalsveg).

Íbúðar- og útihús í Sunnuhlíð um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Íbúðarhúsið og viðbygging frá 1979 og 1996. Myndir teknar í mars 2011, skömmu áður en byrjað var að klæða húsin að utan. (Ljós. Stefán Árnason.)



Byggt var stórt geymslurými við norðausturhlíð íbúðarhússins í tveimur áföngum árin 1979 og 1996 og stóðu fyrir þeim framkvæmdum feðgarnir, Bragi Haraldsson og Árni Bragason. Sú viðbygging er um 14,50 m á lengd og 6 m á breidd með lágreistu mænispaki og tvískiptri vængjahurð á norð-austurgafli, en útveggir eru ýmist steinsteyptir eða bárujárnsklædd trégrind. Með þeirri stækkun er heildarflatarmál hússins 249,74 m².

Suðvestur- og norðausturhlíðar hússins. Teikning: Stefán Árnason 28. mars 2011.


Árið 2007 var þak íbúðarhússins endurnýjað og árin 2011 og 2012 var allt húsið ásamt geymslurými einangrað og klætt að utan með

⁹³ Óljós sögn er um, að einnig hafi unnið að smíði hússins sami maður og síðar byggði íbúðarhúsið í Ási, en sá var Þorlákur Þórarinnsson (1924-1995), húsasmiður og síðar skipstjóri í Reykjavík

⁹⁴ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/279.

⁹⁵ Stefán Árnason (2011).

lóðréttri Canexel klæðningu skv. verklýsingu og teikningum Stef-áns Árnasonar, byggingafræðings á Blönduósi, sem þá mældi upp og teiknaði húsið.⁹⁶ Verkið var unnið af Trésmiðjunni Stíganda ehf. og Húsherja ehf. Við þessar framkvæmdir urðu ýmsar breytingar á ytri gerð og ásýnd hússins, þar sem reykháfur var fjarlægður, gluggasetningu breytt og frágangi á þak-skeggi og þakköntum. Allir gluggar eru nú með einum lóðréttum pósti, en skipt var um upprunalega glugga í eldri hluta hússins 1979.



Grunnmyndir, snið og útlit norðvestur- og suðausturhlíða hússins. Teikning: Stefán Árnason 28. mars 2011.



Íbúðarhúsið í Sunnuhlíð sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

⁹⁶ Stefán Árnason (2011).

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1947-1950	
Fyrstu eigendur:	Gestur Guðmundsson og Kristín Hjalmsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Kristján Gunnarsson / Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Kristján Gunnarsson	
Viðbygg./geymsla:	1979 og 1996	
Hönnun/smíði:	Bragi Haraldsson og Árni Bragason	
Utanhússklæðn.:	2011 og 2012	
Hönnun/smíði:	Stefán Árnason / Trésmiðjan Stígandi ehf. / Húsherji ehf.	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Steypa/járn	Allt húsið var einangrað og klætt að utan 2011-2012.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Stærð		8,50 × 12,50 m / 106,25 m ² - 350 m ³ (eldri hluti).
	Reykháfur	Horfinn	Var brotinn niður 2007 við endurnýjun á þaki.
	Gluggar	Einpósta	Gluggasetningu var breytt í elsta hluta hússins 1979.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Algeng gerð steinsteyptuhúsa frá miðri 20. öld.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur eingöngu þjónað sem íbúðarhúsnæði.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Fallegt bæjarstæði, en íbúðarhúsið aðþrengt af útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er mikið breytt vegna utanhússklæðningar, viðbyggingar, nýrra glugga o.fl.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er vel hirt og í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur takmarkað varðveislugildi vegna breytinga.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins.

Hlaða, fjós og geymsla

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 eru á jörðinni eftirtalin steinsteypt útihús, sem byggð voru á árunum 1945-1950, auk yngri húsa. Eldri húsin eru þessi: *Hlaða* (54,9 m²) frá 1945 (nú notuð sem geymsla), *geymsla* (20,7 m²) frá 1950 (nú notuð sem fjárhús) og *fjós* (30,4 m²), byggt sama ár. Það er nú notað sem hesthús, en viðbyggt haughús hefur verið brotið niður.⁹⁷ Húsin eru sambyggð og standa á hlaðinu, kippkorn norðan við íbúðarhúsið, þar sem hlaðan rís hæst með mænisþaki fyrir miðju og hin húsin eru áföst við langhliðar hennar. Ögn norðar á hlaðinu er steinsteypt og sívöl votheysgryfja (10,2 m²), sem byggð var 1956. Öll húsin eru ómúruð og ómáluð. Þau halda að miklu leyti upphaflegu svipmóti, en tvennar vélengar dyr hafa þó verið settar á gafla hlöðu og geymslu.

Skv. virðingargjörð frá 1. okt. 1951 voru í Sunnuhlíð eftirtalin útihús: *Fjós* 11 m á lengd og 5 m á breidd, vegg hæð 2,5 m og þakhæð 0,5 m; *haughús* 11 m á lengd og 4 m á breidd með 2 m vegg hæð; *hlaða* 11 m á lengd og 4,70 m á breidd, vegg hæð 4,70 m og þakhæð 1,25 m; *votheysgeymsla* 2,5 m á lengd og 2,5 m á breidd með 4 m vegg hæð; *geymsluhús* 11 m á lengd og 4,5 m á breidd, vegg hæð 2,5 m og þakhæð 0,5 m. Um þessi hús sagði ennfremur: „Húsin eru öll fullfrágengin og vel gerð. Veggir kústaðir úr sementi og síðan snjókreimi, þökin máluð. Fjósið er klætt innan með borðviði og pappi undir, stopp milli steins og pappa. [...] Tvöfaldur pappi og stopp í fjósþakinu.“⁹⁸

⁹⁷ Fasteignaskrá Þjóðskrár 2018; *Heim*. Árni Bragason 26. febr. 2019.

⁹⁸ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/279.



Útihúsin í Sunnuhlíð sumarið 2015. (Ljósmynd. Páll J. Líndal.)

Hlaða, fjós og geymsla – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1945 og 1950
 Fyrsti eigandi: Gestur Guðmundsson
 Hönnuður: Óþekkt
 Yfirmsiður: Óþekkt

Upphafleg notkun: Hlaða, fjós og geymsla.
 Núverandi notkun: Geymsla, hesthús og fjárhús.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	Óbreytt
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt
Þakgerð:	Mænis-/skúrþök	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Ómúraðir og ómálaðir frá upphafi.
 Settar hafa verið stórar vélengar dyr á tvö hús.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Lágt
 Menningarsögulegt gildi: Lágt
 Umhverfisgildi: Lágt
 Upprunalegt gildi: Miðlungs


Hefðbundið byggingarlag útihúsa frá síðustu öld.
 Hafa eingöngu þjónað hlutverki sínu sem útihús.
 Með lagfæringum gætu húsin sómt sér vel á bæjarstæðinu.
 Húsin virðast að miklu leyti óbreytt frá upphafi að undanskildum tvennum vélengum dyrum á göflum tveggja húsa.
 Húsin virðast í fremur slæmu ásigkomulagi.
 Húsin hafa fremur lítið varðveislugildi af áður nefndum ástæðum.
 Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

Tæknilegt ástand: Lélegt
Varðveislugildi: Lágt
Niðurstaða varðveislumats:

3.1.8 Forsæludalur

Staðhættir og saga

Forsæludalur er landnámsjörð og getur hennar nokkuð í Vatnsdæla sögu. Hún er fremsti bær í Vatnsdal (Forsæludal) og standa húsin í um 70 m hæð yfir sjávarmáli, í brekkurótum syðst við Tungumúla mót vestri. Undirlendi er lítið, aðeins mjó spilda með Vatnsdalsárgili. Hér nýtur ekki sólar í þrjá mánuði á ári. Heima við bæinn er fjölskyldugrafreitur.⁹⁹



Ábúendur í Forsæludal 1907-1942 voru Sigríður I. Ólafsdóttir (1886-1960) og Sigfús Jónasson (1876-1952) bókbindari, en síðan afkomendur þeirra. Árin 1946-1947¹⁰⁰ byggðu þau nýtt íbúðarhús úr steinsteypu, sem nú er gjörbreytt, ásamt sonum sínum, Jónasi (1913-1971), Ólafi (1920-1986) og Sigfúsi (1917-2002), sem allir bjuggu í Forsæludal. Ólafur bjó nær óslitið á jörðinni til 1985 og félagsbúi við Sigríði (1915-2003) systur sína 1971-1979, en þau létu bæði af búskap, er systurdóttir þeirra, Sigríður I. Ragnarsdóttir og Lúther Þór Olgeirsson tóku við jörðinni haustið 1979.¹⁰¹ Núverandi ábúendur og eigendur jarðarinnar eru Þóra Margrét Lúthersdóttir og Einar Árni Sigurðsson vélstjóri.

Túnakort Forsæludals 1918. Hannes Jónsson. Bærinn er fyrir miðjum uppdrætti, með kálgarði að sunnanverðu og áfastri skemmu að norðanverðu. Heimreiðin liggur til norðurs, en austan við hana og nær bænum eru hesthús og fjós. Þrjú ónafngreind hús eru syðst í túninu.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var í Forsæludal torfbær með einu heilþili, sem var trúlega fyrir bæjardyrum. Um 1916 voru bæjarhúsin sögð bæði „gömul og léleg“, en 1940 var þeim þannig lýst: „Baðstofa 11,5 × 3,3 m, hæð í mitt ris 2 m. Skilrúm 3 af timbri, einföld, hálfstafn. Talsvert snörud. Austurröð 11,5 × 3,3 × 2 m. Skilrúm 2 af timbri, einföld. Miðhúsið þiljað innan og gólflagt, lélega. Kjallari grjóthlaðinn 15 m³. Norðasti hlutinn að falla inn. Skemma 27,6 m³, þilstafn.“



Gamli torfbærinn í Forsæludal. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 938.)

⁹⁹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 248; *Húnaþing* II, s. 338; Jón Torfason (2007), s. 48-49.

¹⁰⁰ Skv. *Ættum Austur-Húnavetninga* III, s. 940 (myndtexti) var húsið byggt 1947, en ýmist talið byggt árin 1945-1946 eða 1946-1947 skv. skýrslum virðingarmanna frá árunum 1957 og 1961. Byggingarár hússins er hins vegar ranglega skráð 1949 í *Húnaþingi* II, s. 338, og fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018.

¹⁰¹ *Húnavaka* 27. árg. 1987, s. 174-175; 44. árg. 2004, s. 142.

Íbúðarhús

Árið 1945 (eða 1946) hófu hjónin Sigríður og Sigfús byggingu nýs íbúðarhúss úr steinsteypu ásamt sonum sínum, Ólafi, Sigfúsi og Jónasi. Í janúar 1947 var húsið „komið undir þak, fókheldt og innréttað að nokkru leyti, svo heimafólk [var] í það flutt“. Var þó „enn all mikið eftir af innréttingu“, en múrverki „lokið úti og inni. Innréttingu á hæð [var] að mestu lokið og tvö íbúðarherbergi innréttuð á lofti. Hitalögn komin í húsið og raflögn að mestu leyti.“¹⁰²



Íbúðarhúsið í Forsæludal í upprunalegri mynd. (Ettir Austur-Húnavetninga III, s. 940 / Ljósmyndasafn A-Hún.)



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu í Forsæludal. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/25, nr. 1218.)

Húsið var teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en ókunnugt er um yfirmið þess. Í upprunalegri mynd var húsið ein hæð með kjallara undir rúmlega helmingi þess, háu portlausu risi og mænispaki. Það er L-laga að grunnformi, því að út frá enda suðvestur-langhliðar gengur burstmynduð útbygging undir sama formi og meginálman, en nokkru mjórri og án kjallara. Skv. byggingarvottorði, útg. í árs-

¹⁰² Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/77 (byggingarvottorð pr. 13. og 30. janúar 1947).

byrjun 1947, var húsið sagt 13,0 m á lengd, mesta breidd þess 8,80 m, „hæð úr kjallara í topp“ 8,40 m og heildarstærð þess 450 m³. Skv. úttektum frá 1957 og 1961 var húsinu þannig lýst, en stærðarmál umtalsvert frábrugðin og vandséð hvað olli þessum mismun: Að utanmáli var húsið 16 m á lengd, 6 m á breidd og þykkt útveggja 18 sm. Lofthæð í kjallara var 2,30 m, á stofuhæð 2,50 m og í rishæð 2,30 m, en hæð frá jörð upp á gólf í aðalhæð var 0,70 m. Þakið var sperrureist (2“ × 6“) með timbursúð, pappa- og járnlætt, gólf rishæðar úr timbri og asbestklætt að neðan, en gólf stofuhæðar steinsteypt. Herbergjaskipan var þessi: Í kjallara 6 herbergi, þ.e. geymslur, þvotta-, miðstöðvar- og smíðaherbergi, á stofuhæð eldhús, búr, stofa, baðherbergi og 5 herbergi, en í risi 3 herbergi og geymslur.¹⁰³



Húsið er nú gjörbreytt að formgerð og ásýnd allri. Á árunum 1991-1995 var reist útbygging með steypu gólf, kjallara og einhalla þaki við aðalinngang á norðausturhorni hússins. Smíður var Arnþór Jónsson frá Akureyri. Mesta breytingin var þó gerð með stækkun hússins 1986-1987, þegar byggð var íbúðarhæð með mansardsniði og lágu risi ofan á allt húsið, sem reiknast nú 323,4 m² að stærð. Steypt var ofan á gafleveggi og þeir hækkaðir til hliðanna, en hallandi þakfletir eða hliðarveggir gerðir úr timbri. Allt húsið var klætt að utan með litaðri járnlæðningu og allri gluggasetningu breytt þannig, að krosspósta gluggum var skipt út fyrir glugga, sem eru ýmist með einum lóðréttum pósti eða pósta-

¹⁰³ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/77 (virðingargjörðir 10. jan. 1957 og 24. sept. 1961).

lausir. Hönnuður þessarar endurgerðar á húsinu var Guðmundur Gunnarsson (1928-2011), bygginga-
verkfræðingur og forstöðumaður hjá Húsnaðisstofnun ríkisins, en smíðina annaðist Eðvarð S. Hall-
grímsson, byggingameistari frá Helgavatni.¹⁰⁴

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1947	
Fyrstu eigendur:	Sigfús Jónasson, Sigríður Ólafsdóttir og synir þeirra	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Óþekkt	
Endurg./viðbygg.:	1986-1987	
Hönnun:	Guðmundur Gunnarsson	
Yfirsmiður:	Eðvarð S. Hallgrímsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/tré/járn	Byggð íbúðarhæð ofan á allt húsið og formgerð þess gjörbreytt 1986-1987.
Þakgerð:	Mænisþak	Mansardþak	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft Portlaust ris Kjallari Stærð Reykháfur Inngangsskúr Gluggar	Tvílyft Íbúðarhæð Óbreytt Horfinn Óbreytt Breytt	Kjallari er undir rúmlega helmingi hússins. 323,4 m ² . Var fjarlægður þegar byggt var ofan á húsið. Byggður var inngangsskúr við húsið á árunum 1991-1995. Öllum gluggum hefur verið breytt úr krosspósta gluggum í glugga með einum lóðréttum pósti eða póstlausa.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Upphaflega látlaust steinsteypuhús með mænisþaki, en er nú tvílyft með nokkurs konar mansardsniði.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur jafnan þjónað sem íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið fer vel í landi á snotru bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Upprunalegt gildi er afar lítið vegna breytinga.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsinu virðist vera vel við haldið og í góðu standi.
Varðveislugildi:	Lágt	Hefur lítið varðveislugildi vegna þess sem áður segir.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins.

¹⁰⁴ Heim. Eðvarð S. Hallgrímsson 11. mars 2019.

3.1.9 Hjarðartunga

Staðhættir og saga

Jörðin er nýbýli, sem stofnað var árið 1962¹⁰⁵ úr þriðjungi Grímstungu af hjónunum Eggert E. Lárus-syni (1934-2007) búfræðingi og Hjördísi Líndal (1941-) hjúkrunarfræðingi, sem bjuggu í Grímstungu 1958-1962. Þau byggðu nýtt steinsteypuhús í Hjarðartungu árið 1963. Það stendur á þurru flatlendi, spöl-korn frá brekkurótum og nærri þeim stað, þar sem gamli torfbærinn í Grímstungu stóð. Hann var rifinn 1921. Skammt frá er gamli kirkjugarðurinn, löngu aflagður (sjá Grímstungu).¹⁰⁶ Eggert og Hjördís fluttu af jörðinni 1985, en fjölskyldan hafði þar þó áfram eitthvað af hrossum og síðan feðgarnir Hallgrímur Hansson og Jónas Hallgrímsson, sem bjuggu þar um skeið og ráku tamningastöð.¹⁰⁷ Síðan hefur jörðin verið í eyði, en núverandi eigendur hennar eru Ingimar Jóhannsson og Lillý Valgerður Odds-dóttir, sem einnig eru eigendur Grímstungu.



Hlaða og fjárhús

Skammt framan við bæinn, fast við brekkurætur, standa þrjú sambyggð og alsteypt fjárhús (86,7 m²) með járnþaki og burstlaga stöfnum í austurátt. Húsin eru gömul og tilheyrðu fyrrum Grímstungubúinu. Aldur þeirra er óþekktur, en sennilega voru þau byggð af Lárusi Björnssyni, bónda í Grímstungu, árið 1944 og rúmuðu 240 fjár.¹⁰⁸ Til hliðar við þau eru áföst yngri fjárhús frá 1959, en að baki þeim stendur stór steinsteypt heyhlaða (108,5 m²), sem byggð var 1938 (eða 1941).¹⁰⁹ Fjallmegin við hlöðuna eru enn fremur leifar af gömlu útihúsi, trúlega fjárhúsi. Hlaðan má teljast ónýtt hús, enda orðin talsvert hrörleg og stendur opin fyrir veðrum og vindum.



¹⁰⁵ Skv. virðingargjörð pr. 24. sept. 1961 var nýbýlið stofnað 1959. ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/94.

¹⁰⁶ *Húnaþing II*, s. 339; *Morgunblaðið* 95. árg., 11. tbl., 12. jan. 2007, s. 30; 20. tbl., 21. jan. 2007, s. 52-53; *Húnavaka* 48. árg. 2008, s. 150-151.

¹⁰⁷ *Vatnsdalsá. Vatnsdalur – Þing*, s. 182.

¹⁰⁸ Skv. fyrrnefndri virðingargjörð pr. 24. sept. 1961 tilheyrðu þá nýbýlinu tvö steinsteypt fjárhús, þar af annað byggt 1944 yfir 240 fjár. Sjá einnig ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/119.

¹⁰⁹ Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 (www.skra.is). Skv. virðingargjörð pr. 24. sept. 1961 var hlaðan byggð 1941 og rúmaði 500 m³.

Hlaða og fjárhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1938 og 1944
Fyrsti eigandi: Lárus Björnsson
Hönnuður: Óþekkt

Upphafleg notkun: Hlaða og fjárhús.
Núverandi notkun: Standa ónotuð.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Lágt
Menningarsögulegt gildi: Lágt
Umhverfisgildi: Lágt
Upprunalegt gildi: Miðlungs


Hefðbundið form hlöðu, en fjárhúsin eru með þremur burstum. Húsin hafa einungis þjónað sínum hlutverkum og eru sögulaus. Vegna lélegs ástands er umhverfisgildi húsanna lítið. Mikið hefur kvarnast úr húsunum vegna slakrar umhirðu, en þau halda trúlega að miklu leyti upprunalegri gerð. Húsin eru orðin mjög hrörleg og í slæmu ásigkomulagi. Hafa lítið varðveislugildi af áðurnefndum ástæðum. Lagt er til að húsin verði mæld upp, ljósmynduð og teiknuð.

Tæknilegt ástand: Lélegt
Varðveislugildi: Lágt
Niðurstaða varðveislumats:

3.1.10 Grímstunga

Staðhættir og saga

Grímstunga er forn kirkjujörð og var prestssetur til 1849, er prestakallið var lagt niður og Grímstungusókn sameinuð Undirfellssókn. Á söguöld bjó þar Óttar Þorvaldsson, faðir Hallfreðar vandræðaskálds. Núverandi bær stendur á sléttu hólbarði, ofarlega á tungunni milli Álftaskálarár (Álku) og Vatnsdalsár, en gamla bæjarstæðið var nokkru ofar og nær brekkurótum. Þar vissu bæjardyr mót austri og fram af



þeim var hlaðið. Austur af því var kirkjan, sem helguð var heilögum Nikulási og stóð í miðjum garði. Kirkjan var rifin 1881, en síðast var jarðsett í garðinum um 1890 og hann sléttaður skömmu eftir aldamótin 1900. Nú er heimagrafreitur efst í túninu.¹¹⁰

Túnakort Grímstungu frá 1918. Hannes Jónsson. Efst til hægri er hústóft við túngarðinn, næst fyrir austan er fjárhús og túnhlið sunnan við það. Þá kemur húsabyrping vestan lækjar: Syðst eru fjós, hlaða o.fl. og kálgarður, þá bær ögn norðar með kálgarði og trjagarði að suðaustanverðu og hringlaga kirkjugarði og Kirkjutúni norðan við. Norður frá bænum hlykkjast heimreiðin og sunnan frá túngarðinum og húsi, fast við hann, liggur vegur heim að bænum. Austan við læk og Smiðjutúnið eru fjárhús og annað fjárhús nokkru austar, fast við túngarðinn. Nyrst og neðst á kortinu er hesthús.



Grímstunga 1897. Vatnslitamynd W.G. Collingwood. (Fegurð Íslands og fornir sögustaðir, s. 253.)

Í aldarbyrjun bjuggu í Grímstungu hjónin Helga Sigurgeirsdóttir (1860-1910) og Björn Eysteinnsson (1849-1939), landskunnur fjallafari og bústólpi. Hann keypti jörðina 1909, en flutti að Orrastöðum á Ásum 1910. Þá tóku við synir hans, Þorsteinn og Lárus (1889-1987), sem þar bjó síðan til æviloka ásamt konu sinni, Péturínu B. Jóhannsdóttur (1896-1985), og í sambýli við syni sína, Ragnar og Grím, árin 1947-1953 og 1959-1964.¹¹¹

Jörðin var í eyði á árunum 1985-1993, en frá 1993 til 2007 bjuggu þar Soffía Líndal Eggertsdóttir og Steingrímur K. Reynisson. Þau brugðu búi vegna riðuniðurskurðar 2006 og var jörðin þá seld eignarhaldsfélaginu Flaumi ehf. í eigu Andra Teitssonar. Hann hafði uppi áform um endurgervingu íbúðarhússins. Af því varð ekki og árið 2009 komst jörðin í eigu Arionbanka.¹¹² Í lok árs 2012 eignuðust jörðina hjónin Ingimar Jóhannsson og Lillý Valgerður Oddsdóttir, sem á undanförunum árum hafa staðið fyrir gagngerum endurbótum á gamla íbúðarhúsinu.

Horfin bæjarhús

Á teikningu enska ferðalangsins W. G. Collingwood frá 1897 sést óregluleg þyrping bæjarhúsa í Grímstungu. Þá bjuggu þar hjónin Björn Sigfússon alþingismaður og Ingunn Jónsdóttir, sem lýsti bænum

¹¹⁰ Páll V. G. Kolka (1950), s. 249; *Húnaþing II*, s. 339-340; Jón Torfason (2007), s. 45-46; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 225; *Lárus í Grímstungu*, s. 80-81.

¹¹¹ *Húnavaka* 28. árg. 1988, s. 186-188; *Húnaþing II*, s. 340; *Lárus í Grímstungu*, s. 24-26 og 40-45.

¹¹² *Heim*. Soffía Líndal Eggertsdóttir 23. febr. 2019; *Fréttatíminn* 7. árg., 56. tbl., 17. sept. 2016, s. 2; *Morgunblaðið* 94. árg., 231. tbl., 27. ágúst 2006, s. 14.

svo: „Í Grímstungu var stór, fornfálegur bær, mjög erfiður. Auk þess var þar mikill leki í öllum húsum.“¹¹³

Árið 1910 var torfbærinn með „5 heilpiljum og 1 hálpili“, en meðal húsa var sex stafgólfa baðstofa með maskínuhúsi og fleiru ásamt frambænum. Þessi hús voru gömul og byggð af Þorleifi Þorleifssyni frá Hjallalandi (1798-1868), en baðstofan var sögð portbyggð 1916 og geymsluhús bæjarins bæði mikil og gömul, úr timbri og torfi.¹¹⁴ Hér skal gripið niður í lýsingu Lárusar Björnssonar á gamla bænum:

Baðstofan var á lofti, sem var sex stafgólf á lengd og lá stigi úr kokkhúsinu upp í hana. Syðst inn af baðstofunni var herbergi. Þar voru fjögur rúmstæði, tvö undir hvorri hlið, og þar sváfu foreldrar mínir meðan þau voru í Grímstungu. Sjálf baðstofan var a.m.k. þrjú stafgólf, og svo var lítið herbergi norðast, rúmt stafgólf á lengd. Niðri undir baðstofunni var tveggja stafgólfa stofa undir suðurstaftni og fram af henni kokkhús eða maskínuhús, sem var sjö eða jafnvel níu álnir á lengd. Þar var eldavél [...]. Norður af kokkhúsinu var afþiljað herbergi, sem mátti vel nota sem svefnherbergi, en var notað sem bú. [...] En svo var kjallahola undir því [...]. Svo er frambærinn. Þegar komið er fram úr kokkhúsinu, er eldhús með tveimur hlóðum á hægri hönd [...]. Á móti eldhúsinu var bú til norðurs [...]. Fram af eldhúsinu var skáli til suðurs [...]. Til norðurs var þiljað hús og loft yfir, og það var kölluð gamla stofa. [...] Upp af þessari stofu var svo loft [...]. Yfir útidyrnum var svokallað dyraloft. [...] Það var mikið pláss í þessum stóra bæ. Bæjar-dyr sneru í austur og fram af þeim var hlaðið. Þar var kirkjugarðurinn fram af hlaðinu. Kirkjan hafði staðið í miðjum garði, og við fengum leyfi hjá biskupi að slétta yfir kirkjugarðinn.¹¹⁵

Önnur heimild lýsir bæjarhúsum um 1920 á þennan hátt: „Í Grímstungu var gamall og stór bær sem stóð sunnan og ofan við gamla kirkjugarðinn. Man ég ógreinilega eftir bænum nema hvað hann var



hrörlegur. Hann var að mestu úr torfi sem flestar byggingar á þessum tíma. Baðstofan var portbyggð og vestust í röð bæjarhúsa. Aðeins einu sinni mun ég hafa komið í Grímstungubæinn. Aðalíverustaður heimilisfólksins var á efri hæð baðstofunnar en eldhúsið niðri og gengið úr því upp í baðstofuna á loftinu.“¹¹⁶

Íbúðar- og útihús í Grímstungu um 1960. (Lárus í Grímstungu.) Útihúsin voru rifin 2015.

Hætt var að búa í gamla bænum eftir byggingu nýja íbúðarhússins 1921, og voru þá rifnir viðirnir innan úr bænum og notaðir til innréttingar í nýja steinhúsið.

Íbúðarhús

Lárus Björnsson lét byggja nýtt steinhús í Grímstungu 1921 og valdi því stað á sléttunni neðan við gamla bæjarstæðið. Það var *fjórða steinsteypuhúsið*, sem byggt var í Áshreppi. Jónas B. Bergmann (1876-1952), smiður á Marðarnúpi og síðar á Stóru-Giljá, gerði teikningar, smíðaði glugga og hurðir og innréttingar eftir að smiðurinn forfallaðist, sumpart úr viðum úr flutningaskipinu Elínu, sem strandaði „í gangnahríðinni“ á Hjaltabakkasandi 1916. Yfirsmiður hússins var Karl Friðriksson (1891-1970), húsa- og brúarsmiður á Efri-Þverá í Vesturhópi. Smíði hússins lýsti Lárus Björnsson meðal annars þannig í ævisögu sinni:

¹¹³ Collingwood, W. G. (1991), s. 253.

¹¹⁴ Lárus í Grímstungu, s. 79-80.

¹¹⁵ Lárus í Grímstungu, s. 79-80.

¹¹⁶ Grímur Gíslason (1999), s. 96-97.

Karl notaði flekamót bæði á útveggi og innveggi. Hér var byrjað að smíða flekana um miðjan maí 1921, og þetta stóra hús er komið undir ris seint í júlí. Karl smíðaði flekana einn með lítilli hjálp, en auk hans voru við bygginguna aðallega heimamenn. Steypun var hrærð á palli. Við vorum fjórir með skóflur, og það var róið með þeim svipað og maður rær árabát. Það voru tveir aftar og tveir frammar, og það voru skóflaðar vissar umferðir á pallinum. Það var hraði á þessu og gekk alveg prýðilega. Svo varð að taka af pallinum í fötur og bera steypuna í mótin, en þegar hækkaði upp, þá höfðum við blökk til að hala föt-urnar og fylgja eftir mótunum. Seinna var sú aðferð höfð að hræra í tunnu. Kaðall var festur í tunnuna, sem lék á öxli, og vafið upp á hana. Úr kaðlinum voru svo hafðar taugar í aktygin á hestinum, og þegar hesturinn dró, snerist tunnan. Það var talið fullhrært, þegar lengdin á kaðlinum var öll út dregin.¹¹⁷

Flutt var í húsið um jólin 1921 og þá rífið allt nýtanlegt timbur innan úr gamla bænum til innréttingar. Aðrir viðir voru að miklu leyti úr flutningaskipinu Elínu. „Þetta var afbragðsviður, mikið af breiðum og löngum eikarplönkum, mastur úr furu og mikið af brenni.“¹¹⁸



Grimstunga um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Árið 1930 var húsinu lýst þannig: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 11,90 × 8,80 m. Ein hæð með kjallara og lofti, porti 0,30 m. Kvistur. Þak járnvarið. Miðstöð.“ Lengi vel var stofuhæðin aðeins innréttuð til bráðabirgða. Var þá ein stofa

þvert yfir húsið að sunnanverðu og kölluð „baðstofa“ að fyrri tíðar siðvenju. Þar var vinnustaður heimilisfólksins og svefnhús fyrir suma. Húsráðendur sváfu hins vegar lengst af í „vesturhúsinu“, sem

var fyrir miðju húsinu að vestanverðu, en í norðvesturhorni var „stofan“.¹¹⁹



Grimstunga, útihúsinu framman við bæinn eru nú horfin. Séð fram dalinn að Sunnuhlíð og Forsæludal í fjarska. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 948.)

Ítarleg lýsing var gefin á byggingarlagi og hússkipan 1940: „Íbúðarhús 11,7 × 9,2 m, steinsteipt. Vegghæð frá kjallara 3,5 m. Rishæð 3,2 m. Í kjallara eru öll skilrúm steipt, 5 herbergi og gangur. Gólf eru steipt í 2 herbergjum. Á stofuhæð eru 5 herbergi og gangur. Skilrúm

steipt. Útveggir þiljaðir með torfstoppi milli veggja, 3 herbergi máluð og veggfóðruð. Gólf yfir kjallara einföld af timbri, en tvöföld yfir stofuhæð. Á lofti eru 6 herbergi og gangur, eitt herbergið er kvistur. Skilrúm steipt nema eitt. Þiljað er innan á útveggi að 4 herbergjum og þau máluð. Loft yfir þeim, tvöföld. Hanabitaloft til geymslu, 2 múrpípur, miðstöð með 10 ofnum, suðupottur, skolpleiðsla. Vegg-hæð kjallara 2,3 m.“

Samkv. virðingargjörðum pr. 12. júlí 1960 og 24. sept. 1961 var íbúðarhúsið byggt árið 1921, en gerðar á því breytingar og miklar endurbætur árin 1959 og 1960, þar sem m.a. var byggð við það forstofa, 19 m² að stærð með 2,5 m lofthæð. Skv. lýsingu var húsið steinsteipt með sperrureistu þaki, súð, pappa og járnklæðningu. Tveir kvistir voru á húsinu, sinn á hvorri hlið. Það var 11,80 [11,60] × 9,20 m að grunnmáli og 829 m³ að stærð, tvær hæðir og kjallari. Lofthæð í kjallara var 2,10 m, á aðalhæð 2,45 m, rishæð 4,25 m og hæð á porti 1 m. Útveggir voru „einfaldir“, 22 sm á þykkt í kjallara og 19 sm

¹¹⁷ Lárus í Grimstungu, s. 100.

¹¹⁸ Lárus í Grimstungu, s. 94 og 101.

¹¹⁹ Grímur Gíslason (1999), s. 97.

á aðal hæð. Allir skilrúmsveggir voru steinsteyptir nema í einu herbergi, sem skipt var „síðar“ með timburvegg. Í kjallara voru 5 herbergi, þ.e. þvottahús, miðstöð og geymslur. Á stofuhæð voru eldhús, búr, stofa, 3 herbergi, gangur eftir miðju húsi og viðbyggður inngangur (forstofa). Í risi voru 6 herbergi, þ.e. 2 geymslur og 4 svefnherbergi ásamt gangi.¹²⁰

Lýsingu hússins frá 12. júlí 1960 fylgdi svofelld yfirlýsing Konráðs Eggertssonar og Bjarna Jónassonar til nánari skýringar á yfirstandandi endurbótum á húsinu:

1. Árið 1959 var byggt viðbygging við íbúðarhúsið, 5,80 × 2,90 m, hæð frá gólfi 2,45 m. Í viðbyggingu þessari er rúmgott anddyri og snyrtiherbergi, þ.e. klósett og bað. 2. Þá er nú nýlökkið viðgerð á eldhúsi og buri á stofuhæð og er frágangur allur mjög vandaður. 3. Þá er búið að skipta um alla glugga í kjallara og á stofuhæð. 4. Í framhaldi af þessum endurbótum er einnig fyrirhugað nú á næstunni að ganga frá fullnaðar endurbótum á húsinu, svo sem að einangra alla útveggi, skipta um hurðir og þá glugga, sem enn er eftir að skipta um. Einnig að dúkleggja gólf í íbúð. Þá er og fyrirhugað að leggja raflagnir í húsið um leið og veggir eru einangraðir. Einangrun er fyrirhuguð þannig: Texi verður slegið innan á grind og múrhúðað innan á. Þá er og að sjálfsögðu fyrirhugað að mála allt húsið.¹²¹



Útlits- og grunnteikningar Stefáns Árnasonar byggingafræðings af íbúðarhúsinu í Grímstungu, gerðar 29. júlí 2013.


¹²⁰ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/94.

¹²¹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/94.

Sem fyrr segir eignuðust Ingimar Jóhannsson og Lillý Valgerður Oddsdóttir jörðina í árslok 2012 og fóru þá fljótlega að huga að endurbótum á íbúðarhúsinu, bæði að utan- og innanverðu. Leitað var til Stefáns Árnasonar, byggingafræðings á Blönduósi, um ráðgjöf og gerð teikninga, sem hann lauk 29. júlí 2013 með svofelldum skýringum um byggingarlag og ástand hússins, svo og fyrirhugaðar endurbætur á því:

Samkvæmt Þjóðskrá er húsið (gólflötur 311,1 m²) byggt 1921 og viðbygging (16,8 m²) byggð 1965. Byggingarefni: Undirstaða og veggir eru úr steinsteypu og gólf úr timbri (gólfbitar eru klæddir tréklæðningu), þak er hefðbundið tréþak. Ástand: Steinsteypa í veggjum, þakbitar og þakklæðning eru í góðu lagi. Styrkja þarf gólf (gólfbita og gólfklæðningu), endurnýja þarf glugga, þakefni (þakjárn og þakpappa) og lagnir. Fyrirhugaðar breytingar, sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir:

1. Viðbygging frá 1965 (16,8 m²) verður rifin og byggð ný viðbygging (forstofa og inngangur í kjallara (grunnflötur 7,9 m²)) í stíl við húsið. 2. Hurð og inngangur í kjallara á suðvesturhlíð er færð á suðausturgafli. 3. Þak á kvisti á suðvesturhlíð verður breytt, er nú einhalla frá mæni, verður ris eins og teikningin sýnir. 4. Gluggum er breytt í franska glugga (gluggar voru áður í fleiri en einum stíl). 5. Ný snyrtiherbergi verða sett í húsið.



Ekki er búið að ákveða notkun hússins eða hvað verður endurnýjað inni annað en snyrtiherbergi. Sótt verður um byggingarleyfi ef frekari breytingar verða ákveðnar.¹²²

Grunnmynd rishæðar. Teiknað af Stefáni Árnasyni 29. júlí 2013.



Íbúðarhúsið í Grímstungu 18. júní 2013, skömmu áður en hafist var handa við endurbætur á því. Allmargir gluggar höfðu þó verið endurnýjaðir. (Ljós. Stefán Árnason.)

Húsið var í ýmsu tilliti í fremur laklegu ástandi, þegar hafist var handa við endurbætur á því árið 2013. Ljósmyndir hér að ofan, sem teknar voru í júní 2013, tala sínu máli. Bjarki Kristjánsson, húsasmíðameistari á Svinavatni, var fenginn til að hafa yfirumsjón með endurgerð hússins. Var það allt endur-

¹²² Stefán Árnason (2013). Grímstunga, Húnavatnshreppi. Grunnmynd, snið og útlit. Dags. 29. júlí 2013.

smíðað, jafnt að innan sem utan, svo að segja má að einungis steiptir útveggir hússins standi eftir af upprunalegri gerð þess. Þess var þó vandlega gætt að halda sem mest upprunalegu útliti hússins, en öll innrétting þess hefur verið hönnuð og smíðuð af nýju.¹²³



Íbúðarhúsið í Grimstungu sumarið 2015, en endurgerving þess hófst árið 2013. Á efstu myndinni til vinstri er horft til bæjarins úr norðaustri og í bakgrunni er gamli kirkjugarðurinn og bæjarstæðið undir brekkurótum. (Ljós. Páll J. Lindal.)



Íbúðarhúsið í Grimstungu 8. október 2018 eftir gagngerar endurbætur. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

Sem fyrr segir er íbúðarhúsið einlyft með steinsteyptum kjallara, sem nú rís að miklu leyti úr jörðu, portbyggðu risi og krossreistu mænispaki. Upp af norðausturhlið er steiptur kvistur með mænispaki

¹²³ Heim. Ingimar Jóhannsson 1. febr. 2019.

og annar lítill úr timbri að suðvestanverðu, einnig með mænisþaki, en var áður með einhalla þaki. Aðalinnangangur er á norðvesturgafli um steinsteyptan inngangsskúr með mænisþaki og steypum tröppum. Þar var áður útidyraskúr eða viðbygging með öðru sniði og hallandi þaki, eins og fyrr er lýst. Inngangur í kjallara er á suðausturgafli. Heildarstærð hússins með inngangsskúr reiknast nú 327,9 m² og 754 m³.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1921	
Fyrstu eigendur:	Lárus Björnsson / Péturína Jóhannsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Jónas B. Bergmann	Núverandi notkun: Sumarhús
Yfirsmiður:	Karl Friðriksson	
Endurgerving:	2013-2019	
Teikningar:	Stefán Árnason	
Yfirsmiður:	Bjarki Kristjánsson	

Húsgerð **Upphaflegt** **Núverandi**

Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Portbyggt ris	Óbreytt
	Kjallari	Óbreytt
	Stærð	
	Kvistir (2)	Óbreytt
	Reykháfur	Horfinn
	Útitröppur	Óbreytt
	Inngangsskúr	Breytt
	Gluggar	Breyttir

Helstu einkenni/breytingar

Frá 2013 hefur húsið verið endurgert fullkomlega og fært í upprunalegt horf að utan.

11,9 × 9,2 m / 327,9 m² og 754 m³.

Þakgerð kvists á suðvesturhlið var breytt við endurgerð hússins. Var brotinn niður við þakflöt við endurgervingu hússins.

Núverandi skúr er minni og með öðru lagi en sá sem áður stóð. Allir gluggar hafa verið endurnýjaðir í breyttri mynd en áður var í húsinu.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er snotur og stílhrein bygging í stíl kaupstaðarhúsa frá byrjun síðustu aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið var hannað af Jónasi B. Bergmann og smíðað af honum og Karli Friðrikssyni. Það er nærri aldargamalt og meðal elstu steinsteypuhúsa í Húnavatnshreppi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið sómir sér vel á bæjarstæðinu, en er fremur berangurslegt eftir að nálæg útihús voru rifin (2015).
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið heldur að stærstum hluta upprunalegu svipmóti, en innrétting þess er að öllu leyti endurhönnun og nýsmíði.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er nýlega endurgert og í prýðilegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Öll ofangreind gildi styðja að háu varðveislugildi hússins.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er umsagnarskylt skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

3.1.11 Haukagil

Staðhættir og saga

Haukagil er forn jörð og getur bæjarins í tengslum við kristniboð Þorvaldar víðförla og Friðreks biskups í lok 10. aldar. Gamla bæjarstæðið var frá fornu við tún-hólana ofan við núverandi bæ, sem var færður 1936 á þann stað, þar sem hann stendur nú. Býlið er ættarjörð og þar er heimagrafreitur í snotrum skógarlundi, vígður 1942. Niður af bænum eru ármót Álku og Vatnsdalsár. Nýbýlið Gilhagi, á barmi Álkugils, var fyrrum hluti jarðarinnar, en fór í eyði 1931.¹²⁴



Túnakort Haukagils 1918. Hannes Jónsson. Bærinn stendur milli tveggja lækja og við enda heimreiðar úr austri og vestri. Fast sunnan við bæinn voru skemma og kálgarður, en fjós o.fl. örlítið norðvestan við bæinn og enn fjær fjárhús og kálgarður norður við túngarðinn. Syðst í túninu stóðu tvö fjárhús og hesthús.

Frá 1910, eða í rúma öld, var jörðin setin af fjórum ættliðum: Ábúendur 1910-1942 voru hjónin Eggert Konráðsson (1878-1942) og Ágústína G. Grímsdóttir (1883-1963) og létu þau byggja steinhús á jörðinni 1936-1937. Konráð (1911-1995) sonur þeirra og Lilja Halldórsdóttir Steinsen (1923-1997) hófu þar búskap 1938 og síðan Eggert (1949-2003) sonur þeirra

1970. Hann bjó þar til 1988 ásamt fyrri konu sinni, Sóleyju Jónsdóttur (1949-), síðan dóttir þeirra, Harpa Björt Eggertsdóttir, sem bjó þar til 2004 ásamt eiginmanni sínum, Agli Herbertssyni, en frá þeim tíma Egill og seinni kona hans Eva Helena Tesche (frá 2011).¹²⁵

Málúð mynd af gamla Haukagilsbænum. (Páll V. G. Kolka (1950), s. 260.)



Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn með 5 heilþiljum og einu hálfþili og 1916 voru bæjar- og geymsluhús sögð „mikil, byggð úr torfi og timbri, flest nokkuð gömul, en stæðileg“.

Eftirfarandi lýsing miðast við árin um og eftir 1920:

Bærinn á Haukagili stóð upp undir bæjarhólum sunnan við bæjarlækinn. Húsaraðirnar voru þrjár, samliggjandi. Bæjarþil var til austurs, fram á hlaðið, með bæjardyrum um miðja röðina. Kames var norðan dyra en stofa að sunnan. Beint suður af og áföst var skemma undir sama risi og smiðja syðst með risi til austurs og vesturs. Í miðröðinni var eldhúsið sunnan gangsins með kjallara undir og timburstafni til suðurs. Skáli var norðan gangsins. Baðstofan var í þrennu lagi með timburstöfnum að sunnan og norðan og þili að vestan. Bjuggu hjónin í norðurhúsinu með yngstu börnin en annað heimilisfólk í öðrum hlutum baðstofunnar. Að sumrinu var sofið frammi í bænum. Allur var bærinn rúmgóður og reisulegur. Hann féll vel að ávöllum bæjarhólum og lækjargilinu þar norðan við.¹²⁶


Árið 1930 var bærinn sagður „rúmgóður og stæðilegur“, enda var honum vel við haldið og Eggert bóndi góður smiður eins og Þorsteinn bróðir hans á Eyjólfstöðum. Engu að síður var þess nú skammt

¹²⁴ Páll V. G. Kolka (1950), s. 253-255; *Húnaþing* II, s. 341; Jón Torfason (2007), s. 42-43.

¹²⁵ *Morgunblaðið* 91. árg., 344. tbl., 19. des. 2003, s. 56-57; 346. tbl., 21. des. 2003, s. 54; *Heim*. Egill Herbertsson 19. mars 2019.

¹²⁶ Grímur Gíslason (1999), s. 98.

að bíða að Eggert réðist í byggingu á nýju steinsteyptu íbúðarhúsi talsvert neðan við gömlu túnhólana. Var gamli bærinn síðan rifinn fljótlega eftir að flutt var í nýja húsið árið 1937.



Frambærinn á Haukagili snemma á síðustu öld. Myndin til hægri var tekin árið 1932. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 960.)

Íbúðarhús

Nýja steinhúsið, sem Eggert og Ágústína létu byggja á árunum 1936-1937, var teiknað af Teiknistofu



byggingar- og landnámssjóðs, en um yfirsniðinn er ekki vitað.¹²⁷ Húsið er einlyft með steypum kjallara, portlausu risi og krossreistu mænisþaki. Heildarstærð þess 218,2 m² og 588 m³.¹²⁸

Íbúðarhús og útihús um 1975 (Ljósmyndasafn A-Hún.)


Húsinu var lýst með svohljóðandi hætti árið 1940: „Íbúðarhús 10 × 8 m. Vegghæð frá kjallara 2,7 m. Rishæð 3 m. Hæð í kjallara 2,4 m. Útveggir steypdir, einfaldir. Í kjallara 5 herbergi og gangur. Steypt gólf í 3 herbergjum og gangi. Þiljaðir útveggir að eldhúsi með heytróði og pappa milli veggja. Timburgólf. Skilrúm öll steypd. Gólf yfir kjallara þreföld af timbri nema yfir gangi. Á stofuhæð 5 herbergi, gangur og salerni, 2 skilrúm timbur. Útveggir þiljaðir og stoppaðir nema í eldhúsinu. Gólf í salerni steypd ofan á milligólf. Á lofti eru 3 herbergi, fatageymsla, stigagangur og alþiljað til hliðanna um 1 m, sem notað er til geymslu. Súð er innan á sperrum með þakpappa bakvið. Gólf yfir stofuhæð tvöföld. Öll herbergi í húsinu eru ómáluð. Við-byggður *dyraskúr* 2,6 × 3,7 m fyrir kjallara og stofuhæð, bæði gólf steypd. Þak er súð, pappi og járn. Ein múrpípa, miðstöð, 10 ofnar, vatnsdunkur fyrir heitt vatn, 3 þvottavaskar, vatnssalerni og raflögn.“



Íbúðarhúsið um 1975, skömmu eftir að búsið var að klæða það að utan með járnklæðningu og breyta gluggasetningu í því. Reykháfur stendur þó óhaggaður. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 962.)

¹²⁷ Húsið var teiknað af Teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs (teikning nr. 35B). Hinn 22. mars 1937 færði Jóhann Fr. Kristjánsson, forstöðumaður teiknistofunnar, þessa umsögn um húsið til bókar: „Húsið skoðaði eg í smíðum í sumar. Var þá lokið að steypa kjallara og síðan hefir hæðin verið steypd að efri bitum. Steypan var í meðallagi góð.“ Hinn 18. mars 1939 bætti Þórir Baldursson arkitekt þessari athugasemd við: „Húsið er nú fullgert og má því ganga frá láni.“ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/111.

¹²⁸ *Húnaþing II*, s. 342; Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 (www.skra.is).



Uppdráttur Teiknistofu byggingar- og landnámsjóðs (trúlega gerður af Jóhanni Fr. Kristjánssyni) að íbúðarhúsinu á Haukagili. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/2, nr. 35B.)

Skv. virðingargjörð var íbúðarhúsinu þannig lýst vorið 1960: Húsið var byggt 1937 úr járnbentri steinsteypu með einföldum veggjum, 22,5 sm að þykkt í kjallara og 15 sm á stofuhæð. Í kjallara voru allir innveggir steypdir og að mestu á hæðinni. Gólf í risi og stofuhæð voru úr timbri, en steypd í kjallara nema í eldhúsi úr timbri, lagt á bita. Húsið var 8 × 10 m að stærð með portlausu risi, 2,15 m lofthæð í kjallara, 2,45 m á stofuhæð og 2,80 m í risi. Hæð frá jörð upp á gólf í aðalhæð var 1,35 m. Í kjallara voru eldhús, þvottahús, búr og rúmgóðar geymslur og á stofuhæð 4 svefnherbergi, stofa og baðherbergi, en í risihæð 2 svefnherbergi og geymslur.¹²⁹



Árið 1968 var ráðist í ýmsar endurbætur á húsinu, m.a. með því að „lagfæra einangrun, miðstöð, glugga, hurðir, standsetja baðherbergi, eldhús, klæða herbergi með þilplötum, mála o.fl.“¹³⁰ Umtalsverðar endurbætur voru einnig gerðar á húsinu um 1970 með því að settir voru nýir lóðréttir póstar í

¹²⁹ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/111 (virðingargjörð pr. 17. mars 1960).

¹³⁰ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/111 (vottorð pr. 2. mars og 4. nóv. 1968).

alla glugga, útveggir einangraðir að utan og klæddir járnklæðningu.¹³¹ Með því var ytra útliti hússins gjörbreytt og varðveislugildi þess rýrt til muna.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1937	
Fyrstu eigendur:	Eggert Konráðsson og Ágústína G. Grímsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa byggingar- og landnáamssjóðs	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Óþekkt	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steinsteypa/járn	Húsið einangrað og klætt að utan með járnklæðningu um 1970.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		8,0 × 10,0 m / 218,2 m ² og 588 m ³ .
	Reykháfur	Horfinn	
	Úttröppur	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Óbreytt	
	Gluggar	Breytt	Settir nýir lóðréttir póstar í alla glugga hússins 1968.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Hefðbundið form steinsteypuhúss með mænisþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur þjónað sem íbúðarhús í rúm 80 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Fer vel í landi og sómir sér vel á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Breytingar á húsinu hafa rýrt upprunalegt gildi þess mikið.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðri umhirðu og vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Varðveislugildi hússins hefur verið skert með breytingum.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki eru lagðar til sérstakar ráðstafanir til varðveislu hússins, enda eru varðveittar upprunalegar teikningar að því.

Horfið rafstöðvarhús

Sumarið 1939 lét Eggert Konráðsson byggja heimilisrafstöð við bæjarlækinn, sem rennur í gegnum túnið á Haukagili. Framkvæmdum stýrði Haukur sonur hans (1913-2006), útvarpsvirkjameistari og forstjóri í Reykjavík, ásamt bræðrum sínum, en eftirlit með verkinu hafði Oscar Sövik, rafvirkjameistari á Blönduósi, sem á þessum árum vann ásamt Stefáni Runólfssyni rafvirkjameistara að smíði rafstöðva í sýslunni og víðar um land. Rafstöðvarhúsinu var valinn staður fast við lækinn undir brekkurótum, skammt fyrir ofan bæinn, en ummerki þess eru nú löngu horfin.

Stöðvarhúsið var steinsteypt með torfklæddu þaki, 2 × 1,5 × 3 m að stærð, skv. fasteignaukttek 1940. Vatnið var leitt í 5“ víðri tréþípu um 80 m vegalengd frá steinsteyptri stíflu í læknum niður í stöðvarhúsið, en lengd raflínu til bæjar var um 240 m. Línan var strengt á sex rekaviðarstaura, sem voru 7,5-8,5 m að hæð. Keyptur var notaður 1,1 kw rafall frá Siglufirði og túrbína frá Steðja í Reykjavík. Uppgefið afl hennar var 3 hestöfl, en stöðin framleiddi 1,8 kw um 1960. Raflagnir innanhúss lagði Haukur Eggertsson undir eftirliti Oscars Sövik.¹³²

¹³¹ Heim. Egill Herbertsson 19. mars 2019.

¹³² Morgunblaðið 94. árg., 119. tbl., 3. maí 2006, s. 34; ÞÍ. Rafmagnseftirlit ríkisins 1999 EB/3. R-143 („Tilkynning um litla vatnsaflsstöð“, pr. 4. ágúst 1931); Heim. Egill Herbertsson 9. okt. 2018.



Hlaða

Samkv. fasteignamati 1940 voru þá á Haukagili sambyggð *skemma* og *smiðja* (78 m³) með steiptum veggum, einu skilrúmi og járnþaki á rimlum, *fjós* „fyrir 8 kýr, steiptir veggir, tveir tvöfaldir, flór, básar og tröð steipt“, en járnklætt þak undir torfi. Ennfremur voru þessi steinsteiptu hús á jörðinni: Þvaggryfja, safnþró, hesthús, votheyshlöður og *rafstöðvarhús*, sem lýst er hér að framan.

Ofannefnd útihús úr steinsteypu eru nú öll horfin. Á jörðinni stendur hins vegar steinsteipt *heyhlaða* (102,7 m²), sem byggð var af Konráð Eggertssyni árið 1950. Hún er nú hluti af sambyggðum útihúsum, sem standa skammt norðan við íbúðarhúsið, þ.á m. fjárhúsi frá 1952. Hlaðan er 20 m á lengd og 5 m á breidd með 5 m vegg hæð og 1,5 m rishæð, en 15 sm veggþykkt. Í suðurenda hlöðunnar er að hálfu byggð hringlaga votheysgryfja, um 40 m³ að stærð.¹³³

Hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1950	
Fyrsti eigandi:	Konráð Eggertsson	Upphafleg notkun: Heyhlaða
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Heyhlaða
Yfirsmiður:	Konráð Eggertsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Stórt dyraop hefur verið sett á annan gaflvegg.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefðbundið form heygeymslu frá miðri 20. öld.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur eingöngu þjónað hlutverki sínu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sómir sér vel með öðrum sambyggðum útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Er að mestu óbreytt að undanskildu stóru dyraopi á gaffli.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið virðist vera í góðri umhirðu og vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Varðveisla þess mun tryggð meðan hún þjónar hlutverki sínu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, hafi upprunalegur uppdráttur ekki varðveist.

¹³³ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/111 (virðingargjörð pr. 15. nóv. 1952 og 17. mars 1960).

3.1.12 Saurbær

Staðhættir og saga

Saurbær er næsti bær utan við Haukagil og stendur gegnt Þórormstungu handan ár. Ofan við tún og bæjarhús liggur vegurinn utan í allbrattri hlíð, en heima við bæ er vöxtulegur trjálundur, einn margra í Vatnsdal. Þar voru fyrst gróðursett tré árið 1928. Jörðin var um tíma óðalsjörð, en er fremur land-



lítill.¹³⁴ Hendar getur fyrst í máldaga Hólabiskups 1360 vegna ítaks Grímstungukirkju í jörðinni, sem var í bændaeign á 15. öld, en síðar konungseign, sennilega fram á fyrri hluta 19. aldar.¹³⁵

Túnakort Saurbæjar 1918. Hannes Jónsson. Heimreiðin að bænum er úr norðvestri, en syðst í túninu eru fjárhús.

Ábúendur í Saurbæ 1910-1925 voru hjónin Guðrún Friðriksdóttir (1874-1942) og Jón Hjartarson (1880-1963), sem keyptu jörðina 1910. Árið 1922 byggðu þau eldri hluta steinhússins,¹³⁶ sem enn stendur. Árið 1925 tóku við jörðinni Gísli Jónsson (1878-1959) og Katrín Grímsdóttir (1875-1956), sem bjuggu þar til 1944 og síðan sonur þeirra og tengdadóttir, Grímur Gíslason (1912-2007) og Sesselja Svavarsdóttir (1922-2000) frá 1942-1969. Árið 1966 hófu búskap á móti þeim Sigrún dóttir þeirra (1942-) og Guðmundur Guðbrandsson (1939-).¹³⁷ Árið 1968 byggðu þau nýtt íbúðarhús, áfast hinu eldra. Árið 1998 urðu þau að hætta sauðfjárbúskap vegna riðuveiki, en gengu árið

2000 til liðs við Norðurlandsskóga og hófu trjáplöntun árið eftir á 52 ha landi. Frá þeim tíma er Saurbær skógræktarjörð í eigu Norðurtúns ehf. og þjónar sem griðastaður fjölskyldunnar.¹³⁸



Saurbær um 1940. Gamla torffjósið er í forgrunni, en að baki því sér í steinhúsið frá 1922. (Húnavaka 39. árg. 1999, s. 100.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 voru bæjarhúsin með einu heilþili og einu hálfþili og 1916 voru þau sögð „flest gömul og byggð úr torfi og timbri“. Húsin voru þessi: „Baðstofa, búr, eldhús, skáli þar sem áður var skemma, göng með bæjardyrum og fjós yfir 4 nautgripi“. Fjósið var sambyggt bænum og stóð norðan við hann, en bæjarstæðið var á sama

stað og eldri hluti íbúðarhússins og viðbyggð verkfærageymsla var síðar byggt.¹³⁹ Óþekkt er, hvort geymst hefur ljósmynd af gamla bænum, en eftirfarandi lýsing Gríms Gíslasonar, síðar bónda í Saurbæ, miðast við síðustu árin, sem búið var honum: „Lélegur bær var í Saurbæ, einkum þó frambærinn. Var næsta furðulegt að heimilisfólkið skyldi komast þar fyrir. Baðstofan var að vísu í þrennu lagi. Var Hjörtur gamli í suðurendanum og hjónin í norðurhúsinu sem var um leið stofa. Að minnsta kosti man

¹³⁴ Páll V. G. Kolka (1950), s. 255-256; *Húnabing* II, s. 342; Jón Torfason (2007), s. 42; *Heim*. Sigrún Grímsdóttir 30. jan. 2019.

¹³⁵ *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps* [...] 2009/99, s. 47-48.

¹³⁶ *Morgunblaðið* 18. jan. 1963, s. 17; *Tíminn* 38. árg., 53. tbl., 5. mars 1954, s. 3; 19. jan. 1963, s. 6.

¹³⁷ *Húnavaka* 48. árg. 2008, s. 162-163.

¹³⁸ *Heim*. Sigrún Grímsdóttir 30. jan. 2019.

¹³⁹ *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps* [...] 2009/99, s. 49.

ég að við krakkarnir drukkum súkkulaðið góða í norðurhúsinu. Hálfimburstafn var til norðurs en hvort timburstafn var til suðurs man ég ekki.“¹⁴⁰

Íbúðarhús

Eldra steinhúsið, sem byggt var af Jóni Hjartarsyni og Guðrúnu Friðriksdóttur árið 1922, er *meðal elstu steinsteyptu íbúðarhúsa í Áshreppi*. Það var lítið meira en fokhelt, þegar hjónin fluttu af jörðinni 1925.¹⁴¹ Ókunnugt er um hönnuð og yfirsmið hússins. Það er einlyft með steinsteyptum kjallara, portbyggðu risi og mænisþaki. Heildarstærð þess er 137 m² að gólfleti og 587 m³. Yngra húsið, sem er viðbygging og áföst austurhlið eldra hússins, var byggt 1968 skv. teikningu Björns Ólafs arkitekts (f. 1939), en yfirsmiður var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.). Húsið er tvær hæðir, 85,1 m² að stærð.¹⁴²



Saurbær um 1960 og um 1975 (t.h.). (*Ættir Austur-Húnavetninga III*, s. 992 / *Ljósmyndasafn A-Hún.*)



Horft heim að Saurbæ í ágúst 2015. (*Ljós. Páll J. Lindal.*)

Árið 1930 var eldra húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 7,55 × 6,90 m. Ein hæð með kjallara og lofti, 0,30 m porti. Þak járnavarið. Önnur bæjarhús: Skemma og eldhús.“ Gleggri lýsing var gefin 1940: „Íbúðarhús 8,1 × 7 m steinsteypt. Veggghæð frá kjallara 3,1 m. Rishæð 2 m. Hæð á kjallara 2,2 m. Í kjallara eru 4 herbergi og inngangur. Skilrúm steipt og gólf nema í einu herbergi. Á stofuhæð eru 4 herbergi og forstofa. Skilrúm steipt. Útveggir timburklæddir og milli veggja 2 holrúm af pappa. Gólf af timbri yfir kjallara einfalt. Efra gólf tvöfalt. Herbergin öll máluð og veggfóðruð. Á lofti er eitt herbergi alþiljað og veggfóðrað. Til hliðar við það alþiljaðar fatageymslur. Helmingur af loftinu óinnbyggt. Þak er súð, pappi, járn. Ein múrpípa, miðstöð með 5 ofnum, þvottavaskur, skolpleiðsla.“ Önnur bæjarhús voru þá smíðja (30 m³) með nýlegu frampili og torfþaki.

¹⁴⁰ Grímur Gíslason (1999), s. 100.

¹⁴¹ Grímur Gíslason (1999), s. 100.

¹⁴² *Húnaþing II*, s. 342; www.skra.is.

Áföst norðurgafli hússins er steinsteypt verkfærageymsla með háu risi, nálægt því þar sem áður stóð torfbyggt fjós. Þetta hús var byggt 1951-1952 og mældist þá 7 m á lengd og 4 m á breidd, vegg hæð 2,3 m og þakhæð 2,2 m skv. virðingargjörð frá 7. des. 1952. Þar segir ennfremur: „Veggir einfaldir, steypa ágæt, þak sperrureist, þjett rimlað, pappklætt og járnklætt yst. Lopt í hálfu húsinu úr timbri. Veggir kústaðir og málað utan. Þak málað. Húsið var steypað að miklu leyti í fyrra haust, en ekki klárað fyr en á þessu ári.“

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 er þessi hluti geymslunnar 28,2 m² að stærð, en byggingarár hennar ranglega skráð 1955. Húsið var lengt um rúma 8 metra árið 1969 eða 57,5 m² skv. fasteignaskrá. Allt geymsluhúsið var klætt að utan með trapizulaga járnklæðningu samhliða öllu íbúðarhúsinu um 1983. Með þeirri aðgerð og viðbyggingu íbúðarhússins frá 1968 hefur svipmóti og sérkennum gamla hússins verið gjörbreytt. Dregur það verulega úr varðveislugildi þess. Meðal annars var gluggasetningu breytt og brotnir niður stallaðir gaflendar, sem byggðir voru upp fyrir þakbrún.



Árið 1930 var á jörðinni fjárhús fyrir 180 fjár og „að nokkru steinsteypt“. Árið 1940 voru einnig tvö stakstæð hesthús með steypum framveggjum og þrjú sambyggð fjárhús með steypum framstöfnum, milliveggjum og baðkari í garða. Þau standa að nokkru leyti enn, því að þegar fjárhúsin voru endurbyggð árið 1956 (byggingarárið markað í blauta steypu) voru milliveggir þeirra gömlu láttnir standa.¹⁴³ Að baki þeim stendur steinsteypt hlaða, sem byggð var 1971 í stað eldri hlöðu (sjá ljósmynd).

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1922	
Fyrstu eigendur:	Jón Hjartarson og Guðrún Friðriksdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Íbúðarhús / sumarhús
Yfirsniður:	Óþekkt	
Viðbygging:	1968	
Fyrstu eigendur:	Sigrún Grímsdóttir og Guðmundur Guðbrandsson	
Teikning:	Björn Ólafs arkitekt	
Yfirsniður:	Kristján Gunnarsson byggingameistari	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steinsteypa/járn	Húsið var klætt að utan með járn um 1983.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Skipt var um þak á eldra húsinu 1981.
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portbyggt ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		7,55 × 6,90 m / 137 m ²
	Reykháfur	Horfinn	Reykháfur var aflagður við endurnýjun þaksins 1981.
	Gluggar	Breyttir	Gluggasetningu var breytt við klæðningu hússins.

¹⁴³ Heim. Sigrún Grímsdóttir 30. jan. 2019.

Varðveislumat

Listrænt gildi/byggingarlist:	Miðlungs	Hefðbundið form steinsteypuhúss með mænispaki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur þjónað sem íbúðarhús í hartnær heila öld.
Umhverfisgildi:	Hátt	Sómir sér vel á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Breytingar og viðbygging hafa rýrt mjög upprunalegt gildi þess.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið virðist vera í góðri umhirðu.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hár aldur hússins vegur þyngst í varðveislugildi þess.
Niðurstaða varðveislumats:		Vegna aldurs er húsið umsagnarskylt skv. 30. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað og byggingarsaga þess könnuð nánar.

3.1.13 Móhella

Staðhættir og saga

Um og fyrir 1930 urðu „magnaðir flokkadrættir“ meðal hreppsþúa um byggingu og staðsetningu sam-



komu- og þinghúss sveitarinnar. Í fyrstu stóðu deilurnar um hvort byggja skyldi húsið á Undirfelli eða Snæringstöðum í miðjum dal. Þar kom að Guðmundur Ólafsson í Ási „bauð að gefa hreppnum lóð eða landskíka, einn hektara að stærð, undir samkomuhúsið á sléttum og hörðum brekkubakkanum framan við Ás, skammt frá Ásbrekku“. Um það fór fram atkvæðagreiðsla og var „samþykkt með litlum meirihluta, að það skyldi verða í Ási“.¹⁴⁴

Samkomuhúsið á Móhelli um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Vatnsdælingar við félagsheimilið á Móhelli um miðja Jónsmessunótt um 1950. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Húsið var byggt og tekið í notkun 1935. Það stendur á Móhelli, fast austan Vatnsdalsvegur og neðan við bæinn Ásbrekku, byggt af Ungmennafélaginu Vatnsdælingi. Þar var samkomuhús og barnaskóli hreppsins til 1969, er Húnavallaskóli tók til starfa. Þangað sótti fólk dansleiki langt að. Eftir það stóð húsið autt um

árabil og lenti í niðurníðslu, en árið 2005 var það selt tveimur fjölskyldum, þ.e. annars vegar Snorra Jósefssyni og Höllu Jónsdóttur og hins vegar Ólafi Jósefssyni og Ástu Margræti Karlsson, sem síðan hafa endurnýjað húsið af smekkvísi og notað það sem frístunda- og sumarhús.¹⁴⁵



Gamla samkomuhúsið á Móhelli sumarið 2015 eftir endurgervingu þess, sem hófst 2005. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Lýsing á húsinu

Húsið er steinsteypuhús á einni hæð með kjallara og lágu bárujárnsklæddu mænispaki, 129,5 m² að stærð, skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Á vesturhlíð er útbyggð lítil forstofa með sama þakbroti, aðalinngangi í húsið og stigagangi í kjallara. Fyrir framan voru til skamms tíma þrjár steinsteyptar tröppur, sem nú hafa verið fjarlægðar, enda signar og brotnar, en í stað þeirra er verið að smíða tré-


¹⁴⁴ Ágúst B. Jónsson (1971), s. 32-34.

¹⁴⁵ Jón Torfason (2007), s. 42; *Húnavaka* 1981, s. 91; *Fundarhús og skólar í sveitum landsins*, s. 57; *Heim*. Snorri Jósefsson 3. mars 2019.

tröppur í sömu stærðarhlutföllum. Ekki er kunnugt um hönnuð og yfirsnið hússins. Það kann þó að hafa verið teiknað á teiknistofu Húsameistara ríkisins eða hjá Teiknistofu landbúnaðarins.¹⁴⁶ Svohljóðandi lýsing var gefin á lóð og húsi árið 1940:



„Stærð lóðar: ca. 1 hektari, - byggingarlóð og til hrossageymslu, - eignarlóð, girt gripheldri girðingu. Stærð húss: Lengd 9,6 m, breidd 6,2 m, vegg hæð frá kjallaragólfi 4,9 m og rishæð 1,2 m. Forstofa fyrir gólfhæð 4,8 × 1,1 × 2,3 m. Í kjallara 4 herbergi og gangur, 2 skilrúm af timbri, hin steipt. Gólf steipt nema í einu herbergi timbur. Stigagangur úr forstofu. Útveggir steiptir, tvöfaldir með torfróði, bæði að kjallara og hæð. Þak: súð, pappi og klætt innan á sperrur. Gólf, timbur, einfalt. Ekkert skilrúm á gólfhæð nema afbiljaður lítill gangur. Húsið er notað sem samkomu- og fundahús. Í því eru 2 kolaofnar og eldavél. Við húsið er hesthús fyrir 10 hesta, timburhlið, en aðrir veggir af torfi. Þak, járn undir torfi. Sú kvöð hvílir á húsinu og meðfylgjandi eignum þess, að Áshreppur hafi þar endurgjaldslaus afnot vegna almennra funda í þarfir hreppsins.“




Útlitsteikningar vegna utanhússklæðningar, gerðar af Stoð ehf. verkfræðistofu, 4. ágúst 2017.

Eftir að húsið komst í eigu nýrra eigenda árið 2005 hófu þeir gagngerar endurbætur á því, jafnt að utan sem innan. Húsið var innréttað sem frístunda- og sumarhús og nýtingu herbergja breytt til samræmis við það. Á hæðinni er aðskilin forstofa með óbreyttu sniði og stigagangi niður í kjallara, en eldhús og stofa í einu rými, þar sem áður var samkomusalur. Í kjallara eru þrjú herbergi, gangur og

¹⁴⁶ Hinn 14. mars 1934 sendi Teiknistofa byggingar- og landnámsjóðs Ágústi H. Jónssyni á Hofi uppdrátt „að samkomuhúsi“, sbr. ÞÍ. Byggingastofun landbúnaðarins 2005 BA/0002 (teikningaskrá 1928-1938 (bók 1). Sá uppdráttur var trúlega gerður af Jóhanni Fr. Kristjánssyni, en hefur ekki komið í leitirnar.

snyrting. Eftir að lokið var endurbótum á húsinu komu í ljós steypugallar í útveggjum, svo að ráðist var í það árin 2017-2018 að einangra og heilklæða húsið að utan með liggjandi bárujárnsklæðningu, skv. teikn-ingum og verklýsingu Stoðar ehf. – verkfræðistofu á Sauðárkróki. Þeim framkvæmdum er nú að mestu lokið,¹⁴⁷ en í byggingar- og verklýsingu segir meðal annars:

Núverandi skráð notkun er geymsla. Breyta á notkun hússins í frístundahús. Húsið verður einangrað að utan með 50 mm steinullareinangrun og klætt liggjandi Alu-Zink bárujárnsklæðningu á loftræstri lekturgrind. Húsið verður þannig frágengið að það uppfylli lög og reglur um frístundahús. Krossviðarkassar, sem nú eru áfastir við húsið, verða fjarlægðir. Steyptar tröppur/stétt framán við útidyrnar verða fjarlægðar og endurgerðar með núverandi formi úr við. Gert er ráð fyrir viðarpalli umhverfis húsið á þrjá vegu. [...] Klæðning festist á lóðréttar lektur T1-45×70 c/c600 eða sambærilegt. Lektur festar við steinvegg með vinkli V7-70×2×55 m/st c/c 850 mm eða sambærilegt.¹⁴⁸



Grunnmýndir og snið af Móhellu. Stoð ehf. verkfræðistofa, 4. ágúst 2017.

Samkomuhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1935	Upphafleg notkun:	Samkomuhús, fundahús og skólahús.
Fyrsti eigandi:	Ungmennafélagið Vatnsdælingur	Núverandi notkun:	Fristunda- og sumarhús.
Hönnuður:	Óþekkt		
Yfirmsiður:	Óþekkt		
Endurgerving:	2005-2019		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Járnsklæddir	Tvöfaldir útveggir með tróðholi, ómúraðir og málaðir, þar til húsið

¹⁴⁷ Heim. Snorri Jósefsson 25. febr. 2019.

¹⁴⁸ Ásbrekka í Vatnsdal, A-Hún. Aðaluppdráttur, útlit, grunnmýndir, snið og skýringartexti. Stoð ehf. verkfræðistofa. 4. ágúst 2017.

Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Pappi/asbest	Bárujárn
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Kjallari	Óbreytt
	Stærð	
	Reykháfur	Horfinn
	Útitröppur	Breyttar
	Gluggar	Óbreytt

var klætt að utan með liggjandi bárujárnsklæðningu 2017-2018.

Þakið var í fyrstu klætt þykkum pappa og síðar báruðu asbesti, en við endurgerð hússins var það einangrað og klætt bárujárni. Öll herbergjaskipan er með upphaflegu sniði.

9,6 × 6,2 m og 1,1 × 4,8 m / 129,5 m²

Í stað hans hefur verið komið fyrir reyrkori frá kamínu í stofu. Steinsteyptar tröppur hafa verið fjarlægðar, en nýjar tröppur með sama sniði úr tré munu koma í stað þeirra. Allir gluggar hafa verið endurnýjaðir með upphaflegu sniði.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt
Menningarsögulegt gildi:	Hátt
Umhverfisgildi:	Miðlungs
Upprunalegt gildi:	Hátt

Tæknilegt ástand: Gott

Varðveislugildi: Hátt

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er vel formað og í góðum hlutföllum.

Á sér langa sögu sem samkomu- og skólahús sveitarinnar.

Sómir sér ágætlega á sléttri grund, en er fremur berangurslegt.

Við endurgerð hússins hefur verið gætt upprunalegrar gerðar, en útlit þess er mikið breytt eftir að það var klætt að utan.

Frá árinu 2005 hafa eigendur endurnýjað húsið á allan máta og er það í mjög góðu ásigkomulagi.

Öll framangreind atriði styðja að háu varðveislugildi hússins.

Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins, en gera þyrfti frekari leit að upprunalegum teikningum.




Húsið hefur breytt mjög um svip eftir að það var einangrað og klætt að utan 2017-2018. (Ljós. Snorri Jósefsson.)

3.1.14 Ásbrekka

Staðhættir og saga

Ásbrekka er nýbýli úr einum fimmta hluta af landi Áss, stofnað 1935 af hjónunum Ásgrími Kristinssyni (1911-1988) og fyrri konu hans, Ólöfu K. Sigurbjörnsdóttur (1910-1946). Seinni kona Ásgríms var Guðný Guðmundsdóttir (1918-1984) og bjuggu þau í Ásbrekku til hausts 1962.¹⁴⁹ Þá tóku við jörðinni elsti sonur Ásgríms, Guðmundur Ólafsson (1934-), og Ólafía Sigurlaug Pétursdóttir (1942-). Þau bjuggu á Ásbrekku til 1995 og síðan Pétur Björn sonur þeirra og Ólöf Adda Sveinsdóttir til ársins 2005. Jörðin er nú í eigu fjögurra einstaklinga.



Bæjar- og útihús í Ásbrekku um 1940. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 912.)



Íbúðarhúsið í Ásbrekku var rífið 2009, en á jörðinni standa ennþá útihús (lengst t.v.) og gamli vörugeymsluskúrinn rétt austan við þau, svo og samkomuhúsið Móhella austan Vatnsdalsvegur, - nú endurgert sem frístundahús. (Stoð ehf. / google earth / Páll J. Línal.)


Horfið íbúðarhús

Árið 1937 byggði Ásgrímur lítið íbúðarhús úr timbri á jörðinni og jók við það árið 1949. Húsið stóð á lautarbarmi upp af samkomuhúsinu á Móhelli.¹⁵⁰ Árið 1940 var húsinu lýst þannig: „Bær 11 × 3,8 × 2,5 m. Útveggir stofu og hlið timbur, aðrir veggir torf. Tvö skilrúm af timbri, 2 herbergi alþiljuð, annað veggfóðrað og málað, eitt herbergi óþiljað. Þak á 8 m, súð, pappi, torf. Upprefti á 3 m. Kjallari 3,8 × 3,8 × 2 m, veggir steypdir.“

Önnur bæjarhús voru skemma, en útihús jarðarinnar voru þessi: „Fjós fyrir 4 kýr, torfveggir og torfþak, haughús 13,6 m³ steipt með járnþaki, þvaggrýfja 3,6 alsteipt, hesthús fyrir 8 hesta, torfveggir, steiptur stafn, torfþak, fjárhús fyrir 80 kindur, 2 hús samstæð, þilstafn og járnþak.“ Öll þessi hús virðast koma fyrir á ljósmynd, sem tekin var um 1940, en þau eru nú löngu horfin.

¹⁴⁹ Húnavaða 29. árg. 1989, s. 201-204; Tíminn 30. ágúst 1988, s. 15. Þar segir að nýbýlið hafi verið stofnað 1936, en árið 1935 skv. Húnaþingi II, s. 343.

¹⁵⁰ Húnaþingi II, s. 343.



Uppdráttur Kristjáns Gunnarssonar að íbúðarhúsinu, dags. 21. apríl 1949. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/30 (nr. 1487).)

Árið 1949 var húsið stækkað verulega með því að byggð var samsíða álma norðan við eldra húsið, skv. teikningu Kristjáns Gunnarssonar (1903-1986), trésmíðameistara á Blönduósi. Húsið var úr timbri og múrhúðað (forskalað) að utan, einlyft með lágu risi og einhalla þaki norður af mæni eldra hússins.



Meðfram því að endilöngu lá gangur og gengt úr honum í vistarverur til beggja hliða (sjá teikningu). Eldra húsið var 10 × 4,10 m að stærð og viðbyggingin 10 × 5,30 m, svo að ásamt kjallara var húsið 198 m³. Í kjallara var miðstöð og þvottahús, en á stofuhæð voru skv. teikningu borðstofa, eldhús, salerni, geymsla, stofa, 2 herbergi og gangur eftir miðju húsi.¹⁵¹ Húsið var rífið árið 2009.¹⁵²

Íbúðarhúsið í Ásbrekka um 1975, ásamt hlöðu frá 1968 og gömlu fjárhúsunum, sem stóðu á svonefndum Grænhól (gömlu bæjarstæði) ofan við bæinn, en voru síðan rífin árið 1977, er ný fjárhús voru byggð þar. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Vörugeymsluskúr

Á bæjarstæðinu stendur skúr, 16,3 m² að stærð og byggður 1940. Bændur á bæjunum sunnan við Ásbrekku tóku sig saman og byggðu þennan skúr og nýttu hann til geymslu aðfanga, þegar vegurinn náði ekki lengra en að Ásbrekku. Skúrinn stóð í fyrstu sunnan við hliðið að Ásbrekku, en þegar greiðfær vegur var lengdur fram dalinn og hætt var að nýta skúrinn, komst hann í eigu Ásgríms í Ásbrekku,

¹⁵¹ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/30 (nr. 1487); Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/14 (virðingargjörð 24. sept. 1961).

¹⁵² Heim. Snorri Jósefsson 3. mars 2019.



sem flutti hann nær bænum.¹⁵³ Skúrin stendur austan við útihúsin. Hann er bárujárnsklædd og óeinangruð timburgrind með lágu einhalla þaki, sem hallar til vesturs í átt að útihúsunum. Hann er nú með steinsteyptu gólfi, en var áður með malargólfi á meðan hann þjónaði sem vörugeymsla bænda á upphaflegum stað. Húsið er þurr og góð geymsla í ágætu ásigkomulagi.¹⁵⁴

Gamli vörugeymsluskúrin stendur rétt austan við útihúsin. (Ljós. Snorri Jósefsson.)

Vörugeymsluskúr – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1940

Fyrstu eigendur: Bændur í Vatnsdal

Upphafleg notkun: Vörugeymsla

Núverandi notkun: Stendur ónotað.

Húsgerð

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Stærð:

Upphaflegt

Timbur/járn

Skúrþak

Bárujárn

Núverandi

Óbreytt

Óbreytt

Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Útveggir eru járnklædd og óeinangruð timburgrind.

16,3 m²

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Niðurstaða varðveislumats:

Lágt

Miðlungs

Miðlungs

Miðlungs

Gott

Miðlungs

Einföld og einkennalaus smíði.

Skúrin þjónaði mikilvægu hlutverki á sinni tíð sem vörugeymsla bænda.

Hefur verið fluttur af upphaflegum stað og liggur lágt í landi.

Húsið heldur að mestu leyti upprunalegri gerð.

Skúrin er í góðu ásigkomulagi og hin ágætasta geymsla.

Skúrin hefur talsvert varðveislugildi vegna sögu sinnar.

Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu skúrsins, en fengur væri að því að hann yrði varðveittur til frambúðar.


¹⁵³ Heim. Pétur Björn Guðmundsson 3. mars 2019.

¹⁵⁴ Heim. Snorri Jósefsson 4. mars 2019.

3.1.15 Ás

Staðhættir og saga

Ás er fornt býli og þess m.a. getið í Vatnsdæla sögu. Þar var þingstaður Vatnsdæla um aldir og sveitarfélagið kennt við bæinn. Þar var einnig kirkja á miðöldum. Bærinn stendur suðvestan í Ásmelum, sem ásamt Hofsmelum austan ár loka að nokkru fyrir framdalinn. Frá Ási er fagurt útsýni norður og suður eftir Vatnsdalnum.¹⁵⁵



Túnakort Áss frá 1918. Hannes Jónsson. Heimreiðin liggur úr norðri að bænun fyrir miðjum uppdrætti. Við túngarðinn er hesthús vestast, síðan fjárhús næst heimreiðinni og annað fjárhús austan við hana. Heima við bæinn er skemma vestan við hann og kálgarður austan við. Suðaustan við bæinn eru hlaða, fjós, heygarður og hesthús, en frá útihúsunum liggur vegur í suðurátt frá bænum.

Á árabílinu 1807 til 1937 bjuggu í Ási fjórir ættliðir sömu ættar, í fyrstu hjónin Guðmundur Halldórsson (1772-1851) og Halldóra Bjarnadóttir (1777-1840), en síðast

hjólin Guðmundur Ólafsson (1867-1936) alþingismaður og Sigurlaug Guðmundsdóttir (1868-1960) frá 1894. Guðmundur eldri var „góður bóndi, auðgaðist og húsaði vel bæ sinn“.¹⁵⁶ Hið sama gerði Guðmundur Ólafsson, sem byggði „upp öll bæjarhús og peningshús og ennfremur hlöður við fjós og fjárhús“.¹⁵⁷ Árið 1940 keyptu höfuðbólið Guðmundur Jónsson (1905-1988) og Sigurlaug E. Guðlaugs-

dóttir (1904-2004), sem létu byggja nýtt íbúðarhús í Ási 1949-1950.¹⁵⁸ Árið 1966 var jörðinni skipt í tvö býli, Ás og Ás II, þegar hjónin Jón B. Bjarnason (1948-) og Ingunn Guðmundsdóttir (1943-) stofnuðu nýbýlið og hófu búskap. Þau eru nú eigendur beggja jarða, en núverandi ábúendur (frá 2017) eru dóttir þeirra og tengdasonur, Ragnheiður Lauga Jónsdóttir og Björn Viggó Björnsson.¹⁵⁹



Gamli bærinn í Ási snemma á 20. öld. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Horfin bæjarhús

Einhver hluti gamla bæjarins í Ási, sem stóð fram til ársins 1989, var byggður af Guðmundi Halldórsyni eftir að hann hóf þar búskap 1807. Þá var þar „gamall bær og hörlegur“, svo að Guðmundur „tók niður allan bæinn á fyrstu árum sínum í Ási og byggði upp að nýju“. Sparaði hann ekki til

að bær hans yrði vandaður og reisulegur. Stofu byggði hann, sem þá var fátítt á sveitabæjum, stóra og veglega, svo með undrum var talið. Varð hún víðfræg um næstu sveitir fyrir stærð, fegurð og prýði. Því nær allan við í bæ sinn sótti Guðmundur til Akureyrar, því hann fékkst ekki nothæfur í Höfðakaupstað.

¹⁵⁵ Jón Torfason (2007), s. 41-42; *Húnaþing II*, s. 344.

¹⁵⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 256.

¹⁵⁷ *Andvari* 1972, s. 7.

¹⁵⁸ *Andvari* 1972, s. 3-17; Páll V. G. Kolka (1950), s. 256-257; *Húnaþing II*, s. 344-345; *Húnavaka* 29. árg. 1989, s. 182-185; 45. árg. 2005, s. 154-155.


¹⁵⁹ *Heim*. Jón B. Bjarnason 18. mars 2019.

Allur var hann fluttur á hestum og þóttu viðarlestir Guðmundar all stórfenglegar þar sem hann fór um sveitir.¹⁶⁰

Árið 1910 var bænum í Ási þannig lýst: „Torfbær með timburhlið, 2 heilpiljum og 2 hálpiljum.“ Árið 1916 var lýsing hans nokkru fyllri: „Bæjar- og geymsluhús byggð úr torfi og timbri, allmikil með grjót-hlöðnum, steinlímdum kjallara, 12 × 6 álnir, vönduð hús og vel stæðileg.“ Þar var einnig „safnþró með salerni yfir og skolpveita úr bæ“, en slík þægindi voru þá óviðá á bæjum.

Um 1920 var húsaskipan með þessum hætti:

Stór bær var í Ási og snéri langhlið hans móti suðvestri. Nyrst í röðinni var skemma, síðan kames, stofa, bæjardyr og sunnan þeirra – mætti þó eins segja austan – var frambaðstofan, þá miðhúsið og svo suðurhúsið þar sem hjónin sváfu. Baðstofan var breið þannig að hún nýttist vel. Fljótlega var innréttað svefnhús fyrir hjónin á bak við suðurhúsið og jók það á húsrymið. Á bak við baðstofuröðina voru tvær húsráðir þar sem var hlóðældhús, eldiviðargeymsla o.fl. Kjallari var undir baðstofunni og var þar eldhús og matarstaður heimilisfólksins.¹⁶¹



Í forgrunni er gamli timbur- og torfbærinn í Ási, en til vinstri og nokkru fjær er íbúðarhúsið, sem byggt var 1949-1950. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 907.)

Árið 1940 var bænum þannig lýst: „Bær (19,5 m) 9 × 4 m norðurhluti. Vegghæð 2,2 m. Loft á bitum, einfalt, 2 skilrúm. Herbergi öll máluð og veggfóðruð. Loft portlaust, ris-hæð 1,2 m. Þak er súð, pappi, torf. Kjallari grjóthlaðinn undir allri röðinni. Útveggir timburhlið, stafn steiptur að skemmu, hliðveggur torfhlaðinn. Suðurhluti 10,5 × 4,5 m, hæð í mitt ris 2,5. Herbergi 3, öll máluð.

Kjallari að mestu grjóthlaðinn, hæð 2,1 m, 1 skilrúm. Eldhús í kjallara. Þak er súð, pappi, torf. Útveggir timbur. Miðstöð með 5 ofnum. Múrpípa. Viðbyggt 1 herbergi, 3,6 × 2,5 × 2 m, þiljað og málað. Timburstafn. Þak er súð, pappi, járn. Eldavélar-hús 2,3 × 2,3 × 2,1 m, alþiljað, steipt gólf. Þak er járn yfir torfi. Eldhús 6 × 3 × 2,6 m. Búr 6 × 3 × 2,5 m. Skemma 9 × 3,5 × 3,2 m. Torfveggir og þak, upprefti undir torfi.“

Búið var í gamla bænum þar til flutt var í nýbyggt íbúðarhús sumarið 1950. Um einhver næstu ár höfðu veiðimenn þar gistiaðstöðu, en eftir það var bærinn notaður sem geymsla uns hann var brenndur árið 1989. Þar var símstöð til húsa frá 1935 til 1985.¹⁶²



Séð heim að Ási um 1975. Steinhúsið frá 1949-1950 er fyrir miðri mynd, en til hægri og sunnan við það eru gömlu bæjarhúsin, sem nú eru horfin. (Ljósmyndasafn A-Hún.)


¹⁶⁰ Magnús Björnsson frá Syðra-Hóli (1959), s. 10-11.

¹⁶¹ Grímur Gíslason (1999), s. 102.


¹⁶² Heim. Jón B. Bjarnason 18. mars 2019.



Horft heim að Ási í mars 1979. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/12.)



Teikningar Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu í Ási. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/12 og BB/30, nr. 1499.)



Norðurgafi og kjallari, skv. upphaflegri teikningu.

Íbúðarhús

Hin rúmgóðu timbur- og torfhús í Ási voru meginástæða þess, að steinsteypt íbúðarhús var ekki byggt þar fyrr en 1949-1950. Bygging þess hófst 1949 og var flutt í húsið sumarið eftir.¹⁶³ Það var teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en sama teikning var notuð við byggingu íbúðarhúss í Bólstaðarhlíð, sem byggt var sama ár (sjá 3.5.7). Yfirsmiður hússins í Ási var Þorlákur Þórarinsson (1924-1995), húsasmiður og síðar skipstjóri í Reykjavík.¹⁶⁴ Húsinu var valinn staður spölkorn norðan við gömlu bæjarhúsin, sem nú eru horfin að fullu. Húsið er einlyft með steypum kjallara, portlausu risi og krossreistu mænispaki. Upp af vesturhlíð þess rís stór kvistur með mænispaki, en skv. teikningu var einnig gert ráð fyrir framskoti fyrir miðri húshlíð, bæði úr kjallara og stofu-

¹⁶³ Heim. Jón B. Bjarnason 18. mars 2019. Húsið er talið byggt árið 1950, skv. *Húnaþingi II*, s. 345, en árið 1949 skv. fasteignaskrá 2018.

¹⁶⁴ Heim. Jón B. Bjarnason 18. mars 2019.

hæð, þar sem gengt skyldi út á svalir yfir útbyggingunni. Einhver fleiri frávik voru gerð, s.s. varðandi gluggasetningu á suðurgafli. Árið 1969 var byggður annar og minni kvistur með flötu þaki á austurhlið, sem var ekki á upphaflegri teikningu. Við aðaldyr á suðurgafli hússins er steinsteyptur inngangsskúr eða útbygging með flötu þaki og svölum yfir, sem gengt er út á úr enda rishæðar. Skv. teikningu skyldi skúrinn vera með mænisþaki. Framan við skúrinn eru steinsteyptar tröppur. Samsíða austurhlið hússins að hluta er annar inngangsskúr úr timbri með hallandi þaki, sem byggður var árið 1978.

Húsið er 10,70 m á lengd og 9 m á breidd, en heildarstærð þess er 291 m² og 646 m³. Skv. teikningu var herbergjaskipan á stofuhæð þessi: Forstofa, stofa, 2 herbergi, eldhús, búr og stigagangur í kjallara og á loft. Á árunum 1969-1971 voru gerðar



talsverðar endurbætur á húsinu, sem voru í aðalatriðum þessar skv. lýsingu: „Rishæð: Kvistur hefir verið byggður á þakið og innréttað þar baðherbergi. Hurðir og gluggar lagfært sem og önnur innangerð herbergja. Aðalhæð: Eldhúsinnrétting endurbætt og endurnýjuð, gluggar lagfærðir, einnig hurðir, dúkar o.fl.“¹⁶⁵

Suðurstafn hússins í mars 1979. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/12.)

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á húsinu síðan og munar mestu um þær, sem gerðar voru utanhúss árið 1987. Þá var húsið einangrað að utan og útveggir heilklæddir með steniklæðningu. Jafnframt hefur flestum gluggum hússins verið breytt við endurnýjun, svo að á stofuhæð eru þeir flestir með einum lóðréttum pósti. Þessar aðgerðir hafa breytt mjög upprunalegu svipmóti hússins, sem að öðru leyti heldur sínu formi.



Horft heim að Ási sumarið 2015. (Ljósm. Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1949-1950	
Fyrstu eigendur:	Guðmundur Jónasson og Sigurlaug Guðmundsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Þorlákur Þórarinnsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Portlaust ris	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar
Húsið var klætt að utan með steniklæðningu árið 1987.

¹⁶⁵ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/12.

Kjallari	Óbreytt	
Stærð		10,7 × 9,0 m / 291 m ² og 646 m ³ .
Kvistir	Breytt	Kvistur var settur á austurhlið hússins 1969, en upphaflega var kvistur á vesturhlið.
Reykháfur	Óbreytt	
Inngangsskúrar (2)	Óbreytt	Inngangsskúr við austurhlið var byggður 1978.
Gluggar	Breyttir	Eru nú flestir á stofuhæð með einum lóðréttum pósti.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er snotur og velformuð bygging af algengri gerð.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur þjónað sem íveruhús í nærri sjö áratugi.
Umhverfislugildi:	Hátt	Húsið er reisulegt og fer vel á fögru bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Utanhúsklæðning og breyttir gluggar rýra upprunalegt gildi.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðri umhirðu og ástand þess gott.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Breytingar á húsinu draga úr varðveislugildi þess.
Niðurstaða varðveislumats:		Æskilegt er að hús þetta verði varðveitt til frambúðar, en varðveittar eru upphaflegar teikningar að því.



Útihús (1952-1954)

Árið 1916 voru flest peningshús gömul með torfveggjum og torfþökum, en þó var steinsteypt *heyhlaða* með járnþaki. Var hún meðal elstu steinsteyptu útihúsa, sem spurnir eru um í sýslunni. Í einu fjárhúsi var steipt fjárbaðkar og kró. Árið 1930 voru þessi steinsteyptu útihús á jörðinni: *Skemma*, fjós fyrir 10 kýr, *hesthús* fyrir 49 hesta (að nokkru steipt), *fjárhús* fyrir 358 fjár (tvö hús að nokkru steipt) og *haughús* 102 m³. Flest þessi hús stóðu enn 1940, en steinsteyptu útihúsin voru þá þessi: *Skemma* með steinveggjum, fjós fyrir 10 kýr með steiptum veggjum, flór, tröðum og fóðurgangi, alsteypt *haughús*, *hesthús* og önnur tvö sambyggð með steiptum veggjum, tvö *fjárhús* með steiptum framstöfnum og milli- og hliðarveggjum, steinsteypt *votheysgryfja* og tvær *heyhlöður* með járnþökum.

Öll þessi steinsteyptu útihús munu nú vera horfin. Samkv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 eru hins vegar á báðum jarðarpörtum allmörg hús, sem byggð voru á árunum 1952 og 1954, þ.e. fjárhús (án hlöðu), hesthús, hlaða, geymsla, haughús, votheysturn og kálfahús frá 1952, ásamt tveimur fjár-

húsum með hlöðum frá 1954. Þessum húsum er prýðilega við haldið og setja þau búsældarlegan svip á umhverfið.




Útihús í Ási, byggð á árunum 1952-1954. Efri myndirnar voru teknar í ágúst 2015 og þær neðri í október 2018. (Páll J. Lindal / Gunlaugur Haraldsson.)

3.1.16 Undirfell og Undirfellskirkja

Staðhættir og saga

Býlið mun upphaflega hafa heitið Nautabú, en síðar Undirfell eftir að kirkja reis þar. Jörðin telst landnámsjörð og bjó þar Þórir hafursþjó, sonur Ingimundar gamla á Hofi. Hún dregur nafn af samnefndu felli (356 m) á hálsinum ofan við bæinn. Það nefndist Undornfell til forna. Kirkju er þar fyrst getið um 1243, en elsti máldagi hennar er frá um 1318. Síðastur presta á Undirfelli var Hjörleifur Einarsson



(1831-1910), sem hélt staðinn frá 1876 og þar til prestakallið var aflagt 1907. Þar var haldinn kvenskóli Húnvetninga 1879-1883. Árið 1944 var jörðinni skipt í tvo hluta og nýbýlið Nautabú stofnað 1949 á öðrum þeirra.¹⁶⁶

Túnakort 1918. Hannes Jónsson. Vestan við kirkjugarðinn er hlaðið og síðan bær með kálgarði sunnan við. Fast vestan við hann er lítil rétt og síðan hús, fjós og hlaða og skemma norðan við. Norðan við bæinn er salerni og í austur frá því, talsvert norðan við kirkjugarðinn stendur kirkjan.

Þangað frá Þórormstungu hjónin Ásta M. Bjarnadóttir (1864-1952) og Jón Hannesson (1862-1949), sem bjuggu þar til vors 1926. Þá tóku við jörðinni dóttir þeirra og tengdasonur, Hólmfríður Jónsdóttir (1903-1967) og Hannes Pálsson (1898-1978), sem keyptu Undirfell um 1924. Þau skildu 1943 og bjó Hólmfríður síðan áfram á hálfri jörðinni til æviloka. Frá þeim tíma (1967) hefur jörðin verið í eyði sem

Eftir að Undirfell var aflagt sem prestssetur var hún setin bændum. Árið 1907 fluttust

bújörð. Um 1970 voru bæjarhúsin að hruni komin og nokkru síðar jöfnuð við jörðu.



Vestan við kirkjugarðinn sést móta fyrir bæjarhólnum.¹⁶⁷ Jörðin er nú í eigu Þóronnu Pálsdóttur veðurfræðings og áður foreldra hennar, Páls Hannessonar (1925-2002) verkfræðings og Hjördísar R. Pétursdóttur (1926-1989), sem byggðu sér nýtt heilsárshús, spölkorn suðvestan við bæjarhólinn, og hófu skógrækt fyrir ofan veg.¹⁶⁸

Timburhúsið á Undirfelli, sem byggt var 1917. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1004.)

Horfin bæjarhús

Bæjarhús á Undirfelli stóðu fyrrum sunnan og vestan kirkju. Skömmu eftir að séra Hjörleifur Einarsson tók við staðnum (1876) lét hann byggja upp allan bæinn og endurnýja þau hús, sem forveri hans, séra Jón Eiríksson, hafði látið byggja af nýju vorið 1840.¹⁶⁹ Meðal annars byggði Hjörleifur svokallað *framhús*, sem var stofn þess timburhúss, sem Jón Hannesson lét byggja 1917 og var fyrst lýst í fasteignamati 1930. Þetta var staðfest í manntali 1940, en þá var bærinn á Undirfelli sagður timburhús á

¹⁶⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 257-261; *Húnaþing* II, s. 348; Jón Torfason (2007), s. 41; *Kirkjur Íslands* VIII, s. 225-227.

¹⁶⁷ Bjarni Jónasson (1971), s. 111-112; *Kirkjur Íslands* VIII, s. 227.

¹⁶⁸ *Vatnsdalsá. Vatnsdalur – Þing*, s. 183; *Morgunblaðið* 15. jan. 2002, s. 45.

¹⁶⁹ Bjarni Jónasson (1971), s. 113; *Kirkjur Íslands* VIII, s. 227.

1½ hæð, „sumt 40-50 ára, hitt 23 ára“.¹⁷⁰ Skv. því var eldri hluti hússins byggður á árunum 1890-1900 og sá yngri árið 1917.

Árið 1910 var bænum þannig lýst: „Torfbær með 2 stafnpíljum heilum og einum heilum þilvegg.“ Var þar vísað til framhússins, en árið 1916 var lýsingin þessi: „Bæjar- og geymsluhús all-mikil, byggð úr torfi og timbri, flest gömul og sum óstæðileg.“ Breyting varð með byggingu nýja timburhússins 1917, en um 1920 var húsaskipan þessi:

Mikil bæjarhús voru á Undirfelli. Baðstofan, sem var í vestari röðinni, var í fernu lagi. Var gengið inn í alla hluta hennar af löngum gangi, nema í suðurhúsið, sem var með dyrum fram í aðalbaðstofuhúsið. Jón bóndi hafði byggt timburbyggingu austan við baðstofuna og var hún aðskilin með áðurnefndum gangi. Sú bygging var hin reisulegasta með kvisti til austurs, rúmgóðu svefnlofti til norðurs og geymslulofti til suðurs þar sem Steinunn (fótalaus) svaf gjarnan er hún var heima. Bæjardyr voru móti norðaustri í krika er myndaðist við það að nýrri byggingin náði ekki eins langt norður og baðstofan. Búr var nyrst í röðinni, svo eldhúsið og síðan tvær samliggjandi stofur og var sparistofan sunnar en hún var sjaldan notuð. Voru þar útidyr móti austri, sjaldan notaðar. [...] Samkomur voru gjarnan haldnar í gömlu baðstofunni og rýmið aukið með því að taka burtu timburskílrum milli miðbaðstofunnar og suðurhússins.¹⁷¹

Árið 1930 var bæjarhúsum þannig lýst: „Íbúðarhús úr timbri, 11,60 × 4,40 m. Ein hæð með kjallara og lofti, port 1,25 m. Tveir timburskúrar. Torfbak. Baðstofa og gangur, skemma, brunnhús og hjallur. Safnfor 31 m³ úr steinsteypu.“ Ítarlegri lýsing var gefin 1940: „Íbúðarhús af timbri, 11,7 × 4 m. Stofuhæð 2,4 m, 3 herbergi veggfóðruð og máluð, porthæð 1 m, rishæð 1,8 m. Á lofti 3 herbergi, 2 veggfóðruð og máluð. Annað þeirra kvistur, eitt ekki með innpíljum. Gólf yfir stofuhæð tvöfalt. Þak með



súð, pappa og torfi. Norðurstafn járnvarinn. Kjallari grjót-hlaðinn jafnt jörðu og steypur ofan jarðar. Hæð 2,2 m. Skilrúm 2 steyp. Gólf yfir kjallara einfalt. Forstofa við suðurstafn 3 × 2 × 2,2 m. Forstofa við norðurstafn 1,6 × 1,6 × 2 m. Gangur viðbyggður vesturhlið 1,3 m breiður, 2 hæðir. Þar í stigagangur og inngangur til baðstofu. Baðstofa 13,5 × 3,8 × 2,5 m með 3 skilrúmum. Torfbak. Í húsinu er miðstöð með 6 ofnum, vatns- og skolpleiðslum.“

Hluti framhliðar timburhússins á Undirfelli. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Séð heim að Undirfelli. Timburhúsið stendur fremst (austast) í bæjarröðinni og útihúsin vestan við bæjarhúsin, en kirkjan er nokkru austan við bæjarhlaðið og norðan við kirkjugarðinn. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1006.)

¹⁷⁰ ÞÍ. Manntal 2. desember 1940 (Áshreppur).

¹⁷¹ Grímur Gíslason (1999), s. 108-109.

Undirfellskirkja


Fyrst getur um kirkju á Undirfelli í Sturlungu um 1243, en elsti máldagi hennar er frá um 1318. Hún var helguð heilögum Nikulási. Undir hana heyrðu fyrr á öldum bænhús á Brúsastöðum, Kornsó, Gilstöðum, Bjarnastöðum og Hjallalandi, hálfkirkjur í Hvammi, Ási og á Hofi, en að auki annexían á Mástöðum uns kirkjuna þar braut af í snjóflóði 1811 og sóknin var lögð til Undirfells.



Undirfellskirkja 1893-1913. (Ljósmynd Arnór Egilsson. Þjms. L. og pr. / Kirkjur Íslands VIII, s. 228.)

Árið 1881 var Grímstungukirkja felld niður og sóknin lögð til Undirfellssóknar. Hófst þá ráðslag um stækkun Undirfellskirkju, sem ekki þótti rúma allan söfnuðinn, og leiddi að lokum til byggingar nýrrar timburkirkju, er byggð var „utan garðs“ og norðanvert við kirkjugarðinn. Kirkjusmiður var Þorsteinn Sigurðsson (1859-1921), trésmíðameistari á Sauðárkróki, sem var einn afkastamesti kirkjusmiður landsins á sinni tíð og smíðaði 14 kirkjur alls. Meðal þeirra voru auk Undirfellskirkju fimm aðrar í Húnaþingi, þ.e. á Bergsstöðum (1883), í Bólstaðarhlíð (1888), á Holtastöðum (1893), Auðkúlu og Blönduósi (1894). – Undirfellsprestakall var lagt niður með lögum 1907 og sóknin lögð undir Þingeyraklaustursprestakall.¹⁷²


Uppdráttur Rögnvalds Ólafssonar að Undirfellskirkju, frágenginn af Einari Erlendssyni 5. ágúst 1914. (Kirkjur Íslands VIII, s. 231.)



Lýsing kirkjunnar

Timburkirkjan brann til grunna á öðrum degi jóla 1913.

Í ágúst árið eftir voru lagðir fram uppdrættir Rögnvalds Á. Ólafssonar húsameistara að steinkirkju, frágenginn af Einari Erlendssyni arkitekt. Um var að ræða langkirkju með háum turni upp af norðanverðum framstafni í þeim stíl, sem kenndur hefur verið við norræna-ítalska rómantik. Framkvæmdir



hófust vorið 1915 og var kirkjan vígð 31. október sama ár, þótt innra frágangi hennar væri ekki að fullu lokið. Að byggingu kirkjunnar unnu Páll Friðriksson (1876-1935), steinsmiður á Sauðárkróki, og Einar J. Pálsson (1856-1929), trésmíðameistari í Reykjavík, ásamt syni hans, Páli Óskari Einarssyni (1891-1969) trésmíðameistara og fleiri mönnum. Var innansmíði og málun fyrst endanlega lokið í nóvember 1917.¹⁷³


Grunnmynd Undirfellskirkju í mkv. 1:100. Mælt og teiknað af Þorsteini Gunnarssyni arkitekt. (Kirkjur Íslands VIII, s. 237.)

Við byggingu kirkjunnar var vikið verulega frá uppdráttum Rögnvalds Ólafssonar, bæði með því að hún var styttr og mjókuð og sleppt kjallara, þar sem átti að vera samkomuhús og skóli sveitarinnar.

¹⁷² Sveinn Níelsson (1950), s. 226-227; Bjarni Jónasson (1971), s. 107-111; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 46-47 og 226-230.

¹⁷³ *Kirkjur Íslands VIII*, s. 228-234; <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/563>.

Kirkjan er steinsteypt, $8,33 \times 6,96$ m að utanmáli, með ferstrendum turni í norðvesturhorni, $2,5 \times 2,5$ m að grunnfleti og um 13 m háum. Kirkjubakið er krossreist, en brotið toppþak á turni. Nákvæm lýsing Þorsteins Gunnarssonar arkitekts á kirkjunni, jafnt ytri sem innri gerð hennar, ásamt byggingar- og viðhaldssögu, er birt í ritinu *Kirkjur Íslands VIII*, s. 228-248. „Frumkvæði að endurbótum kirkjunnar höfðu þeir Hallgrímur Guðjónsson í Hvammi, formaður sóknarnefndar, og séra Árni Sigurðsson sóknarprestur. Þorsteinn Gunnarsson sá um endurgervingu. Þór Benediktsson sagði fyrir um viðgerð, en yfirsniður var Einar Evensen, múrverkannaðist Jón Kr. Jónsson og málun Ingvi Þór Guðjónsson. Vinna við endurbætur hófst 1984“ og lauk árið eftir.¹⁷⁴



Framstafn og þverskurður í mkv. 1:100. Mælt og teiknað af Þorsteini Gunnarssyni arkitekt. (*Kirkjur Íslands VIII*, s. 238 og 239.)

Eins og nú stendur er ásigkomulag kirkjunnar engan veginn ásættanlegt. Veldur því einkum fjáskortur sóknarinnar til þess að standa undir nauðsynlegu og reglubundnu viðhaldi, auk þess sem kirkjan



hefur jafnan verið lítið upphituð. Í kirkjunni er því stöðugur raki, sem orsakað hefur málningarskemmdir á útveggjum og víðar. Meðal annars eru stórir rakaflekkir í öllum hornum, timburverk er fúíð, þar sem einkanlega sér á listum (römmum) umhverfis reiti í hvelfingu og á listum sem aðskilja vegg og loft.¹⁷⁵

Horft inn framkirkju í kór, sem eru í sama rými undir samfeldri hvelfingu. Hún er reituð með strikuðum römmum og skreytt stjörnum úr gífsi. (*Ljós. Guðmundur Ingólfsson / Kirkjur Íslands VIII*, s. 243.)

¹⁷⁴ Hörður Ágústsson (2000 II), s. 127.

¹⁷⁵ Heim. Gróa M. Lárusdóttir 4. febr. 2019.



Undirfellskirkja á óvissum tíma. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Undirfellskirkja sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Undirfellskirkja – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1915
 Fyrsti eigandi: Undirfellskirkjusöfnuður
 Hönnuður: Rögnvaldur Á. Ólafsson
 Yfirmiðir: Páll Friðriksson / Einar J. Pálsson

Upphafleg notkun: Kirkja
 Núverandi notkun: Kirkja

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypa	Óbreytt
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt
Þakgerð:	Mænis-/toppþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Sökkull:	Steinsteyptur	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Kirkjuskip	
	Turn	

Helstu einkenni/breytingar
 Gagngerar endurbætur voru gerðar á kirkjunni 1984-1985.

Nýtt járn var sett á kirkjupakið 1998.

Langkirkja með háum turni.
 8,33 × 6,96 m.
 2,5 × 2,5 × 13 m.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Hátt
 Menningarsögulegt gildi: Hátt
 Umhverfisgildi: Hátt
 Upprunalegt gildi: Hátt
 Tæknilegt ástand: Lélegt
Varðveislugildi: Hátt
Niðurstaða varðveislumats:

Langkirkja með háum turni upp af norðanverðum framstafni í þeim byggingarstíl, sem kenndur er við norræna-ítalska rómantik. Steinsteypkirkja teiknuð af Rögnvaldi Á. Ólafssyni og byggð af landskunnnum smiðum, Páli Friðrikssyni og Einari J. Pálssyni. Reisuleg kirkja á annars eyðilegum kirkjustað. Kirkjan heldur upprunalegri gerð í öllum meginatriðum. Kirkjan er í fremur lélegu ásigkomulagi vegna ónógs viðhalds. Kirkjan hefur mikið varðveislugild vegna ofan nefndra þátta. Kirkjan var fyrst friðuð 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og er nú friðuð skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

3.1.17 Nautabú


Staðhættir og saga

Jörðinni Undirfelli var skipt til helminga 1944 og næstu þrjú ár (1944-1947) leigðu hjónin Jóhannes Magnússon (1919-2002) og Sveinbjörg Ágústsdóttir (1914-2000) jarðarpartinn til búskapar.¹⁷⁶ Árið 1949 var stofnað nýbýlið Nautabú á háflendunni af Jóni Hannessyni (1927-2002) frá Undirfelli, síðar framkvæmda- og steypustöðvarstjóra á Blönduósi. Hann ræktaði tún og byggði íbúðar- og peningshús á árunum 1950-1953, miðja veginni milli Undirfells og Kornsár, austan við Vatnsdalsveg vestari. Hann bjó þar 1951-1952, síðan Ívar Níelsson (1912-1999) og Guðrún Sigfúsdóttir (1924-2016) frá 1952 til 1962, Bjarni Hannesson frá 1962 til 1967 og Sigurður Ingi Þorbjörnsson (1945-) og Erla Bergþórsdóttir



(1941-2003) frá 1967 til 1974, er jörðin féll úr ábúð í tvö ár. Næstu ábúendur á Nautabúi voru Helgi Ingólfsson (1937-) og Helga Sigfúsdóttir (1951-), sem bjuggu þar frá 1976 til 1985, síðan Eggert Helgason frá 1986 til 1989 og að síðustu Helgi Haukdal Jónsson frá 1989 til 1994, þar af síðustu tvö árin í vegavinnuskúr eftir bruna íbúðarhússins á jólaföstu 1992. Jörðin hefur verið í eyði frá 1994. Hún er í eigu barna Ástu S. Magnúsdóttur (d. 2018) og Jóns Hannessonar.¹⁷⁷

Steinhúsið á Nautabúi um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Til vinstri: Húsið nýlega klætt að utan 1988. Til hægri: Yfirgefið íbúðarhús sumarið 2015. (Ljósmynd. Dagur 29. okt. 1988 / Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús

Árið 1950 hóf Jón Hannesson byggingu á steinsteyptu íbúðarhúsi, en frágangi þess var ekki lokið fyrir en 1953. Ókunnugt er um hönnuð hússins, en yfirmiður þess var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.).¹⁷⁸ Húsið er 7,90 m á breidd og 10,0 m á lengd, veggshæð 3,0 m og rishæð 3,0 m. Það telst því vera 79 m² og 334 m³ að stærð. Húsið er einlyft með portbyggðu risi og krossreistu mænisþaki, sem upphaflega var asbestklætt, en síðan klætt bárujárn. Hinn 23. nóv.

¹⁷⁶ *Morgunblaðið* 91. árg., 288. tbl., 24. okt. 2003, s. 8.

¹⁷⁷ *Húnaþing II*, s. 348; *Húnavaka* 43. árg. 2003, s. 172; 44. árg. 2004, s. 142-143; *Dagur* 71. árg., 206. tbl., 29. okt. 1988, s. 9-10; *Heim*. Hannes Jónsson 26. febr. 2019.

¹⁷⁸ Í skjalasafni Teiknistofu landbúnaðarins er vísað til teikningar nr. 966, sem að líkindum var send Jóni Hannessyni til skoðunar, en húsið var þó ekki byggt eftir þeim uppdætti. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/213; 2005 BB/20. Heimild er fyrir því, að teikning að húsinu hafi verið gerð eftir teikningu af dönskum herragarði með U-laga formi, þar sem núverandi hús skyldi mynda einn af þremur hlutum húsaþyrpingar. Hafi það auk þess verið teiknað með kvistum og inngangskúr á austurhlíð. *Heim*. Hannes Jónsson 26. febr. 2019, skv. frásögn föður hans.

1950 staðfesti hreppstjóri, að húsið væri fokhelt og réttu ári síðar gaf Kristján Gunnarsson byggingameistari út svofellt vottorð:

Hjer með vottast að nýbýlið Nautabú, sem er byggt á hálfu Undirfelli í Vatnsdal, er fullgert að utan og komið vel á veg að innan, svo sem alt stopp á útveggi og klæðning neðan á loftbita. Hitalögn og vatns-lögn er verið að ganga frá nú sem stendur og verður því verki lokið innan skamms. Þess má enn frekar geta, að mest alt efni er fyrirbyggjandi á staðnum til að ljúka verkinu.¹⁷⁹

Hinn 8. janúar 1953 gekk Hannes Pálsson frá Undirfelli frá svohljóðandi byggingarvottorði vegna afgreiðslu byggingarláns:

Búið að ganga frá húsinu að utan. Stofuhæð frágengin nema eftir að mála eldhús, forstofu, hæð og WC. Tvær stofur með „betræk“. Eftir að setja fyrirhuguð skilrúm í forstofu og ganga frá baðherbergi og hreinlætistækjum. Frárennsli lagt frá húsinu. Rishæð ófrágengin. Að húsinu hefur verið lögð 320 m löng vatnsleiðsla. Miðstöðvarlögn er komin og eldhús og 2 stofur dúkklagðar.¹⁸⁰

Árið 1988 var húsið klætt að utan með lóðréttri timburklæðningu, en húsinu að öðru leyti ekkert breytt. Hinn 15. desember 1992 kom upp eldur í húsinu. Helmingur þess slapp að mestu við eldinn, en hinn hluti þess skemmdist mikið, svo að húsið hefur verið óíbúðarhæft síðan¹⁸¹ og var þannig lýst árið 2013 í ritinu *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 127:

Það er klætt með heillegri lóðréttri viðarklæðningu. Þakið er mænisþak og er járnklæðning þess heilleg. Húsið brann á sínum tíma og er illa farið að innan. Það lítur vel út að utan og lítil merki sjást um brunann, en aðeins má greina þau við útidyr. Eftir brunann var neglt fyrir alla glugga og enn er neglt fyrir þá nema á austurhlið. Þar eru þrír heilir gluggar, af þeim tveir glerjaðir. Ef til vill hafa þeir verið settir í eftir bruna. Í aðra glugga vantar karma, fög og gler. Útidyr eru á miðri framhlið sem snýr í vestur. Útihurð er heil en neglt er fyrir þar sem hefur verið rúða. [...] Húsið lítur ágætlega út að utan en ekki er víst að viðgerð borgi sig.¹⁸²



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1950-1953
Fyrsti eigandi: Jón Hannesson
Hönnun: Óþekkt
Yfirsmiður: Kristján Gunnarsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Autt og yfirgefið frá 1992.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/timbur	Útveggir voru klæddir að utan með lóðréttri viðarklæðningu 1988. Húsið skemmdist illa í bruna á aðventu 1992.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Asbest	Bárujárn	

¹⁷⁹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/213.

¹⁸⁰ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/213.

¹⁸¹ *Dagblaðið – Vísir* 82. og 18. árg., 292. tbl., 21. des. 1992, s. 23; 83. og 19. árg., 158. tbl., 16. júlí 1993, s. 3, og 175. tbl., 7. ágúst 1993, s. 2; 84. og 20. árg., 36. tbl., 12. febr. 1994; *Dagur* 75. árg., 241. tbl., 17. des. 1992, s. 16.

¹⁸² *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 127.

Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portbyggt ris	Óbreytt	
	Stærð		7,9 × 10 m / 79 m ² og 334 m ³ .
	Reykháfur	Horfinn	
	Gluggar	Breyttir	Gluggar eru ónýtir eftir brunann og er neglt fyrir þá flesta.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefðbundið og látlaust steinsteypuhús með mænispaki.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Sögulítið íbúðarhús, tæplega 70 ára gamalt.
Umhverfisgildi:	Lágt	Stakstætt hús á bersvæði og eyðijörð.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er gjörbreytt frá upprunalegri gerð og ásýnd.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er í slæmu ásigkomulagi eftir húsbrunann.
Varðveislugildi:	Lágt	Hefur afar lítið varðveislugildi.
Niðurstaða varðveislumats:		Hafa þarf upp á upphaflegum teikningum að húsinu, en ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins.

3.1.18 Kornsó

Staðhættir og saga

Jörðin er fornt höfuðból og þar reistu fyrst bú á landnáms tíð Hallormur austmaður og Þórdís, dóttir



Ingimundar gamla á Hofi. Sonur þeirra var Þorgrímur Kornsógoði, faðir Þorkels kröflu, sem tók við héraðsstjórn eftir hann. Á Kornsó var bænhús á miðöldum. Undirlendi jarðarinnar er mikið, en bæjarstæðið er á sléttri grund, nokkuð neðan brekkna, rétt norðan við Kornsóna. Neðan þjóðvegarins er náttúruvættið Kattarauga, lítil og sérstæð tjörn, þar sem risastórir torfhnausar fjóta um eftir vindum.¹⁸³

Túnakort Kornsó 1918. Hannes Jónsson. Heimreiðin liggur að timburhúsinu, sem stendur við gamla torfbæinn, neðst á uppdrættinum.



Á Kornsó var sýslumannssetur frá 1877 til 1898, fyrst í tíð Lárusar Blöndal (1836-1894) og konu hans Kristínar Ásgeirsdóttur Blöndal (1838-1919) frá 1877 til 1894, síðan Jóhannesar Jóhannessonar (1866-1950) og Jósefínu L. Blöndal (1878-1944) frá 1894 til 1897, og að síðustu í tíð Gísla Ísleifssonar (1868-1932) frá 1897 til 1898, er hann flutti aðsetur sitt á Blönduós.

Kornsó 1897. Vatnslitamynd W. G. Collingwood. (Fegurð Íslands og fornir sögustaðir, s. 249.)



Neðri mynd: Kornsórhúsið sumarið 1897. (Ljósmynd W. G. Collingwood / Þjms. Lpr-2457.)

Ábúendur á Kornsó frá 1899 voru hjónin Ingunn Jónsdóttir (1855-1947) rithöfundur og Björn Sigfússon (1849-1932) alþingismaður, sem bjuggu þar til æviloka. Frá 1914 var tvíbýli á jörðinni, en þá hófu búskap Runólfur sonur þeirra (1887-1963) og fyrri kona hans, Alma J. Möller (1890-1959). Hafði Runólfur verið bústjóri hjá foreldrum sínum frá 1909. Hann bjó á Kornsó til 1962, en seinni kona hans var Sigríður Lárusdóttir (1908-1996).¹⁸⁴

Árið 1958¹⁸⁵ var nýbýlið Kornsó II byggt á 3/10 hluta úr jörðinni. Árið 1962 keyptu Kornsó I hjónin Kristín Hjálmsdóttir (1925-1988) og Gestur Guðmundsson (1916-2009), sem bjuggu þar síðan. Þau byggðu nýtt íbúðarhús á jörðinni 1979 í félagi við son sinn og tengdadóttur,¹⁸⁶ en búsetu í gamla húsinu lauk árið 1981. Núverandi ábúendur á Kornsó I eru Birgir Gestsson og Þórunn Ragnarsdóttir, en á

¹⁸³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 262-265; *Húnaþing II*, s. 349; Jón Torfason (2007), s. 38.

¹⁸⁴ *Tíminn* 16. árg., 46. tbl., 22. okt. 1932, s. 174; *Morgunblaðið* 34. árg., 15. tbl., 19. jan. 1947, s. 7.

¹⁸⁵ Nýbýlið var stofnað 1940, skv. *Vatnsdalsá. Vatnsdalur – Þing*, s. 184, en skv. virðingargjörð 24. sept. 1961 var íbúðarhúsið byggt 1959-1960, sbr. *ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins* 2005 A/173.

¹⁸⁶ *Tíminn* 14. maí 1988, s. 24; *Morgunblaðið* 14. maí 1988, s. 45.

Kornsá II býr Sigurður Ingi Þorbjörnsson, sem búið hefur þar frá 1977 ásamt konu sinni, Erlu Bergþórsdóttur, sem lést 2003.

Skömmu eftir aldamótin 1900 var byggt rjórabú á Kornsá, „suður á eyrunum á merkjunum við Undirfell. Grunnur og gólf var úr steypu og sjálfsagt grjóthlað undir, en húsið sjálft úr timbri“. Þetta mannvirki var í skammri notkun og munu leifar þess vera löngu horfnar undir þjóðveginn.¹⁸⁷

Íbúðarhús

Fyrstu timburhúsin, sem byggð voru til sveita á 19. öld, voru að jafnaði reist á bæjarhlaði, framan við gömlu torfbæina.¹⁸⁸ Þannig háttaði til á Kornsá, þar sem nýtt timburhús var byggt frístandandi, fast framan (austan) við gamla torfbæinn. Hann stóð að miklu leyti fram yfir miðja 20. öld og samanstóð m.a. af portbyggðri baðstofu, hlóðaeldhúsi, eldiviðargeymslu, skemmu, smíðju og hjalli. Þessara húsa getur í fasteignaukttekjum frá 1916, 1930 og 1940, en þá stóð ennþá gamla baðstofan, sögð portbyggð með lofti og einu skilrúmi (sjá síðar). Ólíklega var þó búið í bænum síðustu 2-3 áratugina, því að þannig var aðstæðum lýst um 1920: „Leifar af gömlum bæ stóðu vestan við gamla íbúðarhúsið og voru notaðar sem geymsla og jafnvel fyrir skepnur. Man ég aðeins eftir því að komið var upp leik-sýningu í þessari gömlu byggingu og enginn vafi á að fólkið skemmti sér þrýðilega.“¹⁸⁹



Kornsárhúsið um 1890 í embættistíð Lárusar Blöndal sýslumanns. (Ljósmynd Arnór Egilsson. Páll V.G. Kolka (1950), s. 263.)

Timburhúsið á Kornsá, sem Lárus Blöndal sýslumaður lét byggja, er fyrsta altimbraða íbúðarhúsið, sem vitað er til að reist hafi verið í núverandi Húnavatnshreppi á 19. öld. Það er um leið elsta varðveitta íbúðarhúsið í hreppnum, en á Blönduósi var fyrsta timburíbúðarhúsið byggt 1877 (brann 1913). Í ýmsum heimildum er byggingarár Kornsárhússins ranglega talið 1885 og að smíði þess hafi staðið yfir á árunum 1883-1885.¹⁹⁰ Hið rétta er, að smíði þess hófst 1879 og henni lauk 1881.¹⁹¹ Síðsumars það ár bar þar að garði Englendinginn John Coles og varð hann þá vitni að framkvæmdum. Í ferðalýs-

¹⁸⁷ Jón Torfason (2006).

¹⁸⁸ Hörður Ágústsson (2000 I), s. 99.

¹⁸⁹ Grímur Gíslason (1999), s. 111.

¹⁹⁰ Sjá t.d. *Húnaþing* II, s. 349; *Kirkjur Íslands* VII, s. 177.

¹⁹¹ *Heim*. Skúli Thoroddsen 18. mars 2019. Í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 er byggingarár þess skráð 1879 og jafnframt í skoðunargerð Þorsteins Gunnarssonar arkitekts (*Ópr. heim. Mí*. Þorsteinn Gunnarsson (1992), s. 1). Í fasteignamati 1916/18 var húsið talið 38 ára gamalt og samkvæmt því byggt 1878-1880. Í skýrslu ábúanda, Gests Guðmundssonar, dags. 15. nóv. 1973, var húsið hins vegar talið byggt 1883. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/173.

ingu sinni sagði hann frá því, að þá hefði Lárus sýslumaður „nærri lokið við að reisa snoturt tveggja hæða hús með frönskum gluggum og zink-paki. Zoëga [fylgdarmaðurinn] hristi höfuðið, þegar ég



spurði hann hvernig honum litist á húsið og lét í ljós þá skoðun, að sýslumaðurinn mundi verða feginn að flytja aftur í gamla bæinn í vetur, því að kalt mundi verða í nýja húsinu.”¹⁹²

Kornsárhúsið um 1940, gamli torfbærinn og útihús að húsabaki, en íbúðarhús Runólfs Björnssonar fast norðan við timburhúsið. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 997.)

Fylgdarmaðurinn reyndist ekki sannspár, því að búið var samfellt í húsinu næstu 100 árin. Heimildir eru um 3-4 trésmiði, sem komu að smíði hússins. Fyrst er að nefna bræðurna Björn (1857-1918) og Jón (1859-1926) Jóhannssyni, sem voru kunnir trésmiðir á sinni tíð.¹⁹³ Að sögn unnu þeir báðir að smíði hússins á Kornsa¹⁹⁴ og víst er að þangað kom Björn frá Akureyri 1880 og var þar til heimilis 1880-1881. Auk hans voru þar skráðir við manntal haustið 1880 Árni Hallgrímsson (1830-1891), snikkari frá Steinsstöðum í Öxnadal, og Kristján Halldórsson (1855-1926) „smíðapiltur“, síðar (frá 1885) trésmiður og veitingamaður á Blönduósi. Árni vann þá einnig að smíði Svínavatnskirkju (sjá kafla 3.4.1), en starfaði síðar sem trésmiður á Blönduósi og lést þar.



Kornsárhúsið um 1960 (efri mynd) og um 1975. (Ljósmynda-safn A-Hún.)

Um eða skömmu eftir fyrri heimsstyrjöld (sennilega árið 1921), byggði Runólfur Björnsson viðbyggingu með skúrþaki við norðurstafn hússins,¹⁹⁵ þar sem var íbúð þeirra Ölmur, „en ítök höfðu þau jafnframt í gamla húsinu“.¹⁹⁶ Húsinu var lýst í fasteignamati 1930. Nefndist þá járnvarinn „íbúðarskúr úr timbri 8,80 x 4,40 m með kjallara“. Húsinu var lýst nánar 1940 og nefnt „skúr af timbri“ á steinsteyptum kjallara (sjá síðar). Búið var í húsinu til ársins 1981, en það

var að síðustu rífið, þegar endurgerving timburhússins hófst árið 2000.¹⁹⁷

¹⁹² Coles, John (1966), s. 178; Jón Torfason (2007), s. 38. Húsið var „gert úr völdum viði (rauðavið, sem seint fúnar)“, sbr. *Tíminn* 61. árg., 292. tbl., 31. des. 1977, s. 8.

¹⁹³ Björn og Jón voru fæddir í Köldukinn í Suður-Þingeyjarsýslu, en ólust að nokkru leyti upp hjá afabróður sínum, séra Jóni Kristjánssyni á Breiðabólstað í Vesturhópi. Jón vann við smíði Vesturhópsbólakirkju 1877-1878, en síðar Kirkjuhvammskirkju 1882 og Ljósavatnskirkju 1891-1892 ásamt bróður sínum. Jón bjó í fyrstu á Kistu í Vesturhópi, en frá 1888 í Holtakoti og víðar í Köldukinn. Björn var lengi bóndi á Ljósavatni, en síðar húsamiður á Akureyri og umsjónarmaður við Gagnfræðaskólann. Sjá m.a. *Kirkjur Íslands* VII, s. 177-178 og 266.

¹⁹⁴ *Kirkjur Íslands* VII, s. 177-178.

¹⁹⁵ *Tíminn* 61. árg., 292. tbl., 31. des. 1977, s. 8.

¹⁹⁶ Grímur Gíslason (1999), s. 111; *Ættir Austur-Húnvetninga* III, s. 973.

¹⁹⁷ *Morgunblaðið* 92. árg., 9. ágúst 2004 (C-blað), s. 51.

Árið 1916 var bæjar- og útihúsum á Kornsa þannig lýst: „Íbúðarhús úr timbri með kvisti og kjallara, 12 × 18 álnir, einlyft með járnþaki og pappakl[æddum] útveggjum. 38 ára. Vatnsveita til húss og skolp-veita til safnþró. Húsið vel endurbætt og vel við haldið. Ennfremur gömul *portbygð baðstofa, skemma* og *haughús* með járnþaki, *salerni* og *þurkhjallur* úr timbri. Fénaðarhús [...] flest stæðileg torfhús, en 2 af þeim steinsteypt með járnþaki, fjárbaðkeri, steiptum garða, er taka 180 fjár. [...] Vatnsból gott, steinsteyptur brunnur með 250 langri vatnsveitu til íbúðarhúss og vatnsdæla þar.“



Baksvipur Kornsarhússins 1983. Við norðurstafn er viðbygging Runólfs Björnssonar frá 1921 og fyrir miðri austurhlíð er lítil bakdyraskúr með mænispaki, sem trúlega var reistur fljótlega eftir byggingu hússins sbr. ljósmynd Collingwoods frá 1897. (Ljós. Þór Magnússon / Þjms. ÞM-7688 og 7689.)



Árið 1930 voru aðstæður þessar: „Íbúðarhús úr timbri, járnvarið, 11,50 × 7,55 m. Ein hæð með grjóthlöðnum kjallara, loft með kvisti. *Íbúðar-skúr* úr timbri 8,80 × 4,40 m með kjallara, járnvarinn [þ.e. íbúð Runólfs og Ölm]. Önnur bæjarhús: *Gamall bær, skemma, smiðja* og *hjallur*.“ Ennfremur voru á jörðinni hesthús, fjárhús og hlöður, sem steinsteypt voru að hluta.

Kornsarhúsið í júlí 1985. (Ljós. Þorsteinn Gunnarsson.)



Árið 1940 var bæjarhúsum lýst á þennan máta: „Íbúðarhús af timbri 11,1 × 7,6 m. Vegg hæð frá kjallara 2,8 m. Gólfhæð 2,6 m. 5 herbergi og forstofa, öll veggfóðruð og máluð. Á lofti 6 herbergi og stigagangur, af þeim er eitt kvistherbergi, öll máluð og veggfóðruð. Kjallari grjóthlaðinn, slétt að að utan og að nokkru að innan með steinlími. Vegg hæð 2,2 m. Herbergi 5, skilrúm af timbri. Gólf yfir kjallara einfalt. Efra gólf tvöfalt. Útveggir járnvarðir. Þak með súð, pappa og járn. *Skúr af timbri* [þ.e. íbúð Runólfs og Ölm], járnvarinn við norðurstafn, 9×4 m. Gólfhæðin 2,2 m. Herbergi

3, veggfóðruð og máluð. Þak með súð, pappa og járn. Kjallari steiptur, eitt skilrúm steipt, hæð 2,2 m. Hús og viðbygging upphitað frá miðstöð. Vatnsleiðsla frá dælu. Skolpleiðsla. Önnur bæjarhús: *Skemma* 80 m³, þilstafn. *Eldhús* 25 m³, járn undir torfi. *Eldviðargeymsla* 24,5 m³. Gömul *baðstofa* með porti, loft, eitt skilrúm. *Smiðja* 5 × 2,5 × 2,2 m = 17,5 m³. *Hjallur* 5 × 3,5 m.“

Sem fyrr segir var hætt að búa í húsinu árið 1981. Vöknuðu þá ýmsar hugmyndir um varðveislu þess til frambúðar. Húseigendur voru hins vegar mótfallnir því að gert yrði við húsið á staðnum og vildu

annaðhvort láta fjarlægja það eða rífa. Kom þá til tals að flytja húsið á Blönduós og gera það upp sem prestsbústað í gamla bæjarkjarnanum. Sú lausn til að tryggja varðveislu og framtíð hússins var síðan á dagskrá um mörg næstu ár.¹⁹⁸ Fyrir tilstuðlan þáverandi þjóðminjavarðar, Þórs Magnússonar, og séra Árna Sigurðssonar á Blönduósi var Þorsteinn Gunnarsson arkitekt kvaddur til að gera lauslega skoðun á húsinu í júlí 1985. Samdi hann þá frumdrög að lýsingu og lagði fram hugmyndir að endurbótum, en endanleg skoðunargerð var frágengin í ágúst 1992.¹⁹⁹ Lýsing Þorsteins á gerð og ásigkomulagi hússins var svohljóðandi:



Aðaldyr hússins, inngangsskúr við bakhlíð og stigi upp á loftið. (Ljós. Þorsteinn Gunnarsson, júlí 1985.)

Húsið er einlyft timburhús, upp. 8 × 12 m að grunnfleti án viðbyggingar og skúrs. Það stendur á steinhlöðnum háum sökkli og er með háu risi, 45° þakhalli. Húsið er vel viðað og vandað að gerð, í öndverðu var það klætt yfirlistaðri reisifjöli á hliðum, en er nú allt bárujárnsklætt. Ef undan er skilin viðbygging við norðurgafli virðist húsið hafa haldið upprunalegri gerð sinni að mestu.




Stigahandrið á framlofti, gamalt spjaldþil og veggfóður. (Ljós. Þorsteinn Gunnarsson, júlí 1985.)

Aðaldyr eru á miðri austurhliðinni. Framan við þær eru útitröppur úr timbri með þremur þrepum og palli. Á pallinum er veigalítið handrið, ekki gamalt. Dyraumbúnaður er fallegur og krýndur með gaflhyrnu. Útihurðin er ekki upprunaleg,²⁰⁰ en yfir henni er lítill sex-rúðu gluggi. Bakdyr eru á miðri vesturhliðinni og skúr með risþaki framan við þær. Fjórir sex-rúðu gluggar eru á hvorri hlið og á suðurstafni þrír gluggar af sömu gerð og þrír litlir gluggar með fjórum rúðum hver. Nokkrir vetrargluggar eru á húsinu. Þá er stór kvistur með tveimur gluggum á miðri austurhliðinni og tígullaga ljóri efst, en lítill kvistur með einum glugga á vesturþekjunni gegnt aðalstiga.

¹⁹⁸ Heim. Hjörleifur Stefánsson 23. jan. 2019; Blönduós. Gamli bærin og Klifamýri. Verndarsvæði í byggð, s. 176.

¹⁹⁹ Ópr. heim. Mí. Þorsteinn Gunnarsson (1992). Húsið á Kornsa. Skoðunargerð júlí 1985. Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, ágúst 1992; Hörður Ágústsson (2000 II), s. 133.

²⁰⁰ Að mati Skúla Thoroddsen er útihurðin upprunaleg smíði og allur umbúnaður um hana.



Suðvestur- og norðausturhlíðar hússins ásamt suðurgafli í maí 1989. Mælt og teiknað af arkitektunum Hjörleifi Stefánssyni og Guðrúnu Guðmundsdóttur. (Minjastofnun Íslands.)




Við norðurgaflinn er viðbygging úr timbri með skúrþaki sem hallar til norðurs. Hún er breiðari en gamla húsið og byggð jafnlangt til austurs en lengra til vesturs, og hallar þakinu þar að hluta til suðurs.

[...] Sökkullinn er steinhlaðinn og kalklímdur, múrhúðaður að innan en hefur í öndverðu staðið með sýnilegri hleðslu að utan og grófsléttaður með múr á milli steina. Nú er hann hins vegar allur múrhúðaður að utan með sementsmúr.

Kjallari er undir öllu húsinu með sæmilegri lofthæð og góðum fjögurrarúðu gluggum austan og sunnan. Jarðlag hefur hækkað kringum allt húsið frá því sem það var í öndverðu en þá var hæð á sökkli að austan um 70-80 cm.

[...] Í miðju húsi austanverðu er forstofa með velsmíðuðum stiga upp á efri hæð. Frágangur á stigahandriði er athyglisverður. Á hæðinni eru norðurherbergi og tvö suðurherbergi. Þau síðarnefndu voru aflæst og ekki skoðuð. Þá er herbergi aftan við forstofu og bakstigi upp á efri hæð í norðvesturhorni hússins. Alls staðar er klætt undir bita, en lofthæðin er góð. Innansmíðin er að mestu leyti upprunaleg með spjaldþili að neðan og gömlum óhreyfðum þiljum undir veggfóðri að ofan. Öll gólfborð eru gömul, en í bakherbergi hefur verið steypt ofan á gömlu borðin.



Á efri hæðinni er stórt kvistherbergi í miðju húsi austanverðu, tvö væn herbergi hvort í sínum enda og fjögur lítil súðarherbergi. Þá er þiljað framloft með stiga og gömlum skápum undir súð í miðju húsi vestanverðu. Yfir öllu húsi er manngengt geymsluloft.²⁰¹



Grunnmynd af kjallara gamla hússins og viðbyggingar (t.h.) í maí 1989. Til hægri er viðbygging Runólfs Björnssonar frá 1921. Mælt og teiknað af arkitektunum Hjörleifi Stefánssyni og Guðrúnu Guðmundsdóttur. (Minjastofnun Íslands.)

²⁰¹ Ópr. heim. Mí. Þorsteinn Gunnarsson (1992), s. 1-5.

Niðurstaða Þorsteins um varðveislugildi hússins var ótvíræð: „Húsið hefur bæði menningarsögulegt og listrænt gildi og er gott dæmi um veglegt íbúðarhús í sveit frá seinni hluta 19. aldar. Það er lítið breytt frá upprunalegri gerð og tæknilegt ástand þess er þokkalegt, þó að það hafi látið á sjá á undanförunum fjórum árum.“ Tillögur Þorsteins um endurbætur á húsinu verða ekki raktar hér, en með þeim var lagður grunnur að þeirri endurgerð hússins, sem síðar var ráðist í.




Grunnmynd stofuhæðar og viðbyggingar (efri mynd) og grunnmynd rishæðar. Mælt og teiknað af arkitektunum Hjörleifi Stefánssyni og Guðrúnu Guðmundsdóttur í maí 1989. (Minjastofnun Íslands.)

Fjórum árum síðar, eða í maí 1989, voru ennþá vakandi ráðagerðir um flutning hússins á Blönduós. Var Hjörleifur Stefánsson arkitekt því fenginn til að mæla og teikna húsið. Það var þáttur í björgun þess frá tortímingu og endurbyggingu á öðrum stað. Meðfylgjandi teikningar Hjörleifs sýna annars

vegar ásigkomulag hússins á þessum tíma og hins vegar ásýnd þess að viðgerð lokinni í upphaflegu formi skv. tillögum Hjörleifs á endurgervingu þess.²⁰²



Útlitsmyndir af Kornsárhúsinu eftir endurgervingu þess skv. tillögum Hjörleifs Stefánssonar í maí 1989. (Minjastofnun Íslands.)



Eins og lýst er hér að framan er Kornsárhúsið einlyft timburhús með grjóthlöðnum kjallara, portlausu risi og krossreistu þaki með stórum kvisti, sem gengur upp af suðvesturhlið og öðrum litlum að norðaustanverðu. Húsið er 7,70 m að breidd og 11,42 m á lengd að utanmáli, en mælist nú 124,8 m² og 572 m³ að stærð. Það er af svonefndri „dansk-íslenskugerð yngri“, skv. flokkun Harðar Ágústssonar, eins og hús-

ið á Hjallalandi í Vatnsdal.²⁰³ Útveggir voru upphaflega klæddir lóðréttri timburklæðningu, sem klædd var pappa árið 1916 og þakið járnvarið. Nokkru síðar var húsið klætt bárujárni og hélst það uns húsið var endurgert um og eftir síðustu aldamót.



Til vinstri: Kornsárhúsið 1999, en árið eftir hófst endurgerving þess. Norðan við það er viðbyggð skúrbygging Runólfs Björnssonar frá 1921. (Ljós. Margrét Ísaksdóttir / Morgunblaðið 9. ágúst 2004, s. 51.) Til hægri: Kornsárhúsið í ágústbyrjun 2004. (Ljós. Súsanna Svavarsdóttir / Morgunblaðið 9. ágúst 2004, s. 51.)

Húsið stóð mannlaut í mörg ár eftir að búsetu lauk í því 1981. Föluðust þó margir eftir kaupum á húsinu og horfið var frá flutningi þess á Blönduós. Varð því ekkert úr framkvæmdum fyrr en árið 1999, er hjónin Bryndís Karen Borgedóttir og Skúli Thoroddsen, húsasmíðameistari á Selfossi, - ásamt foreldrum hans, Guðmundi Hrafni og Elísabetu Thoroddsen, - fengu húsið til ráðstöfunar gegn því

²⁰² Teikningar Hjörleifs Stefánssonar eru í vörslu hans og Minjastofnunar Íslands.

²⁰³ Hörður Ágústsson (2000 II), s. 316 og 357.

skilyrði að gera það upp á staðnum. Hófust þau handa árið 2000 og unnu að endurgervingu þess næstu árin í samvinnu við Húsafriðunarnefnd og með fjárstuðningi Húsafriðunarsjóðs. Lauk endurgerð hússins að utanverðu árið 2005, en fimm árum síðar var endurgerð þess að fullu lokið, bæði að



utan og innan. Húsið var mjög illa farið af langvarandi niðurníðslu og viðhaldsleysi. Byrjað var á því að fjarlægja utan af því bárujárnsklæðningu og viðbygginguna við norðurstafn ásamt steinsteyptum reykháfi. Eins var fjarlægður grjóthlaðinn kjallari, sem var að miklu leyti hrunninn, og steypur í hans stað nýr sökkull, sem klæddur var með grjóthleðslu að utanverðu. Burðargrind hússins fyrir neðan glugga taldist „gjörónýtt“, en efri hluti hennar „var í sæmilegu standi“, svo að nýta mátti hana að mestu leyti. Þakið var endurnýjað, smíðaðir nýir gluggar af upprunalegri gerð og allt húsið klætt utan með borðaklæðningu í upphaflegum stíl.²⁰⁴



Kornsárhúsið í endurgerðri mynd sumarið 2015. Vestan við húsið er torfbyggð skemma, einangruð og upphituð og notuð sem áhaldahús og geymsla. (Ljós. Páll J. Línal.)



Endurgerð hússins að innan. (Ljós. Skúli Thoroddsen.)



Að innan er húsið að mestu leyti óbreytt á stofuhæð og í risi frá upprunalegri gerð, bæði að veggja- og herbergjaskipan. Kjallari er hins vegar nýr, eins og fyrr segir, og er að mestu einn opin salur. Allar innihurðir eru í upprunalegu formi og umbúnaður um þær að mestu, svo og gólfborð og veggjapiljur.

²⁰⁴ *Morgunblaðið* 92. árg., 9. ágúst 2004 (C-blað), s. 51.

Ennfremur eru spjaldþil, stigi, stigahandrið og skápar undir súð með upphaflegu sniði. Húsið er fullkomið heilsárshús og nýtt sem frístundahús árið um kring.²⁰⁵

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1879-1881	
Fyrstu eigendur:	Lárus Blöndal og Kristín Blöndal	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Forsmiður:	Björn Jóhannsson	Núverandi notkun: Heilsárs frístundahús.
Smiðir:	Björn Jóhannsson, Jón Jóhannsson, Árni Hallgrímsson og Kristján Halldórsson	
Úttekt 1985:	Þorsteinn Gunnarsson	
Uppmæling 1989:	Hjörleifur Stefánsson og Guðrún Guðmundsdóttir	
Endurgerving:	2000-2010	
Smiður:	Skúli Thoroddsen o.fl.	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur	Óbreytt	Húsið var endurgert að fullu á árunum 2000-2010, jafnt að utan sem innan, og þá m.a. rifin viðbygging við norðurgafli frá 1921.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Steyptur	Var upphaflega grjóthlaðinn, en steypur árið 2000. 11,5 × 7,6 m / 124,8 m ² - 572 m ³
	Stærð		
	Kvistir (2)	Óbreytt	
	Reykháfur	Óbreytt	Annar reykháfur við norðurgafli, sem tilheyrði viðbyggingunni, var fjarlægður árið 2000.
	Útitröppur	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Horfinn	Bakdyraskúr við austurhlið var fjarlægður árið 2000.
	Gluggar	Óbreytt	Eru margpósta með skreyti af upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Stílhreint og formfagurt timburhús af dansk-íslenskugerð yngri.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er 140 ára gamalt og elsta varðveitta íbúðarhúsið í Húnavatnshreppi, fyrrum sýslumannssetur og íbúðarhús í rúma öld.
Umhverfisgildi:	Hátt	Reisulegt hús, sem sómir sér þrýðilega í endurgerðri mynd.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Áhersla lögð á upprunaleg einkenni hússins við endurgervingu þess.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í sérstaklega góðu ásigkomulagi og umhirðu.
Varðveislugildi:	Hátt	Varðveislugildi hússins er afar mikið af fyrrnefndum ástæðum.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Horfin útihús

Ein hver fyrstu steinsteyptu úti- og gripahús, sem byggð voru í Húnavatnshreppi, voru reist af feðgunum Birni Sigfússyni og Runólfi Björnssyni á Kornsa árið 1912. Þeirra var getið í fasteignamati 1916-1918, eins og áður er nefnt. Um var að ræða tvö steinsteypt 180 kinda fjárhús með járnþaki, *fjárbaðkeri* og *steyptum garða*. Á bænum var einnig „*steinsteyptur brunnur* með 250 langri vatnsveitu til íbúðarhúss og vatnsdæla þar.“ Skv. virðingargjörð frá 24. sept. 1961 um húsakost á Kornsa II stóðu þá enn steinsteypt *fjárhús* fyrir 100 fjár („vel við haldið“) og 300 m³ *heyhlaða*. Þessi hús voru bæði byggð árið 1912. Á bænum var einnig steinsteypt *fjós* fyrir 9 kýr „í sambandi við fjárhús“ og lítið steinsteypt *mjólkurhús* (10 m²), en bæði þessi hús voru byggð 1950.²⁰⁶ Öll þessi hús eru vísast löngu horfin.


²⁰⁵ Heim. Skúli Thoroddsen 18. mars 2019.

²⁰⁶ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/173.

3.1.19 Gilsstaðir

Staðhættir og saga

Gilsstaðir eru næsta bújörð utan við Kornsó og voru í ábúð og eigu sömu ættar frá öndverðri 19. öld, en hafa verið í eyði frá 1982. Þar var bænhús á miðöldum, en elstu heimildir um jörðina eru frá 1379.



Bærinn stendur austan undir hálsi þeim, sem heldur að dalnum að vestanverðu. Skammt sunnan bæjarins, í hlíðarrótum við gamla veginn, er lítil upphækkun í landi, svonefnt Ingólfsleiði. Þar var að sögn heygður Ingólfur fagri Þorsteinsson, sem allar meyjar vildu með ganga.²⁰⁷

Túnakort Gilsstaða frá 1918. Hannes Jónsson.

Ábúendur á Gilsstöðum frá 1896 voru hjónin Jósefína Magnúsdóttir Blöndal (1872-1954) og Kristján L. Blöndal (1872-1941), sýslumannssonur frá Kornsó, og síðan börn þeirra, þar af lengst Emelía (1900-1973) og Magnús (1905-1985) frá 1954. Eftir lát Emelíu bjó Magnús einn síns liðs til 1982,²⁰⁸ er hann lét af búskap og fluttist á Blönduós.



Með því fór jörðin í eyði, en var þó nýtt áfram til slægna og hrossabæitar. Hún er í eigu Kristjáns Þorbjörnssonar á Blönduósi, en hann lét rífa íbúðarhúsið sumarið 2016.

Gilsstaðir fyrir 1938. Feðgarnir Magnús, Kristján Blöndal og Hjörleifur að slætti suðvestan við bæinn. Að baki þeim eru gamla framhúsið (t.v.) og steinhúsið frá 1924. Það var um tíma samkomustaður Vatnsdælinga, meðan ungmennafélag sveitarinnar átti þar athvarf fyrir fundi sína og skemmtanir. Voru þar m.a. haldnar leiksýningar. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 945.)

Horfin bæjarhús

Undir lok 19. aldar var „stór bær og fornlegur“ á Gilsstöðum²⁰⁹ og sagður með fjórum heilþiljum árið 1910. Bænum var þannig lýst 1916: „Stór, gamall portbyggður bær úr torfi og timbri, ásamt 2 skálum.“ Hinn portbyggði bær var bersýnilega svokallað framhús með timbruðu þili að bæjarhlaði (sjá ljósmynd). Árið 1938 rýmdi húsið fyrir steinsteyptri viðbyggingu, sem reist var vestan við steinhúsið frá 1924. Húsakynni á Gilsstöðum voru með þessu sniði um 1920, skv. upprifjun Gríms Gíslasonar, fyrrum bónda í Saurbæ:

Ekki var ég svo kunnugur að ég geti lýst bænum nema að baðstofan var portbyggð, svipað og í Grímstungu og var sofið uppi en stofa niðri í suðurendanum og eldhúsið norðan við. Var gengið úr því inn í stofuna sem var með timburstafni og gluggar voru til suðurs á báðum hæðum en auk þess voru þeir á vesturhlið byggingarinnar.²¹⁰

²⁰⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 265-266; *Húnaþing* II, s. 351; Jón Torfason (2007), s. 37-38; *Kirkjur Íslands* VIII, s. 226; *Eyðibýli á Íslandi* V, s. 128.

²⁰⁸ *Morgunblaðið* 6. des. 1941, s. 5; *Húnavaka* 14. árg. 1974, s. 153-154; 26. árg. 1986, s. 182-183; *Ættir Austur-Húnvetninga* III, s. 945-946.

²⁰⁹ Ágúst B. Jónsson (1970), s. 11.

²¹⁰ Grímur Gíslason (1999), s. 112.

Íbúðarhús – rífið 2016

Árið 1924 byggði Kristján Blöndal steinsteypt íbúðarhús, samsíða framhúsinu að austanverðu. Fékk hann „500 kr. lán úr sveitarsjóði með því skilyrði, að hann hefði stofuna svo stóra, að þar mætti halda sveitarfundi og skemmtanir, og þar hafði unga fólkið sæmilega aðstöðu allmörg ár. Sama lausn var höfð um skólastofu í Þórormstungu.“²¹¹ Yfirsmiður hússins var Jónas B. Bergmann (1876-1952), trésmiður á Marðarnúpi. Húsið var einlyft með kjallara og lágu portbyggðu risi. Aðalinngangur var að



vestanverðu, þ.e. úr frambænum fyrstu árin, en síðan úr áfastri viðbyggingu og geymsluhúsi, sem byggð voru austan- og norðanvert við húsið 1938 og 1948. Allt húsið var 95 m² að gólfleti og 287 m³.²¹² Húsum var þannig lýst 1930: „Torfbær gamall með viðbyggðu húsi úr steinsteypu, 7,20 × 4,10 m með kjallara og lofti, port 0,60 m. Þak járnavið að hálfu, ekki fullgert.“

Gilsstaðir um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)


Árið 1940 var húsaskipan þessi: „Íbúðarhús 7,7 × 4,4 m. Vegg hæð 3,3 m, rishæð 1,4 m. Kjallari: vegg-hæð 1,9 m. Útveggir steypdir. Í kjallara er eitt skilrúm af timbri. Á gólfhæð 3 herbergi og gangur. Á lofti 3 íbúðarherbergi. Útveggir á gólfhæð og lofti timburklæddir og stoppað bakvið. Herbergin öll veggfóðruð og máluð. Þak: súð, pappi, járn. Viðbyggt er 7,7 × 5 × 2,4 m. Veggir steypdir tvöfaldir með torftróði. Ein hæð, enginn kjallari, tvö herbergi, skilrúm steypd. Herbergin veggfóðruð og máluð. Þak er súð, pappi, járn og slegið neðan á þakbita, timb-urgólf. Múrpípa ein, vatnssalerni, miðstöðvarhitun frá katli, skolpleiðsla. Önnur bæjarhús: Geymsluhús 2,5 × 5,3 × 2,4 m, skúrris. Útveggir steypdir. Þak: járn á rimlum. Alþiljað er herbergi 3,6 × 3,1 m með tvöföldum innveggjum og þiljað og stoppað á einn útvegg, klætt innan á þakbita.“



Gilsstaðir sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Líndal.)

²¹¹ Ágúst B. Jónsson (1971), s. 33.

²¹² Húnaþing II, s. 351; Eyðibýli á Íslandi V, s. 128.



Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2015 voru þessi hús uppistandandi á Gilsstöðum: *Geymsla* frá 1924 (66,6 m²), og var þar átt við íbúðarhúsið, og *skúr* frá 1948 (29,7 m²), sem var áfast geymsluhús. Samkv. eldri úttektum og lýsingu í ritinu *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 128, voru upphaflega þessar vistarverur í húsinu: Í kjallara 2 herbergi, á stofuhæð 3 herbergi og gangur, í risi 3 íbúðarherbergi, í viðbyggingu (frá 1938) eldhús, herbergi og salerni, en í geymsluskúr (frá 1948) inngangur, herbergi og geymsla.

Gilsstaðir sumarið 2013. (Eyðibýli á Íslandi V, s. 128.)

Á kjallara voru tveir steinsteyptir gluggar (karmar og póstar) og sá þriðji úr steypujárni, en aðrir gluggar í húsinu voru úr timbri. Húsið var múrhúðað að utan með flúruðum þakköntum á elsta hluta, og á mótum hans og viðbyggingar var steinsteyptur reykþáfur. Sumarið 2013 var ástand hússins víða bágborið, m.a. voru trégólf sigin, gluggar fúnir og brestir komnir í múrhúðun, auk þess sem

geymsluhúsið var einungis tóft án glugga og þakjárns. Sunnan við húsið var vöxtulegur trjálundur, sem enn stendur. Öll útihús voru ennfremur horfin af jörðinni, sem þá hafði legið í eyði yfir 30 ár og aðeins verið nýtt til slægna og hrossabeitar.



Gilsstaðir sumarið 2015. (Ljósm. Páll J. Lindal.)

Sumarið 2015 óskaði eigandi hússins, Kristján Þorbjörnsson, eftir heimild skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps til að rífa íbúðarhúsið.²¹³ Nefndin fól Bjarna Þór Einarssyni, skipulags- og

²¹³ Heim. Kristján Þorbjörnsson 29. jan. 2019.

byggingarfullrúa, að kanna „hvort ástæða sé til að vernda húsið sem eitt af elstu húsum í sveitarfélaginu“. Eftir skoðun Bjarna á húsinu 5. júlí „sýndist [honum] lítil eftirsjón af því“. Samdægurs kynnti hann niðurstöður sínar Þór Hjaltalín, minjaverði Norðurlands vestra, og óskaði umsagnar „um hvort leyfa skuli niðurrif hússins“.²¹⁴ Erindinu var svarað með svofelldum hætti 13. ágúst:

Minjastofnun Íslands samþykkir fyrir sitt leyti niðurrif hússins. Húsið stendur hins vegar á gömlum grunni og bæjarstæði og er mikilvægt að farið verði í niðurrif hússins og förgun rusls með aðgát, þannig að fornminjar spillist ekki. Við óskum því að haft verði samráð við okkur um það áður en framkvæmdir við niðurrif hefjast. Að öðru leyti höfum við ekki athugasemdir.²¹⁵

Í framhaldi af þessari afgreiðslu var hið röklega 90 ára gamla steinhús rifið og jafnað við jörðu sumarið 2016, án þess að gerðar væru ráðstafanir til þess að mæla það upp og ljósmynda. Húsið heyrir því sögunni til. Er þess vegna tilefnislaust að fjölyrða hér frekar um byggingarsögu og gerð þess. Ljósmyndir höfundu ritsins *Eyðibýli á Íslandi* (V. bindi) frá sumrinu 2013 og Páls J. Lindal frá sumrinu 2015 gefa þó góða hugmynd um útlit þess.



Horft yfir eyðilegt bæjarstæðið á Gilsstöðum 8. október 2018, en gamla íbúðarhúsið var rifið 2016. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)


²¹⁴ Ópr. heim. Minjastofnun Íslands. Bréf vegna niðurrifs Gilsstaða 2015.

²¹⁵ Ópr. heim. Minjastofnun Íslands. Bréf vegna niðurrifs Gilsstaða 2015.

3.1.20 Flaga

Staðhættir og saga

Jörðin Flaga er norðarlega í Vatnsdal, vestan Vatnsdalsár. Hún er ysti bær í Áshreppi hinum forna að vestanverðu, gegnt Hvammi handan árinna. Jörðin liggur að merkjum móti Helgavatni í Sveinsstaða-hreppi og yfir um hálsinn og Hrírás að Gljúfurá. Frá Flögu sér yfir byggðina undir Vatnsdalsfjalli, þar




sem Jörundarfellið (1038 m) gnæfir yfir Hjallalandi í norðri. Bærinn stendur á grösugu flatlandi við brekkurætur, en neðan bæjar liggur þjóðvegurinn (722), sem lagður var yfir besta túnstæði jarðarinnar að endilöngu.²¹⁶

Túnakort Flögu 1918. Hannes Jónsson.

Steinhúsið á Flögu í upphaflegri mynd í byrjun síðustu aldar. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Ábúendur á Flögu frá 1895 til æviloka voru hjónin Ingibjörg Magnúsdóttir (1848-1932) og Stefán Magnússon (1838-1925), sem bjuggu þar félagsbúi við Magnús son sinn (1870-1940), er keypti jörðina 1895 og bjó þar síðan og jafnframt á Blönduósi. Þar rak hann umsvifamikla verslun frá 1902 til 1937 og var talinn „einn hinn auðugasti maður í héraðinu á efri árum“. Eiginkona hans var Helga Helgadóttir (1880-1964). Árið 1941 tóku við búinu á Flögu kjördóttir þeirra, Elsa Lyng Magnúsdóttir (1917-2011), og Björn Sigurðsson (1920-2010) frá Kornsó, sem bjuggu þar til 1962. Þá keyptu jörðina Ívar Níelsson (1912-1999) og Guðrún Sigfúsdóttir (1924-2016), sem fluttust þangað frá Nautabúi og bjuggu síðan óslitið á Flögu til 1989, er þau fluttu á Hvammstanga.²¹⁷ Það ár keypu jörðina hjónin Valur Snorrason (1936-1994) og Kristín Ágústsdóttir (1940-), sem reka þar hrossabú og nytja túnin, en ábúendur frá 1994 til 2005 voru jafnframt Valur K. Valsson og Kristín Jóna Sigurðardóttir.²¹⁸



Baksvipur bæjarhúsa á Flögu, Hvammur handan Vatnsdalsár. Myndin sýnir íbúðarhúsið áður en það var stækkað með viðbyggingu til norðurs. Áfast norðvesturhorni hússins er steinsteypt geymsluhús, sem enn stendur. Nær eru útihús, sem ennþá standa að nokkru leyti. Votheysturn frá 1955 var óbyggður, þegar myndin var tekin. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 937.)

²¹⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 266-267; *Húnaþing II*, s. 352; Jón Torfason (2007), s. 37.

²¹⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 267; *Löggrjetta* 20. árg., 35. tbl., 18. ágúst 1925, s. 7; *Óðinn* 16. árg. 1920, 7.-12. tbl., s. 84; *Morgunblaðið* 86. árg., 96. tbl., 30. apríl 1999, s. 51; *Húnavaka* 52. árg. 2012, s. 157-158.

²¹⁸ *Heim*. Kristín Ágústsdóttir 3. febr. 2019.


Horfin bæjarhús

Ekki eru nærtækar upplýsingar um húsakost á Flögu í byrjun síðustu aldar, en þar var með vissu reisu-legt timburhús, eða svonefnt framhús með kjallara og íbúðarlofti, torfbyggðum norðurstafni og þaki að hluta. Þennan bæ lét merkisbóndinn Árni Erlendsson (1833-1894) byggja.²¹⁹ Nokkra mynd af húsakynnum gefur eftirfarandi frásögn í *Þjóðólfi* af þeim atburði, er bærinn brann til kaldra kola aðfaranótt 8. júní 1909:

Þriðjudagsnóttina 8. þ. m., kl. rúml. 3, varð bruni mikill á Flögu í Vatnsdal. Vöknuðu þeir fyrstu við eldbrestina og reykinn, sem orðinn var þá óþolandi í sumum svefnherbergjum uppi á loptinu, þar eð norðurendi loptsins, sem hafður var til að geyma í kornmat o. fl., stóð þá í björtu báli og eldurinn kominn í skilrúmin til næstu svefnhúsa. Var því ekki tími til að bjarga neinu af loptinu, en þeir, er þar sváfu, fóru niður á nærklæðum einum. Engin tilraun var gerð til að slökkva í íveruhúsinu, sem var óhugsandi að væri hægt, en bjargað varð mestu af neðra gólfi og úr kjallaranum af fólki því, er fyrir var, enda var og stutt til þess, er næg mannhjálp kom frá næstu bæjum, og þar af leiðandi var hægt að slökkva í útihúsi skammt frá, sem í var kviknað, og sömuleiðis rífa niður timburskúr, er stóð upp við íveruhúsið, áður en hann brann mikið. Um 3/4 klst. eptir að fólkið vaknaði, hafði loginn læst sig um allt húsið og algerlega var það fallið eftir hálfu aðra kl.st. Húsið var úr timbri, nema torfstafn fyrir norðri og torfþak á norðurenda þess. Hafði vindstaða daginn áður verið af suðri, og þykja það líklegastar orsakir til eldsins, að þá hafi fokið eldsneisti upp úr ofnþípu og slegið niður í þakið, án þess þó að valda reyk áður háttað var. Alt sem brann, hús og munir, var óváttryggt, og skaðinn því mjög mikill fyrir eigandann, Magnús kaupmann Stefánsson á Blönduósi, er var þar heima í Flögu þá nótt, sem bruninn varð, og ætlaði suður til Reykjavíkur daginn eptir.²²⁰

Rúmu ári síðar, eða við manntal 1. desember 1910, voru húsakynni á Flögu gamall torfbær með einu hálfþili og „steinsteypuhús í smíðum“. Torfhúsin voru þær leifar bæjarins, sem sluppu frá brunanum, en að byggingu steinhússins stóðu þeir feðgar, Stefán og Magnús.²²¹ Áratug síðar voru þessir atburðir rifjaðir upp í tímaritinu *Óðni* með þessum orðum:

Árið 1909, þann 8. júní, vildi það hörmulega slys til, að íbúðarhúsið á Flögu brann til kaldra kola, án þess að neinu verulegu yrði bjargað. Urðu gömlu hjónin þar fyrir stóru fjártjóni og öll fjölskyldan. Það sumar var búið í tjöldum og um haustið gert bráðabirgðar vetrarskýli yfir fólk, sem búið stundaði, en þau hjónin dvöldu að mestu á Blönduósi hjá Magnúsi syni sínum, þar til bygt var aftur steinhús það, sem nú er á Flögu, og reist var sumarið 1910. *Er það fyrsta steinsteypuhús til sveita í Húnavatnssýslu.*²²²



Séð heim að Flögu, skömmu eftir miðja síðustu öld. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 931.)

²¹⁹ *Lögberg* 7. árg., 54. tbl., 14. júlí 1894, s. 1.

²²⁰ *Þjóðólfi* 61. árg., 26. tbl., 18. júní 1909, s. 100. Aðrar frásagnir af brunanum meðal annars: *Vestri* 8. árg., 33. tbl., 19. júní 1909, s. 131; *Dagur* 1. árg., 18. tbl., 24. júní 1909, s. 1; *Fjallkonan* 26. árg., 23. tbl., 19. júní 1909, s. 92; *Þjóðviljinn* 23. árg., 29. tbl., 23. júní 1909, s. 114; *Ísafold* 36. árg., 37. tbl., 16. júní 1909, s. 146; *Lögrjetta* 4. árg., 30. tbl., 16. júní 1909, s. 117, en þar sagði: „Húsið var að mestu úr timbri, en torfþekja á því mót norðri.“

²²¹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 267; Jón Torfason (2007), s. 37.

²²² *Óðinn* 16. árg. 1920, 7.-12. tbl., s. 84.

Íbúðarhús

Til að annast byggingu hins nýja íbúðarhúss fékk Magnús Sveinbjörn Kristjánsson (1883-1969), trésmið í Reykjavík, sem síðar varð afkastamikill húsasmíðameistari og vann að byggingu fjölda steinsteyptra húsa víða um land. Hins vegar verður ekki fullyrft, hvort Sveinbjörn var hönnuður hússins á Flögu. Hann hófst handa við smíði þess vorið 1910 og var heimilisfastur á Flögu fram á næsta ár. Þá flutti hann aðsetur sitt yfir að Hvammi, handan Vatnsdalsár, vegna byggingar hússins þar.²²³ Er reyndar talið, að Sveinbjörn hafi notað sömu steypumótin við byggingu beggja húsa.²²⁴

Samkvæmt framansögðu er almennt talið, að íbúðarhúsið á Flögu hafi verið *fyrsta steinsteypuhúsið, sem byggt var í sveit í Austur-Húnavatnssýslu*. Um það eru þó áhöld, því að skv. manntali 1. desember 1910 var þá einnig „steinhús í smíðum“ á Geitaskarði í Langadal. Frá þeim viðburði var einnig greint í blaðinu *Norðra* sumarið 1910, að „Árni bóndi [...] byggir stórt steinsteypuhús á jörð sinni í sumar“.²²⁵ Árið eftir voru byggð steinsteypt íbúðarhús í Hvammi og á Auðkúlu.



Horft frá þjóðvegi heim að Flögu um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Árið 1916 var bæjar- og útihúsum á Flögu þannig lýst: „Íbúðarhús úr steinsteypu með kjallara, einlyft með járnþaki, 12 × 18 álnir. Áfast við húsið er steypdur geymsluskúr með járnþaki, 12 × 6 álnir. Auk þessa salerni úr timbri. Peningshús með torfveggjum og torfþökum.“ Við þessa lýsingu var litlu aukið í fasteignamati 1930, en þar sagði: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 11,30 × 7,55 m. Ein hæð með kjallara og lofti, portlausu. Þak járnvarið. Miðstöð. Önnur bæjarhús: Skúr við íbúðarhús og geymsluhús úr steinsteypu og járnþökum.“



Horft heim að Flögu sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Líndal.)


Árið 1940 var húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús steinsteypt 11,8 × 8 m. Gólfhæð 2,6 m. Rishæð 1,2 m. Á gólfhæð 5 herbergi, forstofa og gangur, veggfóðruð og máluð. Skilrúm sum af timbri. Útveggir þiljaðir.

²²³ Skv. sálnaregistri Undirfellssóknar 9. apríl 1910 var Sveinbjörn Kristjánsson smíður skráður þar til heimilis og einnig við manntal 1. desember sama ár, innkominn í sóknina frá Reykjavík. Ári síðar var hann heimilisfastur í Hvammi. Sveinbjörn nam trésmíðar hjá Samúel Jónssyni, húsasmíðameistara í Reykjavík, lauk sveinsprófi 1904 og varð síðar afkastamikill húsasmíðameistari með byggingu fjölda húsa og stórbygginga í Reykjavík og víða um land. *Vísir* 30. okt. 1943, s. 2; *Morgunblaðið* 31. okt. 1963, s. 17.

²²⁴ *Heim*. Steingrímur Ingvarsson 4. mars 2019 og Gísli Ragnar Gíslason 5. mars 2019.

²²⁵ *Norðri* 5. árg., 31. tbl., 20. ágúst 1910, s. 123. Sjá nánar *Dreifbýli Blönduósbæjar*. *Húsakönnun*, s. 50-51.

Kjallari: hæð 2,4 m, herbergi 5. Gólf yfir kjallara og yfir gólfhæð tvöföld af timbri. Þaksúð, pappi, járn. Málað. Miðstöðvarhitun, vatns- og skolpleiðsla. Loft portlaust og verður lítt notað. Önnur bæjarhús: Geymsluskúr við enda á íbúðarhúsi 8 × 3,8 × 2,4 m. Veggir steypdir, járnþak. Steinhús 6,3 × 3,8 × 2,9 m með einu skilrúmi, timburlofti í öðrum partinum. Járnþak.“ Skv. virðingargjörð frá 1971 var húsið sagt 10 × 7,5 m að stærð með innveggjum og gólfum úr timbri og einangrað með reiðingi. Herbergjaskipan var þessi: Á stofuhæð voru eldhús, 2 stofur, 2 svefnherbergi, baðherbergi og gangur, en í kjallara þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 íveruherbergi og geymslur. Áföst húsinu var steinsteypt skemma og vélageymsla, óeinangruð með járnþaki.²²⁶



Teikningar Eðvarðs S. Hallgrímssonar frá 20. júní 1977 að viðbyggingu við íbúðarhúsið. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins A/75.)

Eins og lýst er í úttektum hér að framan er hinn upphaflegi hluti íbúðarhússins (frá 1910) einlyft steinsteyptuhús með kjallara, portlausu risi og lágreistu mænispaki. Nokkrum árum síðar var byggt steinsteypt geymsluhús með einhalla þaki, áfast norðvesturhorni hússins. Árið 1977 var húsið stækkað að mun með því að reist var steinsteypt viðbygging með sjálfstæðri íbúð við norðurgafli hússins, skv.

²²⁶ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins A/75 (12. júní 1971).

teikningu Eðvarðs S. Hallgrímssonar (1948-) byggingameistara frá 20. júní 1977. Þessi viðbót er 5,50 × 9,85 m að stærð, ein hæð með kjallara og einhalla þaki, sem síðar (1997-1999) var breytt í mænispak með risi til samræmis við eldra húsið.²²⁷ Eftir þessa stækkun er heildarflatarmál hússins 342,6 m², skv.



fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018.

Íbúðarhúsið í maí 1978. Árið áður var reist viðbygging með einhalla þaki við norðurgöfl hússins, sem síðar var sett á mænispak. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/75.)

Húsið var klætt að utan með bárujárnri árin 1997-1999. Jafnhliða var sett ris á viðbygginguna, fjarlægðar steinsteyptar tröppur við austurhlið gamla hússins og settar í staðinn tröppur úr timbri. Í kjallara eru upprunalegir gluggar, þar af margrúðna steypujárnsgluggar í eldri hluta hússins. Aðrir

gluggar hafa verið endurnýjaðir og virðast af áþekkri gerð og upphaflega, þ.e. krosspósta. – Að austan- og sunnanverðu við húsið er hávaxinn trjágróður, sem byrgir fyrir ásýnd hússins af þjóðvegi.



²²⁷ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/75. Með bréfi dags. 11. okt. 1977 neitaði Byggingastofnun landbúnaðarins að samþykkja fyrirbyggjandi teikningu, m.a. með þeim rökum, að útlit „viðbyggingar [væri] fráleitt og samræmist að engu leyti eldra húsinu, einkum stínga þakform og gluggar viðbyggingar í stúf við núverandi hús“. Þess vegna var harmað „að byggingin skyldi steipt upp meðan leitað var úrræða hvernig lagafæra mætti galla í teikningu“.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1910	
Fyrstu eigendur:	Magnús Stefánsson og Helga Helgadóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Sveinbjörn Kristjánsson	
Viðbygging:	1977	
Hönnun:	Eðvarð S. Hallgrímsson	
Yfirsmiður:	Eðvarð S. Hallgrímsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/bárujárn	Húsið var klætt utan með bárujárnsklæðningu 1997-1999.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	Viðbygging með einhalla þaki var reist við húsið norðanvert árið 1977, en þakinu breytt í mænisþak með risi 1997-1999.
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		11,8 × 8,0 m (eldri hluti) / 342,6 m ² (allt húsið).
	Reykháfur (2)	Horfnir	Tveir steinsteypdir reykháfar hafa báðir verið fjarlægðir.
	Útitróppur	Timbur	Steyptar útitróppur á stofuhæð að austanverðu voru brotnar niður 1997-1999 og í stað þeirra settar tróppur úr timbri.
	Geymsluskúr	Steinsteypa	Steypt geymsluhús er áfast norðvesturhorni hússins.
	Gluggar		Gluggar í kjallara eldri hluta hússins eru óbreyttir, en gluggar á stofuhæð krosspósta og sennilega áþekkir upphaflegum gluggum.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Einfaldur og hefðbundinn byggingarstill steinhúsa þessa tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	<i>Fyrsta steinsteypa íbúðarhúsið, sem byggt var í Vatnsdal og elsta hús sinnar tegundar, sem varðveitt er í Húnavatnshreppi.</i>
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Reisulegt hús á föggu bæjarstæði, en vöxtulegur trjágróður skyggir nokkuð á ásýnd þess.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Utanhúsklæðning og viðbyggingar draga úr upprunalegu gildi.
Tæknilegt ástand:	Gott	Ásigkomulag og viðhald hússins virðist gott.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi í byggingar- og menningarsögulegu tiliti.
Niðurstaða varðveislumats:		Eldri hluti hússins er friðaður skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað og byggingarsaga þess rannsökuð nánar.



Haughús og fjós

Árið 1930 var útihúsum á Flögu þannig lýst: Steinsteyppt fjós fyrir 8 kýr, hesthús fyrir 31 hest, að nokkru steinsteyppt, fjárhús fyrir 310 fjár, að nokkru steinsteyppt, haughús 74 m³, steinsteyppt, hlöður 790 m³, að mestu steinsteypptar, og votheystóftir 17 m³, steinsteyppt. Árið 1940 voru steinsteyppt útihús þessi: Fjós fyrir 8 kýr með steypptum veggjum tvöföldum stöfnum, steypptum flór og gangstétt, en þaki

úr torfi; *haughús* 74 m³, alsteyppt með torfi yfir steypstu þaki; *hesthús* að hluta steinsteyppt; eitt *fjárhús* steyppt með baðkari, undir tveimur risum; *hrútahús* steyppt með járnþaki; þrjár steypptar *hlöður* og *votheyshlaða* með járnþökum.



Árið 1971 voru eftirtalin útihús á jörðinni, öll steinsteyppt: *Fjós* með 9 básum, byggt 1923, *haughús* frá 1923, *fjárhús* frá um 1925 og 1950, *fjóshlaða* frá 1923 og þrjár *fjárhúshlöður*, sem byggðar voru 1925, 1927 og 1955.²²⁸ Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 eru öll þessi hús horfin nema *haughús* frá 1923,²²⁹ 28,5 m² að stærð. Auk þess er ennþá uppistandandi gamla fjósið frá 1923 með tvennum mjög lágum dyrum á austurhlið og gluggum með steinsteypptum póstum.²³⁰ Húsin standa suðvestan við íbúðarhúsið ásamt þremur sambyggðum útihúsum úr steinsteypu, sem öll eru byggð eftir 1950. Þau eru hesthús frá 1971, votheysturn frá 1955 og jafngömul véla- og verkfærageymsla, sem líklega þjónaði áður sem heyhlaða. Húsin mynda áhugaverða heild og virðast í þokkalegu ásigkomulagi.

Haughús og fjós – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1923	Upphafleg notkun:	Haughús og fjós
Fyrsti eigandi:	Magnús Stefánsson	Núverandi notkun:	Standa ónotuð.
Hönnuður:	Óþekkt		
Yfirsmiður:	Óþekkt		

<i>Húsgerð</i>	<i>Upphaflegt</i>	<i>Núverandi</i>	<i>Helstu einkenni/breytingar</i>
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Skúrþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Steinsteypa/torf	Bárujárn	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin hafa lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin eru meðal elstu útihúsa úr steinsteypu, sem varðveitt eru í Áshreppi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Eru hluti af samstæðu útihúsa og mynda áhugaverða heild.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Óljóst, en virðast þó halda að mestu upphaflegu svipmóti.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Virðist vera í þokkalegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Æskilegt væri að öll húsasamstæðan stæði áfram.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð ásamt öðrum húsum samstæðunnar.

²²⁸ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins A/75 (12. júní 1971).

²²⁹ Þar er byggingarár hússins ranglega skráð 1926.

²³⁰ Heim. Kristín Ágústsdóttir 3. febr. 2019.

3.2 Sveinsstaðahreppur

Árið 1910 voru 22 bæir í ábúð í fyrrum Sveinsstaðahreppi og 21 bær árið 1942, en heilsársbúseta á 18 lögbýlum árið 2018. Ennþá eru uppistandandi samtals 44 hús á 16 jörðum, þ.e. 15 íbúðarhús, kirkja, skólahús og 27 útihús af ýmsum toga, sem byggð voru úr timbri og steinsteypu á árabílinu 1877-1950. Á flestum þeirra bújarða, sem hér um ræðir, voru eldri bæjarhús rifin fljótlega eftir byggingu nýs íbúðarhúss. Þeir torfbæir eru því löngu horfnir.

Varðveitt hús frá 1864 til 1950

Varðveittar byggingar í Sveinsstaðahreppi eru eftirtaldar, – raðað eftir byggingarári:

<i>Pingeyrakirkja</i>	Steinkirkja byggð á árunum 1864-1877 og vígð 1877.
<i>Hjallaland</i>	Íbúðarhús úr timbri frá 1881-1882.
<i>Sveinsstaðir</i>	Steinsteypt skóla- og íbúðarhús frá 1914-1917.
<i>Brekka</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1923, fjós frá því fyrir 1930 og 1947-1948, hlaða frá 1947-1948 og geymsluhús frá 1950.
<i>Pingeyrar</i>	Íbúðarhús úr timbri frá 1924 (að stofni til frá 19. öld), steinsteypt viðbygging frá 1935 og úr timbri frá 1944(?), fjós frá 1949 og fjárhús og votheys-turn frá 1950.
<i>Hagi</i>	Íbúðarhús úr timbri frá 1926 og viðbygging úr steinsteypu frá 1946.
<i>Steinnes</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1928.
<i>Sveinsstaðir</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1929, fjárhús og hlaða frá 1939 og fjós frá 1947.
<i>Helgavatn</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1929-1930 og fjárhús frá 1933.
<i>Brekkukot</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1933-1934.
<i>Breiðabólstaður</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1937 og geymsla frá 1950.
<i>Uppsálar</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1937.
<i>Miðhús</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1938.
<i>Vatnsdalshólar</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1939, hlaða frá 1930 og fjárhús frá 1935.
<i>Hnausar I</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1942, fjögur útihús frá 1944 og tvö frá 1950.
<i>Hnausar II</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1942, tvö útihús frá 1949 og tvö frá 1950.
<i>Leysingjastaðir</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1947.
<i>Litla-Giljá</i>	Steinsteypt þrjú útihús frá 1948, 1949 og 1950 og hundahreinsunarhús frá 1935.

Horfin timburhús – byggð fyrir 1951

Á tveimur jörðum eru nú horfin íbúðarhús, sem byggð voru úr timbri fyrir 1951 og stóðu fram á seinni hluta aldarinnar. Þessar jarðir eru:

<i>Hnjúkur</i>	Íbúðarhús úr timbri frá 1886, rífið eftir 1951.
<i>Litla-Giljá</i>	Íbúðarhús úr timbri frá 1935, rífið eftir 1953.

Hornfir torf- og timurbæir

Á árabílinu 1930-1947 féllu úr ábúð þrjár jarðir með torf- og timurbæjum, sem síðan hafa verið í eyði. Þessi býli eru (búsetulok innan sviga): *Þingeyrasel* (1930), *Aralækur* (1942) og *Geirastaðir* (1947).²³¹


Torfbæir stóðu fram yfir miðja síðustu öld á þremur bæjum, þar sem steinsteypt íbúðarhús voru ekki byggð fyrr en 1951 eða síðar. Á einni jörð til viðbótar (Másstöðum) var búið samfellt í torf- og timurbæ allt til búsetuloka (1967). Þessir bæir eru (byggingarár nýrra húsa innan sviga): *Öxl* (1951), *Hólabak* (1953), *Bjarnastaðir* (1954) og *Másstaðir* (í eyði 1967).



Hólabak, fram- og bakhlið bæjarins. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1062. / Schweizer, Bruno (2003 III), s. 330.)



Til vinstri Bjarnastaðir um 1930 og Hnjúkur til hægri, málverk eftir Eggert E. Laxdal (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1023 og 1058.)



Másstaðir til vinstri, torfbær og blönduð bygging frá 1895 og 1928, fór í eyði 1967. Til hægri Geirastaðir. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

²³¹ *Húnaþing III*, s. 310-314.

Sveinsstaðahreppur




Myndin sýnir þá bæi í Sveinsstaðahreppi sem fjallað er um í húsaskránni. (Páll J. Línal / Loftmyndir ehf.)

3.2.1 Litla-Giljá

Staðhættir og saga

Sunnan Giljár er einsett bæjaröð neðan við rætur Vatnsdalsfjalls og er Litla-Giljá nyrst þeirra bæja. Bærinn stendur á bökkum árinna, undir brattri brekku vestan Þjóðvegjar. Hann er lítt áberandi af vegi, en framundan bænum og niður með Giljá teygja sig tún jarðarinnar yfir sléttlendið í átt að



Húnavatni. Þarna eru gömul hreppamót, því að norðan árinna hefst Torfalækjarhreppur.²³²

Ábúendur á Litlu-Giljá frá 1921 til 1955 voru hjónin Þuríður Sigurðardóttir (1894-1968) og Sigurður Jónsson (1894-1955) búfræðingur. Árið 1952 létu þau byggja steinhús, sem enn stendur, en til þess tíma var búið í torfbæ og framhúsi úr timbri um skamma hríð. Eftir lát Sigurðar bjuggu þar með móður sinni systkinin Magnús (1917-1985) og Guðrún (1939-2015) og síðan Magnús einn til æviloka.²³³ – Eigendur og ábúendur á fjórðungi Litlu-Giljå frá 1986 eru Steingrímur Ingvarsson og Halldóra Á. Heyden Gestsdóttir.²³⁴

Túnakort Litlu-Giljå 1919. Hannes Jónsson.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbær á Litlu-Giljá með tveimur heilþiljum og 1916 voru bæjarhúsin sögð „gömul og sum léleg“ og bærinn „gamall og hrörlegur“ 1930. Í virðingargjörð frá 24. október 1934²³⁵ var bæjarhúsum þannig lýst (stærðarmál eru hér sett innan sviga): „Torfbær gamall með þykkum torfveggjum í kring og milli húsa. A. *Baðstofa* (5,5 × 3 × 1,2 m) sperrureist með eldavjel. B. *Búr* (3 × 2 × 1,6 m) þar



austur af. C. Þar austur af er *eldhús* með opnu eldstæði (3,7 × 2,3 × 1,6 m). D. *Stofuherbergi* (3,7 × 3 × 1,8 m) sperrureist. E. *Skáli* (3,7 × 3 × 1,8 m) þar austur af. F. *Torfkofi* (3,7 × 2,5 × 1,8 m) austan við bæinn.“

Litlu-Giljå um 1940. Ábúendur, Þuríður Sigurðardóttir og Sigurður Jónsson, ásamt börnum sínum. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1070.)

Árið 1935 var byggt íbúðarhús úr timbri, sem lýst var þannig 26. desember sama ár, er húsið var virt til brunabóta: „Íbúð-

arhús (7,5 × 4,35 × 2,6 m) úr timbri með skúrþaki járnklæddu. Ein hæð án kjallara. Tvö herbergi með timburskilrúmi á milli.“²³⁶

Árið 1940 var húsinu lýst frekar ásamt öðrum bæjarhúsum: „Íbúðarhús 7,5 × 4,5 × 2,6 m = 88 m³. Hús úr timbri nema torfveggur á einn veg. Veggir pappaklæddir utan. Járnþak. Eitt íveruherbergi málað og eldhús, ofn og eldavél. Gömul baðstofa með einu skilrúmi, hrörleg 7 × 2,6 × 2 = 36 m³. Dyraskúr úr

²³² Páll V. G. Kolka (1950), s. 202; *Húnabing* II, s. 293; Jón Torfason (2007), s. 69.

²³³ *Húnavaka* 9. árg. 1969, s. 143-146; 26. árg. 1986, s. 185.

²³⁴ *Heim*. Steingrímur Ingvarsson 10. febr. 2019.

²³⁵ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

²³⁶ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

timbri $4,5 \times 1,5 \times 2,2 \text{ m} = 15 \text{ m}^3$.“ Önnur bæjarhús voru þessi: Gamall skáli með timburstafni, tveir kofar nær ónýtir, eldiviðarkofi hrörlegur og hænsnakofi. Hrörlegt fjós fyrir 4 kýr. Um 1947 voru gerðar endurbætur á íbúðarhúsinu og byggt við það, en skv. virðingargjörð frá því ári voru húsakynnin þessi: „A. Íbúðarhús (endurbætt) úr timbri múrhúðuðu að utan á tvo vegu. Skilrúm steipt og torfveggur austast, tvær stofur og eldhús og þvottahús ($7,6 \times 8,20 \times 2,7 \text{ m}$). B. Forstofa úr timbri með steiptu gólfi ($5,8 \times 1,5 \times 2,5 \text{ m}$). C. Norðan við forstofuna torfveggur, 1,8 m þykkur, og sperrureistur skáli, þiljaður í hólfi og gólf ($3,7 \times 2,3 \times 1,6 \text{ m}$). D. Þar austur af geymsla úr timbri og torfi ($3,7 \times 3 \times 1,8 \text{ m}$).“²³⁷



Litla-Giljá árið 1953. Nýja íbúðarhúsið í byggingu, gamla húsið næst því og útihús fjær. (ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/190.)

Timburhúsið og gömlu torfhúsin voru rifin eftir að steinsteipt íbúðarhús var byggt á jörðinni 1952-1953. Húsið var byggt af Kristjáni Gunnarssyni (1903-1986), trésmíðameistara á Blönduósi, skv. teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins.²³⁸



Litla-Giljá – loftmynd. (Loftmyndir ehf. / www.skra.is.)

Fjós og hlöður (2)

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 eru á Litlu-Giljá þessi steinsteiptu útihús: *Fjós* (131 m^2) frá 1948, *hlaða* ($75,2 \text{ m}^2$) frá 1949 og önnur *hlaða* ($52,6 \text{ m}^2$) frá 1950. Fjósinu og eldri hlöðunni var þannig lýst í brunabótavirðingu 6. október 1949: „Fjós úr járnbentri steinsteypu, stoppað með torfi og klætt innan með asbesti.

Jötur og stoðir af timbri. Þak aluminium.“ Stærð: 9,85 á lengd, 8,8 m á breidd og 3 m á hæð. „Hlaða af sama efni.“ Stærð: 14,4 á lengd, 5,4 m á breidd og 5,95 m á hæð.²³⁹

²³⁷ Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

²³⁸ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/190.

²³⁹ Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.



Tvö þessara húsa, þ.e. fjósið og hlaðan frá 1949, standa rétt norðan við bæinn og eru í góðu ásigkomulagi. Þau halda að miklu leyti upprunalegu byggingarlagi, en dyraop á vesturgafli hlöðunnar hefur þó verið stækkað til muna. Árið 1976 var síðan byggt mjólkurhús við fjósið austanvert og sam-síða hlöðunni, lágrest hús með einhalla þaki. Yngri hlaðan (frá 1950) stendur við fjárhús, syðst í landi Litlu-Giljár (ljósmynd vantar). Um hönnun og yfirsnið þessara húsa er ekki vitað með vissu, en líklega voru þau teiknuð af Teiknistofu landbúnaðarins. Einnig er trúlegt, að yfirsniður þeirra hafi verið Kristján Gunnarsson, byggingameistari á Blönduósi, sem jafnframt byggði íbúðarhúsið 1953 eins og fyrr segir.²⁴⁰

Fjós og hlöður – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1948, 1949 og 1950	
Fyrstu eigendur:	Sigurður Jónsson og Magnús Sigurðsson	Upphafleg notkun: Fjós og hlöður
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins (?)	Núverandi notkun: Fjós og hlöður
Yfirsniður:	Kristján Gunnarsson (?)	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænis-/skúrþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin eru hefðbundin útihús úr steinsteypu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin hafa eingöngu þjónað hlutverkum sínum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin standa stök á bæjarstæðinu og fara vel í landi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin halda upprunalegu byggingarlagi að miklu leyti.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast vera í góðu ásigkomulagi og viðhaldi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa talsvert varðveislugildi skv. áðursögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

²⁴⁰ Heim. Steingrímur Ingvarsson 10. febr. 2019.

Hundahreinsunarhús

Í hvammi, ofan við þjóðveginn nærri Giljá, stendur lítið steinsteypthús, 16,0 m² að grunnmáli, sem byggt var árið 1935 til að hreinsa fjárhunda í Sveinsstaða- og Torfalækjarhreppum. Það var byggt skv. 3. gr. reglugerðar fyrir „Austur-Húnavatnssýslu um lækning hunda af bandormum“ nr. 50, 6. maí 1927, þar sem skylt var að byggja steinsteypthús, eitt eða fleiri eftir ákvæðum hreppsnefndar“ í hverjum hreppi sýslunnar.²⁴¹ Ekkert verður fullyrt um hönnun og smíði hússins, en líklegt er að yfirsmiður þess hafi verið Jónas B. Bergmann (1877-1952), trésmiður á Stóru-Giljá.²⁴²

„Er kar inni í kofanum þar sem hundar voru keyrðir niður í illþefjandi baðvatn við litla hrifningu sína og baðmanna.“²⁴³ Að minnsta kosti fjögur sérbyggð hús fyrir slíka starfsemi og frá þessum tíma eru uppistandandi í Húnavatnshreppi, en munu óvída vera varðveitt á landinu. Er því ástæða til að gefa þessu húsi sérstakan gaum. Það er í fremur hrörlegu ástandi, bæði glugga- og hurðalaust, og stendur opið fyrir veðri og vindum.



Hundahreinsunarhús Sveinsstaða- og Torfalækjarhreppa í ágúst 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)



Horft frá heimreiðinni á Stóru-Giljá yfir í hvamminn í landi Litlu-Giljár, þar sem hundahreinsunarhúsið er fyrir miðri mynd. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson, 8. október 2018.)

Hundahreinsunarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1935		
Fyrsti eigandi:	Sveinsstaða- og Torfalækjarhreppar	Upphafleg notkun:	Hundahreinsunarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun:	Stendur autt og yfirgefið.
Yfirsmiður:	Jónas B. Bergmann (?)		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

²⁴¹ Stjórnartíðindi fyrir Íslands árið 1927. B-deild, s. 94-95.

²⁴² Heim. Steingrímur Ingvarsson 10. febr. 2019.

²⁴³ Jón Torfason (2007), s. 69.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Einfalt og einkennalaust steinsteypuhús.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Sérbyggt sem hundahreinsunarhús og er þess vegna áhugaverður minnisvarði um horfna starfs- og búskaparhætti.
Umhverfisgildi:	Hátt	Stendur stakt í fallegum hvammi, án tengsla við aðrar byggingar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er óbreytt að allri gerð að því best verður ráðið.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Veggir og þak virðast í þökkalegu standi, en glugga og útidyrhurð vantar.
Varðveislugildi:	Hátt	Verðskuldar umhirðu vegna þess hlutverks sem það gegndi.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

3.2.2 Brekka

Staðhættir og saga

Næsti bær innan við Litlu-Giljá er Brekka, sem stendur í lágum brekkuhalla vestan Þjóðvegjar, norð-vestur af Axlaröxl og undir rótum Vatnsdalsfjalls. Brekka er fornt býli og Þingeyraklaustursjörð, en síðar Þjóðjörð til 1915. Líkur eru til að jörðin hafi upphaflega heitið Hvatastaðir og verið bústaður



Hvata landnámsmanns, sem var félagi Ingimundar gamla og getið er í Landnámu. Fornar rústir á svo-nefndum Húsamel, norðvestur af Axlarhyrnu, kunna að vera hið upphaflega bæjarstæði. Frá Brekku er víðsýnt mjög yfir Eylendið, stórt votlend-issvæði á Náttúruminjaskrá, vestur um Húnavatn og Þingeyrasand og norður um Ása handan Gilj-ár.²⁴⁴


Túnakort Brekku 1919. Hannes Jónsson. Skýringar vantar við einstök mannvirki, en bæjarstæðið er við enda heimreiðar á miðri mynd.

Ábúendur í Brekku frá 1917 til 1962 voru Sigrún Sigurðardóttir (1895-1981) og Magnús B. Jónsson (1887-1962). Þá tóku við jörðinni sonur þeirra og tengdadóttir, Haukur Magnússon (1926-2013) kennari og Elín Ellertsdóttir (1927-2016), sem

bjuggu þar til 2010.²⁴⁵ Ábúendur í Brekku frá þeim tíma eru Sigrún Hauksdóttir og Sigfús Ó. M. Sigurðsson, sem eiga jörðina.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var í Brekku torfbær með einu heilþili að hlaði og um 1916 voru bæjar- og geymsluhús sögð



„gömul, en baðstofa stæðileg“. Bærinn mun hafa staðið sunnan og austan við núverandi íbúðarhús og á svipuðum slóðum og véla-skemma stendur nú, þó líklega aðeins vest-an við hana. Búið var að fella bæinn um 1930, en lengur stóð gömul skemma, sem var hluti af bænum, suðaustur af íbúðar-húsinu.²⁴⁶

Sambyggð íbúðar- og gripahús á Brekku um 1970. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1029.)

Íbúðarhús

Árið 1923 létu þau Magnús og Sigrún byggja nýtt íbúðarhús af steinsteypu, sem enn stendur. Yfir-smiður var Karl Friðriksson (1891-1970), húsa- og brúarsmiður á Efri-Þverá í Vesturhópi, sem senni-lega teiknaði einnig húsið.²⁴⁷ Hann byggði jafnframt íbúðarhúsið í Grímstungu árið 1921. Árið 1930

²⁴⁴ *Húnaþing II*, s. 294; *Húnaþing III*, s. 310; Jón Torfason (2007), s. 68-69; Jón Torfason (2006).

²⁴⁵ *Morgunblaðið* 101. árg., 145. tbl., 24. júní 2013, s. 19.

²⁴⁶ *Heim*. Sigrún Hauksdóttir 28. febr. 2019, skv. frásögn Hreins Magnússonar (f. 1931). Fram undir 1980 stóðu „torfhús forn“ í Brekku, sbr. *Húnaþing II*, s. 294, sem sennilega voru gripahús.

²⁴⁷ *Heim*. Sigrún Hauksdóttir 28. febr. 2019, skv. frásögn Hreins Magnússonar (f. 1931).

var húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 10,65 × 8,15 m, ein hæð með kjallara og lofti, portlaust. Þak járnavarið.“ Nánari lýsing var gefin 24. október 1934, er húsið var virt til brunatryggingar²⁴⁸ (stærðarmál eru hér sett innan sviga): „A. Steinhús (10,8 × 8,4 × 5,2 m) með tvöföldum steypnum veggjum og járnþaki. Kjallari, stofuhæð og loft með ofurlitlu porti, en miklu risi. Herbergi í kjallara eru fimm og gangur. Skilrúm öll steipt. Í kjallara eru 3 eldstæði. Á stofuhæð eru 5 herbergi og forstofa.



Gólf og loft af timbri, en skilrúm öll steipt. Eldstæði eru þrjú (2 reykofnar og 1 kolaofn). Gangur er úr forstofu uppá loft, sem er skilrúmslaust og notað til geymslu. Reykháfur steiptur og tvöfaldur. B. Norðan við stofu-húsin er steipt fjós (3,7 × 8,4 × 2 m) með steingólfi og járnþaki. Engar dyr úr norðurgafli hússins.“

Íbúðarhúsið og útihús í Brekku um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Árið 1940 var húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús 10,8 × 8,4 m. Vegghæð frá kjallara 2,5 m = 227 m³. Kjallarahæð 2,1 m, rishæð 3,1 m, 327 m³.

Steinsteypt, þiljað innan, borðasúð, pappi, járn. Timbur í gólfum. Skilrúm flest steipt. Í kjallara er eldhús, 4 herbergi og gangur. Á stofuhæð eru 5 herbergi og stigagangur. Veggfóður farið að bila. Loft óinnréttað og ósundurhólfað. *Byggt 1923-24. Þrjú miðstöðvarofnar frá venjulegri eldavél.*“

Íbúðarhúsið er ein hæð með kjallara, sem rís hátt úr jörðu, portlausu risi og mænispaki. Húsið er samtals 223,2 m² að gólfleti og 580 m³.²⁴⁹ Húsið virðist halda upprunalegu ytra útliti í stórum dráttum, en viðhaldi þess er í ýmsu ábótavant. Gagnger viðgerð og endurbót fór fram á húsinu, bæði utan og innan, árið 1964.²⁵⁰ Áföst húsinu eru steinsteypt gripahús og að baki þeim er stór hlaða (sjá síðar). Inngangsskúr í kjallara er við norðvesturhorn íbúðarhúss. Sambyggð húsaröðin liggur samsíða brekkunni, prýðilega staðsett í landslagi og myndar fallega heild.



Til vinstri: Horft úr suðri heim til bæjar, sem hulinn er vöxtulegum trjám. Gamla hlaðan er norðan við bæinn. Í forgrunni er véla- og verkfærageymsla frá 1950, en fjær og fyrir vestan bæinn, eru fjárhús frá 1972. Til hægri: Horft til bæjar úr norðurátt. Í forgrunni eru gamla hlaðan frá 1947-1948 og fjós frá 1954 (stækkun á eldra fjósi). (Ljós. Páll J. Lindal, 2015.)

²⁴⁸ *Hér.A-Hún.* Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

²⁴⁹ www.skra.is; *Húnaþing II*, s. 294.

²⁵⁰ *ÞÍ.* Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/40.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1923	
Fyrstu eigendur:	Magnús B. Jónsson og Sigrún Sigurðardóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Karl Friðriksson (?)	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Karl Friðriksson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		10,8 × 8,4 m / 223,2 m ² - 580 m ³ .
	Reykháfur	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Óbreytt	
	Gluggar	Óbreytt	Krosspósta gluggar eru í upprunalegri mynd.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Hefðbundið og snoturt steinsteypuhús með mænisþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur þjónað sem íbúðarhús í tæpa öld.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið og sambyggð húsaröðin með brekkunni er þrýðilega staðsett í landslagi og myndar fallega heild.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið heldur að mestu leyti upprunalegri gerð og ásýnd.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Nokkuð skortir á viðhald hússins utandyra.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur hátt varðveislugildi vegna ofanefndra þátta.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er umsagnarskylt skv. aldursákvæðum 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Lagt er til að það verði mælt upp og teiknað og byggingarsaga þess skráð nánar.

Fjós og heyhlaða

Árið 1930 voru eftirtalin steinsteypt útihús í Brekku: „*Smiðja* úr torfi. *Fjós* fyrir 7 kýr steinsteypt, *haughús* 71 m³ steinsteypt og *safnfor* 23 m³ steinsteypt.“ Árið 1940 var þessum húsum þannig lýst: „*Smiðja* gömul. *Fjós* fyrir 7 kýr viðbyggt íbúðarhúsið, steinsteypt, steyptröð. Járn yfir torfi. Viðir og torf farið að bila.“ Annað gamalt *fjós*. Einnig *haughús* og *safnþró* steyptr.

Gamla *fjós*ð, sem byggt var fyrir 1930 og áfast norðurstafni íbúðarhússins, ásamt haughúsi og safnþró, stendur ennþá í talsvert breyttri mynd, t.d. að þakgerð og glugga- og dyraskipan, en viðbygging með hallandi þaki, sem áður stóð vestan við það og var hluti af mjólkurhúsi, er nú horfin. Haughúsið var byggt norðan við *fjós*ð að hluta til eða öllu leyti, og hvarf væntanlega að nokkru, þegar *fjós*ð var stækkað til norðurs. Sennilega sá Karl Friðriksson um byggingu þessara húsa, þótt ekki verði það full-yrkt.²⁵¹



*Fjós*ð og hlaðan í Brekku sumarið 2015. (Ljósm. Páll J. Lindal.)

*Fjós*ð samanstendur nú af þremur samsíða húsum, sem snúa burstlaga stöfnum í vestur og voru byggð í tveimur áföngum norður af gamla *fjós*inu, en austan við *fjós*ð stendur *hlaða*, byggð 1947-1948. Syðsta burstin, næst gamla *fjós*inu, var byggð 1947-1948. Í úttektum frá 19. janúar 1949 var þeirri viðbót þannig lýst: „A. *Fjós* úr járnbentri steinsteypu með tvöföldum útvegg [stoppað með torfi og þiljað með] asbesti. Húsið er yfir 8 nautgripi.“ Það er 8 m á lengd og 5,5 m á breidd með 2 m vegg-hæð og 1,6 m rishæð. Jafnhliða var byggð *hlaða* „úr járnbentri steinsteypu með tveimur *votheysgryfjum*,“ 16 m á lengd og 5,8 m á breidd með 5,9 m vegg-hæð og 1,5 m þakhæð. Ennfremur sagði í úttektinni: „Hús þessi eru byggð til norðurs, framhald af gömlu *fjós*i áfast við íbúðarhúsið.“²⁵² Helst er talið, að þessi hús hafi verið byggð af Jónasi B. Bergmann (1876-1952), trésmíðameistara á Stóru-Giljá.²⁵³

Árið 1954 var *fjós*ð stækkað enn frekar til norðurs með tveggja bursta viðbyggingu yfir 16 kýr. Húsið er 10,70 m á lengd og 8,30 m á breidd með 2,30 m vegg-hæð og 1,50 m rishæð.²⁵⁴ Eftir þessa stækkun rúmaði allt *fjós*ð 23 nautgripi um 1975 og mælist nú 130,1 m² að stærð, skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018, og hlaðan 94,5 m² að stærð.²⁵⁵ Yfirsíður *fjós*sins var sennilega Guðmundur J. Bergmann (1909-1987), húsasmíðameistari á Stóru-Giljá, en að smíðinni vann einnig Steinþór B. Björnsson (1900-1986), bóndi á Breiðabólstað.²⁵⁶

Elsta *fjós*inu, sem byggt var fyrir 1930 og sennilega af Karli Friðrikssyni, var gjörbreytt árið 1975, en þá hafði það verið aflagt sem slíkt. Skv. ráðgjöf Ingvars G. Jónssonar byggingarfulltrúa og Páls Svavars-

²⁵¹ Heim. Sigrún Hauksdóttir 28. febr. 2019.

²⁵² Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953; Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/40 (19. jan. 1949.)

²⁵³ Heim. Sigrún Hauksdóttir 28. febr. 2019, skv. frásögn Hreins Magnússonar (f. 1931).

²⁵⁴ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/40 (30. nóv. 1954).

²⁵⁵ Fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 (www.skra.is); Húnabing II, s. 294.

²⁵⁶ Heim. Sigrún Hauksdóttir 28. febr. 2019, skv. frásögn Hreins Magnússonar (f. 1931).

sonar mjólkurfræðings var húsið þá innréttað sem mjólkurhús með því að brotnir voru niður innveggir að nokkru, þakið endurnýjað og því breytt úr mænisþaki í skúrþak.²⁵⁷ Nýting á ofanefndum húsum er nú lítil. Síðustu búskaparár sín notaði Haukur Magnússon fjósið lítillaga fyrir hross, en hlaðan er nú nýtt sem geymsla og vélageymsla að hluta.²⁵⁸

Fjós og hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	Fyrir 1930 og 1947-1948	Upphafleg notkun: Fjós og hlaða.
Fyrsti eigandi:	Magnús B. Jónsson	Núverandi notkun: Húsin eru nú helst notuð sem geymslur.
Hönnun:	Óþekkt	
Yfirsmiðir:	Karl Friðriksson, Jónas B. Bergmann og Guðmundur J. Bergmann	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Elsta hluta fjóssins, næst íbúðarhúsi, var breytt í mjólkurhús 1975.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	Þaki elsta hluta fjóssins var breytt í skúrþak 1975.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Snoturlega formuð útihús með burstabæjarlagi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Gott dæmi um sambyggða heild íbúðar- og gripahúsa.
Umhverfislífi:	Hátt	Húsin mynda áhugaverða húsasamstæðu sem nýtur sín vel á fögru bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsunum hefur verið tiltölulega lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsin virðast í fremur lélegu ásigkomulagi og slakri umhirðu.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsin hafa hátt varðveislugildi vegna framangreindra þátta.
Niðurstaða varðveislumats:		Stuðla ber að varðveislu húsanna til frambúðar. Lagt er til að þau verði teiknuð upp og mæld samhliða íbúðarhúsi.



Geymsluhús – véla- og verkfærageymsla

Skammt suðaustur af íbúðarhúsinu, sem næst gamla bæjarstæðinu, stendur steinsteypt *geymsluhús*, sem byggt var árið 1950 og var þá lýst þannig í virðingargjörð: „Geymsluhús úr steinsteypu með járnþaki, 10 m á lengd, 5,3 m á breidd með 2,3 m vegghæð og 1,55 m þakhæð. Skilrúm um þvert hús úr asbesti. Loft yfir á 4 m lengd.“²⁵⁹ Húsið er nú skráð sem *véla- og verkfærageymsla* (52,9 m² að stærð) í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 og byggingarár þess ranglega talið 1954. Smíði hússins annaðist að öllum líkindum Guðmundur J. Bergmann, húsasmíðameistari á Stóru-Giljá.²⁶⁰

²⁵⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/40.

²⁵⁸ Heim. Sigrún Hauksdóttir 28. febr. 2019.

²⁵⁹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/40 (29. nóv. 1950).

²⁶⁰ Heim. Sigrún Hauksdóttir 28. febr. 2019, skv. frásögn Hreins Magnússonar (f. 1931).

Geymsluhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1950
Fyrsti eigandi: Magnús B. Jónsson
Hönnuður: Óþekkt
Yfirsmiður: Guðmundur J. Bergmann (?)

Upphafleg notkun: Geymsluhús
Núverandi notkun: Véla- og verkfærageymsla

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárújárn	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar
Eru ómúraðir að utan en málaðir.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt
Menningarsögulegt gildi:	Lágt
Umhverfisgildi:	Miðlungs
Upprunalegt gildi:	Hátt
Tæknilegt ástand:	Gott
Varðveislugildi:	Miðlungs
Niðurstaða varðveislumats:	


Húsið er einfalt steinsteypuhús án sérkenna.
Húsið hefur einungis þjónað sem geymsla í nærri 70 ár.
Húsið stendur stakt, en fellur vel að nálægum húsum.
Húsið heldur að fullu upprunalegu formi og svipmóti.
Húsið virðist í góðu ásigkomulagi og umhirðu.
Húsið hefur nokkurt varðveislugildi skv. framansögðu.
Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.



3.2.3 Brekkukot

Staðhættir og saga

Næstu bæir framman við Brekku eru nýbýlið Syðri-Brekka (stofnað 1959) vestan Þjóðvegjar og Brekkukot austan vegar. Jörðin var fyrrum hjáleiga frá Brekku



og lagður til hennar þriðjungur úr heimajörðu. Bærinn stendur frammi á brekkubrún og skammt frá hlíðarótum, vestnorðvestur af Axlaröxl (605 m), en gamli bærinn stóð í dálitlum hvammi, ofar í landinu og nær fjalli. Frá Brekkukoti er víðsýni mikið í vesturátt.²⁶¹


Túnakort Brekkukots 1919. Hannes Jónsson.

Ábúendur frá 1918 til 1954 voru hjónin Anna Sigurðardóttir (1899-1976) og Sigurður Bjarnason (1895-1953) og síðan Sigþór (1922-2010) sonur þeirra, sem stóð fyrir búi í Brekkukoti með móður sinni frá 1954 til 1976 og síðan einsamall fram yfir aldamótin, en hætti þó hefðbundnum búskap árið 1987.²⁶² Núverandi eig-

endur og ábúendur eru Magdalena M. Einarsdóttir og Pétur Snær Sæmundsson, sem búið hafa á jörðinni frá árinu 2000.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbær í Brekkukoti með einu heilþili og bæjarskipan að því leyti til lík ásýnd bæjarins í



Brekku. Um 1916 voru bæjar- og geymsluhús „flest stæðileg“, en í fasteignamati 1930 var bærinn einungis sagður „gamall“. Þá stóð þar einnig lítil baðstofa (2,50 × 2,50 m) í eigu Sigurðar Jónssonar á Grund. Um 1940 stóðu trúlega ekki eftir önnur torfhús en reykhus og smiðja.

Íbúðarhúsið í Brekkukoti var byggt 1933-1934. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús

Árin 1933-1934 létu Sigurður Bjarnason og Anna Sigurðardóttir byggja steinsteypt

íbúðarhús, sem ennþá stendur, en er mikið breytt. Leitað var til Jónasar B. Bergmann (1876-1952), trésmiðs á Stóru-Giljá, sem í maíbyrjun 1933 gerði uppdrátt að húsinu og „Áætlun um efni í íbúðarhús í Brekkukoti“. Hvortveggja sendi Jónas til Jóhanns Fr. Kristjánssonar, húsameistara og forstöðumanns Teiknistofu byggingar- og landnámsjóðs, með þessum línunum 9. maí:²⁶³

Sendi þjer hjer með lauslega gjörðan uppdrátt að íbúðarhúsi í Brekkukoti og til skýringar vil jeg taka fram að ekki verður á þessu ári byggt nema vestari röðin og verður því að setja upp til bráðabirgðar skúr að austan, við norðurhluta hússins og stiga upp á loftið úr eldhúsinu.

²⁶¹ *Húnaþing* II, s. 296; Jón Torfason (2007), s. 68-69; Haukur Magnússon (2009), s. 149-150.

²⁶² *Húnavaka* 51. árg. 2011, s. 176-177.

²⁶³ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/41 (8. og 9. maí 1933). Uppdráttur Jónasar hefur ekki komið í leitirnar í teikningasafni teiknistofunnar, þrátt fyrir nokkra leit.

Ekki er annað vitað en að Jóhann hafi samþykkt teikningu Jónasar athugasemdalaust, en hinn 7. maí sama ár skrifaði Sigurður Bjarnason honum ítarlegt bréf, þar sem hann skýrði ástæður þess að ekki yrði byggður að sinni nema hluti hins áformaða húss:

Um bygginguna er það að segja að eg legg áherslu á að húsið sé ekki stærra en það að það nægi eins og jörðin er nú, en að hægt sé að bæta við það án verulegs aukakostnaðar eða röskunar á stíl síðar ef jörðin verður bætt svo að á henni þurfi stærri húsakynni, og það er hægt hér með því að bæta við þriðju röðinni. Á þessum erfiðu tímum finnst mér að minnsta kosti þeir, sem þurfa að byggja fyrir lausafé, alls ekki mega byggja stærra en brúnasta nauðsyn krefur því eins og nú stendur getur búreksturinn ekki risið undir þeim böggum sem dýrum byggingum fylgja, jafnvel þó um hagstæð lánskjör sé að ræða. En að sjálf-sögðu þarf það sem byggt er að vera traust og haganlega fyrirkomið. Þessi bæjarstærð sem hér er talað um tel eg að sé nægileg hér nú og sennilega á það langt í land að við þurfi að bæta ef það annars þarf nokkurn tíma, enda býst eg við, ef eg get komið upp helmingnum í vor, að verða að búa í því í vetur því svo er gamli bærinn hrörlegur að sumt af honum hangir varla uppi lengur.²⁶⁴

Auk áætlunar Jónasar um byggingarefni er varðveittur „Reikningur yfir útlent efni í íbúðarhúsi í Brekkukoti [...] og smíða og múraralaun“ með hendi Sigurðar, dags. 15. nóv. 1934.²⁶⁵ Húsið var byggt af Jónasi B. Bergmann. Svohljóðandi lýsing var gefin á húsinu 24. október 1934:²⁶⁶ „Steypt steinhús




(8,6 × 8 × 4,5 m) með tvöföldum útveggjum og steiptum skilrúmum. Í kjallara eru 4 herbergi með innmúruðu eldstæði. Á stofuhæð 4 herbergi og forstofa. Ein eldavjel og reykofn í sambandi við reykháf. Geymsluloft yfir stofuhæðinni.“ Á þakinu var pappi og torf yfir, en loft í húsinu var úr timbri.

Horft heim að Brekkukoti um 1975. Fjallið Axlaröxl í baksýn. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Árið 1940 var húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús 8,5 × 8 m. Vegghæð frá kjallara 2,5 m = 170

m³. Steinsteiptir veggir tvöfaldir með torfstoppi. Þak, súð, pappi og torf. Gólf í kjallara steipt, stofuhæð tvöfalt timbur. Skilrúm í kjallara steipt og á gólfhæð nema eitt af timbri. Kjallara skipt í 4 herbergi, hæð 2 m = 136 m³. Gólfhæð 2,5 m, 4 herbergi og gangur, máluð. Loft portlaus til geymslu, ekkert skilrúm, rishæð 2 m = 68 m³. Miðstöð. Dyraskúr 2,1 × 1,9 × 2,3 m = 9 m³.“

Í virðingargjörð frá 21. maí 1965 var húsið sagt byggt 1936-1938, sem er bersýnilega rangt. Ennfremur var tilgreint, að upphaflega hefði það verið með torfþaki, en síðar hefði verið sett á það járnþak. Að öðru leyti var húsið sagt ein hæð, kjallari og ris með eins meters porti. Í kjallara voru 4 geymsluherbergi og gólfinn steipt, á stofuhæð 3 herbergi og eldhús, en rishæðin óinnréttuð.²⁶⁷



Í kjallara gamla steinhússins voru fjögur geymsluherbergi. Inngangi í hann að austanverðu var lokað við stækkun hússins. (Teikning: Sigurður Pálmi Ásbergsson arkitekt, 13. mars 2007.)

Nú er er gamla steinhúsið aðeins hluti af íbúðarhúsinu í Brekkukoti. Því hefur verið gjörbreytt frá upphaflegri gerð með verulegri stækkun til austurs og háreistu stiga-húsi eða framskoti út frá miðri norðurhlið, utanhúss-


²⁶⁴ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/41 (7. maí 1933).

²⁶⁵ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/41.

²⁶⁶ *Hér.A-Hún.* Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

²⁶⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/41 (21. maí 1965).

klæðningu úr steinflisum og breyttri gluggagerð. Teikningar að viðbyggingu og breytingum á gamla húsinu voru gerðar af Sigurði Pálma Ásbergssyni arkitekt og samþykktar af sveitarstjórn 11. apríl 2007 ásamt svohljóðandi verklýsingu, dags. 13. mars 2007:



Teikningar Sigurðar Pálma Ásbergssonar arkitekts að viðbyggingu við gamla íbúðarhúsið í Brekkukoti, gerðar 13. mars 2007.

Í Brekkukoti (lögbýli) er uppsteypt steinhús byggt 1934. Steyptir veggir eru tvöfaldir með holrúmi milli fyllt með reiðingi til einangrunar. Nýlega var opnað inn í holrúmið ofarlega og sást þá að reiðingurinn er enn þurr og virðist ekki hafa sigið. Húsið stendur fremst á grónum malarkambi sem er þakinn þunnu

moldarlagi. Vesturhliðin snýr að Þjóðvegi nr. 1 sem liggur um 200 metrum frá húsinu og nýlegt hesthús 100 m lengra uppi á malarkambinum. Önnur hús eru ekki.

Teikningin sýnir stækkun á íbúðarhúsinu með lengingu í austur frá Þjóðveginum ásamt nýju stigahúsi og kvisti á suðurþekju. Stigahúsið auðveldar mjög aðgengi að risi og geymslukjallara. Núverandi ytra aðgengi að kjallara verður lokað og lendir undir stækkuninni til austurs. Viðbyggingin verður timburgrind klædd með 12 mm krossvið. Veggjastoðið 45×134 fyllt með steinull í holrúm. Sökkklar steypfir og gólfplata en milligólf borið uppi með Kerto límtré og klætt með 22 mm gólfspónaplötum, skrúfuðum og límdum á burðarbitana.

Allt húsið verður klætt með steinflísu festum á álgrind og 50 mm harðpressuð steinull sett undir til frekari einangrunar á gamla húsið. Einnig verður skipt um þakjárn og settir nýir plastgluggakarmar í allt húsið. Svalahurð verður tvískipt lárétt til að auðvelda lofthitun. Nýr grunnflötur er $57,61 \text{ m}^2$ og nýir gólfletir samtals $102,64 \text{ m}^2$. Stækkun alls, ný svefnálma, stigahús og kvistur er $316,84 \text{ m}^3$.²⁶⁸

Framkvæmdir skv. þessari verklýsingu fóru fram árin 2007-2008 og mælist heildarstærð hússins nú $296,5 \text{ m}^2$.



Gamla steinhúsið myndar nú vesturenda hússins eftir að það var stækkað með viðbyggingu til austurs og stigahúsi við norðurhlið. (Ljósmynd. Páll J. Lindal, 2015.)

²⁶⁸ Ópr. heim. Skjalasafn skipulags- og byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps (Uppdrættir Sigurðar Pálma Ásbergssonar arkitekts, pr. 13. mars 2007).

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1933-1934	
Fyrstu eigendur:	Sigurður Bjarnason og Anna Sigurðardóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Jónas B. Bergmann	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Jónas B. Bergmann	
Viðbygging:	2007-2008	
Hönnuður:	Sigurður Pálmi Ásbergsson	Gamla húsið var stækkað 2007-2008 með viðbyggingu við austurgafli og stigahúsi við norðurhlíð.

<i>Húsgerð</i>	<i>Upphaflegt</i>	<i>Núverandi</i>	<i>Helstu einkenni/breytingar</i>
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/steinflísar	Húsið var einangrað og klætt að utan með steinflísum 2007-2008.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn/torf	Bárujárn	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		Húsið var upphaflega 8,6 × 8,0 m og um 68 m ² .
	Reykháfur	Óbreytt	
	Gluggar	Breyttir	Allir gluggar hafa verið endurnýjaðir með breyttu sniði.

Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Elsti hluti hússins er einfalt steinsteypuhús með mænisþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var teiknað og byggt af Jónasi B. Bergmann, trésmíðameistara á Stóru-Giljá.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið nýtur sín vel sem hluti af núverandi íbúðarhúsi.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er mikið breytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsinu er vel við haldið.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur fremur lítið varðveislugildi vegna ofanefndra þátta.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins.

3.2.4 Hnausar I

Staðhættir og saga

Jörðin Hnausar er á samnefndu landsvæði, framarlega á Eylendinu og tungunni milli Hnausakvíslar og Hnausatjarnar, rétt austan við brúna yfir Hnausakvísl og litlu sunnar en móts við Skriðuskarð í Vatnsdalsfjalli. Býlið er tiltölulega ungt og byggt í byrjun 18. aldar á landi Skíðastaða hinna fornu, sem voru í hlíðinni upp frá Hnausatjörn og fóru undir skriðu í miklum náttúruhamförum 1545. Hnausar voru í fyrstu sel og síðan útibú frá Þingeyrum, en voru síðar taldir ein besta bújörð sýslunnar. Í Hnausum var símstöð frá fyrstu tíð (1908) og lengi síðan, enda er bærinn í þjóðbraut og liggur vel við samgöngum.²⁶⁹

Þekktir ábúendur á 19. öld voru Jósep Skaftasen læknir, sem bjó þar 1837-1875, og Magnús Bjarni Steindórsson (1841-1915), bókbindari og óðalsbóndi, er bjó í Hnausum frá 1886 til 1907 ásamt eigin konu sinni, Guðrúnu Jasonardóttur (1838-1919).²⁷⁰ Tvíbýli var jafnan í Hnausum og í aldarbyrjun bjuggu þar einnig Björn Kristófersson (1858-1911) og Sigríður Bjarnadóttir (1868-1949), sem fluttu á jörðina 1907, en síðar frændurnir Sveinbjörn Jakobsson og Jakob Guðmundsson (1880-1915), sem



keyptu jörðina og skiptu henni með sér. Eftir lát Jakobs 1915 fluttu á hálfenduna Erlendur Erlendsson (1874-1943) og Sigurbjörg Þorsteinsdóttir (1879-1948). Var jörðinni þá formlega skipt í tvö sjálfstæð býli, Hnausar I og II.

Túnakort Hnausa 1919. Hannes Jónsson. Lengst til vinstri er þjóðvegurinn, norðvestan við bæinn, sem er syðst í túninu við enda heimreiðarinnar.

Til ársins 1942 höfðu ábúendur sameiginleg afnot af bæjarhúsum, en eftir húsbrunann það ár voru byggð ný íbúðarhús á hvorum jarðarparti. Ábúendur í Hnausum I frá 1916 til 1958 voru hjónin Kristín Pálmadóttir (1889-1985) og Sveinbjörn Jakobsson (1879-1958) og síðan Leifur (1919-2008) sonur þeirra og Elna Thomsen (1936-), sem m.a. ráku þar ferðapjónustu til ársins 1999.²⁷¹ Þá lagðist af föst búseta í Hnausum I og jörðina keypti Pálmi Ellertsson, bóndi á Bjarnastöðum, og síðan Hnausa II árið 2015. Hann hefur nýttjað báðar jarðirnar og útihús, en eigandi íbúðarhússins á Hnausum I, ásamt afmarkaðri lóð (1645 m²), eru Sigurður Skúli Bergsson og Þuríður Árnadóttir í Garðabæ.



Gamli torfbærinn í Hnausum var byggður 1896 (eða 1886?) af Magnúsi Steindórssyni bónda, en brann 1. apríl 1942. Myndin var tekin 1939. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Horfin bæjarhús

Magnús Steindórsson húsaði jörðina vel og ríkmannlega og lét byggja þar reisulegan torfbæ árið 1896.²⁷² Var hann einn af stærstu bæjum héraðsins á sinni tíð, en brann til kaldra kola aðfaranótt miðvikudags 1. apríl 1942. Eldurinn kviknaði út frá reykháfi og


²⁶⁹ Jón Torfason (2006); Páll V. G. Kolka (1950), s. 205-209.

²⁷⁰ *Lögrjetta* 10. árg., 14. tbl., 24. mars 1915, s. 52; *Þjóðviljinn* 29. árg., 14.-15. tbl., 30. mars 1915, s. 51.

²⁷¹ *Húnavaka* 23. árg. 1983, s. 45-54; 26. árg. 1986, s. 178-180; *Vatnsdalsá. Vatnsdalur – Þing*, s. 178; *Heim*. Ellert Pálmason 28. febr. 2019.

²⁷² Torfbærinn var byggður 1886 skv. *Ættir Austur-Húnavetninga* III, s. 1050, en 1896 skv. úttekt undirmatsnefndar um 1940.

læsti sig í torfbekjuna.²⁷³ Árið 1910 var torfbærinn sagður með „þremur heilþiljum“ að hlaði, eins og ljósmynd frá 1939 sýnir. Árið 1916 var bænum lýst þannig: „Bæjarhús og geymsluhús úr torfi og timbri, nema grjótkjallari steinlímdur undir baðstofu (20 × 6 áln-ir). Mikil hús og ekki gömul, en gölluð.“ Árið 1930 var bærinn sagður „rúmgóður og stæðilegur“, en í desember 1933 fór fram brunabótamat á bæjarhúsum, sem þá voru talin þessi: a) Sperrureist *bað-stofa* með stöfnum úr timbri, en að öðru leyti úr torfi, í þremur herbergjum, þiljuð í hólf og gólf með 2 reykofnum. b) Grjóthlaðinn og steinlímdur *kjallari* undir baðstofunni með tveimur timburskilrúmunum og 2ur eldavélum og steypu gólfi. c) *Stofa* úr timbri, en að öðru leyti úr torfi, ásamt *bæjardyrum* með lofti yfir, þiljað í hólf og gólf. d) *Eldhús* þiljað í hólf og gólf með eldavél. e) *Eldhús* úr torfi með opnum



hlóðum. f) *Stofa* og *svefnherbergi* með *geymslulofti* yfir. g) *Eldhús* með steingólfi og eldavél, þiljað innan. h) *Skemma* með jarnþaki að hálfu.²⁷⁴

Grunnteikning matsmanna af bæjarhúsum 1933. Neðst til vinstri eru útihús: k = fjós, j = hesthús og i = heyhlaða.

Árið 1940 var bæjarhúsum lýst með þessum hætti „Torf- og timburbær, byggður 1896. Þrjár raðir með þilstöfnum. [I. röð:]

Baðstofa með kvisti, skipt í 4 herbergi og gangur. Skilrúm einföld, reisifjöl. Stærð 104 m³. Kjallari undir baðstofu, skipt í þrennt, veggir steinlímdir, timburskilrúm. Gólf yfir kjallara einfalt, stærð 104 m³. II. röð: Bæjardyr, stofa, gangur og eldhús, loft í risi yfir stofu og bæjardyrum, skilrúm sum tvöföld. Stærð 156 m³. Reykhús úr torfi og grjóti 16 m³. III. röð: Stofa, svefnherbergi, fataskápur, gangur og eldhús,



loft yfir stofu. Stærð 156 m³. Torfbök á öllum bænum. Upphitun 2 ofnar. Bærinn mjög af sér genginn. Bærinn hálfur eign Hnausa II.“ Önnur bæjarhús voru *skemma* með jarnþaki og þilhlíð, 10 × 4,53 m = 135 m³, að hálfu í eigu Hnausa II. Öll peningshús (fjós, hesthús, fjárhús og hlóður) voru úr torfi og grjóti með jarn- og torfbökum.

Hnausar I um 1975. (Húnaþing II, s. 299.)

Íbúðarhús

Eftir bæjarbrunann vorið 1942 létu Sveinbjörn Jakobsson og Kristín Pálmadóttir byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu, spölkorn norðaustur af gamla bæjarstæðinu, en á rústum gamla bæjarins reis steinhús ábúenda í Hnausum II (sjá síðar). Ekki er kunnugt um hönnuð og yfirsíð hússins,²⁷⁵ en það er ein hæð með kjallara og portlausri rishæð, 67,5 m² að grunnfleti, en 173,4 m² og 446 m³ að heildarstærð.²⁷⁶ Útveggir hússins eru tvöfaldir með reiðingi á milli og auk þess eru flestir skilrúmsveggir, kjallaragólf og -loft úr steinsteypu. Unnið var hörðum höndum að byggingu hússins fyrir veturnætur 1942 og hinn 7. desember var því þannig lýst af Hannesi Pálssyni á Undirfelli:

²⁷³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 209; *Morgunblaðið* 29. ág., 45. tbl., 2. apríl 1942, s. 3, sbr. 52. tbl., 14. apríl 1942, s. 5 (þar segir að bruninn hafi orðið aðfaranótt 31. mars).

²⁷⁴ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

²⁷⁵ Enginn uppdráttur finnst að íbúðarhúsinu í teikningasafni Teiknistofu landbúnaðarins.

²⁷⁶ *Húnaþing II*, s. 299; www.skra.is.

Stærð 9 × 7½ m. Kjallari, hæð og rishæð. Kjallari er að mestu full gerður að innan. Pússaðir veggir, hurðir og gluggar komnir í og eldunarvél. – Miðhæð hússins er komin það áleiðis, að þar eru komnir gluggar allir, hurðir og karmar, læsingar, en eftir er að pússa veggina að innan. – Rishæð er óinnréttuð, en gengið frá gluggum. – Steinsteyppt járnbent loft er yfir kjallara. Að utan er húsið ópússað og þak ójárnklætt, en pappi er þegar lagður á það. Gluggar allir eru íkomnir og málaðir að utan. Miðstöð ókomin. Von á henni um næstu áramót. Húsið er brunatryggt fyrir 20 þúsund kr.²⁷⁷

Húsið var virt til brunabóta 17. október 1944 með svofelldri lýsingu: „Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu. Kjallari og ein stofuhæð með miklu risi. Þak bárujárn á timbursúð. Herbergjaskipun: Kjallari 3 herbergi og eldhús ásamt gangi. Öll skilrúm steyppt. Stofuhæð 5 herbergi og gangur. Öll skilrúm steyppt, sömuleiðis gólf, en loft af timbri. Öll gólf dúklögð. Lofthæð, en þó ekki skipt niður í herbergi. Stærð 9 m á lengd, 7,5 m á breidd og 4,9 m á hæð.“²⁷⁸



Íbúðarhúsið í Hnausum í sumarið 2015, en þá voru endurbætur á því nýlega hafnar. (Ljósm. Páll J. Línal.)


Árin 1969-1971 létu hjónin Leifur Sveinbjörnsson og Elna Thomsen gera talsverðar endurbætur og breytingar á húsinu, en yfirsmiður var Einar Guðmundsson húsasmíður. Að verklokum var gefin þessi lýsing á framkvæmdum: „Rishæð hefir verið einangruð og innréttuð, þar þrjú herbergi, og lagðar þar

²⁷⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/122.

²⁷⁸ Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.


hita og raflagnir. Hæðin máluð og frágengin. Á aðalhæð hefir verið innréttað eldhús (en eldhús var áður í kjallaranum) og herbergi lagfærð. Ný útihurð ofl. Kjallari lítillaga lagfærður.²⁷⁹ Allmörgum árum síðar var húsið klætt að utan með járnklæðningu.

Pversnið af húsinu, teikning Stefáns Árnasonar frá 30. ágúst 2015.



Ekki hefur verið búið í húsinu frá árinu 1999 og hafði það þá látið talsvert á sjá vegna viðhaldsleysis. Árið 2013 keyptu húsið, ásamt nokkurri lóð, Sigurður Skúli Bergsson og Þuríður Árnadóttir í Garðabæ. Þau hófu þá fljótlega lítillsháttar endurbætur á húsinu, en síðan gagngera endurgerð þess árið 2015, jafnt að utan sem innan. Húsið er því gjörbreytt frá upprunalegu formi og herbergjaskipan. Meðal annars voru byggðir kvisir með mænispökum á suðvestur- og norðausturhlíðar og útbýgging við suðvesturhlíð með svölum og forstofu

fyrir stofuhæð og baðherbergi í kjallara. Útveggir hafa verið einangraðir að utan með steinull, kjallari inn múrhúðaður og húsið að öðru leyti klætt bárujárn. Þá hefur þak verið endurnýjað og einangrað með steinull. Jafnframt hefur verið skipt um alla glugga og útihurðir, en nýir gluggar eru með áþekku sniði og upphaflega. Fjórum gluggum var bætt við á norðurgafli hússins, en upprunalega voru tveir gluggar í rishæð á norðurgafli. Gert er ráð fyrir að öll pípuögn verði endurnýjuð og allt húsið klætt að innan með panil í gömlu stíl. Baðherbergi í kjallara og á miðhæð verða endurnýjuð, sem og allar innréttingar í húsinu. Trégólf í risi verður látið halda sér, en gólfefni á miðhæð og í kjallara verða endurnýjuð.²⁸⁰



Grunnteikningar af kjallara, stofuhæð og rishæð, gerðar af Stefáni Árnasyni 30. ágúst 2015.

Árið 2015 var leitað til Stefáns Árnasonar, byggingafræðings á Blönduósi, um að mæla upp og teikna húsið, ásamt því að gera verklýsingu að endurbótum á því. Unnið hefur verið að þeim síðan og er verkið komið vel áleiðis, eins og lýst er hér að framan. Yfirumsjón með framkvæmdum er í höndum Magnúasar Haraldssonar húsasmíðameistara, en Húsherji ehf. á Svínavatni hefur annast bárujárn-

²⁷⁹ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/122.

²⁸⁰ Heim. Sigurður Skúli Bergsson 1. apríl 2019.

klæðningu hússins. Endurgerð þess var annars þannig lýst í byggingarlýsingu frá 30. ágúst 2015, sem staðfest var af byggingarfulltrúa 16. mars 2016:

Húsið er kjallari, hæð og rishæð. Undirstaða, útveggir og plata yfir kjallara er steinsteypt. Útveggir eru einangraðir með reiðingi. Ný undirstaða undir viðbyggingu verður steinsteypt. Klæðning á útveggjum og undirstöðu: Kjallari neðan við efri brún á kjallaragluggum verður klæddur með einangrun (steinull 50 mm), sem klædd verður með plötum, t.d. stonflex eða steniplötum. Aðrir útveggir verða einangraðir að utan (100 mm steinull) og klæddir með bárujárni á trégrind. Þak: Bárujárn kemur ofan á tjörupappa (þakhalli 40 gráður), sperrur eru 20 × 223 mm, einangrun 200 mm steinull (þakull) með vindpappa, sem kemur á milli sperra, neðan á sperrur kemur rakavarnarlag 0,2 mm, rafmagnsgrind og klæðning (t.d. panill) að vali húseiganda. Innveggir eru einangraðir með 50 mm seinull. Gluggar og hurðir eru úr tré með K-gleri. Loftbil á milli glerja er 12 mm í föstum körmum, en 9 mm í opnanlegum fögum og hurðum. Lagnir eru hefðbundnar, upphitun er er (rafhitun) í ofnum.²⁸¹



Útlitsteikningar af endurgerðu húsinu að Hnausum I, unnar af Stefáni Árnasyni 30. ágúst 2015.



²⁸¹ Stefán Árnason (2015). Hnausar 1, Húnavatnshreppi. Grunnmyndir, snið og byggingalýsing. Dags. 30. ágúst 2015.



Íbúðarhúsið 10. október 2018, en umtalsverðar endurbætur standa yfir á því að utan. (Ljósmynd. Gunnlaugur Haraldsson.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1942	
Fyrstu eigendur:	Sveinbjörn Jakobsson og Kristín Pálmadóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Sumarhús
Yfirsmiður:	Óþekkt	
Endurbætur:	1969-1971	
Yfirsmiður:	Einar Guðmundsson	
Endurgerving:	Frá 2015	
Hönnun:	Stefán Árnason	
Yfirsmiður:	Magnús Haraldsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/járn	Húsið hefur verið einangrað og klætt með bárujárnri að utan.
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	Þakskeggi hefur verið breytt og það fært mikið út.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Þakið hefur verið endurnýjað og einangrað.
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	Herbergjaskipan í húsinu er breytt.
	Kjallari	Óbreytt	Hefur verið einangraður og múrhúðaður að utan.
	Stærð		9,0 × 7,5 m / 67,5 m ² - 173,4 m ² - 446 m ³ .
	Reykháfur	Óbreytt	Settir hafa verið kvistir með mænispökum á suðvestur- og norð-austurhliðar.
	Kvistur		Í stað þeirra hefur verið reist útbygging með svölum og forstofu fyrir stofuhæð og baðherbergi í kjallara.
	Úttröppur	Horfvar	Upphaflega voru krosspósta gluggar í húsinu. Þeim hafði þó verið breytt áður en endurgerð hússins hófst, en þá voru settir nýir gluggar í húsið með áþekku sniði og upphaflega.
	Gluggar	Breyttir	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Var upphaflega látaust steinsteypuhús í góðum hlutföllum, en er nú gjörbreytt.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur einungis þjónað sem íbúðarhús frá upphafi.

Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið fer vel í landi og myndar áhugaverða samstæðu með nærliggjandi útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur tekið umtalsverðum breytingum við yfirstandandi endurgerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Eftir endurgervingu hússins verður það í ágætu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur nokkurt varðveislugildi, þrátt fyrir miklar breytingar.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki eru lagðar til sérstakar ráðstafanir vegna varðveislu hússins.

Hesthús (2), haughús, mjólkurhús, hlaða og votheysturn

Skammt sunnan við íbúðarhúsið er þyrping steinsteypra útihúsa frá árunum 1944 og 1950, sem mynda áhugaverða og samstæða heild. Um er að ræða tvö *hesthús* (133,7 m² og 28,7 m²), *haughús* (47,7 m²), *mjólkurhús* og *fóðurgeymslu* (47,7 m²), – öll byggð 1944, og *heyhlöðu* (61,6 m²) og *votheysturn* (9,9 m²) frá 1950. Stærra hesthúsið þjónaði sem fjós upphaflega. Húsin virðast vera í þokkalegu ástandi og halda upprunalegu svipmóti. Hliðunni hefur þó verið breytt með því lagi að stórar og vél-gengar dyr hafa verið settar á annan stafn hennar. Húsin hafa verið notuð af eiganda jarðarinnar, Pálma Ellertssyni, bónda á Bjarnastöðum, frá því hann keypti hana 1999. Þau voru steipt í mót, sem Búnaðarsamband Austur-Húnavatnssýslu átti og notuð voru víða í sveitum við byggingu útihúsa.²⁸²



Útihúsin mynda áhugaverða og samstæða heild. (Ljós. Páll J. Línal, 2015.)

Útihús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1944 og 1950		
Fyrsti eigandi:	Sveinbjörn Jakobsson		Upphafleg notkun: Útihús
Hönnun/smíði:	Óþekkt		Núverandi notkun: Húsin eru enn í notkun.
Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

²⁸² Heim. Ellert Pálmason 28. febr. 2019.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefðbundin útihús úr steinsteypu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hafa einvörðungu þjónað hlutverkum sínum.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin mynda snotra og samstæða heild á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin virðast halda upprunalegri gerð sinni að mestu leyti.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast vera í þokkalegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa talsvert varðveislugildi sem heild.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.



Flugsýn yfir íbúðar- og útihús í Hnausum I og II. (www.skra.is / Loftmyndir ehf.)

3.2.5 Hnausar II

Staðhættir og saga

Staðhættum og sögu jarðarinnar er lýst hér að framan, en býlið Hnausar II varð til við skiptingu jarðarinnar 1915. Eftir bæjarbrunann vorið 1942 byggði ábúandi og eigandi jarðarinnar,²⁸³ Magnús Björnsson (1903-1979), steinsteypt íbúðarhús á grunni hins gamla bæjar, örskotslengd frá nýja steinhúsinu í Hnausum I. Magnús keypti Hnausa II 1938 og fluttist þangað vorið eftir. Hann kvæntist 1947 Huldu Magnúsdóttur (1925-1962) og bjó eftir lát hennar með börnum þeirra í Hnausum, nánast til æviloka. Hann brá tímabundið búi 1967 og tók þá við Björn sonur hans og síðan Kristófer,²⁸⁴ sem bjó þar til ársins 1970. Um næstu ár bjuggu þar ýmsir, án hefðbundins búskapar. Ábúendur á jörðinni frá 1980 eru bræðurnir Zóphonías (1931-2019) og Jón Pálmasynir (1930-), sem áður bjuggu á Hjallalandi, en núverandi eigandi er bróðursonur þeirra, Pálmi Ellertsson, bóndi á Bjarnastöðum, sem keypti jörðina 2015 og nýtir hana til búskapar.²⁸⁵



Horft heim að Hnausum I og II í mars 1973. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/122.)

Íbúðarhús

Húsið var byggt árið 1942 eða 1944.²⁸⁶ Ókunnugt er um hönnuð og yfirsmið hússins.²⁸⁷ Það var virt til brunabóta 17. október 1944 með svohljóðandi lýsingu: „Íbúðarhús steinsteypt með járnþaki. Kjallari, ein stofuhæð og nokkurt ris. Í kjallara eru 3 herbergi og gangur með steiptum skilrúmum að einum skilrúmsvegg undanskildum, sem er trjegrand klædd með eldtryggföstu asbesti. Á stofuhæð eru 3 her-



bergi og gangur. Skilrúmsveggir samskonar og í kjallara. Lofthæð er einn geimur til geymslu. Stærð (hússins) 10,3 m á lengd, 4,6 m á breidd og 5 m á hæð. Framhald af kjallara eitt geymsluherbergi með steiptum veggjum og gólfi. Járnþak.“ Stærð þessa húss 2,6 m á lengd, 4,6 m á breidd og 2,5 m á hæð.²⁸⁸

Hnausar II um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

²⁸³ Magnús var sonur Björns Kristóferssonar, bónda í Hnausum.

²⁸⁴ *Húnavaka* 20. árg. 1980, s. 162-163.

²⁸⁵ *Heim*. Ellert Pálmason 28. febr. 2019.

²⁸⁶ *Húnaþing II*, s. 300. Þar er byggingarár hússins talið 1942, en í skýrslu Magnúsar Björnssonar frá 8. apríl 1964 segir hann húsið byggt árið 1944. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/122.

²⁸⁷ Enginn uppdráttur að íbúðarhúsi á Hnausum finnst í teikningasafni Teiknistofu landbúnaðarins.

²⁸⁸ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

Íbúðarhúsið er einlyft steinsteypuhús með kjallara, portlausu risi og mænisþaki, 287 m³ að stærð. Samsíða norðurhlið hússins er áföst viðbygging með hallandi þaki, jafngömum húsinu og 53 m³ að stærð. Í heild sinni er húsið 153,8 m² að gólfleti.²⁸⁹ Ennfremur er sambyggð skúrbygging úr timbri að baki viðbyggingar og önnur lágreist bygging með skúrþaki við austurgafli hússins. Umhverfis það á þrjá vegu er gróskumikill trjágróður. Húsið virðist í flestu tilliti með upphaflegu svipmóti.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1942 (1944)
 Fyrstu eigendur: Magnús Björnsson og Hulda Magnúsdóttir
 Hönnuður: Óþekkt
 Yfirsniður: Óþekkt

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Yngri viðbyggingar eru áfastar húsinu.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		10,3 × 4,6 m / 287 m ³ (ásamt viðbyggingum).
	Reykháfur	Óbreytt	
	Gluggar	Breyttir	Gluggar hafa verið endurnýjaðir og gerð þeirra breytt.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Snoturt steinsteypuhús í góðum hlutföllum.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur einungis þjónað sem íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sómir sér vel á bæjarstæðinu ásamt þyrpingu útihúsa.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist að mestu leyti halda upprunalegri gerð og ásýnd.
Tæknilegt ástand:	Gott	Virðist í ágætu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Varðveislugildi hússins er í góðu meðallagi vegna framanritaðs.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

²⁸⁹ Húnaþing II, s. 300; www.skra.is.



Útihússamstæðan í Hnausum II í mars 1973. Næst er fjós, byggt í tvennu lagi, þ.e. 1964 (t.v.) og 1950 (ásamt haughúsi), en áfast því er mjólkurhús og fjóðurbætisgeymsla. Á bak við fjósið eru tvær heyhlöður, sú yngri (byggð 1964) til vinstri og sú eldri (byggð 1949) fyrir miðri mynd. Við enda hennar er hesthús í hvarfi við mjólkurhúsið. Fjær stendur eitt af fjórum (nú þremur), samstæðum og 80 kindu fjárhúsum, sem byggð voru 1953. (Pl. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/122.)


Hlaða, votheysgryfja, fjós og haughús

Skammt norðvestur af íbúðarhúsinu er þyrping steinsteypra og sambyggðra gripahúsa, sem byggð voru á árunum 1949-1980. Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 eru elstu húsin *hlaða* (91,9 m²) og *vot-heysgryfja* (9,7 m²) frá 1949, *fjós* fyrir 22 nautgripi (142,8 m²) og *haughús* (52,2 m²) frá 1950. Yngri hús eru samstæð *fjárhús* (194,2 m²), sem byggð voru 1953 og snúa þremur stöfnum að þjóðvegi, svo og *hlaða* með *súgburrkunarhúsi* frá 1964 og *mjólkurhús* frá 1980.



Í virðingargjörð frá 9. september 1951 var gefin nákvæm lýsing á þeim útihúsum, sem byggð voru árin 1949 og 1950 skv. teikningum frá Teiknistofu landbúnaðarins. Yfirsmiður var Sveinn S. Ásmundsson (1909-1966) byggingarmeistari, en Magnús Björnsson bóndi starfaði með honum að byggingu húsa. Árið 1949 voru byggð þessi hús: *Hlaða* (um 800 hb.) 17,5 m á lengd, 5,5 m á breidd, vegg hæð 5 m og þakhæð 6,2 m. *Haughús* 10,2 m á lengd, 4,13 m á breidd og vegg hæð 1,7 m. *Þvaggryfja* 3,4 m á lengd, 4,13 m á breidd og vegg hæð 1,7 m. Árið 1950 var bætt við þessum húsum: Tvær *votheysgryfjur* 6,45 m á lengd, 3,18 m á breidd og vegg hæð 4,5 m, innbyggðar í vesturenda hlöðunnar. *Fjós* yfir 14

kýr 17,5 m á lengd, 5,0 m á breidd og vegg hæð 2,82 m, en fjósið var síðan stækkað verulega árið 1964. Byggingunum var að öðru leyti þannig lýst: „Veggir allir steinsteyptir, kústaðir og hvíttaðir. Járnpak nema á haughúsi og þvaggryfju, sem er alsteypt. Útveggir á fjósi steypdir. Tvöfaldir með torfstoppi. Pak fjóss stoppað með torfi og asbest innan á. Milligerðir og jötur úr timbri.“²⁹⁰



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins, gerður í maí 1948, að útihúsum á Hnausum II. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BD/10, nr. 282.)

Útihús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1949 og 1950	Upphafleg notkun:	Hlaða, votheysgryfja, fjós og haughús
Fyrsti eigandi:	Magnús Björnsson	Núverandi notkun:	Húsin eru nýtt til búskapar.
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins		
Yfirsmiður:	Sveinn S. Ásmundsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Byggingarefni:	Steinsteypa	Óbreytt	
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænispök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefðbundin útihús úr steinsteypu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hafa einvörðungu þjónað hlutverki sínu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin mynda snotra og samstæða heild á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin virðast halda upprunalegri gerð sinni að mestu leyti.
Tæknilegt ástand:	Miðlung	Húsin virðast vera í þokkalegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlung	Húsin hafa talsvert varðveislugildi sem heild.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

²⁹⁰ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/122.

3.2.6 Hjallaland

Staðhættir og saga

Til forna var Hjallaland hjáleiga frá landnámsbýlinu Grund undir Felli, sem var bústaður Jörundar háls Þórissonar. Hjallaland varð síðan að höfuðbóli í tímans rás og ein besta heyskaparjörð dalsins en



Grund varð kotbýli og fékk heitið Grundarkot. Sá bær fór í eyði nærri aldamótum 1900. Samkv. *Vatnsdæla sögu* bjó á Hjallalandi Þorgrímur skinnhúfa, sem var „fjöl-kunnigur mjög og þó að öðru illa“. Bænhús var á Hjallalandi á miðöldum, en öll ummerki þess eru löngu horfin. Var þá kirkja á Másstöðum, sem tók af í snjóflóði um páska 1811 og var ekki endurreist.²⁹¹

Túnakort Hjallalands 1919. Hannes Jónsson. Glögg má sjá túngarð Jósefs Einarssonar og íbúðarhúsið, norðarlega í túninu, fyrir enda heimreiðarinnar.

Hjallaland er fremsta jörð í Sveinsstaðahreppi austan Vatnsdalsár og undir vesturhlíðum Vatnsdalsfjalls, þar sem Jörundarfell rís upp af bænum í 1038 m hæð. Bærinn stendur á firnamiklum skriðuvæng, sem hefur að mestu runnið fram úr gili, nokkru utar en upp af miðju túni. Þarna hefur löngum verið mjög skriðuhætt og skriðuhlaup valdið skemmdum á jörðinni, svo sem árin 1611 og 1713,²⁹² auk þess sem greint er frá því í Lögmannsannál, að bæinn hafi tekið af í miklu aurflóði haustið 1389 eða 1390.²⁹³



Hjallaland var fyrrum klausturjörð, en komst í bændaeygn snemma á 19. öld og hefur síðan verið í eigu sömu ættar.²⁹⁴ Ábúendur þar á ofanverðri 19. öld og fram yfir aldamótin voru Guðrún Þorgrímsdóttir (1835-1924) og Jósef Einarsson (1839-1916). Hann var „hið mesta afarmenni og ferlegur í útliti, [...] hár maður vexti, þrekinn sem tröll og rammur að afli“. Á árunum 1870-1875 hlóð hann geysimikinn garð úr stórgrýti um túnið á þrjá vegu (norðan, austan og sunnan), hátt í 700 m langan, en austasta kvísl Vatnsdalsár heldur að túninu vestanverðu (sjá túnakort). Í miðjum garði, beint upp af bænum, er bjarg mikið með ártalinu 1875, sem markar að sögn verklok garðhleðslunnar.²⁹⁵ Ennfrem-

²⁹¹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 230-231; *Húnaþing II*, s. 291 og 303; Jón Torfason (2007), s. 63-64; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 226; *Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal*, 2002/8, s. 23-25.

²⁹² Jón Torfason (2006); Jón Torfason (2007), s. 63-64.

²⁹³ *Húnaþing II*, s. 303; Þormóður Sveinsson (1959), s. 159.

²⁹⁴ *Húnaþing II*, s. 303; Páll V. G. Kolka (1950), s. 231-235; *Heim*. Sigríður Hermannsdóttir 18. mars 2019.


²⁹⁵ Páll V. G. Kolka (1950), s. 232; Jón Torfason (2007), s. 64; *Fornleifaskráning [...]*, 2002/8.

ur byggði Jósef upp öll hús á Hjallalandi og „ekki kotungslega“, þar á meðal íbúðarhúsið 1881-1882. Lengi stóðu heyllöður Jósefs, fjórar eða fimm talsins, sem allar voru „grafnar mikið í jörð og hlaðnar meira en mannhæðarhátt úr stórum hellum og steinbjörgum“, sem Jósef safnaði að sér, - „jafnvel í annarra manna löndum og hinum megin í dalnum“, og lét draga heim á vetrum.²⁹⁶

Eftir lát Jósefs árið 1916 bjó ekkjan, Guðrún Þorgrímsdóttir, áfram á Hjallalandi til æviloka (d. 1924) ásamt dóttur sinni, Jórinni Jósefsdóttur, sem bjó þar til dauðadags (d. 1927). Jórinn arfleiddi Þuríði Sæmundsen á Blönduósi af jörðinni. Frá 1927 til 1955 bjó þar Einar Sigurðsson (1877-1962) og síðan bræðurnir Jón og Zophónías Pálmasonir, sem bjuggu á Hjallalandi ásamt ráðskonu sinni og móður-systur, Oddnýju Jónsdóttur (1902-1989), frá 1955 til 1980, er þau fluttu að Hnausum II.²⁹⁷ Núverandi eigendur og ábúendur eru Sigríður Hermannsdóttir og Einar Svavarsson, sem búið hafa á Hjallalandi frá vori 1980.

Íbúðarhús

Íbúðarhúsið er úr timbri og byggt á árunum 1881-1882²⁹⁸ sem torfklætt timburhús „með þykkum kömpum úr torfi og grjóti, er síðar voru rifnir og húsið þá járnklætt. Þar eru viðir mjög sterkir, hátt til lofts og vítt til veggja, eftir því sem þá gerðist, og forstofa mikil, er inn er gengið“.²⁹⁹ Um þetta fram-tak Jósefs Einarssonar segir á öðrum stað: „Íbúðarhús lét hann byggja úr stórviðum, svo rammgjört að þess munu fá dæmi. Einnig var húsið mun stærra og betur lýst en áður hafði tíðkæzt á sveitabýlum.



Undir húsinu var hlaðinn kjallari úr stórgrýti með sérinngangi og ofan á hæð með „porti“. Herbergjaskipun var og öll hin vistlegasta.“³⁰⁰

Íbúðarhúsið á Hjallalandi var byggt 1881-1882. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1048.)



Fyrir á jörðinni voru þá gömul bæjarhús, sem þannig var lýst 28. febrúar 1882: „Baðstofa, portbyggð í 5 stafgólfum alþiljuð uppi en ekki niðri, búr, eldhús, bæjardyr með lofti, skáli til geymslu og portbyggð stofa norður úr bæjardyrnum alþiljuð og með skrálæstri hurð, skemma í 2 stafgólfum og smiðja nýbyggð. Öll þessi bæjarhús eru gömul og sum orðin fornfáleg.“³⁰¹

Hjallaland um 1975. Útihúsin sunnan við bæinn eru nú horfin, en í forgrunni sést hluti af þeim grjótgarði, sem Jósef Einarsson hlóð umhverfis heimatúnið. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Húsið á Hjallalandi er meðal elstu timburhúsa til sveita á Norðurlandi, en ögn yngra en hið altimbraða íbúðarhús á Kornsa, sem byggt var

1879-1881 (sjá kafla 3.1.18). Húsin eru jafnframt elstu varðveittu timburíbúðarhúsin í Húnavatns-

²⁹⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 232-233; *Húnavaka* 8. árg. 1968, s. 21-22.

²⁹⁷ *Húnavaka* 30. árg. 1990, s. 207-208; *Morgunblaðið* 76. árg., 29. tbl., 4. febr. 1989, s. 37; *Heim*. Sigríður Hermannsdóttir 18. mars 2019.

²⁹⁸ *Ópr. heim. Mí.* Þorsteinn Gunnarsson (1993), s. 1. Byggingarár þess er skráð 1881 í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018, en ranglega sagt 1883 í *Húnaþingi* II, s. 303.

²⁹⁹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 232.

³⁰⁰ *Húnavaka* 8. árg. 1968, s. 21.

³⁰¹ *Heim*. Sigríður Hermannsdóttir 18. mars 2019, skv. úttekt nr. 911-1882.

hreppi, ásamt húsinu á Þingeyrum, sem að stofni til kann þó að vera talsvert eldra (sjá kafla 3.2.16).



Húsin á Kornsó og Hjallalandi eru bæði af svo- nefndri „dansk-íslenskugerð yngri“, skv. flokkun Harðar Ágústssonar,³⁰² en eru að mörgu leyti mjög ólík að gerð og formi, enda var Hjallalandshúsið upphaflega byggt „með torfveggjum og torfpaki en stöfnum af timbri“. Upprunalegar gerðar þess að utanverðu sér hins vegar ekki lengur stað nema að litlu leyti.³⁰³ Í því formi var húsið, skv. greiningu Harðar Ágústssonar, dæmigert *framhús* af svokall- aðri *Marbælisgerð*, þar sem upphaflegir torfveggir véku smám saman fyrir timburþiljum „uns laupur torfbæjarins sprengdi smátt og smátt moldirnar af sér og altimburhús stóðu að lokum eftir á hlaði“.³⁰⁴

Svipmyndir frá Hjallalandi sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Húsið á Hjallalandi var byggt af Jóni Brandssyni (1823-1911) trésmiði, sem kom að Hjallalandi frá Hofsseli á Skagaströnd árið 1881 og dvaldi þar fram á næsta ár.³⁰⁵ Jón var Skagfirðingur að uppruna, en dvaldi frá unglingsárum á ýmsum bæjum í Austur- Húnavatnssýslu, í fyrstu ýmist sem vinnumaður eða húsmaður, en á árunum 1851-1857 sem bóndi á Stóru-Giljá og Þorbrandsstöðum í Langadal. Eftir það hafði hann framfæri sitt af trésmíðum og „söng gjarnan við vinnu sína“. Hann vann m.a. eitthvað að smíði Svínavatnskirkju 1880-1881, en frá 1890 til æviloka var hann til heimilis hjá Bjarna syni sínum, síðast í Brekkukoti í Þingi.³⁰⁶

Ekki er ólíklegt, að fleiri trésmiðir hafi komið að smíði hússins á Hjallalandi, þótt um það séu ekki kunnar heimildir. Eins verður ekki fullyrt, hvort Jón hafi verið forsmiður eða hönnuður þess. Svohljóð- andi lýsing var gerð á húsinu á 28. febrúar 1882:

Á næstliðnu sumri var byggt nýtt íbúðarhús með torf- veggjum og torfpaki en stöfnum af timbri. Hús þetta, sem nú er verið að smíða að innan, er 18 ál. að lengd og 12 ál. á breidd og kjallari undir því öllu að lengd 16 ál. og breidd 11 ál., á hæð 3½ al. og allur hlaðinn upp vel og traustlega af íslensku grjóti. Kvistur er á húsinu að breidd 5 ál. 18 þ. Forstofa að lengd 3½ al. og breidd 5 ál. 18 þ. en þar í eru afþiljaðir til beggja hliða fataskápar.

Hæð undir lopt eru 3 ál. 19 þ. Í suðurenda hússins eru niðri 2 herbergi, hið vestara 7 ál. 5 þ. að lengd og 5 ál. 18 þ. að breidd, hið austara 5½ al. að lengd og 5 ál. 9 þ. að breidd. Í norðurenda verða og 2

³⁰² Hörður Ágústsson (2000 II), s. 316 og 357.


³⁰³ *Ópr. heim. MÍ.* Þorsteinn Gunnarsson (1993), s. 2-3.

³⁰⁴ Hörður Ágústsson (2000 I), s. 47.

³⁰⁵ *ÞÍ.* Prestþjónustubók Undirfellssóknar.

³⁰⁶ *Skagfirzkar æviskrár. Tímabilið 180-1890.* VI. bindi, s. 147-148; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 202.

herbergi, hið vestara 5 ál. 18 þ. að lengd og eins að breidd, hið austara að lengd 3 ál. 18 þ. og breidd 5 ál. 9 þ. Í miðju húsinu austanverðu gagnvart forstofunni að vestan verður og herbergi að lengd 6 ál. og breidd 5 ál. og 9 þ. Uppi á loftinu er kvistherbergi 7½ al. að lengd, 5 ál. 18 þ. að breidd og í suðurenda á loftinu eitt herbergi í miðju, að lengd 5 ál. og breidd 4 ál. 6 þ. og sitt hús til hvarrar hliðar 3½ al. að lengd og eins að breidd.³⁰⁷



Húsið á Hjallalandi. Að ofan: Grunnmynd af kjallara og þversnið. Að neðan: Grunnmyndir af stofuhæð og risi. Mælt og teiknað af Þorsteini Gunnarssyni arkitekt í júlí 1985.

Húsið á Hjallalandi er á steinhlöðnum kjallara, einlyft með portbyggðu risi og mænispaki, hárrí útbyggingu eða framskoti með kvisti eða rispaki fyrir miðri vesturhlið og litlum kvistglugga að austanverðu. Húsið er samtals 271,9 m² að gólfleti og 580 m³. Árið 1910 var húsinu reyndar lýst sem torfklæddu timburhúsi með þessum orðum: „Eitt torfhús, 18 × 12 álnir, með 2 stafnpiljum og hliðarpili framan við kvist og hlöðnum grjótkjallara undir öllu húsinu.“ Árið 1916 var húsið sagt „mikil bygging og sterkleg, en gömul“. Peningshús voru þá „flest mjög góð og rúma: 10 nautgripi, 310 fjár og 50-60 hross. Ennfremur 5 heylhöður yfir 1100 hesta heys með vönduðum grjótkjöllum.“

³⁰⁷ Ópr. heim. MÍ. Þorsteinn Gunnarsson (1993), s. 2.

Ekkert var minnst á torfveggi hússins árið 1930, svo að væntanlega höfðu þeir þá verið fjarlægðir og húsið allt bárujárnsklætt. Húsinu var annars þannig lýst: „Íbúðarhús úr timbri, járnvarið, 11,30 × 7,55 m. Ein hæð og grjóthlaðinn kjallari. Loft með kvisti og 0,65 m porti. Önnur bæjarhús eru eldhús og geymsluhús úr torfi.“ Fjórum árum síðar, þ.e. 25. október 1934, var húsið metið til brunatryggingar og svofelld lýsing gefin á því:³⁰⁸ „Timburhús (11,5 × 7,7 × 3,5 m) járnklætt með járnþaki með hlöðnum



kjallara undir. Með áföstum skúr með kvisti yfir (4,1 × 2,2 × 4,5 m). Kjallari, hæð 2,1 metri, 4 herbergi og gangur. Á stofuhæð eru 5 herbergi og gangur. Á lofti eru 7 herbergi og gangur. Tveir steyptir reykháfar eru á húsinu. Í sambandi við þá eru 2 eldavjelar og 1 ofn.“

Hjallaland sumarið 1985. (Ljósmynd. Þorsteinn Gunnarsson.)

Nánari lýsing var gefin 1940: „Íbúðarhús úr timbri, járnvarið, ein hæð, grjóthlaðinn kjallari. Loft með kvisti og 0,65 m porti. Stærð 11 × 7,7 m. Veggahæð frá kjallara 3,3

m. Rishæð 2,2 m = 373 m³. Í kjallara eru 5 herbergi, timburskilrúm, torfgólf, hæð 2,3 m. Á stofuhæð eru 5 herbergi, stigagangur og anddyri, klæðaskápar alþiljaðir sinn hvoru megin anddyra. Öll herbergi ómáluð. Kjallari 172 m³. Á lofti eru 3 herbergi í hvorum enda, svo miðloft og kvistherbergi. Loft-hæð 2,1 m. Hanabjálkaloft í efra risi, 0,8 m á hæð til geymslu. Útbygging við inngang, 40 m³.“ Ennfremur var *hlóðaeldhús* úr torfi og grjóti með torfþaki, 5 × 2,5 × 2 m í mitt ris, 25 m³.



„Allar klæðningar ásamt innansmiði og frágangi, hurðum og dyraföldum eru upprunalegar og ómálaðar.“ (Ljósmynd. Þorsteinn Gunnarsson, júlí 1985)

Árið 1940 voru á jörðinni eftirtalin útihús, öll hlaðin úr torfi og grjóti, ýmist með torfþekju eða járnþaki undir torfi: *Fjós* fyrir 9 kýr, *brunnhús* yfir 20 álna djúpan, grjóthlaðinn brunn, 4 *hesthús* fyrir 70 hross, 6 samstæð *fjárhús* fyrir 310 fjár, 5 *heyhlöður* með grjótkjallara. Öll þessi hús eru löngu horfin af yfirborði, en þar af fauk fjárhús í miklu óveðri í apríl 1987.

Gamla íbúðarhúsið á Hjallalandi er meðal elstu og merkustu bygginga í Húnavatnshreppi, svo að árið 1984 var óskað eftir því að húsið yrði friðað í A-flokki skv. þágildandi lögum.³⁰⁹ Af því varð þó ekki, en árið eftir varð að ráði, fyrir tilstuðlan Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar, að Magdalena Sæmundsen, Sigríður Hermannsdóttir og Einar Svavarsson leituðu til Þorsteins Gunnarssonar arkitekts að mæla

³⁰⁸ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

³⁰⁹ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1984, s. 205.


upp og teikna húsið. Það verk vann Þorsteinn í júlí 1985 og samdi frumdrög að lýsingu á húsinu, en endanleg gerð hennar var frágengin í ágúst 1993.³¹⁰ Lýsing Þorsteins Gunnarssonar á húsinu hljóðar svo:

Undir húsinu er hlaðinn kjallari. Í hann er gengið að vestan um sex metra löng göng. Fyrir göngum eru dyr á 1.5 m háum og 14 m löngum grjótgarði framan við húsið. Garður, göng og kjallari eru hlaðin úr ólímdu holtagrjóti, hið vandaðasta mannvirki í öndverðu og hefur ekki látið á sjá.

Húsið er vel viðað og traustbyggt. Aurstokkar eru úr 6 × 7" trjám og settir saman með hakastalli. Upphaflegir torfkampar hafa verið teknir ofan og nú er húsið allt járnvarið utan. Það er 11.44 m að lengd og 7.67 m á breidd. Framan við útidyr á miðri vesturhlið hefur verið byggður tvílyftur skúr með rispaki, 4.09 m að lengd og 2.22 m á breidd. Húsið mun vera 580 m³. Útidyr eru á framhlið skúrs. Á húsinu eru 19 gluggar, sex á hvorum stafni, einn á miðri austurhlið, tveir á vesturhlið og fjórir á skúr. Auk þess er kvistgluggi austanmegin á þakinu og fimm kjallaragluggar. Þakviðir eru ýmist skeyttir með toppum í spor eða blöðun og boltum, og styrktir með vindböndum norðan og sunnan. Útveggir eru einangraðir með reiðingi en þak með hefilspænum að nokkru auk þess sem ráða má af líkum að þar sé torf á milli laga.

Gólf eru gerð af 7 – 8" plægðum borðum og öll upprunaleg. Stigi í forstofu er dæmi um heimasníðað fágæti. Loft eru víðast með sýnilegum bitum, í suðausturstofu eru bitar fóðraðir en í suðvesturstofu klætt undir þá. Veggir eru klæddir innan plægðum viði með brjóstþili í suðurstofum. Á lofti er sýnileg skarsúð ofan á sperrum. Allar klæðningar ásamt innansníði og frágangi, hurðum og dyraföldum eru upprunalegar og ómálaðar. Má það heita einstakt.

Í kjallara eru leifar af fornu þili. Á lofti eru tvær hurðir, líklega frá 18. öld, og auk þeirra fjórar litlar hurðir úr eldra húsi. Þar er og gamalt borð. Þá er gamall kirkjubekkur, sagður úr Undirfellskirkju, í stofu.



Hurð á lofti, sennilega frá 18. öld, handrið og þakfrágangur. (Ljós. Þorsteinn Gunnarsson, júlí 1985.)

Í greinargerð sinni lagði Þorsteinn mat á byggingarsögulegt gildi hússins og setti fram stefnumótun um varðveislu þess með eftirfarandi hætti:

Húsið á Hjallalandi hefur mikið byggingarsögulegt gildi. Mannvirkjagerð Jóseps Einarssonar þótti í frásögu færandi á sinni tíð og enn vekur hún athygli rúmum hundrað árum síðar. Upprunaleg gerð hússins er sérstæð. Utan húss sér hennar reyndar ekki stað nema í litlu. Þeim mun athyglisverðara má það teljast hversu óspjölluð og upprunaleg öll innri gerð hússins er, og á það jafnt við um gólf, veggir og loft sem hurðir og dyrafalda. Húsið er ekki friðað skv. þjóðminjalögum. Engu að síður er full ástæða til að fara að með hinni mestu gát þegar ráðist verður í endurbætur á húsinu svo að hvorki skerðist minjagildi þess né byggingarlistrænt gildi.

Langur tími leið þó þar til ráðist var í endurbætur á húsinu, en þó var gert við þakið og járnklæðning endurnýjuð árið 1990. Árið 2011 hófust húseigendur handa við gagngerar endurbætur á húsinu að utan undir leiðsögn Nikulásar Más Úlfarssonar arkitekts, þar sem m.a. var skipt um glugga og báru-

³¹⁰ Ópr. heim. MÍ. Þorsteinn Gunnarsson (1993). *Húsið á Hjallalandi, Vatnsdal*. Skoðunargerð júlí 1985. Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, ágúst 1993.

járnsklæðning endurnýjuð. Þessar umbætur eru þær mestu, sem gerðar hafa verið á húsinu frá upphafi.³¹¹ Viðgerðum var formlega lokið þann 2. ágúst 2012 og var þannig lýst af Bjarka Kristjánssyni, húsasmíðameistara á Svínavatni, sem annaðist framkvæmdir (Húsherji ehf.):

Í dag er að ljúka endurbótum á þessu stórmerkilega húsi. Þetta verk hófst í fyrrasumar með því að endurnýjuð var klæðning á suður- og hluta af vesturhlið hússins. Verkið var unnið þannig, að rífið var af veggjum bárujárn og timburklæðning, fjarlægður reiðingur og allt hreinsað. Þegar þetta var búið var gert við fúa, sem var ótrúlega lítill miðað við aldur hússins. Það efni, sem notað var til viðgerðanna, var rekaviður frá Vigni á Höfnum, sem hann sagaði í umbeðnar stærðir. Því næst var sett rakavarnarlag úr plasti, sem var sniðið og kittað í hvert bil, sem svo var fest með trélistum. Notað var 125 mm þilull til einangrunar og húsið svo stífað með gatagirði, 2 x 40 mm 4 kross á hvern vegg. Því næst voru veggirnir klæddir með timbri, 1 x 6". Allir gluggar voru smíðaðir eftir upphaflegum gluggum á verkstæðinu á Svínavatni, og eftir að Einar bóndi hafði málað þá af kostgæfni voru þeir glerjaðir og settir í húsið. Áður en veggir voru klæddir með bárujárni var settur vindpappi. Bárujárnið var neglt á með kambsaum með demantshaus. Þakkantur og vindskeiðar voru tekin niður með varúð og notað áfram það sem heillegt var, en annað smíðað. Áður en þakkantur var settur upp var lagfærð öndun í þaki og sett öndunarrör með neti, eitt í hvert sperrubil, en skipt hafði verið um þakjárn og þakið einangrað með 8" þakull árið 1990. Þegar allt járn var komið á vegg var bara eftir að setja gerekti á gluggana, en þau voru öll nýsmíðuð. Ákveðið var að leggja drenrör ofan við húsið til að veita jarðvatni og vatni úr þakrennuniðurföllum fram fyrir húsið.³¹²



Gamla íbúðarhúsið 10. október 2018. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

³¹¹ Heim. Sigríður Hermannsdóttir 18. mars 2019.

³¹² Heim. Sigríður Hermannsdóttir 18. mars 2019.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1881-1882
Fyrstu eigendur: Jósef Einarsson og Guðrún Þorgrímsdóttir
Smiður: Jón Brandsson
Uppmæling 1985: Þorsteinn Gunnarsson
Viðgerð 2011-12: Bjarki Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Timbur/torf	Timbur/járn
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Pappi/torf	Pappi/járn
Undirstaða:	Grjóthlaðin	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Portbyggt ris	Óbreytt
	Kjallari	Óbreytt
	Stærð	
	Framskot m/kvisti	Óbreytt
	Kvistur	Óbreytt
	Reykháfur	Óbreytt
	Gluggar	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Gagngerar endurbætur voru gerðar á útveggjum 2011-2012.

Þakið var einangrað og skipt um bárujárn 1990.

Undir öllu húsinu er grjóthlaðinn kjallari.

11,44 × 7,67 m / 271,9 m² - 580 m³.

4,09 × 2,22 m (tvílyftur skúr með risþaki).

Lítill kvistur er á austurhlið.

Allir gluggar voru endurnýjaðir í upprunalegri mynd 2011-2012.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Formfagurt timburhús á grjóthlöðnum kjallara. Var upphaflega með torfþaki og torfveggjum að hluta.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er meðal elstu timburíbúðarhúsa í Húnavatnshreppi og eitt fárra húsa Björns Jóhannssonar, sem nú eru varðveitt.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er afar reisulegt og setur sterkan svip á umhverfið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Við endurgerð að utan hefur upprunaleg gerð og ásýnd hússins verið varðveitt af fremsta megni, svo sem gluggagerð þess. Öll innri gerð hússins er óspjölluð og upprunaleg.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið var endurgert að utan 2011-2012 og er því í ágætu standi.
Varðveislugildi:	Hátt	Hefur mikið varðveislugildi samkvæmt framantöldum þáttum.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3.2.7 Helgavatn

Staðhættir og saga


Helgavatn er fremsta jörð í Sveinsstaðahreppi í vestanverðum Vatnsdal og kennd við samnefnt vatn, sem markaði landnámsmörk Ingimundar gamla að vestan. Jörðin er fornþýli og getur hennar í *Vatnsdæla sögu*, en að sumra mati er talið að hún hafi upphaflega heitið Sleggjustaðir. Hún var fyrrum Þingeyraklaustursjörð, en í bændaeign frá byrjun 20. aldar. Bærinn stendur neðan Vatnsdalsvegar, á hólbarði sem gengur austur úr Vatnsdalshálsinum og niður undir Helgavatnið.³¹³



Túnakort Helgavatns 1919. Hannes Jónsson. Gamli torfbærinn er við enda heimreiðar, kálgarður suðaustan við bæinn og útihúsin suðvestan við hann og nær hlíðinni. Nýja steinhúsið var byggt örskammt vestan við gamla bæinn og norðan við heimreiðina.

Túnakort Helgavatns 1919. Hannes Jónsson. Gamli torfbærinn er við enda heimreiðar, kálgarður suðaustan við bæinn og útihúsin suðvestan við hann og nær hlíðinni. Nýja steinhúsið var byggt örskammt vestan við gamla bæinn og norðan við heimreiðina.

Ábúendur á Helgavatni í byrjun síðustu aldar voru hjónin Jón Jónsson (1858-1934) og Guðrún Þorsteinsdóttir (1865-1951), sem bjuggu þar til ársins 1911. Þá keyptu jörðina hjónin Signý Böðvarsdóttir (1879-1961) og Eðvarð Hallgrímsson (1883-1962), sem bjuggu þar til 1947 og síðustu 10 árin í sambýli við son sinn og tengdadóttur, Hallgrím Eðvarðsson (1913-2000) og Þorbjörgu Bergmann Jónasdóttur (1917-2005). Þau létu af búskap 1987, en við jörðinni tóku að fullu Jónas (1945-1992) sonur þeirra og Sigurlaug H. Maronsdóttir (1951-), sem bjuggu á Helgavatni þar til hann lést 1992.³¹⁴ Síðan hafa búið á jörðinni Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Valur Njáll Magnússon.



Íbúðarhúsið á Helgavatni var byggt 1929-1930. Myndin var tekin fáum árum síðar. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1045.) Yfir viðbyggingu íbúðarhússins (með skúrþaki) grillir í gamla bæinn, sem stóð austan við nýja húsið. Torfhúsin, norðaustan við íbúðarhúsið, eru gömul smiðja og fjóshlaða, en austan við hana stóð fjósið og lengst til vinstri var skemma. Fjósið var stækkað til suðurs um 1950 og um 1941-1943 var sett upp vindrafstöð austur af viðbyggingunni við íbúðarhúsið. Smiðjan og skemman voru rifin um 1953/54, en gamla fjósið, fjóshlaðan, votheysgryfja og forn öskuhaugur voru jöfnuð út árið 1965, ásamt því að vindrafstöðin var rifin.³¹⁵

Íbúðarhúsið á Helgavatni var byggt 1929-1930. Myndin var tekin fáum árum síðar. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1045.) Yfir viðbyggingu íbúðarhússins (með skúrþaki) grillir í gamla bæinn, sem stóð austan við nýja húsið. Torfhúsin, norðaustan við íbúðarhúsið, eru gömul smiðja og fjóshlaða, en austan við hana stóð fjósið og lengst til vinstri var skemma. Fjósið var stækkað til suðurs um 1950 og um 1941-1943 var sett upp vindrafstöð austur af viðbyggingunni við íbúðarhúsið. Smiðjan og skemman voru rifin um 1953/54, en gamla fjósið, fjóshlaðan, votheysgryfja og forn öskuhaugur voru jöfnuð út árið 1965, ásamt því að vindrafstöðin var rifin.³¹⁵

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var bæjarhúsum á Helgavatni lýst þannig: „Torfbær í tveimur röðum með einu stafnþili og timburstofu að auki.“ Húsin stóðu a.m.k. fram yfir 1930 og voru þessi um 1916: „Bæjarhús og geymslúhús úr torfi og timbri, flest gömul, en sum all-góð. Peningshús í svipuðu ástandi.“ Síðast var þessi lýsing gefin 1930, þegar nýja íbúðarhúsið var í byggingu: „Bær úr torfi og timbri, stafn að baðstofu steypdur. Önnur bæjarhús: skemma, hjallur, smiðja og eldiviðarhús.“ Upplýst var 6. janúar 1932,

³¹³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 267-269; *Húnaþing II*, s. 304; *Húnaþing III*, s. 312; Jón Torfason (2007), s. 35; Jón Torfason (2006).

³¹⁴ *Morgunblaðið* 49. árg., 237. tbl., 24. okt. 1962, s. 17; *Húnavaka* 33. árg. 1993, s. 163-164; 41. árg. 2001, s. 197-198; 46. árg. 2006, s. 178-179.

³¹⁵ *Heim*. Eðvarð S. Hallgrímsson 3. febr. 2019.

að þá væri búið að rífa öll þessi hús.³¹⁶ Það stenst þó ekki, því að enn stóðu nokkur torfhús norðan við nýja íbúðarhúsið um 1940 og sum reyndar talsvert lengur (sjá síðar og myndatexta hér að framan).



Helgavatn um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús

Árin 1929-1930 létu Eðvarð Hallgrímsson og Signý Böðvarsdóttir byggja nýtt íbúðarhús úr steinsteypu, örskammt vestan við gamla torfbæinn. Teikningar gerði Jónas B. Bergmann (1876-1952), trésmiður á Marðarnúpi, sem var jafnframt yfirsmiður hússins. Framkvæmdum var ekki lokið eða húsið talið matshæft, þegar undirmatsnefnd tók út gömlu bæjarhúsin árið

1930, svo að hinn 22. desember 1931 fól sýslumaður Magnúsi Jónssyni, hreppstjóra á Sveinsstöðum, og Jónasi Björnssyni á Hólabaki, úttektarmanni hreppsins, að meta til skatts hið nýbyggða hús og gerðu þeir svofellda úttekt á því 6. janúar 1932:

Húsið er byggt úr steinsteypu með einföldum steinveggjum, en allir útveggir þiljaðir að innanverðu. Kjallari er undir því öllu. Stofuhæð með 3 herbergjum og forstofu og portbyggt loft yfir með 4 herbergjum. Stærð hússins að utanmáli er 8 × 7,50 metr. Steinsteypdur geymsluskúr er byggður áfastur við norðurgafi hússins, 3,75 × 7,50 metr. að stærð með kjallara og einni hæð. Miðstöðvarhitun er í húsinu og vatnsleiðsla og skólprenna út úr því. Húsið er yfirleitt vel vandað að frágangi öllum.³¹⁷

Tveimur árum síðar, eða 15. október 1934, var húsið metið vegna brunatryggingar.³¹⁸ Stærðarmál þess voru: Lengd 11,75 m, breidd 7,50 m og hæð 5,60 m. „Húsið er byggt úr steinsteypu með steypum skilrúmum í kjallara og stofuhæð. Útveggir klæddir timbri að innan og timburskilrúm á annarri hæð. (Timburloft.) Loft og gólf úr timbri nema í kjallara. Eldhús í kjallara og miðstöðvarhitun. Herbergjaskipan: Í kjallara 5 herbergi og geymsla. Á stofuhæð 5 herbergi og forstofa. Á annarri hæð 3 svefnherbergi og geymsla. Auk þessa er hanabjálkaloft sem notað er til geymslu.“ Eins má nefna, að í úttektunum er þess ekki getið, að í baðherbergi í kjallara var sett upp emilerað baðkar ásamt handlaug og salernisskál úr postulíni, sem þótti þá mikil nýlunda í sveitinni.³¹⁹



Önnur og nákvæmari lýsing var gefin 1940: „Steinhús, kjallari, ein hæð og loft með porti. Stærð 8,2 × 7,9 m. Kjallari: hæð 2,3 m. Þar 4 herbergi, eitt þeirra eldhús með timburgólfi, málað. Skilrúm steypd og gólf í 3 herbergjum. Stofuhæð: hæð 2,5 m. Þrjú herbergi og stigagangur á loft. Öll máluð nema

³¹⁶ ÞÍ. Fasteignamat 1930. BAm1.

³¹⁷ ÞÍ. Fasteignamat 1930. BAm1.

³¹⁸ Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

³¹⁹ Heim. Eðvarð S. Hallgrímsson 3. febr. 2019.

gangur. Gólf einfalt. Loft: port 1,2 m, hæð undir skambbita 2,3 m. Á lofti eru 3 íbúðarherbergi veggfóðruð og máluð og eitt til geymslu, ópiljað, uppgangur og forstofa á lofti, þiljað og ómálað. Hanabita-hæð 1,9 m er til geymslu, ekkert skilrúm. Rishæð öll 3 m. Þak: borðasúð, pappi og járn. Miðstöð, bað, salerni og þvottavaskur. Viðbyggður skúr, steinsteyptur, 7,9 × 3,8 m með kjallara, þar í eitt herbergi og stigagangur. Uppi ein geymsla og stigagangur. Veggghæð 2 m.“ Önnur bæjarhús voru þessi: Hjallur með járnþaki, skemma, gamalt torfhús með timburstafni, smiðja, hlóðahús og önnur skemma.



Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 er íbúðarhúsið 237,3 m² að gólfleti og er þá meðtalin viðbygging með skúrþaki við norðurgafli hússins, sem er jafngömul því. Upphaflegu ytra útliti hússins hefur verið breytt talsvert með því að það hefur verið klætt að mestum hluta með steniklæðningu, gluggagerð er önnur og breytt á hæð og í risi, en í kjallara eru ennþá upphaflegir gluggar.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1929-1930
 Fyrstu eigendur: Eðvarð Hallgrímsson og Signý Böðvardsdóttir
 Hönnuður: Jónas B. Bergmann
 Yfirsmiður: Jónas B. Bergmann

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgærd	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/steniklæðning
Þakgerð:	Mænis-/skúrþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Portbyggt ris	Óbreytt
	Kjallari	Óbreytt
	Stærð	
	Reykháfur	Óbreytt
	Viðbygging	Óbreytt
	Gluggar	Breyttir

Helstu einkenni/breytingar

8,0 × 7,5 m og 3,75 × 7,5 m / 237,3 m².

Viðbygging með kjallara við norðurgafli hússins er jafngömul því.

Allir gluggar hafa verið endurnýjaðir nema í kjallara.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Miðlung
Menningarsögulegt gildi: Hátt

Umhverfsgildi: Hátt
Upprunalegt gildi: Miðlung

Tæknilegt ástand: Gott

Varðveislugildi: Hátt

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er reisulegt og í góðum hlutföllum. Húsið er teiknað og byggt af Jónasi B. Bergmann og hefur þjónað sem íbúðarhús í nærri 90 ár. Húsið sómir sér prýðilega á bæjarstæðinu. Húsið er að mestu leyti óbreytt frá upphaflegri gerð, en hefur þó verið klætt utan og flestir gluggar verið endurnýjaðir með öðru sniði en upprunalega. Húsið virðist vera í ágætu ástandi. Varðveislugildi hússins er hátt skv. framansögðu. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

Fjárhús

Árið 1940 voru á bænum skv. fasteignaukttekt nokkur steinsteypt útihús, sem öll voru byggð eftir 1930. Um var að ræða *hesthús* fyrir 9 hesta með steinsteyptum veggjum á þrjá vegu, steinsteypt *vot-heyshlaða* (þ.e. votheysgryfja, 24 m³) og tvö samstæð *fjárhús* fyrir 100 fjár með steypum stafni og hliðvegg og járnþaki að mestu með torfi yfir. Votheysgryfjan, sem var að mestu grafin í jörðu, var jöfnuð út árið 1965, en hesthúsið stóð fram yfir 1977, þegar Eðvarð S. Hallgrímsson endurbyggði fjárhús sunnan við það. Ennþá standa á jörðinni hrörlegar leifar *fjárhúsanna* frá 1933 (154,8 m²), skamman spöl sunnan við bæinn og nærri Vatnsdalsvegi. Áföst þeim er steinsteypt *heyhlaða* frá 1954, þaklaus og ónothæf, en yfirsmiður hennar var Einar Evensen húsasmiður.³²⁰ Önnur og nýrri útihús eru: Tvær *hlöður* frá 1960 og 1964, *fjós* frá 1964, *mjólkurhús* frá 1973 og *fjárhús* frá 1977.



Fjárhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1933
Fyrsti eigandi: Eðvarð Hallgrímsson
Húsbyggjandi: Eðvarð Hallgrímsson

Upphafleg notkun: Fjárhús
Núverandi notkun: Ónýt bygging

³²⁰ Heim. Eðvarð S. Hallgrímsson 3. febr. 2019. Hann telur reyndar, að fjárhúsin hafi jafnvel verið byggð fyrir 1920.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Byggingarefni:	Steinsteypa/járn/torf	Óbreytt	
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Stafnar fjárhúsanna eru nánast fallnir.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	Þakið er að mestu leyti fallið.
Þakklæðning:	Járn og torf	Óbreytt	


Varðveislumat

Listrænt gildi / byggingarlist:	Lágt	Hefðbundin fjárhús án sérstakra stíleinkenna.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hafa einungis þjónað hlutverki sínu og eru nú ónýt.
Umhverfisgildi:	Lágt	Voru upphaflega snotur hús ásamt hlöðu, en eru nú afar óásjálæg.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsin eru nánast rústir einar og verða því ekki endurnýjuð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Mjög bágborið.
Varðveislugildi:	Lágt	Varðveislugildi húsanna er ekkert.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð ásamt hlöðu.

3.2.8 Breiðabólstaður

Staðhættir og saga

Breiðabólstaður er fornt býli og er þess m.a. getið í *Vatnsdæla sögu* og *Sturlungu*. Í byrjun 13. aldar bjó þar Eyjólfur Kársson, einn traustasti liðsmaður Guðmundar biskups góða. Jörðin er upp af Flóðinu,



milli Hnjúkshnjúks (111 m) og Vatnsdalshóla. Bæjarstæðið er á lágum brekkustalli uppi við hálsræturnar og vestan Vatnsdalsvegar, þar sem dalurinn er breiðastur norðan Hnjúksins. Þaðan er víðsýnt og til norðausturs sér yfir Flóðið og Vatnsdalshóla. Tóftir fornbylisins Faxabrandsstæða eru upp með bæjarlæknum (Breiðabólstaðarlæk), sunnan og vestan við bæinn, og voru friðlýstar 1930.³²¹

Túnakort Breiðabólstaðar 1919. Hannes Jónsson.



Á Breiðabólstað var prestskyld kirkja á miðöldum, sem þjónað var af prest og tveimur djáknum 1429, og síðar bænhús, sem enn sást tóftir af í byrjun 18. aldar. Þar var einnig sameiginlegur þingstaður fyrir Ás- og Sveinstaðahreppa, en síðan á Miðhúsum frá 1850 og um nokkurt árabíl. Nokkru fyrir aldamótin 1900 var jörðinni skipt og stofnað býlið Breiðabólstaður II og var sá jarðarhelmingur síðan nytjaður af bændum á Hnjúki, sem eignuðust hálflemduna.³²²

Breiðabólstaður um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Ábúendur á Breiðabólstað frá 1888 til 1913 voru hjónin Helgi Jónsson (1844-1924) og Ingibjörg Jóhannsdóttir (1842-1941), sem síðar bjuggu þar í húsmennsku næstu árin ásamt fleirum. Frá 1925 til 1978 bjuggu á jörðinni hjónin Ingibjörg Jónasdóttir (1899-1978) og Steinþór B. Björnsson (1900-1986).³²³ Ábúð á Breiðabólstað lauk árið 1978, en eigendur jarðarinnar eru Ingibjörg Þóra og María Elísabet Guðsteinsdætur og Jónas Sigurður og Jóhanna Steinþórsbörn.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var á jörðinni torfbær með 2 heilpiljum og 1 hálpili, en húsum þannig lýst 1916: „Bæjarhús og geymslúhús úr torfi og timbri, gömul, en baðstofu vel við haldið. Peningshús sum all-góð, en önnur gömul.“ Í fasteignamati 1930 sagði það eitt um bæinn, að hann væri torfbær „gamall, skemma og smiðja.“ Öllu nánari lýsing var gefin á bæjarhúsum 17. október 1934, er þau voru virt til brunatryggingar.³²⁴ Bærinn var uppbyggður í þremur röðum með þessum hætti: 1. röð. *Baðstofa* (8,10 × 4 × 2 m), sperrureist með skarsúð, piljuð að innan með tveimur timburskilrúmum með ofni og eldavél. 2.


³²¹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 269-270; *Húnaþing* II, s. 306-307; *Húnaþing* III, s. 313; Jón Torfason (2007), s. 34-35; Jón Torfason (2006); *Eyðibýli á Íslandi* V, s. 129.

³²² Páll V. G. Kolka (1950), s. 269-270; *Húnaþing* II, s. 306-307; Jón Torfason (2007), s. 34-35; Jón Torfason (2006); *Eyðibýli á Íslandi* V, s. 129.

³²³ *Morgunblaðið* 65. ár., 147. tbl., 12. júlí 1978, s. 19 og 23.

³²⁴ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinstaðahreppi 1933-1953.


röð: *Búr* og *gangur* og *eldhús* með opnu eldstæði, óþiljað, en timburgólf í ganginum (8,5 × 2,5 × 1,8 m). 3. röð: *Stofa* (3,9 × 3,5 × 2 m) þiljuð með lofti yfir, *skáli* óþiljaður (5,7 × 3 × 1,6 m) og *skemma* (5 × 3,8 × 2,6 m). Milli raða voru þykkir torfveggir, en skilrúm að öðru leyti úr timbri.



Austurhlið íbúðarhússins á Breiðabólstað meðan búið var í húsinu og ástand þess gott. Aðalbyggingin var reist árið 1937. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1025.)

Önnur lýsing var gefin á bæjarhúsum við fasteignamat 1940, en þá hafði heimilisfólkið flutt í nýja steinhúsið: „*Baðstofa* áföst við íbúðarhúsið, timbur í hlið og hálfstafn, skipt í þrennt, 7,2 × 3,5 × 2,5 m í mitt ris = 63 m³. Kolaofn. *Hlóðahús* 3,5 × 3 × 2,2 m = 23 m³.

Torfveggir á þrjá vegu. Járn á rimlum í stafni, torfþak. *Skemma* 5,5 × 3,8 × 3,7 m, þilstafn, torfveggir, ljelegir, sæmileg að viðum.“ Einhver hluti bæjarhúsanna stóð meðan búið var á jörðinni, þ.e. fram yfir 1978,³²⁵ en óþekkt er hvenær þau voru rifin.



Uppdráttur Ólafs M. Ólafssonar að íbúðarhúsinu á Breiðabólstað, gerður 8. nóv. 1937. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/39.)

Íbúðarhús og geymsla

Byggingarár íbúðarhússins er skráð 1929 í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018, en um 1975 var húsinu lýst þannig: „Íbúðarhús blönduð bygging, að hluta steyp 1938, eldra torf og timbur.“³²⁶ Skráður aldur hússins kann því að taka mið af einhverjum þeim eldri hluta bæjarins, sem lengi stóð en er nú horfinn, og þá sennilega áður nefndri baðstofu. Sjálfst húsið var hins vegar byggt árið 1937 af Ólafi Marías Ólafssyni (1892-1974), trésmíðameistara í Reykjavík, sem gaf út þá yfirlýsingu til Teiknistofu landbúnaðarins 4. desember sama ár, að íbúðarhúsið á Breiðabólstað, sem „byggt var á síðastliðnu

³²⁵ Húnaþing II, s. 306.

³²⁶ Húnaþing II, s. 306.

sumri, [væri] að öllu leyti búið“.³²⁷ Nokkru áður, eða 15. ágúst 1937, hafði starfsmaður teiknistofunnar skoðað húsið, sem þá var í byggingu, og lýst því þannig:

Það er gjört án uppdráttar (stofa, forstofa, búr og eldhús). Áætlun um að bæta við síðar. Gamla baðstofan látin standa fyrst um sinn. Útveggir tvöfaldir, gólf steipt einangruð með pappa, timbur kemur ofan á skilrúm steipt. Búið er að leggja loftsbíta en ekki reisa sperrur. Gluggar og hurðir ókomið.³²⁸



Horft heim að Breiðabólstað 2015. Trjálundur og sumarhús eru sunnan við gamla íbúðarhúsið. (Ljósmynd. Páll J. Líndal.)

Gluggar og útidyrhurð, sem smíðað var í Trésmiðju Magnúsar Jónssonar í Reykjavík, var sent norður síðar um haustið, svo að húsið varð íbúðarhæft fyrir veturnætur. Ýmislegt var þó óunnið innan dyra skv. vottorði Ólafs húsasmiðs 8. nóvember, en lokið í þeim mánuði eins og áður segir.³²⁹ Íbúðarhúsið var virt til brunabóta 12. mars 1938 og þess sérstaklega getið, að það hafi verið byggt árið áður. Því var annars þannig lýst: „Íbúðarhús steinsteypt með járnþaki. Ein hæð án kjallara, en á steiptum grunni. Húsinu er skipt með steinsteyptum veggjum í 3 herbergi, forstofu, eldhús ásamt buri með timburskilrúmi milli. Timburloft og timburgólf er í húsinu nema búrinu, þar er steingólf. Reykháfur steinsteyptur ásamt einu eldfæri. Stærð hússins er 4,10 × 8,50 × 2,60 m.“³³⁰



Íbúðarhúsinu var þannig lýst 1940: „Íbúðarhús 8,3 × 4,3 × 2,5 m. Rishæð 1,7 m. Tvöfaldir steinveggir, torfstopp. Borðasúð, pappi og járn, málað. Gólf úr timbri, steinskilrúm nema eitt úr timbri, einfalt. Stofa, eldhús og forstofa, alþiljuð geymslukompa. Loft yfir til geymslu.“ Árið 1950 var byggð geymsla norðan við íbúðarhúsið, 8 m á lengd, 4,1 m á breidd og 2,5 m á hæð. Í henni var inngangur í íbúðarhúsið og þvottahús í suðurenda með reykháfi (steypt rör), afmarkað með einu skilrúmi. Húsið var timburþiljuð trégrind með pappa og múrhúðuð að utan. Þakið var bárujárnsklædd súð.³³¹

Húsið stendur fremst á gamla bæjarhólnum, en sunnan við það er vöxtulegur trjálundur og nýlegt sumarhús úr timbri, umvafið gróðri. Ögn fjær rennur Breiðabólstaðarlækur og sunnan við hann eru

³²⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/39.

³²⁸ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/39.

³²⁹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/39.

³³⁰ Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

³³¹ Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.


grónar húsatóftir. Íbúðarhúsið var byggt framan (austan) við gamla torfbæinn, enda var baðstofan lengi áföst steinhúsinu og innangengt um bakdyr á íbúðarhúsinu. Húsið er steinsteypt á einni hæð, kjallaraust með lágu risi og járnklæddu mænispaki. Áföst húsinu er geymslan frá 1950, sem er lágreist skúrbygging úr timbri með hallandi þaki og forskalaðri framhlið, en bárujárnklæddum útveggjum að öðru leyti. Upphaflega var skúrinn rösklega helmingi breiðari með útidryrum á miðri framhlið og tveimur gluggum (sjá ljósmynd). Nú stendur eftir aðeins hluti skúrsins með einum glugga og útidryrum á norðurhlið. Heildarstærð skúrbyggingar og íbúðarhúss er 48 m².³³²



Í ritinu *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 129 (útg. 2013) er húsinu ítarlega lýst og með þessum hætti:

Húsið er steinsteypt hæð og ris með járnklæddu mænispaki. Framhlið er steipt upp í mæni, en bakhlið er steipt upp að þakhalla, en viðarklætt þar fyrir ofan sem gat er á. Steiptir veggir eru málaðir. Gluggar eru glerjaðir utan einn á framhlið, sem neglt er fyrir og gardínur fyrir flestum. Karmar, póstar og fög eru til staðar. Tvær dyr eru á húsinu. Útihurð er heil að framan, en neglt er fyrir dyr að baki. Við norðausturhlið er forsköluð timburviðbygging með járnklæddu einhalla þaki. Norðausturhlið þess er járnklædd að hluta, en múrhúð er fallin af á norðvesturhlið. Útihurð er á norðausturhlið, járnklædd að neðan.

Árið 2013 var húsið metið af bókarhöfundum „í ágætu ásigkomulagi“ og viðgerð þess talin raunhæf, en sérstaða og varðveislugildi hússins álitin felast „í menningarsögu og menningarlandslagi.“



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að stækkun íbúðarhússins, en hún kom aldrei til framkvæmda. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/40, nr. 1997.)

Þess skal að endingu getið hér til fróðleiks, að um eða eftir 1960 höfðu ábúendur uppi áform um stækkun íbúðarhússins og leituðu eftir teikningu hjá Teiknistofu landbúnaðarins. Skv. henni var gerð

³³² *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 129; www.skra.is.

tillaga um viðbyggingu við suðurhlíð hússins með stofu, baðherbergi og tveimur svefnherbergjum (sjá teikningu), en lengra náði málið ekki.

Íbúðarhús og geymsla – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1937 og 1950
Fyrstu eigendur: Steinþór Björnsson og Ingibjörg Jónasdóttir
Hönnuður: Ólafur M. Ólafsson
Yfirsmiður: Ólafur M. Ólafsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Í eyði.

Húsgerð **Upphaflegt** **Núverandi**

Útveggir:	Steinsteypa/járn	Óbreytt
Þakgerð:	Mænis-/skúrþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Portlaust ris	Óbreytt
	Stærð	
	Reykháfur	Óbreytt
	Viðbygging	Breytt
	Gluggar	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Viðbyggð geymsla frá 1950 við norðurenda, bárujárnsklædd og síðar múrhúðuð.

Mænisþak á íbúðarhús og skúrþak á geymslu.

4,1 × 8,5 m (íbúðarhúsið) – 48 m² (m/geymslu).

Geymslan frá 1950 var upphaflega rúmlega helmingi stærri.

Í húsinu eru upphaflegir gluggar.

Varðveislumat

Listrænt gildi/byggingarlist: Lágt
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs
Umhverfisgildi: Miðlungs
Upprunalegt gildi: Hátt

Tæknilegt ástand: Miðlungs
Varðveislugildi: Miðlungs

Niðurstaða varðveislumats:

Einfalt steinsteypuhús með mænisþaki og viðbyggð geymsla.

Áhugavert dæmi um fábrotin hífýli frá síðustu öld.

Húsið fer vel í landi.

Húsið heldur að mestu leyti upprunalegri gerð og ásýnd, en búið er að rífa um helming geymslunnar.

Íbúðarhúsið er í þokkalegu standi, en geymslan er ónýtt hús.


Varðveisla í einhverri mynd væri ákjósanleg vegna framan-greindra þátta.

Ekki eru lagðar til sérstakar ráðstafanir til varðveislu hússins umfram það sem áður segir, en afla þyrfti nánari upplýsinga um byggingarsögu þess, ef kæmi til niðurrifs hússins.

3.2.9 Miðhús

Staðhættir og saga

Skammt norðan við Breiðabólstað og samtýnis við þá jörð er bærinn Miðhús. Þau eru allgamalt býli, sem byggðist upphaflega úr Breiðabólstað, enda deildu jarðirnar fyrrum sameiginlegum úthaga. Eftir að Breiðabólstaður fór í eyði (1978) var jörðin að nokkru lögð undir Miðhús og með því sameinað á ný



land hins forna höfuðbóls. Frá 1850 og fram yfir 1880 var í Miðhúsum sameiginlegur þingstaður Ás- og Sveinsstaðahreppa og stóð þar þá þinghús úr torfi með moldargólfi. Bæjarstæðið er annars á lágum brekkustalli austan í Vatnsdalshálsi og er þaðan afar víðsýnt yfir Flóðið og Eylendið norður af.³³³

Túnakort Miðhúsa 1919. Hannes Jónsson.



Frá um 1890 til æviloka bjuggu í Miðhúsum hjónin Ingibjörg G. F. Schram (1850-1925) og Halldór J. J. Pálsson (1862-1933) hreppstjóri og síðan sonur þeirra, Magnús Guðmann (1883-1948), bóndi og bóksali. Samtímis honum bjó þar í fáein ár Sigurjón G. Sigvaldason (1907-1980), síðar bóndi á Urríðaá, og síðan hjónin Pétur Björn Ólason (1915-1998) og Fanney Daníelsdóttir (1913-1968) á meðan kraftar entust. Frá því um 1965 hafa Magnús (1944-) sonur þeirra og Erla Njálisdóttir (1937-) setið jörðina, og hin síðustu ár í sambýli við son sinn og tengdadóttur, Eið Magnússon og Berglindi Hlín Baldursdóttur.³³⁴

Íbúðarhúsið í Miðhúsum, sem byggt var 1938. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1081.)



Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn í Miðhúsum með tveimur heilþiljum og einu hálfþili og skv. fasteignamati 1916/18 voru öll hús jarðarinnar bæði „gömul og hrörleg“. Peningshúsin rúmuðu þá aðeins tvær kýr, 70 fjár og 12 hross. Árið 1930 fékk bærinn þá umsögn, að hann væri „úr torfi og timbri að nokkru, nýlegur og stæðilegur“. Honum tilheyrðu þá einnig tvær skemmur og smiðja.


Tillöguuppráttur Teiknistofu byggingar- og landnámsjóðs frá 1938 að viðbyggingu við gamla torfbæinn í Miðhúsum. Annar uppráttur varð þó fyrir valinu. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/8, nr. 306.)

³³³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 269-270; *Húnaþing* II, s. 308; Jón Torfason (2007), s. 34; Jón Torfason (2006).

³³⁴ Páll V. G. Kolka (1950), s. 270; *Húnavaka* 9. árg. 1969, s. 141-143; *Húnaþing* II, s. 308.

Íbúðarhús

Fáum árum síðar ákvað Magnús Halldórsson að ráðast í byggingu á steinsteyptu íbúðarhúsi og fékk í ársbyrjun 1938 nokkra uppdrætti frá Teiknistofu byggingar- og landnáms sjóðs.³³⁵ Einn þeirra var sérstaklega sniðinn að aðstæðum í Miðhúsum, þar sem nýju húsi var ætlað að þjóna sem viðbygging við torfbæinn. Annar uppdráttur varð þó fyrir valinu og var Jónas B. Bergmann (1876-1952), trésmiður á Stóru-Giljá, ráðinn sem yfirsmiður að byggingu hússins. Því var valinn staður fast sunnan við gamla bæinn og unnið að smíði hússins um sumarið. Skv. úttekt 27. september 1938 var húsið „fullgert að öðru en þakrennum og frágangur fremur góður“ og í janúarlök 1939 taldist húsið að öllu leyti fullgert.³³⁶




Uppdráttur Teiknistofu byggingar- og landnáms sjóðs frá 1938 að íbúðarhúsinu í Miðhúsum, en veigamikil frávik urðu við smíði hússins, þar sem þakið var m.a. lækkað verulega. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/8, nr. 284.)

Við byggingu hússins var vikið í veigamiklum atriðum frá fyrirliggjandi uppdrætti, herbergjaskipan var m.a. umsnúið (spegluð) og þakhæðin lækkuð verulega. Svofelld lýsing var gefin á húsinu í fasteignamati 1942: „Íbúðarhús 7,8 × 7 × 2,5 m. Valmapak 1 m. Tvöfaldir steinveggir, torfstopp. Timburgólf. Steinskilrúm nema afpíluð búrkompa. Á stofuhæð 3 herbergi og eldhús, veggfóðruð og máluð. Þak: borðasúð, pappi og járn. Kjallari er undir húsinu að nokkru, 4,3 × 2,5 × 1,9 m. Vaskur og frárennsli, vatnsöfnar til upphitunar frá eldavél.“ Af eldri bæjarhúsum stóðu þá hlóðaeldahús, baðstofuendi, eldiviðargeymsla, skemma og smiðja. Nýja húsið mældist samtals 164 m³ að stærð að meðtöldum geymslukjallara undir eldhúsi.³³⁷

³³⁵ Hinn 19. febrúar 1938 fékk Magnús Halldórsson sendar tvær teikningar (nr. 248 og 250) frá Teiknistofu byggingar- og landnáms sjóðs, sbr. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2004.

³³⁶ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2004.

³³⁷ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2004.



Íbúðar- og útihús í Miðhúsum í júní 1971. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2004.)



Skissa Ingvars Gýgjar Jónssonar byggingafultrúa frá 10. febr. 1971 að viðbyggingu og breytingum á gamla steinhúsinu í Miðhúsum. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2004.)


Um 1970 þótti tímabært að ráðast í stækkun íbúðarhússins og 10. febr. 1971 gerði Ingvar Gýgjar Jónsson byggingafultrúi tillöguskissu að viðbyggingu við gamla húsið og nauðsynlegum breytingum á því. Í framhaldi af því átti starfsmaður Teiknistofustofu landbúnaðarins samtals við ábúendur, Magnús Pétursson og Erlu Njálisdóttur, um tilhögun viðbyggingarinnar sbr. minnisblað dagsett 29. apríl 1971:

Stækka þarf íbúðarhús samanber tillögu frá Ingvari Gýgjar, dags. 10. 2. 1971 með þeirri breytingu þó að færa sundur eldri byggingu og nýbyggingu með tengibyggingu sem í væru inngangur, jafnvel bæði að austan


og norðan. Nýbyggingin er hugsuð staðsett að norðanverðu milli gamla íbúðarhússins og hlöðu. Í nýbyggingu þarf að koma stofa, eldhús, borðkrókur, bú, bað, þvottahús og hjónaherbergi. Gluggi á hjónaherbergi þarf að snúa í vestur, en gluggi á borðkrók og eldhúsi í austur, sem snýr þá að vatninu (Flóðinu) og á móti norðri, en þá sér í Vatnsdalshólana. Kjallari er undir eldhúsi í gamla húsinu og eftir því sem

Magnús segir er 2 metrar á fast þarna og því ástæða til að hafa kjallara undir nýbyggingu líka, að minnsta kosti að einhverjum hluta. Stigi niður í þessa kjallara ætti að öllum líkindum að koma í tengibygginguna. Í þessum kjallara yrði ekki annað en geymslur og því um líkt.³³⁸

Viðbygging ásamt tengiálmum milli hennar og gamla hússins voru byggð á árunum 1971 til 1973 skv. uppdrætti nr. 2823 frá Teiknistofu landbúnaðarins, dags. 9. júlí 1971. Yfirsmiður var Guðni Daníelsson (1920-1992) byggingameistari.³³⁹ Við þessa stækkun reiknaðist húsið 590 m³ að stærð.³⁴⁰



Uppdrættir Teiknistofu landbúnaðarins að stækkun íbúðarhússins, dags. 9. júlí 1971. (Skjalasafn skipulags- og byggingafulltrúa Húnavatnshrepps.)



Grunnteikning Magnúsar Sigsteinssonar að breytingum á elsta hluta íbúðarhússins og viðbyggingu við vesturhlíð þess, dags. 11. júní 2008. (Skjalasafn skipulags- og byggingafulltrúa Húnavatnshrepps.)


³³⁸ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2004.

³³⁹ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2004.

³⁴⁰ Húnaþing II, s. 308.

Enn á ný var ráðist í stækkun hússins árið 2008 með 31,8 m² viðbyggingu við vesturhlið gamla hússins, skv. teikningum Magnúsar Sigsteinssonar hjá Byggingaþjónustu Bændasamtaka Íslands, dags. 11. júní 2008. Verkið var unnið af Stíganda ehf. á Blönduósi undir stjórn Þormars Kristjánssonar húsa-smíðameistara.³⁴¹ Jafnhliða voru gerðar ýmsar breytingar á elsta hluta hússins. Heildarstærð íbúðarhússins reiknast nú 307,2 m²,³⁴² en byggingarlýsing Magnúsar var svohljóðandi:

Byggt verður við eldri hluta íbúðarhússins á Miðhúsum. Veggir eldri hluta hússins verða hækkaðir til samræmis við nýrri hluta íbúðarhússins með því að steypa ofan á þá. Veggir viðbyggingar verða steinsteyptir og húsið allt einangrað að utan með 75 mm plasteinangrun eða stífri steinull og klætt með plötum eða húðað með múrkerfi. Þak verður byggt upp með mænisás úr límtré og trésperrum, klætt með borðviði, pappa og bárujárni, þakhalli samræmist þaki nýrri hlutans, ca. 10°. Einangrun þaks verður 180 mm steinull, þar neðan við þolplastdúkur (rakasperra). Loft verður niðurtekin grind, plötuklædd. Nýtt þak verður sett á eldra húsið, byggt upp á sama hátt en væntanlega klætt upp í ris með panel. Einnig verður sett nýtt þak á miðbyggingu, sem er á milli eldri og nýrri hluta. Þakkantar samræmist þaki nýrri hluta íbúðarhússins. Gluggar í viðbyggingu samræmist þeim sem fyrir eru, gler verður tvöfalt verksmiðju-gler. Stærð viðbyggingar: 31,8 m², ca. 96,5 m³.³⁴³



Útlitsteikningar Magnúsar Sigsteinssonar pr. 11. júní 2008. (Skjalasafn skipulags- og byggingafulltrúa Húnavatnshrepps.)

Öll útihús á jörðinni frá eldri tíð heyra nú sögunni til, en af þeim húsum sem nú standa er elst heyhlaða (45 m²) frá árinu 1952. Hún var eina steinsteypta útihúsið, sem tilgreint var í virðingargjörð 22. sept. 1961, en þá stóðu þessi útihús á jörðinni: Fjós yfir 7 kýr úr torfi, byggt 1950, fjárhús yfir 180 fjár út torfi og grjóti, sum gömul, önnur nýlega byggð með járnþaki, steinsteypt hlaða 180 m³ og byggð 1952, hesthús yfir 15 hesta, skemma og smiðja, allt úr torfi.³⁴⁴



Íbúðar- og útihús í Miðhúsum um 1976. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

³⁴¹ Heim. Eiður Magnússon 9. apríl 2019.

³⁴² Fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 (www.skra.is).

³⁴³ Skjalasafn skipulags- og byggingafulltrúa Húnavatnshrepps.

³⁴⁴ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2004.



Íbúðarhúsið á Mðhúsum í apríl 2019. (Ljósm. Eiður Magnússon.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1938	Upphafleg notkun:	Íbúðarhús
Fyrsti eigandi:	Magnús Halldórsson	Núverandi notkun:	Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa byggingar- og landnámssjóðs		
Yfirsmiður:	Jónas B. Bergmann		
Viðbygging:	1971-1973		
Hönnun:	Byggingastofnun landbúnaðarins		
Yfirsmiður:	Guðni Daníelsson		
Viðbygging:	2008		
Hönnun:	Magnús Sigsteinsson		
Yfirsmiður:	Þormar Kristjánsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Húsið var klætt að utan við breytingar og viðbyggingu 2008.
Þakgerð:	Valmaþak	Mænisþak	Þakgerð hússins var breytt 2008.
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Kjallari (4,3 × 2,5 m) er undir elsta hluta hússins.
	Stærð		7,0 × 7,8 m / 164 m ² (elsta húsið).
	Reykháfur	Horfinn	Var upp úr miðju húsi, en hefur verið fjarlægður.
	Gluggar	Breyttir	


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið var í upphaflegri gerð algengt afbrigði funkisstíls.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur einungis þjónað sem íveruhús í 80 ár.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið nýtur sín ágætlega sem hluti núverandi íbúðarhúss.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið gjörbreytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu ásigkomulagi og er því vel við haldið.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur afar lítið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um sérstakar ráðstafanir til varðveislu hússins.

3.2.10 Uppsálar

Staðhættir og saga

Bærinn stendur beint vestur af Miðhúsum og vestarlega á Vatnsdalshálsi, þar sem norðvesturhluti hans er hæstur. Þaðan er afar víðsýnt, en til bæjarins sést ekki af Þjóðvegi 1. Jörðin var fyrrum Þingeyraklaustursjörð, en í bændaeign frá 1929. Hún hefur ýmist verið nefnd *Uppsálar* eða *Umsvalir* og óvíst hvort heitið er upprunalegra. Virðist þó sem



jörðin hafi yfirleitt verið kölluð Uppsálar á miðöldum, en hennar getur fyrst meðal annarra eigna klaustursins 1525. Um bæjarnafnið var skráð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1713: „Það er nú fyrir nokkrum árum af vanvisku keskilátra manna kallað Umsvalir.“³⁴⁵

Túnakort Uppsala 1919. Hannes Jónsson. Torfbærinn er við enda heimreiðar í suðvestanverðu túninu, en útihúsin standa nokkru austar.

Fyrir og eftir aldamótin 1900 bjuggu ýmsir á Uppsölum um skamma hríð, þ.á m. hjónin Ingibjörg Davíðsdóttir (1852-1897) og Jón Magnússon (1852-1944), Jón Hjartarson (1880-1963) árin 1906-1908 og síðar Erlendur Björnsson (1876-1959) og Helga Sigríður Guðmundsdóttir (1876-1911). Um tíma var jörðin setin húsfólki og lá síðan í eyði um hríð, en

árið 1929 keyptu hana hjónin Halldóra Jóhannesdóttir (1893-1988) og Þorsteinn Jósefsson (1893-1942), sem áður höfðu verið þar í húsmennsku frá 1920.³⁴⁶ Þorsteinn lést 1942, en frá vori 1943 til 1961 bjuggu á jörðinni Kristbjörg Kristmundsdóttir (1886-1976) og Sigurður Líndal Jóhannesson (1890-1961) ásamt syni sínum Ingþóri Líndal (1920-1998) og Önnu Mörtu Helgadóttur (1924-2012). Ábúendur á Uppsölum frá 1982 eru Birgir Líndal Ingþórsson og Sigríður Bjarnadóttir, sem keyptu jörðina 1984 og 1997 (Spenar ehf.), en núverandi eigendur gamla íbúðarhússins eru Hilmar Smári Birgisson og Sara Þorsteinsdóttir, sem búið hafa þar frá 2015 eftir að húsið hafði staðið autt um árabíl.³⁴⁷



Gamli bærinn á Uppsölum sumarið 1936, en árið 1937 lauk búsetu í honum, er flutt var í nýja steinhúsið. Fyrir miðri mynd eru skemma og bæjardyr, en hlóðaeildhús hægra megin við þær. Baðstofan er baka til og snýr þvert á önnur hús. Blómagarður sunnan við húsið. (Schweizer, Bruno (2003 III), s. 342.)

³⁴⁵ *Húnaþing* II, s. 309; Jón Torfason (2007), s. 19; Hannes Björnsson (1984), s. 115; *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, s. 255; *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps I*, s. 56.

³⁴⁶ *Tíminn* 38. árg., 53. tbl., 5. mars 1954, s. 3; Hannes Björnsson (1984), s. 115; *Morgunblaðið* 75. árg., 90. tbl., 21. apríl 1988, s. 54.

³⁴⁷ *Heim*. Birgir Ingþórsson 26. mars 2019.

Horfin bæjarhús

Skv. úttekt á jörðinni vorið 1833 voru bæjarhúsin þessi: *Baðstofa*, $6\frac{3}{8}$ alin á lengd og $3\frac{3}{8}$ alin á breidd, *göng* frá baðstofu til útidyra, *búr* norðan til í göngunum, *eldhús* framan við það og *fjós* sunnan til í göngunum.³⁴⁸ Líkt og venjan bauð á leigujörðum héldust jarðarhúsin að miklu leyti óbreytt fram á síðustu öld, en árið 1910 var bærinn sagður með einu heilpili og einu hálfpili. Árin 1916 og 1930 voru bæjar- og peningshús sögð bæði „gömul og hrörleg“, enda lauk búsetu í torfbænum árið 1937, þegar flutt var í nýja steinhúsið.³⁴⁹ Haustið 1934 var gefin lýsing á bæjarhúsum vegna brunatryggingar og þau sögð „hrörlegur torfbær“.³⁵⁰ Húsin voru þessi: *Baðstofa* ($6,8 \times 3,3 \times 1,1$ m), sperrureist með tveim skilrúmunum úr timbri og eldavél. *Búr* ($2 \times 3 \times 2$ m). *Eldhús* ($2,7 \times 2 \times 3$ m) með opnu eldstæði. *Skáli* og *bæjardyr* ($4 \times 2,7 \times 2$ m) og *fjós* yfir 4 nautgripi. Nokkur hluti bæjarins stóð fram yfir 1940, því að þá var skráð: „Gangur uppreftur meðfram íbúðarhúsi, ný uppsettur. Eldviðargeymsla með torfveggjum og járnþaki, hlóðahús, lítið og lélegt, gömul baðstofa nær fallin, ekki virt.“

Íbúðarhús

Þorsteinn Jósefsson og Halldóra Jóhannesdóttir byggðu steinsteypt íbúðarhús á jörðinni árið 1937.³⁵¹ Byggingarár þess er hins vegar nokkuð á reiki, - ýmist talið 1936, 1937 eða 1938.³⁵² Húsið var virt til brunabóta 12. mars 1938 og lýst þannig:³⁵³ „Íbúðarhús steinsteypt með járnþaki. Ein hæð án kjallara á steyptum grunni. Húsinu er skipt með steyptum steinveggjum í 5 herbergi og forstofu. Einn reykháfur er í húsinu, 8“ víður, og eitt eldfæri. Stærð hússins er 7 m á lengd, 6 m á breidd og 2,6 m á hæð. Fram skal tekið, að gólf og loft er úr timbri. Torfbærinn verður áfram í sömu tryggingu.“



Nýja íbúðarhúsið á Uppsölum var byggt 1937, fast austan við gamla torfbæinn. Myndin er tekin allnokkrum árum síðar, en þá var húsið með upphaflegu valmaþaki og hluti gamla bæjarins ennþá uppstandandi. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1100.)

Ókunnugt er um hönnuð og yfirmiðu hússins.³⁵⁴ Það er nú að útliti og formi gjörbreytt frá upphaflegri gerð. Meðal annars var það í fyrstu með valmaþaki, eins og sjá má á ljósmynd og þessari lýsingu



frá 1940: „Íbúðarhús $6,8 \times 6,6 \times 2,4$ m. Tvöfaldir steinveggir, torfstopp. Þak: borðasúð, pappi, járn. Slegið neðan á bita, stopp í milli. Timburgólf. Valmaþak. Timburskilrúm, 3 herbergi, veggfóðruð og máluð. Eldhús og búrkompá. Reykofn frá eldavél. Byggt 1938, 108 m³.“

Íbúðarhúsið um 1975 eftir stækkun og aðrar breytingar, sem gerðar voru 1951. (Húnaþing II, s. 309.)

³⁴⁸ *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps I*, s. 58-59.

³⁴⁹ Schweizer, Bruno (2003 III), s. 343.)

³⁵⁰ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

³⁵¹ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953 (húsvirðing pr. 12. mars 1938). Þar segir, að húsið sé byggt á síðastliðnu ári.

³⁵² Skv. Schweizer, Bruno (2003 III), s. 343, og *Morgunblaðið* 75. árg., 90. tbl., 21. apríl 1988, s. 54, var húsið byggt 1936, en skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 var húsið byggt 1937 og árið 1938 skv. *Húnaþingi II*, s. 309 og fasteignamati 1942.

³⁵³ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

³⁵⁴ *Heim*. Birgir Ingþórsson 26. mars 2019.

Húsið var byggt framan (austan) við gamla torfbæinn og þess vegna var byggður uppreftur gangur meðfram honum og nýja húsinu, eins og fyrr er lýst, þar sem innangengt var í eldiviðargeymslu og hlóðældhús. Árið 1951 Ingþór og Anna Marta stækka íbúðarhúsið, en auk þessu voru steiptir upp gafflpríhrynningar og hliðarveggir hækkaðir, en með því fékkst íbúðarhæf rishæð undir mænispaki, sem þó stóð lengi óinnréttuð að mestu leyti. Eftir þær breytingar var húsið virt að nýju til brunabóta 1. nóvember 1953 með svofelldri lýsingu: „A. Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu. Ein stofuhæð og ris með 1 m porti. Á stofuhæð eru 3 íbúðarher-bergi, eldhús, búr, þvottahús, bað og gangur. Skilrúm milli herbergja eru öll steipt. Steipt gólf í norðurhluta hússins 6,10 m. Timburgólf í suðurhlutanum, gamla húsið. Loft er steipt í norðurhluta hússins, en timbur í suðurhluta þess. Eldstæði eru í norðurhluta hússins. B. Rísið 2 herbergi í suðurenda, klædd með asbest og trétex. Norðurhluti er notaður sem geymsla. Öll hústærðin er 13,20 m á lengd, 6,5 m á breidd og 5 m á hæð.“³⁵⁵



Horft heim að Uppsölum 1973, 1984 og 1998. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/298.)

³⁵⁵ *Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.*

Árið 1954 var byggt fjós (55 m²) úr steiptum holsteini með einhalla þaki við norðurgafli hússins, ásamt steinsteyptri hlöðu og haughúsi, en öll þessi hús voru rifin 2006. Árið 1974 voru gerðar ýmsar breytingar og endurbætur á rishæð og stofuhæð íbúðarhússins. Öll innangerð stofuhæðar var lagfærð og endurnýjuð, og m.a. innréttað baðherbergi og eldhús, en í rishæð (sem áður var óinnréttuð) voru innréttuð 4 herbergi, alrými og geymsla. Aðrar helstu endurbætur voru gerðar 1988-1989. Byggður var inngangsskúr við austurhlið og settur kvistur upp af honum með lágreistu mænispaki, þar sem áður voru tveir þakgluggar. Þá var gerð önnur íbúð í rishæð með eldhúsi og baðherbergi, þakið endurnýjað og húsið klætt að utan með járnklæðningu. Skipt var um alla glugga og þeim breytt þannig, að settir voru í húsið gluggar með einum lóðpósti í stað upprunalegra glugga með krosspóstum.³⁵⁶ Á síðustu árum hafa ennfremur verið gerðar ýmsar breytingar og endurbætur á húsinu innandyrá.³⁵⁷

Íbúðarhúsið er nú 160,5 m² að gólfleti og 367 m³ að stærð. Húsið er því gjörbreytt frá upphaflegu formi, eins og lýst er hér að framan og varðveislugildi þess því afar lítið. Sunnan við húsið er lítill trjálundur, umgirtur rimlagirðingu úr timbri



Íbúðarhúsið á Uppsölum sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

³⁵⁶ Sjá m.a. ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/298.

³⁵⁷ Heim. Birgir Ingþórsson 26. mars 2019.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1937 (og 1951)		
Fyrstu eigendur:	Þorsteinn Jósefsson og Halldóra Jóhannesdóttir		Upphafleg notkun: Íbúðarhús Núverandi notkun: Íbúðarhús
Hönnun/smíði:	Óþekkt		
Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Byggingarefni:	Steinsteypa	Óbreytt	
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/járn	Húsið var lengt 1951 og byggð rishæð með mænispaki ofan á það. Síðar var byggður dyraskúr við austurhlið með hallandi þaki, settur á það kvistur og húsið klætt að utan með járnklæðningu. Sett mænispak með portbyggðu risi á húsið við stækkun 1951.
Þakgerð:	Valmaþak	Mænispak	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Stærð		6,8 × 6,6 m (upphaflega) – 13,20 × 6,5 m (eftir stækkun 1951).
	Kvistur		Byggður kvistur með mænispaki á austurhlið 1988-1989.
	Reykháfur	Horfinn	Var fjarlægður, þegar húsið var klætt utan 1988-1989.
	Inngangsskúr		Var byggður eftir stækkun hússins.
	Gluggar	Breyttir	Einpósta gluggar settir í stað krosspósta glugga 1988-1989.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið var upphaflega einlyft með valmaþaki og af þeirri gerð, sem um og eftir miðja síðustu öld var algengt byggingarform í þéttbýli og dreifbýli.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er gjörbreytt að allri gerð.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er reisulegt og fer vel á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hélt upprunalegu formi aðeins í röskan áratug og er nú gjörbreytt í öllu tilliti.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í ágætu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Lágt	Hefur afar lítið varðveislugildi af áðurnefndum ástæðum.
Niðurstaða varðveislumats:		Engin þörf er talin á ráðstöfunum til varðveislu hússins.

3.2.11 Vatnsdalshólar

Staðhættir og saga

Vatnsdalshólar eru gamalt býli, sem kom við sögu þegar á Sturlungaöld. Bærinn stendur upp frá lítilli vík úr Flóðinu og vestan Vatnsdalsvegar, sem liggur á þessum slóðum lítið eitt úti í vatninu. Jörðin var



um aldir í eigu Þingeyraklausturs, en í bændaeign frá fyrri hluta 20. aldar. Óvíða mun vera jafn sérstætt og fagurt bæjarstæði eins og í Vatnsdalshólum. Þar skýla hólarnir á alla vegu nema að austan og við túnfótinn er Flóðið.³⁵⁸

Túnakort Vatnsdalshóla 1919. Hannes Jónsson. Bæjarhúsin eru norðan við hólana, neðst á uppdrættinum.

Sama ættin hefur setið jörðina frá 1877, eða í rúm 140 ár. Þá hófu þar búskap hjónin Ingibjörg Björnsdóttir (1857-1943) og Vigfús Filippusson (1843-1925) járnsmiður, en síðan Kristján (1880-1970) sonur þeirra, sem bjó í Vatnsdalshólum frá 1911 til 1970. Þá tók við búi Margrét (1926-1999) dóttir hans og bjó þar nærri óslitið til ársins 1997 og síðustu árin með

börnum sínum, Kristjáni Sigurjónssyni og Hólmfríði Dóru Sigurðardóttur, núverandi ábúendum Vatnsdalshóla.³⁵⁹



Gamli torfbærinn í Vatnsdalshólum. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn með tveimur heilpiljum og tveimur hálpiljum. Hann var sagður „stæðilegur“ 1916, en „gamall“ 1930. Gerð var nánari lýsing af bænum haustið 1934 vegna brunabótatryggingar³⁶⁰ og voru bæjarhúsin þessi: A. Sperrureist *baðstofa*, þiljuð í hólf og gólf, 7 m á lengd, 3,6 m á breidd og 1,3 m á hæð. Undir parti af baðstofunni var *kjallari*, hlaðinn úr grjóti (3,4 × 3,3 × 1,90 m). B. Óþiljaður *geymsluskáli* (5,4 × 2,10 × 2 m). C. Óþiljað *eldhús* með eldavél og innmúruðum þvottapotti (7 × 3,50 × 2 m). D. *Smíðja*

með þilstafni (4 × 4 × 1,8 m). Öll bæjarhús voru úr torfi og grjóti með torfþekjum, en steyptir reykháfar voru í eldhúsi og baðstofu.

Íbúðarhús


Árið 1939 lét Kristján Vigfússon byggja steinhús framan (norðvestan) við gamla bæinn. Húsið var kjallari og hæð með ríslágu valmapaki, 147,3 m² og 365 m³ að stærð. Húsið var teiknað hjá Teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs, en ókunnugt er um yfirmið þess. Húsið var virt til brunabóta 13. des-

³⁵⁸ *Húnaþing II*, s. 311; Þorsteinn B. Gíslason (1970), s. 12-13.

³⁵⁹ *Húnavaka* 40. árg. 2000, s. 174-175.

³⁶⁰ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

ember 1939 og lýst með þessum hætti: „A. Íbúðarhús nýbyggt, steinsteypt með tvöföldum útveggjum. Skilrúm steyp nema eitt skilrúm úr timbri milli forstofu og svefnherbergis. Gólf og loft úr timbri. Járnþak – valmaþak. Kjallari er undir húsinu með steypu gólfi og steypum skilrúmmum. Herbergjaskipun: Í kjallara eru 5 herbergi og á gólfhæð 3 stofur, eldhús og forstofa. Utanmál: 8,6 m á lengd, 8,3 m á breidd og 4,5 m á hæð. B. Við norðurvegg hússins er skúr af timbri með steypu gólfi og járnþaki, 4 m á lengd, 1,7 m á breidd og 2,2 m á hæð.“³⁶¹



Uppdráttur Teiknistofu byggingar- og landnámsjóðs að íbúðarhúsinu í Vatnsdalshólum. Norðan við húsið var gert ráð fyrir fjósi og hlöðu, en þau hús voru aldrei byggð. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005, BB/14, nr. 617.)



Vatnsdalshólar 1939. Nýja steinhúsið í byggingu, norðvestan við gamla bæinn. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1103.)

Við gerð fasteignamats árið eftir (1940) var húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús 8,3 × 8,6 m. Veggghæð frá kjallara 2,5 m. Kjallarahæð 2,2 m. Steinveggir tvöfaldir, torfstopp. Þak: timbur, pappi og járn. Skilrúm steyp í kjallara og stofuhæð. Í kjallara 4 herbergi og kompa fyrir WC. Á stofuhæð 4 herbergi og forstofa. Steyp gólf á stofuhæð og niðurgangur í kjallara og uppganga á stofuhæð. Valmaþak 1,8 m ris. 178 m³ og 153 m³ = alls 335 m³. Viðbyggður timburskúr með einu skilrúmi 5,8 × 2,1 m, hæð 2,5 m =

³⁶¹ *Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.*

30 m³. – Önnur bæjarhús voru *smiðja*, sem var viðbyggð hlöðu, með tveimur veggjum af timbri og járnþaki, 4 × 4 × 2,2 m = 35 m³. Öll útihús voru af torfi og grjóti nema lítil steinsteypt heyhlaða með járnþaki.



Til vinstri er íbúðarhúsið nýlega byggt, en myndin til hægri var tekin 2015. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1102. / Páll J. Líndal.)

Íbúðarhúsið er áþekkrar gerðar og íbúðarhúsið á Uppsölum í sinni upphaflegu mynd, en umtalsvert stærra. Húsið hefur tekið þeim breytingum, að það hefur verið klætt að utan með steniklæðningu, gluggar endurnýjaðir og gerð þeirra breytt frá upphaflegu formi. Sunnan við húsið er stór og gróskumikill trjálundur.



Horft yfir bæjarstæðið og Flóðið. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Horft heim að Vatnsdalshólum úr gagnstæðri átt sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Líndal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1939	
Fyrsti eigandi:	Kristján Vigfússon	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa byggingar- og landnámsjóðs	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsniður:	Óþekkt	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/járn	Húsið hefur verið klætt utan með járnlæðningu.
Þakgerð:	Valmapak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		8,6 × 8,3 m / 147,3 m ² - 365 m ³ .
	Reykháfur	Horfinn	Búið að fjarlægja reykháf, sem stóð upp úr miðju þaki.
	Inngangsskúr	Óbreytt	Hefur trúlega staðið við vesturhlíð hússins frá upphafi.
	Gluggar	Breyttir	Hafa verið endurnýjaðir og gerð þeirra breytt.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlung	Húsið er afbrigði funkisstíls, einlyft með valmapaki og þeirrar gerðar, sem var algengur í dreifbýli og þéttbýli um og eftir 1940. Hefur þjónað sem íbúðarhús í nærri 80 ár.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er hluti af samstæðri heild í sérstæðu umhverfi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Utanhúsklæðning og breyttir gluggar hafa rýrt upprunalegt gildi.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið virðist vera í góðri umhirðu.
Tæknilegt ástand:	Gott	Varðveislugildi aðeins í meðallagi vegna ofanritaðs.
Varðveislugildi:	Miðlung	Ekki eru gerðar tillögur um ráðstafanir til varðveislu hússins, en varðveittar eru upprunalegar teikningar að því.
Niðurstaða varðveislumats:		



Hlaða og fjárhús

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 eru á jörðinni eftirtalinn útihús, sem byggð voru fyrir 1950, þ.e. *hlaða* (44,4 m²) frá 1930 og *hesthús* (95,9 m²) frá 1935. Hesthúsið þjónaði upphaflega sem fjárhús, en var endurbyggt sem hesthús um 1984.³⁶² Húsin standa norðvestan við bæinn. Þau eru sambyggð, bárujárnklædd trégrindarhús og í fremur slöku ásigkomulagi.



³⁶² Heim. Hólmfriður Dóra Sigurðardóttir 27. febr. 2019.

Hlaða og fjárhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1930 og 1935
Fyrsti eigandi: Kristján Vigfússon
Hönnun/smíði: Óþekkt

Upphafleg notkun: Hlaða og fjárhús, síðar hesthús.
Núverandi notkun: Húsin hafa lengi staðið ónotuð.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Tré/bárujárn	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin hafa ekkert byggingarlistarlegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefðbundin útihús úr timbri og bárujárni.
Umhverfislífgildi:	Lágt	Húsin standa stök og er lítil þrýði að þeim vegna lélegs ástands.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Húsin halda sennilega að miklu leyti upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsin eru í slæmu standi og sýnist þeim vera lítið við haldið.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsin hafa lítið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki eru lagðar til neinar ráðstafnir til varðveislu húsanna.



Fjárhús (síðar hesthús) og hlaða 8. nóvember 2018. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

Veðiðhús – geymsla

Í Vatnsdalshólum stendur sögufrægt hús, sem nú er geymsluhús og skráð sem *geymsla* í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018. Það er lítill timburskúr, 2 × 5 m að stærð eða 10,1 m² með járnklæddu mænisþaki. Byggingarár hússins er ranglega skráð 1930 í Þjóðskrá, en það var með réttu smíðað í Hafnarfirði árið 1952 og flutt þá um sumarið norður í Vatnsdal.³⁶³ Húsið var byggt sem veiðikofi af Tryggva Ófeigssyni (1896-1987), skipstjóra og útgerðarmanni í Reykjavík. Árið áður hafði hann tekið Vatnsdalsá á leigu og var leigutaki hennar næstu 10 árin. Fékk hann leyfi hjá Kristjáni Vigfússyni í Vatnsdalshólum til að setja kofann niður við Hólakvörn, þekktan veiðistað í Vatnsdalsá, rétt neðan við Flóðið. Frá þessu segir í ævisögu Tryggva:

Þeir, sem fóru í ána fyrsta sumarið [1951], lágu við í tjöldum, nema við hjónin gistum að Ási [...] en svo reistum við kofann við Hólakvörn. Það land átti vinur minn, Kristján í Vatnsdalshólum. Kofinn var smíðaður hjá Reykdal [í Hafnarfirði] og reyndist vel, nema þakið. Við höfðum notað á þakið álafanga frá þurrk-húsinu á Kirkjusandi [...]. Við urðum að skipta um og setja járn á það. Ekki var nú kofinn stór, 2×5 metrar eða 10 fermetrar með fjórum kolum, ofni og tveimur þvottavöskum! Það var miklu betra að hafast við í kofanum en tjaldi. Bjarni Ingimarsson [skipstjóri] fór með kofann norður og setti hann niður. Ég treysti honum bezt til að njörva hann niður, svo hann fyki ekki.³⁶⁴

³⁶³ Ásgeir Jakobsson (1979), s. 345.

³⁶⁴ Ásgeir Jakobsson (1979), s. 345.

Þetta hús þjónaði sem veiðihús Tryggva a.m.k. fram á sjöunda áratuginn á meðan hann var leigutaki Vatnsdalsár, en fremur lítið eftir það, enda leysti veiðihúsið Flóðvangur, sem byggt var 1964, kofann af hólmi. Í honum gisti hins vegar margt merkra og þjóðþekkra manna, svo sem ráðherrar og Ásgeir Ásgeirsson forseti, sem var þar tíður gestur við veiðiskap. Frá því segir m.a. í ævisögu Tryggva.³⁶⁵



Veidihús Tryggva Ófeigssonar útgerðarmanns stendur nú sunnan við íbúðarhúsið í Vatnsdalshólum og bíður endurgerðar. (Ljósmynd Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir, 1. mars 2019.)

Veidihúsið stóð á bakka árinna við Hólakvörn til ársins 1988, er Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir eignaðist það eftir andlát Tryggva. Fékk hún Kristján Sigurjónsson bónda til að flytja húsið heim í Vatnsdalshóla og setja það niður í trjálundinum, rétt sunnan við íbúðarhúsið. Ætlunin var að nota húsið sem svefnskála, en til þessa hefur það verið nýtt sem geymsla. Húsið er í ágætu ástandi og hefur verið klætt að utan með steniklæðningu, sem ætlunin er að fjarlægja við endurgerð hússins, jafnframt því að lagfæra undirstöður þess.³⁶⁶

Veidihús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1952	Upphafleg notkun:	Veidihús
Fyrsti eigandi:	Tryggva Ófeigsson	Núverandi notkun:	Geymsluhús
Hönnun/smíði:	Jóhannes Reykdal		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Tímur	Óbreytt	Klæddir að utan með steniklæðningu árið 1988.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Stærð:			2 × 5 m – 10,1 m ² .

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Látlaus timburskúr með járnklæddu mænisþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Var reist af Tryggva Ófeigssyni útgerðarmanni og gegndi hlutverki fyrsta veiðihússins við Vatnsdalsá. Hýsti marga þjóðþekktu einstaklinga og veiðimenn fram yfir 1960.
Umhverfisgildi:	Hátt	Stendur nú í trjálundi sunnan við íbúðarhúsið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Heldur að mestu leyti upprunalegri gerð, hefur þó verið klætt að utan með steniklæðningu, sem stendur til að fjarlægja.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í ágætu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur talsvert menningarsögulegt gildi sem fyrsta veiðihúsið við Vatnsdalsá.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði varðveitt til frambúðar, enda hafa eigendur áform um að færa það í upprunalegt horf.


³⁶⁵ Ásgeir Jakobsson (1979), s. 345-346. Sjá einnig Vatnsdalsá. Sagan og veiðimennirnir, s. 38, 50, 146 og 170-171; Vatnsdalsá. Vatnsdalur – Þing, s. 59-66; Magnús Ólafsson (1980), s. 32-33.

³⁶⁶ Heim. Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir 27. febr. og 1. mars 2019.

3.2.12 Sveinsstaðir

Staðhættir og saga

Sveinsstaðir eru fornt býli sunnarlega í þingi við norðurjaðar Vatnsdalshóla og vestan Hnausakvíslar. Bærinn stendur nokkuð vestan við ána gegnt Hnausum og hallar landi lítilsháttar að ánni. Þar var þingstaður sveitarinnar öldum saman, enda er hreppurinn kenndur við bæinn. Einnig var þar póst-afgreiðsla frá 1874 til 1899 og síðan bréfhirðing lengi og miðstöð aukapósta. Víðsýnt er frá Sveins-



stöðum yfir Eylendið, Steinnes- og Hnausakvíslar og byggðina undir Vatnsdalsfjalli. Við Sveinsstaði eru vegamót, þar sem Þjóðvegur 1 liggur rétt sunnan við bæinn framhjá Hnausum upp á Axlarbala. Til norðurs liggur leiðin (721) út Hagann að Þingeyrum, en til suðurs hringvegurinn um Vatnsdal gegnum Vatnsdalshóla. Við vegamótin er vinsæll áningastaður ferðalanga í gróskumiklum trjáreit, Ólafslundi, sem helgaður er Ólafi Jónssyni, sem bjó á Sveinsstöðum á 19. öld. Þar var fyrst gróðursett 1942.³⁶⁷

Túnakort Sveinsstaða 1919. Hannes Jónsson. Gamli torf- og timburbærinn er fyrir miðjum uppdrætti með kálgarði að sunnanverðu, en útihús bæði fyrir norðan og sunnan bæinn.

Jörðin var fyrrum eign Þingeyraklausturs, en varð síðar bænda eign seint á 19. öld. Hún hefur verið ættarjörð í sex ættliði og beinan karlegg frá 1844, er hjónin Oddný Ólafsdóttir (1811-1893) og Ólafur Jónsson (1811-1873), hreppstjóri og dannebrogsmaður, settust þar að. Hann endurnýjaði bæjarhús og var þjóðkunnur jarðabótamaður. Lét hann meðal annars grafa tvo firnamikla áveituskurði, samtals um 830 m að lengd, en gerði auk þess „túnasléttur, um 2 km af þurrkskurðum, um 1 km af flóðgörðum og rúmlega 700 m langan túngarð“.³⁶⁸ Sonur og tengdadóttir þeirra hjóna, Jón Ólafsson (1836-1910) og Þorbjörg Kristmundsdóttir (1841-1923), hófu búskap á jörðinni 1866 í tvíbýli við foreldra hans, en bjuggu síðan á allri jörðinni frá 1874 til 1908. Röð ábúenda frá þeim tíma er þessi: Magnús Jónsson (1876-1943) og Jónsína Jónsdóttir (1883-1976) frá 1908 til 1943, Ólafur Magnússon (1915-1991) og Hallbera Eiríksdóttir (1919-1971) frá 1943 til 1978, Magnús Ólafsson og Björg Þorgilsdóttir frá 1978 til 2004 og að síðustu Ólafur Magnússon og Inga Sóley Jónsdóttir frá 2004.³⁶⁹



Framhús og skemma gamla torfbæjarins á Sveinsstöðum um 1924. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1095.)

Horfin bæjarhús

Skv. úttektum frá 1777 og 1837 virðist sem húsaskipan á Sveinsstöðum hafi verið með líku sniði á því árabili og trúlega allt til þess, að feðgarnir Ólafur og Jón hófu endurnýjun bæjarhúsa um og eftir 1870. Fram til þess tíma voru helstu bæjarhús baðstofa, búrhús, eldhús, skáli, stofa og bæjargöng.³⁷⁰ Eftir endurbyggingu bæjarins og fram yfir aldamótin mynduðu

³⁶⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 211-212; *Húnaþing* II, s. 312; Jón Torfason (2007), s. 20-22.

³⁶⁸ Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 289.

³⁶⁹ *Húnavaka* 32. 1992, s. 244-246; 51. árg. 2011, s. 9-18; *Húnaþing* II, s. 312; Páll V. G. Kolka (1950), s. 211-212; *Heim*. Magnús Ólafsson 17. febr. 2019.

³⁷⁰ *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Sveinsstaðir [...]*, s. 13.

bæjarhúsin þrefalda röð, skv. lýsingu Ásgeirs L. Jónssonar (1894-1974) verkfræðings, sem ólst upp á Sveinsstöðum frá barnsaldri.

Hver röð fyrir sig hafði sjálfstætt ris með grasigrónu torfþaki, er hvíldi á tréverki, en sums staðar var bárujárn á milli. Á milli risanna voru hallandi sund fyrir afrennsli þakvatnsins. Þessi ris sneru frá suðri til norðurs. Norðan við þessar byggingar var áföst skemma með risi, er sneri frá austri til vesturs. Auk úti-dyra fram á hlaðið til austurs var gengið inn í hana úr eldhúsinu. Var þá komið í innri skemmuna, eða Kvarnarhúsið, en þar var óvenju stór kvörn til að mala korn. [...] Fremri skemman var mun stærri. [...] Úr Kvarnarhúsinu lá stigi upp á skemmuloftið. [...] Skemman náði ekki lengra til vesturs en að mótum eldhúss og baðstofu. Á þeim opna reit, sem þarna skarst inn í byggingaheildina, stóð kamar yfir hlandforargryfju.³⁷¹

Skv. manntali 1910 var bærinn með tveimur heilþiljum, eins og elstu ljósmyndir sýna, þ.e. með sambyggðu þili frambæjarins og útipili skemmunnar norðan við bæinn. Frambærinn eða framhúsið var með torflagðri þekju og torfveggjum á þrjá vegu, en framhlið og bæjardyraburst úr timbri. Sunnan bæjardyra var smíðahús og norðan þeirra gestastofa.³⁷² Uppbygging bæjarins í þessari mynd var sennilega að mestu verk Jóns Ólafssonar, enda lést faðir hans 1873. Jón var „hagleiksmaður á tré og



járn og vann mikið við smíðar samhliða búskapnum“. Hafði hann til þess sérstakt smíðahús,³⁷³ sem fyrr er nefnt. Baðstofan var með óvenjulegu sniði, háum veggjum og uppreftri hvelfingu „úr borðum yfir allt ræfrið“. ³⁷⁴ Er jafnvel talið, að hvelfing Þingeyrakirkju hafi verið fyrirmynd þessa byggingalags á Sveinsstöðum og þær húshvelfingar verið hinar fyrstu, sem gerðar voru á Norður- og Austurlandi, jafnvel á landinu öllu.³⁷⁵

Framhúsið á Sveinsstöðum árið 1924. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Þessu nýstárlega byggingarlagi hússins á Sveinsstöðum lýsti Ásgeir L. Jónsson þannig:

Stærð á baðstofum var fyrrum ávallt reiknuð í svonefndum stafgólfum. Stafir (stoðir) gengu frá gólfi til lofts undir sperru, og var rúmlengd á milli stafa. Þegar baðstofan á Sveinsstöðum var reist, var horfið frá þessu forna og einráða byggingarlagi. Í stað þess voru reistar vegggrindur, líkt og gerist í timburhúsum, og þær klæddar að innan með breiðum, plægðum borðum, er féllu slétt og þétt saman. Breiddin var og mun meiri en venjulegt var um baðstofur. Allt var falletta málað, t.d. voru hurðir og dyrakarmar með eikarmálningu. Tveir ofnar voru í þessum húsakynnum, sinn í hvorum enda.³⁷⁶

Sem fyrr segir var baðstofunni skipt í fjögur hús. Í *Suðurhúsi* var allstórt hjónaherbergi, en jafnframt gestastofa, einkum á veturnum. *Miðbaðstofa* var með fjórum rúmum og í henni „voru haldnar allar danssamkomur sveitarinnar, þangað til skóla- og samkomuhúsið tók við árið 1917“. *Norðurendi* var ýmist með tveimur til þremur rúmum, og í *Litlahúsi*, sem var yngst húsanna og byggt nærri aldamótum, var eitt rúm og legubekkur. Að öðru leyti þóttu baðstofuhúsin „meðal þeirra mestu, er þekktust, og átti hin mikla breidd þar drýgstan hlut“. ³⁷⁷ Öðrum bæjarhúsum var m.a. þannig lýst:

Frá baðstofunni, er var með glugga gegnt vestri nema Suðurhúsið, sem hafði glugga mót suðri, lá afþiljaður gangur í gegnum miðjan bæinn til útidyra. Úr gangi þessum, næst baðstofunni, var gengið inn í

³⁷¹ Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 328-329.

³⁷² Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 328; *Heim*. Þorgils Magnússon 19. febr. 2019.

³⁷³ *Húnavaka* 51. árg. 2011, s. 10; Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 290-291 og 329.

³⁷⁴ Guðmundur Hannesson (1943), s. 218.

³⁷⁵ Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 329.

³⁷⁶ Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 328.

³⁷⁷ Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 291.

„kokkhúsið“, er svo var nefnt og var með glugga út úr þakinu ofan veggja til austurs og suðurs. Úr því var gengið inn í allmikið búr með gluggum út úr risinu til austurs. [...] Suðurstafrinn var gluggalaus, óþiljaður torfveggur. [...] Úr kokkhúsinu lá stigi niður í kjallara, sem var undir nokkrum hluta baðstofunnar. [...] Fremst í húsaröðinni, sunnan við göngin, var fyrrnefnt smíðahús. Yfir því var geymsluloft. Gegnt smíðahúsinu, norðan við göngin, var gestastofan. [...] Framan við stofudyrnar á stigi upp á Dyraloft, sem var yfir göngunum. Þar voru gestarúm. Úr Dyralofti var gengið til norðurs í aflæst geymsluloft, sem var yfir stofunni. [...] Bæði stofuloftið og smíðahússloftið voru borinn uppi af bitum, enda voru þau einu flötu eða láréttu loftin, auk skemmuloftsins, sem í bæjarhúsunum voru. Annars staðar voru annað hvort hvelvingar eða ris. [...] Á milli stofu og baðstofu, norðan við göngin, var gamla eldhúsið.³⁷⁸



Steinhúsið á Sveinsstöðum var byggt 1929 sunnan við gamla frambæinn og svo nærri honum, að rífa þurfti hluta hans. Eftir stóð norðurhluti bæjarins með bæjardyrum, sem rifinn var fljótlega eftir að flutt var í nýja húsið, og skemma með timburþili. Myndin var tekin 1934. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Árið 1916 voru bæjar- og geymsluhúsin sögð „mikil, en gömul og gölluð“. Vorið 1929 var staðfest af hreppstjóra Sveinsstaðahrepps, að húsakynnin væru „óhæf til íbúðar vegna hrörnnunar“.³⁷⁹ Þá um sumarið var suðurhluti frambæjarins rifinn til að víkja fyrir steinhúsinu, og skömmu eftir að

flutt var í nýja húsið var norðurhluti hans rifinn. Var það að sögn gert veturinn 1930-1931, „en þá keypti Guðjón Hallgrímsson frá Hvammi baðstofuna og notaði þiljurnar við byggingu á Marðarnúpi í Vatnsdal“.³⁸⁰ Skemman stóð lengst og var ekki rifin fyrr en byggð var véla- og verkfærageymsla og



hlaða norðan við nýja húsið 1952.³⁸¹ Eingu göngu skemmu og smíðju var getið í fasteignamati 1930 og um skemmuna sagði í úttekt, sem líklega var gerð 1939 vegna fasteignamats 1942: „Torfveggir og timburstafrn, torfbak 9 × 3 m, veggghæð 2,6 m með porti, rishæð 1,5 m. Timburloft.“

Líkan af gamla bænum, smíðað af Þorgílsi Magnússyni frá Sveinsstöðum. Það stendur á fornri veggheðslu öftustu húsaröðarinnar, sem enn er sýnileg vestan við íbúðarhúsið. (Ljóm. Magnús Ólafsson.)

Íbúðarhús

Árið 1929 létu Magnús Jónsson og Jónsína Jónsdóttir rífa suðurhluta framhússins og byggja þar steinsteypt íbúðarhús, sem teiknað var af Jóhanni Franklín Kristjánssyni (1885-1952), húsameistara og forstöðumanni Teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs.³⁸² Ólafur M. Jónsson (1892-1967), þá húsa-

³⁷⁸ Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 328.

³⁷⁹ Um gamla bæinn sagði eftirfarandi í virðingargjörð 17. maí 1929: „Gamall torfbær, sem rifinn verður í sumar.“ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/282.


³⁸⁰ Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 329.

³⁸¹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/282 (virðingagjörð 4. nóv. 1952).

³⁸² Jóhann Fr. Kristjánsson sendi teikningu eða „Tillögu-uppdrátt“ til Magnúsar Jónsson á Sveinsstöðum 2. maí 1929 og var hún einnig nýtt við smíði hússins á Björnólfsstöðum í Langadal, sem byggt var sama ár, sbr. ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins. Sem byggingaráðunautur bænda og síðar forstöðumaður Teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs (1930-1937) vann Jóhann einkum að hönnun sveitabæja. Hann gerði fleiri húsaþekningar af bændabýlum með líku sniði og á Sveinsstöðum og Björnólfsstöðum, en frá hans hendi eru einnig skólahúsin á Laugum í Reykjadal (1923) og á Hallormsstað (1929), þar sem „gætir áhrifa frá tilraunum með burstabæjarstílinn, sem og í sumum sveitabæjarverka“, sbr. Hörður Ágústsson (2000), s. 366 og 370-371.

smíðameistari á Borðeyri, var yfirmiður hússins, en að smíðinni vann einnig lærlingur hans, Leó Guðlaugsson (1909-2004), síðar landspektur húsasmíðameistari. Þetta sama sumar unnu þeir jafnframt að smíði íbúðarhúss að Lækjamóti í Víðidal.³⁸³ Byrjað var að grafa fyrir húsinu á Sveinsstöðum 10. maí 1929 og flutt í það 10. desember sama ár. Steypan var hrærð á palli og síðan borin í meisum í steypumótin. Mölin var sótt í melinn milli Sveinsstaða og Steinness og ekið veturinn áður á hestvögnum heim á bæjarhlað, þar sem hún var þvegin fyrir notkun.³⁸⁴

Húsið er einlyft með kjallara, portlausu risi og tveimur háum burstum með mænispökum, sem vísa fram á hlaðið og eru tengdar saman með jafnháu millirisi eða mænispaki. Allt þakið er bárujárnsklætt. Húsið reiknast nú 241,5 m² og 612 m³ að stærð, en 550 m³ skv. útreikningi Jóhanns Franklins, sem skoðaði húsið á byggingarstigi 13. október 1929. „Það var þá vel á veg komið og að öllu leyti til þess vandað.“ Sumarið eftir kom Jóhann aftur við á Sveinsstöðum og „var húsinu þá að fullu lokið“.³⁸⁵ Sama ár var húsinu þannig lýst í fasteignamati: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 10,0 × 8,75 m. Ein hæð með kjallara og lofti. Þak járnvarið. Tvö ris, nýbyggt. [...] Miðstöð.“



„Tillögu-uppdráttur“ Jóhanns Franklins Kristjánssonar húsameistara frá 1929, sem nýttur var við smíði íbúðarhússins á Sveinsstöðum. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/1, nr. 5.) Varðveittur er hliðstæður uppdráttur frá hendi Jóhanns, dagsettur í nóv. 1928 og á hann ritað: „Bygt: Einarsnesi, Sveinsstöðum, Björnólfsstöðum, Víðikeri, Syðri-Vík í Vopnafirði“. (BL 2005 B/2, nr. 31.)

Hinn 10. október 1934 voru ný og gömul bæjarhús á Sveinsstöðum virt til brunabótamats.³⁸⁶ Íbúðarhúsið mældist 10 m á lengd, 8,75 m á breidd og 5,10 m á hæð. Það var með tvöföldum útveggjum og steiptum skilrúmum í kjallara og á stofuhæð. Herbergjaskipan var þessi: Í kjallara 3 geymsluherbergi, þvottahús, búr, baðherbergi með WC og gangur með miðstöðvarkatli. Á stofuhæð voru 2 stofur,

³⁸³ Heim. Magnús Ólafsson 17. febr. 2019; *Morgunblaðið* 26. febr. 2004, s. 45. Auk smíðanna unnu einkum að byggingunni þrjú ungir menn úr sveitinni, þeirra á meðal Halldór Jónsson, síðar bóndi á Leysingjastöðum, og sonur húsráðenda á Sveinsstöðum, Jón Magnússon, þá menntaskólanemi og síðar fréttastjóri Ríkisútvarpsins.

³⁸⁴ Heim. Magnús Ólafsson 17. febr. 2019

³⁸⁵ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/282.

³⁸⁶ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

svefnherbergi, eldhús með borðstofu og auk þess forstofa með uppgangi á loftið. Á annarri hæð voru 4 herbergi og gangur með timburskilrúmunum. Auk þess 5 hliðarherbergi til geymslu. Af gamla torfbænum, sem var „fráskilinn húsinu með 2 metra sundi“, stóðu eftir eldhús og skáli ásamt skemmu (8 × 3 × 1,8 m) með lofti og þilstafni.



Nýja steinhúsið og leifar gamla bæjarins skömmu eftir 1930. Á hestinum nær bænum situr húsfreyjan á Sveinsstöðum, Jónsína Jónsdóttir. (Ljósm. Jón J. Dahlmann. Þjms. JJD1-465.)

Árið 1939 var húsinu lýst með eftirfarandi hætti í fasteignamati: „Íbúðarhús úr steinsteypu. Ein hæð, kjallari, loft portlaust, tvö ris, 10 × 9 m. Veggahæð frá kjallara 2,7 m. Kjallarahæð 2,2 m. Rishæð 3,5 m. Tvöfaldir útveggir. Borðasúð, pappi og járn. Steypt gólf í kjallara og loft yfir með borðvið ofan á.

Timburloft tvöfalt yfir stofuhæð. Skilrúm í kjallara og stofuhæð steypt. Á lofti timbur. Í kjallara 5 herbergi, gangur, baðhús og salerni. Á stofuhæð 5 herbergi og forstofa. Á lofti 4 herbergi og gangur. Öll veggfóðruð og máluð. Byggt 1929. Vatnsleiðsla, frárennsli og miðstöð frá katli.“



Íbúðarhúsið og sambyggð útihús á Sveinsstöðum. Efri röð í maí 1970 og neðri röð í febrúar 1986, þar sem m.a. má greina viðbyggingu við fjósið frá 1983. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/282.)

Íbúðarhúsið heldur ennþá upprunalegu svipmóti og er að miklu leyti óbreytt að allri gerð að utanverðu. Snemma á 9. áratug síðustu aldar var skipt um upprunalega glugga í húsinu, en árið 2008 var þeim gluggum skipt út fyrir nýja glugga með upphaflegu sniði. Þá voru endurnýjaðar steinsteyptar tröppur við aðalinnangang og allt húsið einangrað að utan og múrað með Sto-múrklæðningu. Við það hvarf á bak við klæðninguna upphleypt áletrun úr múr yfir aðaldyrum, þ.e. *Sveinsstaðir 1929*. Árið 1986 voru einnig gerðar miklar endurbætur á þaki hússins með því að skipt var um járn, tréverk endurnýjað að hluta, reykháfur fjarlægður og þakið einangrað með steinull. Jafnframt var komið fyrir

steinull í efri hluta útveggja, sem eru tvöfaldir steinveggir með tróðholi, þar sem mórinn hafði sigið um allt að einn metra.³⁸⁷

Húsið stendur syðst í stílhreinni og samfelldri röð steinsteypra útihúsa vestan við bæjarhlaðið. Suðvestan við íbúðarhúsið er vöxtulegur trjáreitir, sem stuðlar enn frekar að gildi þessarar húsasamstæðu. Nokkru sunnar eru sambyggð fjárhús, sem reist voru í fjórum áföngum á árunum 1939 og 1954-1962. Þau snúa fimm burstum í austurátt, en að baki þeim eru tvær hlöður (sjá síðar).



Sveinsstaðir sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1929
 Fyrstu eigendur: Magnús Jónsson og Jónsína Jónsdóttir
 Hönnuður: Jóhann Franklín Kristjánsson
 Yfirmsiður: Ólafur Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Portlaust ris	Óbreytt
	Kjallari	Óbreytt
	Stærð	
	Reykháfur	Horfinn
	Útitröppur	Óbreytt
	Gluggar	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar
 Tvöfaldir veggir með tróðholi fyrir einangrun. Voru einangraðir og klæddir að utan með Sto-múrklæðningu árið 2008.

Járn, tréverk og einangrun endurnýjuð 1986.
 Með tveimur háreistum burstum og millirisi.

10,0 × 8,75 m / 241,5 m² - 612 m³

Reykháfur var fjarlægður árið 1986 við endurbætur á þaki hússins.

Steinsteyptar tröppur við aðalinngang á austurhlið voru endurnýjaðar 2008.

Gluggar voru endurnýjaðir með upprunalegu sniði 2008.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Hátt

Formfögur og stílhrein bygging í burstabæjarstíl.

³⁸⁷ Heim. Magnús Ólafsson 17. febr. 2019.

Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er höfundarverk Jóhanns Fr. Kristjánssonar húsameistara og á sér merka sögu sem íbúðarhús og áningastaður í Þjóðbraut í nærfellt 90 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur fallega í landi og er kjarni húsaraðar, sem setur sterkan svip á staðinn.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið sem ekkert breytt frá upprunalegri gerð og ásýnd.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í prýðilegri umhirðu og ástand þess gott.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið og öll húsaröðin hafa mikið varðveislugildi.
Niðurstaða varðveislumats:		Upprunalegar teikningar af húsinu eru varðveittar, en lagt er til að það verði verndað ásamt allri húsaröðinni með hverfisvernd skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fjánhús, hlaða og fjós

Um 1940 voru þessi útihús á jörðinni, auk áðurnefndrar smiðju og skemmu: Gamalt fjós úr torfi fyrir 10 kýr, alsteypt safnþró (9,3 m³), þrjú hesthús úr torfi fyrir 19 hesta, fjögur fjánhús úr torfi fyrir 140 fjár og tvenn fjánhús fyrir 100 fjár með steinsteyptum veggjum og járnþaki, steypt þurrheshlaða (150 m³) með járnþaki og gæsaús.



Sveinsstaðir um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Af ofanefndum húsum standa nú einungis fjánhúsin tvö og hlaðan, sem eru hluti þeirrar samstæðu útihúsa, sem er skammt suður af bænum. Fjánhúsin voru byggð 1939, þ.e. tvö syðstu húsin af fimm, og syðsti hluti hlöðunnar sama ár. Hún er 4 × 10 m að grunnfleti og var umtölud í sveitinni á þeim tíma vegna óvenjulegrar stærðar.³⁸⁸ Árin 1954-1955, 1959 og 1962 var aukið við þremur samstæðum og burstabyggðum fjánhúsum með sama sniði norðan við eldri húsin og hlaðan að endingu stækkuð með viðbyggingu við norðurvegg eldri hlöðunnar árið 1962. Byggingarár þessarar húsasamstæðu er þó ranglega skráð 1970, skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018. Fjánhúsin byggði Ólafur Magnússon í þremur áföngum, þ.e. eina burst í senn, en hlöðuna í

tveimur áföngum. Skv. úttektum rúma fjánhúsin hvert um sig um 50 kindur og eru 9,60 m á lengd og 4,50 – 4,55 m á breidd með 2 – 2,20 m veggshæð og 0,90 – 1,10 m þakhæð. Hlaðan er hins vegar 9 m á lengd og 6 m á breidd með 4 m veggshæð og 1 m þakhæð.³⁸⁹



Horft heim að Sveinsstöðum úr vesturátt 10. október 2018. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

Í beinni línu norður af íbúðarhúsinu er samfelld röð útihúsa, sem myndar einkar áhugaverða og stíl-hreina heild og húsaröð. Áföst íbúðarhúsinu, þar sem áður stóðu norðurhluti gamla bæjarins og

³⁸⁸ Heim. Magnús Ólafsson 17. febr. 2019; Ásgeir L. Jónsson (1971), s. 365, og Húnavaka 51. árg. 2011, s. 13. Þar greinir Magnús Ólafsson frá þessum húsum: „[F]yrsta steinsteypta fjárhúsið var byggt í tíð afa míns árið 1939. Það var [100] kinda fjárhús [tvær burstir] og var byggð hlaða við. Þótti alveg furðulegt að smíða svo stóra hlöðu við fjárhúsið en þá tíðkaðist að vera með féð úti og beita svo sem hægt var. Gömlu mennirnir sögðu að þó að einhvern tíma kynni að heyjast svo mikið á Sveinsstöðum að hlaðan fylltist þá myndu kindurnar aldrei borga svo kostnaðarsama byggingu. Í síðasta skiptið sem ég setti hey í hlöðuna tók það rúmlega tímamann, milli hádegis og kaffis að fylla hana en hún þótti stór á sínum tíma.“

³⁸⁹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/282 (virðingagjörðir 4. nóv. 1952, 11. okt. 1955 og 20. okt. 1963).

skemman, er steinsteypt *véla- og verkfærageymsla* (84,8 m²), sem byggð var árið 1952.³⁹⁰ Hún er lágreist bygging með mænisþaki og snýr langhlið að hlaði. Næst henni er stór og háreist *heyhlaða* með stöfnum mót austri og vestri, byggð 1952-1953. Hún er 7,90 m á breidd, 10,40 m á lengd, vegg-hæð 4,70 m og þakhæð 3 m, skv. úttekt 4. nóv. 1952. Upphaflega var innbyggð í hlöðuna steinsteypt *votheysgeymsla*, 3,3 m á breidd, 3,5 m á lengd með 6 m vegg-hæð, sem brotin hefur verið fyrir löngu.³⁹¹ Nyrst í húsaröðinni er *fjós* með *mjólkurhúsi*, sem byggt var 1947, en síðan stækkað að mun með viðbyggingu við norðurenda árið 1983. Vestan við fjósið er háreistur *votheysturn*, byggður 1986.



Séð heim að Sveinsstöðum sumarið 2015. Til hægri eru fjárhúsin sunnan við bæinn. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Fjósinu var þannig lýst í brunabótavirðingu 11. október 1949: „Steinsteypt, stoppað með torfi og asbest innan á veggjum. Loft, þakpappi innst, svo torf á rimlum og galv. járn.“ Stærð: 8,85 m á lengd, 9,9 m á breidd og 2,80 m á hæð. Undir sama risi voru *mjólkurhús* (2,50 × 4,30 × 2,80 m), *fóður-geymsla* (2,50 × 4,30 × 2,80 m) og *gangur* „milli þessara klefa“ (2,50 × 1,30 × 2,80 m).³⁹²

Fjárhús, hlaða og fjós – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1939 og 1947
Fyrstu eigendur: Magnús Jónsson og Ólafur Magnússon

Upphafleg notkun: Fjárhús, hlaða og fjós.
Núverandi notkun: Hlaða og fjárhús gegna upphaflegum hlutverkum, en fjósi var breytt í hesthús árið 2004.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlung	Húsin eru í hefðbundnum stíl, en mynda afar smekklega heild ásamt yngri útihúsum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Fyrirkomulag húsanna, eldri og nýrri, vitnar um smekkvísi við frágang útihúsa á sveitabýli.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin mynda einkar samstæða og snotra heild ásamt íbúðarhúsi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin hafa haldið upprunalegri gerð og ásýnd í meginatriðum.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsunum er vel við haldið og eru þau í góðu ásigkomlagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsin hafa mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð, en verði einnig vernduð ásamt öðrum sambyggðum húsum með hverfisvernd skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

³⁹⁰ Í úttekt 4. nóv. 1952 er getið um *geymsluhús*, sem byggt var það ár, 9 m á breidd og 9,30 m á lengd, vegg-hæð 2,20 m og þakhæð 1,30 m. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/282.

³⁹¹ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/282.

³⁹² *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

3.2.13 Skólahúsið á Sveinsstöðum

Staðhættir og saga

Í landi Sveinsstaða, skammt frá mótum Norðurlands- og Þingeyravegar, stendur rösklega aldargamalt skólahús, sem byggt var á árunum 1914-1917 til að hýsa barnaskóla Sveinsstaðahrepps. Húsið teiknaði Jóhann Franklín Kristjánsson (1885-1952) byggingarmeistari,³⁹³ sem á árunum 1912-1914 var viðloðandi ýmsar húsbyggingar í Húnaþingi, m.a. á Hjaltabakka, Beinakeldu, Holtastöðum og Fremstagili í Langadal. Áður höfðu heimamenn að líkindum leitað til Rögnvalds Á. Ólafssonar húsameistara um teikningu að skólahúsinu, en hann var ráðunautur landsstjórnarinnar um húsagerð. Frá hans hendi og Einars Erlendssonar arkitekts er varðveitt teikning af „Skólahúsi í Sveinsstaðahreppi“, sem árituð var í maí 1913.³⁹⁴ Verður því að ætla, að hreppsnefndinni hafi af einhverri ástæðu ekki hugnast sú teikning og þess vegna falast eftir teikningu frá Jóhanni.



Teikning Jóhanns Fr. Kristjánssonar að Skólahúsinu á Sveinsstöðum. (Þí. Myndir og kort (teikningasafn). Skápur 18, skúffa 38.)

Skólahúsið um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Teikning Jóhanns Franklíns er ódagsett, en væntanlega var hún gerð árið 1914, þegar hafist var handa við byggingu skólahússins. Skv. byggingar-reikningi, sem frágenginn var 17. september 1917 af Magnúsi Jónssyni, oddvita á Sveinsstöðum, nam heildarkostnaður 8.383,60 kr. og var að þriðjungi greiddur úr landssjóði. Þar af námu vinnulaun

3.724,67 kr., en yfirmiður var Lárus Jón Ólafsson (1889-1972), trésmiður og byggingameistari á

³⁹³ Þí. Myndir og kort (teikningasafn). Skápur 18, skúffa 38. Teikning Jóhanns er óársett, en undirrituð af honum.

³⁹⁴ *Fundarhús og skólar í sveitum landsins*, s. 11 og 58. Skýrsluhöfundur var ókunnugt um teikningu Jóhanns Franklíns, en töldu þó mögulegt að Skólahúsið á Sveinsstöðum væri byggt eftir teikningu Rögnvalds Ólafssonar. Húsið væri þó frábrugðið teikningu hans, en ekki „útilokað að hann hafi gert aðra teikningu sem byggt var eftir“. Teikning Rögnvalds og Einars er varðveitt í skjölum Húsameistara ríkisins í Þjóðskjalasafni Íslands (Skólahús í Sveinsstaðahreppi. Teikning 1913-05, RÁÓ, EEr).

Blönduósi. Auk hans skiluðu þrír handverksmenn mestu verki við bygginguna, þ.e. Hálfan Á. Bjarnason (1885-1965) trésmiður og múrararnir Zophonías Hjálmsón (1864-1931) og Ásgeir Þorvaldsson (1881-1962) á Blönduósi. Þar hafði Zophonías steinsmiður reyndar staðið fyrir byggingu á eigin íbúðarhúsi úr steinsteypu 9 árum fyrr, eða árið 1905. Var það fyrsta steinsteypta íbúðarhúsið, sem byggt var í sýslunni. Aðrir þeir menn, sem unnu að verkinu, voru eftirtaldir: Friðrik Halldórsson, Guðmundur Guðmundsson, Indriði Jósefsson, Jón Eyþórsson (síðar veðurfræðingur), Jósef Jósefsson, Jón Jónsson á Mástöðum, þrír menn frá Steinnesi og tveir frá Sveinstöðum, en frá báðum bæjum voru einnig leigðir hestar til flutninga.³⁹⁵

Óþekkt er, hvort Jóhann Franklín kom eitthvað að byggingu skólahússins umfram það að leggja til teikningar að því. Skv. byggingarreikningi fékk hann þó greiddar 15,50 krónur, sem voru líklega þóknun fyrir hönnun hússins. Ekki er ólíklegt, að Jóhann hafi veitt Lárusi yfirsmiði ýmsa ráðgjöf, s.s. við frágang á „tróðholi“ eða torfi til einangrunar í útveggjum, því að árin 1913-1914 var Jóhann heimilisfastur á Holtastöðum í Langadal og vann þar að byggingu íbúðarhúss og á Hjaltabakka, auk þess að hafa umsjón með húsbyggingu á Fremstagili. Í skýrslu Jóhanns um „verkleg störf“ sín það árið vék hann hins vegar ekki einu orði að skólahúsinu á Sveinstöðum.³⁹⁶

Skólahúsið var tekið í notkun árið 1917. Það var fyrsta skólahúsið, sem byggt var beinlínis sem skólahúsnæði í sveitum Húnaþings og jafnframt meðal fyrstu skólahúsa í sveit hér á landi. Árið 1908 var hins vegar byggt steinsteypt samkomu- og barnaskólahús á Blönduósi, sem nefnt var *Tilraun* og stendur enn. Húsið var teiknað af Rögnvaldi Á. Ólafssyni og Einari Erlendssyni.



Skólahúsið á Sveinstöðum sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Í skólahúsinu á Sveinstöðum var starfræktur skóli og kennt í 3-4 mánuði á hverjum vetri allt til ársins 1969, er Húnavallaskóli tók til starfa. Húsið var einnig samkomu-, þing- og fundahús sveitarinnar. Húsinu fylgir einn hektari ræktaðs leigulands. Það er einlyft með lágu mænispaki og kjallara, að hálfu úr


³⁹⁵ Þí. Stjórnarráð Íslands I (Db. 5, nr. 49) B/168, nr. 3.

³⁹⁶ Jóhann Fr. Kristjánsson (1915), s. 148-151.



jörðu, steinsteypt með tvöföldum veggjum og torfi á milli.³⁹⁷ Við aðra langhlið er útbýgging með hallandi þaki, jafnhá húsinu, en þar er forstofa og uppgangur á efri hæðina. Á neðri hæð, eða í kjallara, er lítil íbúð, sem jafnaðarlegast var búið í fram til ársins 1990, en uppi var stór kennslustofa, sem hægt var að skilja í tvennt með skilrúmi. Eftir að skólahald lagðist af 1969 var þar um tíma starfrækt útibú frá Pólarprjóni á Blönduósi og síðan Saumastofan Þing frá 1979 til þessa dags. Húsið er í eigu Húnavatnshrepps.³⁹⁸



Teikningar af Skólahúsinu (suðurhlið og sneiðing), gerðar af Gunnlaugi Birni Jónssyni arkitekt 9. júlí 2018.



Lýsing á húsinu

Árið 1916 var húsinu þannig lýst: „Barnaskólahús, er jafnframt á að vera þinghús og fundahús, er nýbyggt á jörðunni. Það er gert úr steinsteypu, með tvöföldum veggjum, borðasúð, pappabaki yst og þiljað innan á sperrur. Stærð: 10 × 13 álnir utanmál og viðbyggður skúr (forstofa), 3 × 8 álnir. Vegg hæð 8 álnir. Í skúrnum er auk forstofu uppgangur á loftið. 5 herbergi eru á neðri hæðinni með steypum skilrúmunum á milli og

steyptu gólfu. Í efri hæðinni er steinbindingur og að nokkru laust timburskílrúm. Enn sem komið er hefir ekki verið gerður samningur um lóð. Brunnur, hlaðinn úr grjóti, er við húsið. Byggingin er ekki fullgerð.”




Útlitsteikningar af Skólahúsinu (norður- og vesturhliðar) gerðar af Gunnlaugi Birni Jónssyni arkitekt 9. júlí 2018.

³⁹⁷ Líklegast er, að notuð hafi verið sama aðferð við uppsteypu útveggja og frágang á torfeinangrun og Jóhann Fr. Kristjánsson beitti á Fremstagili og Holtastöðum, en þar voru veggirnir tvöfaldir og „steyptir hvor í sínu lagi“, sbr. Jóhann Fr. Kristjánsson (1915), s. 148-149, og Guðmundur Hannesson (1943), s. 277-278. Í skýrslu Gunnlaugs Björns Jónssonar arkitekts um skólahúsið segir um þetta: „Húsið er steyppt með tvöföldum veggjum og einangrað með reiðingi á milli en þessa byggingaraðferð notaði Jóhann í mörgum húsum sem hann stóð fyrir. Byggingaraðferð þessi var þannig að samhliða uppslætti var reiðingi hlaðið í miðju móta og steyppt beggja vegna. Velja varð reiðing sem hentaði þessari aðferð en reiðingur í mynni Vatnsdals þótti með besta fánalega efni.“ Gunnlaugur Björn Jónsson (2018). Ólíklegt er, að útveggir skólahússins hafi verið byggðir með þessari aðferð, því að vitað er að hún var fyrst reynd í Húnaþingi við byggingu íbúðarhússins á Stóru-Giljá árin 1923-1924, sbr. Guðmundur Hannesson (1943), s. 278 (sjá nánar kafla 3.3.1).

³⁹⁸ *Húnaþing II*, s. 313; Jón Torfason (2007), s. 22-23; *Húnavaka* 51. árg. 2011, s. 15; *Heim*. Ellert Pálmason 28. febr. 2019.

Afar nákvæm úttekt var gerð á skólahúsinu 6. febrúar 1934 vegna brunabótamats.³⁹⁹ „Húsið er úr steinsteypu með járnþaki og er neðri hæðin notuð til íbúðar, en efri hæðin hýsir barnaskóla og fundi.“




Stærð hússins að utanmáli var þessi: Lengd 8,35 m, breidd 6,40 m og hæð 5,35 m. Gólf og öll skilrúm í húsinu voru steinsteypt, en á neðri voru þessi fimm herbergi með 2,45 m lofthæð: Stofa (3,65 × 2,59 m), eldhús (3,70 × 2,59 m), stofa (3,70 × 2,93 m), stofa (2,05 × 2,93 m) og geymsla (1,50 × 2,93 m). Á efri hæð voru tvær stofur „með steinsteypuskilrúmi, þó eru lausar hurðir á 4 m bili í miðju skilrúmi.“ Stærð hvorrar stofu voru 3,40 × 5,58 × 2,70 m. Við austurhlíð hússins var ennfremur steinsteyptur skúr, 5,15 × 2,10 × 4,20 m að stærð, „notaður sem forstofa fyrir stiga og lítill 2 herbergi til geymslu“. Til upphitunar var kolaofn.

Útlitsteikning af Skólahúsinu (austurhlíð), gerð af Gunnlaugi Birni Jónssyni arkitekt 9. júlí 2018.

Svohljóðandi lýsing var gefin 1940: Skólahús.

Stendur á eignarlóð. Lengd 8,3 m, breidd 6,4 m, hæð 2,8 m og rishæð 0,5 m. Útbygging 5 × 2 m, veggshæð að meðaltali 2,2 m. Kjallari: Veggshæð 2,2 m. Stærð alls hússins 325 m³. Útveggir steinsteyptir og þak með borðasúð, pappa og járni. Gólf af timbri og skilrúm af timbri og steinsteypt. Á lofti tvær stofur, en í kjallara eru innbyggð herbergi til íbúðar. Húsið er notað til barnakennslu, fundahalda og íbúðar. Í húsinu var vatnsleiðsla og ein múrpípa, en engin upphitunartæki nefnd.



Grunnteikningar af Skólahúsinu (1. og 2. hæð), gerðar af Gunnlaugi Birni Jónssyni arkitekt 9. júlí 2018.

Skólahúsið er heillegt að formi og heldur að miklu leyti upprunalegri lögun og ásýnd. Innra skipulag þess er nánast óbreytt frá upprunalegum frágangi og í samræmi við varðveittar teikningar, og auk þess búið upprunalegum innréttingum að miklu leyti. Í húsinu voru upphaflega gluggar í „jugendstíl“, sem breytt var í kross- og tvíþósta glugga eftir miðja síðustu öld og síðar í glugga með einum lóðrétt-

³⁹⁹ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

um pósti. Fyrir aldamótin var húsið ennfremur einangrað að utan með 10 sm plasteinangrun í timburgrind, sem klædd var steniklæðningu, og reykháfur brotinn niður ofan þakflatar.⁴⁰⁰

Á vegum Húnavatnshrepps er nú í undirbúningi endurgerð hússins í samvinnu við Húsafriðunarsjóð og Gunnlaug Björn Jónsson arkitekt.⁴⁰¹ Hann mældi upp og teiknaði húsið sumarið 2018 og vann áætlun um endurgerð þess. Ráðgerðar framkvæmdir utanhúss eru þessar skv. skýrslu Gunnlaugs:

Ætlunin er að fjarlægja núverandi steniklæðningu, timburgrind og einangrun. Æskilegast væri að gera við múr og athuga með að blása inn einangrun í holrúm þar sem reiðingur hefur sigið en ósk er um að einangra húsið að utan og múra. Í því tilfalli er mælt með 2" steinullarmúrplötum og viðeigandi múrkerfi. Þykkt veggja yrði þá 7,5 cm meiri en í upphafi en 5,5 cm minni en nú er. Æskilegt væri að færa þakkant út samsvarandi þ.e. 7,5 cm. Ný hurð og gluggar verða smíðaðir sem næst upprunalegri mynd í samræmi við teikningar arkitekts. Gluggar verða færðir út í ytri brún núverandi steyptra veggja verði þeir einangraðir að utan og múraðir. Reykháfur verður steypdur upp að nýju og flaggstöng sett aftur á suðurgafli. Upprunalegur frágangur er vel lesanlegur að innan og verður hafður að leiðarljósi við allar framkvæmdir innandyr.⁴⁰²

Skólahúsið – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1914-1917	Upphafleg notkun:	Skóla- og þinghús / íbúðarhús.
Fyrstu eigendur:	Sveinsstaðahreppur	Núverandi notkun:	Saumastofa er starfrækt í húsinu.
Hönnuður:	Jóhann Fr. Kristjánsson		
Yfirsmiður:	Lárus Jón Ólafsson		
Endurgerving:	Frá 2018		
Hönnun:	Gunnlaugur Björn Jónsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/stenikl.	Húsið hefur verið klætt með steniplötum að utan.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	Kennslustofur voru á efri hæð.
	Kjallari	Óbreytt	Í kjallara (neðri hæð) var íbúð frá upphafi.
	Stærð		8,35 × 6,40 m / 325 m ³
	Reykháfur	Horfinn	Reykháfur hefur verið fjarlægður ofan þakflatar.
	Útbygging	Óbreytt	Með forstofu og stigagangi upp á efri hæð.
	Gluggar	Breyttir	Gluggasetningu hefur tvívegis verið breytt og nú eru í húsinu gluggar með einum lóðréttum pósti.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er látlaus og snotur bygging í góðum hlutföllum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Er elsta skólahús í Húnaþingi og meðal fyrstu skólahúsa, sem byggð voru til sveita á landinu. Er auk þess eitt örfárra skólahúsa, sem byggð voru eftir teikningu Jóhanns Fr. Kristjánssonar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Fer vel í landi og einkennalítlu umhverfi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Heldur að mestu óbreyttri ásýnd hið ytra, en hefur þó verið einangrað og klætt að utan með steniklæðningu. Gluggasetningu hefur einnig verið breytt, en allt þetta er endurvinnanlegt sbr. áætlun, sem gerð hefur verið um endurgerð hússins.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er heillegt og vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Hefur mikið varðveislugildi vegna áður nefndra þátta.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Fyrirliggjandi er upphafleg teikning að húsinu, sem hefur auk þess verið mælt upp og teiknað vegna fyrirhugaðrar endurgerðar á vegum Húnavatnshrepps.

⁴⁰⁰ Sjá m.a. Gunnlaugur Björn Jónsson (2018).


⁴⁰¹ Heim. Einar Jónsson sveitarstjóri, 9. október 2018.

⁴⁰² Gunnlaugur Björn Jónsson (2018).

3.2.14 Steinnes

Staðhættir og saga

Steinnes er fornt býli og hugsanlega þeir Steinsstaðir, sem getið er í *Þætti Þorvalds víðförla*. Jörðin er að mestu slétt graslendi, en frá bænum er víðsýni vestur yfir Hópið og til annarra átta. Bærinn stendur



ur á allháu barði, skammt vestur af Steinneskvísl (Vatnsdalsá). Í Steinnesi var bænhús fyrr á öldum og prestssetur sóknarinnar frá því á 14. öld til ársins 1968, er nýr prestur kaus sér búsetu á Blönduósi. Sátu þar margir merkisklerkar og síðastur þeirra séra Þorsteinn B. Gíslason, sem þjónaði sókninni lengi og hélt um árabíl unglingskóla í Steinnesi.⁴⁰³

Túnakort Steinness 1919. Hannes Jónsson.

Húsráðendur í Steinnesi frá 1887 voru séra Bjarni Pálsson (1859-1922) og Ingibjörg Guðmundsdóttir (1867-1916), en frá 1923 til 1968 sátu prestssetrið séra Þorsteinn Björn Gíslason (1897-1980) og Ólína Soffía Benediksdóttir (1899-1996). Frá árinu 1974 hafa ábúendur verið Guðrún Vilmundardóttir (1925-2005) og Jósef Magnússon (1919-2015) og síðan Magnús sonur þeirra og Líney Árnadóttir frá 1985.

Horfin bæjarhús

Við afhendingu séra Þorvalds Ásgeirssonar á prestssetrinu 6. júní 1887 var gerð úttekt á húsum jarðarinnar, sem voru þessi: Portbyggð *baðstofa* í 4 stafgölfum með afþiljuðu húsi í vesturenda, *búr*, *eldhús* norðan við *bæjardyr* (vesturdyr), 6 × 4 álnir að stærð með 4 álna háum hliðvegg og „hæfilegu risi“, nýlega byggt og vel viðað, *kofi* „norðanundir búri“, *göng* frá anddyri (vesturdyrum) „með dyrum til vesturs“ og *austurdyr* með tveimur tveggja rúðu gluggum á suðurhlíð hússins. Útihús voru *skemma*



„austur á hlaði“, *fjós* yfir 12 nautgripi, *fjárhús* (nýlega byggt tví-stæðuhús) yfir 100 kindur og *hesthús* yfir 3 hesta.⁴⁰⁴

Gamli torfbærinn í Steinnesi í byrjun 20. aldar. Tvö hús snúa heilþiljum að hlaði og í vesturátt. Til vinstri er eitthvert hús með hálfþili, norðan við hlóðaeldhús með reykháfi. Í baksýn sjást vesturhlíðar Vatnsdalsfjalls. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1093.)

Vorið 1892 fékk séra Bjarni Pálsson leyfi til „að byggja lágreista *baðstofu*“ í stað hinnar gömlu „portbyggðu *baðstofu*“ og byggði einnig stórt hús með torfveggjum

og torfbaki „í stað hinna 4 gömlu bæjarhúsa (bæjardyra, búrs, eldhúss og kofa), auk þess að „fella niður gang til vesturdyra ásamt vesturdyrum“. Í þeirri mynd var torfbærinn árið 1910 og sagður „með 4 heilþiljum, einu hálfþili og timburstafni að auki.“ Um 1916 voru bæjar- og geymsluhúsin „mikil, úr

⁴⁰³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 212-213; *Húnaþing* II, s. 314; Jón Torfason (2007), s. 23.

⁴⁰⁴ Þí. Kirknasafn. Hjaltabakki CD/4 Endurritabók 1854-1890, s. 323-326.

torfi og timbri [...], flest all-stæðileg, en ekki hlý eða hagfelld“, og peningshúsin „gömul og flest léleg.“ Nánari úttekt var gerð á húsakosti prestssetursins 7. júní 1923, þegar séra Þorsteinn B. Gíslason tók við jörðinni af dánarbúi séra Bjarna Pálssonar. Þar var í fyrstu lýst þeim húsum, sem séra Bjarni byggði 1892:

- a: *Baðstofa*, 10 al á lengd og 6½ al. á breidd með 3 ál. stoðum, þiljuð í hólf og gólf með reisifjöl, skilrúmslaus, 3 gluggum á suðurhlið og timburstafn mót vestri.
- b: Norðan við baðstofuna er *hús*, 21 al. á lengd og 7 ál. breitt með reisifjöl yfir því öllu og 4 ál. stoðum. Norðurhlið úr torfi og torfþak. Í austurenda hússins er stofa ásamt bæjardrygangi, 8 ál. á lengd, alþiljuð með timburstafni og 2 gluggum. Er loft yfir hvorutveggju. Timburstafn með einum glugga fyrir bæjardrygangi og 2 hurðir fyrir bæjardryrum. Í miðju húsinu er þiljað matreiðsluhús 6 ál. langt með mæninglugga og loks er búr þiljað með lopti yfir í vesturenda hússins og timburstafn mót vestri með glugga.⁴⁰⁵

Önnur bæjarhús voru stofa og stofuloft austur af baðstofu, baðstofuhús í vesturenda, eldhús, búrkofti, skúr við bæinn og skemma, en peningshúsin voru fjós, 3 hesthús, 3 fjárhús og brunnhús. Sennilega voru flest bæjarhúsin rifin fljótlega eftir að flutt var í nýja steinhúsið.



Gamli og nýi prestsbústaðurinn í Steinnesi, líklega um 1930. Blyantsteikningar Jóns Helgasonar biskups. (Þjms. JH-7-12 og JH-5-19.)

Íbúðarhús

Árið 1928 lét Kirkjujarðasjóður Íslands byggja nýtt íbúðarhús og prestsbústað í Steinnesi, skammt norðan við gömlu bæjarhúsin. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hönnuð og yfirsmið hússins. Það er 202,6 m² að gólfleti og veit stöfnum í austur-vestur, einlyft með kjallara að hálfu úr jörðu, portlausri

⁴⁰⁵ Þí. Kirknasafn. Þingeyraklaustur CB/5. Bréfa- og endurritabók 1914-1936; Þí. Skjalasafn prófasta. Húnavatnsprófastsdæmi AA/12. Úttekta-, vísitásiu- og héraðsfundabók 1920-1925.

rishæð og háu mænispaki. Árið 1935 lét séra Þorsteinn byggja fyrir eigin reikning steinsteypt geymsluhús með járnklæddu mænispaki, áfast vesturhlið hússins, 29,3 m² að grunnmáli. Húsinu var



þannig lýst 1930: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 10,85 × 7,40 m. Ein hæð með kjallara. Loft portlaust, þak járnvarið, nýbyggt. Önnur bæjarhús skemma. Miðstöð.“

Íbúðarhúsið í Steinnesi var byggt 1928 vestan við gömlu bæjarhúsin. Til vinstri er steyppt votheysgrýfja, fjós og heytóft. Myndin er tekin um eða eftir 1940. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1092.)

Mjög ítarleg lýsing og uppmæling var gerð á húsinu 15. október 1934 vegna brunabótamats. Uppgefin stærðarmál voru þessi: Lengd

10,85 m, breidd 7,50 m og hæð 4,90 m. „Húsið er úr steinsteypu með járnþaki. Öll skilrúm í kjallara sömuleiðis úr steinsteypu, skilrúm á stofuhæð öll úr timbri, sömuleiðis útveggir klæddir innan með sama efni. Í kjallara var 2,35 m lofthæð og þessi herbergi: Geymsla (3,15 × 3,70 m), eldhús (5 × 3,90 m), búr (2,80 × 3,70 m), eldhús (3,30 × 3,60 m), geymsla (3,30 × 3,40 m), gangur og geymsla (4,50 × 4,50 m). Á stofuhæð voru tvær forstofur, tvær stofur, skrifstofa og þrjú svefnherbergi, en stærðarmál ekki tilgreind. Á lofti voru tvö svefnherbergi í austurenda, en loftið að öðru leyti notað til geymslu. Ennfremur sagði: „Í fjöggra metra fjarlægð eru eftirstöðvar af gömlum torfbæ með eldhúsi og opnu eldstæði og verður hann rifinn á næstunni.“⁴⁰⁶



Steinnes í maí 1971. (Ljós. Ingvar Gýgjar Jónsson. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/268.)

⁴⁰⁶ *Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.*

Önnur nákvæm lýsing var gefin á húsinu í fasteignamati um 1940: „Íbúðarhús 11 × 7,5 m. Vegg hæð frá kjallara 2,7 m. Rishæð 2,2 m. Tvöfaldir steinveggir, borðasúð, pappi og járn. Timburgólf, flest tvöföld, steingólf í kjallara. Timburskilrúm nema í kjallara steipt. Kjallarahæð 2,3 m. Herbergi í kjallara 6, á stofuhæð 6 og tvær forstofur og stigagangur, á lofti 3 herbergi, gangur og geymsla. Portlaust. Þiljaður útveggur að eldhúsi í kjallara. Miðstöð frá katli, 11 ofnar, skolpleiðsla. Flest herbergin veggfóðruð og máluð. Önnur bæjarhús: *Geymsluhús* byggt við íbúðarhúsið. Steinsteiptir veggir, járnþak á rimlum. Timburloft á bitum, einfalt, 7,5 × 3,8 m, vegg hæð undir bita 2 m, port 0,8 m, rishæð 1 m. Eign séra Þorsteins B. Gíslasonar.“






Gamla íbúðarhúsið og viðbygging í febrúar 1977. (Ljósmynd Ingvar Gýgjar Jónsson. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/268.)

Á jörðinni voru þá engin steinsteipt útihús nema gólf í hesthúsi, baðkar í fjárhúsi og votheyslaða, 50 m³ (sjá ljósmynd). Af gamla bænum stóðu þá eftir þessi torfhús: *Eldiviðargeymsla*, *hlóðahús* og *fjós* fyrir 8 kýr, „áfast brunnhúsi“.

Gamla íbúðarhúsið og viðbygging í febrúar 1977. (Ljósmynd Ingvar Gýgjar Jónsson. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/268.)

Á jörðinni voru þá engin steinsteipt útihús nema gólf í hesthúsi, baðkar í fjárhúsi og votheyslaða, 50 m³ (sjá ljósmynd). Af gamla bænum stóðu þá eftir þessi torfhús: *Eldiviðargeymsla*, *hlóðahús* og *fjós* fyrir 8 kýr, „áfast brunnhúsi“.



Uppdrættir arkitektastofu Guðrúnar Jónsdóttur, Knuds Jeppesen og Stefáns Jónssonar að gamla íbúðarhúsinu og viðbyggingu, dags. 17. apríl 1972. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/268.)

Hinn 17. nóv. 1967 fór fram úttekt prófasts á prestsbústaðnum að beiðni séra Þorsteins B. Gíslasonar, sem þá hafði látið af prestsskap og „fengið leyfi kirkjustjórnarinnar til að afhenda jörðina í hendur ríkissjóðs“:

Íbúðarhúsið er byggt 1927. Stærð þess 11 × 7,5 m. Vegg hæð frá kjallara 2,7 m. Rishæð 2,2 m. Einfaldir steinveggir, þá viðargrindur og pappi, önnur viðargrind og [...] þiljur og strigi með betrekki. Uppi á lofti viðarklæðning með tróði. Steinveggir í kjallara, líklega tvöfaldir. [Þak] borðasúð, pappi og járn. Timburgólf flest tvöföld. Steingólf í kjallara, timburskilrúm, nema í kjallara steipt. Kjallarahæð 2,3 m. Herbergi í kjallara 6. Á stofuhæð fimm herbergi, bað og forstofa og stigagangur. Á lofti eru 3 herbergi, gangur og geymsla, portlaust. Herbergi á rishæð ómáluð, herbergi á miðhæð veggfóðruð og málað yfir sum, baðherbergi með klósetti, handlaug og baðkeri. Gólfdukar eru á herbergjum á hæðinni. Þiljaðir útveggir í eldhúsi í kjallara, góð eldhúsinnrétting, eigi mjög gömul, dúkur á gólfi. Önnur herbergi í kjallara eru flest kölkuð innan. Miðstöð er í kjallara, olúkynt, nýleg. Í húsinu eru 11 ofnar frá miðstöð. Klósett er í kjallara. [...] *Geymsluhús* er áfast við íbúðarhúsið úr steinsteypu, járnþak á rimlum, timbur, torf á bitum, stærð 7,5 × 3,8 m, vegg hæð undir bita 2, porthæð 9,8 m, rishæð 1 m. Hús þetta er í góðu lagi. Bílskúr er áfastur við geymsluhúsið, 5,8 × 3,35 m, meðalhæð 2 m, steinsteypur á tvo vegu, framhlið, hurð úr tré á lómum. Þak úr báruasbesti. Eign prófasts.⁴⁰⁷

Íbúðarhúsið stóð autt um næstu misseri, en var síðan afhent viðtakandi sóknarpresti, séra Árna Sigurðssyni, 22. júlí 1968. Hann flutti aldrei í húsið, enda felldu úttektarmenn þennan úrskurð um ástand hússins: „Þó húsið virðist vel um gengið eftir 40 ára notkun verður það að teljast þurfa mikillar viðgerðar við, ef það á að svara nútíma kröfum sem prestssetur. Verður það að teljast skylda ríkissjóðs að gera það upp, verði hér áfram prestssetur.“⁴⁰⁸

Jósef Magnússon og Guðrún Vilmundardóttir keyptu Steinnes árið 1996, en fluttust þangað frá Þingeyrum 1974.⁴⁰⁹ Þau létu þá gera nokkrar endurbætur á gamla íbúðarhúsinu og byggja stóra og áfasta viðbyggingu af gjörólíkri gerð og með einhalla þaki, þvert fyrir austurstafn þess. Hún er sambyggð eldra húsi með tengibyggingu, þar sem áður voru útidyr með steinsteiptum tröppum og aðalinngangur á stofuhæð gamla hússins. Nýrra húsið snýr göflum í norður-suður, en árið 1994 var það stækkað með viðbyggingu við suðurgafli þess. Báðar þessar viðbyggingar voru teiknaðar af Teiknisofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts. Yfirsniður eldri viðbyggingarinnar var Hallgrímur Hansson (1916-1997), húsmiðameistari í Reykjavík, og hinnar yngri Grétar Guðmundsson, húsmiðameistari á Blönduósi.⁴¹⁰



⁴⁰⁷ ÞÍ. Skjalasafn prófasta. Húnavatnsprófastsdæmi AA/15. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók 1952-1971, s. 164-166.

⁴⁰⁸ ÞÍ. Skjalasafn prófasta. Húnavatnsprófastsdæmi AA/15. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók 1952-1971, s. 190-193.

⁴⁰⁹ *Húnavaka* 46. árg. 2006, s. 168-169.

⁴¹⁰ *Heim*. Magnús Jósefsson 12. mars 2019.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1928	Upphafleg notkun:	Íbúðarhús
Fyrsti eigandi:	Kirkjujarðasjóður Íslands	Núverandi notkun:	Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt		
Yfirsmiður:	Óþekkt		
Viðbygging:	1974	Viðbygging reist austan við gamla húsið.	
Hönnun:	Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur, Knuds Jeppesen og Stefáns Jónssonar		
Yfirsmiður:	Hallgrímur Hansson		
Viðbygging:	1994	Viðbygging reist við suðurgafli yngra húss.	
Hönnun:	Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur		
Yfirsmiður:	Grétar Guðmundsson		

Húsgerð

	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Kjallari	Óbreytt
	Stærð	
	Reykháfur	Óbreytt
	Útitróppur	Horfna
	Geymsluhús	Óbreytt
	Gluggar	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

11,0 × 7,5 m / 202,6 m²

Voru fjarlægðar við stækkun hússins 1974.

Byggt 1935 áfast vesturhlið hússins, steinsteypt með mænisþaki, en hefur nú verið innréttað sem íbúð.

Settir voru nýir gluggar í allt húsið um 1974 með þverpósti í stað krosspósta glugga, en árið 2018 var þeim gluggum skipt út fyrir glugga með sem næst upprunalegu sniði.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Snotur og stílhrein steinsteypubygging frá fyrri hluta 20. aldar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hefur þjónað sem prestssetur og íbúðarhús í 90 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Stendur vel í landi og setur mikinn svip á bæjarstæðið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist að mestu óbreytt að utan frá upprunalegu formi.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðri umhirðu og er því vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að gamla húsið verði mælt upp og teiknað.

3.2.15 Hagi

Staðhættir og saga

Vestur af Steinnesi og nær Hópinu er jörðin Hagi, sem fyrrum var Þingeyraklaustursjörð, en síðar bændaeygn. Hún er landmikil og að heita má samfelld gróðurþekja. Bærinn stendur á lágum ási, nærri vatnsbakkanum, en nýbýlinu Norður-Haga var skipt úr henni árið 1972.⁴¹¹



Túnakort Haga 1919. Hannes Jónsson. Gamli torfbærinn er fyrir miðjum uppdrætti við enda heimreiðar.

Ábúendur í Haga frá 1900 til 1933 voru hjónin Sigurlaug Bjarnadóttir (1867-1953) og Jón Jónasson (1857-1933), en síðan afkomendur þeirra til þessa dags og þar af lengst Bjarni (1906-1990) sonur þeirra og eiginkonur hans, Elínborg Björnsdóttir (1917-1971) og Jófríður Kristjánsdóttir (1920-1995) frá 1933 til 1987. Jófríður bjó í gamla íbúðarhúsinu í Haga til ársins 1991 og síðan sonarsonur hennar, Bjarni Guðmundur Ragnarsson, með hléum til 2016, er hann flutti í nýbyggt íbúðarhús.⁴¹²

Horfin bæjarhús

Árið 1910 voru bæjarhús í Haga með tveimur „alþiljum“, sem gæti bent til tveggja húsa með altimbruðum framhliðum að hlaði, jafnvel framhúss, sbr. túnakort 1919. Árið 1916 voru hús sögð „gömul og sum hrörleg“, en árið 1926 var nýtt timburhús byggt við baðstofuna, sem var enn uppistandandi árið 1940 ásamt þessum torfhúsum: Gamla baðstofan „7,7 × 4 × 2,3 m = 66 m³. Kálfi í sperrum, reisifjöl. Bæjardyr 4,5 × 2,2 × 2,3 m, að mestu þiljaðar = 22 m³. Önnur bæjarhús: Eldiviðargeymsla með reisifjöl, gamalt hús, ærið fúíð. Hæð í mitt ris 2,2 m. Hlóðahús gamalt. Geymsluhús úr torfi, torfpak. Þar í brunnur (sæmilegt) 9 × 3,5 × 2,5 m í mitt ris.“ – Óþekkt er, hversu lengi þessi hús stóðu.



Timburhúsið í Haga. Það var byggt 1926 og síðan bætt við húsið 1946. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1042.)

Íbúðarhús

Heimildum ber ekki saman um byggingarár íbúðarhússins. Samkv. fasteignamati 1942 (unnið 1939 eða 1940) var húsið byggt 1926, en ári síðar (1927) skv. *Húnaþingi* II (s. 315) og fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018. Sendibréf, sem ritað var í desember 1926, staðfestir hins vegar, að húsið var byggt það ár.⁴¹³ Húsið

er einlyft timburhús á steinsteyptum kjallara með geymslulofti í risi og fremur lágreistu og bárujárnsklæddu mænispaki. Húsið var byggt vestan við gömlu baðstofuna og áfast henni og bæjardyrum. Ekki er lengur vitað með vissu, hver teiknaði húsið, en yfirmsiður þess var Jónas Jónasson (1881-1956),

⁴¹¹ *Húnaþingi* II, s. 315; Jón Torfason (2007), s. 23.

⁴¹² *Húnavaka* 31. árg. 1991, s. 165-167; 36. árg. 1996, s. 164-165; *Húnaþingi* II, s. 315

⁴¹³ *Heim*. Ragnar Bjarnason 11. febr. 2019.

smiður og bóndi í Múla í Kirkjuhvammshreppi. Sennilegt er að hann hafi einnig verið hönnuður hússins.⁴¹⁴ Árið 1930 var húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús úr *torfi og timbri*, 6,25 x 3,75 m. Ein hæð með kjallara. Loft til geymslu. Baðstofa og fleiri bæjarhús úr torfi.“ Hvað torfið áhrærir mun hér vera átt við þann hluta gömlu baðstofunnar, sem húsið tengdist.

Gleggri lýsing var gefin af húsinu 17. október 1934, þegar bæjarhúsin í Haga, þ.e. timburhúsið og gamli torfbærinn, voru virt vegna brunatryggingar.⁴¹⁵ Lýsingin er svohljóðandi, en stærðarmál eru sett innan sviga: „A. *Timburhús* (6,5 x 4,2 x 2,6 m) einlyft með steinsteyptum kjallara undir og járnþaki með steypum reykþáf og eldavjel í kjallara og ofn á stofuhæð. B. *Baðstofa* (7,3 x 3,9 x 1,9 m) aðskilin frá húsinu með timburvegg, sperrureist með þilstafni móti suðri. C. *Búr og gangur* (5,4 x 3,2 x 1,9 m)



með einu skilrúmi úr trje. D. *Eldhús og bæjarardyr* (6,1 x 2,6 x 1,9 m) austur af íbúðarhúsinu með timburskilrúmi. Opið eldstæði við norðurvegg.“

Hlaðsýn um 1977. Fyrir miðri mynd er gamla timburhúsið frá 1926 (þá forskalað utan) ásamt viðbyggingum (inn-gönguskúr og steinsteyptu fjósi) við norðurenda, en steinsteypti hluti íbúðarhússins frá 1946 er í hvarfi við trjágróður. Lengst til vinstri er véla- og verkfærageymsla frá 1960. Lengst til hægri grillir í Vatnsdalsfjallið í fjarska. (Húnaþing II, s. 315.)

Um 1940 var nýja húsinu þannig lýst: „Íbúðarhús 6,4 x 4 m. Vegghæð frá kjallara 2,5 m. Rishæð 1,2 m. Timburhús með steypum kjallara. Þak: borðasúð, pappi og járn. Gólf, loft og skilrúm timbur. Í kjallara eldhús og eitt herbergi. Loft einfalt, hæð 2,2 m. Á stofuhæð 2 herbergi og gangur, máluð. Á lofti geymsla óhólfuð, ekki nema að litlu leyti slegið ofan á bita. 2 miðstöðvarofnar frá eldavél. *Byggt 1926*. Rúmmál alls 135 m³.“



Árið 1946 var byggð steinsteypt viðbygging austan við timburhúsið og á grunni gömlu baðstofunnar. Heildarstærð íbúðarhússins er því nú 158,4 m² og 329 m³, en viðbyggingunni var þannig lýst í brunavirðingu 23. janúar 1949: „A. *Íbúðarhús* úr járnþentri steinsteyptu. (Stærð 7,35 á lengd, 5,5 m á breidd og 4,35 m á hæð). B. Kjallari undir öllu húsinu með steypum þremur skilrúmunum. C. Stofuhæð ein stofa, eldhús og gangur. Skilrúm öll steyp, steyp gólf, múrhúðuð loft. Útveggir allir tvöfaldir með torftróði. D. Ris [...], járn og pappi á súð. Hús þetta er byggt austan við timburhús [...], á grunni gömlu baðstofunnar. E. *Timburhús* að öllu samkv. [eldri húsvirðingu] nema hvað nú hefur það verið múrhúðuð að utan. F. Skúr norðan timburhússins með inngangi í byggingarnar.“ Einnig var tekið fram, að

⁴¹⁴ Ekki eru heimildir um hver teiknaði húsið, en á bænum var þó lengi til rissteikning að húsinu. *Heim*. Ragnar Bjarnason 9. október 2018 og 11. febr. 2019.

⁴¹⁵ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

gömul hús, sem tilgreind voru í eldri húsvirðingum (þ.e. geymsluhús, eldhús, bæjardyr, búr og gangur) væru ekki lengur til staðar.⁴¹⁶



Íbúðarhúsið í Haga 10. október 2018. Til vinstri er eldri hluti hússins frá 1926, en til hægri viðbyggingin frá 1946. (Ljósmynd. Gunnlaugur Haraldsson.)

Útidyraskúr með einhalla þaki, byggður úr timbri en forskalaður að utan, er áfastur norðurenda eldra hússins. Ókunnugt er um aldur hans, en sennilega var hann reistur fljótlega eftir byggingu hússins. Sambyggt norðurgafli íbúðarhússins er enn fremur steinsteyppt fjós með skúrþaki, sem byggt var árin 1961-1963 í stað eldra fjóss frá 1935, og við dyraskúrinn eru leifar lítills mjólkurhúss, sem nú er aflagt eins og fjósið. Um 1980 var allt íbúðarhúsið klætt að utan með járnklæðningu og skipt um glugga á stofuhæð, en upphaflegir gluggar eru í kjallara. Húsið hefur staðið autt frá því að búsetu lauk í því árið 2016.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1926 (timburhús)
 Fyrstu eigendur: Jón Jónasson og Sigurlaug Bjarnadóttir
 Hönnuður: Jónas Jónasson(?)
 Yfirsmiður: Jónas Jónasson
 Byggingarár: 1946 (steinsteyppt hús)
 Fyrstu eigendur: Bjarni Jónsson
 Hönnuður: Óþekkt
 Yfirsmiður: Óþekkt

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Stendur autt.

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Stendur autt.

Húsgerð

Útveggir (eldri hluti): Timbur/járn/torf

Núverandi

Timbur/járn

Helstu einkenni/breytingar

Húsið var forskalað að utan fyrir 1949 og síðan klætt með járnklæðningu um 1980 ásamt yngri hluta hússins. Klæddir járnklæðningu um 1980.

Útveggir (yngri hluti):

Steinsteypa

Steinsteypa

Þakgerð:

Mænisþak

Óbreytt

Þakklæðning:

Bárujárn

Óbreytt

Byggingarlag/útlit:

Einlyft

Óbreytt

Portlaust ris

Óbreytt

Kjallari

Óbreytt

Stærð

Kjallari er undir báðum húshlutum.

Eldri hluti hússins er 6,5 × 4,2 × 2,6 m að stærð og yngri hlutinn 7,35 × 5,5 × 4,35 m. Heildarstærð hússins er 158,4 m² og 329 m³.

Reykháfur

Óbreytt

Útidyraskúr

Óbreytt

Gluggar

Úr timbri (forskalaður) og áfastur eldra húsinu. Upphaflegir gluggar í kjallara, en skipt var um glugga á stofuhæð í öllu húsinu um 1980.

⁴¹⁶ Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húshlutarnir eru látlausar byggingar í hefðbundnum alþýðustíl.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eldri hluti hússins er meðal elstu timburhúsa í hreppnum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er nokkuð aðþrengt af nýju íbúðarhúsi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Báðir húshlutar halda upphaflegri gerð í aðalatriðum, en hefur þó verið breytt með endurnýjuðum gluggum og utanhússklæðningu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu standi en viðhald þess lítið til margra ára.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur fremur takmarkað varðveislugildi.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

Haughús

Árið 1940 voru flest útihús í Haga úr torfi, þ.e. hesthús og fjárhús, en *fjós* fyrir 6 kýr var með steinsteyptum vegg á einn veg og steypum flór, fóðurgangi og járnpaki undir torfi, byggt 1935. Einnig var þar alsteypt *þvaggryfja* og *votheyshlaða* með steypum veggjum. Skv. húsvirðingu 2. júní 1942 var fjósið sagt „úr torfi og timbri að öðru leyti en því, að austurveggir þess eru steyptir (hlöðuveggir)“. Hlaðan var með öllum veggjum steypum og súrheystóft í einu horni.⁴¹⁷

Öll þessi hús eru nú horfin, en að nafninu til er þó ennþá uppstandandi *haughús* (55,2 m²), sem talið er byggt árið 1940 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018. Húsið er þó í reynd horfið eða innbyggt í nýrri hús, þ.e. þvaggryfju og haughús.⁴¹⁸


⁴¹⁷ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

⁴¹⁸ *Heim*. Ragnar Bjarnason 9. október 2018.

3.2.16 Leysingjastaðir

Staðhættir og saga

Leysingjastaðir eru nokkru norðar með Hópinu en Hagi. Býlið mun var fornt og sennilega hjáleiga upphaflega, enda hefur nærtæk skýring á nafni þess verið talin sú, að jörðin hafi verið bústaður einhvers leysingja á söguöld. Hún er fremur landlítil, en afbragðsgóð til ræktunar. Árið 1965 var



jörðinni skipt til helminga og hófst þá ábúð á Leysingjastöðum II.⁴¹⁹

Túnakort Leysingjastaða 1919. Hannes Jónsson. Bæjarhúsin eru við enda heimreiðar á miðjum uppdrætti og snúa framhlið með timburþiljum í austurátt.

Í byrjun síðustu aldar og til ársins 1925 bjuggu á Leysingjastöðum Steinunn Pálsdóttir (1857-1924) og Guðjón Ingvi Jónsson (1860-1930) óðalsbóndi, og síðan Jón Þorsteinn Jónsson (1895-1982) og Engilrád Hallgrímsdóttir (1886-1961) frá 1925 til 1932. Þá keypti jörðina Halldór Jónsson (1904-1983), sem bjó þar í fyrstu 1932-1935 og síðan frá 1947 til 1973 ásamt konu sinni, Oktavíu B. Jónasdóttur (1912-1989). Býlið var í leiguábúð á árunum 1935-1947 og þá tvíbýli á jörðinni. Halldór og Oktavía byggðu upp „öll hús jarðarinnar með myndarbrag og eftir ákveðnu skipulagi“ og breyttu „jörðinni á skömmum tíma í stórbýli“. Síðustu 13 árin bjuggu þau í tvíbýli við Jónas (1936-1973) son sinn og

Ingibjörgu Baldursdóttur, sem stofnuðu nýbýlið Leysingjastaði II og byggðu þar nýtt íbúðarhús 1965. Árið 1973 tók Jónas við búrekstri á allri jörðinni, en lést af slysförum um haustið. Þá keyptu hálfa



jörðina Hreinn Magnússon og Hjördís Jónsdóttir, sem síðan hafa búið á Leysingjastöðum II, en núverandi ábúandi á Leysingjastöðum er sonur þeirra, Jón Hlynur Hreinnsson.⁴²⁰

Torfbærinn á Leysingjastöðum sneri timburþiljum frambæjar mót austri, en bæjarhús voru í þremur röðum. Syðst var alþiljuð baðstofa. Í miðröð voru bæjardyr, svefnherbergi og eldivélarhús, en í norður-röð alþiljuð stofa með lofti og steinhlöðnum kjallara. Gömul baðstofa og hlóðahús voru að líkindum að baki þessum húsum. Myndin var hugsanlega tekin um 1940. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1065.)

Horfin bæjarhús


Árið 1910 var torfbærinn með fjórum heilþiljum að hlaði og árið 1916 voru bæjar- og geymsluhús sögð „vönduð og flest góð og vel við haldið, byggð úr torfi og timbri. Reykháfur steypdur og gólf í eldhúsi“. Peningshús voru hins vegar „léleg“. Árið 1930 var ekki gefin önnur lýsing á bænum en sú, að hann væri úr torfi og timbri og í þremur húsaröðum. Svohljóðandi lýsing var hins vegar gefin við

⁴¹⁹ *Húnaþing II*, s. 317-318; Jón Torfason (2007), s. 23; Jón Torfason (2006).

⁴²⁰ *Húnavaka* 24. árg. 1984, s. 136-140; *Morgunblaðið* 48. árg., 287. tbl., 17. des. 1961, s. 16; 60. árg., 218. tbl., 29. sept. 1973, s. 23.

húsvirðingu 18. október 1934⁴²¹ (stærðarmál eru hér sett innan sviga): „A. *Torfbær* (7,2 × 11,6 × 2,10 m) með þykkum torfveggjum á þrjá vegu og timbur á einn veg. Milli herbergja, sem eru 6 og gangur, eru timburskilrúm og timburloft yfir einni röðinni. 2 eldavjellar í sambandi við reykþáf (steyptan) eru í byggingunni. B. *Eldhús* (5 × 3 × 2 m) austan við tveggja metra þykkum torfvegg. Er eldhús með opnu eldstæði (og steingólfu). Þar austur af er gömul *baðstofa* (8 × 3,6 × 2 m) óþiljuð, aðskilin frá eldhúsinu með 4 metra þykkum torfvegg, ekkert eldstæði.“

Gömlu bæjarhúsunum var síðan lýst með þessum hætti 1940: „Baðstofa alþiljuð með einu skilrúmi, veggfóðruð og máluð. Miðröð: Bæjardyr, svefnherbergi og eldivélarhús. Steypt gólf í eldhúsi. Norður-röð: Stofa alþiljuð með lofti og kjallara grjóthlöðnum. Þar innaf búr alþiljað. Þar brunnur. Gömul baðstofa, portbyggð, þiljur rifnar. Loft yfir á porti.“ Einnig hlóðahús. Öll peningshús voru úr torfi, en fjósið þó með steypum flór og tröð. – Búið var í torfbænum til 1947, er nýtt íbúðarhús var byggt á jörðinni.



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu á Leysingjastöðum. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/23, nr. 1082.)

Íbúðarhús

Árið 1947 létu Halldór Jónsson og Oktavía Jónasdóttir byggja nýtt steinsteypt íbúðarhús, þá nýflutt á jörðina. Húsið var teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en yfirsmiður við byggingu þess var Jónas B. Bergmann (1876-1952), trésmiður á Stóru-Giljá.⁴²² Svohljóðandi lýsing var gefin á húsinu 29. nóvember 1947, þegar það var virt til brunabóta: „A. *Íbúðarhús* úr járnbentri steinsteypu. Kjallari og stofuhæð með miklu risi. B. Herbergjaskipun. Kjallari: 4 herbergi og tveir gangar með tvennum útidyrum. Útveggir tvöfaldir, stoppaðir með reiðingi. Steyptir allir skilrúmsveggir. C. Stofuhæð: 3 herbergi, eldhús og bað og gangur með útidyrum. Útveggir tvöfaldir, stoppaðir með reiðingi. Skilrúm öll steypt. Loft og gólf sömuleiðis steypt. Báðar hæðirnar eru múrhúðaðar undir málningu. D. Rishæð: Þiljuð að innan og neðan í skambbita. Í vesturenda afþiljað herbergi og suðaustan þiljað herbergi, sem er notað sem eldhús. Í báðum þessum herbergjum er timburgólf á steinsteyptu lofti. Stafnar steyptir, en einfaldir, en slegið innan á timbri og stoppað með torfi. Stigar á báðum hæðum af timbri. E. Þak. Timbursúð og bikaður pappi. Stærð frá grunni til efra lofts 8,4 m á lengd, 8,1 m á breidd og 4,8 m á hæð. Rishæð 3,4 m.“

⁴²¹ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

⁴²² *Heim*. Hreinn Magnússon 26. mars 2019.



Leysingjastaðir um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Eins og lýst er hér að framan er húsið einlyft með kjallara, portlausri rishæð og háu mænisþaki. Það reiknast 168,2 m² og 464 m³ að stærð. Aðalinngangur í húsið er á austurstafni, þar sem gengið er upp steinsteyptar tröppur. Húsið heldur í flestu tilliti upprunalegu formi hið ytra, en gluggum hefur þó verið breytt þannig að í stað krosspósta og tveggja lóðréttra pósta eru nú gluggar með einum lóðréttum pósti.



Leysingjastaðir sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Líndal.)

Áföst norðurhlið hússins er röð fjögurra úti-húsa auk votheysgeymslu, sem byggð voru á árunum 1951-1957, þ.e. *geymsla* (1951), *hlaða* (1955), *fjós* (1951), *fjós með áburðarkjallara* (1954) og nyrst *vothesturn* (1957). Nýtingu einstakra húsa hefur verið talsvert breytt frá því sem fyrrum var, en þau halda ennþá sínum heildarsvip.

Húsaröðin er mjög áþekkt húsaskipan á Sveinsstöðum, svo að ætla má að skipulag bygginga þar hafi meðal annars átt sér fyrirmynd í húsaskipan á Leysingjastöðum. Þessi húsasamstaða er einkar stílhrein og gefur bæjarhúsum búsaeldarlegt yfirbragð.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1947	
Fyrstu eigendur:	Halldór Jónsson og Oktavía Jónasdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsniður:	Jónas B. Bergmann	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárni	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		8,4 × 8,1 m / 168,2 m ² - 464 m ³ .
	Reykháfur	Óbreytt	
	Útitröppur	Óbreytt	
	Gluggar	Breyttir	Gluggasetningu hefur verið breytt.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er stílhrein og formfögur bygging.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur þjónað sem íbúðarhús í rúm 70 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti samfelldrar húsaraðar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Að undanskildum gluggum er húsið nánast óbreytt.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðri umhirðu og ásigkomulag þess gott.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað með hliðsjón af upprunalegum uppdrætti. Auk þess verði öll húsaröðin vernduð með hverfisvernd skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3.2.17 Þingeyrar

Staðhættir og saga

Jörðin Þingeyrar⁴²³ er víðáttumikið flatlendi og markast af Húnaflóa í norðri, Bjargaósi og Hópi í vestri og suðvestri, en Húnavatni í austri og merkjum mót Leysingjastöðum í suðri. Bæjarhúsin eru sunnan í lágri bungu á rananum „milli Hóps og Vatns“ og stendur steinkirkjan allnokkru norðar, þar sem hæst ber á bungunni. Til hennar sást að sögn úr 13 hreppum meðan gamla hreppaskipanin var við lýði, og þaðan er að sama skapi afar víðsýnt til allra átta.



Horft vestur yfir Húnavatn að Þingeyrum sumarið 2015. (Ljósm. Páll J. Lindal.)

Frá fornu fari var Þingeyrastaður héraðsmiðstöð og einn helsti höfuðstaður Húnaþings. Liggja til þess margar menningarsögulegar ástæður. Höfuðbólið var fyrrum í Þjóðbraut, því að þar um hlöð og vaðið á Húnavatni lágu leiðir austur um frá Vatnsnesi yfir Bjargaós og vestan úr sveitum yfir Gljúfurá, norður yfir Húnavatn, fram í Vatnsdal og norður um sveitir. Staðurinn er nefndur í Landnámu, Vatnsdælu og Hallfreðar sögu, þar sem m.a. eru frásagnir af þingstað héraðsins, sem býlið tekur nafn sitt af. Um þinghaldið var áður talið að vitnaði svonefndur Dómhringur, sem er allstór, nálega hringlaga og friðlýst garðlög eða gerði (24 × 26 m í þvermál) í túninu norðaustur frá bænum, um miðja vegu milli hans og kirkju.⁴²⁴ Búðaleifar voru einnig álitnar vera skammt þar frá, austan undir lágri brekku. Ætla þó ýmsir, að þingstaðurinn hafi fremur verið á eyrunum niður við Hópið. Jarðsjármælingar fornleifafræðinga 2014 sýndu hins vegar, að innan hins meinta dómhrings er ferhyrnd rúst með stoðarholum. Um hlutverk þessara mannvirkja verður þó ekkert fullyrt án frekari rannsókna.⁴²⁵

Óvíst er hvenær fyrst var byggt á Þingeyrum, en af ritheimildum verður helst ráðið, að föst búseta hafi fyrst hafist þar í aðdraganda stofnunar klaustursins, sem flestum ber saman um að tekið hafi til starfa 1133 og var rekið til ársins 1551. Tildrögin voru þau, að snemma á biskupstíð Jóns helga Ögmundssonar gengu mikil harðindi yfir Norðurland. Fékk biskup þá Húnvetninga til þess að heita því á vorþingi á Þingeyrum að reisa þar „kirkju og bæ“ ef tíðin batnaði. „[S]kyldu allir þar til leggja þar til er sá staður yrði eflður“ og markaði biskup „sjálfur grundvöll undir kirkjuna“.⁴²⁶ Kirkjuna vígði biskup og

⁴²³ Helstu heimildir þessa kafla eru: Páll V. G. Kolka (1950), s. 213-227; Guðrún Harðardóttir (2006), s. 263-270; Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 30-60; *Húnaþing* II, s. 319-320; Hörður Ágústsson (2000 I), s. 95-99 og 206-207; Jón Torfason (2007), s. 24-29; Jón Torfason (2006); Steinunn Kristjánsdóttir (2017), s. 85-130; *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum [...] 2004/30*, s. 6-17; *Fornleifaskrá Þingeyra [...]*, s. 11-18.


⁴²⁴ *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum [...] 2004/30*, s. 12-13.

⁴²⁵ *Morgunblaðið* 27. ágúst 2015, s. 37; Steinunn Kristjánsdóttir (2017), s. 103-104.

⁴²⁶ *Íslensk fornrit* XV. Biskupa sögur I, s. 227-228 (Jóns saga ins helga).

helgaði heilögum Nikulási, en Þorkell prestur trandill gerði fyrstur manna bú á Þingeyrum „undir því nafni að þar skyldi klaustur vera“.⁴²⁷

Munkaklaustrið var hið fyrsta sem náði að festa sig í sessi á landinu. Það starfaði alla tíð samkvæmt reglu heilags Benedikts frá Nurcia. Fyrstur ábóti var Vilmundur Þórólfsson og sá síðasti Helgi Höskuldsson, sem sagði af sér ábótadæmi árið 1550. Klaustrið var nafntogað fyrir blómlega bókmenntaiðju og störfuðu þar nokkrir af þekktustu rithöfundum miðalda. Sömmuleiðis var klaustrið tekjurdjúgt og eitt allra auðugasta klaustur landsins undir lok miðalda. Þá státaði það af 74 jörðum, fjölmörgum



rekafjörum og 4-500 kúgildum á heimajörð og leigustöðum. Átti klaustrið þá um 60 jarðir í sýslunni, þar af nær allar jarðir í Sveinsstaðahreppi.

Við siðbreytinguna komust klaustureignirnar í hendur konungs og klausturhaldara, sem höfðu þær í umboðsleigu. Þeir voru jafnan helstu stórmenni í héraði á hverjum tíma, þ.e. lögmenn eða sýslumenn, og sátu á Þingeyrum. Meðal þeirra voru Lauritz Gottrup lögmaður (d. 1721), Bjarni Halldórsson sýslumaður (d. 1773) og feðgarnir Björn (d. 1850) og Runólfur M. Ólsen (d. 1860), sem bjuggu þar frá 1807-1860. Voru þeir eigendur Þingeyra frá því að Björn fékk jörðina keypta 1812, en eftir þeirra daga bjuggu umboðsmenn klausturjarðanna ekki á staðnum.

Grunnmynd af bæjarhúsum á Þingeyrum 1773, gerð af Herði Ágústssyni eftir málsettum úttektum. Neðst eru timburhús, sem Lauritz Gottrup lét reisa laust eftir aldamótin 1700. (Hörður Ágústsson (2000 I), s. 96.)

Húsakostur á landinu var sennilega hvergi ríkmannlegri en á Þingeyrum í tíð Lauritz Gottrup, sem tók við klausturumboðinu 1684. Hann endurbyggði og umbylti bæjarhúsum þannig, að húsaskipan og byggingarlag var með sniði dansks herragarðs, þ.e. ferhyndum og steinlögðum húsagarði, umgirtum fjölbreyttum húsakosti úr timbri og torfi. Ennfremur lét hann smíða frá grunni veglega útbrotakirkju úr timbri, sem gefið var af Friðriki IV konungi. Kirkjan var um 14 m að lengd, í sjö stafgölfum, með áttstrendum turni og spíru upp af miðjum mæni. Að innansmíð var kirkjan einkar vönduð að allri gerð og prýdd steinlögðu gólfi, útskurði, hvelfingu í lofti, málverki og veglegum gripum. Á þeim tíma þótti Þingeyrastaður taka öllum öðrum stöðum á landinu fram um húsakost og klausturkirkjan talin fegursta kirkja landsins. Dóttursonur Gottrups, séra Ólafur Gíslason (1727-1802), ritaði ítarlega lýsingu á kirkju og bæjarhúsum, sem gefin hefur verið út á prenti.



Leitað að klausturrústunum undir stjórn dr. Steinunnar Kristjánsdóttur sumarið 2015. (Ljósmynd. Páll J. Lindal.)

⁴²⁷ Íslenskt fornbréfasafn II, s. 494-495.

Engar menjar eru nú sýnilegar á yfirborði um klaustrið og kirkjuhald á kaþólskri tíð. Svonefnd Munkaleiði eru þó þekkt í túninu utan við bæjarhúsin, skammt frá gamla kirkjugarðinum. Eins sýna gamlir uppdrættir nokkur smáhýsi kringum staðinn, sem hugsanlega voru leifar af kofum einsetumanna og próventufólks, en slík hringmynduð tóftabrot voru enn sýnileg á öndverðri síðustu öld austan við heimreiðina að staðnum. Árin 2014, 2015 og 2018 leituðu fornleifafræðingar, undir stjórn dr. Steinunnar Kristjánsdóttur prófessors, skipulega að rústum klaustursins og klausturkirkjunnar með jarðsjármælingum og könnunarskurðum. Þær rannsóknir hafa staðfest, að norðan við gamla bæjarstaðið og skammt vestan við minningarmörkin á túninu liggja djúpt í jörðu ýmsar mannvistarleifar allt frá byrjun 12. aldar, þ.á m. grafir og rústir klausturs og klausturkirkju.⁴²⁸



Eiginlegur fornleifauppgröftur hófst á rannsóknarsvæðinu sumarið 2018. (Ljósmynd. Páll J. LINDAL, 28. júní 2018.)

Þá má nefna Gvendarbrunn, sem er uppspretta og kennd við Guðmund Arason biskup. Bunnurinn er norðan við bæinn, neðanvert við litla brekkubrún, og búið að raska honum, en rétt ofan við brúnina stóðu á fyrri hluta 20. aldar peningshús jarðarinnar, fjósið syðst og aðeins norðan við kirkjugarðinn, en fjárhúsin þar norður af. Á þeim tíma var þéttvaxinn njólareitur fyrir neðan fjósið, hugsanlega leifar af kálgörðum Gottrups lögmanns.⁴²⁹

Ekki er annað þekkt en að bæjarstaðið á Þingeyrum hafi verið hið sama frá öndverðu, þ.e. á allstórrí spildu milli gamla kirkjugarðsins og núverandi íbúðarhúss. Frá ofanverðri 17. öld hafa a.m.k. aðalíveruhúsin staðið sunnan við kirkjustaðið, sem umlukið var kirkjugarði um aldabil. Þar var jarðsett fram á fyrri hluta 20. aldar. Lítið sund var norðan við bæinn og hinum megin við það „tók við heljar-mikill kirkjugarður, svo til mannhæðar hár, hlaðinn úr klömbrum og grasigróinn að ofan, allt að því 70-80 cm á þykkt“. Tvö hlið voru á garðinum og sneri annað í „vestur að kirkjuvellinum“ en hitt var á timburgirðingu, sem sneri að bæjarhúsum.⁴³⁰



Minningarmörkum úr gamla kirkjugarðinum var komið fyrir á steiptum palli nærri miðju garðsins. Umgjörðin er löngu horfin. (Hulda Á. Stefánsdóttir (1987) / Páll J. LINDAL, 2015.)

⁴²⁸ *Morgunblaðið* 27. ágúst 2015, s. 37; Steinunn Kristjánsdóttir (2017), s. 105-114.


⁴²⁹ Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 33.

⁴³⁰ Páll V. G. Kolka (1950), s. 221; Guðrún Harðardóttir (2006), s. 270; Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 14 og 57-58.

Síðla árs 1914 var vígður nýr kirkjugarður uppi við steinkirkjuna og jarðsett í honum í fyrsta sinn. Firnastór legsteinn Gottrups lögmanns og konu hans var grafinn upp og felldur í norðurvegg forkirkju steinkirkjunnar, en öðrum minningarmörkum garðsins safnað saman og komið fyrir á steinsteyptum palli nálægt miðjum garði. Á árunum 1927-1929 var unnið að sléttun garðsins. Þá var gamli garðsveggurinn jafnaður við jörðu og sömuleiðis gömlu traðirnar og tóftabrotin, Munkaleiðin og hólarnir umhverfis bæinn, svo að nú sér naumast móta þar fyrir nokkrum búsetuminjum frá liðnum öldum.⁴³¹

Horfin bæjarhús

Björn Ó. Ólsen klausturhaldari flutti að Þingeyrum 1807 og keypti höfuðbólið 1812 ásamt fleiri jörðum og bjó þar til dauðadags. Árið 1819 lét hann taka niður útbrotakirkju Gottrups, sem þá var orðin hrörleg, og byggja torfkirkju í hennar stað. Hann endurnýjaði einnig að stærstum hluta húsakost staðarins, sem kominn var í niðurníðslu.⁴³² Sennilega stóð torfbær sá, sem hann lét byggja 1807, í meginatriðum lítt breyttur fram yfir 1880, þ.e. alla búskapartíð Ólensfeðga og framan af búsetuárum Ásgeirs Einarssonar (1809-1885) alþingismanns á staðnum, en hann keypti Þingeyrar af ekkju Runólfs M. Ólsen og fluttist þangað 1861.




„Kort yfir bæinn á Þingeyrum“, teiknað um miðja 19. öld af Runólfi Magnúsi Ólsen. Málsetning allra húsa er í álnum nema á skemmmum, sem teiknaðar eru í „hálfstærð“ miðað við mælikvarða. Ennfremur er breidd á bæjarhlaði svo og lengd og lögun á kirkjugarðsvegg önnur en uppdrátturinn sýnir, sbr. „útlístan“ Ólens. Helstu skýringar: A: Hestasteinn. A': Bæjardyr. B: Stofuinngangur. B': Skáladyr. B²: Baðstofudyr. B³: Baðstofan (skáli). C: Húsdyr niðri. D: Lúgugat og stigi. D': Borð í stofu. F: Eldhús með útidrym (eða eldiviðarkofi) og kálgarður að sunnanverðu við göngin. G: Vesturskemma. G': Miðskemma. G²: Ónefnt (trúlega Austurskemma). H: Bæjarhlaðið (21 alin á breidd). J: Kirkjugarðsveggur. K: Sáluhlíð. L: Ónafngreint „innhýsi“ (búr). M: Kirkjan. N: Innrabúr (eða eldhús). N': Kakelofn með röri og reykháfi. (Þjms. 5491/1908-30.)

Geymst hafa þrjár teikningar eða uppdrættir af bæjarhúsum á Þingeyrum eins og þau voru um og eftir miðja 19. öld. Elsta uppdráttinn, „Kort yfir bæinn á Þingeyrum“, gerði Runólfur Magnús Ólsen,

⁴³¹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 221-222; Guðrún Harðardóttir (2006), s. 270; Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 14 og 57-58.

⁴³² Guðrún Harðardóttir (2006), s. 268; Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 37; Hörður Ágústsson (2000 I), s. 207; Hannes Þorsteinsson (1918-1920), s. 300-302.




einhvern tíma á árabílinu 1850-1860. Fylgir honum bréfkorn frá syni Runólfs, Birni M. Ólsen rektor, með nánari skýringum á nokkrum vistarverum, einkum á lofti frambæjarins.⁴³³ Yngri uppdrættir byggja augljóslega að einhverju marki á teikningu Runólfs, enda er annar þeirra gerður skv. fyrirsögn sonar hans („Þingeyrar fyrir 1882“), en hinn eftir lýsingu og mælingum Jóns Kr. Jónssonar á Másstöðum í Vatnsdal.

Þingeyrar fyrir 1882. – Skýringar: 1. Bæjardyr með timburþili og yfir þeim djáknaloft. Til vinstri við þær er skáli með stofu innst, lofti yfir og timburgafl í suður. Til hægri við bæjardyr er gengið inn í þiljað herbergi og inn af því er stofa með timburþili að hlaði. 6 og 7. Göng. 8 og 9. Búr. 10. Eldhús. (Páll V. G. Kolka (1950), s. 216.)

Teikningarnar eru áþekkar í öllum meginatriðum. Þær sýna dæmigerðan gangabæ af þeirri gerð, sem víða var algeng norðanlands á 19. öld. Í fremstu húsaröð voru bæjardyr (önd) með svokölluðu djáknalofti yfir og timburútipili fram að hlaði. Á vinstri hönd var aðalíveruhús og svefnstaður bæjarins, þ.e. skáli og stofa inn af niðri, með timburheilþili mót suðri. Í henni var stór bileggjari eða kakelofn með röri og reykháfi, sem einnig hitaði hús-bændum, sem sváfu í herbergi á loftinu yfir stofunni. Í skála voru lokrekkjur með vesturhlíð og uppganga um lúgu á baðstofuloftið, sem var með litlum kvistgluggum. Á dögum Ólensfeðga, Björns og Runólfs, var „þar baðstofa mikil og voru járnkengir í sumum rúmstokkum“, en við þá voru sakamenn fjötraðir.⁴³⁴

Teikningar Gestssonar af bæjarhúsum á Þingeyrum um miðja 19. öld, skv. lýsingu og mælingum Jóns Kr. Jónssonar á Másstöðum. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Til hægri við bæjardyr var gengið inn í alþiljað gestaherbergi og til stofu inn af með lofti yfir, sem skiptist í tvö herbergi eins og niðri. Þetta hús sneri einnig timburgafl að bæjarhlaði. Frá öndinni lágu göng inn að eldhúsi, sem var með útidyrum, aftast í húsasamstæðunni. Tvö matarbúr voru til hliðar við göngin að sögn Runólfs, en sonur hans meinti að innra búið hefði þjónað sem eldhús og aftasta húsið sem eldiviðarkofi. – Á uppdrætti Runólfs var kálgarður í krikanum sunnan við göngin og tvær skemmur, Vesturskemma og Miðskemma, sunnan við bæinn. Stór og ónefnd bygging, trúlega Austur-



⁴³³ www.sarpur.is - Teikning nr. 5491/1908-20 í vörslu Þjóðminjasafns Íslands, ásamt bréfi Björns M. Ólsen, dagsett 5. febrúar 1908.
⁴³⁴ Páll V. G. Kolka (1950), s. 222.

skemma, var vestan við bæjarhlaðið, en norðan við bæinn var kirkjan með timburgöflum og hringlaga kirkjugarðsvegg umhverfis.



Bæjarhús á Píngeyrum um 1910. Til vinstri er timburhús, sem þjónaði sem pakkhús og hjallur. Það slapp undan bæjarbrunnum 11. mars 1924 og stendur ennþá í allbreyttri mynd. Þvert yfir húsasundið eru strengdar þvottasúrur yfir í gamla timburíbúðarhúsið, sem trúlega var byggt um 1882. Á milli húsananna sést djarfa fyrir steinkirkjunni í fjarska og suðurgafli hlóðaeldhúss gamla torfbæjarins á bak við íbúðarhúsið. Áfastar því og lengst til hægri eru timburgaflar gamla bæjarins, þ.e. bæjardyra og djáknalofts nær, en stofuhúss fjær. (Ljósm. Þórður Lindal. Héraðsskjalasafn Austur-Húnavetninga. Kirkjur Íslands VIII, s. 269.)

Í búskapartíð sinni lét Ásgeir Einarsson byggja tvö aðskilin timburhús á bænum, en aldur beggja er óþekktur. Annað þeirra var reist örlítið sunnan við bæinn og samsíða hlaðinu, með mænispaki og portlausu lofti yfir öllu húsinu. Í syðri enda þess var rimlahjallur með dyrum að hlaði, en í hinum pakkhús með dyrum og tveimur gluggum, klætt láréttri borðaklæðningu. Hugsanlega var húsið byggt á árunum um og eftir 1865, þegar rík þörf var á geymsluhúsi fyrir kalk, timbur og annað efni vegna framkvæmda við steinkirkjuna. Hin timburbyggingin var stórt íbúðarhús á grjóthlöðnum kjallara. Það var trúlega byggt um 1882 (sbr. yngri uppdráttinn hér að framan) og ofan í tóft *Skálans* og *Gömlu stofu*, þ.e. sunnan við bæjardyrnar, sem nýttar voru áfram sem aðalinngangur bæjarins. Yfir stofuhæð hússins var rishæð með háu porti og fremur lágreistu mænispaki. Herbergjaskipan hússins er ókunn, en í vesturhluta þess var þó með vissu eldaveílarhús með steinhlöðnum reykháfi.

Ekki er vitneskja um aðrar breytingar á bæjarhúsum fyrr en undir 1920. Frá 1885 var jörðin setin af sjálfseignarbændunum Jóni Ásgeirssyni (1839-1898) og Hermanni Jónassyni (1858-1923) alþingis-
manni, sem bjó þar 1896-1905. Var jörðin þá seld Sturlubræðrum í Reykjavík og setin af leiguliðum í áratug. Lenti hún „þá í hinni mestu niðurníðslu“, uns Jón S. Pálmason (1886-1976) búfræðingur keypti Píngeyrar 1914 og hóf þar búskap vorið eftir.⁴³⁵ Aðstæðum á staðnum við komu hans var þannig lýst:

Engin girðing var neins staðar sjáanleg og öll hús gömul og niðurnídd torfhús, sem að hrúni voru komin og stóðu lítt upp úr jörðinni. Það átti bæði við um útihúsin og stóran torfbæ [...]. Sunnan við bæinn stóðu hjallur og áfast pakkhús, en norðan við hann tók við stór kirkjugarður hlaðinn úr klömbum.⁴³⁶

Í þessari bæjarlýsingu láðist að nefna timburíbúðarhús það, sem Ásgeir Einarsson hafði látið byggja, en árið 1910 var bænum þannig lýst: „Torfbær með 4 heilþiljum og *timburhús* að auki.“ Nánari lýsing á bæjarhúsum var gefin 1916: „Íbúðarhús úr timbri, 14 × 10 álnir, með steinlímdum kjallara og hellu-

⁴³⁵ Páll V. G. Kolka (1950), s. 222-225; Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 14-17 og 48-49. Jón Pálmason var eigandi jarðarinnar þar til um 1930, er hann neyddist til að selja hana „Fjelagi í Reykjavík“, þ.e. fimm stóreignamönnum, sem nýttu hana til laxveiða. Árið 1941 varð Sigfús Bjarnason stórkaupmaður eigandi Píngeyra.

⁴³⁶ Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 14.



Þaki [og] forstofa 4 × 4 álnir. Geymsluhús og hjallur úr timbri, 15 × 8 álnir. Önnur bæjarhús og geymsluhús eru mikil, úr torfi og timbri. Flest gömul og hrörleg. Peningshús flest gömul og léleg.“

Timburíbúðarhúsið á Þingeyrum eftir stækkun þess 1918. Húsið brann til kaldra kola 11. mars 1924. Lengst til vinstri á myndinni sér í norðurenda pakkhússins, sem íbúðarhús var byggt upp úr eftir brunann, en í suður-enda þess var hjallur. Að húsabaki grillir í Þingeyrakirkju og lengst til hægri má greina óljóst gamla kirkjugarðsvegginn. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Timburíbúðarhúsið lét Jón stækka verulega árið 1918 og rífa gamla bæinn.⁴³⁷ Húsið var stækkað um jafnlengd sína til norðurs, stór kvistur byggður þvert yfir nýju álmuna og lítill kvistur á eldri hlutann. Inngangsskúr með tröppum við suðurgafli hafði trúlega verið byggður fyrr, þ.e. sú „forstofa“, sem fyrr er lýst. Járnklaett þak var á öllu húsinu og undir því grjóthlaðinn og steinlímdur kjallari. Við þessa framkvæmd voru síðustu leifar gamla torfbæjarins fjarlægðar utan gamalt búr af torfi, vestan við bæinn, en hið nýbyggða íbúðarhús þótti „með reisulegustu húsum til sveita hér á landi“.⁴³⁸

Vorið 1923 bjuggu yfir 20 manns í húsinu. Á „suðurloftinu“ bjó 5 manna fjölskylda og önnur jafnstór á „miðloftinu“. Á „norðurloftinu“ voru tvö herbergi; það stærra nefndist „piltaloft“ og voru þar sex rúm og sofið í þeim öllum. Í minna og vestara herberginu voru húshjón með eitt barn. Í austurkvisti hafði



einn maður afdrep og í vesturkvistinum húsráðendur, Jón S. Pálmason og Hulda Á. Stefánsdóttir (1897-1989), síðar skólástýra.⁴³⁹ Ókunnugt er um vistarverur og herbergjaskipan á stofuhæð og í kjallara.

Horft til bæjar úr hlaðvarpanum austan við húsið 1923. Að baki konunum sést gluggaröðin á austurhlíð eldri og yngri hluta íbúðarhússins svo og kjallaragluggarnir. Norðan við húsið sést hluti af kirkjugarðsveggnum, sem var nærri mannhæðarhár, og að baki honum sér í þak og turn steinkirkjunnar norðvestur á bungunni. (Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur III.)

Aðkomunni að bænum og nánasta umhverfi hans á þessum tíma lýsti Hulda með svofelldum hætti í endurminningum sínum:

Þegar komið var heim að túnhliðinu, blasti við sjónum tröð, sem nú er horfin en heimildir eru fyrir, að hafði verið þar lengi og var svo breið, að þar gátu riðið sex til sjö menn samhliða. Fallega hlaðnir háir og grasigrónir traðarbakkar eða -veggir sitt hvorum megin settu svip sinn á heimreiðina [...]. Víst má telja, að Þingeyraklaustur hafi staðið, þar sem gamli bærinn stóð, vestarlega í hólabyrpingu, sem umkringdi hann. Þessir miklu hólar, sem eflaust hafa allir verið gamlir öskuhaugar, settu sterkan svip á umhverfið. Skörð voru í þá til þess að auðvelda heimreiðina, úr hvaða átt sem komið var. Hólahringurinn umhverfis bæinn var eins konar skjólgarður, sem gerði umhverfi hans miklu hlýlegra en ella [...]. Þá er komið var heim á hlað sunnan tröðina, voru hesthús austan við traðarendann, en vestar og litlu norðar var hjallur og pakkhús sambyggt. Rétt norðan við pakkhúsið var stóra íbúðarhúsið, sem Jón Pálmason reisti skömmu eftir að hann kom að Þingeyrum. Vestan við það var gamalt búr, einu leifarnar af gamla bæn-

⁴³⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 225; Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 17; *Vísir* 14. árg., 61. tbl., 12. mars 1924, s. 1.

⁴³⁸ *Vísir* 14. árg., 61. tbl., 12. mars 1924, s. 1

⁴³⁹ Hulda Á. Stefánsdóttir (1987) s. 19-20.

um, eftir að nýja húsið reis. Hleðsla úr torfi og múrsteini var utan við gamla búrið [...]. Hár og fallegur hóll var sunnan við hjallinn. Sunnan í hólum var gamalt garðstæði [...]. Norðan við þennan hól var annar minni, sem kallaður var Smiðjuhóll. Á honum var tóftarbotn [...]. Vestan við bæinn var hóll, sem veitti honum mikið skjól í norðvestanáttinni og náði allt norður að kirkjugarðshorni, en þá tók kirkjugarðurinn við [...] og náði ögn vestur fyrir hólinn. [...] Fyrirnefndan hól vestan við bæinn heyrði ég nefndan Eldhúshól. Hefur hann sjálfsgætt fengið nafn af því, að þangað hefur verið styst að bera öskuna úr gamla bænum, þar sem eldhúsið var vestast í húsaröðinni. [...] Mest af Þingeyratúninu var norðan við kirkjugarðinn, þegar ég man fyrst eftir.⁴⁴⁰

Síðdegis þriðjudaginn 11. mars 1924 varð eldur laus í íbúðarhúsinu út frá reykháfi eða ofnþípu uppi á efsta lofti hússins og brann það til kaldra kola ásamt ýmsum innanstokksmunum, en mannbjörg varð. Sást til eldsins frá Hnausum og Hjaltabakka um kl. 4 síðdegis, en klukkan 8 var húsið fallið. Logn var og breiddist eldurinn því hægt út, svo að unnt var að bjarga allmiklu af innanstokksmunum.⁴⁴¹

Heimafólk bjó um sig í fyrstu í fjárhúsum meðan útbúið var til bráðabirgða íbúðarhæft athvarf í pakkhúsi og hjalli, sem ekki urðu eldinum að bráð. Sú endurbygging á húsinu var unnin undir stjórn smiðsins, Jónasar B. Bergmann á Stóru-Giljá. Undir húsinu var enginn kjallari, en þegar búíð var að hreinsa brunarústirnar var reft yfir kjallarann og sett þak yfir. Þar var geymsla heimilisins þar til byggt var nýtt hús 1935.⁴⁴² Þangað til, eða í rúm 11 ár, bjó heimilisfólk við hinn frumstæða húsakost, sem lýst var á þennan hátt 1930: „Íbúðarhús úr timbri, járnavið, 10,0 × 5,65 m. Kjallaralaust. Loft portlaust. Önnur bæjarhús, skemmukjallari.“



Séð heim að Þingeyrum 7. október 2018. (Ljósmynd. Gunnlaugur Haraldsson.)

Umm 1930 komst jörðin í eigu nokkurra einstaklinga í Reykjavík,⁴⁴³ en árið 1941 keypti hana Sigfús B. Bjarnason (1913-1967), forstjóri í Reykjavík. Hóf hann ræktun og uppbyggingu allra útihúsa og rak þar myndarlegt bú í rúman áratug. Jafnframt kom hann á fót trésmíðaverkstæðinu *Herkúles* í samnefndri byggingu, sem síðar var notuð sem áhaldahús. Sett var upp stór diesel-rafstöð til þess að knýja rafknúin trésmíðatæki á verkstæðinu, þar sem m.a. voru framleidd orf og hrifur, en Björn Bjarnason (bróðir Sigfúsar) veitti verkstæðinu forstöðu um skeið.⁴⁴⁴ Hulda Stefánsdóttir og Jón Pálmason höfðu fasta ábúð á jörðinni til 1944 og síðan frá 1955, er Jón tók jörðina á leigu. Hulda stýrði jafnframt Hús-

⁴⁴⁰ Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 30-32.

⁴⁴¹ *Vísir* 14. árg., 61. tbl., 12. mars 1924, s. 1.

⁴⁴² Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 62-65 og 70-71.

⁴⁴³ Skráðir eigendur Þingeyra í des. 1935 voru Pétur Magnússon o.fl. í Reykjavík.

⁴⁴⁴ *Húnavaða* 41. árg. 2001, s. 11-12; *Vísir* 57. árg., 220. tbl., 26. sept. 1967, s. 9.


mæðraskólanum í Reykjavík og síðar Kvennaskólanum á Blönduósi, en Jón rak búskap á Þingeyrum í allmörg ár ásamt hjónunum Guðrínu Vilmundardóttur og Jósef Magnússyni, sem síðar tóku alla jörðina á leigu og bjuggu þar til 1974, er þau fluttust að Steinnesi.⁴⁴⁵

Íbúðarhús

Eins og lýst er hér að framan er óvíst um aldur elsta hluta hússins, sem upphaflega var reist sem pakkhús og hjallur, sunnarlega á hinu forna og stóra bæjarstæði Þingeyrarstaðar, hugsanleg um og eftir



1865. Árið 1924 var því breytt í íbúðarhús eftir bæjarbrunann, eins og áður segir. Byggður var þá allstór inngangsskúr framan við pakkhúsdýrnar og lágu úr honum dyr inn í eldhúsið á vinstri hönd. Móti dyrunum lá stigi upp á loftið og undir honum var eldavél-in. Í suðvesturhorni var búrkompa og úr eldhúsinu var gengt inn í lítið herbergi og þaðan í allstóra stofu, sem var aðalherbergi hússins. Uppi á lofti var baðstofan, portlaus og öll undir súð, með fimm rúmstæðum. Í suður-enda var afþiljað lítið herbergi með tveimur rúmum.⁴⁴⁶ Húsið var allt klætt bárujárni að utan.



Uppdrættir (útlits- og grunnteikningar) Jónasar B. Bergmann hússamiðs að íbúðarhúsinu á Þingeyrum, gerðir á Stóru-Giljá 11. desember 1934. Efri myndin sýnir austurgafli nýju álmunnar, sem var 8 x 10 m að grunnfleti og byggð úr steinsteypu austan við eldra húsið frá 1924, og til hægri suðurhlíð alls hússins með suðurgaffli eldra hússins. Grunnteikningin sýnir herbergjaskipan á stofuhæð. Efst eru rýmin í eldra húsinu, þ.e. gangur (forstofa), sofa, svefnherbergi og stigagangur, sem gengið var í um bakdyr á norðurgaffli. Í nýja húsinu voru tvær stofur að sunnanverðu, en að norðanverðu eldhús og svefnherbergi kvenna og karla í austurenda. Í skýringum Jónasar við uppdráttinn sagði, að kjallarinn væri „eins og stofuhæð“. (Í vörslu Páls J. Lindal.)

Skv. virðingargjörð frá 18. október 1934 var timburhúsið 10 m á lengd, 5,6 m á breidd og 2,4 m á hæð. Húsið var „járnklætt með jarnþaki, einlyft með eldavjel og ofni og tveim steiptum reykáfum“.⁴⁴⁷ Árið 1835 létu Jón og Hulda reisa steinsteipt íbúðarhús austan

við timburhúsið í samvinnu við eigendur jarðarinnar.⁴⁴⁸ Byggingarár þess er þó skráð 1939 í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 og *Húnaþingi* II.⁴⁴⁹ Leitað var til Jónasar B. Bergmann, hússamiðs á Stóru-Giljá, sem gekk frá uppdrætti að húsinu 11. desember 1934. Einnig er varðveitt „áætlun um efni“ í húsið frá hendi Jónasar, dags. 28. mars 1935, og uppdráttur Teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs, líklega frá sama ári.

⁴⁴⁵ Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 180-184; *Húnavaka* 41. árg. 2001, s. 12.

⁴⁴⁶ Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 70-71.

⁴⁴⁷ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.

⁴⁴⁸ Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 179.


⁴⁴⁹ www.skra.is. Húsið er þar talið byggt 1923 og 1939 í *Húnaþingi* II, s. 319.

Húsið var virt til brunabóta 26. desember 1935 með þessum hætti:⁴⁵⁰ „Íbúðarhús (10 × 8 × 5,6m) steinsteypt með járnpaki. Kjallari og ein hæð með steypu lofti yfir kjallara. Í kjallara eru 4 herbergi, skilrúm steinsteypt, útveggir tvöfaldir á þrjá vegu. Á stofuhæð eru 4 herbergi með steypu skilrúmi. Útveggir þar sömuleiðis tvöfaldir á þrjá vegu. Fjórða hliðin er steypur einfaldur veggur niður frá kjallaragólfu upp með timburhúsi. Vatnsleiðsla engin, en skolpræsi frá ræsinu úr kjallara. Áfast húsinu er



járnklæddur timburskúr með steypu gólfi (3,5 × 2,3 × 2,6 m).“ Yfir stofuhæð var timburloft.

Þingeyrastaður um 1960. Til hægri eru íbúðarhúsin, sem samanstanda af þremur misaldrum húsum. Vestast er timburhúsið frá 1924, sem byggt var upp úr gamla þak-húsinu og veit stafni mót suðri. Húsið var síðan lengt til norðurs með viðbyggingu 1944(?). Austan við það eru tvær samsíða viðbyggingar eða álmur. Nær er íbúðarhús úr steinsteypu, byggt 1935, en fjær er geymsluhús úr timbri, sem búið er að rífa. Að húsabaki grillir í minningarmörkin í gamla kirkjugarðinum. Norðvestan við húsin og fyrir miðri mynd er vindrafstöð á stalli og steinkirkjan lengst til vinstri. (Ættir Austur-Húvetninga III, s. 1109.)



„Viðbót við hús að Þingeyrum“. Uppdráttur Teiknistofu byggingar- og landnámsjóðs. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/5, nr. 179.)

Bæjarhúsum var þannig lýst 1940: „Íbúðarhús. Steinsteypdir veggir, tvöfaldir með torftróði. Stærð 10×7,5 m. Ein hæð og kjallari. Timbursúð, pappi og járn. Gólf milli hæða steypu og lagt yfir borðviðargólf. Veggghæð: kjallara 2,6, stofuhæð 2,4. Loft ekki nothæft. Á stofuhæð 3 herbergi og eldhús, öll veggfóðruð og máluð. Í kjallara 4 herbergi. Skilrúm öll í húsinu steypu. Í húsinu er Aga eldavél, þvottapottur og miðstöð frá katli. Stofuhæð 180 m³. Kjallari 195 m³. Eldra húsið (viðbyggt) af timbri, járnvarið, 10 × 5,7 m. Veggghæð 2,5 m. Rishæð 2,2 m = 105 m³. Gólf, loft og skilrúm af timbri. Á lofti eru 2

⁴⁵⁰ *Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.*

herbergi og öll herbergi í húsinu veggfóðruð og máluð. Önnur bæjarhús: Geymsluhús, gamall kjallari grjóthlaðinn og steypdur, járn undir torfþaki, 150 m³.“




Þingeyrar um 1975. (Húnaþing II, s. 319.)

Árið 1944(?) var byggt nýtt íbúðarhús úr timbri, eða viðbygging norður af timburhúsinu frá 1924, svo að í reynd voru þá þrjú sambyggð íbúðarhús á bæjarstæðinu. Þessum húsum var stuttlega lýst með svo felldum hætti í virðingargjörð pr. 29.

nóvember 1945, þegar öll bæjarhús voru virt til brunabóta:⁴⁵¹

„A. Íbúðarhús [frá 1935] úr járnbentri steinsteypu, kjallari og ein hæð með steypdu lofti yfir kjallara. [Stærð] 10 m á lengd, 8 m á breidd og 5,6 m á hæð. B. Íbúðarhús [frá 1924] sambyggt við A úr timbri, járnklætt án kjallara. Ein hæð og mikið ris. [Stærð] 10 m á lengd, 5,6 m á breidd og 2,5 m á hæð. C. Íbúðarhús [frá 1944?] sambyggt norður af B úr timbri, járnklætt, ein hæð á steypum grunn. [Stærð] 8,2 m á lengd, 5,85 m á breidd og 2,5 m á hæð. D. Geymsluhús sambyggt C, járn á trjegrind. [Stærð] 6,85 m á lengd, 7,80 m á breidd og 3,5 m á hæð. E. Norður af D fjós með 10 básum úr torfi, torfþak, steypdur flór og básstokkar. [Stærð] 10,6 m á lengd, 4,5 m á breidd og 2,5 m á hæð. F. Hlaða vestur af B og norður af C, steypdur kjallari undir, torfveggir, torfþak. [Stærð] 13,7 m á lengd, 5,4 m á breidd og 4 m á hæð.“



Grunnriss og ljósmyndir af íbúðarhúsum og geymsluhúsi á Þingeyrum 6. sept. 1974. (Teikn./ljósm. Ingvar Gýgjar Jónsson / Pí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/320.)

Þegar sýnt var að Jósef Magnússon og Guðrún Vilmundardóttir myndu hætta búskap á Þingeyrum og nýir leigjendur, Sigurður Helgason (1948-) og Oddný Guðmundsdóttir (1953-), tækju við jörðinni, kom framtíð gömlu húsanna til umræðu og var þá m.a. leitað álits Ingvars Gýgjar Jónssonar byggingarfulltrúa. Í minnisblaði hans frá 15. júlí 1973 kom m.a. fram, að hann teldi „réttara að byggja nýtt íbúðar-

⁴⁵¹ *Hér.A-Hún. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.*

hús á Þingeyrum heldur en endurbæta það gamla, en þar sem ekki [voru] möguleikar að breyta húsinu fyrir aðra notkun, t.d. vélageymslu svo hentug verði, þá valdi eigandi [Rannveig Ingimundardóttir] þann kostinn að endurbæta það.⁴⁵² Árið eftir var hafist handa við ýmsar endurbætur á húsunum samhliða útihúsum og unnið að þeim næstu árin. Geymsluhúsið var notað sem hesthús til ársins 1980 og síðan sem geymsla uns það var rífið eftir skemmdir, sem urðu á því í miklu óveðri, sem gekk yfir landið sunnudaginn 3. febrúar 1991.⁴⁵³



Gömlu íbúðarhúsin sumarið 2015. (Ljósm. Páll J. Lindal.)

Frá 1994 hefur jörðin verið í eigu hjónanna Valgerðar Valsdóttur og Ingimundar Sigfússonar, fyrrum forstjóra og sendiherra, en hann lést 2018. Þau hafa rekið þar umfangsmikinn hrossabúskap ásamt bústjórum, Gunnari Ríkharðssyni og Helgu Thoroddsen, sem þar bjuggu um árabil. Nýtt parhús var reist á jörðinni árið 1981, snertispöl sunnan við gamla íbúðarhúsið, sem hefur verið nýtt sem gistihús fyrir ferðafólk og aðra. Húsinu er prýðilega við haldið, enda menningar- og varðveislugildi þess mikið, einkum timburhússins, sem ætla má að sé að stofni til *elsta varðveitta timburhús í Húnavatnshreppi*.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1924 og 1935 og 1944(?)	
Fyrstu eigendur:	Jón Pálmason og Hulda Stefánsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður (1924):	Jónas B. Bergmann	
Yfirsmiður:	Jónas B. Bergmann	
Hönnuður (1935):	Jónas B. Bergmann / Teiknistofa byggingar- og landnámsjóðs	Núverandi notkun: Gistihús
Yfirsmiður:	Jónas B. Bergmann	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur/steypa	Óbreytt	Elsti hluti hússins var byggður 1924 upp úr gömlu pakkhúsi (e.t.v. frá um 1865). Húsið var síðan lengt 1944(?) með viðbyggingu úr timbri. Árið 1935 var byggt áfast íbúðarhús úr steinsteypu við austurhlíð hússins.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Kjallari er undir steinhúsinu frá 1935.
	Reykháfar (2)	Óbreytt	
	Útitröppur	Óbreytt	Eru við aðaldyr á suðurgafli.
	Gluggar	Breyttir	Gluggar hafa verið endurnýjaðir með breyttu sniði.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Elsta húsið er áhugavert og snoturt timburhús með viðbyggingu.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsin eiga sér ríka sögu; það elsta er e.t.v. að stofni til frá því um 1865 og steinhúsið frumhannað og byggt af Jónasi B. Bergmann.

⁴⁵² ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/320.

⁴⁵³ Heim. Valur Ingimundarson 15. mars 2019.

Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin fara vel í landi og eru prýði fyrir staðinn.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin eru tiltölulega lítið breytt að formgerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsunum er vel við haldið og nýlega uppgerð.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsin hafa mikið varðveislugildi skv. ofanskráðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð. Elsta húsið er varðveisluskylt skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Auk

Þess er lagt til að húsin verði vernduð með hverfisvernd skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með vísan til svohljóðandi ákvæðis í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022: „Gerð er tillaga um að bæjarstæði, umhverfi bæjarins, umhverfi Trumsvala og kirkju séu hverfisverndað svæði. Svæðið er einnig þjóðminjaverndað, sjá kafla 4.2.2 Þjóðminjaverndarsvæði. Svæðið hefur geysilega mikið rannsóknargildi og ber að umgangast það sem slíkt.“⁴⁵⁴

Fjós, fjárhús og votheysturn

Skv. fasteignaskrá þjóðskrár 2018 eru á jörðinni steinsteypt *hesthús* frá 1949 (164,4 m²), sem upphaflega var byggt sem fjós, *fjárhús* frá 1950 (303,3 m²) og *votheysturn* frá 1950 (21,6 m²). Þessi hús eru hluti af mikilli og fjölbreyttri útihúsasamstæðu suðaustur frá bænum. Uppdrættir að þeim eru ekki tiltækir, en ætla má að þau séu eitthvað breytt frá upphaflegri gerð, enda hafa þau verið endurbætt mikið á síðustu áratugum og er þeim prýðilega viðhaldið. Svofelld lýsing var gefin á þeim og öðrum útihúsum jarðarinnar við brunabótavirðingu 12. október 1952:

„A. Fjós úr járnbenntri steinsteypu, fyrir 22 nautgripi. Útveggir klæddir með asbestplötum, einangraðir veggir með steinull. Járnþak, stoppað með torfi á trégrind (15,30 × 9,20 × 3 m). B. *Haughús* og *þvag-gryfa* undir hluta af fjósinu, alsteypt (10,30 × 9,20 × 2,35 m). C. *Kálfaffjós* undir hinum hluta fjóssins (5 × 9,20 × 2,35 m). E. *Hlaða* byggð úr sama efni með járnþaki. Vinkilbyggð bygging (6,50 × 7 × 6 m og 20 × 7,80 × 6,70 m). E. *Fjárhús*, 4 garða undir tveim risum. Veggir og garðar ásamt milligerði steypdir. Járnþak (15,60 × 20 × 3,40 m). F. *Votheysturn* sívalur (5 + 12).⁴⁵⁵ Nyrðri hluti hins samstæða fjárhúss var rifinn fyrir allmörgum árum.



Fjós, fjárhús og votheysturn – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1949 og 1950	
Fyrsti eigandi:	Sigfús B. Bjarnason	Upphafleg notkun: Fjós, fjárhús og votheysturn.
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins (?)	Núverandi notkun: Hesthús og geymsla.
Yfirsniður:	Óþekkt	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænispök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

⁴⁵⁴ Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022, s. 42.

⁴⁵⁵ *Hér.A-Hún*. Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Sveinsstaðahreppi 1933-1953.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin eru hefðbundin útihús úr steinsteypu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin hafa einungis þjónað hlutverkum sínum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin eru hluti vel hirtrar og búsældarlegrar útihúsaheildar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin munu í meginatriðum halda upprunalegri gerð, þrátt fyrir margvíslegar endurbætur í tímans rás.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsin eru í góðu ásigkomulagi og er þeim prýðilega viðhaldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa talsvert varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki eru lagðar til sérstakar ráðstafanir til varðveislu húsanna.

3.2.18 Þingeyrakirkja

Staðhættir og saga

Klausturkirkjan var líklega í notkun í rúma hálfu öld eftir að klaustrið var aflagt 1551, því að árið 1619 lauk umboðsmaður klaustursjarða byggingu nýrrar en minni kirkju. Árið 1695 lét Lauritz Gottrup byggja veglega útbrotakirkju úr timbri í stað hinnar eldri, um 14 m langa í sjö stafgólfum. Nánari lýsing á henni er í kaflanum um Þingeyrar hér á undan (3.2.16). Kirkjan stóð þar til ársins 1819, er Björn



Ó. Ólsen klausturhaldari lét byggja torfkirkju í gamla kirkjugarðinum norðaustan við bæinn.⁴⁵⁶ Sú kirkja var þiljuð í hól og gólf og í notkun þar til steinkirkjan var vígð síðsumars 1877. Þiljur úr henni, eða útbrotakirkju Gottrups, voru nýttar við smíði baðstofunnar á hjáleigunni Geirastöðum og varðveittust fram yfir miðja síðustu öld, en þar var síðast búið 1947.⁴⁵⁷

Uppdrættir Sverris Runólfssonar steinsmiðs að Þingeyrakirkju. (Kirkjur Íslands VIII, s. 271.)

Steinkirkjan

Torfkirkja Björns Ólsen var orðin lúin og hrörleg, þegar Ásgeir Einarsson (1809-1885)⁴⁵⁸ fluttist að Þingeyrum og keypti jörðina 1861. Hann ákvað því að byggja fyrir eigin reikning nýja kirkju úr íslensku grjóti, sem þjóna skyldi sem sóknarkirkja eins og eldri kirkjur. Að byggingu kirkjunnar var síðan unnið í



tveimur verklotum á árabílinu 1864-1877, að stærstum hluta á kostnað Ásgeirs. Kirkjunni var valið stæði á nýjum stað, þar sem hæst ber á bungunni og útsýni var best, nyrst í túninu og töluvert norður frá bænum.

Þingeyrakirkja í byrjun síðustu aldar. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Hleðslugrjót var hvergi tiltækt á landareigninni, svo að Ásgeir lét beita uxum fyrir sleða og flytja á vetrum 1864-1867 grjót úr Myrkuþjörgum austan í Ásbjarnar-

þjörgum, vestan við Hópið, svo og sunnan úr Hvammsskriðum í Vatnsdalsfjalli. Réði hann Sverri Runólfsson (1831-1879) steinhögvara sem yfirsmið, sem jafnframt teiknaði kirkjuna. Hóf hann hleðsluna í ágústlok 1864 og lauk því verki í júlíbyrjun 1868. Sverrir var talinn fremsti steinsmiður landsins á

⁴⁵⁶ Guðrún Harðardóttir (2006), s. 268; Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 50; Hörður Ágústsson (2000 I, s. 2007; Hannes Þorsteinsson (1918-1920), s. 299-302.


⁴⁵⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 227.

⁴⁵⁸ Hér er einkum stuðst við þessar heimildir: Páll V. G. Kolka (1950), s. 219-221; Guðrún Harðardóttir (2006), s. 270-285; Hörður Ágústsson (2000 I), s. 298; Jón Torfason (2007), s. 28-29; Steinunn Kristjánsdóttir (2017), s. 85-87 og 102.



sinni tíð og er Þingeyrakirkja bæði höfuðverk hans og eina byggingin frá hans hendi sem enn stendur, að því er best er vitað.

Þingeyrakirkja 1936. Kirkjuturninn ber í Jörundarfelli í Vatnsdalsfjalli. (Ljósmynd. Bruno Schweizer. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Kirkjur Íslands VIII, s. 273.)



Yfirsniður við smíði á þakgrind var Halldór Friðriksson (1824-1905), trésmiður á Kollafjarðarnesi, en þakskífur lagði Guðmundur Jónsson (1849-1926), trésmiður í Reykjavík. Yfirsniðir við innansmiði kirkjunnar voru Þorgrímur Jónsson (1821-1883) frá Gilsá í Breiðdal, kunnur kirkjusmiður, og Friðrik Pétursson (1841-1879) skipa- og kirkjusmiður, sem m.a. var forsmiður Svínavatnaskirkju 1879 (sjá kafla 3.4.2). Hann málaði jafnframt Þingeyrakirkju, sem loks stóð fullbúin sumarið 1877 og var vígð af prófasti 9. september. Gamla torfkirkjan stóð þó áfram á gamla kirkjustæðinu og var ekki rifin fyrr en um aldamótin 1900. Sem fyrr getur voru gömlu þiljurnar nýttar í baðstofu á Geirastöðum, en ýmislegt annað tréverk notað í geymsluhús og hjall á Þingeyrum. Hann varð síðar hluti íbúðarhússins, sem byggt var eftir bæjarbrunann 1924 og ennþá stendur⁴⁵⁹ (sjá kafla 3.2.16).

Grunnmynd og langskurður Þingeyrakirkju í kv. 1:125. Mælt og teiknað af Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt. (Kirkjur Íslands VIII, s. 276.)

Þingeyrakirkja sumarið 2004. Til vinstri sést Reykjanibba í fjarska og kirkjugarðshliðið ber í Jörundarfellið. (Ljósmynd. Guðmundur Ingólfsson / Kirkjur Íslands VIII, s. 275.)



Gleggstar lýsingar á Þingeyrakirkju hafa ritað Ásgeir Einarsson kirkjubóndi í tilefni af vígslu kirkjunnar og Guðrún Jónsdóttir arkitekt (1935-2016) í ritið *Kirkjur Íslands VIII* (s. 270-285). Hún mældi upp og teiknaði kirkjuna og „var sú vinna gjöf teiknistofunnar Höfða til Þingeyrasóknar“. Fékk hún til liðs við sig arkitektana Curt von Jessen og Edvard Troelsgård. Guðrún hafði síðan umsjón með endurbótum á kirkjunni frá 1977 og lauk lagfæringum að

innanverðu 1979. Yfirsniður var Hallgrímur Hansen byggingameistari og málningarvinnu annaðist Sigurður Snorrason málarameistari.

⁴⁵⁹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 227; Hulda Á. Stefánsdóttir (1987), s. 62-66; Guðrún Harðardóttir (2006), s. 268-269; Steinunn Kristjánsdóttir (2017), s. 102.

Lýsingar á ytri og innri gerð kirkjunnar hér á eftir byggja á ritgerðum Ásgeirs kirkjubónda og Guðrúnar Jónsdóttur, en auk þess er ástæða til að halda hér til haga þeim lýsingum, sem gefnar voru á kirkjunni í fasteignamatsúttektum 1916 og 1940.

Í eldri úttektinn var kirkjunni lýst þannig: „Kirkja er á jörðunni, sem er eign safnaðarins. Hún er 20 × 10½ álnir. Bygð 1877 úr steinlímdu grjóti, með forkirkju 5 × 3 álnir, turni og hellubaki, bogmynduð kórmeigin. Veggir hvítalkaðir innan. Svalir eru yfir þvera kirkjuna að framan og hvelfing. Kirkjan er að



öllu leyti veglegt og vandað hús.“ Árið 1940 höfðu úttektarmenn þessa sögu að segja: „Veggir hlaðnir úr steini, þak hellu- lagt. Stærð (innanmál) 12,6 × 6,6 m. Vegg hæð 3,2 m. Forkirkja 1,9 × 1,9 m. Loft yfir kirkjunni framanverðri. Kirkjan hefir fengið mikla viðgerð utan og verið máluð og löguð innan.“ Hér er vísað til þeirrar viðgerðar, sem fór fram árið 1936.

Horft fram kirkju til dyra og setulofts. (Ljósm. Guðmundur Ingólfsson /Kirkjur Íslands VIII, s. 282.)

Píngeyrakirkja er steinhlaðið og traust- byggt hús í rómönskum stíl með for- kirkjuturni eða stöpli. Hún er 14,40 m á

lengd og 8,23 m á breidd, en með hornsneiddum veggjum á utanverðu kórbaki og bogadregnum að innan. Fram af vesturstafni er ferhyrnd forkirkja, 2,24 að lengd og 3,43 á breidd, með jafnstórum stöpli. Þak kirkjuskips er krossreist og gaflsneitt yfir kór, en veggir eru um þriggja feta þykkir, hlaðnir í steinlím úr ótilhöggnu eða lítt höggnu blágrýti. Sökkulbrún er neðarlega á útveggjum og hlaðnir rað- steinsbogar yfir gluggum, dyrum og hljómpum á stöpli. Eins eru brúnir undir þakskeggi. Fjórir glugg- ar úr steypujárni með 100 rúðum eru á hvorri hlið kirkjuskips og einn á hvorri hornsneiðingu kórsins, allir bogadregnir að ofan. Efri hluti stöpulsgengur inn á kirkjubakið sem nemur veggjarþykkt stafns- ins. Á honum er lágreist topp- eða píramítapak, sem klætt er læstri eir- eða koparklæðningu eins og kirkjubakið, en upphaflega og til ársins 1959 voru þökin hellulögð. Ofarlega á hliðum stöpulsgengur eru bogadregin hljómp með hlerum, en uppi fyrir dyrum á framhlið er hringgluggi. Fyrir kirkjudyrum eru spjaldsettar vængjahurðir með bogaglugga yfir.

Fyrir framkirkju eru spjaldsettar vængjahurðir, en inn frá dyrum liggur gangur með þverbekkjum á hvorn veg, 10 að sunnanverðu og 9 að norðanverðu. Sunnan megin er sexstrendur prédikunarstóll með himni (ársettur 1696) framan við innstu bekkjaröð, en andspænis honum norðan megin er skír- arfontur með himni yfir frá 1697. Kórgaflinn er bogmyndaður með veggbekkjum hvorum megin alt- aris. Yfir fremsta hluta framkirkju er söngloft á bitum og liggur upp á það stigi við framgaflinn að norðanverðu. Flatsúlur eru undir bitum við vegg. Söngloftið er girt handriði með renndum pílarum á loftsbrún. Á milli þeirra standa nú nýlegar eftirgerðir af skornum trélikneskjum, sem þar voru fyrrum, en eru nú í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Inn af loftinu eru dyr í stöpulinn. Yfir framkirkju er timbur- hvelfing og hvolf yfir kór, alsett gylltum tréstjörnum, 1000 að tölu. Útveggir eru sléttaðir og hvítalka- aðir að innan.⁴⁶⁰

⁴⁶⁰ Ásgeir Einarsson (1978); Guðrún Jónsdóttir (2006), s. 270-285; Píngeyrakirkja (2018). <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/567>. Sótt 20. maí 2018.

Að síðustu skal hér birt umsögn Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts í niðurlagi áður nefndrar ritgerðar hennar:

Kirkjan á Þingeyrum er meðal merkustu bygginga þessa lands. Hún er á margan hátt tímamótaverk þar sem m.a. er notuð önnur aðferð við hleðslu múrsins en viðhöfð var á 18. öld við byggingu dómkirknanna á Hólum í Hjaltadal og Reykjavík. Kirkjan er eitt af fyrstu steinhúsum landsins og fyrsta steinkirkjan sem reist var hér á 19. öld. Staðsetning kirkjunnar er tignarleg. Voldug, kröftug og óvarin stendur hún á kirkjuhólum þar sem vindar leika um hana. Hún býður til sín vegfarendum hvaðan æva að og gesturinn fyllist undrun og lotningu þegar inn er komið. Einhvern veginn er hún að öllu leyti miklu stærri en mál hennar segja til um. Hér áður fyrr var sagt að hún sæist úr 13 hreppum allt frá Skaga í austri til Vatnsness í vestri. Þótt hreppunum hafi fækkað er sýnin sú sama.⁴⁶¹

Þingeyrakirkja er ríkulega búin gripum og áhöldum, enda mun engin hérlend kirkja eiga slíkan fjölda dýrgripa að Hóladómkirkju undanskilinni. Flestir hinna gömlu gripa tilheyrðu útbrotakirkju Lauritz Gottrup lögmans, þ.á m. forkunnarfaður skírnarfontur og prédikunarstóll með himni. Elst kirkjugripa er þó ensk altarisbrík úr alabastri frá um 1470, sem fyrrum prýddi klausturkirkjuna á Þingeyrum. Eins



má geta legsteins Lauritz Gottrup og konu hans Katarínar Pieters, sem var færður úr gamla kirkjuarðinum og felldur í norðurvegg kirkjunnar. Ítarleg samantekt um kirkjugripa og minningarmörk er birt í *Kirkjum Íslands VIII* (s. 285-309).

Klausturstofa, sem byggð var 2005-2006. (Húnavaka 48. árg. 2008, s. 135.)

Ýmsar viðgerðir og endurbætur hafa verið gerðar á kirkjunni í 140 ára sögu hennar, svo sem árin 1936, 1959, 1978-1979 og 1997-1999,

og undir umsjón Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts frá 1976. Hún er einnig hönnuður þjónustuhúss, svenefndrar *Klausturstofu*, sem byggt var 2005-2006 af Hilmar Kristjánssyni, byggingameistara á Blönduósi (Stíganda ehf.), skammt austan við kirkjuna og norðan við núverandi kirkjuarð.⁴⁶²

Þingeyrakirkja – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1877	Upphafleg notkun:	Sóknarkirkja
Fyrsti eigandi:	Ásgeir Einarsson	Núverandi notkun:	Sóknarkirkja
Hönnuður:	Sverrir Runólfsson		
Steinsmiður:	Sverrir Runólfsson		
Yfirsmiðir:	Halldór Friðriksson, Þorgrímur Jónsson og Friðrik Pétursson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Byggingarefni	Blágrýti/timbur	Óbreytt	Kirkjan var í byggingu á árunum 1864-1877.
Útveggir:	Steinhleðsla/kalk	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænis-/toppþak	Óbreytt	Á kirkju er mænisþak en topp-/þíramítaþak á stöpli.
Þakklæðning:	Timbur/steinskífur	Kopar	1959: Læst koparklæðning var lögð á þakið.
Grunnmúr:	Grjóthlaðinn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:			Rómanskur stíll.
	Kirkjuskip		14,40 × 8,23 m.
	Forkirkja/stöpull		2,24 × 3,43 m.
	Gluggar	Óbreyttir	Úr steypujárni með 100 rúðum.

⁴⁶¹ Guðrún Jónsdóttir (2006), s. 284-285.

⁴⁶² Erlendur G. Eysteinnsson (2008), s. 135.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Látlaust en svipsterkt steinhlaðið hús í rómönskum stíl með forkirkjustöpli.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Á sér merkilega sögu sem stórhuga framtak Ásgeirs Einarssonar og höfuðverk Sverris Runólfssonar steinsmiðs.
Umhverfisgildi:	Hátt	Reisuleg og tignarlegt mannvirki á kirkjustæðinu, sem sést víða til úr nærliggjandi sveitum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Kirkjan heldur upprunalegri gerð sinni í öllum meginatriðum.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í mjög góðri umhirðu.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mjög mikið varðveislugildi skv. framantöldu.
Niðurstaða varðveislumats:		Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3.3 Torfalækjarhreppur

Árið 1910 var 21 bær í ábúð í fyrrum Torfalækjarhreppi og 22 bær árið 1942, en heilsársbúseta á 17 lögbýlum árið 2018. Ennþá eru uppistandandi samtals 28 hús á 14 jörðum, þ.e. 13 íbúðarhús, tvö rafstöðvarhús og 13 útihús af ýmsum toga, sem byggð voru úr timbri og steinsteypu á árabílinu 1913-1950. Á flestum jörðum voru eldri bæjarhús rifin fljótlega eftir byggingu nýs íbúðarhúss. Þeir torfbærir eru því löngu horfnir.

Varðveitt hús frá 1913 til 1950

Varðveittar byggingar í Torfalækjarhreppi eru eftirtaldar, - raðað eftir byggingarári:

<i>Beinakelda</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1913 og votheysturn frá 1948.
<i>Stóra-Giljá</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1926, rafstöðvarhús frá 1930, vélageymsla frá 1946 og hlaða frá 1947.
<i>Laxárvatnsvirkjun</i>	Rafstöðvarhús frá 1933 og steinsteyppt íbúðarhús frá 1945.
<i>Hæli</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1934.
<i>Neðra-Holt</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1936 og hlaða frá 1949.
<i>Reykir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1936.
<i>Hurðarbak</i>	Timburíbúðarhús frá 1937.
<i>Kringla</i>	Fjánhús úr timbri og bárujárn frá 1940.
<i>Torfalækur</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1942-1943 og fjós, hlaða og geymsla frá 1948.
<i>Röðull</i>	Steinsteyppt hlaða frá 1945.
<i>Grænahlíð</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1946-1947 og fjós og hlaða frá 1950.
<i>Sauðanes</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1946-1947.
<i>Kaldakinn I</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1948.
<i>Orrastaðir</i>	Íbúðarbraggi úr járn frá 1948.
<i>Akur</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1950, geymsla frá 1940 og hlaða frá 1947.

Horfin timbur- og steinsteypuhús – byggð fyrir 1951

Á sjö jörðum eru nú horfin íbúðarhús, sem byggð voru úr timbri og steinsteypu fyrir 1951 og stóðu flest fram á seinni hluta aldarinnar, jafnvel allt til ársins 1998. Þessar jarðir eru:

<i>Akur</i>	Timburstofa og steinsteyppt viðbygging, rifið eftir 1950.
<i>Skinnaðaðir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús, byggt um 1939 og í eyði frá 1944, ⁴⁶³ rifið um 1980.
<i>Húnsstaðir</i>	Timburíbúðarhús frá 1895-1900, steinsteypuhús frá 1930 ásamt viðbyggingu frá 1951, rifið 1967-1968.
<i>Hjaltabakki</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1912-1914, rifið 1998.
<i>Sauðanes</i>	Timburíbúðarhús, byggt fyrir 1930, brann 1947 (ásamt torfbæ).
<i>Meðalheimur</i>	Timburíbúðarhús (síðar múrhúðað) frá 1890-1900(?), rifið 1954.
<i>Kringla</i>	Stofuhús úr timbri frá um 1902 (ásamt torfbæ og timburbaðstofu), rifið eftir 1954.

⁴⁶³ Húsið skemmdist af bruna (trúlega um 1944), en stóð þó fram um 1980, þegar fjánhús var byggt á bæjarstæðinu. *Heim*. Árni Vigfússon 15. apríl 2019.

Hornfir torf- og timurbæir

Á árabílinu 1915-1946 féllu úr ábúð fjórar jarðir með torf- og timurbæjum, sem síðan hafa verið í eyði. Þessi býli eru (búsetulok innan sviga): *Hjaltabakkakot* (1915), *Sauðaneskot* (1919), *Hamrakot* (1935) og *Smyrlaberg* (1946). Við þessa bæi má einnig bæta torf- og timurbænum á *Kagaðarhóli*, sem nýtt íbúðarhús leysti af hólmi 1952. Á Torfalæk var ennfremur í ábúð húsmennskubýli með torfbæ á árabílinu 1921-1954, sem nefndist *Grund* eða *Sveinsbær*.



Til vinstri: Skinnastaðir, gamli bærinn og steinhúsið, sem byggt var um 1939 og rífið um 1980. Til hægri: Burstabyggð bæjarhúsin á Húnsstöðum, nær timburhús frá 1895-1900 og fjær steinsteyppt hús frá 1930, hvortveggja rífið 1967-1968. Í sambyggðri húsalengju voru fjós og hlaða, sem rífin voru 1963. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1186 og 1138).



Til vinstri: Hjaltabakki um 1975, en til hægri timburhús og baðstofa í Sauðanesi 1942. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ættir Austur Húnavetninga III, s. 1177.)



Til vinstri: Torfbærinn á Kagaðarhóli, sem búíð var í til 1952. Til hægri: Gamla timburhúsið (framhúsið) í Meðalheimi. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1138 og 1157.)

Torfalækjarhreppur




Myndin sýnir þá bæi í Torfalækjarhreppi sem fjallað er um í húsaskránni. (Páll J. Línal / Loftmyndir ehf.)

3.3.1 Stóra-Giljá

Staðhættir og saga


Stóra-Giljá er syðsti bær í fyrrum Torfalækjarhreppi og stendur á norðurbakka Giljár, neðan Þjóðveggar 1. Land er fremur flatt til suðurs og vesturs. Samfelt tún og engjar ná niður undir Húnavatn og víðlendum flói að hólunum hjá bænum Akri. Afar víðsýnt er frá Stóru-Giljá, allt vestan frá Vatnsnesi að Langadalsfjalli í austri, en að baki er Vatnsdalsfjall með Axlaröxl (605 m). Á söguöld bjó hér Koðrán




Eilífsson, faðir Þorvalds víðförla, sem í kristni-boðsferð sinni á heimaslóðum stóð að skírn föður síns um 980 ásamt Friðreki biskupi. Minnisvarði um þann atburð var reistur 1981 skammt utan við Giljá og nærri Gullsteini, sem var bústaður ármanns Koðráns. Tengsl Stóru-Giljár við kristindóminn styrktust enn frekar á 11. öld, er trúboðsbiskupinn Bjarnharður hinn saxneski bjó þar í nærfellt tvo áratugi.⁴⁶⁴

Túnakort Stóru-Giljár 1920. Hannes jónsson.

Jarðarinnar getur víða í fornum heimildum, s.s. Biskupa sögum og Sturlungu, og hún ýmist nefnd *Giljá*, *Stóra-Giljá* eða *Ytri-Giljá*. Hún var 40 hundruð að fornu mati (ásamt Beinakeldu) og komst um miðja 14. öld í eigu Þingeyraklausturs, en varð síðar bænda eign, sennilega seint á 17. öld. Þá stóð þar ennþá fornt bænhús, en tíðahald var löngu aflagt í byrjun 18. aldar.⁴⁶⁵ Fyrr á öldum bjuggu þar



ýmsir góðbændur og höfðingjar, s.s. sýslumenn, en um aldamótin 1900 voru þar 12 manns í sambýli eða á fimm heimilum, sem höfðu aðsetur í aðskildum vistarverum eða smákofum í torfbænum. Árið 1911 fluttist þangað frá Beinakeldu ekkjan Ástríður Helga Sigurðardóttir (1860-1938) ásamt syni sínum, Jóhannesi Erlendssyni (1891-1977). Hún átti þá drjúgan hluta jarðarinnar, en árið 1916 seldi hún jörðina sonum sínum, Jóhannesi og Sigurði (1887-1981). Þeir bjuggu þar félagsbúi til 1972, er þeir seldu jörðina bróðursyni sínum, Erlendi G. Eysteinssyni (1932-) og konu hans Helgu Búadóttur (1938-), sem bjuggu á Stóru-Giljá til 2008.⁴⁶⁶ Núverandi ábúendur eru Sigurður sonur þeirra og Þóra Sverrisdóttir.



Framhlið og grunnteikning torfbæjarins á Stóru-Giljá í byrjun 20. aldar. (Jónas B. Jónsson (1982), s. 56 og 57.)

⁴⁶⁴ Páll V. G. Kolka (1950), s. 172-173; Jón Torfason (2007), s. 71-72.

⁴⁶⁵ *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps III* [...] 2009/100, s. 5-7 og 48, en engar heimildir eða sýnilegar minjar eru lengur um staðsetningu bænhússins.

⁴⁶⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 174-175; Gísli Pálsson (2007), s. 7-9; *Húnaþing II*, s. 268; Jónas B. Jónsson (1982), s. 49-58; *Morgunblaðið* 10. jan. 2017, s. 26-27.

Þjóðvegurinn liggur frá fornu fari um hlað á Stóru-Giljá. Þar var jafnan afar gestkvæmt. Bærinn var fastur viðkomustaður landpósta og „um þjóðbraut þvera“ eftir brúun Giljár 1914. Þar var pósthönd 1934-1972 og símstöð 1932-1956, en jafnframt bensínsala og önnur þjónusta.

Horfin bæjarhús

Um aldamótin 1900 var á Stóru-Giljá torfbær með þremur heilþiljum að hlaði og stóð hann rétt austan við núverandi íbúðarhús, þar sem nú er garður með limgerði umhverfis.⁴⁶⁷ „Bærinn var mjög stór og löng göng inn að ganga, en til beggja hliða voru smábaðstofur eða kofar, sem búið var í. Aðalábúandinn, Guðmundur Jónsson (d. 1926), bjó í norðurstofu, en suðurstofu og einn baðstofukofann inni í



bænum hafði Guðrún Jónsdóttir (d. 1910).“ Önnur heimili höfðu afdrep á baðstofulofti og í litlum „húsum“ baka til í bænum⁴⁶⁸ (sjá teikningu). Um 1916 voru bæjarhúsin sögð gömul og léleg og peningshús sömuleiðis.

Horft frá brúnni á Giljá heim að bæjarhúsum á Stóru-Giljá. Torfhúsin beint upp af hægri brúarstólpanum eru annaðhvort hesthús og fúlga eða leifar af gömlu bæjarhúsunum. (Ljós. Geir G. Zoëga / Þjms. GZ-22-e20.)

Íbúðarhús

Þótt torfbærinn væri fornfálegur, fóru bræðurnir Sigurður og Jóhannes sér hægt við endurbætur á honum og létu túnrækt og jarðabætur ganga fyrir. Þá þegar hafði Sigurður nokkra reynslu af húsbyggingum, því að hann var „áskrifandi að norsku tímariti um nýjungar í húsagerð, þar sem birtar voru húsateikningar, fjallað um bygg-

ingarefni og ýmislegt annað tæknilegs eðlis“.⁴⁶⁹ Einnig hafði Sigurður staðið að byggingu á steinsteyptu íbúðarhúsi á Beinakeldu ásamt Eysteini bróður sínum árið 1913, en þeim til aðstoðar og ráðgjafar var þá Jóhann Franklín Kristjánsson (1885-1952) byggingameistari (sjá *Beinakelda*, kafli 3.3.12).



Íbúðarhúsið á Stóru-Giljá ásamt útihúsum um 1950. Heimilisfólk í heyskap. Næst íbúðarhúsinu er refaskúr og fjær eru steinsteypt heyhlaða og fjós með torfpaki, hvortveggja byggt árið 1923. Fjós-hellan og kjallari undir henni eru ennþá til staðar. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1192.)

Árið 1923 hófust þeir bræður handa um byggingu á fjósi, hlöðu og íbúðarhúsi úr steinsteypu. Vinnuteikningar gerði Jóhann Fr. Kristjánsson, en fylgdi þar mjög forsögn og hugmyndum Giljárbræðra.

⁴⁶⁷ *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps III* [...] 2009/100, s. 8.

⁴⁶⁸ Páll V. G. Kolka (1950), s. 174-175.

⁴⁶⁹ Jónas B. Jónsson (1982), s. 53-54 og 63.

Fjosið var fyrir 10 kúr og undir því stórt og mikið haughús, en loftið borið uppi af steinsteyptum súlum.

Íbúðarhúsið var stórt og mikið, með stærstu húsum í sveitinni. Það var 96 fermetrar að grunnfleti, tvær hæðir og kjallari. Steypt gólf var milli hæða og allt rammlega járnbundið. Vel var til steypunnar vandað, mól hörpuð og þvegin og styrkleiki steypunnar einn á móti þremur.⁴⁷⁰

Athyglisverðri og nýrri aðferð beittu þeir Giljárbræður, Jóhannes og Sigurður, við byggingu hússins og einangrun útveggja með reiðingi. Voru þeir brautryðjendur á því sviði í landinu, eins og Guðmundur Hannesson prófessor lýsti tveimur áratugum síðar:

Árið 1924 hófst sú breyting á tróðveggjagerð, að mót voru gerð einföld, en reiðingsstrengur, jafnþykkur, var lagður í miðjan vegg og *steypt beggja megin við hann*. Þessi aðferð sparaði vinnu og var fundin upp á tveim stöðum samtímis: af þeim Giljárbræðrum [...] og Ingvari Jónssyni, húsasmið á Kópaskeri. Giljárbræður byggðu þá kjallarann á íbúðarhúsi sínu, þá skorti þurrkað tróðefni, er þeir byggðu, svo að þeir tóku það ráð að steypa utan um 20 sm. þykkann, blautan streng, í þeirri von, að hann þornaði í veggnum. Hér var allmikið á hættu lagt, því að meðal annars mátti búast við því, að veggurinn spryngi í frostum. Það varð þó ekki, og kjallarinn hefur reynzt allvel, en eigi að síður var torfið deigt, en ófúið eftir 6 ár. Ef til vill hefur vatn komizt að því.⁴⁷¹



Séð heim að Stóra-Giljá eftir miðja síðustu öld. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Gluggar í kjallarann voru steiptir í trémótunum frá Beinakeldu (sjá kafla 3.3.12), en í efri hæð hússins voru keyptir gluggar og hurðir frá Noregi og í neðri hæð frá Hafnarfirði. Var húsið að miklu leyti fullgert árið 1926, nema hluti kjallara og annarrar hæðar. „Þá var húsið vígt með samkomu, sem ungmennafélagið Framtíðin hélt.“⁴⁷²

Auk þess sem Giljánhúsið var notað til íbúðar, rak Jónas B. Bergmann (1876-1952) trésmiður um árabíl smíðaverkstæði í hluta kjallarans. Hann fluttist með fjölskyldu sinni frá Marðarnúpi árið 1930 og fékk hluta af efri hæð Giljánhússins til íbúðar. Í kjallaranum setti hann ásamt sonum sínum upp „alls kyns smíðavélar, sem gengu fyrir rafmagni, smíðuðu amboð, hurðir og glugga í hús, sem þeir voru að byggja hér og þar.“⁴⁷³ Verkstæðið var starfrækt fram undir 1965, er Guðmundur Bergmann (sonur Jónasar) flutti fram að Öxl.⁴⁷⁴

Íbúðarhúsið sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

⁴⁷⁰ Jónas B. Jónsson (1982), s. 54, 57 og 63-64.


⁴⁷¹ Guðmundur Hannesson (1943), s. 278-279.

⁴⁷² Jónas B. Jónsson (1982), s. 64.

⁴⁷³ Jónas B. Jónsson (1982), s. 65.

⁴⁷⁴ Unnar Agnarsson (1991), s. 48.

Árið 1930 var íbúðarhúsi og peningshúsum þannig lýst: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 12,0 × 8,80 m. Tvær hæðir og kjallari. Loft portlaust. Þak járnvarið. Gólf og loft steipt.“ Nánari lýsing var gefin á húsinu 1940: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 2 hæðir, kjallari og ris, stærð 12 × 9 × 9 m = 972 m³. Útveggir tvöfaldir með mótróð. Þak timbursúð, pappi og járn. Valmaþak. Gólf og loft steipt, timburlagt á neðri hæð, dúklagt á efri hæð. Skilrúm steipt. Í kjallara 6 herbergi og gangur, veggir sléttaðir, steipt gólf. Á efri hæðum 6 herbergi og gangur á hvorri, herbergi öll veggfóðruð og máluð. Loft ósundurhólf að til geymslu. Steiptur skúr við dyr á kjallara og stofuhæð 31 m³. Í húsinu er vatnsleiðsla, skólleiðsla, vatnssalerni og raflögn frá einkarafstöð, næg orka til ljósa, eldunar, upphitunar og nokkuð til iðnaðar.“



Uppdrættir Erlendar Eysteinnssonar að endurbótum og stækkun íbúðarhússins. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/271.)

Eins og áður segir var íbúðarhúsið að mestu fullbyggt 1926. Í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 er byggingarár þess þó skráð 1927. Húsið er tvílyft steinhús á kjallara með risi og valmaþaki, þar sem litlir kvistir með bogadregnu þaki vísa mót austri, suðri og vestri. Erlundur Eysteinnsson og Helga Búadóttir tóku við jörðinni 1972, og næstu tvö árin færðu þau húsið að breyttum kröfum og byggðu við norðurhlið þess.⁴⁷⁵ Er húsið nú 384 m² að gólfleti og 1022 m³. Teikningar að stækkun hússins gerði Erlundur, en yfirsmiður var Guðmundur Tryggvason (1918-2009), bóndi og smiður í Finnstungu.⁴⁷⁶

Umhverfis mikinn hluta íbúðarhússins er stór garður með mörgum grenitryám og umluktur alaskavíði. Sunnan við húsið standa tvö, nærri 10 metra há sitkagrenitré, sem Skógræktarfélag Íslands veitti

⁴⁷⁵ Feykir 23. árg. 2003, 7. tbl., s. 4.

⁴⁷⁶ Heim. Sigurður Erlendsson 12. febr. 2019.

nafnbótina „Tré ársins 2002“. Þau voru gróðursett 1964 og eru af sumum kölluð *Bræðurnir frá Stóru-Giljá*.⁴⁷⁷

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1926	
Fyrstu eigendur:	Sigurður og Jóhannes Erlendssynir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Jóhann Franklín Kristjánsson skv. forsögn Sigurðar og Jóhannesar.	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Smiðir:	Sigurður og Jóhannes Erlendssynir	
Viðbygging:	1972-1974	
Fyrstu eigendur:	Erlendur Eysteinnsson og Helga Búadóttir	
Hönnun:	Erlendur Eysteinnsson	
Yfirsmiður:	Guðmundur Tryggvason	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Útveggir, a.m.k. í kjallara, voru steyptir í einföld mót, en reiðingsstrengur lagður í miðjan vegg og steypt beggja megin við hann. Þessi tegund „tróðveggjagerðar“ var fundin upp af Giljárbræðrum og í fyrsta sinn viðhöfð við byggingu hússins á Stóru-Giljá.
Þakgerð:	Valmaþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Tvílyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Í kjallara hafði Jónas B. Bergmann smíðaverkstæði um árabíl. 12,0 × 9,0 m / 108 m ² - 972 m ³
	Stærð		Þrjú kvistir með bogadregnu þaki.
	Kvistur (3)	Óbreytt	
	Reykháfur	Óbreytt	
	Útitröppur	Óbreytt	
	Gluggar	Breyttir	Gluggar í kjallara voru upphaflega steyptir í mót. Þeir eru nú horfnir, en steinsteypir gluggar ennþá varðveittir í forstofu.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er óvenju stórt og reisulegt miðað við þau hús, sem almennt voru byggð til sveita á þessum tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er meðal höfundarverka Jóhanns Fr. Kristjánssonar og hannað í samráði við ábúendur Stóru-Giljár. Það hefur þjónað sem íbúðarhús í rúm 90 ár, en einnig sem póst- og símstöð um árabíl og trésmíðaverkstæði Jónasar B. Bergmann.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er afar tignarlegt og setur sterkan svip á umhverfið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið heldur upprunalegri gerð og ásýnd að verulegu leyti.
Tæknilegt ástand:	Gott	Er í góðri umhirðu og ástand þess gott.
Varðveislugildi:	Hátt	Hefur mikið varðveislugildi af áður nefndum ástæðum.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

Horfin útihús

Árið 1923 byggðu bræðurnir Sigurður og Jóhannes steinsteyppt *fjós* fyrir 10 kýr heima við bæinn, sem hannað var af þeim og Jóhanni Franklín Kristjánssyni: „Undir því öllu var *haughús*, stórt og mikið og svo hátt til lofts og með svo breiðar dyr að hægt var að aka dráttarvél inn í það þegar flutt var mykja á tún. Fjórar steinsteypptar súlur báru loftið uppi. Mykjan féll úr flórunum niður í haughúsið gegnum rimlaop við enda þeirra og var flórinn hreinsaður með nokkurs konar kláru.“⁴⁷⁸

⁴⁷⁷ Jón Torfason (2007), s. 73; Páll Ingbór Kristinnsson (2002), s. 7-9.

⁴⁷⁸ Jónas B. Jónsson (1982), s. 64.

Árið 1930 var fjósi og öðrum steinsteyptum húsum á jörðinni þannig lýst: „Fjós fyrir 10 kýr steinsteypt. *Haughús* 84 m³ steinsteypt. *Hlaða* 238 m³ steinsteypt með innbyggðri *votheystóft*.“ Árið 1940 voru steinsteypt útihús hin sömu og áður: Fjós fyrir 10 kýr, steinsteyptir veggir, tvöfaldir með loftholi, þak með járn undir torfi, og undir því var alsteyptur *áburðarkjallari* eða *haughús* 84 m³, *safnþró* 13 m³, alsteypt, *þurrheyshlaða* 212 m³, steyppt með járnþaki, *votheyshlaða* 32 m³, steyppt inni í hlöðunni, og að síðustu *rafstöðvarhús*, steinsteypt með þaki.

Véla- og verkfærageymsla og hlaða

Ofangreint útihús eru öll horfin nema rafstöðvarhúsið. Ennþá er þó varðveitt „fjóshellan“ eða milli-gólflið í gamla fjósinu og kjallarinn undir því. Skammt norðaustan við íbúðarhúsið, fast við heimreiðina og Þjóðveg 1, er einnig steinsteypt véla- og verkfærageymsla (79,5 m²) með mænisþaki. Hún var reist árið 1946, en áður stóðu þar hesthús og hestarétt. Um 150 m norðvestan við íbúðarhúsið er einnig steinsteypt *heyhlaða* (52,4 m²), sem reist var árið 1947 á gamalli heytóft, er þar var áföst gömlum, tvístæðum fjárhúsum fyrir um 80 kindur. Þau voru nefnd *Guðrúnarhús* og síðar *Lambhús*, uns þau voru rifin um 1974.⁴⁷⁹ Glögg ummerki um þau sjást enn á vesturhlið hlöðunnar, en stórar vélgengar dyr hafa verið settar á sinn hvorn gafl hennar.



Véla- og verkfærageymsla, byggð 1946, stendur fast við heimreiðina og Þjóðveg 1. (Ljósm. Páll J. Líndal, 2015.)



Hlaða frá 1947. (Ljósm. Páll J. Líndal, 2015.)

Útihús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1946 og 1947	Upphafleg notkun:	Véla- og verkfærageymsla og hlaða.
Fyrstu eigendur:	Sigurður og Jóhannes Erlendssynir	Núverandi notkun:	Sama
Hönnuðir/smiðir:	Sigurður og Jóhannes Erlendssynir		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Settar hafa verið stór dyraop á húsin, sem annars eru lítið breytt.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

⁴⁷⁹ Fornleifaskráning Húnavatnshrepps III [...] 2009/100, s. 9.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefðbundinn stíll steinsteypra útihúsa.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hafa einungis þjónað hlutverkum sínum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin falla ágætlega að umhverfi sínu, en hlaðan er þó berangursleg.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin eru lítið breytt að undanskildum stórum dyraopum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin virðast í þokkalegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Varðveislugildi húsanna er einungis í meðallagi.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

Rafstöðvarhús

Í júnímánuði 1930 hóf vinnuflokkur undir stjórn Stefáns Runólfssonar (1903-1961), rafvirkjameistara frá Hólmi í Landbroti, að byggja rafstöðvarhús í Giljargili, skammt fyrir neðan svonefndan Ranafoss. Auk heimamanna unnu með Stefáni tveir rafvirkjameistarar, Ólafur Þórðarson (1911-1996) og Oscar Sövik á Blönduósi (1904-2002), en Oscar vann víðar að uppsetningu heimilisrafstöðva á vegum Stefáns næstu árin.⁴⁸⁰ Ofan við fossinn var sprengd rás í gegnum klapparhaft eða mjóan klettarana og steiptur stíflugarður úr pokasteypu þvert yfir ána. „Á þessum garði var um eins og háls metra breitt skarð og fals í steypuna sitt hvoru megin. Í þessi föls var rennt niður plönkum til þess að fá vatnið til að renna inn“ í steinsteypta þró á rananum.⁴⁸¹ Þaðan var vatnið leitt í 35 sm víðri járnþípu um 11 metra fallhæð niður í stöðvarhúsið í gílinu.



Rafstöðin í Giljargili 8. október 2018. Til hægri er steinsteypt þró, sem vatnið var leitt úr niður í stöðvarhúsið. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

Rafstöðin var hönnuð af Stefáni og bróður hans, Bjarna Runólfssyni (1891-1938), rafvélasmiði í Hólmi. Hann smíðaði túrbínuna, en rafallinn var keyptur frá verksmiðju Thomasar B. Thrige í Óðinsvéum.⁴⁸² Stöðvarhúsið er steinsteypt á grjóthlöðnum grunni og stendur á stórgrýttum árbakkanum. Það er 4,23 m á lengd, 2,60 m á breidd, 1,90 m að veggshæð og 2,60 m að hæð frá grunni upp á mænistopp. Útveggir eru í ágætu ásíggkomulagi, en járnklætt timburpakið að miklu leyti fallið eða fokið burt. Á suðausturgafli eru dyr með einfaldri tréhurð, en lítill og glerlaus gluggi er á suðvesturhlið hússins.⁴⁸³

⁴⁸⁰ Kristinn Magnússon (1975), s. 19; Unnar Agnarsson (1991), s. 48. Aðeins Stefán og Ólafur eru þó tilgreindir í skýrslu Rafmagnseftirlits ríkisins frá 2. nóv. 1930 um byggingu rafstöðvarinnar, sbr. *ÞÍ. Rafmagnseftirlit ríkisins 1999 EB/3. R-144* („Tilkynning um litla vatnsaflsstöð“). Samkæmt minningarorðum um Oscar (*Húnavaka* 43. árg. 2003, s. 165) fluttist hann til landsins 1929 og norður á Blönduós „upp úr 1930“.

⁴⁸¹ Unnar Agnarsson (1991), s. 48.

⁴⁸² Jónas B. Jónsson (1982), s. 64-65; Jón Torfason (2007), s. 74; Unnar Agnarsson (1991), s. 48; *ÞÍ. Rafmagnseftirlit ríkisins 1999 EB/3. R-144* („Tilkynning um litla vatnsaflsstöð“ pr. 2. nóv. 1930).

⁴⁸³ Vettvangsferð og athuganir skýrsluhöfunda 8. október 2018.

Stöðin skilaði 12 kílóvöttum og nægði sú orka til lýsingar, eldunar, hitunar og reksturs trésmíðavéla Jónasar Bergmann á Stóru-Giljá.⁴⁸⁴ Raflínan var strengd á 7 m háa tréstaurog og lá niður árgilið heim til bæjar, um 500 m vegalengd. Rafvirkjameistararnir Stefán, Ólafur og Oscar Sövik sáu um allar raflagnir.⁴⁸⁵ – Rafstöðin var aflögð árið 1957.



Rafstöðvarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1930	Upphafleg notkun:	Rafstöðvarhús / vatnsaflsstöð.
Fyrsti eigandi:	Sigurður og Jóhannes Erlendssynir	Núverandi notkun:	Rafstöðin var aflögð árið 1957.
Hönnuðir:	Bjarni og Stefán Runólfssynir		
Yfirsmiður:	Stefán Runólfsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Önnur langhlið er múrhúðuð, en aðrir veggir ómúraðir.
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Bárujárnið er að mestu horfið af húsinu ásamt tréverki.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Lítið og látlaust steinsteypuhús með mænispaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er einn fárra minnisvarða um upphaf rafvæðingar og vatnsaflsstöðva, sem varðveittir eru í Húnavatnshreppi. Stöðvarhúsið fellur vel að stórbrotnu umhverfi í árgilinu. Húsið er óbreytt frá upprunalegri gerð. Ástand útveggja er gott, en þakið er illa farið og að mestu horfið. Húsið hefur mikið menningarsögulegt gildi. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað. Auk þess verði það verndað með hverfisvernd skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Umhverfisgildi:	Hátt	
Upprunalegt gildi:	Hátt	
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	
Varðveislugildi:	Hátt	
Niðurstaða varðveislumats:		


⁴⁸⁴ Gísli Pálsson (2007), s. 10.

⁴⁸⁵ Jónas B. Jónsson (1982), s. 64-65; Jón Torfason (2007), s. 74; Þí. Rafmagnseftirlit ríkisins 1999 EB/3. R-144, en þar eru reyndar aðeins nefndir Stefán og Ólafur.

3.3.2 Akur

Staðhættir og saga

Akur var fyrrum Þingeyraklaustursjörð og sjálfsagt í öndverðu byggð úr landi Stóru-Giljár. Landið er fremur flatt, en frá norðri til suðurs strekkja sig svonefndir Akurshólar, um tveggja kílómetra jökulruðningur frá Búðaskeiði ísaldar. Hólarnir eru lítt grónar melbungur og milli þeirra gróðursælar lægðir eða jökulker. Bæjarhúsin eru skammt frá austurbakka Húnavatns í um 2 km akstursleið frá Þjóðvegi 1.



Stendur bærinn í örlytum halla og horfir mót suðri og sól. Þaðan er víðáttumikið útsýni yfir Húnavatn og fram eftir Vatnsdal og Víðidal, reyndar allt suður á Langjökul. Í suðvestri blasir við Borgarvirki og Þingeyrastaður handan vatnsins.⁴⁸⁶

Túnakort Akurs 1920. Hannes Jónsson. Bærinn er neðst, fyrir miðjum upprætti.

Húsráðendur á Akri í aldarbyrjun voru Páll Ólafsson (1832-1910) dannebrogsmaður og Guðrún Jónsdóttir (1832-1915), sem bjuggu þar samfleytt frá 1867 til æviloka. Frá 1902 til 1918 bjuggu þar dóttir þeirra og tengdasonur, Ingunn Pálsdóttir (1867-1948) og Halldór Bjarnason (1877-1918),

en frá 1918 til 1923 bróðursonur Ingunnar, Ólaf-ur Bjarnason (1891-1970) frá Steinnesi. Þá keyptu jörðina hjónin Jónína V. Ólafsdóttir (1886-1980) og Jón Pálmason (1888-1973), sem bjuggu á Akri frá 1923 til 1956, en síðan afkomendur þeirra, fyrst Pálmi Jónsson (1929-2017) alþingismaður og Helga Sigfúsdóttir (1936-2018). Þau hófu búskap á hálfri jörðinni 1953 á móti foreldrum Pálma, en keyptu síðan þeirra jarðarhelming 1963 og bjuggu á Akri til 1997. Núverandi ábúendur og eigendur jarðarinnar eru Jóhanna Erla Pálmadóttir og Gunnar Rúnar Kristjánsson.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var bæjarhúsum á Akri þannig lýst: „Torfbær með 2 heilþiljum og *timburstofu* að auki.“ Um húsin sagði ennfremur 1916: „Bæjarhús og geymsluhús úr torfi og timbri, forn, nema *baðstofa*, sem

er nýbyggð, að mestu úr timbri.“ Árið 1930 var bærinn ennfremur sagður „að mestu úr timbri“, en að öðru leyti var aðeins getið um skemmu og brunnhús.



Framhlið bæjarins á Akri, laust eftir 1930. Húsráðendur, Jónína Valgerður Ólafsdóttir og Jón Pálmason, sitja í varpanum framan við húsið ásamt heimilisfólki sínu og hjónunum á Húnsstöðum, Sigurbjörgu Gísladóttur og Jóni Benediktssyni. (Ættir Austur-Húnavatninga III, s. 1117.)

Svo virðist sem laust eftir 1930 hafi verið byggð steinsteypt viðbygging vestan við torfbæinn og

áföst honum. Húsið sneri gafli að hlaði og var hann sennilega úr timbri (sjá mynd). Húsinu var lýst þannig 1940: „Íbúðarhús úr steinsteyptu $9 \times 4,4 \times 2,5 \text{ m} = 99 \text{ m}^3$. Steinsteyptir veggir á þrjá vegu, stopp og þiljur. Þak borðasúð, pappi og járn, stoppað. Þrjú herbergi, veggfóðruð og máluð. Kjallari

⁴⁸⁶ *Óðinn* 7. árg. 1911-1912, s. 61; *Ísafold* 45. árg. 58. tbl., 4. des. 1918, s. 4; *Morgunblaðið* 57. árg., 43. tbl., 21. febr. 1970, s. 12; Gísli Pálsson (2007), s. 29-36; *Húnaving* II, s. 269; Jón Torfason (2007), s. 74-75; *Húnavaka* 14. árg. 1974, s. 131-138.

steiptur undir nokkrum hluta, $4 \times 4 \times 2 \text{ m} = 32 \text{ m}^3$.“ Eldri hlutum bæjar-ins var hins vegar lýst á þennan hátt: „Eldri bygging, tvær húsaraðir úr timbri að mestu, torfbök. *Miðröð*: stærð $7,8 \times 5,6 \times 2,8 \text{ m} = 122 \text{ m}^3$. Þar í stofa, svefnherbergi og eldivélarhús. Stofa og svefnherbergi málað með lofti yfir til geymslu. Eldivélarhús ómálað. *Austurröð*: stærð $6,9 \times 3,2 \times 2,5 \text{ m} = 55 \text{ m}^3$. Þar í stofa, gangar og geymsluhús. Stofa og gangar alþiljað með lofti, geymslu og húsi, óþiljað.“ Önnur bæjarhús, sennilega að bæjarbaki, voru þessi: Eldhús (hlóðahús) torfhús $5 \times 5 \times 2,2 \text{ m} = 28 \text{ m}^3$, og tveir kofar úr torfi.“




Bæjarhúsin á Akri um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús


Árið 1950 var byggt nýtt steinsteipt íbúðarhús á Akri af Jóni Pálmasyri og Jónínu Ólafsdóttur. Það var byggt eftir teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins og var yfirsmiður þess Guðmundur J. Bergmann (1909-1987), húsasmíðameistari á Stóru-Giljá. Húsið er á einni hæð með kjallara og rislágú valmapaki. Að utamáli er húsið $12,66 \text{ m}$ að lengd og $9,02 \text{ m}$ á breidd, og upphaflega $117,3 \text{ m}^2$ að grunnfleti. Við austurstafn er útbygging, sem myndar auk eldhúss í nyrðri hluta forstofu og stigagang, þar sem gengið er upp steinsteiptar tröppur í inngang á stofuhæð. Við stigagang á norðurhlið hússins var lengi inngangsskúr, sem síðan fauk út í buskann í miklu ofviðri. Árið 2013 var byggð í hans stað $7,7 \text{ m}^2$ steinsteipt forstofa með hallandi þaki, skv. teikningu Jóns Guðmundssonar arkitekts, sem þá mældi upp og teiknaði húsið. Yfirsmiður þess var Bjarki Kristjánsson húsasmíðameistari (Húsherji ehf.). Heildarstærð hússins er 580 m^3 og $226,8 \text{ m}^2$. Því er prýðilega við haldið og heldur það að öllu leyti upprunalegu útliti. Vöxtulegur trjálundur er við húsið sunnanvert.




Íbúðarhúsið á Akri sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)



Útlitsteikningar af íbúðarhúsinu mkv. 1:100. Að ofan: Suðurhlið og norðurhlið. Að neðan: Vesturhlið og austurhlið. Mælt og teiknað af Jóni Guðmundssyni arkitekt 24. ágúst 2013.



Grunnteikning af stofuhæð og viðbyggingu við norðurhlið hússins, mkv. 1:100. Mælt og teiknað af Jóni Guðmundssyni arkitekt 24. ágúst 2013.



Grunnteikning af kjallara, mkv. 1:100. Mælt og teiknað af Jóni Guðmundssyni arkitekt 24. ágúst 2013.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1950	
Fyrstu eigendur:	Jón Pálmason og Jónína V. Ólafsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Teikning:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirmsiður:	Guðmundur J. Bergmann	
Viðbygging:	Bjarki Kristjánsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Valmaþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		226,8 m ² - 580 m ³ .
	Reykháfur	Horfinn	
	Úttröppur	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Óbreytt	
	Gluggar	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er að formgerð afbrigði af funksistíl, snotur og stílhrein bygging.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Var um langt árabíll aðsetur tveggja þjóðþekkra alþingismanna.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur hátt í umhverfi og setur svip á það með útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist halda upphaflegu útliti í öllu tilliti.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsinu er vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi skv. ofansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins, enda hefur húsið nýlega verið mælt upp og teiknað.

Geymsla og hlaða

Árið 1940 var aðeins eitt steinsteypt útihús á jörðinni, þ.e. hesthús fyrir 10 hesta, sem var sambyggt öðru hesthús úr torfi. Þetta hús mun nú vera horfið. Við suðvesturhorn íbúðarhússins stendur nú steinypt *geymsla* (39,2 m²), sem byggð var 1940. Skammt norðan við íbúðarhúsið stendur einnig steinsteypt *hlaða* (81,1 m²), sem reist var 1947. Hún er 12,40 m á lengd, 6 m á breidd og 4,60 m að vegg hæð, en þakhæð 1,90 m. Í hlöðunni er innbyggð votheysgeymsla, 2,5 × 2,5 m að grunnmáli með 4,60 m vegg hæð (28,75 m³).⁴⁸⁷ Á suðurhlið hlöðunnar má enn fremur sjá ummerki um steinsteypt fjós, sem byggt var 1948 yfir 14 kýr, en síðar breytt í fjárhús og er nú horfið. Fjósið var 10,14 m að lengd, 9,50 m á breidd, 1,90 m að vegg hæð og 1,30 m að þakhæð. Því fylgdi alsteypt þvaggryfja og haughús, 12,40 × 5,35 × 2,25 m að stærð.⁴⁸⁸



Geymsla og hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1940 og 1947	Upphafleg notkun:	Geymsla og heyhlaða.
Fyrsti eigandi:	Jón Pálmason	Núverandi notkun:	Geymsla
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins(?)		
Yfirsmiður:	Óþekkt		

⁴⁸⁷ *Morgunblaðið* 26. okt. 1956, s. 8; *ÞÍ*. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2 (virðingargjörð pr. 8. nóv. 1948).

⁴⁸⁸ *ÞÍ*. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/2 (virðingargjörð pr. 8. nóv. 1948); *Húnaþing II*, s. 269.

<i>Húsgerð</i>	<i>Upphaflegt</i>	<i>Núverandi</i>	<i>Helstu einkenni/breytingar</i>
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Sviphreini og látlaus útihús í góðum hlutföllum.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefðbundin og sögulítill útihús.
Umhverfisgildi:	Hátt	Fara vel á bæjarstæðinu og mynda góða heild með íbúðarhúsi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin virðast halda að öllu leyti upprunalegu útliti.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsin eru í góðu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Hafa talsvert varðveislugildi sem hluti heildar.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

3.3.3 Torfalækur

Staðhættir og saga

Jörðin Torfalækur á Ásum er gamalt býli og þingstaður sveitarinnar frá fornu fari, enda hreppurinn kenndur við staðinn. Þar var hálfkirkja á fyrri tíð og eru sagnir um kirkjugarð í brekkunum sunnan við bæinn, þar sem síðar var gerður kartöflugarður. Bærinn stendur rétt austan við Þjóðveg 1 og á brún norðan við Torfalæk, sem kemur úr Torfavatni og rennur þaðan norðvestur í Húnavatn. Jörðin er landmikil, grasgefin og góð til ræktunar, en landið er mestallt mýrlent með holtum og grösugum lægðum. Árið 1964 var jörðinni skipt og 1967 var stofnað nýbýlið Torfalækur II á fjórðungi jarðarinnar



af núverandi eigendum og ábúendum, Elínu Sigurðardóttur (1944-) og Jóhannesi Torfasyni (1945-).⁴⁸⁹

Túnakort Torfalækjar 1920. Hannes Jónsson. Bæjarhúsin eru neðarlega á vinstri hluta uppdráttarins.

Rétt eftir 1860 fluttist að Torfalæk og keypti jörðina ekkjan Sigríður Jónsdóttir (1806-1892), sem áður bjó í Sauðanesi. Síðan hafa búið á Torfalæk afkomendur hennar í fimm ættliði, fyrst dóttir hennar og tengdasonur, Sigurlaug Jónsdóttir (1835-1922) og Guðmundur Guðmundsson (1851-1914), en síðan Jón (1878-1967) sonur þeirra og Ingibjörg Björnsdóttir (1875-1940). Þau bjuggu fyrst í félagi við for-

eldra Jóns árið 1901, en tóku síðan við allri jörðinni 1914. Jón brá búi 1944 og hófu þá búskap sonur hans og tengdadóttir, Torfi Jónsson (1915-2009) og Ástríður Jóhannesdóttir (1921-1988).⁴⁹⁰ Eftir að



Torfi lét af búskap um 1990 hefur öll jörðin verið nýttjuð af eigendum hennar og ábúendum á Torfalæk II, Jóhannesi Torfasyni og Elínu S. Sigurðardóttur.

Gamli torfbærinn á Torfalæk um 1922. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1199.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbær á Torfalæk með „þremur stórum heilpiljum“ að hlaði og miðað við ljósmynd frá um 1922 virðist hann hafa staðið

þá lítt breyttur. Árið 1916 voru bæjarhúsin sögð „gömul en vel stæðileg“, en í fasteignamati 1930 var engin lýsing gefin á þeim. Árið 1940 var húsum þannig lýst:

„*Baðstofa* portbyggð, stærð $7 \times 3,8 \times 3$ m, ris 1,7 m = 100 m³, torfveggir, timburstafn, steiptur veggur upp að risi utan við torfbæk. Tvö herbergi niðri og gangur, á lofti 2 herbergi. Húsið alþiljað með múrþípu. *Frammihús*, 6×4 m, vegg hæð 2,5 m, rishæð 1,5 m = 77 m³, timburstafn og alþiljuð fundarstofa og bæjardyr með lofti yfir til geymslu. *Eldavélarhús* alþiljað með steiptum stafni upp að bitum, $5,4 \times 1,8 \times 2,5$ m = 24 m³. *Búr*, torfhús óþiljað með timbursúð, $3,7 \times 3,2 \times 2,2$ m = 26 m³. *Eldhús* (hlóða-

⁴⁸⁹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 177-180; Gísli Pálsson (2007), s. 57-59; *Húnaþing* II, s. 276-277; Jón Torfason (2007), s. 77-78; *Morgunblaðið* 54. árg., 261. tbl., 16. nóv. 1967, s. 15 og 19.

⁴⁹⁰ *Húnaþing* II, s. 276; *Húnavaka* 8. árg. 1968, s. 127-128; 29. árg. 1989, s. 185-186; 50. árg. 2010, s. 172-173.

hús), torfhús ópiljað, $3,7 \times 3,2 \times 2,2 \text{ m} = 26 \text{ m}^3$.“ Ennfremur *geymslukofi* úr torfi (25 m^3), *smiðja*, torfhús með þilstafni (35 m^3) og *skemma*, torfhús með þilstafni (48 m^3).




Húsmennskubýlið Grund eða Sveinsbær laust fyrir 1940. Sveinn Björnsson stendur í bæjardyrum. (Eigandi: Jóhannes Torfason.)

Árið 1940 var einnig á jörðinni svokallaður *Sveinsbær*, skv. fasteignamati, en hét með réttu *Grund*. Var þó í daglegu talið kallað „Bærinn“. Þar bjuggu í húsmennsku hjónin Guðbjörg Jónsdóttir (1901-1982) og Sveinn Björnsson (1883-1957) með börnum sínum á árabílinu 1921-1954, er bærinn var rifinn. Hann stóð „við norðurjaðar túnsins“, um 400 metra norður frá heima-

bænum á Torfalæk.⁴⁹¹ Húsakynni voru úr torfi og timbri og þannig lýst í fasteignamati 1940: „*Baðstofa*, $6,3 \times 3,7 \text{ m}$, meðalhæð $2,5 \text{ m} = 58 \text{ m}^3$. Torfveggir og þak, hálfimburstafn. Alþiljað herbergi, $3,2 \text{ m}$ af lengdinni, hitt ópiljað. Þak í þiljaða hlutanum borðasúð og torf á hinum hlutanum, upprefti og torf. *Búr*, torfhús, 14 m^3 . *Eldhús* (hlóðahús), torfhús toppreist, 13 m^3 .“



Horft heim að Torfalæk I um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu á Torfalæk. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/20, nr. 939.)

⁴⁹¹ Heim. Jóhannes Torfason 25. mars og 1. apríl 2019; *Húnavaka* 48. árg. 2008, s. 122-123.

Íbúðarhús

Nýtt steinsteypt íbúðarhúsið var byggt árin 1942-1943, en var þó ekki fullfrágengið árið 1944, þegar Torfi Jónsson og Ástríður Jóhannesdóttir hófu búskap og tóku við jörðinni. Húsið er á einni hæð með valmaþaki og kjallara undir því öllu, 9,50 m að lengd og 7,40 m á breidd, samtals 126,6 m² að gólfleti. Það var teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en yfirsiður við byggingu þess var Guðmundur J. Bergmann (1909-1987), húsasmíðameistari á Stóru-Giljá. Inngangur á stofuhæð og í kjallara var um tröppur á norðurgafli. Íbúðarhúsið var stækkað árin 1963-1964 með því að reist var við húsið að vestanverðu einnar hæðar viðbygging með flötu, steinsteyptu þaki, 85 m² að grunnfleti.⁴⁹² Hönnuður hennar var Maggi Jónsson (1937-), arkitekt frá Kagaðarhóli, sem teiknaði húsið skv. forsogn Páls V. G. Kolka héraðslæknis um staðsetningu þess. Yfirsiður var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.). Með þeirri viðbót er húsið samtals 230,8 m² og 570 m³ að stærð. Myndarlegur trjálundur er við húsið að sunnan- og austanverðu.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1942-1943	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Fyrstu eigendur:	Jón Guðmundsson og Torfi Jónsson	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	
Yfirsiður:	Guðmundur J. Bergmann	
Viðbygging:	1963-1964	
Hönnun:	Maggi Jónsson	
Yfirsiður:	Kristján Gunnarsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	1963-1964: Reist viðbygging við húsið að vestanverðu.
Þakgerð:	Valmaþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	9,50 × 7,40 m
	Stærð		9,50 × 7,40 m - 126,6 m ²
	Reykháfur	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Óbreytt	Yfir inngang í kjallara, en útitröppur á efri hæð voru aflagðar við

⁴⁹² ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/293.

Gluggar/dyr	Breytt	stækkun hússins. Gluggar í kjallara eru óbreyttir, en hefur verið breytt á efri hæð. Einnig hafa verið gerðar dyr út í garðinn á suðurvegg kjallara.
-------------	--------	--

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er afbrigði af funkisstíl og formfögur bygging.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur þjónað sem íbúðarhús í 75 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Nýtur sín vel á bæjarstæðinu ásamt viðbyggingu og nærliggjandi útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist halda upprunalegu svipmóti að öllu leyti.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsinu er prýðilega við haldið og er í góðu standi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið er góður fulltrúi íbúðarhúsa af þeirri gerð, sem voru víða byggð í sveitum og þéttbýli um og eftir 1940.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins, sem er í öruggri og góðri umhirðu, auk þess sem varðveittar eru upphaflegar teikningar að því.

Fjós, hlaða og geymsla

Árið 1940 voru flest öll útihús jarðarinnar úr torfi utan alsteypt *þvaggryfja* við fjós og tvö steinsteypt *fjárhús* með millivegg og torfþaki fyrir 110 kindur. Þessi hús munu nú vera horfin. Skammt norðaustan við íbúðarhúsið er samhverfa steinsteypt útihúsa, sem byggð voru 1948. Yfirsniður var Guðmundur J. Bergmann á Stóru-Giljá. Húsin eru: *Fjós* fyrir 32 nautgripi með *áburðarkjallara* (180,5 m², síðar lengt og því breytt í fjárhús), *hlaða* (127,1 m²) og *geymsla* (43,4 m²). Í fjósinu voru margrúðna gluggar úr steypujárni og eru tveir þeirra varðveittir. Útihúsin eru ekki nýtt lengur í þágu hefðbundins búrekstrar. Þau eru nýlega uppgerð og klædd með láréttu trapuzujárni á veggjum og bárujárn á þaki.



Útihús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1948	
Fyrstu eigendur:	Torfi Jónsson og Ástríður Jóhannesdóttir	Upphafleg notkun: Fjós, hlaða og geymsla
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Geymslur.
Yfirsniður:	Guðmundur J. Bergmann	

Húsgerð

Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:

Upphaflegt

Steinsteypa
Mænisþök
Bárujárn

Núverandi

Steypa/járn
Óbreytt
Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Húsin voru klædd utan með trapizujárni 2010-2011.
Öll klæðning hefur verið endurnýjuð nýlega.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Niðurstaða varðveislumats:

Lágt

Lágt

Miðlungs

Lágt

Gott

Lágt

Hefðbundin og látlaus útihús.

Hafa einungis þjónað sínu hlutverki sem útihús og geymsla.

Setja góðan og heilðrænan svip á bæjarstæðið ásamt íbúðarhúsi.

Utanhúsklæðning hefur breytt upprunalegri ásýnd húsanna.

Húsunum er þrýðilega við haldið og ástand þeirra gott.


Húsin hafa fremur lítið varðveislugildi skv. framansögðu.

Þrátt fyrir lágt varðveislugildi eru húsin staðarþrýði, en lagt er til að þau verði mæld upp og teiknuð.

3.3.4 Neðra-Holt

Staðhættir og saga

Býlið Holt er á bakkanum sunnan við Laxá á Ásum, um 850 m frá Þjóðvegi, vestan við Holtsbungu (129 m). Mjög víðsýnt er frá bænum, þar sem Spákonufell blasir við í norðri og Húnaflóinn og Strandafjöllin í norðvestri, en í sjónlínu frá vestri til suðurs gefur að líta Vatnsnes, Víðidalsfjall, Axlarfjöll, Sauðadal og Reykjanibbu. Samkvæmt *Vatnsdæla sögu* bjuggu í Holti bræður tveir, sem gerðu rammgert virki



um bæinn. Þess sjást nú engin merki fremur en þeirrar kirkju, sem Máni kristni byggði eftir að hann lét skírast af Þorvaldi víðförla og Friðreki biskup. Mánafoss í Laxá og hóllinn Mánagerði, norður frá gamla bænum, vitna þó um tilvist hans.⁴⁹³

Túnakort Holts 1920. Hannes Jónsson. Bærinn er við enda heimreiðar á miðjum upprætti.

Árið 1900 fluttust að Holti hjónin Anna Guðmundsdóttir (1845-1928) og Guðmundur Pétursson (1842-1914). Árið 1913 hófu Guðmundur (1888-1977) sonur þeirra og Jakobína Vermundsdóttir (1891-1983) búskap á þriðja parti jarðarinnar og

1922 á hálfri jörðinni á móti systur Guðmundar. Stóð bærinn þá fjær Laxánni og vestan í Holtsbungu. Nefndist síðan Efra-Holt eftir að Guðmundur og Jakobína létu byggja íbúðarhús í Neðra-Holti árið 1936. Þau hættu búskap þar 1944.⁴⁹⁴ Ábúendur í Holti frá 1946 til 1956 voru hjónin Jósefína Pálmadóttir (1887-1986) og Ólafur Björnsson (1890-1985), og ásamt þeim Pálmi (1916-2005) sonur þeirra og Aðalbjörg G. Þorgrímsdóttir (1918-2007), sem keyptu jörðina 1947 og bjuggu þar til 1991. Um 1980 keyptu sig inn í búið sonur þeirra og tengdadóttir, Þorgrímur Pálmason og Svava Ögmundardóttir, sem um áratug síðar keyptu alla jörðina að undanskildum einum hektara (þar sem íbúðarhús og fjós standa). Þau bjuggu þar til 1991, en seldu þá jörðina dóttur sinni, Bryndísi Láru Pálmadóttur, og þáverandi eiginmanni hennar, Sighvati S. Steindórssyni. Árið 1998 keyptu húsið Sigfús Heiðar Árdal Jóhannsson og María Johanna van Dijk og bjuggu í því til 2005, er þau seldu það Örnú Maríu S. Ævarsdóttur og Ásmundi Sigurkarlssyni. Eigandi hússins frá 2007 (eða 2008) er Magnús Hreinsson, sem leigt hefur það ýmsum síðan. – Eftir sameiningu jarðanna Neðra-Holts og Efra-Holts nefnist jörðin nú Holt, eins og fyrir skiptingu hennar á síðustu öld. Frá 2012 er jörðin að hálfu í eigu Maríönnu Þorgrímsdóttur og Vilhjálms Jónssonar (Holt 2), en frá 2014 að hálfu (Holt - land 1) í eigu Óttars Yngvasonar, hæstaréttarlögmans í Reykjavík.⁴⁹⁵

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn í Holti með aðeins einu heilþili að hlaði, en árið 1916 voru bæjarhúsin sögð „mikil hús, en öll gömul og léleg“. Þau voru enn sögð gömul árið 1930, en árið 1940 var bænum þannig lýst og hann nefndur *Efra-Holt*. Höfðu ábúendur í Neðra-Holti þá meira en hálfan bæinn til afnota: „Gamall torfbær. *Baðstofuendi* alþiljaður með einu skilrúmi, hálfþilistafni úr timbri, 30 m³. *Stofa og bæjardyr* með lofti, alþiljað og málað, timburstafn, alþiljaðar bæjardyr og gangur á loft, stærð 4,7 × 4,7 × 3 m = 66 m³. *Búr*, óþiljað, járn undir torfpaki, skipt til helminga, stærð 15 m³. *Eldhús* (hlóðahús) 9 m³. *Geymslukompa* fram af baðstofu 4,5 m³. *Göng* til baðstofu.“ Af síðastöldum húsum voru sam-

⁴⁹³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 181-182; *Húnaþing II*, s. 279; Jón Torfason (2007), s. 78-79.

⁴⁹⁴ Gísli Pálsson (2007), s. 68-69; *Húnavaka* 18. árg. 1978, s. 157.

⁴⁹⁵ Gísli Pálsson (2007), s. 70-71; *Húnavaka* 27. árg. 1987, s. 155-159; 37. árg. 1997, s. 27-43; 46. árg. 2006, s. 187-188; *Morgunblaðið* 93. árg., 342. tbl., 17. des. 2005, s. 17; *Heim*. Marianna Þorgrímsdóttir 25. mars 2019.

eiginleg afnot, en auk þess voru þessi hús eign Guðmundar og Jakobínu í Neðra-Holti: „Baðstofa og eldavélarhús undir sama risi, timburstafn og hlið ofan fyrir glugga, hinn hliðveggur steypdur, járn undir torfpaki, þiljað með einu skilrúmi, steyp gólf í eldavélarhúsi, stærð 7,5 × 3,7 × 2,2 m = 61 m³.



Baðstofuendi mjög gamall, alþiljaður með 1 skilrúmi, 24 m³. Geymslukompa, lítil. Þá voru við bæinn tvær skemmur með þilstöfnum.

Eldri hluti íbúðarhússins í Neðra-Holti, sem byggt var 1936. (Ljósm. Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1164.)

Íbúðarhús


Árið 1936 létu Guðmundur Guðmundsson og Jakobína Vermundsdóttir byggja nýtt íbúðarhús, sem nefnt var Neðra-Holt. Það var ein

hæð með kjallara og lágu risi og þannig lýst 1940: „Íbúðarhús úr steinsteypu, ein hæð og kjallari. Stærð 8,4 × 7,2 m, vegg hæð 2,5 m, hæð í kjallara 2,3 m, rishæð lítil = 151 m³ og 139 m³, samtals 290 m³. Útveggir tvöfaldir með torftróði, þak borðasúð, pappi og járn. Skilrúm öll steypd, gólf og loft úr



timbri nema í kjallara steypd gólf. Á stofuhæð 3 herbergi, eldhús og forstofa. Í kjallara 4 herbergi, loft ekki nothæft. Í húsinu er vatns- og skolpleiðsla og miðstöð.“ Húsið var sennilega teiknað hjá Teiknistofu byggingar- og landnámsjóðs, en óþekkt er hver hafði yfirumsjón með smíði þess.

Íbúðarhúsið eftir 1990. Viðbygging frá 1959 er til vinstri. (Húnavaka 37. árg. 1997, s. 34.)



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að stækkun íbúðarhússins. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/45, nr. 2211.)

Árið 1959 létu Pálmi Ólafsson og Aðalbjörg Þorgrímsdóttir reisa steinsteyppta viðbyggingu án kjallara við norðurhlið eldra hússins, skv. teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins. Yfirmiður var Eiríkur Marías Guðlaugsson (1893-1979), húsasmiður í Reykjavík, en hann fór frá húsinu hálfbyggðu (var ekki

komið undir þak) og lauk Pálmi Ólafsson bóndi við smíði þess.⁴⁹⁶ Í vottorði byggingarfulltrúa, dags. 24. okt. 1959, var húsinu þannig lýst: „Húsið er viðbygging við gamla íbúðarhúsið. Útveggir úr steinsteypu, milliveggir úr hraunsteypu. Sperrur og bitar úr 2“ x 6“ og 2“ x 5“. Timburklæðning, pappi og járn á þaki. Gler vantar í glugga.“ Og um ári síðar var lýsingin þessi: „Útveggir steinsteypdir, einangraðir með 2“ plasti og múrhúðaðir þar á. Öllu múrverki lokið, bæði utanhúss og innan. Miðstöð fullgerð. Hreinlætistæki í baðherbergi uppsett. Eftir að setja hurðir fyrir, dúkleggja og mála. Þak málað, en veggir ómálaðir utan.“⁴⁹⁷



Séð heim að Neðra-Holti um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Viðbyggingin mældist 58 m² að grunnfleti og 175 m³ að stærð, svo að með þessari stækkun íbúðarhússins reiknaðist það samtals um 460 m³. Á árunum 2002-2003 var allt húsið klætt að utan með láréttri viðarklæðningu og skipt um þakjárn. Húsið er því gjörbreytt að ytra svipmóti, auk þess sem gluggar voru endurnýjaðir og gerð þeirra breytt. Garður er við suðurhlið hússins.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1936	
Fyrstu eigendur:	Guðmundur Guðmundsson og Jakobína Vermundsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa byggingar- og landnámssjóðs (?)	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Óþekkt	
Viðbygging:	1959	
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	
Smíðir:	Eiríkur M. Guðlaugsson / Pálmi Ólafsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steypa/timbur	Byggð var viðbygging við norðurhlið hússins 1959. Húsið var klætt utan með viðarklæðningu 2002-2003.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	

⁴⁹⁶ Heim. Maríanna Þorgrímsdóttir 25. mars 2019.

⁴⁹⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/131.

Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Þakjárn var endurnýjað 2002-2003.
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Kjallari er undir eldri hluta hússins.
	Stærð		8,4 × 7,2 m / 61 m ² - 290 m ³ (eldri hluti).
	Reykháfur	Óbreytt	
	Gluggar	Breyttir	Upphaflega krosspóstar, nú einpósta gluggar.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Einkennalaust steinhús með lágreistu mænispaki.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur þjónað sem íbúðarhús í rúm 80 ár.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið fer ekki vel í núverandi mynd.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur glatað upprunalegri ásýnd með viðbyggingu og utan-hússklæðningu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist í þökkalegu standi, en viðhald þess er fremur lítið.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur frekar lítið varðveislugildi af ofantöldum ástæðum.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins.

Hlaða

Árið 1940 voru í Neðra-Holti *þurrheyshlaða* (140 m³) með steiptum veggum og járnklæddu þaki og samstæð *fjárhús* fyrir 150 fjár með steiptum hliðarveggjum. Þessi hús munu hafa vikið fyrir nýrri hús-um, en austan við íbúðarhúsið standa nú nokkur útihús. Meðal þeirra eru *hlaða* (75,8 m²) og *alifugla-hús* (8,4 m²) norðan við hana, lítill torfkofi, sem nú er að mestu horfinn og reiknast ekki lengur sem varðveisluvert hús. Bæði húsin voru byggð af Pálma Ólafssyni árið 1949, en önnur útihús á jörðinni voru byggð eftir 1950. Hlaðan er með hefðbundnu sniði og mænispaki, vélgengum dyrum á suðurgafli og votheysturnum við norðurgafli.



Hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1949	Upphafleg notkun:	Hlaða
Fyrsti eigandi:	Pálmi Ólafsson	Núverandi notkun:	Geymsla
Hönnun/smíði:	Pálmi Ólafsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænispök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hlaðan er með hefðbundnu sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur einungis þjónað hlutverki sínu.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er áhugaverður hluti af samstæðu útihúsa.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðast í flestu tilliti lítið breytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í bærulegu standi, en útliti þess er ábótavant.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur lítið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

3.3.5 Laxárvatnsvirkjun

Staðhættir og saga

Virkjunin er skammt norðan Laxárvatns og niður af bænum Sauðanesi, neðanvert við Svínvetningabraut.⁴⁹⁸ Tildrögin að byggingu hennar voru þessi. Í ársbyrjun 1930 samþykkti hreppsnefnd Blönduós-hrepps að undirbúa virkjun fyrir kaптúnið. Málaleitun nefndarinnar bar hins vegar ekki árangur um sinn. Sumarið 1930 stjórnaði Stefán Runólfsson (1903-1961), rafvirki frá Hólmi, byggingu rafstöðvarinnar á Stóru-Giljá, skv. hönnun Bjarna bróður síns, og a.m.k. þriggja til fjögurra annarra heimilisrafstöðva í sýslunni. Næsta vetur var Stefán leikfímkennari á Blönduósi og fékk þá leyfi hreppsnefndar til að byggja og starfrækja litla vatnsaflsstöð við Klifakotslæk. Stefán hóf byggingu stöðvarinnar vorið 1931 og tók hún til starfa 2. ágúst sama ár. Þetta framtak Stefáns örvaði áhuga manna á Blönduósi og víðar um héraðið til frekari virkjanafarmkvæmda. Vorið 1932 var kjörin undirbúnings- og framkvæmdanefnd og í framhaldi af því bundust hreppsnefnd Blönduóshrepps, samvinnufélögin á staðnum (Kaupfélag Húnvetninga og Sláturfélag A-Húnvetninga) og sýslunefnd Austur-Húnvatnssýslu samtökum um virkjun Laxár á Ásum.



Framkvæmdir við gerð Laxárvatnsstíflunnar 1933. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Laxárvatnsstífla (<https://fos.is/2013/10/22/laxarvatnsvirkjun-1>.)

Eftir undirbúningsrannsóknir verkfræðinganna Höskuldar Baldvinssonar og Jóns Ísleifssonar var leitað til Jakobs Gíslasonar (1902-1987), forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins, um hönnun virkjunarinnar. Leist honum best á aðstöðu til virkjunar með því að setja stíflu við upptök Laxár til þess að hækka í Laxárvatni. Mældi hann síðan fyrir virkjuninni og öllum framkvæmdum, en virkjunin var síðan byggð eftir hans fyrirsögn.

Stöðvarhúsið í upprunalegri mynd. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Haustið 1932 var verkið boðið út í einu lagi, þ.e. öll bygging rafveitunnar, efni og vinna, að undanskildum aðfærslu- og frárennisskurði. Skyldi verkinu lokið fyrir árslok 1933. Lægstbjóðandi var Stefán Runólfsson, rafvirki á Blönduósi. Jarðvegsframkvæmdir hófust í nóvember 1932 með því að nokkrir menn frá Blönduósi grófu í ákvæðisvinnu 300 m langan aðrennisskurð úr norður-

enda Laxárvatns að væntanlegri vatnsþró. Því verki lauk síðari hluta vetrar 1933 og var þá eftir að sprengja 100 m langa klöpp í skurðinum. Þá um veturinn lét Stefán flytja talsvert magn af sjávarmöl frá Blönduósi að væntanlegu stíflustæði við mynni Laxár og síðan allt timbur, sement og annað

⁴⁹⁸ Heimildir að þessum kafla eru: Kristinn Magnússon (1975), s. 12-23; *Húnabing* I, s. 453-454; Jón Torfason (2007), s. 105-106; Jón Torfason (2006); http://www.nat.is/travelguide/virkjair_laxarvatns.htm.

byggingarefni sem með þurfti. Snemma vors hófust framkvæmdir við byggingu stöðvarhússins. Jafnframt var grafinn skurður fyrir þrýstivatnspípurar, lagður vegur af Svínvetningabraut að stöðvarhúsinu og háspennulína til Blönduóss undir stjórn Erlings Erlingssonar verkfræðings. Nokkur töf varð á framkvæmdum vegna ýmissa örðugleika og fjárskorts, en um mitt sumar komst að nýju skriður á verkið með ráðningu tveggja verkstjóra. Laxá var stífluð við útfallið eða árósin og hækkaði vatnsborðið þá um tvo metra. Valdimar Runólfsson (bróðir Stefáns) sá um byggingu stöðvarhússins og háspennulínu, Páll Ólafsson úr Reykjavík stjórnaði byggingu inntaksþróar og stíflu og Steingrímur Davíðsson, skólástjóri á Blönduósi, byggingu inntaksstíflunnar.



Rafstöðvarhúsin og önnur mannvirki Laxárvatnsvirkjunar um 1975. Íbúðarhús vélgæslumanns er lengst til vinstri. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Uppsetning véla hófst um miðjan september og unnu að því tveir Norðmenn, en Oscar Sövik (1904-2002), rafvirkjameistari á Blönduósi, sá um vinnu í spennustöðvum. Fyrir hans forgöngu voru keyptar notaðar aflvélar úr aflagðri rafstöð í Östravík í Noregi með öllu tilheyrandi ásamt járngirtum tréþípum. Sú virkjun var stofnsett 1914 og vélarnar, sem eru af Francis-gerð, voru smíðaðar hjá Myrens Verksted í Osló, en rafall af Stjerne-gerð var smíðaður hjá Nya Förenade Elektriska A/B í Ludvika í Svíþjóð.⁴⁹⁹ Þessi búnaður kom til landsins sumarið 1933 og voru vélarnar gangsettar í árslok, en virkjunin tók þó ekki formlega til starfa fyrr en 2. janúar 1934. Stöðinni var ætlað að framleiða um 300 kw og var frá upphafi starfrækt af Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, sem var formlega stofnsett í febrúar 1934. Oscar Sövik var ráðinn stöðvarstjóri og gegndi því starfi frá 1. janúar 1934 til 31. desember 1959.



Árið 1937 var reist miðlunarstífla við ós Svínavatns, en Fremri-Laxá flytur megnið af því vatni, sem rennur í Laxárvatn. Þessi miðlun gaf um 28 GJ. Um 1950 voru rafveitan og vélar virkjunarinnar orðnar úr sér gengnar og óskuðu því eigendur eftir því síðla árs 1951, að Rafmagnsveitur ríkisins tækju við rekstri hennar. Samningar þar um voru undirritaðir 1. nóvember það ár. Fljótlega var hafist handa um stækkun stöðvarinnar við Sauðanes og hverskyns úrbætur. Ný vélasamstæða (480-515 kw) var tekin í

⁴⁹⁹ Nánari upplýsingar um gerð virkjunarinnar er að finna í ÞÍ. Rafmagnseftirlit ríkisins 1999 EB/3. Tilkynning um raforkuveitu í jan. 1935.

notkun 1953. Síðan voru stíflur, pípa, vatnsmannvirki og inntak endurnýjað og 1954 var lögð raflína frá virkjuninni til Skagastrandar og Hvammstanga. Með samtengingu Laxárvatns- og Gönguskarðs-virkjunar 1956 hófst samrekstur þeirra. Á þessum árum hófst einnig rafvæðing sveitanna með því að lagðar voru línur um héraðið, en þeim framkvæmdum lauk ekki að fullu fyrr en eftir 1970. Nokkur undanfarin ár hefur virkjunin ekki verið starfrækt til rafmagnsframleiðsu eftir að aðveitustokkur brast og metið var of kostaðarsamt að endurnýja aðrennislögnina.



Laxárvotnsvirkjun sumarið 2015. Gamla stöðvarhúsið er í forgrunni á myndinni í neðri röð til hægri, talsvert breytt frá upphaflegri gerð. (Ljósm. Páll J. Lindal.)

Lýsing stöðvarhúss

Í fasteignauttekt 1940 var eignum Laxárvotnsvirkjunar lýst þannig: „Rafveita A-Húnavatnssýsla, eigandi A-Húnavatnssýsla og Kaupfélag Húnvetninga. Þriggja hektara eignarlóð, en á henni stendur rafstöðin með tilheyrandi byggingum. Hús: Lengd 9 m, breidd 6 m, meðalhæð veggja 5,5 m. Kvistir eða



útbyggingar 9 × 3 × 3,8 m. Útveggir steinsteyptir, einfaldir og óþiljaðir, nema eitt herbergi innþiljað og forskalað. Í þaki timbursúð, pappi og járn. Gólf steyp. Húsinu er skipt í vélasal, háspennuklefa og íbúðarherbergi. Engin útihús. Húsið var byggt 1933.“

Rafstöðvarhúsin 22. febrúar 2019. (Ljósm. Þorgils Magnússon.)

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 er gamla stöðvarhúsið skráð 124,6 m² að stærð, en byggingarár þess hins vegar ranglega talið 1932. Árið 1952 var húsið stækkað um 114,1 m² með viðbyggingu og árið 1975 aukið enn frekar með 150,1 m² viðbót.

Einhvern tíma á þessum árum voru gerðar talsverðar breytingar á þakgerð og gluggasetningu elsta hússins, eins og ljósmyndir hér að ofan sýna.

Rafstöðvarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1933	Upphafleg notkun:	Rafstöðvarhús
Fyrsti eigandi:	Rafveita Austur-Húnavatnssýslu	Núverandi notkun:	Rafstöðvarhús
Hönnuður:	Jakob Gíslason (?)		
Yfirsniðir:	Stefán og Valdimar Runólfssynir		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænis-/skúrþak	Mænisþak	Óþekkt hvenær þakgerð hússins var breytt.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/byggingarlist:	Miðlung	Húsið var smekklegr hönnun og snotur bygging í upprunalegri mynd.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Virkjunin er þýðingarmikil þáttur í sögu héraðsins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið og yngri viðbyggingar eru reisuleg heild og áberandi í landslagi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er að þakgerð og gluggasetningu talsvert breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðri umhirðu og ágætu standi.
Varðveislugildi:	Hátt	Rafstöðin hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, ef upprunalegar teikningar hafa ekki varðveist, og byggingarsaga þess rannsökuð nánar.



Íbúðarhús vélgæslumanns um 1975 (efst t.v.) og 22. febrúar 2019. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ljósm. Þorgils Magnússon.)

Íbúðarhús vélgæslumanns

Skammt norðan við rafstöðvarhúsin er íbúðarhús vélgæslumanns, sem byggt var í tvennu lagi, eldri hlutinn árið 1945⁵⁰⁰ og viðbygging við norðurenda þess árið 1975.⁵⁰¹ Fyrir byggingu hússins stóð

⁵⁰⁰ Húsið var byggt 1941 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár, en árið 1946 skv. Kristinn Magnússon (1975), s. 20. Skv. frásögn Hauks Pálssonar á Røðli, sem vann við byggingu hússins ásamt Aðalbirni Sigfússyni, var húsið hins vegar byggt 1945. Heim. Haukur Pálsson 12. mars 2019.

⁵⁰¹ Skjalasafn skipulags- og byggingafulltrúa Húnavatnshrepps (uppdráttur Þorgríms Pálmasonar pr. 8. apríl 1989.)

Aðalbjörn Sigfússon (1898-1967), fyrrum bóndi í Hvammi í Langadal. Hann tók við starfi vélgæslumanns við virkjunina 1943 og hafði fyrstu árin, líkt og forverar hans, afdrep í lítilli kompu í stöðvarhúsinu. Sennilega teiknaði Aðalbjörn sjálfur húsið, en við uppsteypu þess hafði hann sér til aðstoðar tvo unga menn og var annar þeirra Haukur Pálsson (f. 1929) frá Sauðanesi, síðar bóndi á Röðli.⁵⁰² Aðalbjörn bjó einn í húsinu meðan hann starfaði við virkjunina (til 1949), en síðan bjuggu þar eftirmenn hans uns starf vélgæslumanns var lagt niður. Síðastur gegndi því eftirliti Þorlákur Breiðfjörð Guðjónsson (1930-2008) rafvirkjameistari frá 1981 til 1996, sem bjó þau ár í húsinu ásamt konu sinni, Ragnheiði Þóru Sturludóttur (1936-).⁵⁰³ Frá þeim tíma hefur húsið staðið autt og ónotað.

Húsið er steinsteypt í hefðbundnum og látlausum stíl, einlyft með portlausu risi og lágreistu mænispaki, 116,7 m² að stærð. Eldri hluti hússins er 7,70 m á lengd og 7,20 m á breidd, en viðbyggingin 5,0 × 7,20 m að grunnfleti. Fast norðan við húsið er bílskúr, sem byggður var 1977, 6,0 × 11,05 m að gólfmáli eða 66,3 m². Auk viðbyggingar hefur húsið undirgengist ýmsar endurbætur í tímans rás, bæði að utan og innan. Til dæmis hefur öllum gluggum verið breytt og báðar gaflhyrnur verið einangraðar og klæddar að utan.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1945	Upphafleg notkun:	Íveruhús vélgæslumanns.
Fyrsti eigandi:	Aðalbjörn Sigfússon	Núverandi notkun:	Húsið hefur staðið autt frá 1996.
Hönnun/smíði:	Aðalbjörn Sigfússon	Húsið var stækkað með viðbyggingu við norðurgafli 1975.	
Viðbygging:	1975		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Gaflhyrnur hússins hafa verið einangraðar og klæddar.
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er einföld bygging án sérstakra einkenna.
Menningsögulegt gildi:	Lágt	Hefur einungs þjónað hlutverki sínu sem íveruhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur á sléttlendi og fer vel í landi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur tekið talsverðum breytingum frá upprunalegu formi.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í ágætu ásigkomulagi, þótt það hafi staðið lengi ónotað.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur fremur lítið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um aðgerðir til varðveislú hússins.


⁵⁰² Heim. Haukur Pálsson 12. mars 2019.

⁵⁰³ Heim. Páll Þórðarson 21. mars 2019; Morgunblaðið 17. sept. 2008, s. 27.

3.3.6 Kaldakinn I

Staðhættir og saga

Jörðin Kaldakinn I liggur milli Blöndu og Laxárvatns og stendur bærinn austan í Köldukinnarhálsi, um kílómetra akstursleið frá Svínvetningabraut (731). Er hann einn þriggja bæja í sveitinni (ásamt Köldukinn II og Grænuhlíð), sem horfir austur að Blöndu og Langadal, en tünnum hallar frá bænum niður að ánni. Skammt sunnan við hann eru Köldukinnarhólar, merkilegar jarðmyndanir og melhryggir, sem myndast hafa af gríðarmiklu berghlaupi úr Langadalsfjalli handan ár á svipaðan hátt og Vatnsdalshólar. Á miðöldum var hálfkirkja í Köldukinn, en aflögð í byrjun 18. aldar og notuð sem geymsla. Árið 1953 var stofnað nýbýlið Kaldakinn II á hluta úr öðrum helmingi jarðarinnar af Kristófer B. Kristjánssyni og Brynhildi Guðmundsdóttur, sem byggðu þar árið 1959 nýtt íbúðarhús úr hraunsteypu, skammt innan við eldra húsið.⁵⁰⁴



Túnakort Köldukinnar 1920. Hannes Jónsson. Bæjarhúsin eru syðst í túninu og liggur götuslóðinn um hlaðið frá norðri til suðurs.



Árið 1883 hófu búskap í Köldukinn hjónin Kristófer Jónsson (1856-1942) og Anna Árnadóttir (1851-1924), sem bjuggu þar yfir 40 ár og síðan afkomendur þeirra allt til þessa dags, þ.e. í Köldukinn II. Frá 1916 til 1959 bjuggu þar sonur þeirra og tengdadóttir, Kristján Kristófersson (1890-1973) og Guðrún E. Jónsdóttir (1890-1988), og síðan Jón J. Espólín (1923-2014) sonur þeirra og Margrét Á. Björnsdóttir (1928-) frá 1945 til 1990.⁵⁰⁵ Núverandi ábúendur og eigendur jarðarinnar eru Finnur Karl Björnsson og Jóhanna Silja Valtýsdóttir.

Gamli torfbærinn í Köldukinn. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1151 / Björn Bergmann. Ljósmyndasafn A-Hún.)



Horfin bæjarhús

Árið 1910 var bærinn með þremur heilþiljum og „timburstofu að auki“. Var hann þá einn þriggja bæja, sem þá voru búnir slíku timburhúsi í hreppnum. Hinir voru Akur og Húnsstaðir. Árið 1916 var húsakynnum þannig lýst:

„Bæjarhús og geymsluhús úr torfi og timbri, rúmlega 30 ára gömul [þ.e. byggð um 1885], rúmgóð og

⁵⁰⁴ Páll V. G. Kolka (1950), s. 169-170; Gísli Pálsson (2007), s. 83-87; *Húnaþing II*, s. 260-261; Jón Torfason (2007), s. 103-104.

⁵⁰⁵ Páll V. G. Kolka (1950), s. 169-1970; *Húnaþing II*, s. 260-261; *Húnavaka* 29. árg. 1989, s. 187-188; *Morgunblaðið* 102. árg., 150. tbl., 27. júní 2014, s. 30-31.

all-vel byggð, að miklu leyti þiljuð. Öll þessi hús eru stæðileg enn, þó eru sum þeirra mikið gölluð af fúa.“



Horft heim að Köldukinn í júní 1973. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/158.)

Árið 1930 var bærinn enn sagður „stæðilegur“ og þannig lýst 1940: „Bær úr torfi og timbri. *Baðstofa* með timburstafni, alþiljuð, skipt í þrjú herbergi, tvö af þeim máluð, þak timbursúð og torf. Stærð 9,5 × 3,7 × 2,2 m, 77 m³. *Eldavélarhús* alþiljað með timbursúð og torfþaki, súð nokkuð fúin, stærð 34 m³. *Geymsluhús* með þilstafni, lofti og alþiljuðum *bæjardyrum*. Að öðru leyti óþiljað, stærð 36 m³. *Búr* óþiljað, járn undir torfþaki, 30 m³. *Stofa* með timburstafni, alþiljuð og máluð, með lofti yfir til geymslu, þak upprefti og torf. Stærð 3,7 × 3,2 × 2,6 m, 31 m³. *Eldhús* (hlóðahús), torfhús, stærð 18 m³.“ Önnur bæjarhús voru: *Skemma* með þilstafni, timburskilorúm og loft í 2/3 hlutum, 73 m³, og *geymsluhús* með þilstafni, upprefti lélegt, stærð 30 m³.

Íbúðarhús

Árin 1947-1948 létu hjónin Jón E. Kristjánsson og Margrét Björnsdóttir byggja nýtt steinsteypt íbúðarhús í félagi við foreldra hans, en árið 1945 höfðu Jón og Margrét keypt helming jarðarinnar og hafið búskap á móti þeim. Húsið er einlyft með kjallara, sem stendur að miklu leyti úr jörðu, og lágreistu valmaþaki. Húsið var teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en endanleg útfærsla teikninga hefur ekki komið í leitirnar (sjá teikningu), þrátt fyrir nokkra eftirgrennslan. Yfirsniður hússins var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stigandi hf.).



Íbúðarhúsið í Köldukinn I um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Upplýsingar Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu í Köldukinn, sem sendur var Kristjáni Kristóferssyni 5. febr. 1947. Virðist þó sem húsið hafi verið byggt eftir annarri útfærslu á ákveðnum hlutum þess, en sú teikning hefur ekki komið í leitirnar. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/27, nr. 1303.)

Bygging hússins hófst sumarið 1947 og þann 29. nóvember gaf Kristján yfirmsiður út svofellda yfirlýsingu: „Kjallari fokheldur, hæð að mestu leyti uppsteipt. Ennfremur má geta þess að allt efni er til staðar til að gera húsið fokhelt.“ Réttu ári síðar, eða 28. nóvember 1948, upplýsti Kristján ennfremur: „Kjallari frágenginn nema geymslupláss, sem verið er að einangra og ganga frá. Hæðin fullsmíðuð með miðstöðvarhitun og góðum hreinlætistækjum. Dúklögð gólf og búið að grunnmála. Húsið er vandað og hlýtt og farið að búa í því. Að utan er eftir að pússa húsið.“⁵⁰⁶




Þannig var húsið útlits í ágúst 2015, þegar klæðning þess að utan var nýlega hafin. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Inngangar á efri hæð og í kjallara eru í norðurenda hússins, en yfir þá var reist viðbygging árin 2013-2015 af Bjarka Kristjánsyni, húsasmíðameistara á Svinavatni (Húsherji efh.), skv. teikningu Stefáns Árnasonar, byggingafræðings á Blönduósi. Byggingin er 14,4 m² á tveimur hæðum. Samhliða var gerð breyting á þaki og húsið að síðustu klætt að utan með dökkgulu trapizujárni á árunum 2015-2018.

⁵⁰⁶ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/158 (vottorð 29. nóv. 1947 og 28. nóv. 1948).

Áður höfðu gluggar verið endurnýjaðir og þeim upphaflegu skipt út fyrir glugga með einum lóðréttum pósti. Húsið reiknast nú 179 m² að gólfleti og um 400 m³ að stærð. Ræktarlegur garður er sunnan og vestan við íbúðarhúsið.



Grunnteikningar af íbúðarhúsinu og stækkun þess, gerðar af Stefáni Árnasyni byggingafræðingi í sept. 2013. (Ljós. Finnur Björnsson.)



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1948
 Fyrstu eigendur: Jón E. Kristjánsson og Margrét Á. Björnsdóttir, Kristján Kristófersson og Guðrún E. Jónsdóttir
 Hönnun: Teiknistofa landbúnaðarins
 Yfirmiður: Kristján Gunnarsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgerð

Útveggir: Steinsteypa
 Þakgerð: Valmabak
 Þakklæðning: Bárújárn
 Byggingarlag/útlit: Einlyft

Upphaflegt

Steinsteypa
 Óbreytt
 Óbreytt
 Óbreytt

Núverandi

Steypa/járnkl.
 Óbreytt
 Óbreytt
 Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Húsið var klætt að utan með járnklæðningu 2015-2018.

Kjallari	Óbreytt
Stærð	
Reykháfur	Horfinn
Útitróppur	Óbreytt
Inngangsskúr	
Gluggar	Breyttir

10,5 × 8,0 m / 179 m² - um 400 m³ (allt húsið).
Hefur verið fjarlægður við þakflöt.

Viðbygging á tveimur hæðum við norðurgafli hússins, þar sem gengið er í kjallara og á efri hæð, var reist við húsið 2013-2015. Öllum gluggum hefur verið breytt í einpósta glugga.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:
Menningarsögulegt gildi:
Umhverfisgildi:
Upprunalegt gildi:

Miðlungs
Lágt
Miðlungs
Miðlungs

Húsið er afbrigði funkisstíls og laglega hannað.
Húsið hefur þjónað sem íbúðarhús í 70 ár.
Húsið sómir sér vel á bæjarstæðinu.

Tæknilegt ástand:

Miðlungs

Breytt útlit vegna utanhússklæðningar og nýrra glugga dregur nokkuð úr upprunalegu gildi, en hvorttveggja er þó endurkræft.

Varðveislugildi:

Miðlungs

Húsið er í ágætu ásigkomulagi vegna nýlegra viðgerða.

Niðurstaða varðveislumats:


Húsið hefur talsvert varðveislugildi skv. framansögðu.

Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins, enda liggja fyrir bæði upprunalegar og nýlegar teikningar.

3.3.7 Orrastaðir

Staðhættir og saga

Í efstu bæjaröðinni í fyrrum Torfalækjarhreppi standa þrjár bæir, þ.e. Reykir, Orrastaðir og Hamrakot, nánast í beinni línu frá hlíðarrótum Reykjanibbu yfir mýrlendið norður af Svínavatni að Fremri-Laxá. Bærinn á Orrastöðum stendur í brekkuhalla austan í lágum klettóttum hálsi undir Orrastaðabergi. Þaðan sér norður yfir Sólheimaháls og austur yfir Svínavatn. Landið er víðáttumikið og stórfelld túnrækt suður af bænum.⁵⁰⁷



Túnakort Orrastaða 1920. Hannes Jónsson. Bæjarhúsin eru á miðjum uppdrætti við enda heimreiðar.

Ábúendur frá 1910 til 1914 voru hjónin Kristbjörg Pétursdóttir (1882-1974) og Björn Eysteinson (1849-1939) frá Grímstungu, sem bjuggu þar félagsbúi við Sigurgeir (1885-1936), son Björns, og Torfhildi Þorsteinsdóttur (1897-1991), er bjuggu þar uns hann lést 1936. Þá eignaðist jörðina Þormóður (1919-2012) sonur þeirra, bifvélavirki á Blönduósi. Hann byggði upp jörðina og leigði hana sveitungum sínum, en stundaði jafnframt búskap á Orrastöðum 1972-1998 og síðan trjárækt til æviloka.



Meðal leiguliða og ábúenda á Orrastöðum voru Björn Björnsson (1884-1971) og Kristín Jónsdóttir (1883-1950), sem bjuggu þar á árunum 1932-1950, Jón Helgi Sveinbjörnsson (1917-1995) og Helga Sigríður Lárusdóttir (1922-2016) frá 1950 til 1952, Þorsteinn Sigurjónsson (1919-1971) frá 1952 til 1953, og síðan Sigurjón Elías Björnsson (1926-2010) og Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir (1927-2004) frá 1959 til 1997. Frá þeim tíma hefur jörðin verið í eyði, en nýttjuð af eigendum, Sigríði Hermannsdóttur og Einari Svavarssyni á Hjallalandi.⁵⁰⁸

Gamli torfbærinn á Orrastöðum. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1167 og 1170.)



Horfin bæjarhús

Árið 1916 voru bæjarhúsin á Orrastöðum sögð „flest gömul og mjög hrörleg“, og árið 1930 var torfbærinn sagður „að mestu gamall, sumt nýlegt, ekki óstæðilegur“. Honum var nákvæmlega

lýst 1940 með þessum orðum: „Torfbær. *Baðstofa* gömul, stærð 7 × 3,5 × 3,5 m, hæð 1,7 m, alþiljuð með einu skilrúmi, mikið sigin og biluð. *Baðstofuhús* við suðurenda, 3,7 × 3,5 × 2,3 m, alþiljað, pappa-lagt og málað, timburstafn pappaklæddur. Þak upprefti og torf, slegið neðan á sperrur. *Baðstofuhús*

⁵⁰⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 166-167; Gísli Pálsson (2007), s. 101; *Húnaþing* II, s. 265; Jón Torfason (2007), s. 80.

⁵⁰⁸ Gísli Pálsson (2007), s. 101; *Húnavaka* 11. árg. 1971, s. 200-2001, 15. árg. 1975, s. 123-124; *Íslendingaþættir Tímans* 1. tbl., 10. jan. 1981, s. 1-2; *Morgunblaðið* 14. jan. 2012, s. 37, og 11. okt. 2016, s. 23.

við norðurenda, sama stærð, alþiljað og málað. Þak timbursúð og torf, mikið gallað af fúa. Stærð baðstofu 41+30+30 m = 101 m³. *Eldavélarhús*, þiljað að nokkru, lélegt, 12 m³. *Búr* með einu skilrúmi, stærri hlutinn þiljaður, mjög lélegt, stærð 47 m³. *Kjallari* undir, grjóthlaðinn, stærð 16 m³. *Eldhús* (hlóðahús) með þili að bæjardyrum, lélegt, stærð 20 m³. *Bæjardyr*, óþiljaðar með timbur-skilrúmi og þili að eldhúsi, stærð 11 m³. *Skemma*, torfhús með timburstafni, léleg, stærð 50 m³.“



Efst í túninu standa ennþá rústir fjóssins.

Enn eru sýnilegar tóftaleifar ýmissa eldri torfhúsa víða í túninu fyrir ofan og norðvestan við íbúðarbraggann frá 1948. Efst í túninu eru t.d. hálfvallnir veggir og þakhluti fjóssins og vestan við það eru grjóthlaðnar tóftir fjárhúss. Augljós um-merki um gömlu bæjarhúsin eru einnig skammt ofan við braggann, þar sem enn standa þrjú rytjuleg birkitré.⁵⁰⁹

Íbúðarbraggi

Árið 1948⁵¹⁰ lét Þormóður Sigurgeirsson byggja íbúðarhús á jörðinni, skammt neðan við gamla bæjarstæðið. Húsið er braggi eða bogaskemma úr sveigðum og bogamynduðum járnplötum, sem læstar eru saman á samskeytum og mynda þak og hliðarveggi hússins. Það er á steinsteypum sökkli með steypum, stölluðum gaflveggjum og liggur í suðvestur-norðaustur. Húsið er 102 m² að grunnfleti og 225 m³. Járníð er málað í dökkrauðum lit, sem máðst hefur að mestu af göflum. Þeir eru heillegir, þótt molnað hafi úr steypunni umhverfis glugga. Sökkulveggir eru víða brotnir.



Séð heim að Orrastöðum 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Byggingarlagi og ástandi hússins er lýst ítarlega í ritinu *Eyðibýli á Íslandi V*, sem gefið var út 2013 (s. 122):

Gluggar eru á báðum hliðum og göflum. Þeir eru frekar illa farnir og ekki er gler í þeim öllum. Tvennar dyr eru inn í húsið. Aðrar eru á suðausturhlið með heilli viðarklæddri hurð og fyrir framan er steypst hella. Hinar dyrnar eru á norðausturgafli þar sem er stórt dyragat með glugga og þili vinstra megin og hurð til hægri. Þar er heil fulningainnihurð en ytri hurð hefur fallið fram. Leifar af bíslagi eru fyrir framan. Þegar gengið er inn um þessar útidyr er fyrst komið inn í geymslurými sem er óeinangrað. Hægra megin er afþiljað herbergi. Við blasir ferhyrndur gafl íbúðarinnar sem er eins og hús inni í húsi, steypstur vinstra megin en viðarþil til hægri og ofan á loftinu er geymslustaður. Fyrir miðju eru dyr inn í íbúðina og er fyrst

⁵⁰⁹ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 122.

⁵¹⁰ Byggingarár íbúðarhússins hefur einnig verið talið 1946, sbr. Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/223.

komið inn í lítinn gang. Frá honum er gengið inn í baðherbergi til vinstri og herbergi til hægri. Við enda gangsins er gengið niður tröppu í eldhúsið og úr því gengið upp í tvö herbergi.

Varðveislugildi hússins var svohljóðandi að mati bókarhöfunda: „Sérstaða og varðveislugildi hússins liggur í byggingarlagi þess en uppistandandi braggalaga íbúðarhús eru fátíð. Húsið geymir sögu um íslenskan byggingararf ásamt braggalaga hlöðunni og saman mynda þau skemmtilega heildarmynd ásamt sýnilegu menningarlandslagi. Fallegt bæjarstæði sem víðsýnt er frá.“⁵¹¹



Íbúðarbraggi – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1948
 Fyrsti eigandi: Þormóður Sigurgeirsson
 Hönnuður/smiður: Þormóður Sigurgeirsson (?)

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Í eyði

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteypa/járn	Óbreytt
Þakgerð:	Bogadregið	Óbreytt
Þakklæðning:	Járn	Óbreytt
Sökkull:	Steinsteypa	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar
 Hliðarveggir og þak eru úr sveigðum járnplötum, en gavlveggir steinsteyptir.

⁵¹¹ Eyðibýli á Íslandi V, s. 122.

Stærð		102 m ² og 225 m ³
Reykháfur	Óbreytt	
Gluggar	Óbreyttir	Einpósta gluggar með opnu fagi af upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Braggi með hefðbundnu sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið hefur sérstöðu meðal íveruhúsa í Húnavatnshreppi og er á landsvísu fágætt dæmi um íbúðarbragga til sveita.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er ágætlega staðsett á fallegu bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið heldur upprunalegri gerð og ásýnd í flestu tilliti.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er illa farið af langri vanhírðu og niðurníðslu.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi vegna sérstöðu sinnar.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, en það verður naumast endurgert vegna lélegs ásigkomulags.

Hlaða

Árið 1953 voru byggð fjárhús yfir 280 fjár (650 m³) við áfasta heyhlöðu (780 m³) frá 1951, skammt suðvestur af íbúðarhúsinu. Húsin voru reist af Magnúsi Sigurðssyni, sem þá starfaði á vegum búnaðarsamtaka sýslunnar. Fjárhúsin eru nú horfin, en eftir standa óhrjálegar leifar hlöðunnar, sem er bogaskemma eða amerískur herbraggi á háum steinsteyptum grunnveggjum með steypum gaffli. Húsið má heita að miklu leyti fallið og verður varla endurgert.




Skv. virðingargjörð frá 7. des. 1953 var hlaðan sögð 30 m á lengd og 6,70 m á breidd, vegg hæð 2,20 m og þakhæð 3,50 m, en fjárhúsið 12 m á breidd og 18 m á lengd, vegg hæð 2 m og þakhæð 1 m. Húsunum var annars þannig lýst: „Hlaða, veggir steypdir 2,20 m. Þar ofaná amerískur braggi með stálgrind og galvaniseruðu járn. Rishæðin er um 3,50 m. Eftir að múrhúða steypuna og mála þakið. Fjárhúsin eru steinsteypa, tvær samstæður. Hver samstæða með 2 gördum. Á milli sperra eru 80 cm. Húsin eru fremur veikviðuð, sperrur úr 2 × 4“. Slár undir járníð 1½ × 5“. Stoðir á víxl í gördunum og kemur þá stoð undir hverja sperru og ennfremur eru skambitar í sperrunum. Galvaniseruð þekjan er enn ómáluð og veggir ómúraðir.“⁵¹²

⁵¹² ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/223.

3.3.8 Reykir

Staðhættir og saga

Jörðin Reykir á Reykjabraut nær frá Torfavatni fram að Svínavatni og vestur að Dýhól, sem er á merkjunum við Stóru-Giljá. Bærinn stendur í hlíðarrótunum við norðurenda Svínadalsfjalls, þar sem Reykjanibbu (769 m) ber hæst. Vestur og norður undan er víðáttumikið flatlendi og gott útsýni til Sauðadals og Vatnsdalsfjalls í suðri og vestri og austur yfir mestallt Svínavatn. Að Reykjum er um 7 km akstursleið um Reykjabraut (724) frá Þjóðvegi 1.



Túnakort Reykja 1920. Hannes Jónsson. Bæjarhúsin eru við enda heimreiðar, nokkru fyrir neðan miðjan uppdrátt. Einstök túnaheiti eru innfærð á kortið og eru þessi: Efribæjarvöllur, Egilstún, Neðribæjarvöllur, Undirtún, Fjóstunga, Tjaldhóll og Hóls-tún.

Steinsnar frá bænum er jarðhiti, sem Þorvaldur Thoroddsen jarðfræðingur kannaði fyrstur undir lok 19. aldar. Þá var upphlaðin laug til sundiðkunar sunnan við bæinn (sjá síðar), og frá 1936 hefur jarðvarmi verið notaður til að hita upp íbúðarhúsið. Fyrir miðja síðustu öld hófust umræður að nýta jarðhitann til

almenningsparfa og leiddu að lyktum til þess, að byggður var heimavistarskóli, Húnavallaskóli, á jörðinni

árin 1965-1969 fyrir sex sveitahreppa í sýslunni. Skólinn þjónar nú íbúum Húnavatnshrepps. Frá 1977 hefur Hitaveita Blönduóss fengið heitt vatn frá Reykjum og á árunum 2000-2001 var lögð hitaveita um nokkurn hluta sveitarinnar.⁵¹³



Málverk af gamla torfbænum á Reykjum. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1172.)

Horft úr norðri heim að Reykjum 1935, Reykjanibba í bakgrunni. (Ljós. Bruno Schweizer / Fornleifaskráning Húnavatnshrepps III, s. 52.)



Reykja getur fyrst í í máldaga Þingeyraklausturs 1526, en jörðin varð síðar bændaeygn og erfðaóðal frá miðri 19. öld, metin á 15 hundruð að fornu mati. Þá hófu þar búskap Sigurður Sigurðsson hreppstjóri (d. 1863) og Þorbjörg Árnadóttir (1823-1895), sem síðar giftist Agli Hallórssyni gullsmiði. Sonur hennar,

Kristján Sigurðsson (1861-1945), og kona hans Ingibjörg M. Pálsdóttir (1861-1912), tóku við jörðinni 1893, en frá 1929 til æviloka bjó Kristján á hluta jarðarinnar ásamt bústýru, Margréti Daníelsdóttur. Frá 1929 til 1973 bjuggu á Reykjum Páll Kristjánsson (1901-1974) sonur þeirra og Sólveig Erlendsdóttir (1900-1979). Árið 1975 keyptu rekstraraðilar Húnavallaskóla alla jörðina, en ábúendur á Reykjum frá því ári hafa verið þessir: Sigurvaldi Sigurjónsson og Guðbjörg Þorleifsdóttir 1975-1976, Steingrímur Ingvarsson og Halldóra Á. Heyden Gestsdóttir 1976-1986, Þorsteinn Gunnarsson og Inga Þórunn Hall-

⁵¹³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 164-166; Gísli Pálsson (2007), s. 103-108; *Húnaþing* II, s. 266; Jón Torfason (2007), s. 86-88.

dórsdóttir 1986-1999, Þórdís Njálsdóttir 1999-2001 og síðan Grímur Guðmundsson og Jóhanna Stella Jóhannsdóttir frá 2001, en þau keyptu jörðina 2013.⁵¹⁴

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var bæjarhúsum þannig lýst: „Torfbær með 4 heilþiljum og 2 hálfþiljum. Skilrúm öll úr timbri, en torfveggir engir.“ Virðist sem ráða megi af þessu, að mestur hluti frambæjarins hafi verið úr timbri og engir torfkampar milli þeirra húsa, sem sneru göflum eða sambyggðu útiþili að hlaði. Þetta má einnig ráða af myndum frá fyrri hluta aldarinnar. Árið 1916 var bænum þannig lýst: „Bæjarhús og geymsluhús úr torfi og timbri, að mestu leyti þiljuð innan, ekki gömul, en stórskemmd af



raka.“ Árið 1930 var bærinn sagður „úr torfi og timbri, 3 húsaraðir“, en auk þess skemma og geymsluhús.

Reykir um 1936. Elsti hluti nýja íbúðarhússins í byggingu, fast sunnan við gamla bæinn, og ber í Axlaröxl í fjarska. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1171.)

Árið 1936 hófu Páll Kristjánsson og Sólveig Erlendsdóttir endurbætur á gamla bænum skv. uppdrætti, sem gerður var af Jóhanni Franklín Kristjánssyni (1885-1952), húsameistara og forstöðumanni Teiknistofu byggingar- og landnáms sjóðs. Samkvæmt þeirri teikningu tóku endurnýjuð bæjarhús að miklu leyti mið af útliti og húsaskipan gamla bæjarins, þar sem þrjár burstir vissu að hlaði, auk þess sem gert var ráð fyrir kjallara undir öllu húsinu (sjá mynd). Húsinu var annars skipt í fjórar raðir, þannig að syðst á stofuhæð var ráðgerð tvískipt „baðstofa“, þá stofa og eldhús í næstu röð, síðan forstofa, herbergi, geymsla og snyrting í miðburstinni, næst skemma og geymsla og að síðustu hlaða, fjós og haughús í nyrstu röðinni.

Uppdráttur Jóhanns Fr. Kristjánssonar, eða Teiknistofu byggingar- og landnáms sjóðs, að endurnýjun gamla torfbæjarins á Reykjum. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/9, nr. 381.)

Í fyrstu var byggð syðsta bæjarröðin með „baðstofu“, þar sem fyrir var skemma. Þessari nýbyggingu var þannig lýst 1940:

„Íbúðarhús úr steinsteypu, ein hæð með kjallara og lofti, stærð 8,4 × 4,3 m, hæð í kjallara 2,2 m, á stofuhæð 2,5 m og í rishæð 2,6 m. Útveggir tvöfaldir með torflagi, skilrúm steipt, gólf og loft úr timbri, einfalt. Þak timbur, pappi og járn. Á stofuhæð 2 herbergi. Í kjallara 2 herbergi. Loft óhólfað og

⁵¹⁴ Fornleifaskráning Húnavatnshrepps III, s. 49-50; Íslendingaþættir Tímans 7. árg., 10. tbl., 16. mars 1974, s. 12; 12. tbl., 18. maí 1974, s. 14; 12. árg., 7. tbl., 3. mars 1979, s. 7; Húnavaka 15. árg. 1975, s. 125-126; Morgunblaðið 24. febr. 1945, s. 7-8; Tíminn 6. júlí 1945, s. 6; Heim. Steingrímur Ingvarsson 4. mars 2019.

óinnbyggt. *Miðstöð hituð með laugarvatni* (2 ofnar). Gangur í kjallara 4 m³, útveggir steyptir. Stærð 79 + 90 + 47 + 4 = 220 m³.“

Lengra hafði endurnýjun bæjarhúsa á Reykjum ekki náð árið 1940, svo að ennþá stóð meginhluti gamla torfbæjarins norðan við nýja húsið. Honum var þannig lýst: „Bær úr torfi og timbri, þrjár húsa-raðir, timbur í austur, að öðru leyti torfveggir og þak. Í næstu röð við íbúðarhús er *stofa* með lofti, veggfóðruð og máluð, og *eldavélarhús*, alþiljað. Í næstu röð *svfnherbergi* og *bæjardyr* með lofti og *eldavélarhús*, alþiljað. Í þriðju röð *baðstofa*, alþiljuð með einu skilrúmi, að falli komin. Í stofu er miðstöðvarofn. Stærð baðstofu: 8,8 × 4,4 × 2,2 m = 85 m³; miðröð 7,5 × 3,8 × 2,7 m = 77 m³; suðurröð 7,5 × 3,8 × 2,7 m = 77 m³. – Gamli bærinn stóð að einhverju leyti fram yfir 1950, er hann var rifinn við stækkun steinhússins.

Íbúðarhús

Eins og áður segir var elsti hluti íbúðarhússins á Reykjum byggður 1936 skv. uppdrætti Jóhanns Fr. Kristjánssonar. Þessi bygging var aðeins 8,4 × 4,3 m að grunnfleti, eða um 36 m², á einni hæð með steyptum kjallara og rislofti undir mænisþaki. Ókunnugt er um yfirmið hússins eða aðra þá, sem unnu að smíði þess. Næstu 16 árin varð ekki framhald á byggingu hússins, en á árunum 1952-1954



var „reist myndarleg viðbygging við það og gamla bærinn rifinn“.⁵¹⁵ Byggt var eftir nýrri teikningu, sem gerð var hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en yfirmiður hússins var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.).

Elsti hluti steinhússins var byggður 1936, en fram til ársins 1952-1954 var húsið aðeins hálfbyggt. Norðan við það er gamla torfbæringin og fjárhús úr torfi í fjarska. Sunnan við húsið er sundlaugin, sem steypt var af Jóhanni Fr. Kristjánssyni um 1925. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1175.)



Íbúðar- og útihús á Reykjum um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Viðbyggingin er einlyft með risi og mænisþaki eins og eldra húsið, enda reist við norðurgafli þess. Eftir þá stækkun reiknast húsið 160,2 m² og 441 m³ að stærð. Það var þó ýmist talið 10,50 eða 11 m á lengd og 8,40 eða 8,70 m á breidd skv. virðingargjörðum frá árunum 1954, 1959 og 1961.⁵¹⁶ Lofthæð í kjallara var 2,10 m, á aðalháð 2,50 m og í risi 2,60 m. Útveggir voru steinsteypir, 30-40 sm á þykkt, múrhúðaðir að utan

og hvíttaðir. Skilrúmsveggir voru einnig að mestu leyti steinsteypir, en öll gólf úr timbri. Að innan voru útveggir einangraðir með vikurplötum og múrhúðaðir, en húsið hitað upp með jarðhita. Haustið 1954 var húsið talið „fullgert að utan og íbúðarhæð fullgerð, en loft óinnréttað“. Í kjallara voru í fyrstu þvottahús og geymslur, á stofuhæð 3 herbergi, eldhús, búr, snyrtiherbergi og gangur, en ris-hæðin óinnréttuð. Þá voru settir á húsið tveir litlir kvistir, sem snúa móti austri.⁵¹⁷

⁵¹⁵ Gísli Pálsson (2007), s. 104. Þar og í *Húnabíngi* II, s. 266, er byggingarár hússins ranglega talið 1964. Byggingarvottorð eru reyndar missaga um byggingartíma hússins og hann ýmist sagður 1953-1954 eða 1953-1956. Fyrsti hluti byggingarláns úr Byggingarsjóði var hins vegar greiddur haustið 1952, svo að bygging hússins hófst ekki síðar en á því ári. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/229.

⁵¹⁶ Skv. ódagsettu vottorði Kristjáns Gunnarssonar var eldri hluti hússins 8,40 × 4,20 m og yngri hlutinn 8,40 × 6,60 m að grunnfleti.

⁵¹⁷ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/229 (virðingargjörðir 14. sept. 1954, 24. sept. 1959 og 21. sept. 1961.)

Íbúðarhúsið á Reykjum hafði lengi þá sérstöðu innan sveitarinnar, að frá upphafi var það hitað upp með heitu „laugarvatni“ frá uppsprettunni við bæinn. Utandyra hefur því verið talsvert breytt með því að það hefur verið klætt með láréttri timburklæðningu og áli kringum glugga. Gluggagerð hefur einnig verið breytt og rýrir hvorttveggja varðveislugildi og svipmót hússins, þótt hvorttveggja sé endurkræft. Garður er við húsið að sunnan- og vestanverðu.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1936	
Fyrstu eigendur:	Páll Kristjánsson og Sólveig Erlendsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa byggingar- og landnámsjóðs / Jóhann Franklín Kristjánsson	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirmsiður:	Óþekkt	
Viðbygging:	1952-1954	
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	
Yfirmsiður:	Kristján Gunnarsson	

Húsgerð

Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Byggingarlag/útlit:

Upphaflegt

Steinsteypa
Mænisþak
Bárujárn
Einlyft
Kjallari
Stærð

Núverandi

Steypa/timbur
Óbreytt
Óbreytt
Óbreytt
Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Húsið hefur verið klætt að utan með viðarklæðningu.

Kjallari er undir öllu eldra húsinu.
8,40 × 4,30 m / um 36 m² (e. hluti) – 160,2 m² (allt húsið).

Kvistir voru settir á húsið við stækkun þess 1952-1954.

Steinsteyptar útitröppur við austurhlíð.
Öllum gluggum hefur verið breytt.

Kvistir (2)
Reykháfur
Útitröppur
Gluggar

Horfinn
Steyptar
Breyttir

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefðbundið steinsteypuhús með mænisþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Húsið á sér óvenjulega þróunarsögu og er fyrsta húsið í Húnavatnshreppi, sem kynt var með „laugarvatni“.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Húsið er snotur bygging og fer vel á bæjarstæðinu.

Upprunalegt gildi:	Lágt	Mestöll ummerki eldri hlutans eru horfin vegna breytinga og viðbyggingar.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið virðist í ágætu ásigkomulagi hið ytra.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur nokkurt varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

Reykjalaug

Sagnir eru um að Jón Þorláksson Kærnested (1797-1836) garðyrkjumaður hafi kennt 20 nemendum sund á Reykjum árið 1823, en óvíst hvort rétt er með farið. Hitt er víst, að í lok 19. aldar var upphlaðin torflaug rétt sunnan við bæinn á Reykjum og hitinn í henni um 50 gráður. Þá veitti Alþingi sýslunefndum í landinu fjárstyrk til sundkennslu og af þeim sökum hóf sýslunefnd Húnavatnssýslu árið 1896 að veita fé til uppbyggingar laugar og sundkennslu á Reykjum. Vorið eftir var ráðist í gerð sundlaugar og voru unnin fjórtán dagsverk við „að stinga torf í garðinn við laugina, flytja efnið að og hlaða“. Þetta verk annaðist Kristján Sigurðsson bóndi gegn eftirgjaldi, auk þess sem hann fékk á næstu árum nokkrar bætur fyrir átroðning á túni og annað ónæði vegna sundkennslunnar.⁵¹⁸

Sundkennsla var stunduð víðar í sýslunni á þessum og næstu árum, en um 1913 var af[ráðið að Reykir yrðu framtíðarstaður fyrir sundiðkun í sýslunni. Árið eftir veitti sýslunefndin nokkurt fé til þess „að koma upp viðunanlegum sundpolli“ og sem fyrr var Kristjáni Sigurðssyni falið að hafa umsjón með framkvæmdum. „Sundpollinum“ var m.a. þannig lýst 1915:

Steinsteipugarður var gerður á 3 vegu við sundstæðið, sem hallar frá vestri til austurs. Austan við sundstæðið var steiptur steingarður 9 metra langur – sem er breidd sundstæðisins – 1 meter 78 sentímetra hár og 10 sentímetra á þykkt. Að norðanverðu var steiptur steingarður, 2 metrar 32 sentímetrar á lengd, 1 m. 75 sm. á hæð og 11½ sm. á þykkt. Fyrir ofan, eða vestan, álmu þessa, sem liggur frá þvergarðinum, tekur við grasigróin brekka, er heldur vatninu í sundpollinum og virðist þetta nægilegt aðhald að vatninu þeim megin. Að síðustu var steinsteipugarður ger, að sunnanverðu við sundstæðið, sem einnig liggur frá þvergarðinum og er 4 m. 20 sm. á lengd.⁵¹⁹

Páll Kristjánsson á Reykjum lærði ungur sund heima og stundaði einnig sundnám í Reykjavík. Hann var góður sundmaður og hóf sundkennslu á Reykjum í þessari gömlu sundlaug árið 1918.⁵²⁰ Meðal nemenda hans árið eftir var Guðmundur Frímánn rithöfundur, sem lýsti aðstæðum þannig:

Ekki var Reykjalaugin vegleg borin saman við laugina sem nú er starfrækt þar á bæ. Minnir mig að veggirnir væru úr torfi og grjóti. En búningaklefinn minnti mest á venjulegan hrútakofa þeirra tíma. En tvær voru krærnar, aðskildar með timburpili, blessunarlega gisnu að okkur strákunum fannst.⁵²¹

Úr þessu fékkst verulega bætt árið 1925. Þá var byggð sundlaug úr steinsteypu, um 50 m suður af núverandi íbúðarhúsi, af ungmennasambandi sýslunnar og Jóhanni Franklín Kristjánssyni, byggingameistara í Reykjavík, sem gerði tillögur um gerð laugarinnar.⁵²² Sundlaugin var 20 m löng og 10 m að breidd, en var að öðru leyti þannig lýst í fasteignaukttekst 1940: „Sundlaug – steiptir veggir og botn. Kofi úr timbri, pappaklæddur, 18 m³. Sundlaug, ekki yfirbyggð. Eigandi A-Húnavatnssýsla. [...] Sundskáli 3,2 × 2,5 m, af timbri. Pappaklæðning. [...] Á jörðinni er kvöð um endurgjaldslaus afnot og aðgang að sundlauginni og land fyrir leikvöll.“

Mannvirkið er nú horfið, en í laugarstæðinu stendur nú hitaveituskúr yfir borholu. Líklega voru eldri laugarnar á líkum slóðum.⁵²³

⁵¹⁸ Bragi Guðmundsson (1992), s. 246-247.

⁵¹⁹ Bragi Guðmundsson (1992), s. 249-251.

⁵²⁰ Páll V. G. Kolka (1950), s. 164-165; *Íslendingaþættir Tímans* 7. árg., 10. tbl., 16. mars 1974, s. 12; Jón Torfason (2007), s. 88.

⁵²¹ Guðmundur Frímánn (1978), s. 81.


⁵²² Bragi Guðmundsson (1992), s. 252; *Morgunblaðið* 24. júlí 1952, s. 5. Jóhann vann þá að einhverju marki að byggingu íbúðarhússins á Stóru-Giljá.

⁵²³ *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps III*, s. 63.

3.3.9 Hurðarbak

Staðhættir og saga

Hurðarbak er nyrsti bær á Miðásum og stendur norðarlega á svokölluðum Bæjarási, sem liggur frá norðvestri til suðausturs. Keldudalur er niður undan Bæjarási og austar í landinu heitir Stekkjarás. Þar eru fjárhústóftir. Jörðin er víðáttumikil og fremur mýrlend, en af ásunum hallar landi út að Laxá, sem ræður merkjum að norðanverðu. Í norðvestur sér út yfir Húnafjörð og til Langadalsfjalls í norðaustri,



en í suðvestri teygja Reykjanibba og Axlaröxl sig upp fyrir Meðalheimsbungu. Árið 1365 eignaðist Þingeyraklaustur jörðina, sem metin var til 20 hundruða.⁵²⁴

Túnakort Hurðarbaks 1920. Hannes Jónsson. Bærinn er við enda heimreiðar.

Jörðinni var skipt um 1959/1960 og stofnað nýbýlið Hurðarbak II á helmingi hennar, en íbúðarhús var aldrei byggt á jarðarpartinum. Bæði býlin voru nytjuð af ábúendum uns

jörðin fór í eyði árið 1985, og síðan af öðrum allt til þessa dags, enda stendur þar ennþá íbúðarhús ásamt nokkrum útihúsum og sumarbústað.

Um og eftir aldamótin 1900 bjuggu á Hurðarbaki hjónin Magnús Magnússon (1856-1909) og Kristín Eiríksdóttir (1868-1924) og síðan synir þeirra, Jón (1893-1968) og Guðmundur (1895-1973), til ársins 1927. Var Guðmundur þó skráður ábúandi á þriðjungi jarðarinnar fram yfir 1940, en þá keypti jörðina Guðmundur Helgi Jakobsson (1881-1954), bifreiðarstjóri í Reykjavík. Árið 1933 fluttust þangað hjónin Björg K. Erlendsdóttir (1899-1991) og Sigurfinnur Jakobsson (1891-1987), bróðir Guðmundar. Þau bjuggu þar til 1965, fyrst sem leiguliðar, en keyptu seinna jörðina, sem síðan hefur verið í eigu afkomenda þeirra. Jakob Sigurfinnsson (1935-1966) bjó á hálfri jörðinni (Hurðarbaki II) frá 1955 til 1966. Sama ár keyptu Björn Sigurfinnsson (1933-1987) og Anna Pálsdóttir (1943-2014) þann jarðarpart, en eigendur Hurðarbaks voru Sigurlaug Sigurfinnsdóttir (1929-) og Kristinn Breiðfjörð (1928-2017) í Reykjavík. Björn og Anna bjuggu á jörðinni til 1985, er þau hættu búskap. Síðan hefur jörðin verið í



eyði. Eigandi Hurðarbaks er Kristín Breiðfjörð Kristinsdóttir og Hurðarbaks II Júlíus Árni Óskarsson.⁵²⁵

Timburíbúðarhúsið á Hurðarbaki var byggt framan við gömlu baðstofuna, þannig að bakhlið og annar gafi nýja hússins voru úr torfi. (Ettir Austur-Húnavetninga III, s. 1134.)


Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn með einu heilpili að hlaði, en árið 1916 voru bæjarhúsin sögð „mjög léleg og fremur lítil“ og bærinn enn-

fremur bæði „gamall og lélegur“ árið 1930. Hann stóð þó enn uppi árið 1940 og fékk þessa umsögn: „Gömul *baðstofa*, alþiljuð með einu skilrúmi, skekkt og biluð, stærð 36 m³. *Búr* óþiljað með járni undir torfþaki, stæðilegt, stærð 16 m³. *Eldhús* (hlóðahús), torfhús, toppris, 5 m³.“

⁵²⁴ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 125; *Húnaþing II*, s. 273; Jón Torfason (2007), s. 77; Jón Torfason (2006).

⁵²⁵ Gísli Pálsson (2007), s. 55; *Húnavaka* 7. árg. 1967, s. 164, 14. árg. 1974, s. 148-149, og 28. árg. 1988, s. 210-212; *Morgunblaðið* 28. mars 1987, s. 47.



Uppdráttur Kristins Breiðfjörð að stækkun íbúðarhússins, gerður í júní 1966. Gamla húsið reiknaðist þá 31,27 m² og viðbyggingin 43,80 m². (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/140.)

Íbúðarhús

Árið 1937 byggði Guðmundur Magnússon íbúðarhús úr timbri og torfi, framan (suðvestan) við gömlu



baðstofuna og áfasta henni sem einkonar framhús. Árið 1940 var því þannig lýst: „Íbúðarhús úr timbri að hálfu, torfveggir á tvo vegu, 7,5 × 3,7 × 2,5 m, 73 m³, alþiljað með timbursúð, pappa og torfpaki. Hlið og stafn tvöfalt timbur með pappa milli þilja. Í húsinu eru tvö íveruherbergi og gangur. Húsið nýbyggt að mestu, ógallað. Dyraskúr úr timbri, 3 m³.“



Íbúðarhúsið í maí 1972 eftir stækkun. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/140.)

Húsið var teiknað og byggt af Jónasi B. Bergmann (1877-1952), trésmiði á Stóru-Giljá.⁵²⁶ Það var einlyft og án kjallara með lágu torfklæddu mænispaki og torfveggjum við bakhlið og norðurgafli. Árið 1968 var

húsið stækkað og gerðar miklar endurbætur á því skv. teikningu Kristins Breiðfjörð (1928-2017), sem var eigandi Hurðarbaks ásamt konu sinni, Sigurlaugu Sigurfinnsdóttur. Þau stóðu fyrir framkvæmdum. Reist var um 44 m² viðbygging úr timbri aftan (norðaustan) við eldra húsið, þ.e. í tóft torfbaðstofunnar. Við stækkun hússins var mænispakinu lyft annars vegar og það aðlagð viðbyggingunni með einhalla og járnklæddu þaki (skúrþaki), sem jafnframt nær yfir litla útbyggingu (2,90 × 4,0 m) með bakdyrainngangi og geymslu við norðausturhlið hússins. Skv. teikningu mældist gamla húsið 8,23 × 3,80

⁵²⁶ Heim. Kristín Breiðfjörð Kristinsdóttir 16. febr. 2019.

m að grunnfleti með forstofu, stofu og herbergi, en með viðbyggingunni varð heildarlengd hússins 10,50 m. Í henni var komið fyrir eldhúsi, þvottahúsi, baðherbergi og herbergi, auk geymslu og forstofu í útbyggingu. Með þessari stækkun varð húsið 78 m² að flatarmáli og heildarstærð þess 195 m³. Húsið var að síðustu múrhúðað að utan og endurbótum þannig lýst í húsvirðingu 6. desember 1971:

Eldri hlutinn og viðbyggingin eru hvorttveggja byggt úr timbri og múrhúðað og málað utan, þakrennur og niðurföll fullgerð. Innan: eldhúsinnrétting uppsett, hurðir ísettar, hreinlætistæki í baðherbergi tengd, gólf ýmist úr timbri eða steyp, dúklögð eða máluð nema í þvottahúsi, geymslu og bakdyrainngangi. Þar eru gólf og veggir ekki fullgerðir. Húsið íbúðarhæft.⁵²⁷



Íbúðarhúsið á Hurðarbaki um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Þrjú lerkitré standa sunnan við húsið og eru til vitnis um lítinn garð, sem þar hefur verið. Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 eru öll útihús horfin á Hurðarbaki nema *geymsla* frá 1950 og gamall *votheysturn*, sem stendur norðaustan við húsið. Geymslan er hins vegar ekki sýnileg lengur

og virðist sem láðst hafi að afskrá hana. Ástand íbúðarhússins er víða bágborið eftir að hafa staðið autt í röska þrjú áratugi, eins og lýst er í ritinu *Eyðibýli á Íslandi V* frá 2013:

Útveggir eru sprungnir og múrhúð hefur molnað við glugga. Gluggar eru flestir glerjaðir en neglt fyrir þrjú. Karmar, póstar og fög eru í glerjuðum gluggum. [...] Útidyr eru tvær með lúnum hurðum. Aðrar eru á framhlið í suðvestur með viðarhurð með sex rúðna glugga að ofan. Hurðin er viðgerð og járnplata er negld yfir miðja hurðina. Hinar dyrnar eru á útbyggingu á norðausturhlið, einnig með viðgerðri hurð. [...] Þegar gengið er inn í útbygginguna er komið inn í forstofu og geymslu en þaðan inn á gang sem liggur í gegnum húsið að útidyrum á suðvesturhlið. Frá honum er gengið inn í önnur herbergi. Gólfið er lélegt á gangi og í eldhúsi þar sem er raki.⁵²⁸



⁵²⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/140.

⁵²⁸ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 123.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1937 og 1966
Fyrsti eigandi: Guðmundur Magnússon
Hönnun e. hluta: Jónas B. Bergmann
Yfirmsmiður: Jónas B. Bergmann
Hönnun y. hluta: Kristinn Breiðfjörð

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Stendur autt og ónotað.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Timbur/torf	Breytt
Þakgerð:	Mænis-/skúrþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárni	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Stærð	
	Reykháfur	Óbreytt
	Gluggar	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Torfveggir á tvo vegu voru fjarlægðir og húsið múrhúðað að utan samhliða viðbyggingu 1968-1971.
Upphaflegri þakgerð var breytt með viðbyggingu 1968-1971.

7,5 × 3,7 m / 78 m² (eldri hluti) – 195 m³ (allt húsið).

Virðast flestir vera af upphaflegri gerð.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Látlaust timburhús, sem upphaflega var byggt sem framhús eldri bæjar með torfveggjum á tvo vegu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Þjónaði sem íbúðarhús í tæpa hálfu öld.
Umhverfisgildi:	Lágt	Stendur stakt og einmanalegt á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Eldri hluti hússins heldur að takmörkuðu leyti upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er í slæmu ásigkomulagi og vanhirðu.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur lítið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins.

3.3.10 Grænahlíð

Staðhættir og saga

Býlið Grænahlíð var stofnað 1948 sem nýbýli á hálfu landi Smyrlabergs, sem fór í eyði 1946, af hjónunum Helgu Einarsdóttur (1915-2001) og Kristmundi Stefánssyni (1911-1987). Nokkrum árum fyrr hafði Kristmundur byrjað ræktun á jarðarpartinum, sem var í hans eigu. Bærinn stendur á svokölluðum „Grænum“, austan í Smyrlabergsbungu og skammt vestan Svínvetningabrautar (731). Heima-túninu hallar að þjóðvegi, en jörðin nær frá Laxárvatni austur að Blöndu og er „fyrir ofan á“, eins og sagt er um bæina austan Laxár. Frá bænum sér yfir byggðina undir Langadalsfjalli, þar sem Grundar-kotshnjúkur (847 m) og Gunnsteinsstaðafjall (829 m) gnæfa hæst.⁵²⁹



Horft heim að Grænuhlíð um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Kristmundur og Helga bjuggu í Grænuhlíð til ársins 1980, en létu þar af búskap 1978, þegar Einar (1947-2017) sonur þeirra og Dagný Guðmundsdóttir (1957-) tóku við jörðinni, en nytjuðu einnig jörðina Smyrlaberg.⁵³⁰

Íbúðarhús

Bygging íbúðarhússins hófst árið 1946 og var flutt í það árið eftir, þó að þá skorti talsvert á að húsið væri fullfrágengið. Það var hannað af Helgu og Kristmundi, sem var mikill hagleiksmaður og vann mest sjálfur að smíði þess og allra útihúsa á jörðinni, sem byggð voru í hans búskapartíð.⁵³¹

Húsið er einlyft steinsteypuhús með portlausu risi, mænispaki og stórum kvisti með nánast láréttu þaki, sem stingur mjög í stúf við byggingarlag hússins. Hann er fyrir miðju húsi, beint upp af útidrym og veit mót austri og nær frá mæni fram á þakbrún. Húsið er 11,20 m að lengd og 8,60 m á breidd með 2,20 m háu risi.⁵³² Það mælist 114,9 m² að gólfleti og 342 m³ að heildarstærð. Áföst húsinu að vestanverðu er steinsteypt geymsla með mænispaki (19,3 m²), sem byggð var 1950. Garður með vöxtulegum trjám er umhverfis húsið á þrjá vegu.

Sem fyrr segir var húsið nokkrum tíma í smíðum og 25. apríl 1948 gaf Jón Stefánsson á Kagaðarhóli út svofellt vottorð um byggingarstig þess:

Eftir ósk hr. Kristmundar Stefánssonar á Smyrlabergi vottast hér með, að hús það, sem hann er að láta byggja í landi jarðarinnar Smyrlabergs, er úr steinsteypu með steiptum skilrúmum að mestu fokhelt og innréttað að nokkru leyti. Einnig vil eg taka fram að steypa í húsinu er úr góðu efni og vel gerð eftir því sem eg best veit.⁵³³

⁵²⁹ Gísli Pálsson (2007), s. 89-91; *Húnaþing II*, s. 262-263; Jón Torfason (2007), s. 103 og 107.

⁵³⁰ Gísli Pálsson (2007), s. 89-91.

⁵³¹ Gísli Pálsson (2007), s. 90; *Húnavaka* 28. árg. 1988, s. 220-221.

⁵³² ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/97.

⁵³³ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/97.

Í úttekt frá 26. október 1955 var húsinu þannig lýst: „Húsið er múrað og málað að utan, gluggar vel farfaðir, þakplötur beygðar yfir kjölinn. Hreinlætisherbergi, eldhús, svefnherbergi og minni stofa, barnaherbergi, þvottahús og matargeymsla eru öll fullfrágengin, svo og kvistherbergi á efri hæð, hurðir allar hafa verið málaðar, en ómálað og ódúklagt er stofa og gangur á aðalhæð.“⁵³⁴



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1946-1947

Fyrstu eigendur: Kristmundur Stefánsson og Helga Einarsdóttir

Hönnun/smíði: Kristmundur Stefánsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgerð **Upphaflegt** **Núverandi**

Útveggir: Steinsteypa Óbreytt

Þakgerð: Mænispak Óbreytt

Þakklæðning: Bárújárn Óbreytt

Undirstaða: Steinsteypa Óbreytt

Byggingarlag/útlit: Einlyft Óbreytt

Portlaust ris Óbreytt

Stærð

Kvistur Óbreytt

Reykháfur Óbreytt

Geymsla Óbreytt

Gluggar Breyttir

Helstu einkenni/breytingar

11,20 × 8,60 m / 114,9 m² og 342 m³.

Steinsteyppt geymsla með mænispaki við vesturhlið, byggð 1950. Upprunalegum gluggum hefur verið skipt út fyrir einpósta glugga á austur- og norðurhliðum.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Lágt

Hefðbundið steinsteypuhús með lágreistu mænispaki og stórum kvisti, sem spillir ásýnd hússins.

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Hefur einungis þjónað sem íveruhús í rúm 70 ár.

Umhverfisgildi: Lágt

Húsið fer þokkalega á bæjarstæðinu.

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Virðist að mestu með upprunalegu sniði, nema breyttir gluggar.

Tæknilegt ástand: Miðlungs

Húsið virðist vera í sæmilegu ásigkomulagi.

Varðveislugildi: Lágt

Húsið hefur fremur lítið varðveislugildi skv. framansögðu.

Niðurstaða varðveislumats:

Ekki eru gerðar tillögur um aðgerðir til varðveislu hússins.

⁵³⁴ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/97.

Fjós og hlaða

Nærri íbúðarhúsinu, bæði að húsabaki og norðan og sunnan við það, standa útihús frá ýmsum tímum. Þau elstu voru hönnuð og byggð af Kristmundi Stefánssyni. Árið 1950 byggði hann fjós yfir 10 kýr (nú fallið) ásamt hlaðu, hvort tveggja vestan við bæinn. Önnur útihús eru yngri og byggð á árunum 1958-1993.



Eldri húsin frá 1950 hafa lítið sem ekkert varðveislugildi og er því ekki gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu þeirra. Báðum þessum húsum var lýst í byggingarvottorði og virðingargjörð 13. mars 1951. Fjósið var 12,5 m að lengd, 4,8 m á breidd, vegg hæð 2,0 m og þakhæð 0,80 m. Það var „með steinsteyptum veggjum, reiðingstróði og múrhúðun innan, þak timbursúð, pappi og járn, tróð og timburklæðning innan, gólf steipt, básar timburklæddir, milligerðir úr timbri, sjálfbrygging“. Hlaðan var 12,5 m að lengd, 5,0 m á breidd, vegg hæð 4,3 m og þakhæð 1,5 m. Hún var „með steinsteyptum veggjum, járnþaki á timburgrind“.⁵³⁵

Fjós og hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1950	Upphafleg notkun:	Fjós og hlaða.
Fyrstu eigendur:	Kristmundur Stefánsson og Helga Einarsdóttir	Núverandi notkun:	Geymslur (?).
Hönnun/smíði:	Kristmundur Stefánsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök		
Þakklæðning:	Bárujárn		

Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefðbundin útihús úr steinsteypu frá miðri síðustu öld.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin hafa eingöngu þjónað hlutverkum sínum.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsin eru orðin fremur hrörleg ásýndar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast halda að mestu upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsin virðast í fremur lélegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsin hafa lítið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki eru lagðar til sérstakar ráðstafanir til varðveislu húsanna.

⁵³⁵ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/97.

3.3.11 Hæli

Staðhættir og saga

Hæli eða Hæll, eins og býlið var lengi nefnt fyrr á tíð,⁵³⁶ er syðst í röð þeirra þriggja bæja, sem standa nánast í beinni línu á Miðásum, sunnan Torfalækjar. Hann rennur úr Torfavatni og kallast stundum Hælislækur hjá Hæli. Norðar er býlið Meðalheimur, vestan í Meðalheimsbungu (162 m), og nyrst eyðibýlið Hurðarbak. Á þessum slóðum er víðáttumikið og samfelld flóasvæði, sem deilist á nokkrar



bújarðir og talið vera eitt stærsta samfellda mýrlendi á Íslandi. Að þessum bæjum liggur Miðásavegur (725) af Þjóðveginum ofan við Skinnastaði, en bæjarhús á Hæli standa í lágri lægð vestan Hælislækjar. Þaðan er víðsýnt um héraðið eins og frá öðrum bæjum á Ásum.⁵³⁷

Túnakort Hælis 1920. Hannes Jónsson. Bæjarhúsin eru fyrir miðjum upprætti.

Um 1890 bjó á Hæli Arnór Egilsson (1856-1900) ljósmyndari, en síðar á Bjarnastöðum í Vatnsdal. Ábúendur á Hæli frá 1900 til 1921 voru hjónin Benedikt Benediktsson (1858-1921) og Elísabet R. Guðmundsdóttir (1872-1962), sem síðan brá búi og seldi jörðina. Kristján (1901-1977) sonur þeirra og kona hans, Þor-Þjórg Björnsdóttir (1908-2001), hófu búskap á Hæli 1931, keyptu jörðina 1935 og bjuggu þar til 1971. Frá 1960 til 2002 bjuggu á Hæli sonur þeirra og tengdadóttir, Heiðar Kristjánsson (1939-) og Kristín Jónsdóttir (1939-), fyrst á hálfri jörðinni og síðan allri frá 1971. Núverandi ábúendur og eigendur jarðarinnar eru Jón Kristófer Sigmarsson og Ólöf Birna Björnsdóttir, sem hófu þar búskap 2002.⁵³⁸

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var á Hæli torfbær með tveimur heilþiljum að hlaði, en bæjarhúsum var þannig lýst 1916: „Baðstofa 11 × 5 álnir, gömul og gölluð, búr, eldhús og geymsluskáli, allgöð hús. [...] Á jörðunni stendur ennfremur, en sem annarra eign (Kristjáns Benediktsson[ar] í Brattahlíð) stofa, 5 × 6 álnir, alþiljuð, gömul, en stæðileg.“ Árið 1930 var torfbærinn sagður „gamall“, en 1940 stóðu ennþá þessir hlutar hans: „Gömul baðstofa í þrennu lagi, alþiljuð og máluð, eitt herbergið notað sem eldavélarhús, stærð 6,7 × 3,2 × 2 m, 43 m³. Hlóðahús úr torfi.“



Íbúðarhúsið á Hæli, sem byggt var 1934 (eða 1936), í upprunalegri mynd. Við vesturhlíð þess stendur torfveggur gömlu baðstofunnar. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1140.)

Íbúðarhús

Um 1930 var húsakostur jarðarinnar orðin afar hrörlegur, eins og fyrr er lýst, svo að árið 1934 (eða 1936)⁵³⁹ byggðu Krist-

⁵³⁶ Bærinn var m.a. nefndur Hæll í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1706, í manntali 1801, 1890 og 1920, en Hæli í manntali 1845 og 1930.

⁵³⁷ Húnaþing II, s. 271; Jón Torfason (2007), s. 76; Jón Torfason (2006).

⁵³⁸ Gísli Pálsson (2007), s. 49-51; Húnaþing II, s. 271; Húnavaka 18. árg. 1978, s. 156-157; Íslendingaþættir Tímans 11. árg., 16. tbl. 10. júní 1978, s. 2; Morgunblaðið 91. árg., 204. tbl., 30. júlí 2003, s. 22.

⁵³⁹ Skv. Húnaþingi II, s. 271, og Ættum Austur-Húnavetninga III, s. 1140, var húsið byggt árið 1934, en árið 1936 skv. Gísli Pálsson (2007), s. 51, og fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018.




ján Benediktsson og Þorbjörg Björnsdóttir lítið steinsteypt íbúðarhús á einni hæð með lágu og torflögðu mænispaki, fast austan við gömlu baðstofuna, eins og lýst var nánar árið 1940: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 9 × 4,2 m, stofuhæð 2,4 m, hæð í geymsluherbergi 2 m = 91 m³. Steinveggir á alla vegu, einn viðbyggður baðstofu. Slegið timbri innan á útveggi í suðurherbergi og austurvegg í geymslu. Ein stofa veggfóðruð og máluð, timburgólf. Bæjardyr alþiljaðar, steingólf. Geymsluherbergi norðan bæjardyra, loft yfir til geymslu, einfalt. Tvöfalt loft yfir íveruherbergi, stoppað. Pakið járnklætt.“

Eldra íbúðarhúsið með áfastri viðbyggingu árið 1972, skömmu áður en hafist var handa við stækkun hússins. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/151.)

Húsið er tæplega 38,5 m² að grunnfleti og teiknað hjá Teiknistofu bygginga- og landnámsjódís, en yfirmsiður þess var Jónas B. Bergmann (1876-1952), trésmiður á Stóru-Giljá. Árin 1954-1955 létu Kristján og Þorbjörg stækka húsið með lágrí áfastri viðbyggingu til vesturs, 7 × 9 m og 63,8


m² að stærð. Teikningar að húsinu gerði Heiðar sonur þeirra, þá 15 ára gamall, og voru þær samþykktar og útfærðar af Teiknistofu landbúnaðarins.⁵⁴⁰ Yfirmsiður hússins var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.). Eftir þessa stækkun íbúðarhússins voru leifar gamla torfbæjarins rifnar.⁵⁴¹



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að stækkun íbúðarhússins, unninn eftir frumteikningu Heiðars Kristjánssonar. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/151 (teikning nr. 621).)

⁵⁴⁰ *Morgunblaðið* 91. árg., 204. tbl., 30. júlí 2003, s. 22.

⁵⁴¹ Gíslí Pálsson (2007), s. 51.



Uppdrættir Heiðars Kristjánssonar að stækkun íbúðarhússins. Til vinstri er elsti hluti hússins frá 1934/36, þá miðhlutinn frá 1954/55 og til hægri viðbyggingin frá 1972. (Skjalasafn skipulags- og byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps.)

Árið 1972 stækkuðu Heiðar og Kristín Jónsdóttir húsið enn frekar í vesturátt með annarri áfastri viðbyggingu með íbúðarhæfu risi og mænisþaki, alls 149,7 m² að gólfleti. Sú viðbygging var hönnuð af Heiðari, en endanlegar teikningar voru gerðar af Teiknistofu landbúnaðarins. Yfirsmiður var sem fyrr Kristján Gunnarsson, húsasmíðameistari á Blönduósi. Gamla húsið og eldri viðbygging hafa verið klædd að utan með trapizujárni. Stór trjágarður umlykur íbúðarhúsið á þrjá vegu.



Hæli í nóvember 1973. Eldri hlutar íbúðarhússins til vinstri og nýbyggingin til hægri. (Skjalasafn skipulags- og byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps.)



Íbúðar- og útihús á Hæli um 1977 og íbúðarhúsið sumarið 2015. Elsta húsið er lengst til vinstri. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Páll J. Líndal.)



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1934 (1936)

Fyrstu eigendur: Kristján Benediktsson og Þorbjörg Björnsdóttir

Hönnuður: Teiknistofa byggingar- og landnámssjóðs

Yfirsmiður: Jónas B. Bergmann

Viðbygging I: 1954

Hönnun: Heiðar Kristjánsson / Teiknistofa landbúnaðarins

Yfirsmiður: Kristján Gunnarsson

Viðbygging II: 1972

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Núverandi notkun: Íbúðarhús

Byggð við vesturhlið gamla hússins.

Byggð vestan við viðbyggingu I.

Hönnun: Heiðar Kristjánsson / Teiknistofa
landbúnaðarins
Yfirsmiður: Kristján Gunnarsson

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Járn/torf	Bárujárn
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Stærð	
	Inngangsskúr	Horfinn
	Gluggar	Breyttir

Helstu einkenni/breytingar

Húsið hefur verið klætt að utan með trapizujárni.

Torfið var fjarlægt af þaki við stækkun hússins 1954-1955.

Elsti hluti hússins 9,0 × 4,2 m / 38,5 m² og 91 m³.

Upphaflega var lítill inngangsskúr við útidyr.

Upprunalegum gluggum með lóðréttum póstum og sprossum hefur verið breytt.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Lágt
Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs
Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Gott
Varðveislugildi: Miðlungs

Niðurstaða varðveislumats:

Látlaust steinsteypuhús með mænisþaki.

Húsið hefur þjónað sem íbúðarhús í rúm 80 ár og geymir elsti hluti þess áhugaverða þróunarsögu og reyndar húsið sem heild.

Húsið nýtur sín ágætlega með viðbyggingum á bæjarstæðinu.

Húsið hefur talsvert upprunalegt gildi, þrátt fyrir breytingar á gluggagerð, viðbyggingar og utanhúsklæðningu.

Húsið virðist í ágætu ásigkomulagi.


Húsið hefur talsvert varðveislugildi skv. framansögðu.

Ekki eru gerðar tillögur um aðgerðir til varðveislu hússins, enda liggja fyrir uppdrættir byggingarsögu þess .

3.3.12 Beinakelda II

Staðhættir og saga

Jörðin Beinakelda mun upphaflega hafa verið afbýli á fjórðungi heimajarðarinnar Stóru-Giljár. Nafnið mun dregið af illfærri keldu, sem var nálægt bænum og kölluð beina kelda, en er nú horfin í tún. Bærinn stendur vestan í lágum hálsi eða brekku, skammt norðan við Reykjabraut (724). Landið er annars




mestallt grösugir flóar með holtum og ásum og hluti hins mikla flóaflæmis um miðbik sveitarinnar. Heima við bæinn var starfrækt kornmylla á árabílinu 1895 til 1910. Hún var gerð af Erlendi Eysteinsyni bónda og leitt til hennar vatn úr Giljá um þriggja til fjögurra kílómetra leið heim að bænum frá stíflu í ánni. Ennþá eru sýnilegar leifar þessara einstæðu mannvirkja, þ.á m. myllusteinarinnir heima við bæ.⁵⁴²

Túnakort Beinakeldu 1920. Hannes Jónsson. Steinhúsið frá 1913 stendur norðan við heimreiðina, um miðja vega milli túngirðingar og gamla bæjarstæðisins.

Ábúendur frá 1884 voru Erlendur Eysteinson (1847-1901) og Ástríður Helga Sigurðardóttir (1860-1938). Hún fluttist að Stóru-Giljá árið 1911 og seldi Beina-

keldu elstu sonum sínum, Sigurði (1887-1981) og Eysteini (1889-1969), sem bjuggu þar félagsbúi fáein ár. Sigurður seldi bróður sínum sinn hlut í jörðinni 1916 og fluttist að Stóru-Giljá, en Eysteinn bjó ásamt konu sinni, Guðríði Guðlaugsdóttur (1895-1989), á Beinakeldu til 1957. Jörðinni var skipt 1953, svo að tvíbýli var á Beinakeldu til 1972, þ.e. Beinakelda I og Beinakelda II. Frá 1957 til 1972 bjuggu á Beinakeldu I hjónin Erlendur G. Eysteinson (1932-) og Helga Búadóttir (1938-), en frá sama ári bjuggu á Beinakeldu II Jóhann Eiríkur Jónsson (1921-2004) og Ingibjörg Eysteinsdóttir (1927-), sem

enn býr á jörðinni ásamt syni sínum, Guðráði B. Jóhannssyni.⁵⁴³



Steinhúsið á Beinakeldu var byggt árið 1913. Við húsið stendur húsbýggjandinn, Eysteinn Erlendsson bóndi. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1121.)

Íbúðarhús

Árið 1910 var torfbær á Beinakeldu með „timburhlið fram á hlaðið“, þ.e. sennilega sambyggðu heilpili og jafnvel framhúsi. Árið 1913 réðust bræðurnir

Sigurður og Eysteinn í byggingu steinsteypuhúss. Við það verk munu þeir hafa notið leiðbeininga hjá Jóhanni Franklín Kristjánssyni (1885-1952) byggingarmeistara, sem á árunum 1912-1914 teiknaði og stjórnaði byggingu a.m.k. þriggja steinsteyptra húsa í sýslunni, þ.e. á Hjaltabakka, Fremstagili og Holtastöðum í Langadal.⁵⁴⁴ Að sögn munu þó bræðurnir sjálfir hafa teiknað húsið á Beinakeldu, enda

⁵⁴² Gísli Pálsson (2007), s. 21-28; Erlendur G. Eysteinson (2000), s. 104-111; *Húnaþing II*, s. 267; Jón Torfason (2007), s. 82-84.

⁵⁴³ Gísli Pálsson (2007), s. 21-28; *Húnavaka* 45. árg. 2005, s. 160-161; *Húnaþing II*, s. 267; *Morgunblaðið* 10. jan. 2017, s. 26-27.

⁵⁴⁴ Jóhann Fr. Kristjánsson (1915), s. 148-151; *Dreifbýli Blönduósbæjar. Húsakönnun* (2018), s. 41-42 og 62-65.

var Sigurður „áskrifandi að norsku tímariti um nýjungar í húsagerð, þar sem birtar voru húsateikningar, fjallað um byggingarefni og ýmislegt annað tæknilegs eðlis“.⁵⁴⁵

Húsið er *meðal fyrstu steinsteypuhúsa, sem byggð voru í Húnavatnssýslum*. Það er tveggja hæða, eða fremur ein hæð á kjallara, sem rís nær alveg úr jörðu, með mænispaki og fremur lágu risi og kvisti með mænispaki, sem gengur upp af framhlið og snýr mót vestri. Útveggir eru tvöfaldir og einangraðir með heytróði eða torfi á milli, 40 sm á þykkt. Steypt var í svonefnd *flekamót*, en þau voru færð upp jafnóðum og steypt var.



Horft heim að Beinakeldu um 1960. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Tvennt annað er einkar áhugavert í byggingarsögulegu tilliti við gerð hússins: Í fyrsta lagi tóku bræðurnir upp þá nýbreytni að hræra steypuna í tunnu (eikarámu) í stað þess að hræra hana með handafli á fleka. Slíkt vinnulag tíðaðist síðan lengi á landinu, einkum til sveita, fram á sjötta áratug aldarinnar. Aðferðin við að hræra steypuna í húsið á Beinakeldu var nýstárleg, því að til þessa tíma og lengi síðar var steypa jafnan hræð með handafli á palli og síðan dregin upp í vegg í fötum. Hrærivél með mótór var fyrst notuð í Reykjavík árið 1914, en „slík tækni nýttist ekki í sveitum vegna samgönguleysis og raforkuskorts“.⁵⁴⁶ Þegar svo steypuvinna skyldi hefjast á Beinakeldu sumarið 1913 stóð þannig á, að engar steypuskóflur fengust á Blönduósi:

[Þ]ótti þeim bræðrum seinlegt að hræra steypuna með stunguskóflum. Þeir reyndu þá að blanda steypu í tunnu og ætluðu að láta vatnsmyllu snúa henni. Mylluna höfðu þeir reynt með því að láta hana mala sauðatað. Kerruöxull gekk í gegnum tunnuna. Langt var á milli myllu og húss og var því horfið frá þessu ráði. Tunnan var flutt heim að húsi og henni snúið með handafli.⁵⁴⁷

Önnur og talsvert frábrugðin lýsing á þessari nýstárlegu aðferð hljóðar svo:

Í stað þess að hræra steypu á fleka, eins og oftast var gert, var hún hræð í eikarámu. Var sponsgatið stækkað verulega og smíðað lok fyrir. Þar inn var steypuefnið látið. Í gegnum tunnuna gekk ás og hvíldu endar hans á grind. Utan um hvorn enda ámunnar var vafið kaðli. Þegar áman hafði verið fyllt með steypuefninu var hesti beitt fyrir annan kaðalinn og snerist þá áman á uppistöðunum. Um leið og kaðallinn vafðist utan af öðrum enda ámunnar vafðist hinn kaðallinn utan um ámunu. Var þá annar hestur til taks og beitt fyrir hinn kaðalinn og snerist þá áman á hinn veginn. Með þessu móti blandaðist steypa vel og verkið vannst fljótt. Þessi aðferð við steypublöndun mun ekki hafa verið áður notuð annars staðar, en fleiri tóku upp þess einföldu og fljótvirku aðferð.⁵⁴⁸

⁵⁴⁵ Jónas B. Jónsson (1982), s. 53-54 og 63; Gísli Pálsson (2007), s. 25.

⁵⁴⁶ Lýður Björnsson (1990), s. 78.

⁵⁴⁷ Lýður Björnsson (1990), s. 78, sbr. Guðmundur Hannesson (1943), s. 258.

⁵⁴⁸ Jónas B. Jónsson (1982), s. 54.



Gluggamót (t.v.) og tólf og fjöggra rúðu gluggar, sem ennþá eru í upprunalegri mynd í kjallara hússins. (Ljósmynd. Páll J. Línal og Guðrún B. Jóhannsson.)

Annað nýmæli við byggingu hússins voru *steinsteiptir gluggar*, bæði karmar og póstar, í heimasíðu- uð trémót. Eysteinn smíðaði mótin, enda frábærlega laghentur. Mótin notaði hann síðar við gerð kjallaraglugga í húsið á Stóru-Giljá, sem hann vann við árið 1923. Þau eru ennþá varðveitt á Beinakeldu.⁵⁴⁹ Frá þessu framtaki bræðranna greindi Guðmundur Hannesson í *Iðnsögu Íslands I*:

Þeir gerðu trémót af glugga og gluggakistu og steiptu í því járnþenta steypuglugga í húsið með sama lagi og venjulega tréglugga, og voru þeir síðan steiptir í veggina. Venjulegar rúður voru felldar í rúðuopin og festar með múrlími í stað kíttis! Þetta fór svo, að allar rúður sprungu fyrsta sólskinsdaginn. Þeir bræður létu sér þó ekki bilt við verða. Þeir meitluðu rúðurnar burtu, lögðu nýju rúðurnar í kítta, báru á þær vase-lín eða fitu og festu þær á ný með múrlími! Nú sprungu þær ekki, því múrlímið festist ekki við fitugt gler-ið. Svipaða glugga gerðu þeir í kjallaranum á húsi sínu á Giljá (1924) og bar þá ekkert út af.⁵⁵⁰

Allir gluggar hússins voru upphaflega steiptir í trémót, en upprunaleg gluggasetning er sýnd á tölvu-gerðum myndum Guðrúnar B. Jóhannssonar hér að neðan. Í kjallara (jarðhæð) voru 12 rúðu gluggar á suðurgafli og vesturhlið (framhlið), en á stofuhæð voru aðeins tveir 12 rúðu gluggar, þ.e. næst norð-vesturhorni hússins. Aðrir gluggar í húsinu voru nær allir með fjórum rúðum og krosspóstum, þ.e. breiðum lóðréttum pósti og grönnum þverpóstum. Gluggar við norðausturhorn hússins voru aðeins með þremur rúðum, og í risi (þ.e. efst í gaflverkum) voru gluggar með tveimur lóðréttum póstum og þremur rúðum. Síðar smíðaði Eysteinn Erlendsson nokkra 12 rúðu ytri glugga úr tré og felldi þá utan á glugga á suður- og vesturhliðum í kjallara og á stofuhæð, bæði til einangrunar og hlífðar innri glugg-um vegna ofsavæðra, sem eru algeng á Beinakeldu úr suðlægum áttum.⁵⁵¹



Tölvugerðar myndir Guðrúnar B. Jóhannssonar af upprunalegri gluggasetningu á suðurgafli og vesturhlið hússins (t.v.) og norðurgafli og austurhlið. Hér eru reyndar gluggar á efri hæð (lengst til hægri) ranglega sýnir með fjórum rúðum í stað þriggja.

⁵⁴⁹ Jónas B. Jónsson (1982), s. 53-54.

⁵⁵⁰ Guðmundur Hannesson (1943), s. 290.

⁵⁵¹ Heim. Ingibjörg Eysteinsdóttir og Guðrún B. Jóhannsson 7. febr. 2019.



Tölvugerðar myndir Guðráðs B. Jóhannssonar sem sýna upphaflegan frágang glugga í húsinu á Beinakeldu.

Í húsinu eru nú aðeins eftir þrír hinna steinsteyptu 12-rúðu glugga, tveir á vesturhlið og einn á norðurstafti, og einn fjögur rúðu gluggi. Öðrum gluggum, 11 talsins, hefur verið skipt út fyrir glugga með einum lóðréttum pósti og opnanlegu fagi.



Bæjar- og útihús á Beinakeldu um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhúsi og geymsluhúsi á Beinakeldu var þannig lýst í fasteignamati 1916-1918: „Íbúðarhús úr steinsteypu 12 × 12 álnir innanmál, með kjallara og einni hæð. Hæð frá kjallargólfi í mæni 11 álnir. Á 3 vegu tvöfaldir veggir. Kjallargólf steypst og sömuleiðis allir gluggar í kjallara og á stofuhæð. Enn-

fremur öll skilrúm úr steinsteypu. Annars er hús þetta ekki nærri fullgjört. *Geymsluhús* úr timbri með járnþaki. Þró grafin í gólf þess og upphlaðin fyrir vatnshjól.”

Nú minnst enginn þessa geymsluhúss, þróar og vatnshjóls.⁵⁵² Er þó líklegast, að lýsing fasteignamatsins eigi við niðurgrafna vatnsþró, sem var norðaustan við íbúðarhúsið og lengi sýnileg. Hún var grjót-hlaðin og steinsteyppt að innan og safnaði í sig vatni úr litlum læk, sem rann utan og ofan við húsið. Ef til vill var þessi þró yfirbyggð í aldarbyrjun. Frá henni var leitt vatn vestur fyrir íbúðarhúsið í niður-gröfnum timburstokki í gamalt *mylluhús*, sem stóð vest-norðvestan við íbúðarhúsið og var grafið inn í brekkuna þar. Þegar lokan var opnuð, rann vatnið með miklum þrýstingi á mylluhjólið, sem dreif kvörnina. Mylluhúsið var hlaðið úr torfi og grjóti með árefti og járnklæddu þaki undir torfi. Húsið stóð fram yfir 1955 og var lengi notað til geymslu matvæla.⁵⁵³

Steinhúsið var byggt örlítið austan við gamla bæjarstæðið (sjá túnakort), en árið 1916 stóð eftir aðeins „[p]artur af gömlum torfbæ, - baðstofuendi og eldhús.“ Árið 1930 var bæjarhúsum þannig lýst: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 7,50 × 6,25 m. Ein hæð og kjallari, loft portlaust. Kvistur. Þak járnvarið. Önnur bæjarhús steinsteypptur *skúr við húsið í smiðum*, 6,25 × 3,75 m. Smiðja og skemmukjallari.“ Gamli bærinn hafði þá sennilega að öðru leyti verið rifinn. Ókunnugt er um notkun og örlög þessa steinsteyppta skúrs, en víst er að snemma var reistur lítill timburskúr með mænispaki við aðaldyr á



vesturhlið hússins (sjá ljósmynd) þar sem núverandi dyraskúr var síðar byggður.

Horft heim að Beinakeldu sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Línal.)



Í lýsingu á íbúðarhúsinu frá 1940 kemur það fram, að í kjallara voru *fjós* og *heyhlaða* í norðausturhorni, en lýsing á húsinu var annars svohljóðandi: „Íbúðarhús úr stein-steypu. Stærð 11,2 × 6,3 × 6 m, 423 m³. Kjallari að mestu ofanjarðar, skipt í fjögur herbergi, gang og *fjós*, steyppt gólf. Á stofuhæð 4 herbergi og gangur, eitt yfir fjósi, þar steyppt gólf, að öðru úr timbri, tvöfalt. Skilrúm steyppt, nema eitt úr timbri. Kvistur á vesturhlið. Öll herbergi á stofuhæð máluð. Loftið og kvisturinn aðeins til geymslu. Í húsinu einfaldir steinveggir, óþiljaðir að mestu. Gluggar steypptir. Í norðaustur horni hússins er *heyhlaða*, 55 m³. Þak á húsinu er timbursúð að mestu og járn.“ Önnur hús voru einungis smiðjukofi og peningshús úr torfi.

Íbúðar- og útihús á Beinakeldu sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Línal.)

Norðurhluti hússins var innréttaður fyrir fjós og hlöðu frá upphafi og þannig nýttur uns byggt var torf-fjós norðan við íbúðarhúsið. Fjósið var í norðvesturhorni með steypptum flór og útidyrum á vesturhlið, sem eru nokkru lægri en aðaldyr íbúðarhússins. Hlaðan var í norðausturhorni og henni skipt í neðri og efri hæð með timburgólfi, en rýmið á neðri hæð, sem áður hýsti fjós og hlöðu, er nú nýtt sem geymsla. Á efri hæð hlöðunnar er nú stofa með tveimur þriggja rúðu trégluggum og tvöföldu gleri. Inn um þessi gluggagöt var heyi áður mokað í hlöðuna.⁵⁵⁴

⁵⁵² Heim. Ingibjörg Eysteinsdóttir og Guðrún B. Jóhannsson 7. og 8. febr. 2019.

⁵⁵³ Heim. Ingibjörg Eysteinsdóttir og Guðrún B. Jóhannsson 7., 8. og 13. febr. 2019.

⁵⁵⁴ Heim. Ingibjörg Eysteinsdóttir og Guðrún B. Jóhannsson 7., 8. og 13. febr. 2019.

Beinakelduhúsið þótti geysistört á sinni tíð og var því eftirsótt til samkomuhalds í sveitinni: „Ungmennafélagið Framtíðin fékk húsið oft lánað til samkomuhalds því að stór salur var á efri hæð þess. Hófast þessar samkomur að kvöldi dags eftir gegningar og stóðu oft til morguns. Þarna var sungið og dansað, fólk hafði með sér kökur og mjólk, hitað var kaffi, áfengi sást ekki. Var þar oft glatt á hjalla hjá ungum sem öldnum.“⁵⁵⁵



Íbúðarhúsið er 187,4 m² að heildargólfleti. Hið ytra heldur það vel upphaflegu svipmóti, rösklega aldargamalt. Ýmsar endurbætur hafa þó verið gerðar á því í tímans rás, t.d. árið 1956. Meðal annars hefur gluggagerð víða verið breytt og steinsteyptum gluggum skipt út fyrir tréglugga með öðru sniði og tvöföldu gleri. Við framhlið hússins (vesturhlið) er dyraskúr úr timbri með einhalla þaki, sem klæddur er að utan með steinplötum, en þar stóð fyrrum minni inngangsskúr úr timbri með mænisþaki. Áfast húsinu að norðanverðu er lítill bílskúr (17 m² og 31 m³), sem byggður var 1960.⁵⁵⁶ Lítill garður er við suður- og austurhliðar hússins, en norðan við það eru sambyggð peningshús af steinsteypu, öll byggð á árabílinu 1957-1976 nema votheysturn frá 1948. Allar þessar byggingar tilheyra nú Beinakeldu II eins og gamla íbúðarhúsið, en á Beinakeldu I eru einungis skráð heyhlaða (frá 1958) og fjárhús með áburðarkjallara (frá 1969).

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1913		
Fyrstu eigendur:	Sigurður Erlendsson og Eysteinn Erlendsson		Upphafleg notkun: Íbúðarhús / fjós og hlaða.
Hönnuðir:	Sigurður og Eysteinn Erlendssynir ásamt Jóhanni Fr. Kristjánssyni		Núverandi notkun: Íbúðarhús
Smiðir:	Sigurður og Eysteinn Erlendssynir		
Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	

⁵⁵⁵ Jónas B. Jónsson (1982), s. 54.

⁵⁵⁶ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/23 (virðingargjörð pr. 13. sept. 1957, 24. sept. 1961 og 12. maí 1974.)

Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Kjallarinn stendur að mestu upp úr jörðu.
	Stærð		11,2 × 6,3 m (ásamt skúr) / 187,4 m ² og 423 m ³ .
	Kvistur	Óbreytt	
	Reykháfur	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Breytt	Upphaflega var lítill dyraskúr úr timbri með mænisþaki við aðal- dyr á framhlið, en nú er þar timburskúr með einhalla þaki, klædd- ur að utan með steinplötum.
	Gluggar	Breytt	Voru upphaflega steypdir, en flestum þeirra hefur nú verið skipt út fyrir tréglugga með öðru sniði.
	Bílskúr		Lítill bílskúr með skúrþaki er áfastur norðurgafli, byggður 1960.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Stórt og reisulegt steinsteypuhús með hefðbundnu sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er meðal elstu steinsteypuhúsa í Húnaþingi og voru ýmis nýmæli tíðkuð við byggingu þess. Hefur það þjónað sem íbúðar- hús í 106 ár og var nýtt sem samkomustaður sveitarinnar um árabíl.
Umhverfisgildi:	Hátt	Stendur fallega í landi og myndar samstæða heild með útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er að mestu leyti óbreytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsinu er prýðilega við haldið og ástand þess gott.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi vegna aldurs og menningarsögu.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er friðað skv. aldursákvæðum 29. gr. laga um menningar- minjar nr. 80/2012, en auk þess er lagt til að það verði mælt upp og teiknað hafi það ekki verið gert nú þegar.

Votheysturn

Á jörðinni eru öll útihús byggð eftir 1950 nema steinsteypdur *votheysturn*, sem byggður var 1948 og stendur við norðurgafli heyllöðu frá árinu 1957. Þessar byggingar ásamt sambyggðu fjósi og mjólkurhúsi frá sama ári mynda áhuga- og varðveisluverða samstæðu, sem fer vel á bæjarstæðinu, rétt norðan við íbúðarhúsið.



Votheysturn – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1948		
Fyrsti eigandi:	Eysteinn Erlendsson	Upphafleg notkun:	Votheysgeymsla
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun:	Stendur ónotuð.
Yfirsmiður:	Óþekkt		
Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	Sívöl bygging áföst heyllöðu og fjósi.
Þakgerð:	Flatt þak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:

Lágt

Votheysturn með hefðbundnu sniði.

Menningarsögulegt gildi:

Lágt

Hefur eingöngu þjónað hlutverki sínu.

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Fellur vel að sambyggðum útihúsum.

Upprunalegt gildi:

Miðlungs

Virðist halda að mestu leyti upphaflegri gerð.

Tæknilegt ástand:

Miðlungs

Sýnist vera í þokkalegu standi, en er þó lítt við haldið.

Varðveislugildi:

Miðlungs

Sómir sér vel sem hluti af samstæðum útihúsum.


Niðurstaða varðveislumats:

Lagt er til að byggingin verði mæld upp og teiknuð ásamt öðrum húsum.

3.3.13 Kringla

Staðhættir og saga

Bærinn Kringla stendur utan við Þúfnalæk og nærri vegamótum Þjóðveg 1 og Akursvegur. Mörkin milli Kringlu og Akurs liggja um Skinnastaðamela, miðja vegu milli bæjanna, en Kringla er forn Þingeyraklaustursjörð eins og nær helmingur býla í sveitinni.⁵⁵⁷



Túnakort Kringlu 1920. Hannes Jónsson. Bærinn er við enda heimreiðar, sunnarlega í túninu.

Ábúendur á Kringlu voru í byrjun síðustu aldar hjónin Elínborg Guðmundsdóttir (1852-1938) og Teitur Björnsson (1858-1903) og síðan dóttir þeirra, Guðrún Sigurlína ljósmóðir (1889-1978), og Árni B. Kristófersson (1892-1982), sem bjuggu þar 1915-1935. Þá tóku við jörðinni Hermína Sigvaldadóttir (1909-1994) og Hallgrímur S. Kristjánsson (1901-1990), sem keyptu jörðina 1937. Þar bjuggu þau fram um 1980, frá 1962 í félagi við son sinn og tengdadóttur, Jón Reyni Hallgrímsson (1938-) og Sigurbjörgu Ólafsdóttur (1944-). Núverandi ábúendur eru sonur þeirra Ólafur Baldur Reynisson byggingarverkstjóri og Anna Hjálmarsdóttir.⁵⁵⁸

Ábúendur á Kringlu voru í byrjun síðustu aldar hjónin Elínborg Guðmundsdóttir (1852-1938) og Teitur Björnsson (1858-1903) og síðan dóttir þeirra, Guðrún Sigurlína ljósmóðir (1889-1978), og Árni B. Kristófersson (1892-1982), sem bjuggu þar 1915-1935. Þá tóku við jörðinni Hermína Sigvaldadóttir (1909-1994) og Hallgrímur S. Kristjánsson (1901-1990), sem keyptu jörðina 1937. Þar bjuggu þau fram um 1980, frá 1962 í félagi við son sinn og tengdadóttur, Jón Reyni Hallgrímsson (1938-) og Sigurbjörgu Ólafsdóttur (1944-). Núverandi ábúendur eru sonur þeirra Ólafur Baldur Reynisson byggingarverkstjóri og Anna Hjálmarsdóttir.⁵⁵⁸



Gamli bærinn á Kringlu um og fyrir 1950. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 1150 og 1147.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var *timburhús* og torfbær með tveimur heilpiljum á Kringlu, en timburhús voru þá óvída á bæjum í sveitinni. Bæjar- og geymsluhús voru þessi 1916: „*Baðstofa* 12 × 6 álnir, að mestu af timbri með járnþaki, gott hús. Önnur bæjarhús og geymsluhús úr torfi og timbri, fremur lítil, en sæmlega góð hús. [...] Á jörðunni stendur ennfremur *stofuhús*, 4½ × 4½ álnir, sem ekki fylgir jörðunni, 15 ára gamalt, ekki ósnoturt.“

Árið 1930 var bæjarhúsum þannig lýst: „Íbúðarhús úr timbri, 7,30 × 3,75 m. Ein hæð með grjóthlöðnum og steinlímdum kjallara. Loft ekkert. Önnur bæjarhús úr torfi og timbri.“ Og 1940 voru bæjarhúsirnir þessi: „*Baðstofa* með einu skilrúmi, 7,5 × 3,7 × 2,4 m = 67 m³. Útveggir úr timbri, þak borðasúð, pappi og járn. Alþiljuð innan með hvelfingu. Kjallari undir grjóthlaðinn með einu timburskilrúmi, einfalt timburgólf yfir = 50 m³. *Eldavélarhús* með skúrri, piljað, stærð 14 m³. *Búr* 30 m³. *Hlóðahús* 20 m³.

⁵⁵⁷ Gísli Pálsson (2007), s. 37-40; *Húnaþing* II, s. 270; Jón Torfason (2007), s. 74-75.

⁵⁵⁸ Gísli Pálsson (2007), s. 37-40; *Húnavaka* 19. árg. 1979, s. 159-160; *Húnaþing* II, s. 270; *Morgunblaðið* 8. júlí 1978, s. 25; *Heim*. Baldur Reynisson 19. mars 2019.

Stofa, þiljuð með timburstafni 12 m³. Bæjardyr að mestu óþiljaðar 14 m³. Geymsluhús úr torfi að mestu 8 m³. Eldiviðargeymsla 24 m³. Geymslukompa 17 m³.”

Þessi hús stóðu sennilega að miklu leyti fram yfir miðja öldina, eða þar til steinsteypt íbúðarhús var byggt á árunum 1953-1954, þótt áreiðanlega tækju þau einhverjum breytingum á þeim tíma.



Íbúðarhúsið í byggingu árið 1953. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/174.)



Íbúðarhúsið um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Fjárhús

Samkv. fasteignáttækt frá 1940 voru öll peningshús á Kringlu ýmist úr torfi eða jární utan steinsteypt votheyshlaða með járnþaki. Nokkurn spöl norðaustan við bæ standa enn (2018) fjarska hrörleg fjárhús úr jární, sem skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 voru byggð 1940. Húsið er bárujárnsklædd timburgrind með skúrþaki, 72 m² að stærð, og hefur lítið sem ekkert varðveislugildi.



Fjárhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1940
Fyrsti eigandi: Hallgrímur S. Kristjánsson
Hönnun/smiður: Hallgrímur S. Kristjánsson

Upphafleg notkun: Fjárhús
Núverandi notkun: Standa auð og ónotuð.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Tímur/bárujárn	Óbreytt	
Þakgerð:	Skúrþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	
Umhverfisgildi:	Lágt	
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	
Tæknilegt ástand:	Lélegt	
Varðveislugildi:	Lágt	
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið hefur ekkert varðveislugildi.

3.3.14 Röðull

Staðhættir og saga

Jörðin er nýbýli úr fjórðungi af landi Sauðaness, stofnað 1952 af hjónunum Önnu Andrésdóttur (1927-1998) ljósmóður og Hauki Pálssyni (1929-), sem býr þar enn. Landið nær norður að hreppamörkum við Blönduós, en bæjarhúsin standa spölkorn utan við Sauðanesbæ og örskammt austan við Svínvetningabraut. Steinsteyppt íbúðarhús var byggt á jörðinni 1952.⁵⁵⁹



Útihús á Röðli í maí 1970. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/236.)

Hlaða

Skammt suðvestan við bæinn og handan Svínvetningabrautar standa gömul sambyggð útihús úr steinsteypu fast við veginn, áföst yngri fjárhúsum og heyllöðu. Eldri húsin eru *hlaða* (42,3 m²), byggð 1945,⁵⁶⁰ *votheysturn* frá 1954 og asbestklædd *geymsla* frá 1955, skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018. Líklegra er þó, að hlaðan hafi verið byggð árið 1947, en fyrir því stóð Gísli Pálsson (1920-2013), þá bóndi í Sauðanesi og síðar á Hofi. Áfasta geymslu byggði hins vegar bróðir hans, Haukur Pálsson á Röðli, upphaflega sem hesthús.⁵⁶¹ Á norðurgafli hlöðunnar er stórt vindauga, sem nú hefur verið breytt í vélgengar dyr.



⁵⁵⁹ Gísli Pálsson (2007), s. 80; *Húnaþing II*, s. 257. Þar er byggingarár íbúðarhúss sagt 1955.

⁵⁶⁰ Byggingarár hlöðunnar er þó talið 1947, geymslunnar 1954 og votheysturnsins 1955 skv. virðingargjörð frá 24. sept. 1961. Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/236.

⁵⁶¹ *Heim*. Haukur Pálsson 12. mars 2019.



Hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1947
 Fyrsti eigandi: Gísli Pálsson
 Hönnun/smíði: Gísli Pálsson

Upphafleg notkun: Hlaða
 Núverandi notkun: Hefur staðið ónotuð í mörg ár.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Timbur/járn	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Varðveislumat


Listrænt gildi/byggingarlist:	Lágt
Menningarsögulegt gildi:	Lágt
Umhverfisgildi:	Lágt
Upprunalegt gildi:	Miðlungs
Tæknilegt ástand:	Lélegt
Varðveislugildi:	Lágt
Niðurstaða varðveislumats:	

Húsið er byggt í hefðbundnum stíl.
 Þjónað einungis hlutverki sínu á meðan hún var í notkun.
 Húsið er aðþrengt af áföstum byggingum, en fellur vel að þeim.
 Virðist halda að mestu leyti upphaflegu formi.
 Útveggir nokkuð sprungnir og þakjárn ryðgað.
 Húsið hefur lítið varðveislugildi.
 Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

3.3.15 Sauðanes

Staðhættir og saga

Bærinn Sauðanes er við norðurenda Laxárvatns og vestan við Köldukinnarháls, fast sunnan við Svínvetningabraut. Fyrrum var jörðin landmikil, en er nú einungis um 200 hektarar eftir skiptingu í fjóra hluta árið 1952 við stofnun þriggja nýbýla, þ.e. Röðuls, Mánaþess og Laxabrekku. Auk þess var



landspilda lögð undir Laxárvatnsvirkjun, sem reist var neðan við bæinn í Sauðanesi 1932-1933 og tók til starfa 1934.⁵⁶²

Túnakort Sauðaness 1920. Hannes Pálsson.

Ábúendur í Sauðanesi í byrjun síðustu aldar voru Björn Kristófersson (1858-1911) og Sigríður Bjarnadóttir (1868-1949), sem síðar bjuggu í Hnausum, en höfðu árið 1906 jarða- og búskipti við ungan bónda, Pál Jónsson (1875-1932), sem flutti frá Miðhópi í Sauðanes. Hann keypti jörðina 1910 og bjó þar í fyrstu með móður sinni en síðan eiginkonu, Sesselju Þórðardóttur (1888-1942), til dánardags. Upp frá því hafa afkomendur þeirra setið jörðina,

fyrst Gísli Pálsson (1920-2013), sem tók við búsföráðum 1939 og bjó þar til 1949, síðan Þórður Pálsson (1918-2004) og Sveinbjörg Jóhannsdóttir (1919-2006) frá 1946 til 1971, en frá 1971 Páll sonur þeirra og Ingibjörg Guðmundsdóttir.⁵⁶³

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var í Sauðanesi „torfbær með heilpili framan undir og þilstafni í baðstofu“, en svofelld lýsing var gefin í fasteignamati 1916/1918: „Bæjarhús og geymsluhús úr torfi og timbri, þar af er stæðileg *baðstofa*, en öll önnur hús mjög léleg. Peningshús rúma 6 nautgripi, 280 sauðfjár og 28 hross. Við



fjós er brunnhús og haughús. Ennfremur 2 heyllöður yfir 280 hb. heys. Þessi hús eru flest gömul og sum mjög léleg. Auk þessara húsa er nýbygt utan túns: Bær (Bræðraból), 12 × 6 álnir, helmingur þiljað, hitt til geymslu. Bænum fylgir: Kofi yfir 2 stórgripi og fjárhús yfir 30 fjár.“


Sauðanes 1942. Timburhúsið með steinsteyptum kjallara og torflagðri þekju til vinstri og baðstofan til hægri. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 1177.

Um 1930 var torfbærinn „gamall og óstæðilegur“, en nokkrum árum síðar var byggt járnlætt timburhús með torflögðu mænisþaki á grjóthlöðnum kjallara við hlið gömlu baðstofunnar. Þessum og öðrum bæjar- og geymsluhúsum var þannig lýst í fasteignamati um 1940: „Bær úr torfi og timbri. *Baðstofa* 10 × 4,4 × 2,2 m = 97 m³, torfveggir, timburstafn, torfþak, alþiljað með 2 skilrúmunum, mikið gölluð af fúa, máluð. *Nýbygging* 8,3 × 3,8 × 2,2 m = 70 m³. Útveggir timbur járnlæddir, torfþak, tvö herbergi og forstofa að mestu veggfóðruð og mál-uð. *Kjallari* undir, grjóthlaðinn og steyptir veggir þiljaðir innan í nokkrum hluta, 1 timburskilrúm, stærð á


⁵⁶² Húnáþing II, s. 257-259; Páll V. G. Kolka (1950), s. 170; Jón Torfason (2007), s. 105.

⁵⁶³ Húnáþing II, 258; Gísli Pálsson (2007), s. 78-79; Húnávaka 15. árg. 1975, s. 93-102; 30. árg. 1990, s. 9-16; 45. árg. 2005, s. 166-167.

kjallara 60 m³. Við enda á þessari byggingu eldavélarhús, alþiljað með steypu gólfi og litlu geymslu-lofti yfir. Stærð 2,6 × 3,8 × 2,6 m = 26 m³.“ Önnur bæjarhús voru geymsluskúr, timburveggir og járnþak, 29 m³. Fjós yfir 7 kýr, torfhús. Haughús (13,3 m³), steypt með járnþaki. Safnþró (14 m³), alsteyp. Þá voru á jörðinni 4 fjárhús fyrir samtals 165 kindur, torfhús með þili, 2 þurrheshlöður (214 m³) með torfveggjum að mestu og lélegum járnþökum, og steypt votheyslaða (21,3 m³). – Baðstofan og timburhúsið stóðu áfram og voru nýtt um skamma hríð sem skepnuhús þar til þau urðu eldi að bráð árið 1947.⁵⁶⁴



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsi í Sauðanesi, sem sendur var Þórði Pálssyni 6. des. 1945. Húsið var þó stækkað, sbr. umsögn Þóris Baldvinssonar 29. jan. 1947. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/16, nr. 701.)



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins nr. 1210, sem íbúðarhúsið í Sauðanesi var byggt eftir skv. vottorði Stefáns Þorkelssonar húsasmiðs. Gluggasetning var þó með öðru móti og krosspóstar í stað margrúðu glugga. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/25, nr. 1210.)

Íbúðarhús

Árin 1946-1947 létu Þórður Pálsson og Sveinbjörg Jóhannesdóttir byggja steinsteypt íbúðarhús og fengu til verksins Stefán Þorkelsson (1892-1957), trésmið í Lindarbrekku á Blönduósi. Til grundvallar

⁵⁶⁴ Heim. Páll Þórðarson 21. mars 2019.


lá uppdráttur frá Teiknistofu landbúnaðarins nr. 701, en skv. frásögn Þóris Baldvinssonar, arkitekts og forstöðumanns teiknistofunnar, var húsið byggt stærra en teikningin sýnir.⁵⁶⁵ Var því í reynd fylgt annarri teikningu (nr. 1210), eins og staðfest var í svofelldri yfirlýsingu Stefáns yfirmsiðs 15. ágúst 1947:

Eg undirritaður, sem sá um smíði íbúðarhúss Þórðar Pálssonar, Sauðanesi, lýsi hér með yfir að smíði hússins er nú lokið og eigandi þess fluttur í það. Húsið er byggt eftir teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins nr. 1210, einnar hæðar hús, byggt úr steini.



Sauðanes um 1976 og 22. febrúar 2019. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ljós. Þorgils Magnússon.)


Íbúðarhúsið, sem nú er eldri hluti núverandi húss í Sauðanesi, var í sinni upprunalegu mynd byggt á einni hæð með L-laga formi, lágu mænispaki og án kjallara. Húsið var 13,0 m að lengd (norðurhlíð) og 9,5 m á breidd (austurhlíð), en gaflar hvorrar álmú 6,2 og 7,5 m á breidd. Heildarstærð hússins reiknaðist 350 m³.



Uppdráttur Jóns Guðmundssonar arkitekts af viðbyggingu og breytingum á eldra húsi, dags. 30. maí 1984. (Skjalasafn skipulags- og byggingafultrúa Húnavatnshrepps.)

⁵⁶⁵ Teikning nr. 701 var send Þórði Pálssyni 6. des. 1945 ásamt öðrum uppdrætti (nr. 748). „Húsið á Sauðanesi er steinhús, reist eftir uppdrætti nr. 701, en hefur þó verið stækkað frá uppdrætti og hefur teiknistofan enn ekki fullar upplýsingar um það.“ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/239 (umsögn Þóris Baldvinssonar dags. 29. jan. 1947).

Árið 1986 var húsið stækkað verulega, skv. teikningu Jóns Guðmundssonar arkitekts, dags. 30. maí 1986, en yfirmiður var Grétar Guðmundsson frá Finnstungu. Bygð var viðbygging á kjallara við vesturstafn eldra hússins, sem varð þó að hækka talsvert frá teikningu, þar sem klöpp var í grunnstæðinu.⁵⁶⁶ Samhliða var gerð mikil breyting á eldra húsinu innan dyra. Eftir þessa stækkun er allt húsið 216 m² að grunnmáli skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018.



Útlitsteikningar af stækkun íbúðarhúsins, gerðar af Jóni Guðmundssyni arkitekt 1986. (Skjalasafn skipulags- og byggingafulltrúa Húnavatnshrepps.)



Íbúðarhúsið í Sauðanesi 22. febrúar 2019. (Ljós. Þorgils Magnússon.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1946-1947	
Fyrstu eigendur:	Þórður Pálsson og Sveinbjörg Jóhannesdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirmiður:	Stefán Þorkelsson	
Viðbygging:	1986	
Hönnun:	Jón Guðmundsson arkitekt	
Yfirmiður:	Grétar Guðmundsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Stærð		9,5 × 13,0 m / 350 m ³ .
	Reykháfur	Horfinn	Var brotinn niður við þakflöt árið 1986.
	Gluggar	Breyttir	

⁵⁶⁶ Heim. Páll Þórðarson 21. mars 2019.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Einfalt og látlaust steinsteypuhús án sérstakra einkenna.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur þjónað sem íveruhús í um 70 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Nýtur sín vel ásamt viðbyggingu á snyrtilegu bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið mikið breytt með viðbyggingu og breyttri herbergjaskipan.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsinu er vel við haldið og er það í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur takmarkað varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er talin þörf á sérstökum ráðstöfunum til varðveislu hússins.

3.4 Svínavatnshreppur

Árið 1910 var 31 bær í ábúð í fyrrum Svínavatnshreppi og 28 bær árið 1942, en heilsársbúseta á 24 lögbýlum árið 2018. Ennþá eru uppistandandi samtals 22 hús á 12 jörðum og afrétti, þ.e. 9 íbúðarhús, tvær kirkjur, samkomuhús, tvö sæluhús, gangnamannaskáli og 7 útihús af ýmsum toga, sem byggð voru úr torfi og grjóti, timbri og steinsteypu á árabílinu 1882-1950. Á flestum þeirra bújarða, sem hér um ræðir, voru eldri bæjarhús rifin fljótlega eftir byggingu nýs íbúðarhúss. Þeir torfbærir eru því löngu horfnir.

Varðveitt hús frá 1882 til 1950

Varðveittar byggingar í Svínavatnshreppi eru eftirtaldar, – raðað eftir byggingarári:

<i>Svínavatnskirkja</i>	Timburhús byggt 1879-1882 og vígt 1882.
<i>Kúlukvíslarskáli</i>	Torf- og grjóthlaðinn gangnamannaskáli frá 1880-1890.
<i>Auðkúlukirkja</i>	Timburhús byggt og vígt 1894.
<i>Hveravellir</i>	Torf- og grjóthlaðið sæluhús frá 1922.
<i>Mosfell</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1930-1931 og 1939, hlaða frá 1948-1949 og fjárhús frá 1950.
<i>Litlidalur</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1934-1935.
<i>Dalsmynni</i>	Steinsteypt samkomuhús frá 1936.
<i>Hveravellir</i>	Sæluhús Ferðafélags Íslands úr timbri frá 1936.
<i>Snæringstaðir</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1936.
<i>Grund</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1937 og geymsla frá 1940.
<i>Ytri-Langamýri</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1939.
<i>Höllustaðir</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1943 og 1947.
<i>Höllustaðir II</i>	Steinsteypt fjós frá 1948 og hlaða frá 1950.
<i>Sólheimar</i>	Múrhúðað og síðar járnklætt íbúðarhús úr timbri frá 1950.
<i>Stekkjardalur</i>	Steinsteypt hundahreinsunarhús frá 1950.
<i>Stóridalur</i>	Asbestklætt fjárhús úr timbri frá 1950.
<i>Tindar</i>	Múrhúðað og síðar járnklætt íbúðarhús úr timbri frá 1950.
<i>Syðri-Grund</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1950-1951.



Auðkúlukirkja, gamli torfbærinn og steinsteypti prestsbústaðurinn (lengst t.h.), skömmu eftir byggingu hans 1911. Húsið var rífið laust eftir 1970, en milli þess og kirkjunnar sjást burstir gamla bæjarins. (Kirkjur Íslands III, s. 17.)

Horfin timbur- og steinsteyppuhús – byggð fyrir 1951

Á þremur jörðum eru nú horfin íbúðarhús, sem byggð voru úr timbri og steinsteypu fyrir 1951 og stóðu fram á seinni hluta aldarinnar. Þessar jarðir eru:

<i>Auðkúla</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1911, rifið 1970 eða 1971.
<i>Hamar</i>	Steinsteypt íbúðarhús frá 1941-1943, brann 23. september 1959. ⁵⁶⁷
<i>Stóra-Búrfell</i>	Íbúðarhús úr vikursteini frá 1946, brann ásamt gamla bænum 23. júní 1957. ⁵⁶⁸



Sléttárdalur 1935, en jörðin fór í eyði 1944. (Ljósmyndasafn A-Hún. nr. 1522.)


Horfnir torf- og timburbæir

Á árabílinu 1900-1959 féllu úr ábúð 11 bæir með torf- og timburhúsum, sem síðan hafa allir verið í eyði nema Hrafnabjörg, sem voru að nýju í skammri ábúð 1969-1980. Þessi býli eru eftirtalin (búsetu- lok innan sviga):

Búrfellshóll (1900),⁵⁶⁹ *Auðkúluusel* (1908), *Holtastaðareitur* (um 1920), *Dísukofi – Dísureitur* (um 1925), *Gafl* (1927), *Hrafnabjörg* (1936), *Þröm* (1937), *Gunnfríðarstaðir* (1942), *Sléttárdalur* eða *Stóradalssel* (1944), *Kárastaðir* (1956) og *Tungunes* (1959).⁵⁷⁰

Torfbæir stóðu fram yfir miðja síðustu öld á 13 jörðum, en á 12 þeirra voru ekki byggð steinsteypt íbúðarhús fyrr en eftir 1950. Þessir bæir eru eftirtaldir (byggingarár nýrra húsa innan sviga):

Rútsstaðir (1952), *Svínavatn* (1952), *Ljótshólar* (1954), *Litla-Búrfell* (1955), *Eiðsstaðir* (1956), *Holt* (1956), *Stóra-Búrfell* (torfbær og steinhús brunnu 1957), *Syðri-Langamýri* (1957), *Eldjárnsstaðir* (1960), *Geithamrar* (1961),⁵⁷¹ *Stóridalur* (brann 1961), *Ásar* (1967) og *Guðlaugsstaðir* (1977).



Ljótshólar til vinstri og Eiðsstaðir til hægri. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 857; Ljósmyndasafn A-Hún.)

⁵⁶⁷ *Tíminn* 24. sept. 1959, s. 8. Þar var bærinn reyndar sagður vera í Torfalækjarhreppi og ennfremur, að húsið hefði verið „timburbygging og sum bæjarhús úr torfi“. Á Hamri var hins vegar steinsteypt einlyft hús á kjallara, skv. fasteignamati 1942. Í *Morgunblaðinu* 24. sept. 1959 (s. 2) sagði, að „nokkur hluti hússins var úr steinsteypu“. Bærinn brann til kaldra kola. Eftir því sem næst verður komið var steinhúsið byggt 1941-1943. *Heim*. Jón Gíslason 7. apríl 2019.

⁵⁶⁸ Árið 1941 var torfbær á Stóra-Búrfelli og brann hann til ösku 23. júní 1957 ásamt nýlegu, einlyftu og áföstu steinhúsi, sbr. *Tíminn* 26. júní 1957, s. 8, og *Morgunblaðið* 25. júní 1957, s. 16. Steinhúsið var sagt „nýbyggt“ sumarið 1950, sbr. *Tíminn* 10. ágúst 1950, s. 4.

⁵⁶⁹ Síðustu ábúendur á Búrfellshóli voru Sigurbjörn Björnsson og Sigurlaug Níelsdóttir, sem bjuggu þar í tvö ár um aldamótin 1900, sbr. *Vísir* 15. ágúst 1968, s. 9, og eru síðast skráð þar til heimilis 31. desember 1899.

⁵⁷⁰ *Húnaþing III*, s. 303-306.


⁵⁷¹ Torfbærinn á Geithömrum stóð á hjalla ofan túns og var byggður 1925 af Jónasi B. Bergmann, smiði á Marðarnúpi, og Sveini Geirssyni (1870-1952), húsmanni á Sólheimum, sem hlóð veggina.



Til vinstri er gamli bærinn á Stóra-Búrfelli, sem brann til kaldra kola ásamt nýlegu steinhúsi sunnudaginn 23. júní 1957, en til hægri er bærinn á Syðri-Löngumýri. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 878; Ljósmyndasafn A-Hún.)



Gamli bærinn á Eldjárnsstöðum. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Til vinstri er gamli bærinn á Geithömrum og bærinn á Ásum til hægri. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 823 og 814.)

Fornir húsaviðir í vörslu minjasafna

Í minjasöfnum er varðveitt tréverk úr þremur torfbæjum eða stökum húsum þeirra, sem fyrrum stóðu í Húnavatnshreppi. Þessi hús eru eftirtalin:



(1) Framstofa (stofuhús) torfbæjarins á *Svínavatni*. Hún var byggð úr gömlum kirkjuviðum um 1830. Bærinn var af svonefndri *norðlenskugerð*. Tréverk stofunnar var tekið til varðveislu 1965 og endurreist árið eftir af Magnúsi Gestssyni í Byggðasafninu á Reykjum í Hnútafirði sem hluti fastasýningar safnsins.⁵⁷² (Sjá nánar kafla 3.4.1.)

Svínavatn 1935, stofuhúsið lengst til vinstri. (Schweizer, Bruno (2003 III), s. 388.)

⁵⁷² Hörður Ágústsson (2000 II), s. 54.



(2) Frambærinn á *Guðlaugsstöðum*. Hann var byggður 1875 og stækkaður 1926, en mældur upp árið 1975 og 1980 og viðir hans færðir til geymslu í Þjóðminjasafni Íslands⁵⁷³ (sjá nánar kafla 3.4.8).

Gamli bærinn á Guðlaugsstöðum, (Ljósmyndasafn A-Hún.)

(3) Frambærinn í *Tungunesi*. Hann var reistur um miðja 19. öld og búið í honum til ársins 1959, er jörðin fór í eyði. Viðir frambæjarins voru teknir

ofan, merktir og fluttir til geymslu í Þjóðminjasafni Íslands árið 1988, en bakhús voru þá öll fallin. Tungunesbærinn var þá talinn „síðasti varðveitti skálabærinn fyrir utan bæinn á Keldum“ og „eina dæmi fornugerðar norðanlands“. Viðirnir voru síðan í vörslu Þjóðminjasafnsins „í þeirri von að endurreisa mætti timburverk hússins seinna meir, og gerði Guðmundur Baldur Jóhannsson það árið [1989] í geymsluhúsi Þjóðminjasafns, en síðan var húsið flutt í byggðasafnið á Reykjum í Hrutafirði fullfrágengið“.⁵⁷⁴




Bæjarhús í Tungunesi til vinstri meðan bakhúsin stóðu og búið var í bænum. Til hægri er framhúsið áður en það var rífið. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ljós. Hörður Ágústsson (2000 II), s. 85.)

⁵⁷³ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1981, s. 172; Hörður Ágústsson (2000 II), s. 112.

⁵⁷⁴ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1988, s. 234; Hörður Ágústsson (2000 II), s. 81.

Svínavatnshreppur




Myndin sýnir þá bæi í Svínavatnshreppi sem fjallað er um í húsaskránni. (Páll J. Lindal / Loftmyndir ehf.)

3.4.1 Svínavatn og Svínavatnskirkja

Staðhættir og saga

Svínavatn var höfuðból og vildarjörð að fornu og nýju, enda var jörðin 80 hundruð að fornu mati og talin sú besta í Svínavatnshreppi í byrjun 18. aldar, að prestssetrinu Auðkúlu undanskildu. Þar var



kirkjustaður og þingstaður sveitarinnar um aldir og landsímastöð lengi á síðustu öld. Jörðin dregur nafn sitt af samnefndu stöðuvatni og stendur kirkjustaðurinn í gróinni brekku undir Tungunesmúla og upp frá austur-enda vatnsins, skammt neðan Svínvetningabrautar. Á Svínavatni byggði fyrstur landnámsmaðurinn Þorgils gjallandi, skv. Landnámu, og síðar afkomandi hans, Sumarliði gjallandi, skv. Heiðarvíga sögu.⁵⁷⁵

Túnakort Svínavatns 1920. Guðmundur Jósafatsson. Kirkjan stendur beint upp frá bænum og nær hliðinni, en kirkjugarðurinn er norðvestur af henni og skammt utan við bæinn, þar sem eldra kirkjustæðið var. Framan og suðvestan við bæinn er kálgarður.

Kirkju getur fyrst á Svínavatni í Auðunarmáldaga frá um 1318. Þar var þá prestskyld með 12 sóknarbýlum, en kirkjan fremur fátæk að gripum og öðrum eigum. Á miðöldum voru hálfkirkjur a.m.k. í Sólheimum, á Guðlaugsstöðum og Tindum, en Svínavatnssókn varð síðar (um 1575) annexía frá Auðkúlu. Var henni þjónað þaðan meðan þar sat sóknarprestur, en mörg undanfarin ár frá Blönduósi. Frá árinu 1882 tilheyrðu Svínavatnssókn allir bæir í Blöndudal vestan Blöndu og sunnan Svínavatns frá Tindum, ásamt bæjunum í Sléttárdal.⁵⁷⁶



Kirkjan og gamli torfbærinn á Svínavatni um 1950. Skammt utan við bæinn og norðvestur af kirkjunni sést gamli kirkjugarðurinn með sáluhlíði og grjóthlöðnum garðveggjum. (Ljós. Páll Jónsson. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Árbók Ferðafélags Íslands 2007, s. 98.)

Í byrjun 19. aldar bjó á Svínavatni ríkiskonan Ingibjörg Björnsdóttir (1754-1830), en frá 1867 til um 1990 var jörðin í eigu og ábúð sömu ættar. Þá keypti jörðina Helgi Benediktsson (1818-1899) og bjó þar til 1896 ásamt seinni konu sinni, Jóhönnu Steingrímsdóttur (1825-1908) ljósmóður, en síðan afkomendur þeirra: Frá 1896 hjónin Jóhannes Helgason (1865-1946) og Ingibjörg S. Ólafsdóttir (1869-1954), en frá 1954 til um 1990 börn þeirra, Jóhanna (1895-1989), Elín (1897-1982), Guðmundur (1900-1991) og Steingrímur (1902-1993), sem hafði bústjórn með hendi.⁵⁷⁷ Árið 1994 var jörðin seld Kristjáni Jónssyni, bónda í Stóradal, sem nytjaði jörð og mannvirki uns hann seldi hana syni sínum,

⁵⁷⁵ Páll V. G. Kolka (1950), s. 145; *Húnaþing* II, s. 218; *Kirkjur Íslands* VIII, s. 199; *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps I*, s. 6-7.

⁵⁷⁶ *Kirkjur Íslands* VIII, s. 199-200; *Húnavaka* 34. árg. 1994, s. 74-75.

⁵⁷⁷ *Húnavaka* 32. árg. 1992, s. 214-215, 34. árg. 1994, s. 209-211; *Húnaþing* II, s. 218.

Bjarka Kristjánssyni, árið 2000. Frá 2005 hafa Bjarki og eiginkona hans, Erla Gunnarsdóttir, búið þar og rekið fyrirtækið Húsherja ehf.⁵⁷⁸



Horft heim að Svínavatni um miðja 20. öld. (Ljós. Páll Jónsson. Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 888.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn á Svínavatni sagður með fimm þiljum að hlaði og hélt í stórum dráttum því formi og öðru svipmóti allt til þess að hann var rifinn um og eftir 1966. Bærinn var af svokallaðri *norð-lenskugerð*, skv. skilgreiningu Harðar Ágústssonar fræðimanns.⁵⁷⁹ Um aldur hans verður ekkert sagt



umfram það, að *stofuhús* eða *framstofa* bæjarins (með timburhálfþili og stafnglugga), voru talin reist um 1830 og smíðuð upp úr viðum gömlu torfkirkjunnar á Svínavatni, sem rifin var þegar ný torfkirkja var byggð 1825.⁵⁸⁰

Gamli burstabærinn á Svínavatni. Húsin 5 eru þessi, talin frá vinstri: 1) Stofuhúsið með geymslulofti (nú varðveitt á safni), en gengið var úr því í hlóðældhús baka til. 2) Bæjardyr, sem gengt var úr í stofu og geymsluskála. 3) Geymsluskáli með lofti. 4) Skemma. 5) Smíðja. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Húsabak gamla torfbæjarins, baðstofan til hægri. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Í fasteignamati 1916-18 voru bæjarhúsin sögð „flest gömul og sum mjög léleg“ og árið 1930 var bærinn „gamall og hrörlegur“. Honum var þannig lýst árið 1940: „Torfbær gamall. *Baðstofa* (norðurendi) 3,8 × 3,7 × 2,4 m = 34 m³, alþiljuð, útveggir torf, upprefti og torf, slegið neðan á sperrur (hvelving), nokkuð gölluð af fúa. *Baðstofa* (suðurendi) torfveggir, þak fjal-

viður og torf, að mestu þiljuð, skipt í tvennt með timburskilrúmi, mjög hrörleg, stærð 8 × 3 × 2 m = 48 m³. *Eldivélarhús* að mestu þiljað, 2,5 × 2,5 × 2 m = 12 m³. *Búr* óþiljað, fjalrefti og járn undir torfi, 5 × 2,5 × 2 m = 12 m³. *Hlóðahús*, torfhús óþiljað, 5 × 3 × 2,2 m = 33 m³. *Stofa* með lofti, alþiljuð, timburstafrn ofan fyrir glugga, timbursúð og torfþak, 4,5 × 3 × 2,5 m = 34 m³. *Bæjardyr* með timburstafrni, óþiljaðar 4,1 × 2,3 × 2,5 m = 23 m³. *Göng til baðstofu*, óþiljuð, uppreft 7,5 × 1 × 2 m = 15 m³. *Skáli*

⁵⁷⁸ Heim. Jón Gíslason 15. febr. 2019; Heim. Kristján Jónsson 18. febr. 2019.

⁵⁷⁹ Hörður Ágústsson (2000 II), s. 313.

⁵⁸⁰ Morgunblaðið 31. ágúst 1967, s. 12; Tíminn 16. júlí 1967, s. 7.

með lofti og þilstafni $5 \times 3 \times 2,4 \text{ m} = 36 \text{ m}^3$. Skemma $5 \times 3 \times 2,5 \text{ m} = 37 \text{ m}^3$, torfveggir, timburstafn, hrörleg. *Smiðja*, torfhús með þilstafni, snöruð $3,7 \times 2,5 \times 1,8 \text{ m} = 16 \text{ m}^3$.“



Stofan á Svinavatni. Til vinstri framstafn hússins, nokkru áður en það var tekið niður, en til hægri innanbúnaður stofunnar, eftir að hún var sett upp í safninu á Reykjum í Hrótafirði. (Ljós. Auðun H. Einarsson / Hörður Ágústsson (2000 II), s. 55.)

Varðveitt stofuhús frá um 1830

Á árunum 1951-1952 létu Steingrímur Jóhannesson og móðir hans reisa nýtt steinsteypt íbúðarhús og völdu því stað spölkorn utan (norðvestan) við kirkjuna, upp af gamla kirkjugarðinum. Húsið var byggt af Kristjáni Gunnarssyni (1903-1986), trésmíðameistara á Blönduósi (Stígandi hf.).⁵⁸¹ Það er einlyft á steinsteyptum kjallara, portbyggt með risi og mænispaki, 108 m^2 að grunnfleti og 744 m^3 að stærð. Húsið var upphaflega með kvisti á austurhlið, en við endurbætur á húsinu hafa núverandi ábúendur, Bjarki og Erla, bætt við kvisti á vesturhlið, jafnframt því að klæða húsið að utan með báraújárnsklæðingu. Jafnframt hafa þau breytt fjósi og kjallara hússins í gistirými og fjárhúshlöðu í trésmíðaverkstæði fyrir starfsemi Húsherja ehf.⁵⁸²



Svinavatn og Svinavatnskirkja í janúar 1973. (Pl. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/283.)

Með byggingu þess lauk búsetu í gamla torfbænum, sem þó stóð og beið örlaga sinna um mörg næstu ár. Fyrir forgöngu Þjóðminjavarðar og forráðamanna Bygðasafns Húnavetninga og Stranda-
manna á Reykjum var fornt *stofuhús* (*framstofa*) bæjarins tekið niður haustið 1965 af Þjóðminjaverði og tveimur starfsmönnum Þjóðminjasafnsins. Stofan var í vestustu burst frambæjarins og þótti glæsi-

⁵⁸¹ Pl. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/283.

⁵⁸² Heim. Jón Gíslason 15. febr. 2019.


legt hús á sinni tíð, enda var hún m.a. notuð sem þinghús sveitarinnar. Árið 1966 var stofan sett upp í safninu á Reykjum af Magnúsi Gestssyni sem hluti af fastasýningu safnsins. Gáfu Svínavatnssystkinin stofuna og ýmsa gripi úr gamla bænum.⁵⁸³



Á myndinni til vinstri er horft í suðurátt frá núverandi kirkjugarði við Svínvetningabraut niður að íbúðarhúsinu, sem byggt var norðan við kirkjuna 1952. Sunnan og ofan við hana eru fjárhús og hlaða, en allnokkru neðar í túninu eru fjós og hlaða, nærri gamla bæjarstæðinu. Til hægri er horft yfir Svínvatn heim að kirkjustaðnum úr suðvestri. (Ljós. Guðmundur Ingólfsson, Ímynd. Kirkjur Íslands VIII, s. 198 / Páll J. Líndal, 2015.)

Svínvatnskirkja

Svínvatnskirkja var bænda eign til 5. nóvember 1948, er söfnuðurinn tók við henni til eignar og um-



sjár af Ingibjörgu Ólafsdóttur húsfreyju. Eins og áður segir getur fyrst um kirkju á Svínvatni í ritheimildum (Auðunarmáldaga) um 1318 og var hún helguð Pétri postula. Árið 1825 lét jarðeigandinn, Ingibjörg Björnsdóttir (1754-1830), byggja torfkirkju í sex stafgólum, 6 × 15 álnir að stærð innan þilja, en úr viðum eldra kirkjuhússins var að sögn smíðuð sú framstofa torfbæjarins, sem fyrr er lýst.⁵⁸⁴

Grunnmynd og langskurður Svínvatnskirkju í mkv. 1:100. Mælt og teiknað af Ragnheiði Aradóttur arkitekt og Kára Steinari Kárasyni verkfræðingi. (Kirkjur Íslands VIII, s. 2003.)

Torfkirkjan þjónaði sókninni fram yfir 1880, en árið 1878 hóf Helgi Benediktsson (1818-1899) kirkjubóndi að undirbúa byggingu timburkirkju í stað hinnar eldri með grjóftflutningi að nýju kirkjustæði, eilítið austan og ofan við bæinn. Samtímis réð hann kunnan snikkara til að smíða kirkjuna fyrir fast verð. Sá var Friðrik Pétursson (1841-1879), fjölhæfur báta- og húsmiður, sem áður hafði m.a. unnið að smíði Höskuldsstaðakirkju (1874-1877) og við innansmíði og málun Þingeyrakirkju (1877). Hann hóf smíði Svínvatnskirkju 1879 og var nálega hálfnaður með verkið, þegar hann féll frá á aðfangadag sama ár. Til að ljúka smíðinni var fenginn Árni Hallgrímsson (1830-1891), trésmiður á Steinsstöðum í

Öxnadal, sem var um þessar mundir til heimilis á Kornsó, þar sem hann vann að smíði íbúðarhússins

⁵⁸³ Árbók Hins íslenska fornleifafélags 63. árg. 1966, s. 154-155, 64. árg. 1967, s. 137-138, 65. árg. 1968, s. 126-132; Hörður Ágústsson (2000 II, s. 54.); Fornleifaskráning Húnavatnshrepps I, s. 10, en þar er stofan sögð 4,1 m á lengd og 2,8 m á breidd með 1,95 m lofthæð.

⁵⁸⁴ Kirkjur Íslands VIII, s. 199-204.

(sjá kafla 3.1.18). Vann Árni síðan að smíði kirkjunnar ásamt fleirum til 1881 og kann hann því að hafa mótað kirkjuna að nokkru leyti. Kirkjan var vígð hinn 5. nóvember 1882.⁵⁸⁵



Svínavatnaskirkja um miðja síðustu öld. (Ljósmynd. Páll Jónsson. Ljósmyndasafn A-Hún.)

Lýsing kirkjunnar

Kirkjan er timburhús og öll undir sama formi, þ.e. kór og framkirkja, 8,27 m að lengd og 5,73 m á breidd. Upphaflega stóð hún á grjóthlöðnum og ósteinlímdum grunni. Húsið er samsett með bindingsverki og klætt utan með listapili. Þakið er krossreist og var upphaflega lagt plægðri og listaðri rennisúð, en járnklætt fyrir 1916/18. Upp af framstafni og tveimur fremstu stafgólfum er lágur og ferstrendur turn með íbjúgu píramítaþaki, sem stendur á breiðum stalli með ferstrendu og bryggjumynduðu þaki. Á hvorri

langhlið hússins eru tveir sex rúðna gluggar og einn minni á framstafni. Á turni er ennfremur sex rúðna gluggi á framhlið og hljómpop með hlera fyrir á hvorri hlið. Framan við kirkjudyr eru trétröppur með fjórum tröppum og handriðum (frá 1999). Yfir fremri hluta framkirkju er setuloft, en í öllu húsinu er bogadregin hvelfing.⁵⁸⁶



Myndin til vinstri mun vera tekin um miðja síðustu öld, en sú til hægri fyrir 1970. Á henni sést í suðurgafli íbúðarhússins. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 883 / Ljósmyndasafn A-Hún.)

Nánari lýsingu á ytri og innri gerð kirkjunnar, byggingar- og viðhaldssögu hennar er að finna í ritinu *Kirkjur Íslands VIII* (s. 201-209), ásamt uppdráttum Ragnheiðar Aradóttur arkitekts og Kára Steinars Karlssonar verkfræðings af kirkjunni í núverandi mynd. Umtalsverðar viðgerðir fóru fram á húsinu árið 1970, þar sem m.a. var steypdur sökkull undir kirkjuna í stað upphaflegs grunnmúrs. Frá 1992 hafa ennfremur verið gerðar ýmsar minniháttar lagfæringar á kirkjunni.

Enn mótar glögg fyrir gamla kirkjugarðinum og föllnum grjóttveggjum hans norðvestur af kirkjunni, en á safnaðarfundum árið 1922 var ákveðið að efna til nýs 120 ferfaðma kirkjugarðs í holti alllangt norðan við kirkjuna, utan og ofan við heimatúnið og neðan Svínvetningabrautar. Garðurinn var síðar stækkaður um allt að helming til suðurs og umgirtur með steinhlöðnum garði á tvo vegu. Á árunum

⁵⁸⁵ *Kirkjur Íslands VIII*, s. 202; *Húnavaka* 48. árg. 2008, s. 100-102; www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/569. Friðrik var þá skráður húsmáður á Svínavatni og flutti þangað með konu og börn 1878.

⁵⁸⁶ *Kirkjur Íslands VIII*, s. 202-209; Þí. Fasteignamat 1916-1918.

2008-2009 var garðurinn sléttaður með sandi og mold og sáð í hann grasfræi, án þess að hróflað væri við leiðum, svo að nú er garðurinn slétt grasflöt. Einnig endurhlóð Benjamín Kristinsson grjóttvegg á vesturhlið hans í upphaflegri mynd. Í eldri hluta garðsins er vöxtulegur trjálundur og umhirða garðsins öll hin besta eftir gagngerar umbætur.⁵⁸⁷



Svínavatnaskirkja 2015 og 2007 (innan dyra). (Ljós. Páll J. Lindal / Guðmundur Ingólfsson / Ímynd. Kirkjur Íslands VIII, s. 209 (kirkjan að innan).)

Svínavatnaskirkja – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1879-1881	Upphafleg notkun:	Sóknarkirkja
Fyrsti eigandi:	Helgi Benediktsson	Núverandi notkun:	Sóknarkirkja
Hönnuður:	Friðrik Pétursson		
Yfirsniðir:	Friðrik Pétursson og Árni Hallgrímsson		

Húsgæði	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbeytt	
Þakklæðning:	Listasúð / pappi	Bárujárn	Þakið var járnklætt fyrir 1916.
Grunnmúr:	Grjóthlaðinn	Steinsteyptur	Sökkull var steyptur á árunum 1968-1970.
Stærð:			8,27 × 5,73 m.
Turn:	Ferstendur á stalli		Lágur turn með íbjúgu píramítapaki.

⁵⁸⁷ Kirkjur Íslands VIII, s. 200-201; Heim. Jón Gíslason 15. febr. 2019.

Reykháfur: Steinsteyptur Horfinn
Útitröppur: Timbur

Reykháfur frá 1929 var rifinn á árunum 1968-1970.
Voru síðast endurnýjaðar 1999.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Kirkjan er öll í sama formi með framkirkju og kór í einu rými, krossreistu þaki og lágum, ferstrendum turni á breiðum stalli.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Kirkjan er <i>elsta timburkirkjan í Húnavatnshreppi</i> og sú einasta á landinu, sem telja má höfundarverk Friðriks Péturssonar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Kirkjan setur staðarlegan svip á bæjarstæðið, en er afar aðþrengd af nærliggjandi húsum svo að hún nýtur sín ekki sem skyldi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Kirkjan er að mestu í upprunalegri gerð nema það helst, að þakið er klætt bárujárni í stað listasúðar og steinsteyptur sókkull er kominn í stað grjóthlaðins grunnmúrs.
Tæknilegt ástand:	Gott	Kirkjan er í góðu ásigkomulagi og vel hirt.
Varðveislugildi:	Hátt	Kirkjan er sóknarkirkja og friðuð samkv. lögum.
Niðurstaða varðveislumats:		Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og friðlýst 31. desember 2012 skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3.4.2 Sólheimar

Staðhættir og saga

Sólheimar eru næsta jörð vestan við kirkjustaðinn Svínavatn undir Sólheimahálsi, í aflíðandi halla mót suðvestri upp frá miðju vatninu. Bæjarstæðið er skammt neðan Svínvetningabrautar í um 250 m hæð yfir sjó. Skáhallt suður af bænum og niðri við vatnið er Beigaðarhóll, þar sem göltur Ingimundar gamla sprakk eftir að hafa synt yfir vatnið.⁵⁸⁸




Túnakort Sólheima 1920. Guðmundur Jósafatsson.

Jörðin hefur verið í eigu sömu ættar frá 1867, er hjónin Ingvar Þorsteinsson (1838-1916) og Ingiríður Pálmadóttir (1815-1886) frá Sólheimum eignuðust hana. Sonur Ingvars og seinni konu hans, Kristínar Gísladóttur (1857-1901), var Þorleifur (1900-1982), sem bjó í Sólheimum frá 1922 til 1970 ásamt konu sinni, Sigurlaugu Hansdóttur (1889-1980). Ábúendur frá 1963 eru Ingvar (1930-2016) sonur þeirra og Sigríður Ingimundardóttir (1936-), ásamt Þorleifi syni þeirra og konu hans, Kristínu Láru Árnadóttur.⁵⁸⁹

Horfin bæjarhús

Ingvar Þorleifsson ritaði afar greinargóðar lýsingar á þeim tveimur torfbæjum, sem stóðu í Sólheimum frá öndverðri 19. öld til ársins 1952, er sá yngri var rifin.⁵⁹⁰ Lýsingin á þeim eldri er byggð á úttekt, sem gerð var árið 1848, og er svohljóðandi:

Byggingunni má skipta í tvennt. Framhús og bakatil stóð baðstofan. Bæjardyr voru til vesturs og þil að framanverðu. Þrjár burstir lágu frá norðri til suðurs en eitt hús frá vestri til austurs. Á því var inngangur í húsið. Dyrnar voru víðar. Þegar inn úr þeim var komið var hægt að ganga til vinstri til stofu sem var um 11 fermetrar að flatarmáli. Á stofunni voru tveir sexrúðu gluggar og var hún alþiljuð í hólfi og gólf. Rúm



var í stofunni og stigi lá upp á loftið úr henni. Innar á ganginum var herbergi, kallað í úttektinni búrhús en mun hafa verið notað sem eldiviðargeymsla lengst af. Hinum megin gangsins voru tvö stór herbergi, annars vegar eldhús og hins vegar búr. Fyrir enda gangsins var gengið til baðstofu. Hún var 13 álnir að lengd. Þess er einnig getið í úttektinni að skemma hafi verið norðan bæjarins, 9 x 5 álnir með timburstafni í vestur og þar fyrir norðan annað geymsluhús, 7¼ x 5 álnir.⁵⁹¹

Torfbærinn í Sólheimum skv. úttekt 1848. (Húnavaka 38. árg. 1998, s. 60.)

Síðari torfbæinn í Sólheimum lét Ingvar Þorsteinsson byggja í áföngum á árunum 1875-1880. Bærinn stóð eins og fyrr segir allt til ársins 1952 og búið í honum uns flutt var í nýtt íbúðar-

⁵⁸⁸ Páll V. G. Kolka (1950), s. 147; *Húnaþing* II, s. 219; Jón Torfason (2007), s. 98.

⁵⁸⁹ *Íslendingaþættir Tímans* 15. árg., 41. tbl., 20. okt. 1982, s. 5-6; 44. tbl., 10. nóv. 1982, s. 1-2.

⁵⁹⁰ Ingvar Þorleifsson (1998), s. 57-64.

⁵⁹¹ Ingvar Þorleifsson (1998), s. 59 og 61.

hús, sem byggt var 1950. Hér skal í fyrstu birt ítarleg lýsing Ingvars Þorleifssonar á bænum,⁵⁹² en síðan glefsur úr fasteignaúttektum.

Hann var byggður af meiri efnum en sá gamli [...] og var hann mikið mannvirki síns tíma. Timbrið var allt rekaviður, fluttur á klökkum frá Skagaströnd. Flutningurinn hefur verið erfiður því timbrið var mikið og sumt stór tré sem varð að hafa í drögum á hestum og hefur líklega verið flutt á ís um vetur. Versti farar-tálminn var Blanda en yfir hana var farið á vaði, varð þá að láta hestana vaða upp í strauminn svo drögurnar settu hestana ekki um. Hef ég heyrt að 10-12 hestar, allir gráir, hafi verið í stöðugum lestarferðum heilt sumar í timburflutningum. Mikið verk og vandasamt hefur verið að hlaða torfveggina en þeir voru þykkir og háir svo ekkert smáræði hefur þurft af torfi og grjóti í þá. Útveggirnir voru þykkir neðst en smá mjókkuðu upp. Þeir voru hlaðnir í lóð að innan en höfðu fláa að utanverðu. Að neðan var mikið grjót í veggnum og torflög á milli en er ofar kom í veggnum minnkaði grjóthleðslan og efst var eintómt torf.

Ekki mun bærinn hafa verið allur í smíðum í einu heldur teknir fyrir hlutar af honum og var fyrst hafin smíði á baðstofunni en við hana var þó bætt síðar einu stafgólfi til norðurs. Baðstofan var sérstök heild í bænum, sneri þvert við frambæinn og lá nærri stefnu frá suðri til norðurs. Þykkir torfveggir voru að henni á allar hliðar, um þriggja álna þykkir. Baðstofan stóð nokkru hærra en meginbærinn og voru tvær tröppur upp í hana. Dyr voru nálægt miðju að vestan. Gluggar voru fremur litlir með sex rúðum hver. Voru fimm á austurhliðinni og þykkir torfkampar mynduðu gluggakistuna, settist oft snjór þar í. Öll var baðstofan þiljuð í hól og gólf, sperrureist. Komu sperrurnar saman í þvertré efst. Stoðir við veggj náðu í öxl á fullorðnum manni en risið var mikið. Ofan á súðinni var hríslag og síðan torfþak. Öll var baðstofan sjö stafgólf. Hvert stafgólf var um ein rúmlengd og víða voru föst rúmstæði út við veggina.

Sperrurnar komu niður úr súðinni og þverböndin á þær. Súðin var síðan timburklædd. Myndaðist því bil milli súðar og sperranna, kallað sperrubil. Þar var gott að geyma ýmsa hluti, svo sem blöð og bækur

og margt fleira. Lausholt voru út við veggina, var þar líka góður geymslustaður fyrir ýmislegt smávegis, væru þau ekki þiljuð.

Málverk af gamla torfbænum í Sólheimum, þ.e. frambænum og skemmu. Lengst til hægri er syðstaröð (stofa með lofti, búri og eldavélarhúsi á grjóthlöðnum kjallara), síðan miðröð (svefnherbergi og eldavélarhús) og norðurröð (stofa með lofti, bæjardyr, hlóðaeldhús og göng til baðstofu). Lengst til vinstri er skemma með stafni og annarri langhlið af timbri. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 873.)



Baðstofunni var skipt í þrjú hús, norðurhús, miðhús og suðurhús. Suðurhúsið var tvö stafgólf á

lengd og málað þegar ég man fyrst eftir. Allstór gluggi var á suðurstafni en hann var úr timbri ofan til miðs. Herbergið var notað sem svefnherbergi og var í því kolaofn. Miðbaðstofan var upphaflega þrjú stafgólf en síðustu árin var nyrsti hluti hennar hólfaður af og gerður að eldhúsi. Inngangurinn í miðbaðstofuna var þar og stóð klæðaskápur til hægri handar þegar inn var gengið. Fjalir voru uppi yfir innganginum og skápnunum og mynduðu stóra hillu þar sem ýmislegt var geymt og kenndi þar margra grasa. Þrjú föst rúm voru lengst af í baðstofunni, tvö sitt með hvorum vegg suður við skilrúmið að suðurhúsinu og eitt við vegginn móti innganginum. Norðurhúsið var tvö stafgólf og tveir gluggar til austurs eins og á baðstofunni. Norðurhúsið var notað sem eldhús eins og áður er sagt.


Gangurinn fram bæinn var langur og dimmur því aðeins einn gluggi var á honum að framan yfir bæjardyrnum og hann lítill. Ganginum var skipt í þrennt með hurðum, þó var síðast ekki nema ein hurð í, kölluð skellihurð. Eins og nafnið ber með sér lokaðist hún sjálfkrafa á hæla þess sem um hana gekk. Hékk lóð í trissu sem dró hurðina að stöfum. Hurðin var innarlega á ganginum, næst baðstofuhurðinni. Sá hluti gangins var með torfvegg á báðar hliðar en gólfið var úr timbri. Um miðbik gangins var gólfið steypt og þiljað til hliða og lofts. Þar yfir myndaðist geymslupláss sem var hægt að nýta úr hlóðaeldhúsinu og kompunni. Var plássið kallað fjalir eða fjalaloft.

⁵⁹² Ingvar Þorleifsson (1998), s. 61-64.

Útidyrnar voru tvær vængjahurðir og framan við þær var síðar byggður skúr, nokkurs konar forstofa. Í miðhluta bæjarins var maskínuhúsið, það var upphaflega lítið en stækkað þegar veggur, sem lá þvert yfir suðurbæinn, var rifinn, voru þá stundum tvö eldhús þar, kölluð innra og fremra eldhús. Í fremra húsinu var moldargólf en því innra trégólf. Gluggar voru á mæni. Loft og veggir voru þiljaðir nema veggurinn inn við baðstofuna, þar var gengið niður í kjallara. Í maskínuhúsið var vatnsleiðslan fyrst lögð en síðan flutt um bæinn eftir þörfum. Úr fremra maskínuhúsinu var stigi upp á svokallað kattaloft. Kattaloftið var mjög lágt. Ekki hærra en það að maður varð að vera á hnjánum til að reka sig ekki uppundir. Það var þiljað í hólf og gólf og notað sem geymsla. Gluggi var á því og vissi fram á hlaðið. Kamesið var undir kattaloftinu og var það notað sem svefnherbergi. Gluggi var á herberginu sem var fram á hlaðið. Dyr voru af ganginum inn í kamesið og þaðan inn í suðurstofuna. Undir syðsta risinu var kjallarinn. Hann var hlaðinn úr höggnu grjóti, svo vel að varla var hægt að koma hendi milli steinanna þó veggirnir væru úr eintómu grjóti. Kjallarinn var ekki grafinn fyrr en um aldamótin 1900.

Búrið var syðst og innst í syðsta risinu. Inn í það var gengið úr maskínuhúsinu. Búrið var allt þiljað að innan og hillur og bretti voru á suðurvegg. Sverir bitar lágu gegn um það þvert, sem hægt var að hengja á ýmislegt matarkyns og áhöld. Gluggi var á mæni. Búrið var notað sem borðstofa. Þar var geymt leirtau og annað sem þurfti til daglegra nota við matseld og annað. Úr búrinu lágu dyr inn í litla eldhúsið, það var framan við búrið. Litla eldhúsið var lengi notað þegar margbýlt var á jörðinni. Úr því lá stigi upp á suðurloftið. Suðurloftið var þiljað innan, heldur lægra en norðurloftið en þó vel manngengt í mæninum. Gluggi var á því sem vissi fram á hlaðið. Suðurloftið var notað sem svefnherbergi og síðar sem geymsla.

Herbergjaskipan í Sólheimabænum var með þessu sniði áður en hann var rifinn 1952. (Húnavaka 38. árg. 1998, s. 58.)



Suðurstofan var stærsta og veglegasta herbergið í bænum. Hún var fremst undir suðurrisinu. Hún var máluð innan með skærum litum, bláum og hvítum. Hurðir og innbyggður skápur með vönduðum spjöldum í hurðum en handföng voru úr kopar eða látúni. Tveir gluggar voru á stofunni sem gerðu hana bjarta og sólríka. Til að komast inn í stofuna varð að fara í gegn um kamesið en einnig voru dyr á henni inn í litla eldhúsið. Öll loft í stofunni voru tvöföld og úr nótuðum við. Stofan var því vel einangruð frá öðrum hlutum hússins. Suðurstofan var notuð fyrir gesti og einnig til funda- og samkomuhalda og gegndi hún því hlutverki til hinustu stundar.

Veggurinn framan við baðstofuna var um þrjár álnir á þykkt og mjög hár að framan. Næst framan við baðstofuna, að norðan við ganginn, var hlóðældhúsið, það var undir sama risi og gangurinn en hann var þiljaður úr því að sunnan, voru mjög sverar stoðir í grindinni. Í eldhúsinu voru tvennar hlóðir meðfram veggnum að austan en norður úr veggnum lá trérenna út í hlandfor sem var norðanundir veggnum. Hlóðældhúsið var klætt til háls í loftið, með bitum og þverslám til að hengja á. Þar var reykt kjöt og geymdur margs konar búsmatur. Tveir stórir strompar voru á mæni og tveir litlir gluggar á þakinu niður undir vegg að norðan. Svart og sótuft var þar um að litast. Gólfíð troðið moldargólf og hlóðirnar úr stórum hellum.

Framan við hlóðældhúsið var upphaflega þykkur veggur en til þess að auka pláss var hann rifinn og plássíð, sem þá myndaðist, notað sem geymsla, vanalega kölluð kompan. Inn í kompuna var gengið af ganginum, kompan var gisþiljuð, með moldargólfi og torfvegg að norðan. Á henni var gluggi á mæni. Úr kompunni var langur stigi upp á norðurloft en áður en kompan kom til var stigi úr stofunni upp á loftið. Norðurstofan var framan við kompuna og var gengið inn í hana af ganginum. Tveir gluggar vísuðu fram á hlaðið og var hún því björt.

Þilið að framan var tvöfalt og stoppað í með spónum og sagi eins og öll framþilin. Loftið yfir stofunni var vel manngengt og þiljað í hólf og gólf. Á loftinu var sofið þegar margt var í heimili og einnig sem geymsla fyrir kornmat og annað matarkyns.

Árið 1910 var bærinn í Sólheimum sagður með 5 heilpiljum og einu hálfbili, en skv. fasteignamati 1916/18 voru bæjarhúsin sögð „nokkuð gömul, en stór og sterkbyggð og mikið þiljuð, flest vel stæðileg“. Bjarni Jónasson í Blöndudalshólum lýsti bænum þannig í minningabók sinni:

Húsakynni voru á þessum tíma meiri og rýmri í Sólheimum en víðast annars staðar. Voru tvær stofur og svefnherbergi í frambæ, baðstofunni var þrískipt og voru herbergin rúmgóð. Eldhús voru tvö, auk hlóðahúss, og mjög stórt sameiginlegt búr þar sem heimafolk mataðist. Kjallari var auk þess undir hluta bæjarins. Var byggingin talin glæsileg á þeim tíma, en því miður afar köld. Mun þó einhver upphitun hafa verið í baðstofu.⁵⁹³

Árið 1930 var bærinn sagður „gamall, en stæðilegur“ í þremur húsaröðum, ásamt skemmu og smiðju. Svohljóðandi lýsing var gefin á bænum 1940: „Bær úr torfi og timbri. *Baðstofa* alþiljuð, timbursúð og torf, $13,2 \times 2,8 \times 2,2 \text{ m} = 82 \text{ m}^3$, skipt í fjögur herbergi með timburskilorúmum. Eitt herbergi málað, sterkviðuð en dálítið biluð, um 50 ára gömul. *Frambær*, þrjár húsaðir, stafnar úr timbri, útveggir torf og grjót, torfþak, mikið gallað. Syðstaröð: Stofa með lofti, búr og eldavélarhús. Miðröð: Svefnherbergi og eldavélarhús. Norðurröð: Stofa með lofti, bæjardyr, hlóðahús og göng til baðstofu. Stærð frambæjar: $10,7 \times 8,8 \times 2,5 \text{ m} = 235 \text{ m}^3$. Kjallari grjóthlaðinn undir suðurröð 30 m^3 . Önnur bæjarhús: Skemma $6 \times 3,8 \times 3 \text{ m} = 69 \text{ m}^3$, torfveggir á tvo vegu, timburhlið og stafn, þak, upprefti og torf.“



Framþil gamla torfbæjarins í Sólheimum. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 877.)

Framþil gamla torfbæjarins í Sólheimum. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 877.)

Íbúðarhús

Árið 1950 létu Þorleifur Ingvarsson og Sigurlaug Hansdóttir byggja einlyft timburhús með fremur lágu risi og mænisþaki, 104 m^2 að grunnmáli og 359 m^3 .⁵⁹⁴ Í húsið var notað timbur úr gamla torfbænum, sem rifinn var 1952.⁵⁹⁵ Ekki er kunnugt um hönnuð nýja hússins, en yfirsmiður þess var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.). Nokkrum árum síðar var húsið múrhúðað (forskalað) að utan og síðan klætt með járni laust eftir 1980, ásamt því að gluggum var breytt.⁵⁹⁶ Þá hefur verið byggð glerjuð sólstofa áföst suðurhlið hússins. Svipmót hússins er því talsvert breytt frá upphaflegri mynd.



Til vinstri íbúðar- og útihús í Sólheimum um 1977 og sumarið 2015 á myndinni til hægri. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Páll J. Lindal.)

⁵⁹³ *Vorþeyr og vébönd*, s. 13-14.

⁵⁹⁴ Skv. *Húnaþingi II*, s. 219, en $112,3 \text{ m}^2$ skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018.

⁵⁹⁵ Ingvar Þorleifsson (1998), s. 64.

⁵⁹⁶ *Heim*. Unnar Rafn Ingvarsson 1. apríl 2019.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1950
 Fyrstu eigendur: Þorleifur Ingvarsson
 og Sigurlaug Hansdóttir
 Hönnun: Óþekkt
 Yfirsmiður: Kristján Gunnarsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Timbur	Timbur/járn
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Stærð	104 m ²
	Reykháfur	Horfinn
	Gluggar	Breyttir

Helstu einkenni/breytingar

Húsið var múrhúðað að utan og síðan heilklætt með trapizujárni laust eftir 1980.

Húsið er nú 112,3 m² með viðbyggðri sólstofu.

Gluggar voru endurnýjaðir með einpósta gluggum um leið og húsið var klætt að utan laust eftir 1980.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Lágt
 Menningarsögulegt gildi: Lágt
 Umhverfisgildi: Miðlungs
 Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Gott
Varðveislugildi: Lágt


Niðurstaða varðveislumats:

Einföld formgerð án listrænna stíleinkenna.
 Húsið hefur þjónað hlutverki sínu frá upphafi.
 Húsið myndar góða heild með nálægum útihúsum.
 Húsið heldur að talsverðu leyti upprunalegu svipmóti þrátt fyrir breytingar á klæðningu og gluggum.
 Húsið er í góðu ásigkomulagi og vel hirt.
 Húsið hefur takmarkað varðveislugildi með tilliti til byggingarlistar og menningarsögulegs hlutverks.
 Æskilegt væri að húsið yrði mælt upp og teiknað, ef ekki eru varðveittar upphaflegar teikningar.

3.4.3 Tindar

Staðhættir og saga

Tindar eru fornt býli og nyrsta jörð í Svínavatnshreppi austan Svínavatns. Bærinn stendur austan við Svínvetningabraut í aflíðandi halla vestan í Sólheimahálsi, þar sem hann hefur að miklu leyti runnið saman við jafnlendið. Austur af bænum er skammur vegur að eyðibýlinu Gunnfríðarstöðum. Á Tindum var hálfkirkja á miðöldum og stóð þar enn guðshús árið 1706, þótt messuhald væri löngu aflagt. Kirkjutóftin var lengi sjáanleg syðst og neðst í heimatúninu, kölluð Gníputóft, en sléttuð út snemma á síðustu öld.⁵⁹⁷



Túnakort Tinda 1920. Guðmundur Jósafatsson. Bærinn er austast í túninu og framan við hann stór kálgarður.

Ábúendur á Tindum frá 1899 til 1909 voru hjónin Hinrik Magnússon (1851-1929) og Sólveig Eysteinsdóttir (1862-1914), en frá 1909 til 1943 hjónin Guðrún Erlandsdóttir (1886-1966) og Sigurjón Þorláksson (1877-1943) smiður og bóndi. Árið 1944 tóku við jörðinni Kristín (1915-1992) dóttir þeirra og Lárus G. Sigurðsson (1906-1983), en síðan sonur þeirra, Sigurjón

Bjarklind (1937-2001), sem bjó þar frá 1959 til æviloka.⁵⁹⁸ Núverandi ábúendur á Tindum eru Ingi-björn E. Sigurjónsson og Kristín Rós Sigurðardóttir, systurdóttir Sigurjóns og eigandi jarðarinnar.

Horfin bæjarhús

Um aldamótin 1900 voru bæjarhúsin á Tindum þessi: *Baðstofa* 14½ × 5½ alin í 5 stafgólfum, alþiljuð með fjalagólfi. *Stofa* 6 × 5 álnir í 2 stafgólfum, alþiljuð með lofti og þili framan undir með 6 rúðna glugga. *Bæjardyr* í 2 stafgólfum, 4¾ × 6 álnir, með portbyggðu lofti, afþiljuðu kamersi og þili framan undir með tveimur gluggum. *Búrhús* 5 × 5½ al. í 2 stafgólfum. *Eldahús* 7½ × 6½ al. í 3 stafgólfum. *Skemma* 6 × 5¾ al. í 3 stafgólfum með þili framan undir. *Salerni* austur úr eldhúsi. *Gangur* úr göngum til baðstofu, 3 × 1½ alin. *Fjós* yfir 6 nautgripi með áföstu *brunnhúsi*. *Smiðja* með þili framan undir.⁵⁹⁹



Torfbærinn á Tindum. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 893.)

Skv. úttekt 1909 var baðstofan endurbyggð og stækkuð lítillega árið 1905, en einnig var þá kynntur til sögu *skáli* með *útidragangi*, 5 × 6 ½ al. að stærð. Húsaskipan var að öðru leyti lítið breytt.⁶⁰⁰ Árið 1910 var bærinn sagður með þremur heilþiljum og einu hálfþili. Samkvæmt fasteignamati 1916/18 voru sum bæjarhúsin þá orðin gömul, en „sum ný og flest stæðileg“. Árið 1930 var bærinn „stæðilegur“ og meðal peningshúsa var steinsteypt „safnfor“ eða safnþró (17 m³), sem að líkindum var byggð fyrir 1916.


⁵⁹⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 150; *Húnaþing* II, s. 223; Jón Torfason (2007), s. 100.

⁵⁹⁸ *Húnavaka* 7. árg. 1967, s. 171-172; 42. árg. 2002, s. 186-187.

⁵⁹⁹ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Svínavatnshrepps 1880-1922 (úttektir 1894 og 1902).

⁶⁰⁰ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Svínavatnshrepps 1880-1922 (úttekt 1909).

Árið 1940 var bænum þannig lýst: „Bær úr torfi og timbri. *Baðstofa*, torfveggir og þak, timbursúð í helmingi, hitt uppreft og slegið neðan á sperrur (hvelving), alþiljuð 3 herbergi, eitt þeirra málað, ekki gömul, gott hús, $10 \times 4 \times 2,5 \text{ m} = 100 \text{ m}^3$. *Stofa* með lofti, þilstafn, timbursúð og torf. Loft og stofa alþiljað, stofan máluð $4,2 \times 4 \text{ m}$. Vegg hæð $2,7 \text{ m}$, rishæð $1,6 \text{ m}$. Stærð 60 m^3 . *Bæjardyr* alþiljaðar með lofti og þilstafni, eitt skilrúm og gangur á stofuloft $4,5 \times 2 \times 2,7 \text{ m} = 24 \text{ m}^3$. *Eldavélarhús* þiljað, steyp gólf, tvö svefnherbergi alþiljuð með steypum gólfum $10 \times 2 \times 2,5 \text{ m} = 50 \text{ m}^3$. *Smiðahús* með þilstafni og lofti, óþiljað að mestu. Þar alþiljaður gangur á loft $3,5 \times 4 \times 2,6 \text{ m} = 36 \text{ m}^3$. *Búr* að mestu óþiljað, timbursúð, biluð, 27 m^3 . *Hlóðahús* óþiljað og uppreft, stæðilegt, 27 m^3 . Önnur bæjarhús *skemma*, torfhús með þilstafni, 65 m^3 , og *smiðja*, torfhús með þilstafni, 30 m^3 .“ Búið var í bænum uns flutt var í nýtt íbúðarhús 1950, en hlutar gamla bæjarins stóðu áfram um einhver ár.



Uppdráttur Kristjáns Gunnarssonar húsasmiðameistara að íbúðarhúsinu á Tindum, dags. 25. maí 1949 og samþykktur af Teiknistofu landbúnaðarins 24. ágúst 1949. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/30, nr. 1504, og 2005 A/291.)



Horft heim að Tindum frá Svínvetningabraut um 1977 og sumarið 2015. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús

Árið 1950 létu Lárus Sigurðsson og Kristín Sigurjónsdóttir byggja einlyft íbúðarhús úr timbri með háu risi og herbergi í steinsteyptum kjallara. Húsið er tvíálma eða L-laga að formi, þ.e. $8 \times 12 \text{ m}$ og $4 \times 8 \text{ m}$ hvor álma. Það er 128 m^2 að grunnfleti og alls $212,4 \text{ m}^2$ að stærð. Húsið var teiknað og byggt af Kristjáni Gunnarssyni (1903-1986), trésmiðameistara á Blönduósi (Stígandi hf.), og er þeirrar formgerðar,

sem var mjög ráðandi til sveita um og eftir miðja síðustu öld. Í upphafi var húsið múrhúðað að utan (forskalað),⁶⁰¹ en síðan klætt með trapizujárni árið 1984. Jafnhliða var skipt um alla glugga og þeim breytt frá upphaflegri gerð.⁶⁰² Öll útihús jarðarinnar eru byggð eftir 1950.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1950	
Fyrstu eigendur:	Lárus Sigurðsson og Kristín Sigurjónsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Kristján Gunnarsson	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Kristján Gunnarsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Tímur	Tímur/járn	Húsið var múrhúðað í upphafi, en klætt með trapizujárni 1984.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Undir hluta af húsinu er lítill kjallari.
	Stærð		8 × 12 m og 4 × 8 m / 128 m ² - 212,4 m ²
	Reykháfur	Óbreytt	
	Gluggar	Breyttir	Árið 1984 settir einpósta gluggar í allt húsið í stað hinna eldri.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er tvíálma af algengri og einfaldri formgerð án listrænna stíleinkenna.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur þjónað hlutverki sínu frá upphafi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið sómir sér vel á bæjarstæðinu með tilliti til annarra húsa.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið heldur að talsverðu leyti upprunalegu svipmóti þrátt fyrir breytingar á klæðningu og gluggum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist í þokkalegu standi, en klæðning hefur látið á sjá.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur takmarkað varðveislugildi með tilliti til byggingarlistar og menningarsögulegs hlutverks.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins.


⁶⁰¹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/291.

⁶⁰² Heim. Ingibjörn E. Sigurjónsson og Kristín Rós Sigurðardóttir 9. febr. 2019.

3.4.4 Stóridalur

Staðhættir og saga

Jörðin Stóridalur (áður Sléttadalur og Sléttárdalur) er fornt býli austan Sléttár og stendur bærinn allhátt (um 250 m yfir sjó) utan í norðurenda Stóradalsháls. Hefur sama ættin búið þar samfleytt frá 1792, þ.e. afkomendur Guðmundar ríka Jónssonar (d. 1847). Á ofanverðri 19. öld bjuggu þar hjónin Salóme Þorleifsdóttir (1826-1909) og Jón Pálmason (1826-1886) alþingismaður, sem á árunum 1882-1884 létu byggja torfbæ þann, sem síðar getur. Á fyrri hluta 20. aldar bjuggu í Stóradal Sveinbjörg Brynjólfsdóttir (1883-1966) og Jón Jónsson (1886-1939) alþingismaður, og síðan afkomendur þeirra til þessa dags, fyrst Jón sonur þeirra (1912-1965) og Guðfinna Einarsdóttir (1921-2014), og í tvíbýli við þau frá 1944 Hanna Jónsdóttir (1921-2006) og Sigurgeir Hannesson (1919-2005), uns þau stofnuðu nýbýlið Stekkjardal á hálfu Stóradalslandi árið 1961. Guðfinna brá búi 1973 og tóku þá við jörðinni dóttir hennar, Margrét Rósa Jónsdóttir, og Kristján Jónsson. Þau létu af búskap 2014, en núverandi eigendur og ábúendur jarðarinnar eru sonur þeirra, Jakob Víðir Kristjánsson, og Ragnhildur Haraldsdóttir.⁶⁰³



Túnakort Stóradals 1920. Guðmundur Jósafatsson.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn í Stóradal sagður með 5 heilpiljum, sem vissu að bæjarhlaði, en húsin voru þessi skv. úttekt árið 1906: Baðstofa, maskínuhús, bæjardyr, stofa, eldhús, búrhús og suður- og norðurskemma.⁶⁰⁴ Þennan bæ létu byggja hjónin Salóme og Jón Pálmason á árunum 1882-1884. Var baðstofan sögð „sú stærsta og best viðaða af öllum húnvetnskum baðstofum í fornum stíl“.⁶⁰⁵



Torfbærinn í Stóradal var byggður 1882-1884, en brann 17. maí 1961. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Í fasteignamati 1916/18 var bæjarhúsum þannig lýst: „Íbúðar- og geymsluhús þrísétt húsaröð með máluðum þilstöfnum til vesturs, hver röð 21 × 6 álnir með torfveggjum og torfbökum. Flest þiljuð og gólfloð og sum máluð innan. Sterkbyggð og vönduð hús. Flest nokkuð gömul, en virðast gallalítill. Auk þess 2 skemmur, stórar, önnur með timburstöfnum og ½ alin porti og sterkbyggðu lofti. Ennfrem-

⁶⁰³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 152-154; *Húnaþing* II, s. 235; *Morgunblaðið* 102. árg., 102. tbl., 2. maí 2014, s. 25; Jón Torfason (2007), s. 94-95; *Húnavaka* 6. árg. 1966, s. 95-96; *Húnavaka* 46. árg. 2006, s. 162-163; *Heim*. Kristján Jónsson 18. febr. 2019.

⁶⁰⁴ *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps* [...] 2010/101, s. 12.

⁶⁰⁵ Páll V. G. Kolka (1950), s. 154. Nákvæmar úttektir voru gerðar á bæjarhúsum 9. júní 1906 og 28. maí 1907, sbr. *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Svinavatnshrepps 1880-1922, en hér verður vitnað til yngri lýsinga.



ur smiðja og salerni. Þá á og húsmaður þar allsnotra og nýbyggða íbúð úr torfi og timbri, 8 × 5 álnir með áföstum skúr með járnþaki.“

Prúðbúið fólk í hlaðvarpanum í Stóradal á fyrri hluta 20. aldar. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Árið 1930 var bærinn sagður „gamall en rúm-góður og stæðilegur“ með „miðstöð“, sem þá var fremur óvenjulegt í torfbæjum í sýslunni. Árið 1940 var gefin þessi ítarlega lýsing á bænum: „Bær úr torfi og timbri. *Baðstofa*, torfvegg-

ir og þak, timburstafn, alþiljuð með timbursúð, skipt í 3 herbergi, stæðilegt hús og sterkviðað, 13,3 × 4 × 2,1 m = 112 m³. *Stofa* alþiljuð og máluð með lofti alþiljuðu, innaf stofu alþiljað herbergi með lofti yfir í helmingi. Þar múrþípa og miðstöðvarketill, timbursúð, torfþak, 7,2 × 43,2 m = 93 m³. *Stofa* og



svefnherbergi alþiljað og málað með lofti, timburstafn, 6 × 4 × 3,2 m = 77 m³. *Eldavélarhús* alþiljað með timbursúð 4 × 2,5 × 2,6 m = 26 m³. *Búr* alþiljað með timbursúð og timburskilrúmi 5 × 4 × 2,6 m = 52 m³. *Hlóðahús* torfveggir með upprefti, 6 × 4 × 2,6 m = 62 m³. *Svefnherbergi* við baðstofu, alþiljað 21 m³. *Bæjardyr* alþiljaðar með timburstafni 20 m³. Vatnsleiðsla í bænum, miðstöð frá katli. Önnur bæjarhús: *Skemma* með þilstafni, stæðileg, 6 × 3,5 × 3 m = 63 m³. *Skemma* með þilstafni, sterkviðuð með lofti, 7 × 3,5 × 3 m = 73 m³. *Smiðja*, gömul og léleg.“

Baðstofan í Stóradal. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Horft heim að Stóradal sumarið 2015. Íbúðarhúsið frá 1962 er lítið eitt vinstra megin við miðja mynd og neðan við það er bogaskemma frá 1952. Fjánhús frá 1950 með sambyggðri hlöðu standa innan og ofan við bæinn. (Ljós. Páll J. Línadal.)



Tveimur áratugum síðar, eða hinn 17. maí 1961, brann bærinn til kaldra kola. Frá brunanum sagði m.a. svo í *Morgunblaðinu* daginn eftir: „Bærinn í Stóra-Dal [...] brann til kaldra kola snemma í morgun [17. maí]. Þetta var gamall torfbær með timburstöfnum fram á hlaðið, mjög stór og reisulegur. Hann var byggður á árunum 1883-1886 af Jóni Pálma-

syni alþingismanni og bónda í Stóra-Dal. Þótti bærinn vera einn hinn myndarlegasti, sem reistur var á þeim tíma.“ Bærinn féll um sjöleytið um morguninn, tveir hundar brunnu inni og var talið að eldsupptök hefðu verið frá reykháfi. Mjög litlu varð bjargað úr bænum, en þar brann m.a. mjög verðmætt bókasafn og afar mikið af gömlum og merkilegum munum og gripum.⁶⁰⁶ Eftir brunann var fljót-

⁶⁰⁶ *Morgunblaðið* 18. maí 1961, s. 23-24.

lega hafist handa við byggingu á steinsteyptu íbúðarhúsi í gamla bæjarstæðinu, skv. teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins. Í því húsi hefur verið búið frá 1962.⁶⁰⁷

Fjánhús

Í fasteignauttekt frá 1930 og 1940 voru í Stóradal *heyhlöður*, 231 m³ að stærð og steinsteyptar á þrjá vegu með járnþaki. Þessi hús eru að líkindum fallin, en skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 stendur ennþá steinsteypt *fjánhús*, talið byggt 1930, 110 m² að stærð. Þessa húss getur þó ekki í fasteignauttekt frá því ári, en um 1940 var þar „fjánhús fyrir 90 fjár með steypum stöfnum og torfþaki“. Mun sú lýsing eiga við fyrrnefnt fjánhús, en skv. upplýsingum ábúanda er það ekki lengur til staðar.⁶⁰⁸



Horft frá útihúsunum suðaustan við bæinn út yfir Svínvatn 9. október 2018. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Á jörðinni er hins vegar ennþá uppstandandi *fjánhús*, sem skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 var byggt 1950 og er 132 m² að stærð. Húsið byggði Sigurgeir Hannesson bóndi. Önnur penings- og útihús eru yngri, þar á meðal bogaskemma (125,1 m²) með steypum hliðveggjum og stöfnum, byggð upphaflega sem fjós árið 1952. Fjánhúsið stendur á brekkuhjalla suðaustur af bænum. Það er einfalt asbestsklætt trégrindarhús með bárujárnsklæddu mænispaki á steinsteyptum sökkli, fremur óvönduð bygging og löskuð, en hefur hin síðari ár verið notuð fyrir lambfé á sauðburði. Við austurenda fjárhússins er stór heyhlaða, bárujárnsklætt trégrindarhús með mænispaki á steypum sökkli, sem Guðfinna Einarsdóttir húsfreyja lét byggja um 1960.⁶⁰⁹



Fjánhús frá 1950 ásamt heyhlöðu, suðaustur af bænum í Stóradal. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson, 9. okt. 2018.)

Fjánhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1950

Fyrstu eigendur: Sigurgeir Hannesson og Hanna Jónsdóttir

Upphafleg notkun: Fjánhús

Núverandi notkun: Nýtt fyrir lambfé á sauðburði.

⁶⁰⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/273.

⁶⁰⁸ Vettvangsferð skýrsluhöfunda 9. október 2018.

⁶⁰⁹ Heim. Kristján Jónsson 18. febr. 2019.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Tímur/asbest	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er látlaust, asbest- og bárujárnsklætt trégrindarhús.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur einungis þjónað hlutverki sínu í tæp 70 ár.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur stakt með sambyggðri hlöðu á fallegum stað.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið heldur sennilega að miklu leyti upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er fremur óvönduð bygging og viðhaldi þess ábótavant.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur lítið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Engin tillaga er gerð um varðveislu hússins.

3.4.5 Dalsmynni – félagsheimili

Staðhættir og saga

Í Stóradalsnesi við suðausturenda Svínavatns gekkst Ungmennafélag Svínavatnshrepps fyrir byggingu samkomu- og þinghúss sveitarinnar árið 1936 á útmældri eignarlóð ($\frac{1}{3}$ úr hektara). Húsið fékk nafnið *Dalsmynni* og stendur fast norðan við brúna yfir Sléttá, örskammt frá Auðkúlurétt, sem er nær vatninu. Það er nú í landi nýbýlisins Stekkjardals, sem stofnað var árið 1961 þar sem áður var hjáleigan Neskot frá Stóradal.⁶¹⁰



Dalsmynni stendur fast norðan við brúna yfir Sléttá. (Ljósmynd. Páll J. Líndal, 2015.)

Lýsing á húsinu

Í fasteignauttekt 1940 var húsinu þannig lýst, en skráður eigandi þess var Ungmennafélag Svínavatnshrepps: „Samkomuhúsið stendur á lóðinni ($\frac{1}{3}$ ha), að öðru leyti ekki notuð, óræktuð. Eignarlóð. Lengd hússins 10,8 m, breidd 6,3 m, vegg hæð 2,8 m og rishæð 1,1 m. Viðbygging við inngang $3,9 \times 2,2 \times 5,6$ m. Kjallari undir öllu húsinu, hæð 2,6 m. Útveggir úr steinsteypu, tvöfaldir með torftróði. Þak: timbursúð, pappi, járn. Gólf á stofuhæð úr timbri, einfalt. Í kjallara steipt. Skilrúm steipt að mestu. Á stofuhæð er samkomusalur, sem tekur yfir alla hæðina. Í kjallara 5 herbergi og gangur, allt ómálað. Í húsinu er einkasími. Húsið er notað fyrir samkomur og til fundahalda. Húsið er nýlega byggt, ekki fullgert. Húsið er ekki vandað. Í því eru tvær eldavélar og einn kolaofn. Engin vatnsleiðsla. Reykháfur úr steinsteypu. Við húsið er hesthús úr torfi, 60 m^3 , með engum stalli.“



Ókunnugt er um nöfn hönnuðar og yfirsniðs hússins. Það var lengi notað sem þinghús Svínhreppinga og til samkomu- og fundahalda, en þó eingöngu „innansveitarmannamóta eftir að stóru félagsheimilin risu upp á þremur öðrum stöðum í héraðinu“.⁶¹¹ Breyting varð á með stækkun hússins árið 1991, þegar 154,9 fermetra steinsteypt viðbygging var reist við vesturstafn þess og ýmsar lagfæringar gerðar á eldri hluta hússins, sem er 152 m^2 að stærð. Lóðin er enn fremur talin 1,0 hektari að stærð skv. fasteignaskrá 2018. Viðbyggingin var hönnuð af Stoð ehf. verkfræðistofu á Sauðárkróki, en yfirsniður var Sigurjón Ólafsson húsasmíðameistari.⁶¹²

Húsið hefur lengi verið í eigu Svínavatnshrepps og síðar Húnavatnshrepps. Það er sem fyrr segir steinsteypt með kjallara og risi undir lágrestu, bárujárnsklæddu mænispaki. Útveggir eldri álmunnar eru

⁶¹⁰ *Húnaþing II*, s. 217; Jón Torfason (2007), s. 94.

⁶¹¹ *Húnaþing II*, s. 217.

⁶¹² *Heim*. Jóhann Guðmundsson 20. febr. 2019.

hvítmálaðir, en hinnar eldri klæddir sléttum málmplötum í sama lit. Húsið er nýtt sem félagsheimili fyrir almennt samkomuhald (Félagsheimilið Dalsmynni), sumargistingu, bókasafn og skrifstofuhald.⁶¹³



Samkomuhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1936	Upphafleg notkun:	Samkomu- og þinghús.
Fyrstu eigendur:	Ungmennafélag Svínavatnshrepps	Núverandi notkun:	Félagsheimili o.fl.
Hönnun/smiði:	Óþekkt		
Viðbygging:	1991		
Hönnun:	Stoð ehf. – verkfræðistofa		
Yfirsmiður	Sigurjón Ólafsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Veggir viðbyggingar eru klæddir með málmplötum.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		Eldri hluti 152 m ² og yngri hluti 154,9 m ² .

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er formfögur bygging, en vegna breytinga á útliti er erfitt að greina upphafleg stíleinkenni þess.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið skipar veglegan sess í menningarsögu byggðarinnar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er áberandi og nýtur sín vel í umhverfi sínu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Þrátt fyrir talsverðar breytingar á eldri hluta hússins heldur það upphaflegum einkennum sínum í stórum dráttum.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í ágætu ástandi og er því þrýðilega vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Öll gildi styðja að varðveislu hússins til frambúðar.
Niðurstaða varðveislumats:		Engin þörf sýnist vera á sértækum aðgerðum til varðveislu hússins, en afla þarf upphaflegra teikninga að því.

⁶¹³ Fundarhús og skólar í sveitum landsins, s. 60.

3.4.5a Stekkjardalur

Hundahreinsunarhús

Skammt austur af samkomuhúsinu og fast við Auðkúluveg í námunda við Auðkúlurétt er lítið steinsteypt og ómúrað hús með lágu mænispaki. Það var byggt í landi Stekkjardals sem *hundahreinsunarhús* af Svínavatnshreppi eða Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar um leið og fjárréttin árið 1950. Hvortveggja, húsið og réttin, var byggt af Haraldi Karlssyni (1922-2007), bónda og húsasmiði í Litladal, og þjónaði húsið sínu hlutverki fram um 1985-1987.⁶¹⁴ Það var byggt skv. 3. gr. reglugerðar fyrir „Austur-Húnavatnssýslu um lækning hunda af bandormum“ nr. 50, 6. maí 1927, þar sem skylt var að byggja steinsteypt „hundahreinsunarhús, eitt eða fleiri eftir ákvæðum hreppsnefndar“ í hverjum hreppi sýslunnar.⁶¹⁵ Upphaflega var húsið með tveimur gluggum á annarri langhlið og stóru dyraopi á suðurstaftni. Húsið stóð autt og ónotað til ársins 2018, þegar ákveðið var koma þar fyrir dælustöð fyrir hitaveitulögn í Dalsmynni með tilheyrandi endurbótum. Skipt var um glugga og steyppt upp í dyraopið, en sagaðar í stað þeirra nýjar inngöngudyr á norðurgafli.



Hundahreinsunarhús Svínavatnshrepps í ágúst 2015 (efri myndir) og í október 2018. (Ljósmyndir: Páll J. Línal og Gunnlaugur Haraldsson.)

Hundahreinsunarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1950	Upphafleg notkun:	Hundahreinsunarhús
Fyrsti eigandi:	Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar / Svínavatnshreppur	Núverandi notkun:	Dælustöð fyrir vatnsveitu.
Hönnuður:	Haraldur Karlsson		
Yfirsmiður:	Haraldur Karlsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er einföld og sérkennalaus steinsteyptubygging.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið þjónaði mikilvægu hlutverki á notkunartíma og er minnis-

⁶¹⁴ Heim. Kristján Jónsson 18. febr. 2019.

⁶¹⁵ Stjórnartíðindi fyrir Íslands árið 1927. B-deild, s. 94-95.

Umhverfisgildi:
Upprunalegt gildi:
Tæknilegt ástand:
Varðveislugildi:
Niðurstaða varðveislumats:

Miðlungs
Miðlungs
Gott
Hátt


varði um horfna búskaparhætti eins og önnur hús sömu gerðar.
Húsið stendur stakt og fast við þjóðveginn.
Búið er að endurnýja glugga og breyta dyraopum.
Húsið er í prýðilegu ásigkomulagi.
Ástæða er til að varðveita húsið af áður nefndum ástæðum.
Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

3.4.6 Ytri-Langamýri

Staðhættir og saga

Ytri-Langamýri er nyrsta jörðin í Blöndudal að vestanverðu og liggur austur af norðurenda Stóradalsháls. Jörðin er fremur lítil en grasgefin og ræktanleg að miklum hluta. Frá 1886 til 1914 bjuggu þar hjónin Ingibjörg Eggertsdóttir (1853-1911) og Pálmi Jónsson (1850-1927) frá Stóradal og síðan í nokkur ár Jón (1888-1973) sonur þeirra, síðar alþingismaður á Akri, ásamt konu sinni Jónínu Valgerði Ólafsdóttur (1886-1980). Af þeim keypti jörðina árið 1927 Björn Pálsson (1905-1996) alþingismaður, sem bjó þar frá 1930 með eiginkonu sinni, Ólöfu Guðmundsdóttur (1918-2002).⁶¹⁶ Árið 1982 tóku við búinu synir þeirra, Þorfinnur og Björn og byggt var nýtt íbúðarhús á jörðinni. Þorfinnur hætti fljótlega búskap, en Björn bjó áfram á Ytri-Löngumýri til æviloka (d. 28. janúar 2019), í fyrstu ásamt eiginkonum sínum, Maríu S. Hannesdóttur og Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur, en síðan einn.⁶¹⁷

Túnakort Ytri-Löngumýrar 1920. Guðmundur Jósafatsson.



Horfin bæjarhús

Skv. úttektum voru bæjarhúsin á Ytri-Löngumýri í stórum dráttum óbreytt frá 1886 til 1927, er Björn Pálsson keypti jörðina. Húsin voru þessi 1886: 1. *Baðstofa* í fimm stafgólf-um, 13 álnir og 9 þuml. á lengd, 5 álnir og 17 þuml. á breidd og 3 áln. og 18 þuml. á hæð undir mæni-ás. 2. *Búrhús* í tveimur stafgólfum með þilstafni að hlaði, 5½ al. á lengd og 4 álnir og 11 þuml. á breidd. 3. *Eldhús* í 2 stafgólfum, 5 álnir og 6 þuml. á lengd og 4 álnir og 11 þuml. á breidd. 4. *Skáli* að sunnanverðu í bænum með timburþili, 5 álnir og 3 kvartil á breidd og 7 álnir og 3 þuml. á lengd. Af breidd hússins voru afþiljaðar *bæjardyr* með lofti yfir. 5. *Skáli* með timburþili (hálfþili) að norðan-verðu við bæjardyr, 6½ al. á lengd og 5½ al. á breidd. 6. *Göng* frá bæjardyrum til baðstofu. 7. *Fjós* yfir 6 nautgripi. 8. *Smíðjukofi* 4 × 3 álnir.⁶¹⁸

Ekki er kunnugt um ljósmynd af bænum, en árið 1910 var hann sagður með tveimur heilþiljum og einu hálfþili. Í fasteignamati 1916/18 voru bæjarhúsin sögð „nokkuð gömul, en flest stæðileg og



þokkaleg hús“. Skv. úttektum frá 1924 og 1927 voru húsin þessi: *Baðstofa* 14 × 6 álnir, þrískipt og al-þiljuð, *eldavélarhús* 4 × 4 álnir, *búr* 5¾ × 5 áln., *eldhús* 6 × 5½ al., *stofa* 6 × 5¾ al., *stofuloft* 6 × 8 álnir, *skáli* 7½ × 9 álnir, *gangur* til bæjardyra 15½ × 1½ al., *bæjardyr* 6 × 1½ al. með þilstafni, *fjós* með ranghala.⁶¹⁹ Þessi hús voru trúlega allflest rifin fljótlega eftir byggingu nýs íbúðarhúss 1939.

Íbúðarhúsið á Ytri-Löngumýri, byggt 1939. Myndin var tekin 1962. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 901.)

⁶¹⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 141; *Húnaþing* II, s. 228; Jón Torfason (2007), s. 95; *Húnavaða* 37. árg. 1997, s. 160-162; 43. árg. 2003, s. 171.


⁶¹⁷ *Morgunblaðið* 11. febr. 2019, s. 20; *Heim*. Páll Björnsson 25. mars 2019

⁶¹⁸ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Svínvatnshrepps 1880-1922.

⁶¹⁹ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Svínvatnshrepps 1922-1928.

Íbúðarhús

Árið 1939 hóf Björn Pálsson (þá ókvæntur) byggingu á steinsteyptu íbúðarhúsi, sem var ennþá „í smíðum“ við fasteignamatsúttekt 1940, er húsinu var þannig lýst: „Stærð: 13,4 × 9,2 m. Kjallari og ein hæð, lítið ris (valmapak). Hæð á kjallara 2,2 m. Stofuhæð 2,5 m og ris 1,5 m. Skilrúm öll steyp, loft yfir kjallara steyp og timburloft með harðviði. Loft yfir stofuhæð timbur, einfalt, klætt með torfi. Gólf í kjallara steyp. Á stofuhæð 5 herbergi, eldhús, baðherbergi með vatnssalerni og gangur eftir lengd hússins, og frá útidyrum einnig stigagangur í kjallara. Í kjallara 10 herbergi og gangur eftir lengd hússins. Þar þvottahús með innmúruðum potti. Miðstöð frá katli með 7 vatnsöfnum. Vatnssalerni, bað, vatns- og skólpleiðsla. Þak er borðasúð og pappi, á að verða hellulagt, en ekki búið. Húsið ófrágengið að utan, en að mestu fullgert innan nema málning.“



Uppdráttur Teiknistofu byggingar- og landnámsjóðs að íbúðarhúsinu á Ytri-Löngumýri. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/13, nr. 558.)



Séð heim að Ytri-Löngumýri um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Sem fyrr segir er húsið ein hæð með kjallara og lágreistu valmapaki, 127 m² að grunnmáli, þ.e. samtals 252,6 m² og 647 m³ að stærð. Þótti húsið því að vonum óvenjustórt á sinni tíð og var talið „eitt vandaðasta steinhúsið í sýslunni“.⁶²⁰ Fyrstu áratuginu var þakið klætt með sléttum asbestplötum, sem

⁶²⁰ Páll V. G. Kolka (1950), s. 141.

voru ca. 30 × 30 cm eða 40 × 40 cm að stærð, en yfir samskeytin (þ.e. frá mæni niður að hornum hússins) var klætt með ca. 100 cm löngum íholfum asbesthlífum, sem sköruðust líkt og þakplötur. Um 1980 var þessari klæðingu skipt út fyrir bárujárn.⁶²¹ Húsið heldur að miklu leyti upprunalegu útliti, en gluggagerð þess hefur þó verið breytt við endurnýjun. Húsið var teiknað hjá Teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs. Skv. ævisögu Björns Pálssonar („Ég hef lifað mér til gamans“) hét yfirsmiður hússins Aðalsteinn og múrariinn Ragnar.⁶²² Þessir menn voru áreiðanlega Aðalsteinn Óskar Þórarinnsson (1911-2011), trésmíðameistari á Akureyri, og Ragnar Einarsson (1898-1971), múrari á Blönduósi.



Séð heim að Ytri-Löngumýri sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Línal.)

Árið 1940 voru þessi steinsteyptu útihús á jörðinni: *Fjós* fyrir 7 kýr með steyptum veggjum, fóðurgangi og gangstétt, en járnþak með torfi yfir, *þurrheyshlaða* (160 m³) og *tvær votheyshlöður* (66 m³). Þessi hús eru nú öll horfin miðað við fasteignaskrá Þjóðskrár 2018, en öll útihús eru byggð eftir 1950.



Íbúðarhúsið á Ytri-Löngumýri sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Línal.)

⁶²¹ Heim. Páll Björnsson 25. mars 2019.

⁶²² Heim. Páll Björnsson 25. mars 2019.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1939	
Fyrsti eigendi:	Björn Pálsson	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa byggingar- og landnáms- sjóðs	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Aðalsteinn Óskar Þórarinsson	
Múrari:	Ragnar Einarsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Valmaþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Asbest	Bárujárn	Þakið var upphaflega klætt með asbestplötum, en um 1980 var þeim skipt út fyrir bárujárn.
Byggingarlag/útlit:	Einlyft Kjallari Stærð Reykháfur Útitróppur Gluggar	Óbreytt Óbreytt Óbreytt Steinsteyptar Breytt	13,4 × 9,2 m / 127 m ² - 252,6 m ² - 647 m ³ . Gluggar hafa verið endurnýjaðir og gerð þeirra breytt.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er að formgerð einskonar afbrigði af funkisstíl með lágreistu valmaþaki og þótti óvenjustórt íbúðarhús á sinni tíð.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur þjónað hlutverki sínu frá upphafi og var um langt árabil bústaður þjóðþekktis alþingismanns.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Er áberandi á bæjarstæðinu vegna stærðar, en nýtur sín þó ekki sem skyldi vegna vöxtulegs trjágróðurs að húsabaki.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið heldur að mestu leyti upprunalegri gerð og svipmóti.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Viðhaldi hússins að utan virðist nokkuð ábótavant.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi skv. ofansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki eru lagðar til sérstakar ráðstafanir til varðveislu hússins, en varðveittar eru upprunalegar teikningar að því.

3.4.7 Höllustaðir I og II

Staðhættir og saga

Jörðin er miðja vegu milli Syðri-Löngumýrar og landnámsjarðarinnar Guðlaugsstaða. Býlið mun hafa byggst um 1600 á stekkjartæði frá Guðlaugsstöðum með því að lagður var til þess fjórðungshluti úr heimajörðinni. Síðar var svonefndur Hólareitur, sem er allvæn landspilda nyrst í landinu, lagður til



jarðarinnar. Býlið er talið draga nafn sitt af því hallendi, sem bærinn stendur á. Árið 1958 var stofnað nýbýli (Höllustaðir II) á hálfu landi jarðarinnar og íbúðarhús byggt þar sama ár af Páli Péturssyni og Helgu Ólafsdóttur.⁶²³

Túnakort Höllustaða 1920. Guðmundur Jósafatsson.

Ábúandi og eigandi Höllustaða frá því í lok 19. aldar til 1921 var Sigurbjörg Jónsdóttir (1860-1947), sem síðar var þar húskona nærfellt til æviloka. Ábúendur frá 1921 til 1927 voru Guðmundur Kr. Meldal (1890-1950) og Rósela G. Sigurðardóttir (1890-

1969) ljósmóðir,⁶²⁴ en frá 1927 til 1934 hjónin Þuríður Helgadóttir (1892-1961) og Jón Ingimar Ólafsson (1891-1987), sem síðar bjuggu á Eiðsstöðum. Frá 1934 bjuggu þar hjónin Pétur Pétursson (1905-1977) og Hulda S. Pálsdóttir (1908-1995), sem bjó þar til æviloka. Þau keyptu jörðina árið 1934 og var býlið „þá svo niðurnítt, að lengra verður naumast seilt“.⁶²⁵ Núverandi eigendur hússins á Höllustöðum I eru börn þeirra, Hanna Dóra, Már, Pétur og Páll, en í hluta hússins búa Helgi Páll Gíslason og Barbara Dittmar.⁶²⁶

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var bærinn sagður með þremur alþiljum að bæjarhlaði, en 1916/18 voru bæjarhúsin sögð „hafa verið traust og vel bygð, en eru mjög gömul og ekkert viðhaldið nú um langan tíma, enda flest komin að hrúni“. Árið 1921 voru húsin þessi, er Guðmundur Kr. Meldal tók við þeim: *Baðstofa* 10½ × 6 álnir, *eldhús* 6½ × 4 álnir, *búr* 5 × 5 álnir, *bæjardyr* með porti og lofti, 6 × 3¾ al., inn af því jafnstórt



hús (*skáli*) og *skemma* 9 × 5 álnir. „Að öllum þessum húsum eru veggir snaraðir og rotnir og sumir gjörfallnir svo sem framstafn í baðstofu. Þök eru sömu-leiðis rotnir og allvíða göt inn í viði.“⁶²⁷

Kúm hleypt úr fjósi á Höllustöðum, en að baki þeim sér í gömlu bæjarhúsin. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Guðmundur gerði einungis lítilsháttar endurbætur á bæjarhúsum skv. úttekt 1927, er hann skilaði þeim í hendur nýs ábúanda.⁶²⁸ Og enn var bærinn sagður „gamall og hrörlegur“ árið 1930. Árið 1934 keyptu

Pétur Pétursson og Hulda Pálsdóttir jörðina og fluttu þangað. Sama ár var byggt við gamla bæinn

⁶²³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 139; *Húnaþing* II, s. 230; Bragi Guðmundsson (1985), s. 61; Jón Torfason (2007), s. 95.

⁶²⁴ *Morgunblaðið* 37. árg., 205. tbl., 8. sept. 1950, s. 12.


⁶²⁵ *Húnavaka* 18. árg. 1978, s. 139-141, 28. árg. 1988, s. 214-215, 36. árg. 1996, s. 152-154.

⁶²⁶ *Heim*. Páll Pétursson 30. jan. 2019.

⁶²⁷ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Svínvatnshrepps 1880-1922.

⁶²⁸ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Svínvatnshrepps 1922-1928.

stofa, lítið eldhús og svefnherbergi, svo að „þarna gæti verið bærilegur mannabústaður“.⁶²⁹ Þessum húsum var ekki ætlað að standa til frambúðar, en bæjarhúsum var þannig lýst í úttekt vegna fasteignamats 1940: „Baðstofuhús nýlegt 4,8 × 3,5 × 2,4 m = 40 m³, þilstafn, húsið alþiljað, skipt í tvennt, baðstofu og eldavélarhús. Baðstofa gömul, torfhús, alþiljuð og gólfögð með einu skilrúmi, mjög hrörleg, 40 m³. Hlóðaeldhús, gamalt torfhús 15 m³. Eldiviðargeymsla, torfveggir og þak, 12 m³. Bæjardyr, svefnherbergi og gangur undir einu risi með þili og lofti í helmingi, timburskilrúm, alþiljað herbergið. Skáli með þili, gamalt hús og lélegt, 45 m³. Göng, torfveggir og þak, óþiljað. Skemma með þilstafni, 44 m³.“ – Gamli bærinn var rifinn 1950 eftir að nýja steinhúsið stóð fullbyggt.



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu á Höllustöðum I vegna hönnunar viðbyggingar við norðurenda þess. Nokkur frávik voru gerð við byggingu hússins, s.s. á gluggasetningu. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/17, nr. 800B.)

Íbúðarhús

Árin 1943 og 1947 létu Pétur Pétursson og Hulda Pálsdóttir byggja í tvennu lagi nýtt íbúðarhús úr steinsteypu, fyrst syðri hluta þess árið 1943 og síðan nyrðri hlutann 1947. Húsið var byggt skv. teikningu Teiknistofu landbúnaðarins og drögum að teikningu, sem gerð var af Guðmundi Hannessyni prófessor, föðurbróður Huldu. Yfirsniður hússins var Guðmundur J. Bergmann (1909-1987), húsasmíðameistari á Stóru-Giljá. Húsið er með tvöföldum veggjum, 11 sm þykkum, og einangrað með reiðings-torfstróði í 20 sm bil á milli þeirra. Sú einangrun hefur reynst svo vel, að hvergi sér rakablett í húsinu.⁶³⁰ Syðri hluti hússins er ein hæð án kjallara með steypu gólfi og milliveggjum, háu mænispaki og herbergjum í portlausu risi. Það er 9 × 9 m að grunnmáli og heildargólfhlötur þess 117 m², hæð undir loft á aðalhæð 2,45 m og rishæð 3,5 m. Yngri hluti hússins (viðbygging frá 1947) er minni bygging, en með sama byggingarlagi og að mestu byggður í samræmi við upphaflega teikningu. Húsið er 5,0 × 6,4 m að grunnfleti og án kjallara, en með mænispaki, sérstökum reykháfi og steinsteyptum inngangs-

⁶²⁹ Heim. Páll Pétursson 30. jan. 2019.

⁶³⁰ Heim. Páll Pétursson 30. jan. 2019; Sigrún Magnúsdóttir skv. tölvupósti pr. 18. júní 2018.

skúr. Heildarstærð íbúðarhússins er 153,5 m² og 446 m³, skv. *Húnaþingi II* (s. 230) og fasteignaskrá Þjóðskrár 2018.

Í virðingargjörð frá 11. apríl 1956 var húsinu m.a. þannig lýst: Undirstaða hússins er steinsteyptur sökkull „niður á móhelluklöpp“. Skilrúmsveggir og gólf í kjallara eru steinsteypt, en timburgólf í þak-hæð. Þakið er „timbursúð á sperrum, pappa- og járnklædd, stoppað milli sperra með reiðingstorfi“. Á aðalhæð eru 3 herbergi, eldhús, snyrtiherbergi, gangur og forstofa, en í risi 2 svefnherbergi og geymsla,⁶³¹ en þar var síðar innréttuð baðstofa.⁶³²



Íbúðarhúsið og útihús á Höllustöðum I um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Horft heim að Höllustaðabæjum af Blöndudalsvegi austan Blöndu sumarið 2015. Á myndinni til vinstri er þyrping útihúsa (lengst til hægri), en sunnan við þau og ofar í landinu er gamla íbúðarhúsið frá 1943 og 1947 ásamt útihúsum, umgirt gróskumiklum trjálundum. Lengst til vinstri er íbúðarhúsið á Höllustöðum II, sem byggt var 1958. Myndin til hægri sýnir íbúðar- og útihús á Höllustöðum I. (Ljós. Páll J. Línal.)



Syðri hluti íbúðarhússins, sem byggður var 1943. (Ljós. Páll J. Línal.)

Húsið heldur í meginráttum upphaflegu svipmóti að utan, en ýmsar breytingar og endurbætur hafa verið gerðar innandyrna í tímans rás. Árin 1971-1973 voru m.a. gerðar eftirtaldar breytingar: Eldhús og

⁶³¹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/153.

⁶³² Heim. Páll Pétursson 30. jan. 2019.

baðherbergi voru innréttuð að nýju, hitakerfi var endurnýjað og rafhitunarkerfi sett í allt húsið, gluggar voru lagfærðir og gler tvöfaldað og herbergi á aðalhæð lagfærð.⁶³³ Flestir gluggar í húsinu hafa verið endurnýjaðir, en eru þó allir með upphaflegri póstatsetningu. Einnig hefur verið bætt við þakglugga á baðstofuhlutann í risi.⁶³⁴



Austur- og vesturhlíðar íbúðarhússins á Höllustöðum I. (Ljósmynd. Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1943 og 1947	
Fyrstu eigendur:	Pétur Pétursson og Hulda Pálsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Guðmundur Hannesson / Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Guðmundur J. Bergmann	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Stærð		9 × 9 m og 5,0 × 6,4 m / 117 m ² - 153,5 m ² - 446 m ³ .
	Reykháfur	Óbreytt	
	Inngangsskúr	Óbreytt	
	Gluggar	Óbreyttir	Hafa flestir verið endurnýjaðir, en eru allir með upphaflegri póstatsetningu.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er látlaus og stílhrein bygging með mænispaki.
Menningsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er byggt skv. teikningum Teiknistofu landbúnaðarins og frumhönnun Guðmundar Hannessonar prófessors.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fer vel á fögru bæjarstæði og myndar fallega heild með nálægum útihúsum og vöxtulegum trjágróðri.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nánast óbreytt utandyra frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu standi og er því vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Öll ofanefnd gildi styðja að varðveislu hússins til frambúðar.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

Fjós og hlaða

Árið 1940 voru þessi steinsteyptu útihús á jörðinni: *Purrheyshlaða* (185 m³) með járnþaki, *votheys-hlaða* (40 m³) og einn veggur í samstæðu *fjárhúsi*. Þessi hús eru nú horfin, enda er þeirra ekki getið í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018. Stóðu þau væntanlega norðan við núverandi íbúðarhús, þar sem nú er

⁶³³ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/153.

⁶³⁴ Heim. Páll Pétursson 30. jan. 2019.

þyrping sambyggðra útihúsa. Meðal þeirra eru steinsteypt *fjós með áburðarkjallara* (97,6 m²) og steinsteypt *hlaða* (66,4 m²), hvorttveggja byggt árið 1948, skv. fasteignaskrá Þjóðskrár, en hlaðan var þó ekki fullgerð fyrr en 1950 (sjá síðar).



Útihús og íbúðarhús á Höllustöðum I í ágúst 1976. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/153.)

Þessi hús tilheyra nú Höllustöðum II, en voru byggð af Pétri Péturssyni bónda og tilheyrðu þannig lengstum eldra býlinu. Húsin eru ekki lengur í upphaflegu formi, þar sem fjósið hefur verið klætt utan með járni, en það var stækkað til norðurs 1965. Því hefur nú verið breytt í hesthús og hlöðunni í geymslu.⁶³⁵ Í virðingargjörð frá 11. apríl 1956 var fjóshlöðu og fjósi þannig lýst: „Fjós fyrir 12 gripi. Steinsteypt, einangrað með torfi og gosull. Járnþak á sperrum og langböndum, asbest neðan á sperrum og bitum, einangrað með torfi. *Áburðarkjallari* undir fjósi. *Mjókurhús* viðbyggt. Mjaltavélar með tilheyrandi lögn og sjálfbryningar. *Þurrheyshlaða*, steinsteypt með járnþaki og tvær *votheysgryfjur*.“⁶³⁶ Skv. *Húnaþingi* II (s. 230) hósti fjósið 22 kýr um 1977 og tilheyrði því mjólkurhús auk áburðargeymslu, og við norðurstafn hlöðunnar var einnig sívalur votheysturn (65 m³), sem byggður var 1955, en hann telst nú ónýtur.



Norðan við íbúðarhúsið eru útihúsin í þessari röð: Lengst til vinstri fjós (byggt 1948) og á bak við það þurrheyshlaða (byggt 1950). Fremst til hægri er viðbygging við fjósið (byggt 1965) og fast vestan við hana stór heyhlaða, bárujárnsklætt trégrindarhús (byggt 1979). Við norðurstafn eldri hlöðunnar er votheysturn frá 1955. (Ljós. Páll J. Línal.)

Eins og áður segir var fjósið byggt 1948. Yfirsmiður þess og hönnuður var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.). Þá þegar var gert ráð fyrir byggingu áfastrar *þurrheyshlöðu* með innbyggðri *votheysgeymslu* á bak við fjósið og smíði hennar hafin. Samkv. virðingargjörð frá 8. des. 1950 voru uppdrættir gerðir af Kristjáni og samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins í mars eða apríl 1949. Stóð Kristján einnig fyrir byggingu hlöðunnar. Hún er 13,3 m á lengd og 5 m á breidd, vegg hæð 5 m og þakhæð 2 m. Votheysgeymslan er af sömu hæð, en 3 m á lengd og 2,5 m á breidd. Nánari lýsing á hlöðunni var þessi:

⁶³⁵ Heim. Páll Pétursson 30. jan. 2019.

⁶³⁶ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/153.

Veggir eru gerðir úr steinsteypu. Þykkt þeirra er 23 cm. Járnbentir við glugga og dyr og auk þess lagt járn hringinn í kring á nokkrum stöðum í veggina. Járnpak, sperrur með 1 m millibili úr 2½ × 5½ þuml. plönkum. Pak er ómálað og veggir óhvíttaðir, því ekki vannst tími til að gera það í haust, því byggingunni var ekki lokið að öðru leyti fyrr en seint í okt., en efnið er til á staðnum og verður sett á strax næsta vor.⁶³⁷



Útihúsin séð úr suðvestri. Lengst til vinstri er heyhlaða (byggð 1979) með litlu skýli fyrir súgþurrkunarbúnaði við suðurgöfl, þá votheysturn frá 1955 og síðan hlaða með innbyggðri votheysgeymslu frá 1950, en austan við hana áfast fjós frá 1948. (Ljósmynd. Páll J. Línadal.)

Fjós og hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1948 og 1950		
Fyrsti eigandi:	Pétur Pétursson og Hulda Pálsdóttir	Upphafleg notkun:	Fjós og hlaða.
Hönnun:	Kristján Gunnarsson	Núverandi notkun:	Fjósi hefur verið breytt í hesthús og hlöðu í geymslu.
Yfirsmiður:	Kristján Gunnarsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefðbundin og látlaus útihús.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hafa einungis þjónað sínum hlutverkum.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin mynda snotra bæjarmynd ásamt öðrum útihúsum og íbúðarhúsi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin eru ekki lengur í upprunalegu formi, m.a. hefur fjósið verið járnklætt að utan og stækkað með viðbyggingu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru í sæmilegu standi og viðhaldi miðað við aldur.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa nokkurt varðveislugildi skv. ofansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

⁶³⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/153.

3.4.8 Guðlaugsstaðir

Staðhættir og saga

Guðlaugsstaðir í Blöndudal eru landnámsjörð og gamalgróið höfuðból, sem liggur undir Stóradalshálsi vestan Blöndu, en á einnig mikið land langt fram til heiðar. Bæjarstæðið er á vallengiseyri niður við



Blöndu, um miðja vegu milli Eiðsstaða og Höllustaða, en nokkru sunnar en andspænis Austurhlíð austan ár. Frumbýlingurinn Guðlaugur hvílir að sögn í stórum hól, ofarlega í hálsinum, svo nefndum Guðlaugshaugi.⁶³⁸

Túnakort Guðlaugsstaða 1920. Guðmundur Jósafatsson.

Á Guðlaugsstöðum bjuggu löngum stórbændur og auðugir búiðldar, sem margir voru áberandi í þjóðlífinu. Hefur jörðin verið í eigu og ábúð sömu ættar frá því um 1680, er ættfaðir Guðlaugsstaðamanna, Björn Þorláksson (d. 1728) lögsagnari, hóf þar búskap. Munu Guðlaugsstaðir því vera elsta ættarjörð í Austur-Húnavatnssýslu. Árið 1907 fluttu að Guðlaugsstöðum hjónin Páll Hannesson (1870-1960) og Guðrún Björnsdóttir (1875-1955), sem bjuggu þar til 1947, er Guðmundur (1907-1993) sonur þeirra og Ásgerður Stefánsdóttir (1910-2007) kennari tóku við jörðinni. Um 1977 létu þau búið að mestu í hendur Guðrúnar dóttur sinnar og tengdasonar, Sigurðar Ingva Björnssonar, en frá 1998 hefur Guðrún staðið þar ein fyrir búi ásamt sonum sínum.⁶³⁹



Gamli torf- og timburbærinn á Guðlaugsstöðum. Myndin er trúlega tekin um 1975. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Horfin bæjarhús


Á Guðlaugsstöðum stóð langt fram eftir 20. öld stór og reisulegur burstabær úr torfi og timbri, sem byggður var 1875 og stækkaður 1926. Búið var í bænum til ársins 1979, er flutt var í nýtt steinhús, sem byggt var 1977-1979 af Guðmundi Pálssyni og Ásgerði Stefánsdóttur á hlaði gamla bæjarins og fast austan við hann.⁶⁴⁰

⁶³⁸ Húnaþing II, s. 232; Páll V. G. Kolka (1950), s. 137-139; Jón Torfason (2007), s. 95-96.

⁶³⁹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 137-139; Húnavaka 17. árg. 1977, s. 91, 34. árg. 1994, s. 196-197, 48. árg. 2008, s. 169-171; Jón Torfason (2007), s. 95-96; Tíminn 44. árg., 64. tbl., 19. mars 1960, s. 12.

⁶⁴⁰ Húnaþing II, s. 232; Húnavaka 48. árg. 2008, s. 170.

Pótt bærinn sé nú að fullu horfinn og heyri sögunni til, er vel við hæfi að gefa hér stutta lýsingu á honum. Í fyrstu verður hér birt samantekt Guðrúnar Guðmundsdóttur, en síðan lýsingar úr fasteignaúttektum frá 1916-1918, 1930 og 1940.



Uppdrættir nemenda Arkitektaskólans í Árósum frá sumrinu 1975. (Minjastofnun Íslands.)

Frambærinn var byggður árið 1875 af Jóni Guðmundssyni (1844-1910), sem lengi bjó á Guðlaugsstöðum. Hann lét grafa niður fyrir frost og hlaða grjóti í holurnar undir burðarstoðir frambæjarins, svo að frostlyfting myndi ekki skekkja bæinn, eins og gerðist víða. Þá var einnig byggð smiðja norðan við bæinn, sem stóð framundir 1990. Talið er að þilin á henni, þ.e. hálfþil að vestan og heilþil að austan, hafi verið úr eldri bæ, sem þá hafi verið rifin. Ekki er vitað um aldur meirihluta húsaraðarinnar aftan við frambæinn, en þar voru búr og hlóðældhús sitthvoru megin við bæjargöngin. Sá hluti gæti jafnvel hafa verið frá 18. öld. Í norðurenda húsaraðarinnar, næst brekkunni og aftan við hlóðældhúsið, var eldiviðarkofi, sem einnig var mjög gamall, um 2,5 × 3 m að innanmáli. Í sömu röð og næst eldiviðarkofanum var herbergi, tæplega 4 × 4 m að innanmáli, sem byggt var um 1907 eða 1908 af Hannesi Guðmundssyni og Halldóru Pálsdóttur konu hans, sem fluttu á jörðina eftir að Páll sonur þeirra keypti hana. Afgangurinn af baðstofunni var síðan byggður upp og stækkaður árið 1926, ásamt með einu herbergi í suðurenda miðhlutans (við enda búrsins). Var það e.t.v. gert til að samræmis gætti í útliti á stöfnunum. Vesturveggurinn var hlaðinn upp að gluggum, en liggjandi timburklæðning þar fyrir ofan. Þakið var tyrft, en það var annars pappalögð reisifjöl og panelklædd hvelfing að innan. Veggir voru einnig panelklæddir að innan. Herbergið við enda búrsins var ekki með hvelfingu, en liggjandi borðaklæðning upp í mæni. Smiður var Jónas B. Bergmann húsasmiður, þá á Marðarnúpi. Einnig var rifinn

torfveggur milli stofu og skála í frambænum (lítil burst á mynd) og gert þar svefnherbergi fyrir gesti.⁶⁴¹

Þessi bakhús voru byggð 1926 í stað eldri bygginga, sem stóðu vestan við gamla frambæinn. Eystra húsið var rífið um 1980 og hið vestara árið 2000. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Árið 1910 var bærinn sagður með fjórum heilþiljum og einu hálfþili, en í fasteignamati 1916-1918 var þessi lýsing gefin á honum: „Bæjar- og geymsluhús úr torfi og timbri: *Baðstofa* 24 × 6 álnir, *búr* 14 × 5 álnir, *stofa* og

svefnherbergi, öll alþiljuð. Kjallari að nokkru undir búri. Ennfremur: *Skáli*, að nokkru þiljaður, *eldhús*, *eldiviðarhús*, *skemman* og *smiðja*. Flest eru hús þessi nokkuð gömul, en sterkbygð og vönduð.“

⁶⁴¹ Heim. Guðrún Guðmundsdóttir 3. apríl 2019.



Frambærinn á Guðlaugsstöðum, skömmu áður en hann var tekinn ofan. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 830.)

Eftir stækkun bæjarins 1926 var honum þannig lýst 1930: „Bær úr timbri og grjóti að nokkru nýr, stór og stæðilegur. Önnur bæjarhús skemma og fleiri hús.“ Í fasteignamati 1942 var gefin þessi ítarlega lýsing: „Bær úr torfi og timbri. *Baðstofa* $16 \times 4,2 \times 2,7 \text{ m} = 181 \text{ m}^3$. Útveggir timburstafn og önnur hlið ofan fyrir glugga, hitt torf, torfþak, alþiljuð með hvelvingu, skipt í 4 herbergi, öll máluð, dúklegt gólf í



einu þeirra, miðstöðvarhitun. *Svefnherbergi* stærð $4,2 \times 2,5 \times 2,7 \text{ m} = 28 \text{ m}^3$, alþiljað og málað með timburstofu. *Eldavélarhús og búr* $9 \times 3,2 \times 2,7 \text{ m} = 78 \text{ m}^3$, þiljað með timburgólfi, súð undir torfþaki, þrjú timburskilrúm. *Kjallari* $4 \times 4,5 \times 2 \text{ m} = 36 \text{ m}^3$. *Gangur* milli eldavélarhúss og baðstofu, þak járn undir torfi, timburgólf $9 \times 1,2 \times 2,2 \text{ m} = 24 \text{ m}^3$. *Hlóðaeldhús* $7 \times 3,2 \times 2,3 \text{ m} = 32 \text{ m}^3$, torfveggur og þak. *Stofa* með óþiljuðum bæjardyrum og lofti, timburstafn, alþiljuð og máluð $4 \times 5 \times 3 \text{ m} = 60 \text{ m}^3$. *Svefnherbergi* $4 \times 2,2 \times 2,2 \text{ m} = 19 \text{ m}^3$, alþiljað og málað, þilstafn, járn undir torfi í þaki. *Skáli* með þilstafni $5 \times 4 \times 3,5 \text{ m} = 70 \text{ m}^3$, þiljaður með timburgólfi. *Kjallari* grjóthlaðinn undir. *Skemma* með þilstafni $4 \times 3,2 \times 3 \text{ m} = 34 \text{ m}^3$. *Smíðja* með þilstafni $6 \times 3,2 \times 3 \text{ m} = 57 \text{ m}^3$.

Guðlaugsstaðir 1977. Nýtt íbúðarhús í byggingu, fast framan við gamla frambæinn. (Ljós. Ingvar Gýgjar Jónsson. Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/99.)



Guðlaugsstaðir í apríl 1984. Vestan við nýja íbúðarhúsið stendur annað bakhúsið, sem byggt var 1926, og norðan við það er smíðja, sem byggð var 1875 úr fornum viðum. (Ljós. Ingvar Gýgjar Jónsson. Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/99.)

Sumarið 1975 stóðu nemendur Arkitektaskólans í Árósum að því að teikna gömlu bæjarhúsin á Guðlaugsstöðum (sjá teikningar).⁶⁴² Var þá enn búið í bænum, en eins og fyrr segir lauk búsetu í honum árið 1979. Kom þá til umræðu nauðsyn þess að varðveita bæinn og að frumkvæði Nönnu Hermansson, þáverandi borgarminjavarðar, var bærinn mældur upp og teiknaður sumarið 1980 af henni og Hjörleifi Stefánssyni arkitekt. Síðan voru viðir frambæjarins teknir ofan, enda þótti hann merkasti hluti bæjarins. Auk Nönnu og Hjörleifs unnu að því verki þrír starfsmenn Árbæjarsafns, Guðný Gerður Gunnarsdóttir minjavörður, Ólafur Jónsson smíður og Kristín Jónasdóttir fulltrúi. Voru viðirnir settir í geymslu og

⁶⁴² Þessar teikningar eru varðveittar í gagnasafni Minjastofnunar Íslands.

áformað að setja þá upp síðar, þegar aðstæður kynnu að skapast,⁶⁴³ en frambærinn og miðröð bæjarins voru síðan rifin ásamt smiðjunni, þar sem hún var fyrir heimreiðinni að hluta.⁶⁴⁴

Síðustu leifar bæjarins

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 var ennþá uppistandandi á Guðlaugsstöðum svonefnd *geymsla* frá 1926, 51,7 m² að stærð. Um var að ræða annað bakhúsið, sem byggt var af Jónasi B. Bergmann vestan við gamla frambæinn árið 1926 og lýst er hér að framan. Frá því að hætt var að búa í bænum var húsið notað sem geymsla, uns þessar síðustu leifar gamla bæjarins voru rifnar og jafnaðar við jörðu árið 2000.⁶⁴⁵



Horft heim að Guðlaugsstöðum sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Líndal.)

⁶⁴³ Hörður Ágústsson (2000 II), s. 112; *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 78. árg. 1981, s. 172.

⁶⁴⁴ *Heim*. Guðrún Guðmundsdóttir 5. apríl 2019.


⁶⁴⁵ *Heim*. Guðrún Guðmundsdóttir 19. mars og 3. apríl 2019.

3.4.9 Litlidalur

Staðhættir og saga

Jörðin Litlidalur er yst í Sléttárdal og austan í Auðkúluhálsi, upp með Sléttá (Litladalsá) að vestanverðu. Stendur bærinn gegnt Stóradal handan ár. Þaðan er víðsýnt til allra átta, til norðurs út yfir

Svínavatn og til suðausturs inn Sléttárdalinn. Jörðin var fyrrum afbýli frá Auðkúlu og eign Auðkúlukirkju frá fornu fari. Getur hennar fyrst í vísitasíu kirkjunnar árið 1432, en prestsekkjur höfðu forgangsrétt til ábúðar á jörðinni, sem varð bændaeign árið 1907.⁶⁴⁶



Túnakort Litladals 1920. Guðmundur Jósafatsson.

Ábúendur í Litlidal frá 1896 til 1907 voru Brynjólfur Gíslason (1861-1923) og Guðný Jónsdóttir (1864-1944). Árið 1907 keyptu jörðina hjónin Elín Ólafsdóttir (1860-1929) og Jónas B. Bjarnason (1866-1965), en létu hana árið 1924 í hendur Ólafi (1892-1936) syni sínum og konu hans, Hallfríði I. Björnsdóttur (1899-1974). Frá 1936 til 1950 bjuggu á jörðinni Guðmundur K. Meldal (1890-1950) og Róséla Guðmundsdóttir (1890-1969) og síðan Haraldur Karlsson (1922-2007) og Elín Ólafsdóttir frá Litlidal (1929-2000) frá 1950 til

1963, er jörðin fór í eyði. Haraldur var húsasmiður og stóð að smíði margra bygginga í Svínavatns-hreppi og víðar í Húnaþingi, bæði íbúðar- og gripahúsa.⁶⁴⁷ Jörðin var í eyði, en nytjuð af eigendum frá 1963 til 1978, er núverandi ábúendur, Svavar Hákon Jóhannsson (1946-) og Sigurbjörg Jónsdóttir (1951-) frá Stóradal, hófu búskap á jörðinni.



Horft heim að Litlidal um 1977, íbúðarhúsið frá 1935 fyrir miðju. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Horfin bæjarhús


Á árabílinu 1886-1907 tóku bæjarhúsin í Litlidal litlum breytingum og voru þessi: *Baðstofa* 11½ × 5½ alin. *Göng* frá baðstofu 9 × 1½ al. *Bæjardyr* 5¼ × 2¼ al. með þili fram-

an undir. *Búrhús* að sunnanverðu í bænum, 5½ × 3½ al. *Eldhús* að norðanverðu við bæjardyr, 6¾ × 4¼ al. *Skáli* að sunnanverðu við bæjardyr, 7½ × 3¾ al. *Fjós* yfir 4 nautgripi, 6 × 5½ al. Á þessu tímabili bættist við *maskínuhús* ásamt gangi, sem lá frá því að bæjardyrum.⁶⁴⁸ Tvö heilþil vissu að bæjarhlaði og skv. fasteignamati 1916/18 voru bæjarhúsin „gömul og sum farin að viðum og veggjum, baðstofa þó all-stæðilegt hús og nokkur hluti hennar, 7 × 6 alnir, nýlega uppbyggður“. Árið 1930 var bærinn sagður „gamall“ og 1940 virðist sem aðeins hafi staðið eftir af honum tvær skemmur úr torfi og timbri, enda var flutt úr honum í nýtt steinhús árið 1935.

⁶⁴⁶ *Eyðibýli á Íslandi* V, s. 120; Páll V. G. Kolka (1950), s. 154-155; *Húnaþing* II, s. 237.


⁶⁴⁷ *Húnavaka* 6. árg. 1966, s. 97-99; *Húnaþing* II, s. 237; *Morgunblaðið* 11. nóv. 2007, s. 58.

⁶⁴⁸ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Svínavatnshrepps 1880-1922 (úttektir 1886, 1896 og 1907).



Í ódagsettu bréfi Ólafs Jónassonar bónda til Jóhanns Franklín Kristjánssonar, forstöðumanns Teiknistofu byggingar- og landnáms-sjóðs, reifaði hann hugmyndir sínar um stækkun bæjarins í Litladal. Sagði hann sig helst vanta „einstaklega stórt eldhús og lítið búr og eina stofu, sem þarf ekki að vera stór, svo geymslu sem væri helst eins stór og $\frac{1}{3}$ af baðstofunni“. Taldi Ólafur að „ódyrast væri að byggja eina röð út og suður með baðstofunni“. Á grundvelli þessara óska gerði Jóhann Franklín tillögu að torf- og timburbyggðri viðbyggingu austan við baðstofuna. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að ráðist var í byggingu nýs íbúðarhúss úr steinsteypu skv. teikningu Jóhanns.

Ódagsett riss Ólafs Jónassonar og Jóhanns Fr. Kristjánssonar af bæjarhúsum (baðstofu og fjósi) í Litladal og hugmyndir Jóhanns að stækkun bæjarins, sennilega frá 1933 eða 1934. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/191.)



Uppdráttur Teiknistofu byggingar- og landnáms-sjóðs (Jóhanns Fr. Kristjánssonar) að íbúðarhúsinu í Litladal. Honum var þó ekki fylgt að öllu leyti við smíði hússins, s.s. varðandi þakgerð. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/4, nr. 141.)

Íbúðarhús

Árið 1934 létu hjónin, Ólafur Jónasson og Hallfríður Björnsdóttir, hefja byggingu á steinsteyptu íbúðarhúsi, sem teiknað var af Jóhanni Fr. Kristjánssyni, forstöðumanni Teiknistofu byggingar- og land-

Íbúðarhús
Litladal í Húnavatnssýslu, mið 1934

	kr.	sm.	kr.	sm.
I. Skrá				
32 1/2 gubna steinsteypt	978	21		
1 hanna list	28	00		
Málning	17	75		
Orkuskiptan	1575	12		
Karbolensur	3	00		
Samsetning	45	94		
Skotsteyptur í skuggi	42	00		
Flaksgjafi	95	00		
Flaksgjafi og skotsteyptur	222	00		
Skotsteyptur og gluggar (skuggi)	491	05		
Skotsteyptur og skuggi	88	55		
Skotsteyptur og skotsteyptur	33	00		
Skotsteyptur og skotsteyptur	70	00		
Skotsteyptur og skotsteyptur	59	10		
Skotsteyptur og skotsteyptur	249	00	4567	75
II. Önnur				
Skotsteyptur				
Skotsteyptur	ka 401,59			
Skotsteyptur	82	00		
Skotsteyptur	81	00	1467	94
Skotsteyptur	160	00	2727	19
III. Önnur				
Skotsteyptur	382	00		
Skotsteyptur	162	00		
Skotsteyptur	32	00		
Skotsteyptur	162	00	784	00
			8221	24

námssjóðs. Upphaflegum uppdrætti var þó ekki fylgt til fullnustu. Meðal annars var herbergjaskipan spegluð, bæði í kjallara og á stofuhæð, og þakgerð breytt á þann veg, að í stað valmaþaks var sett lágrest mænispak á húsið. Samkvæmt byggingarreikningi, sem gerður var af Jónasi B. Bjarnasyni (föður Ólafs) 9. mars 1935, nam heildarkostnaður rúmum 8 þúsund krónum. Þar af voru vinnulaun smiða og verkamanna samtals 2.727,78 kr., en smiðir hússins voru þessir: Yfirsmiður var Eiríkur Marías Guðlaugsson (1893-1979) í Reykjavík, Guðmundur Tryggvason (1918-2009), húsasmiður í Finnstungu, og Ragnar Einarsson (1898-1971), múrari á Blöndu-ósi.⁶⁴⁹

„Reikningur yfir kostnað við byggingu íbúðarhúss í Litladal í Húnavatnssýslu árið 1934“. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/191.)

Hinn 29. júlí 1934 sótti Ólafur Jónasson um lán úr Byggingar- og landnámssjóði og lýsti þannig stöðu framkvæmda: „Hús þetta, sem nú er komið undir þak, er byggt eftir teikningu og fyrirsögn Jóhanns Fr. Kristjánssonar og er að stærð 8,10 x 8,50 metrar með kjallara undir því öllu, og tvöföldum steinsteyptum veggjum. Krossskilrúm í kjallara og á stofuhæð úr steinsteyptu. Í húsinu verður vatnsleiðsla og skolpleiðsla og miðstöð til hitunar hefi jeg þegar pantað.“ Hinn 10. september kom Jóhann forstöðumaður að Litladal til að líta eftir framkvæmdum og lýsti aðstæðum. „Húsið var þá fohelt og búið að leggja gólfið. Kjallari er undir öllu húsinu, útveggir tvöfaldir með tvöföldu torftróði. Allt húsið verður tekið til íbúðar, en baðstofan rifin.“ Hinn 20. mars 1935 staðfesti Jóhann síðan, að húsið væri „nú að miklu leyti fullgert“ og 20. ágúst sagði hann að smiði hússins væri „nú lokið“.



Nýja íbúðarhúsið í Litladal í smíðum sumarið 1934. (Eigandi: Sigurbjörg Jónsdóttir.)

Heildarefniskostnaður nam nærri 4.567 krónum og var rækilega sundurliðaður í byggingarreikningi Jónasar B. Bjarnasonar í marsbyrjun

1935. Við þá upptalningu bætti hann þessu til skýringar:

Auk ofangreinds efnis var notað töluvert af borðvið úr gamla bænum. Af þessu tilfærða efni er nú ekki ónotað annað en ca. helmingur af gluggatróði. Enn er töluvert eftir ógert við húsið, svo sem öll málning og veggfóðrun innan húss. Ennfremur eftir að steypa tröppur við forstofu dyr, og að sljetta útveggi, sem ekki var unnt að gera í haust af því að byggingin komst svo seint upp, en það verður gert í vor, og nú er

⁶⁴⁹ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/191.

verið að smíða glugga til þess að geta haft tvöfalda glugga, að minnsta kosti á allri stofuhæðinni. Svo er og eftir mikil vinna við að laga í kringum húsið og koma frá moldum úr gamla bænum.⁶⁵⁰

Húsinu var þannig lýst í fasteignamati 1940: „Steinhús 8,5 × 8,1 m, vegg hæð 4,6 m. Rishæð 1 m. Tvöfaldir steinveggir með torfstoppi. Sléttaðir utan. Tvöfaldir gluggar. Borðasúð, pappi og járn. Gólf í stofuhæð timbur einfalt, loft sömuleiðis. Steinskilrúm í kjallara og stofuhæð nema eitt timbur. Í kjallara eru 5 herbergi, þar af 2 notuð til íbúðar. Á stofuhæð: eldavélarhús, vel innréttað, 3 stofur og forstofa, öll máluð og veggfóðruð. Loftið yfir ekki slegið né stoppað ofan á bita. Miðstöðvarhitun frá katli. Suðupottur. Vatnsleiðsla og frárennsli. Kjallari: hæð 2,2 m = 152 m³. Stofuhæðin: hæð 2,4 m = 166 m³. Loftið: hæð 1 m = 34 m³ [samtals] 352 m³. Önnur bæjarhús: Skúr norðan við íbúðarhús 5,7 × 2 × 2,1 m = 24 m³. Timburstafn, timburhlið, tvöföld með stoppi, milli skúrs og fjóss, járnþak á rimlum.“



Íbúðarhúsið í Litladal sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Húsið er einlyft með kjallara og lágreistu mænispaki, 65-70 m² að grunnmáli og 136 m² að stærð. Í virðingargjörð frá 29. apríl 1955 voru helstu stærðarmál talin þessi: Grunnflötur 8 × 8,5 m, lofthæð í kjallara 2,2 m og á aðalhæð 2,35 m, en rishæð 1,20 m. Tvöfaldir útveggir mældust 40 sm á þykkt og þar af 20 sm tróð. Skilrúmsveggir og gólf í kjallara voru steinsteypt, en úr timbri á aðalhæð og þak-hæð. Í kjallara voru 4 herbergi, þ.e. þvottahús og geymslur, og á aðalhæð 3 stofur, eldhús og forstofa. Húsið var ómálað að utan.⁶⁵¹

Húsið stóð autt frá 1963 til 1978, þegar jörðin var í eyði og var að þeim árum liðnum „mjög illa farið og ekki íbúðarhæft nema með mikilli viðgerð“.⁶⁵² Núverandi ábúendur jarðarinnar, sem hófu búskap í Litladal 1978, bjuggu þó um hálfis árs skeið í steinhúsinu, uns þau fluttu í nýtt íbúðarhús, sem byggt

⁶⁵⁰ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/191.

⁶⁵¹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/191.

⁶⁵² Húnaþing II, s. 237.

var 1978, um 50 m norðaustur af bænum. Gamla húsið var síðan notað sem skepnuhús um tíma, en eftir það sem geymsla.⁶⁵³

Sumarið 2013 var gerð úttekt á húsinu og ásigkomulagi þess þannig lýst í ritinu *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 120:

Húsið er steinsteypt, kjallari og hæð með járnklæddu mænisþaki. Húsinu hefur verið breytt töluvert. Útveggir eru heilir en múrhúð og málning víða flögnuð af. Gluggar eru lélegir. Gler er í sumum en neglt fyrir aðra. Karmar, póstar og fög eru í gluggum á efri hæð. Þrennar dyr eru á húsinu, tvennar á efri hæð en ein í kjallara. Aðalinngangur hefur verið á framhlið móti norðaustri. Þar hafa verið steypar tröppur sem nú eru horfnar. Útihurð er viðarhurð með níu rúðu glugga að ofan þar sem vantar í eina rúðu. Að neðan er búið að negla viðarborð utan á. Við dyr á bakhlið er gluggi til hliðar sem nú er neglt fyrir. Dyrnar hafa mögulega verið gerðar síðar en hurðin er heil, járnklædd. Dyr eru á kjallara á norðvesturhlið að neðanverðu sem neglt er fyrir. Á þeirri hlið hefur verið stórt dyragat á miðju húsi sem steyppt hefur verið í að mestu en skilinn eftir gluggi sem neglt er fyrir. Rafmagn og pípulögn eru í húsinu.

Um varðveislu hússins segir að síðustu: „Húsið er í frekar lélegu ástandi. Eigendur hafa áhuga á uppbyggingu en engar framkvæmdir eru þó fyrirhugaðar.“

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1934-1935	
Fyrstu eigendur:	Ólafur Jónasson og Hallfríður Björnsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús 1935-1963 og 1978.
Hönnun:	Teiknistofa byggingar- og landnáms- sjóðs / Jóhann Franklín Kristjánsson	Núverandi notkun: Geymsla
Yfirsmiður:	Eiríkur M. Guðlaugsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Aðeins múrhúðaðir að hluta.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		8,10 × 8,50 m / 65-70 m ² - 136 m ² - 352 m ³ .
	Reykháfur	Óbreytt	
	Útitröppur	Horfnar	Steyptar útitröppur hafa verið fjarlægðar.
	Gluggar		Lélegir, en trúlega af upphaflegri gerð.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er af látlausri gerð með lágreistu mænisþaki.
Menningsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið þjónaði hlutverki sínu sem íveruhús um hríð, og er í hópi þeirra steinsteyptu húsa í Húnaþingi, sem teiknuð voru af Jóhanni Fr. Kristjánssyni.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið er vel staðsett, en hefur lengi staðið autt.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið heldur í stórum dráttum upphaflegri gerð þrátt fyrir nokkrar breytingar.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er í slæmu ástandi og hefur verið lítið við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi og myndi sóma sér vel á bæjarstæðinu í endurgerðri mynd.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að nánari úttekt verði gerð á húsinu með tilliti til möguleika á endurgervingu þess og húsið verði mælt upp og teiknað.

⁶⁵³ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 120.




Fjós – fjóshlaða – votheysturnar

Árið 1930 voru öll peningshús í Litladal úr torfi og grjóti nema steinsteypt *haughús* með járnpaki (50 m³). Byggingarár þess er óþekkt, en það var enn í notkun um 1940, þótt „hrörlegt“ væri. Þetta hús er löngu horfið en var líklega meðal fyrstu steinsteyptu útihúsa, sem byggð voru í Húnavatnshreppi.



Samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 eru uppistandandi á jörðinni *fjánhús/hesthús*, 195,1 m³ að stærð og talið vera byggt 1950, en er í reynd frá árinu 1952. Þetta hús stendur suðaustur af gamla íbúðarhúsinu ásamt sambyggðum útihúsum, þ.e. *hlöðu* (42,4 m²), sem sögð er byggð 1952, og *vot-
heysturni* (19,2 m²) frá 1956.



Turnarnir eru reyndar tveir og standa líkt og varðturnar við suðvesturgafhlöðunnar. Byggingarár annars þeirra er óskráð, en hann var byggður 1952 og hlaðan með réttu lagi reist 1953 (sjá síðar).

Uppdráttur Haraldar Karlssonar að útihúsa-samstæðu, samþykktur 16. júní 1952 af Þóri Baldvínssyni, arkitekt og forstöðumanni Teiknistofu landbúnaðarins. (Pl. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/191.)

Þessar byggingar mynda sambyggða heild og eru allar byggðar af Haraldi Karlssyni, bónda og húsasmiði, skv. teikningum hans frá 1952. Fjánhúsið, sem nú er notað sem hesthús og geymsla, stendur við norðvesturhlöðunnar. Í núverandi mynd er hús-

íð ein heild með lágreistu mænispaki, sem reist hefur verið yfir þrjú samsíða og misaldra hús, sbr. ljósmyndir hér að neðan. Fyrir miðju er steinsteypt hús með mænispaki, sem er elst þessara húsa og var

upphaflega byggt sem fjós yfir 10 gripi. Austan við það og samsíða því er steinsteypt hús, sem byggt var 1961 sem viðbygging við fjósið með einhalla þaki og var ætlað að hýsa 15 kýr. Að vestanverðu er síðan hliðstætt hús, sem byggt var úr timbri og bárujárni, þegar báðum fjósbyggingunum var breytt í fjárhús með núverandi sniði.



Myndin til vinstri sýnir suðausturstafn hlöðunnar að innanverðu, þar sem innbyggðir votheysturnar standa til sitt hvorrar handar. Til hægri sést steinsteyptur suðvesturgöfl fjóssins, sem síðar var breytt í fjárhús og nú er notað sem hesthús og geymsla. (Ljós. Páll J. Lindal, 2015.)

Útihúsunum var þannig lýst í virðingargjörð 29. apríl 1955: „Fjós byggt 1952. Steinsteypt með járnþaki. Veggir einangraðir með gosull og múrhúðaðir. Stærð 10 básar. Teikning viðurkennd af Teiknistofu landbúnaðarins. *Fjóshlaða* [byggð 1953]. Steinsteypt með járnþaki. Stærð 5 × 6 × 4,5 m, 135 m³. *Votheysturn* [byggður 1952]. Sívalur, þvermál 3,25 m. Hæð 6 m = 49 m³.“ Í virðingargjörð frá 26. sept. 1961 kemur enn fremur fram, að þá var „verið að byggja við [fjósið] yfir 15 kýr“. Sú viðbygging var reist austan við eldra fjósið, en var aldrei fullgerð áður en Haraldur hætti búskap á jörðinni 1963. Töldust því aðeins veggir og ytra þak „nothæft“ skv. virðingargjörð 6. nóv. 1966.⁶⁵⁴

Þessar byggingar, þ.e. eldra fjósið, fjóshlaða og votheysturnar, falla aldursins vegna utan þess ramma, sem settur er þessari húsaskráningu. Þær voru hins vegar, í sinni upprunalegu mynd, talsvert óvenjulegar að formgerð og eru jafnframt áhugaverð hönnunar- og smíðisverk Haralds Karlssonar. Er því

⁶⁵⁴ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/191.

ástæða til þess að gert verði nánara mat á byggingarsögu og varðveislugildi þeirra og þær a.m.k. mældar upp og teiknaðar.

Fjós, fjóshlaða og votheysturnar – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1952-1956	
Fyrsti eigandi:	Haraldur Karlsson	Upphafleg notkun: Fjós, fjóshlaða og votheysturnar
Hönnuður:	Haraldur Karlsson	Núverandi notkun: Hesthús/geymsla – standa ónotuð.
Yfirmsiður:	Haraldur Karlsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Yngri hús hafa verið byggð sitt hvoru megin við upprunalegt fjós.
Þakgerð:	Mænis-/skúrþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn	Þök voru horfin af votheysturnum árið 1961.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsin eru óvenjulegrar gerðar og hafa talsvert byggingarsögulegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin voru hönnuð og byggð af Haraldi Karlssyni húsasmiði.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin mynda í sinni upprunalegu mynd áhugaverða og sérstæða heild útihúsa, sem við endurgerð nyti sín vel á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsin (einkum fjósið) eru talsvert breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsin eru í fremur lélegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa talsvert varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að öll húsasamstæðan verði mæld upp og teiknuð og byggingarsagan könnuð nánar.

3.4.10 Auðkúla og Auðkúlukirkja

Staðhættir og saga

Auðkúla eða Auðkúlustaðir, eins og býlið nefndist á miðöldum, telst landnámsjörð, því að þar bjó fyrstur Eyvindur auðkúla, sem nam allan Svínadal skv. Landnámu. Bærinn stendur í um 180 m hæð



yfir sjó við Svínavatn, utan í Auðkúluhálsi. Hann teygist ásamt Stóradalshálsi norður úr afréttinni, Auðkúluheiði, sem nær fram til jökla og var um aldir ein drýgsta tekjulind Auðkúluklerka vegna lambatollsins, er bændur í Svínavatns- og Torfalækjarhreppum máttu gjalda fyrir upprekstur. Frá bænum er víðsýni til Svínadals og út yfir Svínavatn og Ása, allt vestur til Stranda-fjalla.⁶⁵⁵

Túnakort Auðkúlu 1920. Guðmundur Jósafatsson. Íbúðarhúsið frá 1911 stendur næst kirkjugarðinum og kirkjan ögn sunnan við steinhúsið, en gamli bærinn stóð vestan við húsið, þ.e. á skákinni milli kálgarðs og kirkjugarðs.

Á miðöldum bjuggu stórhöfðingjar á Auðkúlu, sem var landmikil og hlunnindarík vildarjörð. Þar hefur verið kirkjustaður frá fyrstu tíð kristni og bændakirkja með prestskyld til ársins 1511, er Gottskálk Nikulásason Hólabiskup keypti jörð-

ina og lagði hana síðan með sérstakri erfðaskrá 1520 til beneficium. Kirkjulúenið þótti jafnan í röð bestu og eftirsóttustu brauða á landinu. Undir það heyrði annexían Svínavatn, þar sem áður var

prestskyld, og bænhús á a.m.k. 6 bæjum á kaþólskum tíma, þ.e. í Holti, á Ljótshólum, Snæringstöðum, Hrafnabjörgum, Grund og Geithömrum.⁶⁵⁶



Kirkjan, gamli torfbærinn og nýja steinhúsið á Auðkúlu skömmu eftir 1911. Prestsbústaðurinn, sem séra Stefán M. Jónsson lét reisa (lengst til hægri) var rifinn laust eftir 1970. Milli hans og kirkjunnar sjást burstir gamla bæjarins og ennfremur í baðstofugafli til vinstri við kirkjuna. Ljósmyndari óþekktur. (Kirkjur Íslands III, s. 17.)

Síðustu prestar sem sátu á Auðkúlu voru feðgarnir Stefán M. Jónsson (1852-1930) og Björn Stefánsson (1881-1958). Séra Stefán tók við staðnum sumarið 1886, en þjónaði þar frá 1885 til 1921, er sonur hans tók við brauðinu. Þjónaði séra Björn síðan prestakallinu til 1953, en síðustu árin frá Akureyri, eftir að hann flutti þangað búferlum 1947. Auðkúluprestakall var lagt niður með lögum 1952 og sameinað Æsustaðaprestakalli, en síðar lagt til Bólstaðarhlíðarprestakalls, sem þjónað er frá Blönduósi. Með því að prestssetrið var aflagt tók


⁶⁵⁵ Páll V. G. Kolka (1950), s. 155-156; *Húnaþing* II, s. 238; Jón Torfason (2007), s. 92; *Kirkjur Íslands* VIII, s. 9.

⁶⁵⁶ *Húnaþing* II, s. 238; *Kirkjur Íslands* VIII, s. 9-11; *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps [...] 2010/101*, s. 42-43.

Landnám ríkisins yfir jörðina 1952 og á vegum þess voru stofnuð þar þrjú nýbýli, Auðkúla 1-3, með nýjum íbúðarhúsum, sem byggð voru 1954, 1967 og 1968.⁶⁵⁷

Horfið steinhús

Árið 1910 stóð gamall torfbær á Auðkúlu með 6 heilpiljum og einu hálfpili. „Húsaskipan á Kúlu var slík, að úr baðstofu voru löng göng þráðbeint til bæjardyra. Tvennar voru krossdyr á þessari leið, leiddu hinar innri til búrs og eldhúss, en hinar fremri til stofu og skála [langt fram í bæ].“⁶⁵⁸ Bærinn stóð vestnorðvestur af núverandi kirkjustæði og austan við íbúðarhúsið á Auðkúlu I. Þar sáust lengi menjar af honum, en norður af gamla bænum voru skemmur úr torfi með timburgafla og tveimur eða þremur burstum. Þær munu hafa verið áfastar bænum og stóðu áfram eftir að bærinn var rifinn.⁶⁵⁹



Kirkjan og steinhúsið um eða fyrir miðja síðustu öld. (Ljós. Björn Bergmann. Ljósmyndasafn A-Hún. / Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 799.)

Um 1910 hafði séra Stefán M. Jónsson setið staðinn í fjórðung aldar og staðið fyrir byggingu nýrrar kirkju árið 1894. Lá því næst fyrir að endurnýja bæjarhúsin og árið 1911 lét hann reisa íbúðarhús úr steinsteypu austan við gamla bæinn. Að sögn „var það fyrsta húsið, sem þannig var byggt í sveitum þar nyrðra“.⁶⁶⁰ Þetta er reyndar ofmælt, því að sama ár var byggt steinsteyppt íbúðarhús í Hvammi í Vatnsdal og árið áður (1910) á Flögu í sömu sveit og Geitaskarði í Langadal.

Húsið var teiknað af Rögnvaldi Á. Ólafssyni (1874-1917) húsameistara, en yfirsmiður var Páll Friðriksson (1876-1935) steinsmiður, sem árin 1910-1912 var heimilisfastur á Geitaskarði meðan hann vann þar að smíðum. Frá þessu greindi Guðmundur Hannesson læknir 30. október 1910 í bréfi til bróður síns, Páls á Guðlaugsstöðum: „Séra Stefán á Kúlu ætlar að láta Pál, sem byggði húsið á Skarði, byggja annað fyrir sig að sumri.“⁶⁶¹ Frá byggingu hússins segir ennfremur á öðrum stað: „Allt útlent efni í húsið varð að flytja á klökkum af Blönduósi, 4-5 stunda lestagang, steypuefnið varð að flytja á sama hátt neðan frá Svínavatni. Engin aðstoð var þá veitt af almannafé til slíkra framkvæmda. Ríkið [þ.e. Kirkjujarðasjóður Íslands] eignaðist nýja húsið fyrir gamla bæinn“, en hann „var rifinn, enda var hann orðinn lítt hæfur til íbúðar sakir kulda“.⁶⁶² Virðist þó sem nokkur hluti hans hafi staðið a.m.k. fram yfir 1940 (sjá hér á eftir).

Rögnvaldur Ólafsson húsameistari ferðaðist um landið sumarið 1911 og skoðaði þá m.a. kringumstæður á Auðkúlu:

⁶⁵⁷ Ágúst Sigurðsson (1965), s. 16-22; *Húnaþing* II, s. 238-241; *Íslendingaþættir Tímans* 13. árg., 23. tbl., 19. júlí 1980, s. 2; *Kirkjur Íslands* VIII, s. 10-11; *Tíminn* 36. árg., 194. tbl., 29. ágúst 1952, s. 8; Þorsteinn Guðmundsson (1994), s. 94-97.

⁶⁵⁸ Jónbjörn Gíslason (1964), s. 7.

⁶⁵⁹ *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps [...] 2010/101*, s. 46-48.

⁶⁶⁰ *Kirkjuritið* 18. árg. 1952, 4. tbl., s. 254.


⁶⁶¹ Sjá *Dreifbýli Blönduósbæjar. Húsakönnun*, s. 51.

⁶⁶² *Kirkjuritið* 18. árg. 1952, 4. tbl., s. 254. Skv. annarri frásögn, var byggingu hússins varla „lokið að fullu“ sumarið 1913, sbr. *Húnavaka* 3. árg. 1963, s. 37.

Þegar jeg kom að Auðkúlu (5. júlí) stóð nú raunar svo á, að hið nýja íbúðarhús, sem jeg hafði gert uppdrætti að um veturinn áður, var í smíðum og ekki lengra komið en svo, að nokkrir af útveggjum kjallarans voru þegar steyptir. Bærinn stóð enn óhreyfður og var allsæmilegur. Húsið var reist á hlaðinu fram undan bæjarhúsunum.

Með samþykki Stjórnarráðsins var hinu nýja húsi að því leyti breytt frá uppdráttum, að það var haft svolítið minna um sig og rislægra en þar var ráð fyrir gert, en sett á það port. Presti hafði ekki tekizt að fá timbur það, er hann hafði pantað til hússins, nógu snemma til móta um kjallaraveggina og var því í timburhraki til þess. Af því stafaði það, að ekki var steypur nema einn kjallaraveggur í einu. Gallinn á þessari aðferð var sá, að veggirnir voru lítt bundnir saman í hornum, heldur steyptir hver að öðrum. Þessi aðferð var í mínum augum glæfræleg, enda þó að grundvöllur virtist allfastur og vel jafn. Lagði jeg því svo fyrir, að gera skyldi nokkurskonar greirneglingu með járnum og steinsteypu á öllum hornum og steypa tóttina fyrir ofan kjallara í einu lagi, sagði og fyrir um hvernig jeg vildi láta festa skilrúmunum í útveggi og bitum í veggja alla. Skömmu síðar sendi jeg (frá Hólum í Hjaltadal) allýtarlegt skrif um þetta, sem jeg hygg að fylgt hafi verið, eptir því sem prestur og smiður skýrðu mjer síðar frá, og er jeg því óhræddur um hús þetta.

Fullgert hefi jeg ekki sjeð húsið, en geri mjer allgóðar vonir um það, eptir handbragði sama smíðs að dæma á húsi Árna bónda á Geitaskarði. Það hús sá jeg um sama leyti og var tóttin að því fullger að kalla, en þaklaus. Smiðurinn heitir Páll Friðriksson.⁶⁶³



Uppdráttur af íbúðarhúsinu á Auðkúlu. Mælt upp og teiknað í júlí 1935 af Guðmundi H. Þorlákssyni fyrir Húsameistara ríkisins. (Þf. Landbúnaðarráðuneytið 2001. BA/328.)

Steinhúsinu var þannig lýst 1916/18: „Íbúðarhús úr steinsteypu 14 × 12 álnir, með jafnstórum kjallara. Í kjallara 4 herbergi auk inngangs; þar steypur gólf og skilrúm að mestu. Á stofuhæð 4 herbergi auk forstofu; þar eitt langskilrúm steypur, önnur skilrúm úr timbri. Útveggir þiljaðir og stoppað milli steins og þils með ösku [þ.e. vikri]. Pappi innan á þiljum málaður. Á lofti 1¼ álna port; þar 6 herbergi og

⁶⁶³ Þf. Stjórnarráð Íslands. I. skrifstofa 1988. B/58. Prestssetraskoðun 1911.

gangur; skilrúm öll úr timbri. Þak er tvöföld borðasúð, þá þurrt torf og bárujárn yst. Tvær steyptar múrþipur í húsinu frá kjallaragólfi. Við forstofu eru steyptar tröppur og pallur og inngangur í kjallaran undir hann. Auk þessa húss eru leifar af gömlum bæ: skemmur 2, skáli, eldhús og salerni.“



Önnur úttekt var gerð á staðarhúsum af Bjarna Pálssyni prófasti 6. júní 1921, er séra Björn Stefánsson tók við staðnum. Um prestsbústaðinn sagði meðal annars: „Íbúðarhús úr steinsteypu með járnþaki, að stærð 14 × 12 álnir, byggt 1911“. Önnur staðarhús voru fjós yfir 12 nautgripi, tvenn fjárhús yfir 80 fjár, hesthús, skemma og smiðja.⁶⁶⁴

Steinhúsið á Auðkúlu. (Ettir Austur-Húnvetninga III, s. 810.)

Árið 1930 var gefin þessi lýsing á húsinu:

„Íbúðarhús úr steinsteypu, 8,80 × 7,55 m. Ein hæð með kjallara og lofti, port 0,80 m. Þak járnvarið. Önnur bæjarhús úr torfi og timbri. Miðstöð.“ Árið 1935 var ásigkomulag hússins orðið afar slæmt, svo að mikil þörf var á margháttuðum endurbótum á því. Varð því úr, að undirlagi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að Einar Erlendsson, þáverandi húsameistari ríkisins, sendi aðstoðarmann sinn, Guðmund H. Þorláksson, norður að Auðkúlu til að gera úttekt á húsinu, mæla það upp og teikna (sjá teikningu hans hér að framan). Í skoðunargerð Guðmundar sagði eftirfarandi:

Húsið er undir eyðileggingu vegna leka með gluggum og reykháfum. Rífa þarf annan reykháfinn alveg burtu (er óþarfur síðan miðstöðvarhitun var sett í húsið), hinn reykháfinn þarf að gera upp að nýju, höggva, múra og troða með öllum gluggum, gera við þakið, gera við inniþiljur á útveggjum, eru orðnar grautfúnar sumsstaðar, setja þarf nýja glugga í skrifstofu prestsins. Nauðsynlegt er að strigaleggja, veggfóðra og mála íbúðarhæðirnar o.s.frv. og þilja neðan á kjallarabita. Eldhús er í kjallaranum og er þar má heita hvorki borð nje skápur, eldhúsið þarf nauðsynlega að laga. Þvottahús er ekkert í húsinu, en ágætt pláss fyrir það í kjallaranum. Prestur biður sjerstaklega um það strax að sjer verði sendur þvottapottur með tilheyrandi, því vandræði eru með allan taupvott. Salerni er ekkert í húsinu en auðvelt að koma því fyrir í kjallaranum. Nauðsynlegt er að mála þakið á húsinu og allt trjeverk utanhúss og endurbæta múrhúð hússins að utan.⁶⁶⁵

Ítarleg úttekt var gerð á íbúðarhúsinu og öðrum bæjarhúsum á Auðkúlu 1940 með þessum orðum: „Íbúðarhús steinsteyppt, einfaldir veggir, þiljaðir innan, ein hæð, kjallari og loft. Þak: Borðasúð, pappi og járn. Skilrúm úr timbri og steinsteypu, gólf og loft úr timbri, að miklu leyti tvöföld. Á stofuhæð 3 herbergi, eldhús og forstofa. Á lofti 6 herbergi, þrjú af þeim lítil, hæð og loft málað. Í kjallara 4 herbergi og gangur, útveggir þiljaðir í tveim herbergjum. Í húsinu er miðstöð, vatnsleiðsla, vatnssalerni og innmúraður suðupottur í kjallara. Húsið hefir fengið mikla viðgerð nýlega. Stærð 9 × 7,5 × vegg-hæð frá kjallara 3,5 m. Rishæð 2 m. Vegg-hæð í kjallara 2,1 m. Stærð alls 445 m³. Timburskúr eign ábúanda 6 m³. Önnur bæjarhús: 2 skemmur með timburstöfnum, gömul hús og léleg, stærð 100 m³. Smiðja, notuð sem hlóðahús 25 m³.“

Lengra verður saga hússins ekki rakin hér, en eftir að prestshjónin, Björn Stefánsson og seinni kona hans, Valgerður Jóhannsdóttir (1902-1980), fluttu frá Auðkúlu til Akureyrar árið 1947 höfðu þau aðeins sumardvöl á prestssetrinu meðan séra Björn þjónaði brauðinu.⁶⁶⁶ Var húsið því leigt ábúanda

⁶⁶⁴ ÞÍ. Skjalasafn prófesta. Húnavatnsprófastsdæmi AA/12. Úttekta-, vísitásiu- og héraðsfundabók 1920-1925.

⁶⁶⁵ ÞÍ. Landbúnaðarráðuneytið 2001. BA/328 (bréf Einars Erlendssonar dags. 6. ágúst 1935).

⁶⁶⁶ Íslendingaþættir *Tímans* 13. árg., 23. tbl., 19. júlí 1980, s. 2.

jarðarinnar, Hannesi Guðmundssyni (1925-2008), sem fluttist þangað 1951 ásamt móður sinni, systkinum og frændkonu, Steinunni Helgadóttur.⁶⁶⁷ Þar bjuggu þau til 1968, er Hannes byggði nýtt íbúðarhús, Auðkúlu 3. Einnig bjó þar um tíma frá því rétt fyrir 1950 Guðmundur Kr. Meldal (1890-1950) og Rósela G. Sigurðardóttir (1890-1969) ljósmóðir, uns hann lést á sviplegan hátt 1950. Þá bjuggu í húsinu Jónmundur Eiríksson (1914-1993) og Þorbjörg Þorsteinsdóttir (1914-2002) frá 1952 til 1955, er þau fluttu í nýbyggt hús að Auðkúlu 2.⁶⁶⁸ Frá árinu 1968 stóð gamli prestsbústaðurinn auður uns hann var rifinn árið 1970 eða 1971, þegar kirkjan var flutt á grunnstæði hans. Að sögn var húsið „ekki byggt úr góðu efni“.⁶⁶⁹



Séð heim að Auðkúlu I og Auðkúlukirkju 9. október 2018. (Ljósm. Gunnlaugur Haraldsson.)

Auðkúlukirkja

Samkvæmt elstu máldögum kirkjunnar frá 14. öld var hún helguð Jóhannesi skírara og vel búin gripum og öðrum eignum. Meðal annars skartaði guðshúsið 8 glergluggum í byrjun aldar og 11 við aldarlok, svo að trúlega var það timburhús. Sú kirkja, sem séra Stefán M. Jónsson tók við sumarið 1886, var hins vegar torfkirkja og byggð 1835 í sex stafgólfum, 14 × 6 álnir að stærð. Stóð hún í nokkrum halla í kirkjugarðinum fyrir norðan bæinn.⁶⁷⁰



Auðkúlukirkja, þá nýlega byggð. Framan eða norðan við hana stendur séra Stefán M. Jónsson. Ljósm.: Þjms. I og pr. 3574. (Kirkjur Íslands III, s. 12.)

Árið 1893 var Auðkúlukirkja eina torfkirkjan í prófastsdæminu og talin mikil þörf á endurbyggingu hennar. Því afréð séra Stefán að leita til Þorsteins Sigurðssonar (1859-1921), trésmíðameistara á Sauðárkróki, og fela honum smíði nýrrar timburkirkju. Prestur þekkti vel til verka Þorsteins, sem 10 árum fyrr (1883) hafði stýrt smíði Bergsstaðakirkju, sem Stefán þjónaði 1876-1885. Eins hafði hann verið yfirsmiður Bólstaðarhlíðarkirkju 1888 og vann um þessar mundir að smíði kirknanna á Holtastöðum og Undirfelli.⁶⁷¹

⁶⁶⁷ Heim. Halldór Guðmundsson 17. febr. 2019. Skv. úttekt, sem prófastur gerði á prestssetrinu 3. ágúst 1951, afhenti séra Björn Stefánsson þá formlega Hannesi Guðmundssyni húsið „sem fengið hefur byggingu fyrir jörðinni hjá kirkjumálaráðuneytinu með bréfi dags. 20. apríl sl. fardagaárið 1951-52“. Þí. Skjalasafn prófaste. Húnavatnsprófastsdæmi AA/14. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók 1941-1952, s. 77.

⁶⁶⁸ Húnavaka 34. árg 1994, s. 213; 43. árg. 2003, s. 153-154; 49. árg. 2009, s. 178; Húnaving II, s. 239; Morgunblaðið 37. árg., 205. tbl., 8. sept. 1950, s. 12; 19. sept. 2008, s. 28; Heim. Halldór Guðmundsson 17. febr. 2019.

⁶⁶⁹ Fornleifaskráning Húnavatnshrepps [...] 2010/101, s. 47.

⁶⁷⁰ Kirkjur Íslands VIII, s. 9-11 og 14; Húnaving I, s. 118-119; Fornleifaskráning Húnavatnshrepps [...] 2010/101, s. 43.

⁶⁷¹ Kirkjur Íslands VIII, s. 13, 46-47. og 83.




Auðkúlukirkja um miðja síðustu öld. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Að frumkvæði séra Stefáns var nýju kirkjunni valinn staður í túninu, sunnan og austan við torfbæinn. Sömuleiðis var ákveðið að láta kirkjudyr snúa til austurs og ofan að Svínavatni. Unnið var að smíði kirkjunnar í 50 daga sumarið 1894, þ.e. frá miðjum júlí til viku af september. Stóð hún þá fullsmíðuð, en auk Þorsteins unnu að verkinu fjórir aðrir smiðir. Vígsla kirkjunnar fór fram 9. september.⁶⁷²

Lýsing kirkjunnar

Kirkjan er ílangur áttstrendingur að grunnfleti og stóð upphaflega á grjóthlöðnum grunnmúr, en við endurgerð hennar árið 1971 var hún færð frá vegi, um 25 metra norður af eldra kirkjustæði, og endurreist á steinsteyptum sökkli hærra í túninu, á grunni prestsbústaðarins frá 1911, sem þá var rifinn. Hliðar hennar eru misjafnar að lengd; langhliðar



3,80 m, gaflar 2,52 m og hornsneiðingar 2,25 m. Hæð frá sökkli upp fyrir þakbrún er 3 metrar. Að utan er kirkjan klædd láréttri, strikaðri borðaklæðningu. Kirkjudyr með spjaldsettri vængjahurð eru á framstafni og snúa í austur, en framan við þær eru útitröppur úr tré. Gluggar eru sex talsins með T-laga póstum, þ.e. einn á hvorri langhlið og hverri hornskerðingu. Þakið er bratt og án mænis, krossreist upp af hliðarveggjum og gafilsneitt yfir kór og framkirkju. Það er borðaklætt og lagt læstri eirklæðningu, en var upphaflega pappklætt og „bikað með asfaltkítu“, en síðan klætt sléttu járn um langt árabíl. Upp úr miðju þaki rís ferhyrndur turnpallur eða stallur með áttstrendu þaki og upp af honum áttstrend og burstsett turnspíra á súlum. Eins standa sívalar spírur neðarlega á kirkjuþaki á ferstrendum stöplum upp af hverju þakhorni. Að innan er kirkjan eitt samfellt rými og var upphaflega með 12 skásettum setubekkjum, sex hvoru megin, en síðar vék innsti bekkur að norðan fyrir orgeli. Veggir og hvelfing eru klædd panelborðum. Altarið er jafngamalt kirkjunni, en prédikunarstóll kom fyrst í hana 1930.⁶⁷³

Grunnmynd og suðurhlið Auðkúlukirkju í mkv. 1:100. Mælt og teiknað af Þorsteini Gunnarssyni arkitekt. (Kirkjur Íslands III, s. 20.)

Kirkjan var fyrst máluð að innan 1903 af Hjálmarí Gíslasyni (1875-1959) trésmíði, sem var einn þeirra, er unnu að smíði kirkjunnar. Frá upphafi hrjáði hana þrálátur þakleki. Söfnuðurinn tók kirkjuna í sína umsjón undir árs-lok 1926 og fáum árum síðar voru gerðar ýmsar lagfæringar á henni. Árið 1956 urðu sóknarprestur og sóknarnefnd ásátt um að kljást ekki lengur við viðhald kirkjunnar og reisa í hennar stað nýja steinkirkju, en ákvarðanir dróust samt á langinn. Fyrir atbeina

⁶⁷² Kirkjur Íslands VIII, s. 14.

⁶⁷³ Kirkjur Íslands VIII, s. 14-24; www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/568.

Þjóðminjavarðar, Þórs Magnússonar, var þó horfið frá þeim áformum og ákveðið að ráðast í gagngerar endurbætur á kirkjunni með tilstyrk Þjóðminjasafnsins. Sú viðgerð fór fram á árunum 1970 til 1973 undir umsjón og hönnun Þorsteins Gunnarssonar arkitekts. Hann stýrði einnig þeim endurbótum,



sem gerðar voru á kirkjunni 1994-2001 með stuðningi Húsafriðunarsjóðs.⁶⁷⁴

Auðkúlukirkja að innan. (Ljósm. Ívar Brynjólfsson. Kirkjur Íslands VIII, s. 24.)

Auðkúlukirkja er óvenjuleg að allri gerð og eitt merkasta framlag Þorsteins Sigurðssonar kirkjusmiðs til íslenskrar kirkjubyggingarlistar ásamt Silfrastaða-kirkju í Blönduhlíð, sem hann byggði 1898 undir sama formi. Að því leyti má

hún teljast „tvíburasystir“ Auðkúlukirkju, en er þó með forkirkjuturni og frábrugðin í ýmsu öðru. Haft er fyrir satt, að Þorsteinn hafi teiknað Auðkúlukirkju eftir frumdrætti séra Stefáns M. Jónssonar, sem hann hafði gert eftir mynd og lýsingu í dönsku blaði. Sú fyrirmynd hefur þó ekki komið í leitirnar. Engu að síður er Auðkúlukirkja einstætt verk í íslenski kirkjubyggingarsögu.⁶⁷⁵ Ítarleg lýsing á kirkjunni og byggingarsögu hennar eftir Þorstein Gunnarsson arkitekt, ásamt teikningum hans af kirkjunni, er prentuð í *Kirkjum Íslands VIII*, s. 11-27.



Auðkúlukirkja sumarið 2015. (Ljósm. Páll J. Lindal.)



Auðkúlukirkja og Svinavatnið í baksýn, 9. október 2018. (Ljósm. Páll J. Lindal.)

⁶⁷⁴ *Kirkjur Íslands VIII*, s.16-22; Hörður Ágústsson (2000 II), s. 70.

⁶⁷⁵ Gunnar Árnason (1973), s. 6 og 15; Hörður Ágústsson (2000 I), s. 256; Hörður Ágústsson (2000 II), s. 70; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 25-27; Þór Magnússon, 2007, s. 75-76; Jóhanna Björnsdóttir (1899), s. 87-92.

Auðkúlukirkja – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1894	Upphafleg notkun:	Sóknarkirkja
Fyrsti eigandi:	Stefán M. Jónsson	Núverandi notkun:	Sóknarkirkja
Hönnuður:	Þorsteinn Sigurðsson		
Yfirsmiður:	Þorsteinn Sigurðsson		
Endurgerving:	1970-1973 og 1994-2001		
Hönnun:	Þorsteinn Gunnarsson		

Húsgæð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Tímur	Óbreytt	Kirkjan er klædd að utan með láréttri borðaklæðningu.
Þakgerð:	Toppreist	Óbreytt	Upp úr miðju þaki rís fernhyrndur tréþallur með áttstrendri turnspíru á súlum.
Þakklæðning:	Asfaltþappi	Eirklæðning	Þök kirkjunnar voru fyrst klædd pappa og zinki, síðan sléttu jární og árið 1971 tvöföldum pappa, en loks eirklæðningu 1994.
Undirstaða:	Grjóthlaðin	Steinsteypt	Árið 1971 var kirkjan flutt um set og sett á steinsteyptan grunn.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Kirkjan hefur óvenjulegt byggingarlag og er einstætt byggingarlistaverk í íslenskri kirkjubyggingarsögu. Hún er áttstrend að grunnformi og eitt samfellt rými með miðlæga hvelfingu undir toppreistu þaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Kirkjan er eitt af höfundarverkum Þorsteins Sigurðssonar kirkjusmiðs og talið eitt merkasta verk hans.
Umhverfisgildi:	Hátt	Kirkjan er vel staðsett og sómir sér prýðilega á kirkjustæðinu, en er afar aðþrengd af nálægum útihúsum og athafnasvæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Við endurbætur á kirkjunni 1971-2001 var hún færð til upprunalegs horfs í stóru sem smáu.
Tæknilegt ástand:	Gott	Kirkjan er í mjög góðu standi og henni vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Kirkjan hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Kirkjan var fyrst friðuð í A-flokki af menntamálaráðherra 20. desember 1982 skv. 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. Þjóðminjalaga nr. 52/1969. Síðan friðuð 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og síðan friðlýst 31. desember 2012 skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3.4.11 Snæringsstaðir

Staðhættir og saga

Svínadalsfjall gnæfir yfir Svínadal að vestan, en skáhallt niður undan Svarthömrum (931 m) í fjalls-



brúninni stendur bærinn Snæringsstaðir í um 240 m hæð yfir sjó, vestan Svínadalsveggar og nærri fjallsrótum. Nokkru innar eru Ljótshólar, fremsta byggða býlið í vestanverðum Svínadal.⁶⁷⁶

Túnakort Snæringsstaða 1920. Guðmundur Jósafatsson. Bærinn er vestarlega í túninu fyrir miðjum uppdrætti og nærri fjallsrótum.

Ábúendur á Snæringsstöðum frá 1907 til 1947 voru hjónin Guðrún Jónsdóttir (1881-1952) og Guðmann Helgason (1868-1949), síðan synir þeirra, Albert (1907-2000) og Steingrímur (1912-1992), og eiginkona hans, Auður Þorbjarnardóttir (1923-1998). Þau létu af búskap 1970 og tóku þá við búi sonur hjónanna, Benedikt Svein-

berg (1947-2016), og kona hans Hjördís Þórarinsdóttir (1948-). Hún á þar ennþá lögheimili, en býr á Blönduósi og er jörðin nýttuð til hrossabúskapar af syni hennar, Steingrími Benediktssyni.⁶⁷⁷

Horfin bæjarhús

Skv. úttekt frá 1907 voru þessi bæjarhús á Snæringsstöðum: *Baðstofa*, byggð um 1875, 14 × 6 álnir í 5 stafgólfum með alþiljuðum húsum í báðum endum. *Eldhús* 5½ × 4 álnir. *Búr* 5½ × 5 álnir. *Maskínuhús* 2½ × 7¼ al. með tveimur hálfþiljum. *Gangur* frá baðstofu til maskínuhúss, 2½ × 5½ al. *Bæjardyr* 5½ ×



3¾ al. með burstþili fram á hlað. *Stofa* 6 × 5½ al, alþiljuð með portbyggðu lofti og burstþili með vindskeiðum fram á hlaðið. *Skemma* fyrir norðan bæ, 6 × 4½ al. með burstþili og vindskeiðum. *Skemma* fyrir sunnan bæ, 9 × 5 álnir, portbyggð með burstþili framan undir með vindskeiðum.⁶⁷⁸

Íbúðarhúsið á Snæringsstöðum, sem byggt var að hluta árið 1936 og síðan aukið verulega við 1951. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 868.)

Árið 1910 var bærinn sagður með þremur heilþiljum og einu hálfþili að hlaði. Skv. fasteignamat 1916/18 voru bæjarhúsin „talsvert mikil, flest gömul, en mörg þeirra allvel stæð að viðum og veggjum“. Árið 1930 var bærinn sagður „gamall og hrörlegur“, en 1940 stóð ennþá þessi hluti hans, sem gengt var í úr nýja íbúðarhúsinu: „*Stofa* með þilstafni og lofti, þiljað gamalt hús, 4 × 3,5 m, vegghæð 2 m, rishæð 1,4 m = 38 m³. *Búr* 6 × 4 × 3 m, þiljað að nokkru, stæðilegt, 72 m³. *Eldhús* (hlóðahús) óþiljað, 40 m³.“ Einnig fylgdu gamla bænum tvær *skemmur* úr torfi, önnur með gömlum þilstafni og hin nýuppreft með þili.

⁶⁷⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 159; *Húnaþing* III, s. 246-247; Jón Torfason (2007), s. 90-91.

⁶⁷⁷ *Húnavaka* 33. árg. 1993, s. 182-183, 41. árg. 2001, s. 169; *Morgunblaðið* 27. okt. 1949, s. 7; *Heim*. Hjördís Þórarinsdóttir 19. mars 2019.

⁶⁷⁸ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Svínavatnshrepps 1880-1922.



Íbúðar- og útihús á Snæringstöðum um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús

Árið 1936 létu Guðmann Helgason og Guðrún Jónsdóttir byggja lítið steinsteypt íbúðarhús á einni hæð með hallandi þaki (skúrrisi) og kjallaralaust, um 35 ferm. að grunnfleti. Húsið var tengt gamla torfbænum með milligangi, en hvorutveggja var þannig lýst árið 1940: „Íbúðarhús úr steinsteypu, ein hæð, kjallaralaust,

skúrris, $8,2 \times 4,2$ m, vegg hæð 2,5, 86 m^3 . Útveggir einfaldir, þiljaðir innan með innlögðum pappa, eitt skilrúm steyppt, gólf og loft úr timbri. Þak: borðasúð, pappi og járn. Milli íbúðarhúss og annarra bæjarhúsa gangur, alþiljaður með skúrrisi 26 m^3 .“



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins vegna stækkunar íbúðarhússins. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/33, nr. 1611.)

Guðmann Helgason bóndi gerði sjálfur uppdrátt að húsinu, sem fyrst í stað var þó ekki byggt eftir nema að hálfu leyti. Áformuð stærð hússins var $8,10 \times 9,50$ m með 2,50 m hæð frá gólfi að þaki. Við afgreiðslu byggingarláns 26. október 1937 gerði Þórir Baldvinsson arkitekt svofellda athugasemd: „Uppdráttur liggur ekki fyrir af húsinu, en eftir stærð þess og lýsingu Jóh[annis Fr.] Kr[istjánssonar] gæti Landnámssjóðslánið verið allt að kr. 2000,00. Enn er eftir að ganga frá fordyri og forstofu.“ Umrædd lýsing Jóhanns var svohljóðandi eftir skoðunarferð að Snæringstöðum 2. október sama ár:

Bærinn á að gerast í tvennu lagi. Nú er nýsmíðað hálf túsíð, þ.e. tvær stofur og gangur undir skúrþaki, síðar á að byggja norðan við hliðina búr og eldhús og kemur þakið þá út sem risþak. Nýbyggingin er með steyptum veggjum, þiljað og stoppað, loftið er strigaklætt og málað. Þakið er af borðasúð, pappa og bárujárni. Stærð hússins er að innanmáli 3,75 × 7,50 m. Lofthæð ca. 2,40. Gangurinn var óinnanþiljaður þegar húsið var skoðað, en nú er hann sagður fullger. Stofan er hituð með ofni. Smíði heldur vel af hendi leyst. Kostnaðarverð er um kr. 2,800.00.⁶⁷⁹

Árin 1951-1953 létu bræðurnir, Albert og Steingrímur, ljúka byggingu hússins eða öllu heldur reisa viðbyggingu við það skv. teikningu Teiknistofu landbúnaðarins. Yfirsmiður var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.). Sú viðbót var felld að eldra húsinu og með því varð húsið einnar hæðar bygging, tvíálma eða L-laga að formi og kjallaralaus með risi og mænis-



þaki, 136,6 m² og 343 m³ að stærð.⁶⁸⁰ Hinn 1. nóvember 1951 staðfesti Kristján yfirsmiður, að húsið væri fohelt, og 21. október 1953 sagði hann húsið „fullgert að utan og aðalhæð fullgerð innan, en loft ekki búið“. Í húsinu voru þá eftirtaldar vistarverur: „5 herbergi, eldhús, búr, þvottahús, bað og geymsla. Rishæð óinnréttuð, notuð sem geymsla, hægt að innrétta til íbúðar.“⁶⁸¹

Séð heim að Snæringsstöðum í maí 1978. (Þf. Bygginga-stofnun landbúnaðarins 2005 A/260.)

Um 1986 var húsið klætt að utan með trapizulaga járnklæðningu, að undanskildum norðurgafli, en gluggasetningu var haldið óbreyttri. Frágangi var þó aldrei að fullu lokið, svo að húsið er að ýmsu leyti fremur rytjulegt ásýndar.



Íbúðarhúsið á Snæringsstöðum 9. október 2018. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

⁶⁷⁹ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/260.

⁶⁸⁰ Byggingarár íbúðarhússins er skráð 1951 í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 og miðast þannig við yngri hluta þess. Öll uppstandandi útihús voru byggð á árabílinu 1956-1987.

⁶⁸¹ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/260.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1936 og 1951-1953	
Fyrstu eigendur:	Guðmann Helgason og Guðrún Jónsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður 1936:	Guðmann Helgason	Núverandi notkun: Stendur ónotað.
Yfirsmiður:	Óþekkt	
Hönnun 1951:	Teiknistofa landbúnaðarins	
Yfirsmiður:	Kristján Gunnarsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa	Steinsteypa/járn	Húsið var klætt að utan með járnklæðningu um 1986.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Stærð		8,2 × 4,2 m / um 35 m ² - 86 m ³ (eldri hluti).

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið hefur ekkert byggingarlistarlegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur einungis þjónað hlutverki sínu.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er í vanhirðu á annars fallegu bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Eldri hluti hússins verður ekki lengur greindur frá yngri hluta þess. Allt húsið hefur verið klætt að utan og ásýnd þess breytt.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið virðist í fremur slöku ástandi og vanhirðu.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur lítið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins.

3.4.12 Syðri-Grund

Staðhættir og saga

Nýbýlið var stofnað árið 1950 með því að lögð var til þess hálf jörðin Grund. Í hlut Syðri-Grundar féll landið sunnan Þjóðveggarins (Auðkúluveggar), sem liggur þvert yfir Svínadal. Bærinn stendur undir Svínavatnsfjalli, spölkorn frá fjallsrótum, en í suðvestri gnæfir Svarthamrar (931 m) yfir Grundarskálum í fjallinu, beint upp af bænum. Stofnendur nýbýlisins voru hjónin Guðrún Sigurjónsdóttir (1922-) og Guðmundur Þorsteinsson (1910-2000), sem bjuggu þar til 1994, er þau fluttu á Blönduós. Samtíð þeim bjó á jörðinni Þorsteinn sonur þeirra frá 1985 og ásamt konu sinni, Sigrúnu Jónsdóttir, frá 1994 til 2000. Síðan hafa leigðu jörðina Óskar Bjartmarz og Hrönn Einarsdóttir frá 2000 til 2003 og síðan Sigurður Árnason og Ólöf Kristín Einarsdóttir frá 2003 til 2018.⁶⁸²



Íbúðar- og útihús á Syðri-Grund um 1977 og 9. október 2018. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Gunnlaugur Haraldsson.)

Íbúðarhús

Íbúðarhúsið létu Guðrún og Guðmundur byggja 1950-1951. Húsið var teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðarins.⁶⁸³ Ekki er kunnugt um yfirsíð þess, en að verkinu kom m.a. Einar Evensen (1926-2008), húsasmiður á Blönduósi.⁶⁸⁴ Húsið er steinsteypt, ein hæð án kjallara með risi og mænispaki. Við norðurenda þess er áföst steinsteypt viðbygging með lágu risi, byggð 1959. Húsið er 170,8 m² að gólfleti. Á seinni árum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á húsinu, svo sem endurnýjun glugga, þar sem settir voru einpósta gluggar í stað eldri glugga, og smíði þríhyrningslaga kvists á austurhlíð og þriggja þakglugga á vesturhlíð. Kvisturinn var settur á húsið 1990 og í kjölfar þess var rishæðin innréttuð og

⁶⁸² *Húnaþing II*, s. 248; *Morgunblaðið* 18. nóv. 2000, s. 48-49; *Heim*. Þorsteinn Guðmundsson 21. mars 2019.

⁶⁸³ Í teikningasafni Teiknistofunnar eru nokkrir uppdættir af áþekktum íbúðarhúsum og byggð voru á Grund og Syðri-Grund og voru sendir bræðrunum Guðmundi og Þórði Þorsteinssonum.

⁶⁸⁴ *Heim*. Þorsteinn Guðmundsson 21. mars 2019.

panilklædd.⁶⁸⁵ Fast ofan við bæinn er snotur samstæða steinsteypra útihúsa (þau elstu frá 1957), sem gefur bæjarheildinni mjög geðþekkan svip og hefur talsvert varðveislugildi.



Íbúðar- og útihús á Syðri-Grund í ágúst 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1950-1951
 Fyrstu eigendur: Guðmundur Þorsteinsson og Guðrún Sigurjónsdóttir
 Hönnun: Teiknistofa landbúnaðarins
 Smiður: Einar Evensen
 Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Flestir gluggar eru nú með einum lóðréttum pósti. 170,8 m ² Var settur á austurþekju hússins árið 1990. Reist við norðurenda hússins 1959.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Gluggar	Breyttir	
	Stærð		
	Kvistur		
	Reykháfur	Óbreytt	
	Viðbygging		

⁶⁸⁵ Heim. Þorsteinn Guðmundsson 21. mars 2019.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Einlyft hús með mænispaki og hefðbundnu sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur þjónað sem íveruhús í tæp 70 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið myndar geðþekka heild á bæjarstæðinu ásamt útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á húsinu, sem þó heldur ennþá grunnformum sínum og sniði.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið virðist í góðu standi og er vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Æskilegt er að húsin haldi sviphreinu yfirbragði til frambúðar.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er talin ástæða til sérstakra ráðstafana til varðveislu hússins, en hafa þarf upp á upprunalegum teikningum.

3.4.13 Grund

Staðhættir og saga

Grund er fornt býli undir Svínadalsfjalli og þótti fyrrum ein besta jörð í sveitinni, 40 hundruð að fornu mati. Land hennar nær neðan frá Svínadalsá og upp á fjallið, en Merkjælækur rennur á merkjum að norðan móti Geithömrum. Bærinn og gamla túnið eru ofarlega í landinu, nærri fjallsrótum. Jörðinni var skipt árið 1950 og nýbýlið Syðri-Grund stofnað af Guðmundi Þorsteinssyni (1910-2000) á syðri hluta landsins, en gamla jörðin hélt eftir flatlandinu norðan Þjóðveggar (Auðkúluveggar), allt niður að Svínavatni. Milli bæjanna rennur Grundarlækur (nær Syðri-Grund) ofan úr Ytri-Grundartjörn í Grundarskálum í fjallinu upp af bæjunum. Við hann reistu bræðurnir, Guðmundur og Þórður Þorsteinssynir, heimilisrafstöð árið 1953 með því að steipt var stífla á brekkubrún og lögð frá henni aðfallsrör niður að stöðvarhúsi.⁶⁸⁶



Túnakort Grundar 1920. Guðmundur Jósafatsson.

Sama ættin (Bolholtsætt) hefur búið á Grund frá 1846, er hjónin Sigurbjörg Jónsdóttir (1813-1876) og Þorsteinn Helgason (1806-1854) settust þar að. Þorsteinn (1842-1921) sonur þeirra keypti jörðina og bjó þar frá 1868 til æviloka og síðan ekkja hans, Ragnhildur Sveinsdóttir (1871-1951), til ársins 1942, er synir þeirra, Guðmundur og Þórður tóku við búi og skiptu jörðinni á milli sín, en auk



þess var um 40 hekturum skipt út við Svínadalsá. Sú spilda fékk nafnið Brúarvellir, sem voru lengi í eigu Jakobs Þorsteinssonar, sem ræktaði þar tún og byggði hlöðu, en bjó þar aldrei sjálfur. Brúarvellir eru nú í eigu Jóhanns Guðmundssonar í Holti.

Bærinn á Grund. Fjær er steinhúsið, sem byggt var 1937, sam-síða austurhlíð gömlu baðstofunnar, sem þá var endurbyggð með steiptum suðurgafli. (Ættir Austur-Húnvetninga III, s. 826.)

Guðmundur Þorsteinsson stofnaði nýbýlið Syðri-Grund árið 1950, en Þórður (1913-2000) bjó áfram á Grund til ársins 1993 ásamt eiginkonu sinni, Guðrúnu Jakobsdóttur (1921-2005).⁶⁸⁷ Sonur þeirra og tengdadóttir, Þorsteinn Trausti og Guð-rún Atladóttir, bjuggu um tíma samtíða foreldrum hans, en fluttu af jörðinni 1994. Þá tóku við jörðinni Ragnhildur Þórðardóttir og Sigurður H. Pétursson, sem bjuggu þar til 1999, en síðan Haraldur Kristinsson og Sveinfríður U. Halldórsdóttir, sem keyptu jörðina 2004. Árið 2017 seldu þau Grund Jóhanni H. Ragnarssyni og Zanny Lind Hjaltadóttur, en frá 2018 hefur Jóhann búið þar með móður sinni, Steinunni Jóhannsdóttur, sem er eigandi jarðarinnar skv. lögbýlaskrá.⁶⁸⁸

⁶⁸⁶ Húnavaka 34. árg. 1994, s. 51-54, 41. árg. 2001, s. 179-180; Húnaving II, s. 249; Jón Torfason (2007), s. 90; Heim. Þorsteinn Guðmundsson 20. mars 2019. Byggingarár rafstöðvarhússins er ranglega skráð 1944 í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018.

⁶⁸⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 160-161; Húnavaka 41. árg. 2001, s. 179-180; 46. árg. 2006, s. 159-160; Húnaving II, s. 248-249; Jón Torfason (2007), s. 89-90.

⁶⁸⁸ Heim. Þorsteinn Guðmundsson 20. mars 2019.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var bærinn á Grund með þremur heilþiljum að bæjarhlaði og skv. fasteignamati 1916/18 voru bæjarhúsin sögð „talsvert mikil, en vel viðuð og vel við haldið og stæðileg, öll með torfveggum og torfpökum“. Ítarleg úttekt var gerð á bæjarhúsum árið 1922 og voru einstök hús þessi: *Baðstofa* 8,83 × 3,5 m, alþiljuð, gólfögð með hvelfingu og hólfuð í þrennt (Norðurhús, Miðbaðstofa og Suðurhús). *Eldivélarhús* og *baðstofugöng* 3,78 × 2,58 m. *Búr* 3,45 × 2,8 m. *Eldhús* 3,5 × 2,5 m. *Stofa* 3,95 ×



2,82 m með stafnpili, þiljuð í hólf og gólf með *svefnherbergi* inn af og portbyggðu *stofulofti* yfir. *Skáli* og *bæjardyr* 4,78 × 4,3 m með stafnpili (bæjardyr 1,3 m á breidd, þiljað hús með steypu gólfi og lofti yfir). *Miðgöng* 3,27 × 2 m. *Skemma* 5 × 2,5 m með stafnpili í austur. *Smiðja* 2,8 × 2,5 m með stafnpili í austur. *Fjós* yfir 6 gripri og *fjóshlaða* yfir 100 hesta.⁶⁸⁹

Heyskapur á Grund sumarið 1945. (Húnavaka 34. árg. 1994, s. 48.)



Steinhúsið á Grund um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Mestur hluti bæjarins var rifinn fljótlega eftir byggingu steinhússins 1937, að frátaldri baðstofu, skemmu og smiðju (sjá síðar).

Íbúðarhús og geymsla

Árið 1937 byggðu bræðurnir Þórður og Guðmundur, ásamt Ragnhildi móður sinni, steinsteyppt íbúðarhús samsíða austurhlið gömlu baðstofunnar um leið og vesturhlið hennar var endurbætt (klædd timbri) og suðurstafninn steypdur. Bæjarhúsum var þannig lýst 1940: „Steinhús 10,9 × 4,2 × vegghæð 3,2 m. Ris 1,4 m. Einfaldir steinveggir á þrjá vegu, klæddir timbri, torfstoppi. Hliðin að baðstofu timbur. Þak: borðasúð á sperrum, pappi og járn. Veggir að utan kústaðir og sléttaðir. Timburgólf í eldhúsi og stofu, steingólf í gangi og búri. Eitt steinskilrúm þvert yfir húsið. Í húsinu er: eldavélarhús, búr, stofa og gangur. Öll máluð nema búrið. Porthæð 0,7 m. Stofuhæð 2,5 m. Loftið óhólfað, gólfborð á bitum. Stofuhæðin 115 m³, loftið 64 m³. Gömul baðstofa, ný endurbætt hliðin að vestan og stafninn, settir í gluggar. Stærð: 9 × 4 × 2,6 m = 94 m³. Alþiljuð, skipt í þrennt, hvelfing í þaki, tvö herbergi máluð. Skemma hörleg. Smiðjukofi.“




Íbúðar- og útihús á Grund í apríl 1984. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/96.)

⁶⁸⁹ *Hér.A-Hún. Úttektarbók Svínvatnshrepps 1922-1928.*

Í frásögn Þórðar Þorsteinssonar frá 1994 lýsti hann meðal annars erfiðleikum við efnisöflun til byggingarinnar:

Hér var nánast ekkert til af byggingum úr varanlegu efni. Við vorum búnir að byggja héra *hálf íbúðarhúsið* en urðum að flytja allt efni til þess á klökkum utan úr Vatnsvík en þangað var orðið bílfært. Við tókum mölina héra í læknum, hökuðum efnið upp, þvoðum það og hörpuðum og svo var öll steypa hrærð í höndum. Til þess að harpa mölina var smíðuð grind úr sívölu járni sem látin var hallast. Mölinni var kastað á grindina. Þá hrundi sandurinn og öll smærri óhreinindi niður í gegn en efnið sem var grófara hrundi út af og var þá hrein mól. Þegar þessi hreina mól var þvegin fékkst nokkuð gott steypuefni. Gallinn á steypuefni héra í dalnum er sá að sandurinn er ekki nógu hreinn og ég hugsa að töluvert af honum sé úr móbergi. Það getur dregið í sig vatn og er þess vegna svikult efni. Sandinn urðum við að flytja utan frá Svínavatni. Það var ekki hægt að gera á annan hátt en að hafa fyrirhyggju, taka hann upp um haustið og bera upp í haug og byggja utan um hann byrgi til þess að hægt væri að taka hann um veturinn. Þá fluttum við hann á sleða og höfðum einn hest fyrir. Þessi gamla bygging héra sem var byggð 1937 hefur ekki reynt lakar en margar þær nýrri.⁶⁹⁰



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að stækkun íbúðarhússins, dags. 5. maí 1959. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/45, nr. 2211.)



Vesturhlið og suðurstaft íbúðarhússins ásamt útihúsum á Grund í apríl 1984. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/96.)

Eldra steinhúsið var trúlega teiknað hjá Teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs og sennilega önnuðust bræðurnir, Guðmundur og Þórður, sjálfir smíði þess, sbr. lýsingu Þórðar hér að framan. Árið 1940 var síðan byggð geymsla með skúrþaki (35,3 m²) við norðurgafli hússins. Árið 1959 var húsið stækkað verulega skv. teikningu

frá Teiknistofu landbúnaðarins.⁶⁹¹ Með því varð mikil breyting á húsinu, svo að öll ummerki um eldri hlutann og upphaflega gerð hússins eru horfin. Gamla baðstofan var rifin (að frátöldum steinsteyptum suðurgafli hennar) og íbúðarhúsið tvöfaldað að breidd. Framkvæmdum var þannig lýst 6. nóvember sama ár: „Húsið er viðbygging við gamla íbúðarhúsið. Milliveggir og loftplata er steyp. Einangrun er 2“ plast. Múrverki innanhúss er lokið á neðri hæð. Rishæð ófrágengin. Sperrur úr 2“ × 6“. Klæðning, pappi og járn á þaki.“⁶⁹² Að verki loknu var húsið ein hæð með íbúðarhæfu risi og mænispaki,

⁶⁹⁰ *Húnvaka* 34. árg. 1994, s. 47-48.

⁶⁹¹ Virðist sem fylgt hafi verið sömu teikningu og notuð var við byggingu íbúðarhússins á Syðri-Grund.

⁶⁹² Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/96 (byggingarvottorð pr. 6. nóv. 1959).

100 m² að grunnmáli og samtals 167,7 m² að gólfleti, 485 m³ að stærð. - Fast norðan við íbúðarhúsið er samstæða steinsteyptra útihúsa, sem byggð voru 1951 og síðar.



Íbúðarhús og geymsla – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1937 og 1940
 Fyrstu eigendur: Þórður og Guðmundur Þorsteinssynir Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Hönnun: Teiknistofa byggingar- og landnáms- Núverandi notkun: Íbúðarhús
 sjóðs(?)
 Viðbygging: 1959
 Hönnun: Teiknistofa landbúnaðarins

	Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt		Við norðurstaftn hússins er steinsteypt geymsla með skúrþaki, sem byggð var árið 1940.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt		
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt		
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt		
	Stærð			10,9 × 4,2 m (elsti hluti) / 100 m ² - 167,7 m ² - 485 m ³ (núv. hús).
	Reykháfur	Óbreytt		
	Gluggar	Óbreytt		Flestir gluggar í húsinu virðast vera með upphaflegu sniði.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Einlyft hús með mænispaki og hefðbundnu sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur þjónað sem íveruhús í rúm 80 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið myndar geðþekka heild á bæjarstæðinu ásamt útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er í núverandi mynd mikið breytt frá upphaflegri gerð, en heldur að mestu leyti því formi, sem það fékk við stækkun 1959.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið virðist í góðu standi og vera vel við haldiðviðhaldi, en gólf í eldri hluta þess eru talsvert sigin eftir að sett var drenlögnum umhverfis það fyrir nokkrum árum.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Æskilegt er að húsið haldi sviphreinu yfirbragði til frambúðar.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki eru lagðar til sérstakar ráðstafanir til varðveislu hússins, enda eru varðveittar teikningar að því í núverandi formi.

3.4.14 Mosfell

Staðhættir og saga

Mosfell er nyrsta jörðin í Svínadal, en bærinn er nærri fjallsrótum. Jörðin liggur norðaustan undir enda Svínadalsfjalls og upp frá vesturenda Svínavatns. Reykjanibba (769 m) gnæfir á fjallsöxlinni upp



af bænum, en vegna skugga fjallsins er Mosfell einn almesti forsælubær norðanlands. Hrafnadalur er dalverpi í hásuður frá bænum og uppi í fjallsrótum. Í fjallinu, beint fyrir ofan bæinn, er djúpur ketill eða eldgígur, sem runnið hefur úr hraun, er nær niður undir tún. Norðan og ofan við hann er líparítfláki, sem kallaður er Grettisskyrta og kenndur við forn-kappann Gretti Ásmundsson. Jörðin komst í eigu Hólastóls 1520 eins og allar jarðir í Svínavatns-hreppi, en var þá eyðijörð og allt fram um 1592.⁶⁹³

Túnakort Mosfells 1920. Guðmundur Jósafatsson.

Ábúandi jarðarinnar frá 1900 til 1913 var Erlendur Hallgrímsson (1860-1935). Síðan bjuggu þar Benedikt Helgason (1877-1943) og Guðrún F. Þorlákadóttir (1887-1973), þá Karl Jónsson (1884-1950) og Guðrún Sigurðardóttir (1882-1979) og síðan Björn

Eysteinsson (1849-1939) og Kristbjörg Pétursdóttir til vors 1930.⁶⁹⁴ Það ár keyptu jörðina og bjuggu þar til 1980 hjónin Guðrún Sigvaldadóttir (1905-1981) og Júlíus Jónsson (1896-1991). Þau tóku að sögn „við niðurníddu kotbýli og breytt[u] því í góða bújörð“ með stórfelldri ræktun og byggingu íbúðarhúss jafnt og útihúsa.⁶⁹⁵ Frá 1965 til 1997 bjuggu á Mosfelli kjördóttir þeirra, Bryndís Júlíusdóttir (1945-), og Einar Árni Höskuldsson (1939-2017), en síðan Sólveig dóttir þeirra og Gísli Hólm Geirsson, sem nú býr þar ásamt Svönu Ingólfssdóttir.



Eldri hluti íbúðarhússins á Mosfelli var byggður í tveimur áföngum 1930-1931 og 1939. Myndin er trúlega tekin um 1960. (Ættir Austur-Húnavetninga III, s. 861.)

Horfin bæjarhús


Um aldamótin 1900 voru bæjarhúsin á Mosfelli þessi skv. úttektum: *Baðstofa* $7\frac{3}{4} \times 5\frac{1}{4}$ alin. *Göng* frá baðstofugangi, $9\frac{1}{4} \times 1\frac{1}{2}$ al. *Bæjardyr* $5\frac{3}{4} \times 2$ al., sperrureist hús í 2 stafgólfum með þilstafni að hlaði. *Skáli* $5\frac{1}{4} \times 3\frac{1}{2}$ al. í tveimur stafgólfum með hálfþili. *Búrhús* $4\frac{3}{4} \times 3\frac{1}{4}$ al. *Eldhús* $5\frac{1}{2} \times 3$ álnir. *Skemma* $7\frac{1}{4}$

⁶⁹³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 160; *Húnaþing* II, s. 251; Bragi Guðmundsson (1985), s. 62-63; Jón Torfason (2007), s. 86 og 89; *Heim*. Bryndís Júlíusdóttir 23. mars og 3. apríl 2019.

⁶⁹⁴ *Alþýðublaðið* 3. júlí 1930, s. 2-3; *Heim*. Bryndís Júlíusdóttir 23. mars og 3. apríl 2019.

⁶⁹⁵ *Húnavaka* 32. árg. 1992, s. 228-230.

× 3½ al. í þremur stafgólfum með þili framan undir og vindskeiðum. Fjós yfir 3 nautgripi með ranghala. Árið 1910 var bærinn sagður með tveimur heilpiljum og einu hálpili að hlaði, en skv. fasteignamati 1916/18 þóttu bæjarhúsin „fremur lítil, byggð úr torfi og grjóti og flest nýlega viðgerð, fremur góð hús og stæðileg“. Meðal þeirra var baðstofan, sem var endurbyggð og stækkuð 1914, svo að skv. úttækt 1921 mældist hún 10 × 6 álnir „með hálfum þilstafni í austur“.⁶⁹⁶ Þessara húsa var ekki getið í fasteignauktækt 1940 og höfðu þá sennilega verið rifin eftir að flutt var í nýja íbúðarhúsið.



Uppdráttur Teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs að íbúðarhúsinu á Mosfelli. Á teikninguna er ritað: „Hæðin endurbætt og bygt ofaná.“ (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/9, nr. 349, og 2005 A/208.)

Íbúðarhús

Árin 1930-1931⁶⁹⁷ og 1939 byggðu Guðrún Sigvaldadóttir og Júlíus Jónsson lítið steinsteypt íbúðarhús eftir teikningu frá Teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs. Vegna erfiðleika kreppuáranna var húsið byggt í tveimur áföngum, þ.e. fyrst neðri hæðin með skúrþaki, eins og sjá má á varðveittri teikningu. Á henni er húsið fullteiknað með mænispaki og lágu portbyggðu risi, en innfærð þessi skýring: „Hæðin endurbætt og bygt ofaná.“



Júlíus byggði sjálfur húsið að mestu leyti, en naut þó að einhverju leyti aðstoðar smiðanna Sigurjóns Þorlákssonar á Tindum og Guðmundar J. Bergmann á Stóru-Giljá; þess síðarnefnda m.a. við smíði glugga og rishæðar.⁶⁹⁸

Íbúðarhús, fjós og fjóshlaða á Mosfelli um 1960. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Húsið var í upprunalegu formi 55 m² að grunnfleti og 238 m³ að stærð, ein hæð með lágu portbyggðu risi og kjallaralaust. Húsinu var þannig lýst 1940:

„Íbúðarhús 7,7 × 7,1 m. Stofuhæð 2,4 m, port 0,5 m, ris 3 m. Einfaldir steinveggir, þiljaðir innan, torf-stopp. Þak: Borðasúð, pappi og járn. Timburgólf nema í forstofu og búri steipt. Loftið tvöfalt timbur og stoppað milli. Á stofuhæð 2 stofur, eldhús, búr, geymsla, stigagangur og forstofa. Stofuhæð mikið til fullgerð. Loft er óhólfað en á að setja þar herbergi, er efni til þess heimflutt. Húsið er sléttuð utan. Stærð 239 m³.“ Ennfremur var byggt við húsið fjós fyrir 5 kýr og einn kálf. Það var með steinvegg á einn veg, steiptum flór og járnþaki undir torfi.

⁶⁹⁶ *Hér.A-Hún.* Úttektarbók Svínvatnshrepps 1880-1922 (úttektir 1891, 1895, 1899, 1900, 1913 og 1921).

⁶⁹⁷ Byggingarár hússins er skráð 1930 í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Húsið var byggt í grunnstæði gamla bæjarins.


⁶⁹⁸ *Heim.* Bryndís Júlíusdóttir 23. mars og 3. apríl 2019.

Árið 1965-1966 létu Bryndís Júlíusdóttir og Einar Höskuldsson stækka íbúðarhúsið með steinsteyptri




viðbyggingu, sem reist var þvert á norðurenda hússins, þar sem fjósið stóð áður. Þessi viðbygging eða álma var teiknuð hjá Teiknistofu landbúnaðarins og upphaflega hönnuð með einhalla þaki. Yfirsmiður var Guðmundur Lárusson á Skagaströnd.⁶⁹⁹

Íbúðar- og útihús á Mosfelli um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að stækkun íbúðarhússins. (Pl. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/50, nr. 2511.)



Uppdráttur Byggingastofnunar landbúnaðarins frá 13. maí 1976 vegna breytinga á efri hæð og þakgerð viðbyggingar. (Pl. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/208, nr. 3203.)

⁶⁹⁹ Heim. Bryndís Júlíusdóttir 23. mars 2019.

Árið 1976 var húsinu breytt skv. teikningu Teiknistofunnar og sett á það háreist mænispak með nýtanlegri rishæð, svo að innangengt er milli hæða á eldri og yngri hluta hússins. Sú breyting var gerð af Kristjáni Gunnarssyni, húsasmíðameistara á Blönduósi (Stíganda hf.). Þessi álma snýr stöfnum í austur-vestur og er með nútímalegra sniði en eldra húsið, m.a. varðandi gluggasetningu. Hún er ein hæð á kjallara með háu portlausu risi og mænispaki, auk þess sem lítill inngangsskúr í kjallara er við norðurhlið hússins. Það er 50 m² að grunnfleti og 250 m³ að stærð, en allt íbúðarhúsið reiknast nú 198,8 m² að gólfleti. Eldra húsið (frá 1930-1939) heldur að verulegu leyti upphaflegu svipmóti. Gluggagerð hefur þó verið breytt, reykháfur fjarlægður ofan þakflatar og þakskeggið aukið og fært út við endurnýjun.



Íbúðarhúsið á Mosfelli sumarið 2015. (Ljósmynd. Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1930-1931 og 1939	
Fyrstu eigendur:	Júlíus Jónsson og Guðrún Sigvaldadóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Viðbygging:	1965-1966 og 1976	
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	
Yfirmiðir:	Guðmundur Lárusson / Kristján Gunnarsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Eldri hlutinn var upphaflega einangraður með torfi, en útveggir ómúraðir og sementskústaðir.
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	Byggt var við húsið í tveimur áföngum, 1965-1966 og 1976.
	Portbyggt ris	Óbreytt	Eldri hluti hússins er með lágu porti í rishæð.
	Kjallari	Óbreytt	Kjallari er aðeins undir yngri álmu hússins.
	Stærð		7,7 × 7,1 m / 55 m ² - 238 m ³ (eldri hluti) / 198,8 m ² (núv. hús).
	Reykháfur	Horfinn	Upphaflegur reykháfur í suðurenda eldra hússins er löngu horfinn og einnig er búið að fjarlægja yngri reykháf ofan þaks.
	Inngangsskúr		Lítill inngangsskúr í kjallara er við norðurhlið hússins.
	Gluggar	Breyttir	Upphaflegri gluggagerð hefur verið breytt og póstar fjarlægðir.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Eldri hluti hússins er á einni hæð með mænispaki og hefðbundnu sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið hefur verið nýtt sem íbúðarhús í tæp 80 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið fer vel á bæjarstæðinu og myndar snotra og samstæða heild ásamt nálægum útihúsum og trjágróðri.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Eldri hluti hússins heldur að nokkru leyti upprunalegu formi og svipmóti, en gluggum, þaki og fleiru hefur þó verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið virðist í góðu ásigkomulagi og viðhaldi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Eldra húsið hefur nokkurt varðveislugildi skv. áðursögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er talin þörf á sérstökum ráðstöfunum til varðveislu hússins, enda eru varðveittar upprunalegir uppdrættir að því.

Hlaða og fjárhús

Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 standa á Mosfelli þessi útihús, byggð á árabílinu 1950-1957: *Hlaða* (61,6 m²) frá 1950, *hesthús* (60,8 m²) frá 1952 (upphaflega fjós), *fjárhús* (205,2 m²) frá 1953, *geymsla* (23,1 m²) frá 1953, *hlaða* (85,5 m²) frá 1953 og *haughús* (23,7 m²) frá 1957. Öll þessi hús byggði Júlíus Jónsson að mestu leyti sjálfur, en byggingarár a.m.k. fimm þeirra eru ranglega skráð að sögn Bryndísar dóttur hans og fyrrum bónda á Mosfelli.⁷⁰⁰ Fyrirnefnda hlaðan var byggð sem fjóshlaða árið 1951 og fjósið (nú hesthús) 1952-1953 og tekið í notkun haustið 1953 ásamt haughúsi.



Fjóshlaðan var byggð 1951 og fjósið ásamt haughúsið 1952-1953. (Ljós. Páll J. Líndal, 2015.)



Hlaða frá 1948-1949 ásamt fjárhúsum frá 1950. (Ljós. Páll J. Líndal, 2015.)

Nokkru vestar á jörðinni stendur síðarnefnda hlaðan ásamt sambyggðum fjárhúsum með fjórum burstum og yngri gripahúsum austan við þau. Hlaðan er steinsteypt með mænispaki og var byggð 1948-1949. Þrjú fjárhús voru síðan byggð framán við hlöðuna árið 1950, en fjórða burstin nokkru síðar. Húsin eru steinsteypt, en voru klædd að utan með bárujárnri á trégrind um 1990 (að undanskilinni langhlið vestasta hússins) eftir að steypan fór að gefa sig. Var gluggum þá lítillega breytt.⁷⁰¹ Húsin mynda einkar snotra samstæðu útihúsa og halda að mestu upprunalegu útliti og formi.



⁷⁰⁰ Heim. Bryndís Júlíusdóttir 23. mars og 3. apríl 2019.

⁷⁰¹ Heim. Bryndís Júlíusdóttir 23. mars og 3. apríl 2019.

Hlaða og fjárhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1948-1949 og 1950
Fyrstu eigendur: Júlíus Jónsson og Guðrún Sigvaldadóttir
Hönnun: Óþekkt
Smiður: Júlíus Jónsson

Upphafleg notkun: Hlaða og fjárhús.
Núverandi notkun: Hlaða og fjárhús.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steypa/járn/tré	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Stærð:		

Helstu einkenni/breytingar

Húsin eru steinsteypt, en um 1990 voru fjárhúsin klædd að utan með bárujárnri á trégrind, nema langhlið vestasta hússins.

Hlaðan 85,5 m² og fjárhúsin 205,2 m².

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs
Menningarsögulegt gildi:	Lágt
Umhverfisgildi:	Miðlungs
Upprunalegt gildi:	Hátt
Tæknilegt ástand:	Gott
Varðveislugildi:	Miðlungs
Niðurstaða varðveislumats:	

Húsin eru smekklega hönnuð.
Húsin hafa eingöngu þjónað hlutverkum sínum.
Húsin mynda geðþekka heild og falla vel að umhverfinu.
Húsin virðist halda að mestu upprunalegu formi og útliti.
Húsunum er vel við haldið og í góðri umhirðu.
Húsin hafa talsvert varðveislugildi skv. framansögðu.
Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

3.4.15 Kúluksvísarskáli

Staðhættir og saga

Auðkúluheiði er mikið og gott afréttarland, sem fyrr á öldum var eign Auðkúlustaðar. Bændum í Svínavatns- og Torfalækjarhreppum var þá skylt að reka þangað lömb sín gegn greiðslu sérstaks lambatolls, sem rann til Auðkúluþrepps. Auk þess bar fjáreigendum að smala heiðina. Á þessu varð breyting um eða eftir 1880, þegar Svínavatns-, Torfalækjar- og Blönduóshreppar stofnuðu sérstakt



sameignarfélag, Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar, og keyptu síðan Forsæludalskvíslar árið 1890 og Auðkúluheiði 1918. Hefur félagið síðan annast fjallskil, viðhald gangnamannaskála og annan rekstur afréttarins.⁷⁰²

Jóhann Guðmundsson, gangnaforingi í Holti, við Kúluksvísarskála árið 1988 (Ljósm. Frimann Hilmarsson. Dagur 22. sept. 1988, s. 8.)

Heiðin nær frá daladrögum Svína- og Blöndudals fram til Hveravalla og á há Kjöl milli Langjökuls og Hofsjökuls. Sú leið telst um 60 km í beina loftlínu frá fremstu bæjum að Kili. Blanda heldur að heið-

inni að austan, en Forsæludalskvíslar að vestanverðu þar sem mörkin miðast við Friðmundarhöfða og Fellakvísl og þaðan sjónhending suður til Búrfjallahala og í Langjökul. Forsæludalskvíslar hafa mestall- ar tilheyrt upprekstrarlandi Auðkúluheiðar frá því að Upprekstrarfélagið keypti þær úr heimalandi

Forsæludals í Vatnsdal, en vestan þeirra er Gríms- tunguheiði.⁷⁰³

Fé sett á vörubíl við Kúluksvísarskála 1988 (Ljósm. Frimann Hilmarsson. Dagur 179. tbl., 22. sept. 1988, s. 9.)



Eftir endilangri Auðkúluheiði liggur Kjalvegur, en nálægt miðbiki hennar nær hún um 500-550 metrum y.s. Þar rísa tvö fell, sitt hvoru megin vegarins, Sandkúlufell (847 m) fyrir vestan hann, hátt og tignarlegt, og Arnarbæli (667 m) fyrir austan. Frá þeim falla lækir og ýmsar smákvíslar.

Kemur Kúluksvísl upp undan Sandkúlufelli og rennur austur í Blöndu, en suður af Arnarbæli er dálítill flá, sem er víðast ófær hestum og nær fram að Kúluksvísl. Suðvestur af flánni, á mel eða holtsbarði niður við kvíslina, er *Kúluksvísarskáli*, gamall gangnamannskáli úr torfi og grjóti, skammt austan við veginn.⁷⁰⁴ Frá honum er um 25 km leið og rösklega tveggja tíma reið suður til Hveravalla.

Kúluksvísarskáli

Skálinn við Kúluksvísl var í hópi allmargra gangna- og leitarmannaskýla, sem byggð voru fyrr á tíð á heiðum austursýslunnar og í notkun fram yfir miðja síðustu öld. Að undanskildum Kúluksvísarskála eru þeir nú allir fallnir í rústir. Kúluksvísarskáli var upphaflega byggður einhvern tíma á árunum 1880 til 1890 af Upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar. Veggina hlóð Hannes Guðmundsson (1841-1921), bóndi og smiður á Eiðsstöðum í Blöndudal, og standa þeir enn að mestu leyti í upprunalegri mynd.⁷⁰⁵ Um

⁷⁰² Jóhann Guðmundsson (1989), s. 92-93; *Heim*. Jóhann Guðmundsson 9. mars 2019.

⁷⁰³ Jóhann Guðmundsson (1989), s. 68-90; Jón Torfason (2000), s. 36; Jón Torfason (2007), s. 219; *Heim*. Jóhann Guðmundsson 9. mars 2019.

⁷⁰⁴ Hallgrímur Jónasson (1971), s. 48-49; Jóhann Guðmundsson (1989), s. 84-85; Jón Torfason (2000), s. 36-37; Jón Torfason (2007), s. 222.

⁷⁰⁵ *Heim*. Páll Pétursson 1. febr. 2019.

1940 var skálanum þannig lýst: „Kofinn er með járnþaki og palli fyrir 8 til 10 menn, all rúmgóður en ekki vistlegur.“⁷⁰⁶ Í skálanum var „timburpallur í öðrum endanum, en hestarnir [hafðir] fyrir framan



pallinn“, eins og Lárus Björnsson í Grímstungu lýsti í frásögn af næturgistingu þar veturinn 1953.⁷⁰⁷

Kúluvíslarskáli í endurgerðri mynd um 2010. (Ljósm. Einar K. Jónsson.)

Ekki verður fullyrt, hversu lengi skálinn var notaður til íveru eftir þetta, en um hann sagði árið 1989: „Er hann aflagður sem gististaður fyrir mörgum árum en er þó uppstandandi og er skepnum stundum stungið inn í hann í leitum.“⁷⁰⁸ Skömmu síðar, eða um aldamótin 2000, stóð Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar fyrir miklum

endurbótum á skálanum. Um það verk sá Helgi Sigurðsson frá Stóru-Ökrum í Skagafirði, bæði hleðslu og tréverk. Vandað var til verksins, þannig að skálinn yrði sem gleggstur minnisvarði um horfinn aðbúnað leitarmanna. Notkun skálans er engin, en ástand hans er gott⁷⁰⁹

Gangnamannaskáli – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1880-1890	
Fyrsti eigandi:	Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar	Upphafleg notkun: Gangnamannaskáli
Hleðslumaður:	Hannes Guðmundsson	Núverandi notkun: Skálinn stendur ónotaður.
Endurgerving:	Um 2000	
Hleðsla/tréverk:	Helgi Sigurðsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Torf/grjót	Óbreytt	Húsið var endurgert um aldamótin 2000.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Járn/torf	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er af hefðbundinni gerð torfhúsa.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er að stofni til um 130 ára gamalt og eini gangnamannaskálinn úr torfi og grjóti, sem ennþá er uppstandandi í Húnavatnshreppi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur nærri Kjalvegi og nýtur sín vel.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið heldur upprunalegu sniði í öllum meginatriðum og hefur verið endurgert af vandvirkni.
Tæknilegt ástand:	Gott	Skálinn er í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Leggja þarf sérstaka áherslu á varðveislu hússins, sem hefur mikið menningarsögulegt gildi og er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um minningarminjar nr. 80/2012.

⁷⁰⁶ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1940, s. 45.

⁷⁰⁷ *Húnavaka* 2. árg. 1962, s. 82.

⁷⁰⁸ Jóhann Guðmundsson (1989), s. 84-85.

⁷⁰⁹ *Heim*. Jóhann Guðmundsson 9. mars 2019.

3.4.16 Sæluhús á Hveravöllum

Staðhættir og saga

Innan marka Svínavatnshrepps og síðar hins nýja Húnavatnshrepps eru ótalin tvö gömul sæluhús á Hveravöllum við hinn forna Kjalveg. Þar hefur löngum verið áninga- og gististaður ferðalanga á alfara-leiðinni milli Norður- og Suðurlands, svo og gangnamanna í fjárleitum á Auðkúluheiði. Þar er nokkurt graslendi og góðir hagar fyrir hross. Þeir hafa þó ekki verið nýttir fyrir hross í áratugi eftir að hesthús og hestahólf voru reist norðan Breiðmels og varnargirðingar. Hveravellir eru eitt stærsta hverasvæði landsins og liggja í lægðardagi eða grunnu dalverpi milli norðurjaðars Kjalhrauns og melbungunnar Breiðmels, í um 650 m hæð yfir sjávarmáli. Líklegt er að svæðið hafi fyrrum heitið Hvinverjadalur (Vinverjadalur) og að eldra nafn Hveravalla hafi verið Reykjavellir. Um það eru þó deildar meiningar. Þessara örnefna er getið í Landnámabók og öðrum fornritum, s.s. Sturlunga sögu, þar sem greint er frá ferðum manna um þess-ar slóðir á árabílinu 1234-1264.⁷¹⁰



Gamla sæluhúsið og skáli Ferðafélags Íslands fjær og nýlega byggður árið 1939. (Ljósmynd Gerður Þórarinsdóttir. Þjms. Lpr/2013-4-50 / www.sarpur.is.)

Á þeim tíma var sæluhús í Hvinverjadal skv. Sturlungu, svo að sé þar um Hveravelli að ræða er líklegt að þar hafi verið eitthvert afdrep fyrir ferðalanga allt frá landnámstíð. Þar gisti Þorgils skarði með 30 manna liðsflokk árið 1257, en um næstu aldir finnst sæluhúss á Hveravöllum ekki getið í ritheimildum. Árið 1752 fundu Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson þar tóftir af stóru húsi, sem sennilega voru leifar af fornu sæluhúsi. Þær eru nú horfnar, því að ofan í rústina var byggt grjóthlaðið sæluhús árið 1922.⁷¹¹ – Hveravellir voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1960.⁷¹²

Sæluhús og gangnamannaskáli

Elsta sæluhúsið á Hveravöllum stendur í lautarbolla eða grónu viki við hraunbrúnina um 150 m sunnan við megin hverasvæðið og svonefndan Eyvindarkofa, þar sem helst er skjól fyrir norðanátt. Húsið var byggt sumarið 1922 að frumkvæði Geirs G. Zoëga (1885-1959) vegamálastjóra og á kostnað Íslenska fjallvegafélagsins. Hann varð síðar varaforseti og forseti Ferðafélags Íslands og mikill áhuga-

⁷¹⁰ *Húnaþing III*, s. 89; Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórssón (1981), s. 166-170; Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson (2001), s. 141-143; Hallgrímur Jónasson (1971), s. 51-62; Þór Hjaltalín (2008), s. 11-12 og 23; *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum*, s. 8-11.

⁷¹¹ Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórssón (1981), s. 168 og 170; Hallgrímur Jónasson (1971), s. 60-61 og 89; Þór Hjaltalín (2008), s. 12 og 23; *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum*, s. 11, 15-16. Þar er reyndar talið, að sæluhúsið frá 1938 hafi verið reist á hinum fornu rústum, sem enn séu sýnilegar „undir trépalli við suðausturhlíð skálans“ (s. 15). Þetta hefur Þór Hjaltalín hins vegar dregið í efa í skýrslu sinni (s. 23-24 og 30).

⁷¹² Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson (2001), s. 148.

maður um hálendisferðir. Þetta sumar voru ráðnir þrír menn til að lagfæra vörður á Kjalvegi og auk þess til að „reisa sæluhús á Hveravöllum fyrir menn og hesta“. Verkinu var stjórnað af Halldóri Jónassyni (1878-1969) frá Hrauntúni í Þingvallasveit, síðar fornbókasala í Reykjavík, en með honum unnu Helgi Sigurðsson (1903-1971), síðar verkfræðingur og hitaveitustjóri, og Þorkell Guðmundsson (1892-1992) úr Brynjúdal, síðar sjómaður á Akranesi.⁷¹³ Þeir hófu störf 17. júní með því að ryðja veginn á Mælifellsdal í Skagafirði, en ruddu síðan og vörðuðu alla leiðina suður að Blöndu. Frá þessu var sagt í *Tímanum* 30. september:

Var því verki lokið 2. ágúst. Síðan var farið suður á Hveravelli og þar reist myndarlegt sæluhús 8 × 5 álnir; veggir hlaðnir úr torfi og grjóti, járnþak yfir og loks tyrft yfir þakið. Var sérlega vel lagt til við á sæluhúsið. [...] Geta má þess um sæluhúsið á Hveravöllum, að það er á þeim stað reist, að í því verður jafnan hlýtt af jarðhita.⁷¹⁴

Bygging Sæluhússins tók þremmenningana þrjár vikur. Timbur og járn var flutt á hestum frá Starra-
stöðum í Skagafirði.⁷¹⁵ Að sögn Helga Sigurðssonar vottaði „fyrir tóttarbrotum eða einhverjum líkum



mannvirkjum“, þar sem þeir reistu húsið, svo að líklega var það byggt á rústum eldra sæluhúss, jafnvel allt frá þjóðveldisöld.⁷¹⁶ Húsið snýr stöfnum nánast í norður-suður og virðist í endurgerðri mynd halda að mestu leyti upphaflegu formi miðað við elstu ljósmyndir. Tóftin er 7,5 × 9,4 m að utanmáli og hlaðin nánast einvörðungu úr hraungrýti, a.m.k. ytra byrði. Hún var þó upphaflega hlaðin jöfnum höndum úr torfi og grjóti skv. elstu lýsingu og ljósmyndum af húsinu nýbyggðu. Veggir eru hlaðnir í u.þ.b. stoðahæð á þrjá vegu, en gafhláðið að norðanverðu er hlaðið nánast í mænishæð. Nú trónir þar lítið þríhyrnulaga timburþil með litlum glugga, sem óvíst er hvort var þar upphaflega. Á suðurgafli er tjargað timburþil með hvítmáluðum sex-rúðu glugga fyrir miðju, ofan við torflagðan steinvegginn. Inngangsdyr eru syðst á vesturlanghlið, en þakið er sperrureist og klætt torflögðu bárujárn.⁷¹⁷

Efri mynd: Sæluhúsið 1922-1925. (Ljós. Helgi Sigurðsson. Þjms. Lpr/2010-423-14 / www.sarpur.is.). Neðri mynd: Sæluhúsið 1925-1930. (Þjms. Lpr/2012-267-123 / www.sarpur.is.)

Sæluhúsið þjónaði bæði hestum og mönnum, sem sváfu á lofti, en við endurgerð hússins var milli-loftið fjarlæggt. „Þar voru hestar hafðir á gólfi en menn sváfu á lofti.“⁷¹⁸ Lýsingum af innréttingu skálans ber þó ekki fyllilega saman: „Niðri er svefnvallur í húsinu og uppi svefnloft“,⁷¹⁹ en á öðrum stað

⁷¹³ Hallgrímur Jónasson (1971), s. 88-89; *Morgunblaðið* 79. árg., 89. tbl., 15. apríl 1992, s. 33; Guðjón Friðriksson (2017), s. 256; Þór Hjaltalín (2008), s. 24.

⁷¹⁴ *Tíminn* VI. árg., 41. tbl., 30. sept. 1922, s. 132. Jarðhita gætir ekki lengur í gamla sæluhúsinu.

⁷¹⁵ Guðjón Friðriksson (2017), s. 256.

⁷¹⁶ Hallgrímur Jónasson (1971), s. 89; Þór Hjaltalín (2008), s. 26.

⁷¹⁷ Þór Hjaltalín (2008), s. 25-26; Guðjón Friðriksson (2017), s. 256.

⁷¹⁸ Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson (2001), s. 143.

⁷¹⁹ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1940, s. 63.

segir að heygeymsla hafi verið á loftinu: „Sæluhúsið þótti þá eitthvert vandaðasta skýli sinnar tegundar á fjöllum, þiljað innan að nokkrum hluta og mönnum ætlað þar legurúm, en hesthús að framan verðu með heylofti yfir“.⁷²⁰ Upphaflega var húsið bæði notað af ferðamönnum og fjallmönnum í seinni leitum, en eftir að Ferðafélag Íslands byggði skála sinn árið 1938 austan við hverasvæðið dró mjög úr notkun gamla Sæluhússins. Um næstu áratugi hýstu þó ferðalangar þar hesta sína og eftir endurgerð hússins er þar aðstaða til að matast, þótt á síðari árum hafi það lítt eða ekki verið notað til gistingar.⁷²¹ Hugur Ferðafélags Íslands stóð þó til þess, eftir að það tók við rekstri hússins sumarið 1996, að þar yrði „fræðslu- og íverustaður ferðafólks“⁷²² (sjá síðar).

Árið 1990 leitaði Náttúruverndarráð, sem hafði umsjón með Hveravöllum sem friðlýstu svæði, eftir því við Minjavernd, hvort félagið gæti komið að lagfæringum á Sæluhúsinu á Hveravöllum. Þessu erindi var vel tekið af stjórn Minjaverndar, sem fól Þorsteini Bergssyni framkvæmdastjóra að kynna sér ástand hússins og meta kostnað við endurgerð þess. Í ljós kom, að húsið var orðið mjög hrörlegt:



„Hleðslur þess voru signar, bæði að ytra og innra byrði. Torf á þaki var sigið niður eða fokið, bárujárnið ónýtt, sperruendar lélegir og togbönd milli sperruenda horfin.“⁷²³

Sæluhúsið 1940-1950. (Ljós. Kristján Lýðsson. Þjms. Lpr./ 1998-221-89 / www.sarpur.is.)

Niðurstaðan varð þó sú, að Minjavernd tók að sér að endurgera húsið og færa það sem næst upprunalegri gerð. Ástand þess var

kannað nánar og gerðar uppmælingarteikningar af því í september 1991. Þótt líklegast þætti að húsið væri ennþá ríkiseign, - þar eð vegamálastjóri hafði staðið fyrir byggingu þess fyrir opinbert fé á sínum tíma, - var litið svo á að hreppsnefnd Svínvatnshrepps hefði umráð yfir því. Var því gerður samningur við Minjavernd um endurgerð hússins og vörslu fyrst um sinn. Verkið var unnið í náinni samvinnu við Náttúruverndarráð, en kostnaður greiddur af svonefndum Fjallasjóði, sem stofnaður var 1991.⁷²⁴



Sæluhúsið 1972. (Ljós. Þór Magnússon. Þjms. Skg-3056 / www.sarpur.is.)

Endurgerving Sæluhússins hófst í júlí 1993 með því að veggir þess voru rifnir og endurhlaðnir af Hans Birgi Friðrikssyni. Framvindu verksins er að öðru leyti þannig lýst af Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi í bókinni *Litbrigði húsanna* (útg. 2017):

Sumarið og haustið 1994 voru farnar tvær vinnuferðir til að ljúka verkinu undir stjórn Þorsteins Bergssonar en með honum unnu að verkinu þeir Gestur

K. Jónsson og Anton Malmberg. Ný þekja var reist á hleðslur, syllum komið fyrir, sperrur reistar á þeim og lektum komið fyrir á sperrum. Ákveðið var að sleppa milliloftinu sem áður hafði verið en í þess stað var komið fyrir skambbitum á sperrur. Að öðru leyti var stærð og fyrirkomulag hússins eins og áður hafði verið og notast við þá viði úr gamla húsinu sem hægt var, nema lítill gluggi var settur á austurgafli til að auka birtu inni. Milli ferða af hálfu Minjaverndar var skipulögð ferð á vegum Náttúruverndarráðs, að

⁷²⁰ Hallgrímur Jónasson (1971), s. 89.

⁷²¹ Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson (2001), s. 143; Hallgrímur Jónasson (1971), s. 89.

⁷²² *Árbók Ferðafélags Íslands* 1996, s. 253.

⁷²³ Guðjón Friðriksson (2017), s. 254 og 256.

⁷²⁴ Guðjón Friðriksson (2017), s. 256.

hluta með sjálfboðaliðum, sem flutti torf að húsinu og kom því fyrir á þekju og hleðslum. Á árunum 1995 og 1996 var lokið við endanlegan frágang á Sæluhúsinu.⁷²⁵

Vel þótti takast til með endurgerð gamla hússins og hinn 24. júní 1996 var gerður samningur milli Minjaverndar og Ferðafélags Íslands þess efnis, að það annaðist vörslu hússins til ársins 2009. Það fól í sér daglega umsjón, viðhald og alla umhirðu með það að markmiði „að nýta húsið ferðamönnum til



hagsbóta og upplýsinga“. Í því skyni áformaði Náttúruverndarráð að „koma þar fyrir sýningu um jarðmyndun og sögu svæðisins“.⁷²⁶

Hort til Sæluhússins úr suðvestri um 1985. (Ljósm. Unnar Agnarsson / Húnaþing III, s. 90.)

Um þær mundir var risinn ágreiningur milli Ferðafélagsins og Svínavatnshrepps um yfirráð lands og mannvirkja á Hveravöllum, svo og framtíðarstarfsemi félagsins þar vegna áforma hreppsnefndar um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar á svæðinu og deiliskipulag þess. Sú deila stóð í hartnær sex ár, en lyktir hennar urðu þær, að Svínavatnshreppur keypti eignir félagsins á staðnum í febrúar 2002⁷²⁷ (sjá nánar kafla 3.4.17). Í bréfi til Minjaverndar 22. mars 2002 óskaði Ferðafélag Íslands ennfremur „eftir lausn frá því að hafa eftirlit og umsjón með gamla sæluhúsinu“.⁷²⁸

Endurgert sæluhúsið var „í þrýðis góðu ástandi“ sumarið 2008. (Þór Hjaltalín (2008), s. 25.)

Eftir kaup Svínavatnshrepps á eignum ferðafélagsins 2002 var stofnað einkahlutafélag,

Hveravallafélagið ehf., um allan rekstur á Hveravöllum. Upphaflega átti sveitarfélagið stóran hlut í því á móti einkaaðilum, enda lagði hreppurinn inn í félagið þær eignir, sem keyptar voru af ferðafélaginu. Nú er hlutdeild Húnavatnshrepps einungis 16%, en viðhald og umsjón með gamla sæluhúsinu er í höndum félagsins. Þeirri umhirðu hefur verið vel sinnt á síðustu árum og er húsið í góðu ástandi.⁷²⁹

Varðveislugildi Sæluhússins er ótvírætt í menningarsögulegu tilliti, ekki síður en þeirra meintu fornminja, sem undir því leynast. Í því samhengi skal hér að síðutu vitnað til umsagnar Þórs Hjaltalín, þáverandi minjavarðar Norðurlands vestra, í skýrslu hans um fornleifar á Hveravöllum árið 2008:

Rannsóknargildi sæluhússins felst líklega fyrst og fremst í því sem jörðin geymir undir því. Sérstök ástæða er til að standa vörð um það, enda gætu verið þar mörg byggingarstig sæluhúsa aftur í aldir. Þessi fallega torfbygging setur mikinn svip á staðinn og þrátt fyrir ungan aldur þá er hún vitnisburður um byggingarhefð fyrri alda. Hún hefur því upplifunar- og upplýsingagildi fyrir ferðafólk á staðnum. Aðgengi

⁷²⁵ Guðjón Friðriksson (2017), s. 256.

⁷²⁶ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1997, s. 263.

⁷²⁷ *Árbók Ferðafélags Íslands* 2002, s. 350; *Árbók Ferðafélags Íslands* 2003, s. 269 og 273; *Húnavaka* 42. árg. 2002, s. 261.

⁷²⁸ Guðjón Friðriksson (2017), s. 257.

⁷²⁹ *Heim*. Jón Gíslason 3. apríl 2019.

er auðvelt og á síðustu árum hefur það verið notað af fólki til að matast í. Byggingin var gerð upp fyrir fáeinum árum og er í þrýðis góðu ástandi.⁷³⁰

Sæluhús / gangnamannaskáli – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1922	
Fyrsti eigandi:	Ríkissjóður	Upphafleg notkun: Sæluhús
Smíði/hleðsla:	Halldór Jónasson, Helgi Sigurðsson og Þorkell Guðmundsson	Núverandi notkun: Gangnamannaskáli
Endurgerving:	1993-1996	
Verkumsjón:	Minjavernd/Þorsteinn Bergsson	
Smíðir:	Gestur K. Jónsson og Anton Malmberg	
Vegghleðsla:	Hans Birgir Friðriksson	
Núv. eigandi:	Hveravallafélagið ehf.	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Grjót/torf	Óbreytt	Húsið var endurgert frá grunni af Minjavernd 1993-1996.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Járn/torf	Óbreytt	

Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Snoturt hús úr grjóti og torfi af hefðbundinni gerð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er meðal elstu varðveittu sæluhúsa á hálandi Íslands og var trúlega byggt á rústum sæluhúsa frá fyrstu öldum byggðar í landinu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið nýtur sín afar vel á vernduðu hverasvæðinu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið hefur verið endurgert sem næst upprunalegu sniði.
Tæknilegt ástand:	Gott	Nokkuð hefur skort á nauðsynlegt viðhald hússins á síðustu árum.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Leggja þar sérstaka rækt við varðveislu hússins, sem brátt mun njóta friðunar skv. aldursákvæði laga um minningarminjar nr. 80/2012.

⁷³⁰ Þór Hjaltalín (2008), s. 28.

3.4.17 Sæluhús Ferðafélags Íslands

Staðhættir og saga

Skammt norðaustur af gamla Sæluhúsinu á Hveravöllum (frá 1922) og austan við hverasvæðið reisti Ferðafélag Íslands sæluhús árið 1938. Með því var bætt úr brýnni þörf vegna aukinnar umferðar ferðalanga um Kjöl, en þá um sumarið var lokið við að gera akfæran veg að Hveravöllum. Ferðafélagið hóf undirbúning framkvæmda árið áður með því að festa kaup á verkstjóarskála, sem smíðaður



hafði verið 1936 og notaður við byggingu Ljósafossvirkjunar. Varð hann falur eftir að stöðin hóf rekstur árið eftir.⁷³¹ Hveravallaskálinn var þriðja sæluhúsið, sem Ferðafélagið reisti á hálendinu. Fyrsta húsið var reist í Hvítárnesi norðan við Hvítárvatn árið 1930 og á árunum 1937-1938 byggði félagið annað sæluhús í Árskarði í Kerlingarfjöllum.

Sæluhús Ferðafélags Íslands á Hveravöllum 1938 eða 1939, þá nýbyggt. (Fálkinn 12. árg., 14. tbl. 1939, s. 3.)

fyrir byggingu á nýjum 90 m² skála í júlí 1981 uppi á Breiðmel norðaustan við hverasvæðið, skammt frá vegamótunum niður að gamla sæluhúsinu. Árið 1989 var skálinn fluttur niður á sléttlendið, nærri

bílastæðunum á móts við gamla sæluhús Ferðafélagsins.⁷³²



bilastæðunum á móts við gamla sæluhús Ferðafélagsins.⁷³²

Sæluhúsið á árabílinu 1946-1958 (efri mynd) og 1950-1965. (Ljósmynd Guðni Þórðarson. Þjms. GP-1472 og Þjms. Lpr/1993 -232 / www.sarpur.is.)



Nokkrum árum síðar, eða 1995, hófst langvarandi deila milli Ferðafélagsins og hreppsnefnda Svínavatns- og Torfalækjarhreppa um framtíðaraðstöðu félagsins á Hveravöllum. Skv. nýju aðalskipulagi hreppanna og deiliskipulagstillögum, sem fylgdu í kjölfarið, ráðgerðu hrepparnir að reisa þar „viðamikla þjónustumiðstöð“, en með því þótti Ferðafélaginu sýnt að starfsemi þess yrði „rutt burtu af Hveravöllum“. Félagið krafðist ógildingar á þeim hluta fyrirbyggjandi aðal- og deiliskipulags, sem laut að Hveravallasvæðinu. Þeim kröfum var hafnað af skipulagsstjóra og umhverfisráðuneyti, en í þessu málstappi stóð til ársins 2001. Þá náðist samkomulag um að Svínavatnshreppur keypti allar eigur Ferðafé-

lagsins á Hveravöllum og var kaupsamningur þess efnis undirritaður 16. febrúar 2002. Hélt Ferðafé-

⁷³¹ Árbók Ferðafélags Íslands 1938, s. 126; Hallgrímur Jónasson (1971), s. 76-77 og 96-97.

⁷³² Árbók Ferðafélags Íslands 1976, s. 165; Árbók Ferðafélags Íslands 1981, s. 186; Árbók Ferðafélags Íslands 1990, s. 247; Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson (2001), s. 145.

lagið þó áfram óbreyttum rekstri á Hveravöllum fram í september, en formleg afhending á eignum félagsins fór fram 1. október.⁷³³ Frá þeim tíma hefur sæluhúsið verið í eigu og umsjón Hveravallafélagsins ehf., sem stofnað var árið 2002 að frumkvæði Svínavatnshrepps til að annast allan rekstur hússins og annarrar aðstöðu á Hveravöllum (sjá kafla 3.4.16).

Sæluhúsið

Eins og áður segir var húsið byggt árið 1936 sem verkstjóráskáli, þegar framkvæmdir hófust við Ljósa-fossvirkjun, en var flutt í Hveravelli sumarið 1938 og endurreist þar. Ekki hefur verið grafið fyrir um smíði hússins, hvorki þá sem byggðu það upphaflega við Ljósa-foss né þá sem endurreistu það á Hveravöllum. Húsið er 45,5 m² að stærð skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018, en svofelld lýsing var gefin á því nýbyggðu: „Húsið er úr timbri, allt járnklætt, 5,5 × 8,5 m að stærð, með risi. Niðri er forstofa, eldhús með nokkrum matreiðsluáhöldum og 2 rúmgóðar stofur með 16 föstum rúmstæðum. Uppi eru 2 svefnloft með nokkrum rúmstæðum á gólfi. Húsið er hitað með hverahita.“⁷³⁴ Við útidyr á austurgafli hússins var þegar í upphafi byggt lítið fordyri með einhalla þaki. Skv. frétt í *Vísir* 11. nóvember 1938 rúmaði húsið „30 manns í rúm, en 60 manns geta fengið þar næturgistingu alls“. Húsið þótti hið glæsilegasta og var þannig lýst: „Hveravallasæluhúsið er ekki aðeins vandaðasta sæluhús landsins



heldur mun leit að vandaðra húsi í sveitum þeim er þarna eiga afrétt.“⁷³⁵

Efri mynd: Sæluhúsið 1967. (Ljós. Grétar Eiríksson. Þjms. Lpr/1993-288 / www.sarpur.is.) Neðri mynd (tekin 1996): Sæluhúsið og baðlaugin í forgrunni, en nýjasta sæluhúsið fjær. (Ljós. Kristján M. Baldursson / DV 156. tbl. 1996, s. 13.)



Sumarið 1958 var byggð lítil baðlaug við Hveralækinn, sunnan við sæluhúsið, um 3 × 6 m að stærð.⁷³⁶ Áratug síðar, eða sumarið 1968, var einnig ráðist í ýmsar endurbætur á húsinu: „Svefnloft var stækkað og nær nú yfir allt húsið, ósundurpiljað. Í stað tveggja lausra stiga var settur einn fastur. Gluggar á loftinu voru stækkaðir, svefnbálkar í stofunni lagfærðir og eldhúsið klætt eldvörðum krossviði.“ Eftir þessar breytingar, sem unnar voru af Páli Pálssyni byggingarmeistara, voru í húsinu rúmstæði með dýnum fyrir 33 manns, en alls rúmaði húsið um 40 næturgesti.⁷³⁷ Engin eldavel var í húsinu og því notast við primusa. Litlu munaði að sú eldunar-aðstaða grandaði húsinu í ágúst 1973, er kviknaði í skálanum út frá primusi, sem sprakk í hönd-

um erlendra ferðalanga. Urðu þó aðeins óverulega skemmdir á eldhúsi, sem þakka mátti hinni eldvörðu klæðningu.⁷³⁸

⁷³³ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1996, s. 253; *Árbók Ferðafélags Íslands* 1997, s. 262-263; *Árbók Ferðafélags Íslands* 1998, s. 255; *Árbók Ferðafélags Íslands* 1999, s. 590; *Árbók Ferðafélags Íslands* 2002, s. 350; *Árbók Ferðafélags Íslands* 2003, s. 269 og 273.

⁷³⁴ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1940, s. 63. Sjá einnig *Árbók Ferðafélags Íslands* 1939, s. 207.

⁷³⁵ *Vísir* 28. árg., 326. tbl., 11. nóv. 1938, s. 3.

⁷³⁶ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1959, s. 169.

⁷³⁷ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1970, s. 144; Hallgrímur Jónasson (1971), s. 76-77 og 96-97.

⁷³⁸ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1975, s. 159-160.

Árið 1984 voru öðru sinni gerðar gagngerar endurbætur á sæluhúsinu ásamt því að hitaveitan var endurnýjuð, eins og lýst var í ársskýrslu Ferðafélagsins: „Skipt var um allar undirstöður undir húsinu, skipt um alla glugga, útvegginn að norðanverðu, gólfið, milliveggi, kojur og ýmislegt fleira lagfært. Nýjar dýnur voru keyptar í kojurnar niðri. Er húsið nú sem nýtt.“⁷³⁹ Áratug síðar, eða sumarið 1994, var aftur ráðist í ýmsar endurbætur, sem unnar voru af smiðunum Sigurði Andrésyni og Sævari Guðmundssyni: „Svefnloftið var vindþéttað og einangrað, loft og veggir klæddir með panel, gengið frá gluggum, svefnbálkar smíðaðir og nýr stigi lagður upp á loftið. Öll gólf voru lökkuð, útihurð löguð og smíðaðir voru kassar undir gaskúta.“⁷⁴⁰ Tveimur árum síðar var skálinn málaður í grænum (veggir) og rauðum (þak) litum eins og önnur hús Ferðafélagsins víða um land, skv. tillögum Magnúsar Skúlasonar arkitekts.⁷⁴¹ Ferðafélagið stóð ekki að frekari endurbótum á sæluhúsinu næstu árin vegna þeirrar óvissu, sem ríkti um starfsemi félagsins á staðnum til frambúðar.⁷⁴²



Hveralækur og baðlaugin sunnan við sæluhúsið um 2000. (Ljósm. Arnór Karlsson. / Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson (2001), s. 143.)

Frá því að Hveravallafélagið ehf. hóf rekstur á Hveravöllum árið 2002 hefur það haft með höndum svipaðan rekstur í sæluhúsinu og áður var. Jafnframt hafa verið gerðar nokkrar endurbætur á húsinu; aðstaða til eldunar í eldhúsi hefur verið endurnýjuð og forstofa hefur verið endurbyggð og stækkuð. Þar hefur m.a. verið komið fyrir salerni, sem tengt er við fráveitu svæðisins. Þetta hefur gjörbreytt gístiaðstöðu í húsinu, sérstaklega að vetrinum. Ennfremur hefur aðgengi að baðlauginni verið endurbætt.⁷⁴³

Sæluhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1936	Upphafleg notkun:	Verkstjóráskáli
Fyrsti eigandi:	Ríkissjóður / Ljósafossvirkjun	Notkun:	Sæluhús
Annar eigandi:	Ferðafélag Íslands	Núverandi notkun:	Sæluhús
Núv. eigandi:	Húnavallafélagið ehf.		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Tré/bárujárn	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlung	Húsið er einföld og látlaus bygging úr tré og bárujárn.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið var þriðja sæluhúsið, sem Ferðafélag Íslands byggði og á sér langa sögu sem gististaður tugþúsunda ferðamanna.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur á friðlýstu hverasvæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er nánast óbreytt að utanverðu, en hefur tekið nokkrum breytingum innandyra.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsinu er prýðilega við haldið og ástand þess gott.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið menningarsögulegt gildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Mikilvægt er að hlúa vel að viðhaldi og varðveislu hússins.

⁷³⁹ Árbók Ferðafélags Íslands 1985, s. 251.

⁷⁴⁰ Árbók Ferðafélags Íslands 1995, s. 245-246.

⁷⁴¹ Árbók Ferðafélags Íslands 2000, s. 261-262.

⁷⁴² Árbók Ferðafélags Íslands 2000, s. 332-333.

⁷⁴³ Heim. Jón Gíslason 3. apríl 2019.

3.5 Bólstaðarhlíðarhreppur

Árið 1910 voru 42 bæir í ábúð í fyrrum Bólstaðarhlíðarhreppi og 36 bæir árið 1942, en heilsársbúseta á 21 lögbýli árið 2018. Á 21 jörð eru ennþá uppistandandi samtals 48 hús, sem byggð voru á árabílinu 1883-1950. Um er að ræða 17 íbúðarhús, þar af tvö úr torfi og timbri (Brattahlíð og Bergsstaðir), tvær kirkjur, eitt rafstöðvarhús og 28 útihús af ýmsum toga. Á flestum jörðum voru eldri bæjarhús rifin fljótlega eftir byggingu nýrra íbúðarhúsa. Þeir torfbæir eru því löngu horfnir.

Varðveitt hús frá 1883 til 1950

Varðveittar byggingar í Bólstaðarhlíðarhreppi eru eftirtaldar, – raðað eftir byggingarári:

<i>Bergsstaðakirkja</i>	Timburhús frá 1883.
<i>Bólstaðarhlíðarkirkja</i>	Timburhús frá 1888.
<i>Kóngsgarður</i>	Torf- og grjóthlaðin fjárhús, - að stofni til leifar bæjarhúsa frá 19. öld.
<i>Brattahlíð</i>	Íbúðarhús úr timbri og torfi (framhús) frá 1904-1905, fjós frá 1913(?), skemma frá 1925(?) og tvö fjárhús frá um 1930.
<i>Fossar</i>	Hesthús úr torfi og grjóti (aldur óþekktur).
<i>Bergsstaðir</i>	Íbúðarhús úr torfi og timbri (framhús) frá 1917/1918.
<i>Gunnsteinsstaðir</i>	Íbúðarhús úr timbri og steinsteypu frá 1925, 1935 og 1948, hlaða frá 1947, fjós frá 1948 og fjárhús frá 1950.
<i>Æsustaðir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1929, geymsla frá 1935, fjárhús úr torfi frá um 1900 og hlaða frá 1946.
<i>Auðólfstaðir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1930.
<i>Blöndudalshólar</i>	Íbúðarhús úr timbri frá 1932 og steinsteyppt fjós og hlaða frá 1949.
<i>Gautsdalur</i>	Íbúðarhús úr timbri og steinsteypu frá 1935 og 1948 og fjós frá 1930.
<i>Eiríksstaðir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1938, fjós frá 1940, fjárhús frá 1945, fjárhús, hesthús og tvær hlöður frá 1950.
<i>Gil</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1939 (brann 1963, nú hesthús) og rafstöðvarhús frá 1933-1934.
<i>Steiná I</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1939 og fjós frá 1949.
<i>Skottastaðir</i>	Hesthús (braggi) frá 1940.
<i>Finnstunga</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1942 og 1950 og votheysturn frá 1949.
<i>Leifsstaðir</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1945 og fjós frá 1945.
<i>Ártún</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1948.
<i>Hólabær</i>	Steinsteyppt hlaða frá 1948.
<i>Þverárdalur</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1948.
<i>Stafn</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1949-1951.
<i>Austurhlíð</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1950.
<i>Bólstaðarhlíð</i>	Steinsteyppt íbúðarhús frá 1950 og hlaða og geymsla frá 1927.

Horfin timbur- og steinsteypuhús – byggð fyrir 1951

Á 9 jörðum eru nú horfin íbúðarhús, sem byggð voru úr timbri og steinsteypu fyrir 1951 og stóðu flest fram á seinni hluta aldarinnar. Þá eru ekki meðtalin öll framhús og blendingshús af torfi og timbri, sem byggð voru sem hluti íveruhúsa á þessum tíma. Býlin eru þessi, – raðað eftir byggingarári húsa, – ásamt þinghúsi sveitarinnar í Bólstaðarhlíð:

<i>Mjóidalur</i>	Norskt timburhús frá 1882, fór í eyði 1963 og brann 20. ágúst 1965. ⁷⁴⁴
<i>Bólstaðarhlíð</i>	Timburhús frá 1892, rifið um 1960.
<i>Þverárdalur</i>	Timburhús frá 1901 og baðstofa frá 1888, brunnu 5. ágúst 1948.
<i>Mörk</i>	Timburhús frá um 1910, ⁷⁴⁵ fór í eyði 1943.
<i>Vatnshlíð</i>	Timburhús (múrhúðað), byggt um 1910(?), en brann 14. mars 1971. ⁷⁴⁶
<i>Hóll</i>	Timburhús (framhús) frá 1919, rifið eftir 1956.
<i>Þinghúsið í Bólstaðarhlíð</i>	Timburhús byggt 1924 og 1928, rifið 1960.
<i>Brandsstaðir</i>	Timbur- og torfbær byggður 1926, ⁷⁴⁷ brann 29. júlí 1958.
<i>Strjúgsstaðir</i>	Steinsteipt íbúðarhús frá 1931, brennt 30. nóvember 2002 (bruna-æfing slökkviliðsins). ⁷⁴⁸
<i>Skeggsstaðir</i>	Íbúðarhús úr blönduðu efni frá um 1937 og 1948, rifið 2010.



T.v. Timburhúsið í Mjóadal (byggt 1882) og til hægri timburhúsið í Bólstaðarhlíð (Ljósmyndasafn A-Hún. / Húnavaka 51. árg. 2011, s. 122.)



Timburhús í Þverárdal (byggt 1901) og í Vatnshlíð til hægri. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 782 / Ljósmyndasafn A-Hún.)


⁷⁴⁴ *Morgunblaðið* 26. ágúst 1965, s. 3. Þar segir, að húsið í Mjóadal hafi verið tvílyft timburhús, 85 ára og byggt „laust eftir 1880“ og muni þá hafa verið „elsta timburhús í sveitum Húnavatnssýslu“. Skv. *Húnaþing* III, s. 297, var húsið „óvenju glæsileg og vönduð bygging, sem flutt var tilhöggvin frá Noregi 1878“, en á öðrum stað segir, að húsið hafi verið byggt 1882 (*Húnavaka* 34. árg. 1994, s. 149). Skv. fasteignauttekt 1939 var íbúðarhúsið í Mjóadal timbur- og torfbygging með grjóthlöðnum kjallara.

⁷⁴⁵ Skarphéðinn Einarsson byggði timburhús á Mörk í Laxárdal áður en hann fluttist að Ytra-Tungukoti 1913, sbr. *Morgunblaðið* 29. apríl 1944, s. 5.

⁷⁴⁶ *Heim*. Margrét G. Þórhallsdóttir 15. apríl 2019; *Tíminn* 16. mars 1971, s. 3.

⁷⁴⁷ Jósafat Jónsson (1871-1964) lét byggja bæinn 1926 „úr torfi og timbri í hinum fagra burstastíl“, sbr. *Íslendingaþættir Tímans* 25. jan. 1975, s. 16. Bæinn smíðaði Friðfinnur J. Jónsson, húsasmiður á Blönduósi, og var hann að sögn síðasta húsið, sem hann byggði í sveit, sbr. *Tíminn* 23. sept. 1955, s. 3. Það stenst þó ekki, því að Friðfinnur byggði íbúðarhúsið á Auðólfstöðum 1930. Bærinn brann til kaldra kola 29. júlí 1958, sbr. *Tíminn* 30. júlí 1958, s. 1.

⁷⁴⁸ *Morgunblaðið* 3. des. 2002, s. 21.



Til vinstri timburhús á Brandsstöðum og til hægri Þinghúsið í Bólstaðarhlíð, byggt 1924 og 1928. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Til vinstri er timburhús í Mörk og til hægri steinsteypt íbúðarhús á Strjúgsstöðum, byggt 1931. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 752 / Ljósmyndasafn A-Hún.)



Skeggsstaðir. Húsið var byggt í tvennu lagi (um 1937 og 1948), en rífið 2010. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Hornfir torf- og timurbæir

Frá því um aldamótin 1900 og fram undir 1950 féllu úr ábúð 15 jarðir með torf- og timurbæjum, sem síðan hafa allar verið í eyði nema Hólabær, sem byggðist að nýju árið 1954. Þessi býli eru eftirtalin (búsetulok innan sviga):


Rugludalur (1904), Selland – Seljabrekkur (1903), Eyvindarstaðagerði (1910), Steinárgerði (1922), Hólabær (1924), Fjósahús – Höfði (1923), Skyttudalur (1929), Selhagi (1930), Sunnuhlíð (um 1930), Kálfárdalur (1935), Kárahlíð (1935), Skottastaðir (1939), Hvammur í Laxárdal (1941), Brún (1947) og

Kúfustaðir (um 1945).⁷⁴⁹ Auk þessara bæjarhúsa var hin forna torfkirkja á Gunnsteinsstöðum rifin 1935 (sjá kafla 3.5.2).


Torfbæir stóðu fram yfir miðja síðustu öld á 10 jörðum, en á 9 þeirra voru ekki byggð steinsteypt íbúðarhús fyrr en eftir 1950. Þessir bæir eru (byggingarár nýrra húsa innan sviga): *Fjósar* (1951), *Syðra-Tungukot – Brúarhlíð* (1952), *Hvammur í Svartárdal* (1954), *Bollastaðir* (1955), *Eyvindarstaðir* (1955), *Botnastaðir* (1956), *Torfustaðir* (1956), *Fossar* (1957) og *Barkarstaðir* (1958). Á *Gili* stóð gamli torfbærinn uns hann brann vorið 1963 ásamt steinhúsi frá 1939. Bænum tilheyrði timburstofa (byggð 1825-1830), sem talist þá elsta húsið í sýslunni.



Gamli torfbærinn á Brún (fór í eyði 1947) til vinstri og á Fjósum til hægri. Þar var byggt nýtt íbúðarhús 1951, en jörðin fór í eyði 1970. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 714.)




Gömlu bæjarhúsin í Syðra-Tungukoti (til vinstri) og Hvammi í Svartárdal. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 771 og 739.)




Til vinstri framhúsið á Bollastöðum og til vinstri sér yfir bæjarhúsin á Eyvindarstöðum. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 683 og 711.)

⁷⁴⁹ *Húnaþing* II, s. 183; *Húnaþing* III, s. 295-303.



Til vinstri framhlið bæjarins á Botnastöðum í Svartárdal, sem fór í eyði 1956. Til hægri sér yfir bæjarhúsin á Fossum, en þar var byggt steinsteypt íbúðarhús árið 1957. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 689 og 719.)

Bólstaðarhlíðarhreppur




Myndin sýnir þá bæi í Bólstaðarhlíðarhreppi sem fjallað er um í húsaskránni. (Páll J. Línal / Loftmyndir ehf.)

3.5.1 Hólabær

Staðhættir og saga

Hólabær stendur í hólunum skammt norðan við Gunnsteinsstaði, enda var býlið upphaflega hjáleiga



þaðan. Dregur það nafn sitt af hólunum, sem ná þar alveg fram á bakka Blöndu og munu vera fornt framhlaup úr Gunnsteinsstaðafjalli, en í því er sérkennileg hvilft eða ketill í fjallinu ofan við bæinn.⁷⁵⁰

Túnakort Hólabæjar 1920. Sigfús Eyjólfsson.

Frá 1901 til 1905 bjuggu á Hólabæ Jón J. Espó-lín (1863-1943) og Björg Jóhannsdóttir (1868-1953) og síðan Einar Pétursson (1872-1937) og Guðný Pálína Frímansdóttir (1872-1964) til 1913. Árin 1913 til 1920 bjuggu þar hjónin

María Sigurðardóttir (1903-1935) og Þorvaldur Pétursson (1887-1977) frá Gunnsteinsstöðum

og síðan Jakobína G. Þorleifsdóttir (1890-1968) og Gísli Ólafsson (1885-1967), skáld frá Eiríksstöðum, frá 1920 til 1924. Eftir það lá jörðin í eyði í þrjá áratugi.⁷⁵¹ Hólabær var í eigu Hafsteins Péturssonar (1886-1961), bónda á Gunnsteinsstöðum (bróður Þorvalds), og árið 1954 tóku Pétur (1924-1987) sonur hans og Gerður Aðalbjörnsdóttir (1932-

2007) Hólabæ til ábúðar og byggðu þar íbúðarhús úr steini árið eftir. Þau bjuggu í Hólabæ uns Pétur lést 1987 og síðan Gerður til 1989, en við búinu tók sonur þeirra og tengdadóttir, Pétur Pétursson (1957-) og Þorbjörg Bjarnadóttir (1966-). Í árslok 2018 seldu þau jörðina og Gunnsteinsstaði syni sínum og tengdadóttur.⁷⁵²



Íbúðarhúsið á Hólabæ um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var bærinn á Hólabæ með tveimur heilþiljum og tveimur hálfþiljum, en skv. fasteignamati 1916/18 voru bæjarhúsin sögð „gömul, lítil og hrörleg“ og peningshúsin sömuleiðis léleg. Fáum árum síðar lagðist bærinn í auðn og árið 1930 voru flest bæjarhúsin fallin. Nýtt steinsteypt íbúðarhús var byggt á jörðinni árið 1955 og stendur það enn.

Útihús

Á bæjarstæðinu, í aflíðandi halla fast norðvestan við íbúðarhúsið, standa sambyggð útihús, sem byggð voru á árunum 1954-1956 af Pétri Hafsteinssyni bónda. Efst stendur *hlaða* (143,8 m²), sem að hluta til var byggð 1956 og samsíða henni er *fjós* fyrir 12 gripi (90,6 m²), sem byggt var 1954, en er nú notað sem *hesthús*. Neðan við það er síðan *haughús* (42,3 m²), sem byggt var 1956. Einnig eru á jörð-

⁷⁵⁰ Páll V. G. Kolka (1950), s. 88; *Húnaþing* II, s. 174; Jón Torfason (2007), s. 123.

⁷⁵¹ Skv. fasteignamati 1930 hafði jörðin „ekki verið í sjer ábúð um nokkur ár“.

⁷⁵² *Húnavaka* 28. árg. 1988, s. 193-196; 48. árg. 2008, s. 165-166; *Heim*. Rúnar A. Pétursson 6. mars 2019.

inni gömul fjárhús, sem byggð voru 1948 og sögð 248 m² að stærð skv. fasteignaskrá Þjóðskrá Íslands. Húsið stendur við hlið fjárhúsa frá árinu 1986 og voru nýtt sem geymsla til ársins 2017. Þá var húsinu breytt í geldneytafjós, grafið innan úr því og þakið rifið og endurnýjað.⁷⁵³ Vegna þessa má segja að fjárhúsið hafi ekkert varðveislugildi lengur.

Öðru máli gegnir um útihúsin frá 1954-1956, þótt þau séu nokkru yngri og falli utan þess ramma, sem þessari húsakönnun er markaður. Þykir ástæða til að láta þau fljóta hér með, þar sem þau eru óvenju-



leg að formgerð og auk þess sérstaklega löguð að landslaginu. Þau eiga sér ekki hliðstæðu í Húnavatnshreppi, en hvorki er vitað um hönnuð þeirra né yfirsíð. Húsin mynda þrjár sam-síða og þrepaðar raðir mislangra bygginga með einhalla þökum, og snúa gluggum mót vestri. Húsin eru í ágætu ásigkomulagi og virðist þeim vel við haldið. Á suðurgafli hlöðunnar hafa nú verið settar stórar vélgengar dyr í stað hins upphaflega vindauga eða baggagats.

Útihúsin í maí 1976. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/126.)



Til vinstri er loftmynd af bæjarstæðinu á Hólabæ, þar sem íbúðarhúsið er auðkennt með ljósbláum depli. Sambyggð útihúsin standa vestan við bæjarhlaðið og sést suðurhlið þeirra á myndinni til hægri. (Ljós. www.skra.is/Loftmyndir ehf. / Páll J. Lindal, 2015.)



Útihúsin 10. október 2018. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

Hlaða, fjós og haughús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1954-1956
Fyrsti eigandi: Pétur Hafsteinsson
Hönnuður: Óþekkt
Yfirsíðu: Óþekkt

Upphafleg notkun: Hlaða, fjós og haughús.
Núverandi notkun: Hlaða, hesthús og haughús.

⁷⁵³ Heim. Rúnar A. Pétursson 6. mars 2019.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Einhalla þök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsin hafa sérstæða lögun og falla vel að landslagi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsin eru með óvenjulegu sniði og eiga sér ekki hliðstæðu í Húnavatnshreppi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin eru áberandi á bæjarstæðinu og setja sterkan svip á það.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin virðast halda upprunalegu formi og yfirbragði.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru vel hirt og í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsin hafa mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

3.5.2 Gunnsteinsstaðir

Staðhættir og saga

Gunnsteinsstaðir eru landnámsjörð og draga nafn sitt af Gunnsteini landnámsmanni, sem talinn er hvíla í stórum haugi í miðju Strjúgsskarði við Haugabotn. Jörðin var ein af góðjörðum dalsins og löngum stórbýli fyrr á tíð. Þar var alkirkja og síðar hálfkirkja allt frá miðöldum og uppstandandi guðshús fram á 20. öld (sjá síðar). Bærinn stendur í skjólgóðum hvammi, sunnan undir hólrana við rætur Gunnsteinsstaðafjalls, en upp af bænum rísa hæst Illviðrishnjúkur og Tröllahnjúkur (829 m). Bænum hefur löngum verið hætt við skriðuföllum og snjóflóðum. Meðal annars eyddist kotið Nýlenda, sunnan við bæinn, í snjóflóði 1762 og 19. nóvember 1947 hljóp flóð á 200-300 m breiðu svæði ofan úr Bæjargilinu, niður yfir bæinn og fram á jafnsléttu. Braut það steinsteypt fjárhús að húsabaki og skall síðan á íbúðarhúsinu. Reif flóðið þriggja faðma rauf í austurhlíð hússins, braut bæði glugga og skilrúm og fyllti mörg herbergi af snjó, án þess þó að manntjón hlytist af.⁷⁵⁴



Túnakort Gunnsteinsstaða 1920. Sigfús Eyjólfsson.



Gömlu bæjarhúsin og kirkjan á Gunnsteinsstöðum. Myndin tekin fyrir 1925, því að nýja íbúðarhúsið var byggt það ár. (Ljós. Matthías Þórðarson / Þjms. MÞ 1926, 16. Úr Hörður Ágústsson (2000 II), s. 32.)

Gunnsteinsstaðir voru setnir ýmsum stórbændum fyrr á tímum. Árið 1879 keyptu jörðina hjónin Pétur Pétursson (1850-1922) búfræðingur og Anna Guðrún Magnúsdóttir (1851-1938). Þau bjuggu þar nær samfelld til 1910, er þau fluttust á Blönduós. Auk þess hafði Pétur með höndum hótélrekstur á Sauðárkróki 1896-1902, sveitaverslun á Gunnsteinsstöðum og verslunarrekstur á Blönduósi frá 1906 til dauðadags.⁷⁵⁵ Sonur þeirra hjóna, Hafsteinn (1886-1961), tók við búinu og bjó þar til æviloka ásamt konu sinni, Guðrúnu Ingibjörgu Björnsdóttur (1901-1974). Síðastur ábúandi á Gunnsteinsstöðum var Stefán (1943-) sonur þeirra, sem bjó þar til 1977. Frá þeim tíma hefur ekki verið föst búseta á

⁷⁵⁴ Páll V. G. Kolka (1950), s. 85-89; *Húnaþing* II, s. 175; Jón Torfason (2007), s. 122-123; *Morgunblaðið* 20. nóv. 1947, s. 12; *Vísir* 19. nóv. 1947, s. 1.

⁷⁵⁵ *Húnavaða* 26. árg. 1986, s. 107; *Húnaþing* I, s. 436.

bænum, en jörðin nytjuð frá Hólabæ. Pétur Hafsteinsson og Gerður Aðalbjörnsdóttir keyptu jörðina 1977 og seldu hana Pétri syni sínum 1982, en frá árslokum 2018 hefur hún verið í eigu Rúnars A. Péturssonar og Auðar Ingimundardóttur á Hólabæ.⁷⁵⁶ – Á Gunnsteinsstöðum var lengi símstöð og aðalpóststöð sveitarinnar.



Kirkjan og bæjarhúsin í bakgrunni (nýja íbúðarhúsið). Myndin var tekin skömmu áður en kirkjan var rifin. Lengst til vinstri er gamla gestastofan, sem var rifin ásamt kirkjunni 1935. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var bærinn á Gunnsteinsstöðum sagður með þremur heilþiljum að hlaði og í fasteignamati 1916/18 voru bæjarhús sögð „töluvert mikil, öll byggð úr torfi og timbri með torfþökum, gömul hús og sum óstæðileg“. Peningshús í heimatúni voru öll með torfveggum og torfþökum nema „að nokkru leyti steypfir veggir í fjárhúsi“ yfir 150 fjár. Gömlu bæjarhúsin stóðu að einhverju marki fram yfir 1940, sbr. úttekt 1939. Í bænum var merkilegt hús, sem sennilega var rifið 1935 og Páll V. G. Kolka læknir lýsti þannig í bók sinni *Föðurtún*: „Það var gömul gestastofa, sennilega frá tíma Arnljóts hreppstjóra [Árnasonar, d. 1865]. Á þiljum, lokrekkju, dyrum og gluggum var mjög vönduð smíði og íburðar-mikil, eftir því sem þá gerðist. Stofan hafði aldrei verið máluð og auðsjáanlega engin spýta í henni verið endurnýjuð.“⁷⁵⁷



Gunnsteinsstaðir um miðja síðustu öld. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 731.)

Íbúðarhús

Árið 1925 lét Hafsteinn Pétursson byggja nýtt íbúðarhús, en ókunnugt er um hönnuð þess og húsa-smíði. Húsið er byggt úr blönduðu efni, þ.e. steinsteypu, bárujárni og timbri, eins og nánar var lýst í

⁷⁵⁶ Heim. Rúnar A. Pétursson 6. mars 2019.

⁷⁵⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 88.

fasteignaukttekum. Árið 1930 var gefin þessi lýsing: „Íbúðarhús úr steinsteypu, 9,40 × 5,65 m með kjallara og lofti, port 1,55 m. Þak járnavarið, 2 ris.“



Gunnsteinsstaðir um 1977. Hólabær lengst til vinstri. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Árið 1939 var húsinu þannig lýst: „Steinhús 9,9 × 5,2 × vegghæð 6,2 m. Ris 1,6 m. Tvö ris = 360 m³. Steinveggir einfaldir að kjallara og stofuhæð. Stofuhæðin með múr, þiljum og stoppi, porthæðin, sem er 1,5 m, er timbur járnavarið. Borðasúð, pappi og járn. Á stofuhæð tvær stofur, eldavélarhús, forstofa, gangur og stigagangur.“ Önnur bæjarhús voru þessi: „Torfhús með járnþaki [trúlega það sem eftir stóð af gamla bænum]. Geymsluhús steinsteypt, 4 × 5 × vegghæð 3 m. Rishæð 1,2 m = 72 m³. Þak: borðasúð, pappi og járn. Loft plægð borð, timburstigi. Engin skilrúm í kjallara, eitt á lofti. Torfhús 4 × 4 × 2,5 m = 40 m³.“



Íbúðar- og útihús á Gunnsteinsstöðum 1976. (Ljós. Ingvar Gýgjar Jónsson. ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/101.)

Ofanefnt *geymsluhús* er trúlega það steinsteypta hús, sem stendur norðvestan við íbúðarhúsið og er áfast því. Það var áreiðanlega byggt nokkrum árum síðar en íbúðarhúsið, enda sést það ekki á þeirri



Ljósmynd, sem tekin var af kirkjunni um 1929 (sjá síðar). Það gildir einnig um steinsteypta viðbyggingu með austurhlið hússins. Hún var byggð eftir að snjóflóðið féll á húsið 19. nóvember 1947 og stórskemmdi þennan hluta þess.⁷⁵⁸ Sjálft íbúðarhúsið eða elsti hluti þess er 86 m² að grunnfleti,⁷⁵⁹ en skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 er allt húsið skráð sem *geymsla* og talið samtals 237,3 m² að gólfleti.

Íbúðarhúsið sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

⁷⁵⁸ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/101 („Memorandum“ dags. 17. okt. 1976).

⁷⁵⁹ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 110.



Húsinu er þannig lýst í ritinu *Eyðibýli á Íslandi V* (útg. 2013):

Húsið er kjallari, ein hæð og portbyggt ris með tveimur burstum. Undirstaðan er steinsteypt sem og útveggir, sem eru ýmist bárujárnsklæddir eða múrhúðaðir. Útveggir eru heilir en múrhúð er farin að flagna af á hluta hússins. Gluggar eru ýmist opnir, glerjaðir eða búið að negla fyrir þá. [...] Þak virðist vera heilt en þó er bárujárnsklæðningin farin að ryðga. Á austur- og norðurhlið hússins eru viðbyggingar, sem virðast hafa verið byggðar seinna. [...] Húsið er illa farið en undirstaða og útveggir virðast vera nokkuð heilleg.“ Engu að síður eru það talin rök fyrir varðveislu hússins, að byggingarlag þess sé fallett, jörðin sögurík og aðgengi að húsinu greitt vegna nálægðar við þjóðveg og þéttbýli.⁷⁶⁰



Loftmynd af bæjarstæðinu á Gunnsteinsstöðum. Blái depillinn auðkennir íbúðarhúsið, en útihúsin standa norðan við það. (Ljósmynd af skra.is/Loftmyndir ehf.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1925 / 1935 / 1948
 Fyrstu eigendur: Hafsteinn Pétursson og Guðrún I. Björnsdóttir
 Hönnun: Óþekkt
 Yfirsmiður: Óþekkt

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Stendur autt.

	Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteypa/járn	Óbreytt	Óbreytt	Útveggir eru ýmist steyptir eða úr timbri og bárujárni. Stofuhæð og kjallari í elsta hluta hússins er steinsteypt, en portbyggt ris er úr timbri og járn. Viðbyggingar við norðaustur- og norðvesturhliðar hússins eru steinsteyptar.
Þakgerð:	Mænisþök/skúrþak	Óbreytt	Óbreytt	Tvær burstir með mænisþökum eru á elsta hluta hússins.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	Óbreytt	
	Portbyggt ris	Óbreytt	Óbreytt	Er á elsta hluta hússins
	Kjallari	Óbreytt	Óbreytt	Kjallari er undir elsta hluta hússins.
	Stærð			Eldri hluta hússins eru 86 m ² að grunnfleti / 237,3 m ² (allt húsið).
	Reykháfur	Óbreytt	Óbreytt	
	Gluggar	Óbreytt	Óbreytt	Gluggar eru með upprunalegu sniði, sumir óheilir.

⁷⁶⁰ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 110.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Elsti hluti hússins er snotur og stílhrein bygging, en viðbyggingar á tvær hliðar spilla útliti þess og byggingarlagi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið og viðbyggingar geyma áhugaverða þróunarsögu í húsa-gerð.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið og sambyggð útihús mynda skemmtilega heild á bæjar-stæðinu og liggja vel að samgöngum svo nærri Þjóðvegi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Elsti og yngri hlutar hússins virðast með upprunalegu sniði.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið lætur víða mikið á sjá vegna aldurs og lélegrar umhirðu.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi vegna sérstöðu sinnar og fjölbreytilegra byggingarforma. Auk þess styðja nálæg kirkjutóft og forn kirkjugarður sérstaklega að varðveislu hússins og nánasta umhverfis.

Niðurstaða varðveislumats:

Vegna aldurs er elsti hluti hússins umsagnarskylt hús skv. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Lagt er til að allt húsið verði mælt upp og teiknað ásamt sambyggðum útihúsum, sem auk þess verði vernduð með hverfisvernd í aðal- og deiliskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hlaða, fjós og fjárhús

Austan og norðan við íbúðarhúsið eru útihús úr steinsteypu og járni, ýmist áföst bæjarhúsum eða byggð nánast ofan í þau. Meðal mannvirkja er háreist og steinsteypt undirstaða fyrir vindrafstöð að húsabaki, en samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 eru útihúsin þessi: *Hlaða* með háum steinsteyptum veggjum og hálfbogalöguðu þaki, byggð 1947 (108 m²), sambyggt steinsteypt *fjós með áburðarkjallara* og mænisþaki, byggt 1948 (138,5 m²), *bogaskemma* eða braggi (fjárhús) úr járni með steinsteyptum veggjum, byggð 1950 (77,4 m²), *votheysturn* frá 1953 (12,6 m²) og *kálfahús* (upphaflega hesthús) frá 1965 (23,8 m²).



Útihúsin á Gunnsteinsstöðum í júní 1977 og ágúst 2015. (Ljós. Ingvar Gýgjar Jónsson / Páll J. Líndal.)

Hlaða, fjós og fjárhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1947, 1948 og 1950	Upphafleg notkun: Hlaða og skepnuhús.
Fyrsti eigandi:	Hafsteinn Pétursson	Núverandi notkun: Húsin eru notuð sem fjós.
Hönnuður:	Óþekkt	
Yfirmsiður:	Óþekkt	

<i>Húsgerð</i>	<i>Upphaflegt</i>	<i>Núverandi</i>	<i>Helstu einkenni/breytingar</i>
Útveggir:	Steinsteypa	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak/boga-mynduð	Óbreytt	
Þakklæðning:	Járn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin hafa lítið byggingarlistarlegt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hlaðan og fjárhúsið (bragginn) eru áhugaverð hús og vitnisburðir um ákveðið tímarskeið í gerðþróun útihúsa.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin mynda sambyggða og sérstæða þyrpingu útihúsa ásamt íbúðarhúsi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin virðast öll með upprunalegu og lítt breyttu sniði.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru í þokkalegu standi, þrátt fyrir viðhaldsleysi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa talsvert varðveislugildi sem hluti ofannefndrar heildar.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð, en auk þess stuðlað að varðveislu þeirra með einhverjum hætti eins og kostur er.

Gunnsteinsstaðakirkja – horfið hús

Framan eða suðvestan við íbúðarhúsið á Gunnsteinsstöðum er afgirtur og vöxtulegur trjálundur. Ofarlega í honum, beint fram af húsinu, eru leifar af hringlaga kirkjugarði og kirkjutóft. Skv. máldaga Auðunar rauða Hólabiskups frá um 1318 virðist sem prestskyld alkirkja hafi þá verið á Gunnsteinsstöðum, sem þjónað hafi kirkjunum á Auðólfstöðum og Holtastöðum og jafnvel verið stofnsett af



heimabónda nokkru fyrir 1200. Kirkjan var helguð Ólafi helga og getur hennar einnig í máldaga frá 1432. Árið 1461 sat prestur á Gunnsteinsstöðum. Árið 1708 taldist hún hálfkirkja, þar sem aðeins var messað, þegar heimafólk gekk til altaris. Sennilega var kirkjan aflögð um 1724, en var talin hrörleg 1733. Húsið stóð enn árið 1811 og var þá kallað „skemma“ af heimabónda.⁷⁶¹

Gunnsteinsstaðakirkja um 1929. (Ættir Austur-Húnvetninga II, s. 732.)

Kirkjan um 1929. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Á ofanverðri 19. öld voru sagnir um, að Gunnsteinsstaðakirkja hefði


í fyrstu staðið góðan spotta fyrir utan og neðan bæinn, en áin (Blanda) braut hana af og nokkurn hluta vallarins með. Það er nú slétt graseyri, en bakki fyrir ofan eyrina. Í bakka þessum hafa fundizt mannabein og það í tíð þeirra er nú lifa. Nú [um 1850] stendur kirkjan fyrir framan bæinn á hlaðinu og er nú höfð fyrir skemmu. Í kringum hana er lítill garður.⁷⁶²

Sumarið 1918 heimsótti Guðbrandur Jónsson bókavörður Gunnssteinsstaði og var þá „starsýnt á hrörlegan kofa, sem stóð fyrir neðan bæjarhúsin ármegin og sneri dyrum til árinna“. Húsið var notað sem skemma fyrir reiðtygi og fleira, en heimafólk hafði óljósar sagnir um að það hefði fyrrum verið kirkja. Guðbrandur mældi upp og teiknaði húsið og leifar af hringlaga torfgarði, sem þá mótaði óljóst

⁷⁶¹ Guðbrandur Jónsson (1926), s. 4; Guðbrandur Jónsson (1929), s. 170-171; *Húnavaka* 8. árg. 1968, s. 64.

⁷⁶² *Húnavaka* 34. árg. 1994, s. 174; *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* IV, s. 96.

fyrir á stöku stað umhverfis hana. Garðurinn var á bilinu 30-33 álnir í þvermál, en sjálf kirkjan 12½ alin að utanmáli. Þekja, veggir og austurgafli hússins voru úr torfi, en innanmál kirkjunnar voru aðeins 21 × 12,5 fet (10¼ × 6¼ alin). Vesturgaflinn var úr timbri með látlausum vindskeiðum.⁷⁶³ Húsinu lýsti Guðbrandur meðal annars þannig:



Fyrir vesturgafli er tréþil með afarlágum dyrum, og er gluggi sín hvorum megin við þær, sem ekki er meira en fjórði hluti álnar á hvorn veg. Þakið er venjulegt sperrubak, en mikið raskað frá því, sem í öndverðu var. Insta stafgólfið hefir fyrrum verið kór [þ.e. lestrarkór], því að greinilega sér grópar fyrir pílárum og slám í insta þvertré og stoðum, en þar hefir verið milligerð milli kórs og kirkju. Undir hornstöfum vestri sér greinilega hornsteinana, sem eru flatar og stórar hellur. Frá fornu fari sér hvergi málmnagla í öllu húsinu, heldur hefir alt verið tréneglt. Fyrir kirkjugarðsgirðingunni sér enn móta, en svo er garðurinn þröngur, að varla hefir legið gröftur að.⁷⁶⁴

Uppdráttur Guðbrands Jónssonar frá 1918 af kirkju og kirkjugarði á Gunnsteinsstaðum. (Alþýðublaðið 23. mars 1926, s. 4.)

Húsið var óþiljað að innan og með moldargólfi. Ummerki í fornum stoðum og staflægjum sýndu þó, að húsið hafði upphaflega verið alþiljað. Í austurstafni taldi Guðbrandur sig einnig greina „helgilaugarskot“ af þeirri gerð, sem tíðaðist á kaþólskum tíma, þar sem safnað var öllu vígðu vatni. Eins bar það vott um fornt byggingarlag hússins, að endar brúnásanna gengu út úr stafnþilinu.⁷⁶⁵ Niðurstaða Guðbrands var því eindregið sú, að kirkjuhús þetta væri frá 16. öld og „sennilega frá því fyrir siðaskipti“.⁷⁶⁶ Væri Gunnsteinsstaðakirkja því „elzta kirkja og hús lands-



ins, eldri en skálinn á Keldum, og eina kirkjan frá því fyrir siðaskipti“. Heimabóndinn, Hafsteinn Pétursson, treysti sér hins vegar ekki til að viðhalda húsinu á eigin kostnað. Hann hafði þá nýlega hýst bæinn svo myndarlega, að óprýði þótti að húsinu. Var hann þó fús til að „lofa húsinu að standa, ef það [yrði] hresst við og gert sem líkast því, sem í öndverðu var“.⁷⁶⁷

Stafsmið innan kirkju um 1925 og 1929 (neðri mynd). (Ljós. Matthías Þórðarson. Þjms. MÞ 1926, 17. / Hörður Ágústsson (2000 II), s. 32. / Lesbók Morgunblaðsins 2. júní 1929, s. 172.)



Matthías Þórðarson þjóðminjavörður beitti sér fyrir verndun og uppbyggingu hússins á árunum 1926 til 1927. Hafsteinn „setti hins vegar Matthíasi svo þröng varðveisluskilyrði að hann gat ekki á þau fallist. Hér kom og til skilningsleysi stjórnvalda“, því að öllum beiðnum um opinberan fjárstyrk var margsinnis hafnað af Alþingi. Illu heilli var húsið því rifið um 1935.⁷⁶⁸

⁷⁶³ Guðbrandur Jónsson (1926), s. 4; Guðbrandur Jónsson (1929), s. 171.

⁷⁶⁴ Guðbrandur Jónsson (1926), s. 4.

⁷⁶⁵ Guðbrandur Jónsson (1929), s. 171-172; *Fréttir* 2. árg., 106. tbl., 13. ágúst 1918, s. 3; Páll V. G. Kolka (1950), s. 88; *Lögretta* 13. árg., 39. tbl., 21. ágúst 1918, s. 146.

⁷⁶⁶ Guðbrandur Jónsson (1929), s. 170.

⁷⁶⁷ Guðbrandur Jónsson (1926), s. 5.

⁷⁶⁸ Guðbrandur Jónsson (1929), s. 172; Hörður Ágústsson (2000 II), s. 35; Jón Torfason (2007), s. 123. – Húsið stóð með vissu sumarið 1934, sbr. *Lögberg* 7. mars 1935, s. 7.

3.5.3 Auðólfstaðir

Staðhættir og saga

Næsti byggði bær innan við Gunnsteinsstaði í Langadal eru Auðólfstaðir, en þar hefur gamla íbúðarhúsið staðið autt allt frá árinu 1988. Á flatlendinu suðvestur af því standa núverandi íbúðarhús (byggð 1979 og 2003) ásamt útihúsum. Jörðin var fyrst setin af Auðólfi landnámsmanni skv. Landnámu, en hennar getur einnig í Hallfreðar og Heiðarvíga sögum. Bæjarstæðið er á allbröttum hól, í víðum



hvammi undir Langadalsfjalli, skammt fyrir sunnan Karla-
staðahóla. Upp af bænum er Auðólfstaðahnjúkur (720
m) og stendur bærinn við rætur hans. Vestan við hann
rennur Auðólfstaðaá um samnefnt skarð austan af Laxár-
dal og vestur í Blöndu. Víðsýnt er frá bænum og sér þaðan
inn og út eftir Langadal og í suðvesturátt yfir Blöndu,
Tungunesmúla og Sólheimaháls.⁷⁶⁹

Túnakort Auðólfstaða 1920. Sigfús Eyjólfsson.

Auðólfstaðir eru kostajörð, sem var löngum talin með
betri jörðum í Langadal. Þar var því jafnan stórbýli fyrrum
og jörðin metin sem höfuðból eða 60 hundruð að fornu
mati. Þar var hálfkirkja á miðöldum, sem talið er að hafi
verið þjónað framan af frá alkirkju á Gunnsteinsstöðum.
Kirkjunnar getur fyrst árið 1378, en skv. ummælum
heimamanna árið 1708 var bænhús aflagt þar um 1660.
Að sögn var kirkjutóftin sjáanleg sunnan við bæinn allt
fram á 19. öld og jafnvel lengur. Auðólfstaðir eru fremsti
bær í Holtastaðasókn.⁷⁷⁰



Steinhúsið á Auðólfstöðum, byggt 1930.
Útihús úr torfi eru á flatlendinu fyrir neðan
bæinn. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 667.)

Ábúendur á Auðólfstöðum í
aldarbyrjun voru hjónin Guð-
mundur Jónsson (1868-1904) og
Jónína Ingibjörg Hannesdóttir
(1876-1956), sem síðan bjó þar
ekkja frá 1914 til æviloka ásamt
Hannes (1903-1990) syni þeirra.
Hún var eigandi jarðarinnar, en

bjó í fyrstu aðeins á fjórðungi hennar og leigði öðrum jarðnæði, þ.á m. hjónunum Jóni M. Espólín
(1863-1943) og Björgu Jóhannsdóttur (1868-1954). Hannes tók formlega við búinu 1936 og bjó þar til
æviloka, en frá 1974 í sambýli við núverandi ábúendur jarðarinnar, Þórunni Magnúsdóttur (1946-) og
Jóhann Þ. Bjarnason (1945-).⁷⁷¹

⁷⁶⁹ Eyðibýli á Íslandi V, s. 111; Páll V. G. Kolka (1950), s. 89; Húnaþing II, s. 176; Jón Torfason (2007), s. 124-125.

⁷⁷⁰ Eyðibýli á Íslandi V, s. 111; Húnavaka 34. árg. 1994, s. 174.

⁷⁷¹ Húnavaka 31. árg. 1991, s. 155-156; Húnaþing II, s. 176.

Horfin bæjarhús

Gamli torfbærinn stóð nær fjallinu og aftan við íbúðarhúsið, sem byggt var 1930. Þar eru ennþá greinilegar vegghleðslur og hefur stundum komið fram aska úr bæjarhólnum við átroðning búfjár. Ofar í brekkunni er gamall túngarður með hlíðinni.⁷⁷²

Árið 1910 var bærinn með fimm heilþiljum að hlaði. Ekki hefur geymst mynd af honum, að því er best er kunnugt. Í fasteignamati 1916/18 voru bæjarhúsin sögð „talsvert stór, en gömul og sum óstæðileg“. Leiguliðinn Jón Espólín átti þá samstæðufjánhús yfir 160 fjár með steinsteyptum veggum á þrjá vegu og munu þau hús hafa verið með þeim elstu, er steypt voru í hreppnum. Þetta fjánhús stóð enn um 1940. – Ekki er varðveitt fullri lýsing á torfbænum, því að við fasteignamatsúttekt 1931 stóð nýja steinhúsið fullbyggt og var búsetu því lokið í gamla bænum. Árið 1939 stóð aðeins hlóðaeldhúsið eftir.



Auðólfstaðir um 1977. Norðvestan við húsið standa steinsteypt útihús, sem nú hafa verið rifin. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús

Árið 1930 réðust mæðginin, Jónína Hannesdóttir og Hannes Guðmundsson, í byggingu á steinsteyptu íbúðarhúsi, sem tekið var út með þessum orðum í ársbyrjun 1932: „Íbúðarhús byggt úr steinsteypu með einföldum veggjum. Útveggir þiljaðir að innan. Stærð þess er 9,25 × 6,88 m. Kjallari undir öllu húsinu. Er honum skipt í 4ur hólf. Á fyrsta lofti eru 3 stofur, auk forstofu með uppgöngu á loft, eldavélarhúsi og búri. Á lofti er fullgert 1 herbergi (kvistherbergi), að öðru leyti er óinnréttað loftið.“



Horft heim til bæjar úr suðri. Myndin til vinstri var tekin nærri aldamótum meðan enn stóðu útihús utan við bæinn, en myndin til hægri var tekin sumarið 2015. (Ljósmyndasafn A-Hún. nr. 450 / Páll J. Línal.)

⁷⁷² Eyðibýli á Íslandi V, s. 111.

Árið 1939 var húsinu þannig lýst: „Steinhús 9,2 × 6,9 m. Steinveggir einfaldir, timburklæddir með tveim pappalögum. Þak: borðasúð, pappi og járn. Gólf og loft timbur. Skilrúm í kjallara steipt og á stofuhæð nema tvö. Í kjallara eru 4 herbergi, á stofuhæð 5 herbergi og forstofa. Þau öll veggfóðruð og máluð. Loft er óinnbyggt til geymslu, nema kvistherbergi veggfóðrað og málað. Kjallarahæð 2,1 m. Stofuhæð 2,5 m. Porthæð 0,8 m. Rishæð 2 m. Miðstöðvarhitun frá katli. Ekki vatn eða skolpleiðsla. Stærðir: kjallari 133 m³, stofuhæð 159 m³ og loftið 114 m³.“



Óþekkt er, hver teiknaði húsið,⁷⁷³ en yfirsmiður þess var Friðfinnur Jónas Jónsson (1873-1955), húsa-smiður á Blönduósi.⁷⁷⁴ Má því vera, að hann hafi jafnframt teiknað húsið. Það er eins og fyrr segir steinsteypt, ein hæð með kjallara og portbyggðu risi, járnklæddu mænispaki og kvisti fyrir miðri framhlið að suðvestanverðu. Húsið er 63 m² að grunnfleti og 150 m² í heildina. Það stendur fremur hátt í landinu og er því reisulegt ásýndar. Að húsabaki er lítið steinsteypt hús (kyndiklefi), en steinsteypt útihús (fjós og hlaða), sem áður stóðu rétt norðvestan við bæinn (sjá ljósmynd), eru nú horfin. Búið var í húsinu til 1990.⁷⁷⁵

Í ritinu *Eyðibýli á Íslandi V* (útg. 2013) er gerð hússins og ásigkomulagi þessi þannig lýst:

Ástand hússins að utan er gott og útveggir heilir, hvítalkaðir en málað yfir. Gluggar eru að mestu glerj-aðir en annars neglt fyrir þá. Karmar, póstar og fög eru í þeim. Tvennar dyr eru á húsinu. Aðalinngangur er á annarri hæð undir kvisti með steinsteyptum tröppum og járnhandriði fyrir framan. Hinn inngangurinn er í kjallara undir tröppunum norðvestan megin. Útihurðir eru heilar. Húsið er að mestu óbreytt að innan. Steiptur kross gengur gegnum húsið sem ræður herbergjaskipan á hæðunum og herbergi í kvisti. Rafmagn er í húsinu. Við bakhlið hússins er viðbygging, sem var ætluð fyrir kyndingu sem ekki var lokið við og er hún ómáluð. Húsið er óeinangrað og var kalt á vetrum. Kjallarinn er nú notaður fyrir hænur.⁷⁷⁶

⁷⁷³ Ekki finnst uppdráttur að húsinu í teikningasafni Teiknistofu landbúnaðarins.

⁷⁷⁴ *Heim*. Þórunn Magnúsdóttir 14. febr. 2019. Friðfinnur lærði trésmiðar hjá Þorsteini Sigurðssyni, húsa-smiðameistara og kirkjusmiði á Sauðárkróki, og stóð að byggingu fjölda íbúðar- og útihúsa í Húnaþingi. Sjá m.a. *Tíminn* 23. sept. 1955, s. 3.

⁷⁷⁵ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 111; *Heim*. Þórunn Magnúsdóttir 14. febr. 2019.

⁷⁷⁶ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 111.

Ennfremur segir í umsögn skýrsluhöfunda að varðveislugildi hússins liggja í aldri þess og menningar-sögu, húsið sé „í góðu ásigkomulagi og endurbætur því vel raunhæfar“. Sömuleiðis hafi eigendur hússins sýnt áhuga á endurgerð þess, þótt ekki liggja fyrir frekari áform.

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1930	
Fyrstu eigendur:	Jónína Hannesdóttir og Hannes Guðmundsson	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Í eyði.
Yfirsmiður:	Friðfinnur Jónas Jónsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Voru hvítalkaðir og síðar málaðir að utan.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portbyggt ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		9,2 × 6,9 m / 63 m ² - 150 m ² - 406 m ³ .
	Kvistur	Óbreytt	Lítill kvistur með mænisþaki er fyrir miðri framhlið hússins.
	Reykháfur	Óbreytt	
	Útitróppur	Óbreytt	Steinsteypur tröppur með handriði við aðalinngang á framhlið.
	Viðbygging	Óbreytt	Ófullgert, steinsteyppt hús (kyndiklefi) við bakhlið hússins.
	Gluggar	Óbreytt	Krosspóstar með upphaflegu sniði.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er íslensk steinsteypuklassík með hefðbundnu sniði, þaki, kjallara og litlum kvisti.
mænis-		
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er hugsanlega hönnunarverk Jóhanns Fr. Kristjánssonar, forstöðumanns Teiknistofu byggingar- og landnámsráðs, eða Friðfinns J. Jónssonar, húsasmiðs á Blönduósi, sem byggði húsið.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er áberandi og reisulegt á falletu bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er að mestu óbreytt, jafnt að utan sem innan.
Tæknilegt ástand:	Gott	Ástand hússins að utan er gott og útveggir heilir.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi skv. framanskráðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað og auk þess leitað leiða um varðveislu þess til frambúðar.

3.5.4 Æsustaðir


Staðhættir og saga

Æsustaðir eru fremsti bær í austanverðum Langadal, skammt innan við Auðólfstaði. Bæjarins getur ekki í Landnámaabók, þótt þjóðsögur ætli konunni Æsu að hafa numið þar land og helgað henni legstað í hól eða haugi með fjársjóðum sínum. Nefnist hann Skipból og er álagablettur, beint vestur af íbúðarhúsinu. Jörðin liggur vestan undir Æsustaðafjalli, sem rís hæst í 697 metrum, beint upp af bænum. Talsvert framur eru ármót Svartár og Blöndu, en þar lýkur Langadal við mynni Ævarsskarðs og enda Tungunesmúla vestan ármóta, en Svartárdalur og Blöndudalur taka við. Til skamms tíma lá þjóðvegurinn nánast um bæjarhlaðið á Æsustöðum, uns hann var færður ofan á eyrarnar og nær Blöndu.⁷⁷⁷



Túnakort Æsustaða 1920. Sigfús Eyjólfsson.

Ábúendur á Æsustöðum og eigendur jarðarinnar í byrjun 20. aldar voru hjónin Sigríður Gísladóttir (1853-1940) og Pálmi Sigurðsson (1852-1914), en árið 1915 tóku við búi Gíslí (1894-1942) sonur þeirra og Sigurbjörg Vilhjálmsdóttir (1892-1934) ljósmóðir, sem síðar bjuggu á Bergsstöðum. Frá 1926 til 1959 var jörðin eign Kirkjujarðasjóðs Íslands og prestssetur Bergsstaðaprestakalls. Bjuggu þar fyrst séra Gunnar Árnason (1901-1985) og Sigríður Stefánsdóttir (1903-1970) frá 1929 til ársins 1952, en síðan séra Birgir Snæbjörnsson (1929-2008) frá 1953 til 1959. Árið 1963 urðu Æsustaðir bóndaeign á ný og keyptu þá jörðina Jóhanna Þórarinsdóttir (1934-) og Sverrir Haraldsson (1928-2002), sem bjuggu þar til 1994. Þá keypti Haraldur sonur þeirra jörðina og bjó þar til ársins 1999, er hann seldi Æsustaði Stefáni Stefánssyni á Akureyri, en skráður eigandi jarðarinnar er Æsustaðir ehf.⁷⁷⁸ Frá því ári hefur jörðin verið í eyði, en að undanfögnu hefur eigandi hennar unnið að endurbótum á íbúðarhúsinu.



Gamli torfbærinn á Æsustöðum, sem búið var í til ársins 1929. (Ættir Austur-Húnvetninga II, s. 788.)

⁷⁷⁷ Páll V. G. Kolka (1950), s. 90-91; *Húnaþing* II, s. 178; Jón Tórfason (2007), s. 125; *Heim*. Sverrir Þór Sverrisson 31. mars 2019.

⁷⁷⁸ *Morgunblaðið* 9. nóv. 2002, s. 65; *Húnavaka* 43. árg. 2003, s. 183; *Heim*. Sverrir Þór Sverrisson 31. mars 2019; *Lögbýlaskrá Þjóðskrár Íslands* 31. desember 2018.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var bærinn með fjórum heilþiljum, en í fasteignamati 1916/18 var bæjarhúsum lýst þannig: „Portbyggður bær úr torfi og timbri, geymsluskúr úr sama efni, gömul hús, en vel byggð og stæðileg.“ – Búið var í bænum til ársins 1929, er flutt var í nýja steinhúsið, en baðstofa og hlóðaeldhús stóðu a.m.k. fram yfir 1940 (sjá síðar). Svofelld lýsing var gefin á bæjarhúsum í úttekt á prestssetrinu 20. júlí 1926:

1. *Baðstofa* tæpar 11 ál. á lengd og 5½ al. á breidd (innanmál). Porthæð 1¼ al. Sperrureist með langböndum og reisifjöl yfir. Gluggi er á suðurstafni baðstofunnar með 4 rúðum og 3 gluggar á vesturhlið. Hús er í suðurenda baðstofu, þiljað í hólf og gólf, 5¼ á lengd, 5½ al á breidd. Milli þess og miðbaðstofu er einfalt þil með hurð á járnum en læsing ónýt. Miðbaðstofan er 5¾ al. á lengd með sömu breidd og suðurhúsið, einnig þiljuð í hólf og gólf. Reisifjöl er sigin niður, mænitróða fúin, langbönd á vesturhlið gengin inn og gólf niðursigið og viður talsvert fúinn. Norðan við miðbaðstofu er hús í norðurenda, byggt á torfvegg 3¼ al. á lengd, breidd 5½ al. Milli þess og eldhúss er einfalt þil úr ómerkilegum fjöllum, gisnum og fúnum. Er húsið yfirleitt snarað og skælt. Sama er að segja um skilrúm milli suðurenda og miðbaðstofu. Í baðstofu eru 5 rúmsumgerðir. Stofuhús er undir suðurenda baðstofunnar, 5¼ al. á lengd og 5½ al. á breidd, þiljað í hólf og gólf með 1 glugga með 6 rúðum á suðurstafni, sem er þilstafn fyrir suðurenda baðstofu niður fyrir stofuglugga. Gólfssylla undir suðurglugga er gengin inn og húsið gamalt og mjög snarað. Norður af stofuhúsinu er hús undir miðbaðstofu með sömu stærð og hún, óþiljað á 2 vegu með torfgólfi og einföldu skilrúmsþili milli þess og stofuhúss og hurð á járnum með ónýtri læsingu. Á austurhlið hússins eru 2 gluggar með 6 rúðum. Gluggaumbúnaður er víða mjög fúinn í baðstofunni og rúður margar brotnar og sprungnar. Uppgangur er í miðbaðstofuna úr þessu húsi. Veggir að baðstofuhúsinu, sem eru úr torfi, eru gamlir og gallaðir og þak einnig.
2. *Búr*, 6½ al. á lengd og 4½ al. á breidd, yfirbyggt með 3 sperrum með tilheyrandi bitum og stoðum, 3 langbönd á hverri hlið með reisifjöl yfir úr þunnum fjalviði. Á því er 1 mænisgluggi með 4 rúðum, en þær brotnar. Veggir og þak mjög ljelegt. Í búrinu er 1 skápur lítill, 2 lítil borð eða bekkir og 1 búrhilla. Fyrir búrinu er hurð á járnum með hespu.
3. *Eldhús* er norður af baðstofu, 5½ al. á lengd og breidd, yfirbyggt með 3 sperrum með tilheyrandi bitum og stoðum. Grindin snöruð til austurs, en veggir til vesturs. Vinkilgangur er úr göngum til eldhúss og þverreft yfir, viður þar ljelegur. Hurð á járnum er fyrir göngunum.
4. *Bæjardyr*, 7½ al. á lengd og 3¼ al. á breidd, með timburþili fram á hlað, 4 sperrum, langböndum og stoðum, viður gamall og fúinn og veggir snaraðir. Nokkrar fjalir eru í skilrúmi milli bæjardyra og gangs til baðstofu, undnar og snúnar.
5. *Göng* til baðstofu frá bæjardryum, 11 ál. á lengd, 2 dyraumbúnaðir með nokkrum fjöllum, en hurð aðeins í öðrum, á járnum. Viðir í göngum eru ljelegir. Þau sigin niður á köflum og veggir snaraðir.
6. *Framhús* sunnan við bæjardyr með timburstafni að framan, tæpar 6 ál. á lengd, 6 ál. á breidd, þiljað í hólf og gólf, 3¼ al. undir loft, með 2 gluggum með 6 rúðum á vesturstafni, 2 rúður brotnar. Loft pappa lagt og hvítmálað, en veggfóður gamalt og gallað. Hurð á járnum til bæjardyra. Húsið snarað og þiljur gisnar. Austur af þessu húsi er svefnherbergi, 4 ál. á lengd og 3¼ al. á breidd, þiljað í hólf og gólf. Einn 6 rúðu gluggi á suðurhlið, 1 rúða brotin. Pappi á lofti og veggfóður á þiljum, víða rifinn. Hurð á járnum er milli þessara húsa, en skrá ónýt. Norður af húsi þessu er eldhús, einnig þiljað í hólf og gólf, 4 ál. á lengd, fullar 2 ál. á breidd, með múrþípu. Frá því ganga dyr með tröppum fram í miðbaðstofugöngin, skilrúm milli þessara herbergja er einfalt. Yfir húsi þessu er loft, sperrureist, yfirreft með gömlum ljelegum fjalviði. Gluggi er á vesturstafni með 4 rúðum (brotnum). Fyrir neðan gluggakríli á austurstafni er torfveggur, er lagst hefur og liggur á grind hússins og hefur valdið snari á því. Er þessi veggur ónýtur og stór gátt millum hans og austurstafns hússins. Yfirleitt er húsið mjög veikviðað og gjört að mestu úr gömlu efni. Milli bæjardyra og stofu er veggur úr torfi, ljelegur. Suðurveggur er úr grjóti og torfi, en sprunginn og stórgallaður. Þak brunnið og ljelegt. Kjallari, hlaðinn úr grjóti á 3 vegu og steinlímdur að framan ofan jarðar, er undir meiri hluta framhússins. Á honum eru 2 gluggar. Gengið er í hann fremst úr göngum. Er þar dyraumbúningur með hurð á járnum.

7. Skemma norðan við bæjardyr, c. 12 ál. á lengd, 3 ½ al. á breidd, með 5 sperrum og tilheyrandi bitum og stoðum. Gamall timburstafn fram á hlað með hurð á járnum. Viðir mjög ljelegir. Húsið snarað og veggir víða hrundir og komnir að falli. Þak mjög ljelegt.⁷⁷⁹



Æsustaðir um 1950. Elstu trén í garðinum voru gróðursett um 1910, en prestsfrúin Sigríður Stefánsdóttir jók mjög við garðinn eftir að hún fluttist á prestssetrið. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús

Árið 1929 lét Kirkjujarðasjóður Íslands byggja nýtt steinsteypt íbúðarhús á Æsustöðum, 114 m² að grunnfleti. Séra Gunnar Árnason, sem þá hafði búið skamma hríð í gamla bænum og áður hálfþriðja ár á Holtastöðum, þrýsti mjög á byggingu nýs prestsbússtaðar. Vildi hann „að manngengur kjallari væri undir húsinu, en yfiröldin féllust ekki á það. Það var mokað ofan í holuna, sem búið var að grafa, en leifar af þeim uppgrefti urðu eins konar grassófi sem setið var á í garðinum að sumarlagi og kallaður sætið“.⁷⁸⁰



Horft heim að Æsustöðum um 1977 meðan þjóðleiðin lá ennþá um bæjarhlaðið. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Ókunnugt er um hönnuð og yfirsmið hússins, en því var valinn staður fast vestan við gamla bæinn, nánast á bæjarhlaðinu. Flutt var í húsið 1929, en í ársbyrjun 1932 var því þannig lýst: „Íbúðarhús byggt úr steinsteypu. Einfaldir veggir. Steinsteypt gólf. Enginn kjallari undir húsinu, ris lítið og því sama og engin geymsla á lofti. Útveggir þiljaðir að innan. Dúklögð gólf. Stærð hússins er 15,10 × 7,65 m. Í húsinu er 8 herbergi auk eldvélarhúss og forstofu. Vatnsleiðsla í húsið, miðstöð, vatnssalerni, skolpfrárennsli í safnþró.“⁷⁸¹

⁷⁷⁹ ÞÍ. Skjalasafn prófasta. Húnavatnsprófastsdæmi AA/13. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók 1925-1941, s. 15-18.

⁷⁸⁰ Hólmfríður K. Gunnarsdóttir (2018), s. 230.

⁷⁸¹ ÞÍ. Fasteignamat 1930. BAm1.

Árið 1939 var gefin ögn nánari lýsing á bæjarhúsum: „Steinhús, ein hæð, kjallaralaust með lofti, 15 × 7,6 × 2,5 vegghæð. Rishæð 1,6 m. Hæðin 285 m³, loftið 91 m³. Einfaldir steinveggir, þiljaðir og stoppað. Borðasúð, pappi og járn. Timburgólf og loft. Á stofuhæð 8 herbergi, forstofa og vatnssalerni. Veggfóðruð og máluð. Loftið notað til geymslu. Miðstöð frá katli. Vatnsleiðsla og frárennsli.“ – Önnur bæjarhús voru þessi: „Geymsluhús steinsteyp, 8,6 × 4 × 2 m vegghæð, rishæð 1 m = 86 m³. Afþiljuð tvö herbergi (þvottahús og bú) og gangur, hitt til geymslu. Kjallari að parti undir húsinu og grjóthlaðinn 4 × 4 × 1,8 m = 29 m³. Gömul baðstofa og eldhús.“



Horft heim að Æsustöðum sumarið 2015. (Ljósm. Páll J. Lindal.)

Hinn 21. nóv. 1952 fór fram úttekt á prestssetrinu, er séra Gunnar Árnason afhenti það kirkjustjórninni. Íbúðarhúsinu var þannig lýst, en fjallað er um viðbyggt geymsluhús hér á eftir:

Íbúðarhús úr steinsteypu með járnþaki, byggt um 1930, að stærð 14,90 × 7,50 m að utanmáli, ein hæð með geymsluofti yfir og kjallarakompu lítilli fyrir miðstöðvarketil. Ríkissjóður hafði látið byggja húsið á sínum tíma og hafði kostað ýmsar endurbætur á því síðar, en húsið aldrei verið tekið út. Þak hússins er valmaþak og loftið því aðeins lítilsháttar til geymslu. Herbergjaskipun á hæðinni er sem hér segir: Norðan við forstofugang með innbyggðum fataskáp og closetklefa er svefnherbergi 3,65 × 2,65 m. Austur af því er baðherbergi með baðkeri, handlaug og WC. Stærð þess er 3 × 2 m. Sunnan við það austan megin er gestaherbergi 3,10 × 2,70 m. Þá tekur við sama megin dagstofa 4 × 3,10 m, þá eldhús að stærð 3,25 × 3 m. Í því er eldavél með olúkyndingu, eldhúsborð með allri vesturhlið með 8 skúffum og fjórum skápum. Ennfremur eru 4 veggskápar á vesturhlið og 2 á austurhlið. Þar er einnig tvöfaldur stálvaski 1,55 m að lengd með skápum undir. Úr eldhúsi er gengið í kjallarakompuna og er þar kolakýntur miðstöðvarketill. Ennfremur er vandaður lausastigi úr eldhúsinu upp á loftið. Í suðausturhorninu er svefnherbergi 3,10 × 2,70 m og í suðvesturhorninu er einnig svefnherbergi 3,78 × 2,75 m, þá er stofa vestanmegin 3,25 × 3,70 m og loks skrifstofa 3,15 × 2,70 m. Í húsinu eru miðstöðvarofnar alls 9 með tilheyrandi lögnum. Þá er vatnsleiðsla í íbúðarhúsið og fjósið. Þá eru rafmagnslagnir, upphaflega gerðar fyrir vindrafstöð, en notaðar í sambandi við mótör.⁷⁸²

Lítilsháttar endurbætur voru gerðar á íbúðarhúsinu í embættistíð séra Birgis Snæbjörnssonar, en við afhendingu hans á prestssetrinu 10. júlí 1959 var þetta skráð um ástand hússins:

Húsið virðist vera yfirleitt í mjög slæmu ástandi og veldur því sjálfsagt mikill raki í húsinu, sem verður ekki bætt nema með róttækum aðgerðum og fyrst og fremst einangrun á öllum útveggjum. Staðið hefir til undanfarin ár að slík viðgerð færi fram af ríkisins hálfu, en jafnan dregist úr hömlu. Verður það því ekki, nema þá að mjög litlu leyti talinn skortur á viðhaldi prestsins. En alveg nauðsynlegt verður að teljast að gagngerð viðgerð fari fram á húsinu, ef von á að vera til þess að nýr prestur fái til að setjast hér að.⁷⁸³

⁷⁸² ÞÍ. Skjalasafn prófafa. Húnavatnsprófastsdæmi AA/15. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók 1952-1971, s. 8-10. Greinargóða lýsingu á húsinu er einnig að finna í bók Hólmfríðar K. Gunnarsdóttur, . . . *hjá grassins rót*, s. 233-239.

⁷⁸³ ÞÍ. Skjalasafn prófafa. Húnavatnsprófastsdæmi AA/15. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók 1952-1971, s. 80-81.



Bæjarhúsin á Æsustöðum í ágúst 2015. Vöxtulegur trjálundur er suðvestan við íbúðarhúsið. (Ljós. Páll J. Líndal.)

Síðast var búið í íbúðarhúsinu árið 1994, en á undanförunum árum hafa eigendur gert á því miklar endurbætur. Húsið er múrhúðað að utan og málað í hvítum lit, þakjárn hefur verið endurnýjað og skipt hefur verið um alla glugga. Innveggir hafa jafnframt verið fjarlægðir, enda eru uppi áform um að gera húsið íbúðarhæft að nýju með nýjum innréttingum.⁷⁸⁴ Suðvestan við bæinn er stór og vöxtulegur trjálundur, sem fyrst var gróðursett í um 1910 af þáverandi ábúendum, Sigríði Gísladóttur og Pálma Sigurðssyni. Garðurinn var síðan aukinn verulega í tíð prestshjónanna, Sigríðar Stefánsdóttur og Gunnars Árnasonar.



Vestur- og suðurhlíðar íbúðarhússins 8. október 2018. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1929		
Fyrsti eigandi:	Kirkjujarðasjóður Íslands		Upphafleg notkun: Íbúðarhús í eyði.
Hönnuður:	Óþekkt		
Yfirmsiður:	Óþekkt		
Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Múrhúðaðir að utan og hvítmálaðir.
Þakgerð:	Valmaþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	Hefur verið endurnýjuð nýlega.
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	

⁷⁸⁴ Eyðibýli á Íslandi V, s. 112.

Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Stærð		15,0 × 7,6 m / 114 m ²
	Reykháfur	Horfinn	
	Gluggar	Breyttir	Hafa verið endurnýjaðir nýlega og upphaflegri gerð þeirra breytt.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlung	Húsið er látlaus bygging án listrænna stíleinkenna, en myndar áhugaverða heild með sambyggðum húsum og „húsagarði“ að erlendri fyrirmynd.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Húsið þjónaði hlutverki prestsseturs í þrjá áratugi.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Húsið er lágreist og yfirskyggt að sunnanverðu af hávöxnum trjágróðri, sem annars gefur bæjarstæðinu hlýlegt yfirbragð.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Húsið heldur að mestu leyti upprunalegu formi að utan, en gluggagerð er breytt.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er heillegt að utanverðu og umhirða þess góð.
Varðveislugildi:	Miðlung	Húsið hefur nokkurt varðveislugildi og staðsetning þess er góð með tilliti til búsetu og notkunar, t.d. sem sumar- og veiðihús.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað utanvert ásamt viðbyggðum húsum, ef upphaflegar teikningar eru ekki tiltækar.

Geymsluhús og hlaða

Áður nefnt *geymsluhús* var byggt árið 1935, hornrétt til austurs frá norðausturhorni íbúðarhússins og áfast því, enda er innangengt milli húsa. Það er steinsteypt og var upphaflega 8,6 × 4 m að stærð, en var stækkað til austurs fáum árum síðar, svo að það mælist nú 57,3 m² með kjallara. Húsið er með járnklæddu valmaþaki og ómúruðum og máluðum útveggjum, tvískipt með tveimur útidyrum á norðurhlið og innréttuð með timburskilrúmum. Næst íbúðarhúsi eru tvö herbergi (búr og þvottahús) og grjóthlaðinn kjallari undir þeim báðum, en austar er tvískipt geymsla án kjallara. Á húsinu er steinsteyptur reykháfur. Því var þannig lýst sumarið 1952:

Geymsluhús 11 × 3,90 m að stærð, byggt úr steinsteypu með járnþaki og risi og skiptist það í 4 herbergi: 2 geymslur, þvottahús með þvottapotti og borði með skápum undir og búr með borði og skápum. Ennfremur er gangur við norðurhlið meðfram búi og þvottahúsi. Undir þessum herbergjum (búi og þvottahúsi) er kjallari, hlaðinn úr grjóti á þrjá vegu. Gengið er inn í geymsluhúsið úr eldhúsinu.⁷⁸⁵

Skv. úttekt á húsinu 10. júlí 1959 hafði orðið sú breyting á nýtingu annarrar geymslunnar, að þar hafði verið komið fyrir „dieselmótor til framleiðslu rafmagns fyrir húsið“ og nokkrum rafgeymum. Herbergjaskipan í geymsluhúsinu var hins vegar hin sama og áður og hefur haldist óbreytt síðan.

Austan við geymsluhúsið er stór *heyhlaða* (77,4 m²), byggð 1946⁷⁸⁶ með mikilli vegghæð og að hálfu grafin í jörðu. Húsið er einnig með járnklæddu valmaþaki, tveimur tréstompum og ómúruðum en máluðum eða hvítkölluðum útveggjum. Ofarlega á vesturhlið eru fjórir 6 rúðna gluggar úr steypujárni af upphaflegri gerð, en á norðurstafni eru stórar vélengar dyr, allmiklu stærri en þær, sem þar voru upphaflega (sjá ljósmynd frá því um 1977). Austan við hlöðuna mótar fyrir leifum af torfbyggðu fjósi fyrir 10-11 nautgripi (sem var 83,1 m² að stærð), steypu haughúsi og „alsteyptri“ þvaggrýfju, sem þar voru byggð á árunum 1945-1947. Fjósið var áfast hlöðunni, og rífið af núverandi eigendum jarðarinnar skömmu eftir 2000.⁷⁸⁷ Þessum húsum var þannig lýst árið 1952:

Fjós og hlaða. Fjósið er byggt úr torfi og grjóti á þrjá vegu, en þó steyppt innan við austurvegginn. Vesturveggurinn er steypptur hlöðuveggur. Fjósið hefir 10 bása fyrir fullorðna nautgripi og 1 bás fyrir ungvíði. Vatnsleiðsla er í fjósið [...] og sjálfbrynning. Þakið er valmaþak með járni yst, innan við það er reiðingur

⁷⁸⁵ ÞÍ. Skjalasafn prófasta. Húnavatnsprófastsdæmi AA/15. Úttekta-, visitasíu- og héraðsfundabók 1952-1971, s. 10.

⁷⁸⁶ Byggingarár hlöðunnar er talið 1948 skv. virðingargjörð 15. sept. 1963. ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/392.

⁷⁸⁷ Heim. Sverrir Þór Sverrisson 31. mars 2019.

og innan á sperrur eru negldir trérimlar með pappa næst torfinu. *Hlaðan* er byggð úr steinsteypu með járnþaki. Er hún að stærð ca. 14,5 × 5 m, lengd og breidd, og hæðin ca. 5 m undir sperrur. Steypt, opið haugstæði er við fjósið og alsteypt þvaggryfja.⁷⁸⁸




Íbúðarhúsið, geymslan og hlaðan sumarið 2015. (Ljósm. Páll J. Lindal.)



Íbúðarhúsið, geymsluhús og heyhlaðan mynda einskonar „húsagarð“, en austan við hlöðuna stóð áður torfbyggt fjós með valmaþaki, sem nú er horfið. (Ljósm. Páll J. Lindal, 2015 / Gunnlaugur Haraldsson, 2018.)

Hlaðan liggur samsíða íbúðarhúsinu og veit stöfnum mót suðri og norðri, en húsin þrjú mynda U-laga umgjörð á þrjá vegu um „húsagarð“ með erlendu sniði. Það fyrirkomulag er undirstrikað enn frekar

með þakgerð allra húsanna, sem eru lág-reist valmaþök eða gaflsneidd mænispök.⁷⁸⁹



Uppdráttur séra Gunnars Árnasonar að staðsetningu húsa frá 18. desember 1937 vegna áforma um byggingu fjóss, haughúss og fjóshlöðu á gamla bæjarstæðinu austan við íbúðarhúsið. (Þí. Landbúnaðarráðuneytið 2001. BA/328.)

Í bréfi séra Gunnars Árnasonar, dags. 18. desember 1937, til Friðgeirs Björnssonar stjórnarráðsfulltrúa, lýsti hann áformum sínum um byggingu útihúsanna austan við íbúðarhúsið með svofelldum hætti:

Eins og við höfum nokkrum sinnum átt tal um, ber brýn nauðsyn til að hjer verði reist fjós og haughús yfir 6-7 nautgripi. Síðastliðið haust komuð þjer sjálfur og sáuð allar aðstæður. Nú vildi jeg mega vænta þess að þetta mál fengi framgang í vor og að þjer vilduð gjöra svo vel og láta gera hið fyrsta uppdrátt að þessari byggingu. Eins og yður rekur sennilega minni til er aðstaðan slík, að hægur vandi er að hafa haug-húsið undir fjósinu, þar sem það verður að standa á hól og djúpt er að grafa, ca. 3 álnir. Annars sýnir meðfylgjandi afstöðuriss hugmynd mína. Jeg hugsa mjer, að fjóshlaðan verði á sínum tíma reist austur af geymslunni, litlu nær en gamla baðstofan er

⁷⁸⁸ Þí. Skjalasafn prófasta. Húnavatnsprófastsdæmi AA/15. Úttekta-, vísitasíu- og héraðsfundabók 1952-1971, s. 10.

⁷⁸⁹ Vettvangsferð skýrsluhöfunda 10. október 2018.

nú, en fjósið þar austur af með haughúsi undir. Er þá útilok-uð fjóslykt í bænum. Hinsvegar þyrfti að vera gangur úr geymslunni gegn um hlöðuna í fjósið.

Jeg hirði ekki um að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni, en vænti velvilja yðar og skilnings á þörfinni á því að jeg fái fjósið reist nú næsta vor. En að sjálfsgöðu gef jeg strax allar frekari upplýsingar, sem þjer kynnuð að óska.⁷⁹⁰

Geymsluhús og hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1935 og 1946 (1948)	Upphafleg notkun:	Geymsla og hlaða.
Fyrsti eigandi:	Kirkjujarðasjóður Íslands	Núverandi notkun:	Húsin standa ónotuð.
Hönnuður:	Óþekkt		
Yfirsniður:	Óþekkt		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Valmabök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárújárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin eru látlausar byggingar án listrænna stíleinkenna.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin þjónuðu hlutverkum sínum til ársins 1994.
Umhverfislúsi:	Miðlung	Húsin mynda áhugaverða heild ásamt íbúðarhúsi um „húsagarð“ með erlendu sniði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin halda upprunalegri gerð í öllum meginatriðum.
Tæknilegt ástand:	Miðlung	Húsin eru í þokkalegu ásigkomulagi, þó nokkuð skorti á viðhald.
Varðveislugildi:	Miðlung	Húsin hafa allnokkurt varðveislugildi sem hluti heildar.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

Fjárhús

Skv. fasteignamati 1916/18 voru flest peningshús á Æsustöðum úr torfi og grjóti, nema „samstæð fjárhús yfir 120 fjár, sem voru með steinlímdum og steinsteyptum veggjum og steypu baðkeri [...] og steinlímd safnþró, 4 x 5 álnir“, trúlega við fjósið.

Árið 1926 voru penings- og útihús jarðarinnar hin sömu og áratug fyrr og flestöll hlaðin úr torfi og grjóti: *Fjós* yfir 8 nautgripi með viðbyggðum *kofa* og úr honum gangur til fjóss og *hlöðu*. *Fjárhús* yfir 40-50 kindur „suður á túni“ og annað *fjárhús* af sömu gerð (Syðra hús) með grjóthlaðinni fjárrétt sunnan við húsið. *Hesthús* fyrir 7-8 hross „suður og upp af túninu með *hlöðu* við“ og *hesthúskofi* „fyrir sunnan og ofan tún“. Flest húsin voru sennilega byggð af Pálma Sigurðssyni bónda og með vissu hið svonefnda „Syðra hús“ með áfastri fjárrétt, sem stóð syðst í túninu. Þau byggði Pálmi fyrir aldamótin 1900 og voru því orðin rúmlega aldargömul, þegar þau voru rifin og jöfnuð við jörðum skömmu eftir 2000.⁷⁹¹

Hinum samstæðu 120 kinda fjárhúsum, sem standa efst í túninu, var þannig lýst 1926:

2 *fjárhús* upp á túni, er rúma c. 60 fjár hvort með steypum vegg að framan og hliðarveggir að mestu hlaðnir úr grjóti, velgerðir og steinlímdir að nokkru. Hús þessi eru sperrureist með 7 sperrum hvort og stoðum undir, er standa í garða. Undir hliðarásum eru stoðir, er standa í grjótvegg. Húsin eru langreft yfir sperru, mjög vel uppgerð með góðum og gagnlegum viði. Fjórir dyraumbúnaðir eru fyrir húsum þessum í góðu lagi. Einn tveggja rúðu gluggi er í hverju húsi. Garðaumbúnaður er í góðu lagi og í syðra húsinu er steypur garði með baðkeri fremst í garða. Gallar eru framkomnir í steypunni í garðanum. Vantar garðaband í fjórum stafgólfum í syðra húsinu. Fyrir inngangi í hlöðu er dyraumbúnaður fyrir syðra húsinu. Raftur er brotinn fyrir inngangi í hlöðu úr norðurhúsinu. *Hlaða* er við hús þessi, mjög vel uppgerð.

⁷⁹⁰ Þf. Landbúnaðarráðuneytið 2001. BA/328 (bréf séra Gunnars Árnasonar dags. 18. des. 1937.)

⁷⁹¹ Heim. Sverrir Þór Sverrisson 31. mars 2019.

Hálfur hluti veggja er gjörður úr grjóti, vel hlöðnu. Húsið er yfirbyggt með 7 sperrum, lausholtum og tilheyrandi stoðum og bitum. Lang- og þverreft á milli sperra með góðum viði. 6 skástífur eru í hlöðunni. Suðurstafn hlöðunnar er að ofan gjörður af timbri með tveimur gluggum. Af nyrstu sperru er reft á stafn.⁷⁹²



Austan við íbúðarhúsið og undir fjallsrótum standa þessi gömlu fjárhús, sem byggð voru ásamt áfastri hlöðu fyrir 1914, en hlaðan er nú fallin. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson, 8. október 2018.)

Fjárhúsin standa undir fjallsrótum, skammt austur af bænum. Þau hlóð og steypiti Pálmi Sigurðsson bóndi (d. 1914), ásamt áfastri hlöðu,⁷⁹³ einhvern tíma á árabílinu 1900-1914. Árið 1939 voru þau sögð með steinhlöðnum veggjum í sement, steypnum framstöfnum og torfpaki. Árið 1952 töldust húsin „alveg með sögu gerð“ og við úttekt 1926 og höfðu þá „staðið sennilega að mestu óhreyfð síðan“, enda voru „viðir að sjálfsögðu nokkuð teknir að láta sig“. Því lét séra Birgir Snæbjörnsson byggja upp húsin að nokkru leyti í embættistíð sinni.⁷⁹⁴ Ókunnugt er um notkun og viðhald þeirra næstu áratugi, en efri hlutar stafnanna voru þó með vissu endurgerðir af Sverri Haraldssyni bónda og tengdaföður hans, Þórarni Þorleifssyni á Skúfi.⁷⁹⁵ Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 eru fjárhúsin 146,3 m² að stærð og talin byggð árið 1900. Þau eru orðin nokkuð hrörleg og m.a. er fallinn steinsteypur gavlveggur annars þeirra. Að húsabaki standa ennþá steinhlaðnir veggir hlöðunnar, sem er að öðru leyti fallin.

⁷⁹² ÞÍ. Skjalasafn prófaste. Húnavatnsprófastsdæmi AA/13. Úttekta-, vísitásiu- og héraðsfundabók 1925-1941, s. 20-21.

⁷⁹³ Heim. Sverrir Þór Sverrisson 31. mars 2019.

⁷⁹⁴ ÞÍ. Skjalasafn prófaste. Húnavatnsprófastsdæmi AA/13. Úttekta-, vísitásiu- og héraðsfundabók 1925-1941, s. 11 og 82.

⁷⁹⁵ Heim. Sverrir Þór Sverrisson 31. mars 2019.

Fjárhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1900-1914	Upphafleg notkun:	Fjárhús
Fyrstu eigendur:	Pálmi Sigurðsson og Sigríður Gísladóttir	Núverandi notkun:	Ekki lengur í notkun.
Húsin byggð af	Pálma Sigurðssyni		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Torf/grjót/steypa	Óbreytt	Gaflveggur annars hússins er fallinn.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin eru með hefðbundnu sniði útihúsa.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsin eru listilega hlaðin og hafa mikið gildi vegna aldurs.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin njóta sín vel ofarlega í túni undir gróinni hlíðinni.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Óvíst er um upprunalegan frágang á þökum og göflum, en telja verður vegg húsanna með upphaflegu sniði.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru fremur illa farin enda viðhald þeirra ekkert, en grjót-hlaðnir veggir þó stæðilegir.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsin hafa mikið varðveislugildi, enda aðeins örfáar byggingar af þessum toga ennþá varðveittar í Húnavatnshreppi.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp, teiknuð og ljósmynduð ræki-lega. Þau eru friðuð skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Æskilegt er að þau verði varðveitt til frambúðar í einhverri mynd.

3.5.5 Gautsdalur

Staðhættir og saga

Gautsdalur er sá bær á framanverðum Laxárdal, sem lengst hefur haldist í byggð, en á ofanverðri 19. öld var dalurinn og nálæg skörð ein þéttsetnasta sveit í sýslunni með um 30 byggð býli. Vegur að



Gautsdalur liggur um 4 km leið frá vegamótum á Þjóðvegi 1 við Auðólfstaði í Langadal, til norðausturs um Auðólfstaðaskarð. Efst í skarðinu er kringlóttur hóll, Gaut- eða Gautshóll, þar sem landnámsmaðurinn Gautur hinn einhenti hvílir í haugi sínum.⁷⁹⁶

Túnakort Gautsdals 1920. Sigfús Eyjólffsson.

Árið 1929 fluttust að Gautsdal hjónin Sigurbjörg Jónsdóttir (1899-1970) og Haraldur

Eyjólffsson (1896-1979), en þar hafði hann mörgum árum fyrr verið vinnumaður hjá Maríu systur sinni og mági, Jóni Pálmasyni, sem bjuggu í Gautsdal á árunum 1914-1918. Haraldur og Sigurbjörg bjuggu í Gautsdal til 1963, síðustu 11 árin í sambýli við Jón Ragnar (1924-) son sinn og konu hans, Valgerði Jónatansdóttur (1926-1995). Hún bjó þar til æviloka og síðan Jón Ragnar einsamall til 16. desember 2016, er hann fluttist á Blönduós og bærinn fór í eyði. Um eins árs bil bjuggu þar einnig sonur þeirra og tengdadóttir, Gauti Jónsson (1955-) og Rannveig Runólfsdóttir (1958-), sem fluttu að Hvammi í Langa-dal 1983.⁷⁹⁷

Íbúðarhús

Árið 1910 var torfbærinn í Gautsdal sagður með tveimur heilþiljum að hlaði og í fasteignamati 1916-



1918 voru bæjarhúsin sögð „gömul, lítil og léleg“. Var þá byrjað „á byggingu íbúðarhúss 12 × 7 álnir“ að stærð, en fyrir framkvæmdum stóð Jón Pálmason, sem var eigandi og ábúandi jarðarinnar. Þessi lýsing miðast við árið 1916, svo að einhverjir viðir úr því húsi eru væntanlega í eldri hluta núverandi bæjarhúsa.

Gautsdalur fyrir miðja síðustu öld. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 723.)

Vorið 1929 fluttust Haraldur og Sigurbjörg að Gautsdal og var þá „aðkoman ekki falleg. Hús

voru flest komin nálægt falli.“⁷⁹⁸ Árið eftir var íbúðarhúsið sagt „úr timbri að mestu, 7,55 × 4,40 m með grjóthlöðnum kjallara og geymslulofti“, en önnur bæjarhús voru úr torfi. Ástæða var fyrr laslegu ástandi íbúðarhússins, eins og þessi frásögn hermir:

Gamli bærinn í Gautsdal var byggður 1916. Lítt var til hans vandað, fótstykkið bara sett ofan á moldina. Þetta var timburbaðstofa með torfþaki. Veglegt reisugildi var haldið. Allmargt fólk kom og var dansað fram eftir nóttu. Nýja baðstofan byrjaði að snarast eftir þann dansleik því að illa hafði verið gengið frá undirstöðum. Þessi bær stóð til ársins 1935 en þá var byggður annar bær á sama stað.⁷⁹⁹

⁷⁹⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 93 og 102; *Húnaþing* II, s. 177; Jón Torfason (2007), s. 124 og 152.

⁷⁹⁷ *Húnavaka* 20. árg. 1980, s. 166-167, 36. árg. 1996, s. 174-175; *Heim*. Gauti Jónsson 23. febr. 2019.


⁷⁹⁸ *Tíminn* 18. des. 1969, s. 18-19.

⁷⁹⁹ Sverrir Haraldsson (1992), s. 69.

Nýja íbúðarhúsinu frá 1935 var lýst nánar árið 1939 og ennfremur tveimur viðbyggingum, sem þá höfðu verið reistar: „Íbúðarhús 7,6 × 4,2 m. Rishæð 2 m = 106 m³. Timburhús með steiptum kjallara. Útveggir: timbur, pappi, járn. Þak: borðasúð, pappi og járn. Kjallari er 1,2 m styttri = 36 m³. Gólf: timbur. Á stofuhæð er stofa og svefnherbergi. Hvorttveggja málað. Stofan veggfóðruð. Miðstöð frá katli, 2 ofnar. Loft er óhólfað til geymslu.⁸⁰⁰ Viðbygging: Steiptir 2 veggir (framhlið og önnur hlið), slegið innan á timbri og stoppað að mestu = 53 m³. Stærð: 4,3 × 3,8 m, hæð 2,3 m. Í viðbyggingu afþiljaðar bæjardyr og stigagangur, steipt gólf. Þar er og eldavélarhús alþiljað. Múrpípa. Viðbyggt íbúðarhúsið: Eldviðargeymsla 3,5 × 3,3 m, hæð í mitt ris 2,6 m. Timbursúð, torfveggir á tvo vegu, 30 m³.“ Ennfremur var hlóðahús úr torfi, trúlega það eina, sem þá stóð eftir af gamla bænum.



Bæjarhúsin í Gautsdal um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að yngri hluta íbúðarhússins í Gautsdal. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/28, nr. 1346.)

⁸⁰⁰ Loftið var einnig notað sem svefnloft og svaf Jón Ragnar Haraldsson þar sem barn og unglingur. Heim. Gauti Jónsson 23. febr. 2019.

Íbúðarhúsið, sem nú stendur, er tvö sambyggð hús á steinsteypum kjallara⁸⁰¹ með háu portlausu risi og snúa burstum mót suðri. Þau eru áþekkt að grunnmáli, en mishá. Á suðurgafli eystra hússins eru útidyr og steyptar tröppur fyrir framan, en á vesturhlið þaksins er lítill kvistgluggi. Gluggagerð í báðum húsum er ekki upprunaleg og eins hafa þau verið klædd að utan með bárujárnri eða járnklæðningu. Húsin eru misgömul. Eldra og vestara húsið er byggt úr timbri og byggt árið 1935 í stað hússins frá 1916. Að byggingu þess stóðu tveir trésmiðir frá Sauðárkróki, Kristinn Magnússon og Guðmundur Guðlaugsson. Meðan húsið var í byggingu hélt heimilisfólkið til í hesthúsi, sem stóð rétt norðan við bæinn, og þar var einnig eldað.⁸⁰²

Yngra og eystra húsið er byggt úr steinsteypu árið 1948. Í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 er byggingarár íbúðarhússins skráð 1935 og heildarstærð þess talin 159,3 m². Í *Húnaþingi II* (s. 177) er húsið hins vegar talið steinsteyp og byggt árið 1948, 307 m³ að stærð. Það ártal miðast við byggingarár yngra hússins og er það skráð á spjald yfir aðaldyrum hússins. Yngra húsið var byggt samkv. uppdrætti frá Teiknistofu landbúnaðarins, en yfirsmiður við byggingu þess var Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmiðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.). Hinn 15. nóvember 1955 gaf hann svohljóðandi lýsingu á húsinu:

1. Stærð 5 × 8 m grunnflötur, kjallari, ein hæð og ris. 2. Í kjallara eru 3 herbergi, þvottahús og geymsluherbergi og miðstöð. 3. Á hæðinni eru: 1 stofa, eldhús, snyrtiherbergi og búr ásamt gangi. Uppi á lofti eru tvö svefnherbergi. 4. Húsið er úr vandaðri steinsteypu og nú að öllu frágengið og í góðu ásigkomulagi.⁸⁰³



Íbúðarhúsið í Gautsdal sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1935 og 1948	
Fyrstu eigendur:	Haraldur Eyjólfsson og Sigurbjörg Jónsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun e. hlutar:	Óþekkt	Núverandi notkun: Stendur autt frá 2016.
Smiðir:	Kristinn Magnússon og Guðmundur Guðlaugsson	
Hönnun y. hlutar:	Teiknistofa landbúnaðarins	
Yfirsmiður:	Kristján Gunnarsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur/steypa	Óbreytt/járn	Eldri hluti hússins er úr timbri og sá yngri er steinsteypur, en allt húsið hefur verið klætt að utan með járn.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	Húsið er tvö samsíða og misaldra hús með mænisþökum, sem

⁸⁰¹ Í kjallara er fristandandi grjóthlaðinn veggur, sem fékk að standa óáreittur, þegar íbúðarhúsið frá 1935 var byggt. *Heim*. Gauti Jónsson 23. febr. 2019.

⁸⁰² *Heim*. Gauti Jónsson 23. febr. og 2. mars 2019.

⁸⁰³ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/85.

Kjallari	Óbreytt	snúa stöfnum (burstum) fram á hlaðið.
Stærð		Grjóthlaðinn og steinsteyptur kjallari er undir báðum húsum. 7,6 × 4,2 m og 8,0 × 5,0 m / 159,3 m².
Kvistur	Óbreytt	Lítill kvistur er á vesturhlið yngra hússins.
Reykháfur	Horfinn	
Útitröppur	Óbreytt	Steinsteyptar útitröppur eru við aðalinngang á yngra húsi.
Gluggar	Breyttir	Eldri gluggum hefur verið skipt út fyrir einpósta glugga.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er snotur bygging með burstalagi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið á sér áhugaverða þróunar- og byggingasögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er reisulegt og sómir sér vel á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur tekið talsverðum breytingum á löngu byggingarferli, m.a. verið klætt að utan og gluggagerð þess breytt.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið virðist vera í góðu ásigkomulagi og vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað og grafist nánar fyrir um byggingarsögu þess.

Fjós

Fast norðan við íbúðarhúsið og samsíða því er gamalt *fjós*, sem upphaflega hýsti 9 gripi. Það er með grjóthlöðnum og steinsteyptum útveggjum, en járnklæddu mænispaki undir torfi. Húsið er nokkuð hrörlegt ásýndar, þakið sigið og víða komið rof í torfklæðningu. Dyr og þrískiptur gluggi eru á suðvesturstafni og annar gluggi á norðausturstafni, sem er hlaðinn úr torfi og grjóti eins og norðvesturlanghlið. Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 var húsið byggt 1930, en í fasteignauttekt frá 1939 var fjósið sagt „lélegt torfhús“.



Gamla fjósið er fast norðan við íbúðarhúsið. (Ljós. Páll J. Lindal, 2015.)

Nokkuð fjær að húsabaki eru ennfremur samstæð fjárhús með heyhlöðu að norðvestanverðu. Húsin eru steinsteypt og byggð árið 1956. Einnig má nefna, að á árunum 1960-1961 var reist heimilisrafstöð í Gautsdal. Um var að ræða 15 kw vatnsafsstöð með 70 m fallhæð og sést ennþá steinsteyptur grunnur stöðvarhússins og leifar stíflumannvirkja í bæjarlæknum. „Umrædd rafstöð var misheppnuð frá upphafi vegna vatnsleysis, lélegs undirbúnings og hroðvirknislegra vinnubragða.“⁸⁰⁴

Fjós – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1930	Upphafleg notkun: Fjós
Fyrstu eigendur:	Haraldur Eyjólfsson og Sigurbjörg Jónsdóttir	Núverandi notkun: Geymsla
Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Torf/grjót/steypa	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

⁸⁰⁴ Heim. Gauti Jónsson 23. febr. 2019.

Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn/torf	Óbreytt

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er með hefðbundnu sniði útihúss úr torfi og grjóti.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Er minnisvarði um gamlan byggingararf og nær horfna húsagerð.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið setur hlýlegan svip á bæjarstæðið sem leifar af eldri bæjarhúsum og aflögðu búskaparlagi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er úr blönduðu byggingarefni, sem hagnýtt hefur verið á löngu tímaskeiði, en upprunaleg gerð þess er óþekkt.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er víða hrörlegt og viðhald þess lítið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi, enda eru hús af þessari gerð orðin fágæt í Húnavatnshreppi.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp, teiknað og ljósmyndað ræki-lega. Einnig er æskilegt að það verði varðveitt í einhverri mynd til frambúðar, og þess í öllu falli gætt að vegghleðslur verði varðveittar.

3.5.6 Þverárdalur

Staðhættir og saga

Bærinn Þverárdalur á Laxárdal stendur á sléttum hjalla og háum og bröttum hól fyrir botni samnefnds dals eða skarðs milli Bólstaðarhlíðarfjalls og Botnastaðafjalls. Sér því til bæjarins af Norðurlandsvegi



ofan Húnavers. Upp af bænum eru Bæjarhnjúkur og Húsadalur, en eftir honum rennur Hlíðará sunnan við bæinn og fellur í Svartá. Brú er á ánni neðan við bæjarhólinn. Austur frá bænum gnæfa Ógöngin, hamrahaus á Botnastaðafjalli, með mikilli skriðu niður af.⁸⁰⁵

Túnakort Þverárdals 1920. Sigfús Eyjólfsson.

Jörðin var fyrrum eign Hólastóls, en í bændaeign frá 1802 og virt 30 hundruð að fornu mati. Einn þekktasti bóndi í Þverárdal í seinni tíð var Brynjólfur Bjarnason (1865-1928), sem bjó þar frá 1888 til 1914.⁸⁰⁶ Ábúendur og eigendur jarðarinnar 1914-1921 voru Björn Sveinsson (1867-1958) og Guðbjörg Jónsdóttir (1866-1943).⁸⁰⁷ Frá 1921 til 1947

bjuggu í Þverárdal hjónin Ísgerður Pálsdóttir (1885-1971) og Gunnar Árnason (1883-1969), en síðan Árni (1911-1991) sonur þeirra og Margrét Jóhannesdóttir (1916-2000), sem bjuggu þar til 1976, er



jörðin lagðist í eyði.⁸⁰⁸ Þá keypti Bólstaðarhlíðarhreppur jörðina og seldi hana síðar Jarðakaupa-sjóði ríkisins (nú Jarðeignir ríkisins). Húsið var síðan í allmörg ár leigt hópi landfræðinga, en árið 2018 keyptu þrír einstaklingar húsið í nafni Hagur verk og Heimafengið, en þeir eru: Einar Kolbeinsson í Bólstaðarhlíð, Davíð Jónsson í Húnaveri og Jón Jónsson.⁸⁰⁹

Þverárdalur um 1940. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 782.)

Horfin torf- og timburhús

Sumarið 1898 voru bæjarhús í Þverárdal sögð „baðstofa ágæt [og] framhús gömul og stæðileg.⁸¹⁰ „Bæjardýrnar voru að vestanverðu, og var gengið úr þeim til vinstri handar inn í stofuna, sem var í norðvesturhluta bæjarhúsanna.“⁸¹¹ Baðstofuna byggði Brynjólfur Bjarnason árið 1888, þegar hann fluttist að Þverárdal, en árið 1901 reif hann gömlu framhúsin og byggði í þeirra stað nýjan bæ (framhús) „með íslensku sniði, vandaðan að allri gerð og mjög smekklegan“.⁸¹² „Var í engu til sparað að gera hann höfðinglegan að utan sem innan. Í honum var meðal annars vistarvera, gestastofa mikil og

⁸⁰⁵ Páll V. G. Kolka (1950), s. 103-104; *Húnaþing* II, s. 185; Jón Torfason (2007), s. 146-149.

⁸⁰⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 103-104; Jón Torfason (2007), s. 149-150; *Jörð* 8. árg. 1947-1948, s. 17-53.

⁸⁰⁷ *Skagfirzkar æviskrár* III. Tímabilið 1890-1910, s. 40-42.

⁸⁰⁸ *Húnavaka* 32. árg. 1992, s. 233-234.

⁸⁰⁹ *Heim*. Tryggvi Jónsson 12. mars 2019.

⁸¹⁰ *Austri* 15. júlí 1898, s. 80.

⁸¹¹ *Gríma hin nýja* IV, s. 220.

⁸¹² *Morgunblaðið* 13. des. 1928, s. 2. „Þegar grafið var fyrir undirstöðum, fannst beinagrind af manni á tveggja metra dýpi, einmitt á þeim stað, þar sem stofan hafði staðið. Lá beinagrindin á hellum, sem lagðar höfðu verið í kross undir líkið [...]“. *Gríma hin nýja* IV, s. 221.

skrautleg. Þar voru gylltir listar yfir veggjum, ljósarósetta í lofti og vinskápur við vegg og hann sjaldan eða aldrei tómur.⁸¹³ Þessi gestastofa var úr timbri, svonefnt *framhús*, en nefnd *timburstofa* 1910. Þá var torfbærinn að öðru leyti með einu heilþili og einu hálfþili.

Bæjarhúsunum var þannig lýst í fasteignamati 1916/18: „Tvær húsaræðir, 15 álna langar, önnur 6 álna breið, en hin 8 álna. Kjallari grjóthlaðinn undir þeirri húsaræð. Við þessi hús er torfveggur að norðan



og torfþök, að öðru leyti timbur. Traustbyggð og í góðu lagi. Ennfremur eldhús og skemma með torfveggjum og torfþökum.“ Utan bæjar var „salerni úr timbri og safnþró“.

Teikning Örlýgs Sigurðssonar listmálara af bænum í Þverárdal eins og hann leit út á dögum Brynjólfs Bjarnasonar. (Jörð 8. árg. 1947-1948, 1.-2. tbl., s. 40.)

Árið 1939 var gefin mjög nákvæm lýsing á bæjarhúsum, sem voru þessi: (1) *Baðstofa* 8,6 × 2,5 × 2,5 m = 54 m³. Þilstafn og timburhlið að nokkru. Alþiljuð og máluð. Byggð 1888.

Skipt í þrennt, tvö svefnherbergi og miðbaðstofa, sem nú er notuð sem eldaveðlarhús. Er í sæmilegu ástandi, þótt gömul sé. (2) Milli baðstofu og frambæjar hefir verið tekinn burt veggur og innréttaðar tvær kompur, alþiljaðar með járni í þaki. Stærð 4,9 × 1,8 × 1,9 m = 17 m³. (3) *Framhús* (byggt 1901), 8,8 × 4,8, vegg hæð frá kjallara 2,5 m, kjallarahæð 1,8 m. Rishæð 1,8 m = 218 m³. Þilstafn og hlið. Á stofuhæð er stofa og svefnherbergi, veggfóðrað og málað, veggfóðrið farið að bila, bæjardyr afþiljaðar, eldaveðlarhús alþiljað svo og búr. Í stofu og herbergi er slegið neðan á bita. Loft yfir til geymslu, skipt í tvennt með timburskilrúmi. Kjallari grjóthlaðinn, skipt í tvennt með timburskilrúmi. Torfþak á húsinu.“ Ennfremur skemma með torfveggjum og torfþaki.



Þverárdalur um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Árla morguns fimmtudaginn 5. ágúst 1948 kom upp eldur í bænum. Varð hans vart í þekjunni og reyndust björgunartilraunir árangurslausar, svo að bærinn brann til kaldra kola, en nokkrum innanstokksmunum var bjargað.⁸¹⁴

Íbúðarhús

Strax eftir brunann 1948 hófst Árni Gunnarsson handa við byggingu nýs íbúðarhúss, sem flutt var í um haustið.⁸¹⁵ Húsið var teiknað og byggt af Kristjáni Gunnarssyni (1903-1986), húsasmíðameistara á Blönduósi (Stígandi hf.), og er sennilega fyrsta hús sinnar gerðar, sem byggt var í Húnavatnshreppi.


⁸¹³ *Húnavaka* 46. árg. 2006, s. 28-29.

⁸¹⁴ *Alþýðublaðið* 10. ágúst 1948, s. 1.

⁸¹⁵ *Húnavaka* 32. árg. 1992, s. 234.

Gerð hússins vakti hörð viðbrögð af hálfu Teiknistofu landbúnaðarins, því að í umsögn hennar, dags. 13. júní 1949, með lánsúmsókn Árna Gunnarssonar sagði eftirfarandi:

Nýreist hús í Þverárdal. Halli á þaki hússins of lítill, auk þess er lag þaksins óheppilegt og alveg sérstaklega óásjálegt. Vafasamt hvort hús með þessu lagi getur talist lánshæft, enda virðist innrétting öll harla klaufaleg. Í fyllsta máta ógætilegt að reisa slíkt hús í trausti um lán, án þess að hafa fengið samþykka teikningu.⁸¹⁶



Uppdráttur Kristjáns Gunnarssonar að íbúðarhúsinu í Þverárdal, dags. 6. ágúst 1948. Svohljóðandi athugasemd Teiknistofu landbúnaðarins er skrifuð á uppráttinn: „Þakhalli lítill og þaklag óheppilegt. Bréf sent.“ (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/30, nr. 1488.)



Íbúðarhúsið í Þverárdal sumarið 2013. (Eyðibýli á Íslandi V, s. 113.)

Húsið stendur austan við gamla bæjarhólinn, þar sem ennþá eru greinilegar tóftir útihúsa og steypur húsgrunnur. Íbúðarhúsið er steinsteypt á einni hæð með steypum grunni og gólfi, einhalla timburþaki og stölluðum göflum, 101,4 m² og 358 m³ að stærð. Steinsteypt geymsla með sama byggingarlagi er áföst norðurhlíð hússins, 36,9 m² að gólfleti, og byggð sama ár (1948). Skv. virðingargjörð frá 25.

⁸¹⁶ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/328.

sept. 1961 var íbúðarhúsið þó talið 96 m² og geymslan 48 m². Þá var einnig tilgreint annað geymsluhús, sérstætt úr steinsteyptu með járnþaki, 16 m² að stærð. Herbergjaskipan var þessi: Fimm íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi og forstofa.⁸¹⁷ Húsið er í góðu ástandi. Stór verönd úr timbri er með framhlið hússins.⁸¹⁸



Íbúðarhúsið í Þverárdal sumarið 2013. (Eyðibýli á Íslandi V, s. 113.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1948	Upphafleg notkun:	Íbúðarhús
Fyrstu eigendur:	Árni Gunnarsson og Margrét Jóhannesdóttir	Núverandi notkun:	Sumarhús
Hönnuður:	Kristján Gunnarsson		
Yfirmsmiður:	Kristján Gunnarsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Ná upp fyrir þakbrún og eru stallaðir á göflum.
Þakgerð:	Einhalla þak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Stærð		101,4 m ² - 358 m ³ .
	Reykháfur	Óbreytt	
	Geymsla	36,9 m ²	
	Gluggar	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er snotur bygging í funkisstíl með einhalla þaki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Föst búseta í húsinu stóð aðeins í 30 ár. Það er eina húsið, sem byggt var með þessu lagi í Húnavatnshreppi fyrir 1950.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er áberandi og sómir sér vel á fallegu bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Litlar sem engar breytingar hafa verið gerðar á húsinu.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsinu er vel við haldið og er það í góðu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi skv. ofansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Engin þörf virðist vera á ráðstöfunum til varðveislu hússins, sem er nýtt sem sumarhús af eigendum.


⁸¹⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/328.

⁸¹⁸ Eyðibýli á Íslandi V, s. 113.

3.5.7 Bólstaðarhlíð

Staðhættir og saga

Sennilega er hið forna Ævarsskarð, sem nefnt er í Landnámabók, dalverpið milli Bólstaðarhlíðarfjalls (Hlíðarfjalls) og Tunguhjúks.⁸¹⁹ Að því gefnu má telja víst, að Bólstaðarhlíð sé landnámsjörð Ævars



Ketilssonar hins gamla. Jörðin er fornt kirkjusetur og stórbýli, sem um aldir var talið eitt helsta höfuðból sýslunnar og metið til 60 hundruða að fornu mati. Hún er vel í sveit sett við fjölfarnar þjóðleiðir að fornu og nýju, enda var þar þingstaður sveitarinnar um aldir. Bæjarstæðið er á sléttri grundu og áreyrum nærri ármótum Hlíðarár og Svartár. Norður af bænum rís skriðurunnið Hlíðarfjallið með burstlaga hnjúkum, en að austanverðu liggur þjóðleiðin til Skagafjarðar um Botnastaðabrekku.⁸²⁰

Túnakort Bólstaðarhlíðar 1920. Sigfús Eyjólfsson. Bærinn er við enda heimreiðar, neðarlega fyrir miðju á uppdrættinum, og kirkjan örskammt suðvestan við bæinn.

Bólstaðarhlíðar getur fyrst í miðaldaritum, þ.e. Finnboga sögu ramma, Þórðar sögu hreðu og Sturlungu, en um forna mannvist þar vitnar meðal annars hringlaga garð-

lag í túni (svonefnd Lögrétta) með óglöggum leifum af hleðslum og meintu höfðingjaleiði. Í hartnær þrjár aldir (frá 1528 til 1825) var jörðin setin af hinni nafnfrægu Bólstaðarhlíðarætt, þ.e. ættforeldrunum Þórarni Steinþórssyni (d. 1544) og Oddnýju Jónsdóttur og niðjum þeirra í marga ættliði, en síðastur þeirra var séra Björn Jónsson (d. 1825). Þá keyptu jörðina Klemenz Klemenzson (1795-1883) og



Ingibjörg Þorleifsdóttir (1804-1886), sem bjuggu þar til æviloka og síðan afkomendur þeirra til þessa dags, eða í nærri tvær aldir.⁸²¹

– Símsstöð var í Bólstaðarhlíð frá 1925.

Þannig var umhorfs að húsbaki í Bólstaðarhlíð í júlí 1935. Til hægri er þinghúsið, en íbúðarhúsið lengst til vinstri. Í forgrunni er gamalt hlóðældhús úr torfi og grjóti, sem rifjið var árið 1960. (Schweizer, Bruno (2003 III), s. 204.)

Ábúendur í Bólstaðarhlíð frá 1881 til 1916 voru hjónin Guðmundur Klemenzson (1847-

1931) og Ingiríður Ósk Erlendsdóttir (1859-1934), en hann byggði upp öll hús á jörðinni. Klemenz (1892-1986) sonur þeirra og Elísabet Magnúsdóttir (1891-1964) tóku við búi 1916. Klemenz bjó þar til 1944, en þjónaði síðan köllun sinni sem kvekari á meðan Elísabet bjó þar til æviloka ásamt sonum sínum. Jörðinni var formlega skipt 1954 og stofnað nýbýlið Bólstaðarhlíð II af Þórönnu Kristjánsdóttur (1926-2008) og Erlendi Klemenzsyni (1922-1987), sem hófu búskap á jörðinni 1947 og bjuggu þar til 1967. Steinsteyppt íbúðarhús var byggt á nýbýlinu 1954, nokkru ofar en Bólstaðarhlíð I. Á þeim hluta jarðarinnar og í steinhúsinu, sem byggt var 1950, bjuggu frá 1954 til 1965 hjónin Jónína Jónsdóttir

⁸¹⁹ Um legu hins forna Ævarsskarðs deildu fræðimenn af miklum þrótti á fyrri hluta síðustu aldar. Sjá nánar *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps II*, s. 9-10.

⁸²⁰ Páll V. G. Kolka (1950), s. 109-111; *Húnaþing II*, s. 179; Jón Torfason (2007), s. 133-134.

⁸²¹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 112-113; *Húnaþing I*, s. 123; Jón Torfason (2007), s. 135; *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps II*, s. 10-12 og 28; *Tíminn* 22. apríl 1964, s. 5. Klemens keypti jörðina á uppboði 1828.

(1932-) og Ævar Klemenzson (1930-2000) í tvíbýli við bróður hans, Guðmund Magnús (1927-1998) kennara, sem síðan bjó í húsinu til æviloka.⁸²²



Hlóðaðhúsið í Bólstaðarhlíð í júlí 1935. (Schweizer, Bruno (2003 III), s. 205.)

Horfin torf- og timburhús

Í sóknarlýsingu 1841 var Bólstaðarhlíðarbær sagður for-kunnarvel og sterklega byggður. Var hann talinn „einn hinn reisulegasti á sinni tíð“ og byggður af Klemenz Klemenzsyni bónda, sem byggði upp öll hús á jörðinni. Hann var þekktur húsa- og kirkjusmiður og byggði m.a. kirkjuna á staðnum ásamt Jónasi Einarssyni á Gili. Þeir byggðu einnig Holtastaðakirkju.⁸²³ Guðmundur sonur Klemenzar tók við jörðinni „niðurníddri“ árið 1883, „framkvæmdi þar stórkostlegar jarðabætur [...] og byggði þar upp öll hús“, meðal annars „vandað íbúðar-



hús úr timbri [og] stóra og vel uppbyggða safnfor“. Safnforin var áreiðanlega steinsteypt og þess vegna með *elstu mannvirkjum af þeirri gerð á landinu*, þar eð hún var byggð fyrir aldamótin 1900. Þá lagði Guðmundur vatnsleiðslu í bæ og fjós 1912. Var það fyrsta vatnsleiðslan þeirrar gerðar í sveitinni, 300 faðma löng.⁸²⁴

Timburíbúðarhúsið sem Guðmundur Klemenzson lét byggja 1892. (Húnavaka 51. árg. 2011, s. 122.)



Horft heim að Bólstaðarhlíð á fyrri hluta síðustu aldar. Brúin yfir Hlíðará í forgrunni. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhúsið var byggt af Guðmundi Klemenzsyni sunnan við gamla torfbæinn árið 1892. Hann var í nýklassískum stíl og var yfirsmiður Einar Guðmundsson (1858-1936), bóndi og trésmíðameistari á Ystagili í Langadal og síðar á Síðu í Refasveit.⁸²⁵ „Var talið að [Guð-

mundur] hefði að mestu ekið á sjálfum sér grjótinu í hinn vandaða hlaðna kjallara undir íbúðarhúsinu, sem hann byggði.⁸²⁶ Húsinu var þannig lýst í fasteignamati 1916/18: „Íbúðarhús úr timbri 10 × 16 álnir, einlyft með kjallara og porti og kvisti á vesturhlíð. Viðbyggð forstofa 3 × 3 álnir. Skúr við bakdyr hússins 4 × 6 álnir, allt með jærnpaki. Ennfremur skemma og safnþró með salerni yfir.“ Í íbúðarhúsið

⁸²² Húnavaka 27. árg. 1987, s. 171-173; 28. árg. 1988, s. 221-222; 39. árg. 1999, s. 178-179; 49. árg. 2009, s. 162-163; 51. árg. 2011, s. 119-120; Morgunblaðið 20. febr. 2000, s. 38; Schweizer, Bruno (2003 III), s. 209-210.

⁸²³ Húnavaka 28. árg. 1988, s. 115 og 118; Kirkjur Íslands VIII, s. 107-108.

⁸²⁴ Búnaðarritið 15. árg. 1901, s. 207; Páll V. G. Kolka (1950), s. 113-114; Klemenz Guðmundsson (2003), s. 128; Húnavaka 51. árg. 2011, en þar segir að vatnsleiðslan hafi enst í 55 ár. Fyrir framkvæmdir á jörðinni fékk hann verðlaun úr styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. árið 1900 og úr Ræktunarsjóði Íslands árið 1906.

⁸²⁵ Klemenz Guðmundsson (2003), s. 128.

⁸²⁶ Húnavaka 28. árg. 1988, s. 123-124; 51. árg. 2011, s. 120. Sagt er að kjallari íbúðarhússins hafi ekki haggast í 70 á, en leifar af gamla bænum stóðu fram um 1960 að sögn Kolbeins Erlendssonar, sbr. Fornleifaskráning Húnavatnshrepps II, s. 17.

og fjós var leitt vatn í pípum úr brunni utanhúss. Árið 1930 sagði eftirfarandi um húsið: „Íbúðarhús úr timbri, 10,0 × 6,25 m með kjallara. Loft með porti, þak járnvarið. Kvistur á vesturhlið.“ Önnur bæjarhús voru úr torfi, en 25 m³ safnfor var steinsteyp.



Bæjarhúsin í Bólstaðarhlíð sumarið 1935. Lengst til vinstri er steinsteyp hlaða, sem enn stendur, ásamt áföstu fjárhúsi. Vestan við það eru leifar útihúsa og gamla torfbæjarins, en sunnan við torfhúsin eru þinghúsið (lengst til hægri), timburíbúðarhúsið frá 1892 og gamla hlóðældhúsið með toppreistu þaki og strompi, sem tengt var timburhúsinu með viðbyggingu. (Schweizer, Bruno (2003 III), s. 203.)

Árið 1939 var gefin nokkru gleggri lýsing á húsinu: „Timburhús járnvarið, 10,2 × 6,5 m, með kjallara og lofti. Stofuhæð og loft 271 m³. Kjallari 132 m³, alls 403 m³. Gólf, loft og skilrúm úr timbri. Á stofuhæð 4 herbergi og forstofa. Á lofti kvistur og 3 herbergi og stigangangur. Kjallara lítið skipt. Miðstöð frá eldavél, vatnsleiðsla og frárennsli. Kjallari grjóthlaðinn. Skúrbygging austan við húsið.“ Önnur bæjarhús voru smiðjukofi og hlóðældhús, sem stóð að húsabaki og var rifið 1960. Búið var í húsinu til ársins 1950, er flutt var í nýbyggt íbúðarhús, en gamla húsið var rifið um 1960.

ari 132 m³, alls 403 m³. Gólf, loft og skilrúm úr timbri. Á stofuhæð 4 herbergi og forstofa. Á lofti kvistur og 3 herbergi og stigangangur. Kjallara lítið skipt. Miðstöð frá eldavél, vatnsleiðsla og frárennsli. Kjallari grjóthlaðinn. Skúrbygging austan við húsið.“ Önnur bæjarhús voru smiðjukofi og hlóðældhús, sem stóð að húsabaki og var rifið 1960. Búið var í húsinu til ársins 1950, er flutt var í nýbyggt íbúðarhús, en gamla húsið var rifið um 1960.



Bólstaðarhlíð og Bólstaðarhlíðarkirkja, nokkru fyrir miðja 20. öld. Lengst til vinstri er hesthús úr torfi, en næst því er þinghús sveitarinnar ásamt steinsteypu fjárhúsi í bakgrunni. Fyrir miðju er gamla timburíbúðarhúsið frá 1892 og kirkjan lengst til hægri. (Ljós. Páll Jónsson. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Kirkjur Íslands VIII, s. 109.)



Bólstaðarhlíð 1953. Steinsteypa íbúðarhúsið var byggt talsvert norðvestur af gamla timburhúsinu. Að húsabaki eru þinghúsið og útihús. Lengst til hægri sjást bæjarhúsin á Botnastöðum. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/31.)


Íbúðarhús

Árið 1950 var byggt nýtt íbúðarhús í Bólstaðarhlíð, talsvert norðvestur af gamla timburhúsinu og stendur það um 100 m spöl frá kirkjunni. Húsið var teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en sömu teikningu var fylgt að mestu leyti við byggingu hússins í Ási í Vatnsdal, sem byggt var sama ár (sjá kafla 3.1.15). Ekki er kunnugt um nafn yfirmiðsins, en nokkur frávik voru gerð frá teikningu, s.s. á gluggasetningu á stafni. Húsið er steinsteypt, ein hæð með kjallara, háu portlausu risi, mænispaki og kvistum að suðvestan- og norðaustanverðu. Á þeim kvisti eru dyr, svo að gengt er út á litlar svalir á



þaki framskots fyrir miðri framhlið hússins. Óvíst er um aldur hins kvistsins, sem ekki var á frumteikningu hússins. Við norðvesturgافل er steinsteyptur inngangsskúr með mænispaki og steypum tröppum. Annar inngangsskúr með einhalla þaki er við bakhlið hússins. Húsið er alls 327,5 m² að gólfleti og 355 m³. Upphaflegu útliti þess hefur verið gjörbreytt og mikið laskað með breyttri gluggagerð og utanhússklæðningu úr járni.

Íbúðarhúsið í Bólstaðarhlíð um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Teikningar Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu í Bólstaðarhlíð. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/39, nr. 1499.)





Íbúðarhúsið að Bólstaðarhlíð I sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1950	Upphafleg notkun:	Íbúðarhús
Fyrsti eigandi:	Elísabet Magnúsdóttir	Núverandi notkun:	Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins		
Yfirsmiður:	Óþekkt		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Steypa/járnkl.	Húsið hefur verið klætt að utan með járnklæðningu.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Báruján	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		9,0 × 10,70 m / 327,5 m ² .
	Kvistir	Breytt	Upphaflegur kvistur er að norðaustanverður en nýlegur á bakhlið.
	Framskot/svalir	Óbreytt	Eru fyrir miðri framhlið (suðvesturhlíð) hússins.
	Reykháfur	Óbreytt	
	Úttröppur	Óbreytt	Steinsteyptar úttröppur við norðvesturgöfl og undir þeim inn-gangur í kjallara.
	Inngangsskúr	Óbreytt	Steinsteyptur skúr með mænisþaki við norðvesturgöfl og annar við bakhlið hússins.
	Gluggar	Breyttir	Flestum eldri gluggum hefur verið skipt út fyrir einpósta glugga.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið í upphaflegri mynd var stílhrein bygging af algengri form-gerð.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur þjónað hlutverki sínu sem íveruhús í tæp 70 ár.
Umhverfisgildi:	Lágt	Sómir sér síður á hinu fornu bæjarstæði vegna breyttrar ásýndar.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Ásýnd hússins hefur verið gjörbreytt og henni spillt með utan-hússklæðningu og breyttri gluggasetningu.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist í þokkalegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur fremur takmarkað varðveislugildi í núverandi mynd.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um sérstakar ráðstafanir til varðveislu hússins.

Hlaða og geymsla

Árið 1930 (eða 1931) lét Klemenz Guðmundsson byggja þrjú steinsteypt útihús á jörðinni: *heyhlöðu* með járnþaki, 351 m³ að stærð, *haughús* (102 m³) og *fjós* fyrir 12 nautgripi með járnþaki og torfi þar yfir.⁸²⁷ Steinsteypt útihús með járnþökum voru þessi árið 1939: *Fjós* fyrir 12 kýr með viðbyggðu *hest-*



húsi fyrir 14 hesta, tvö *fjárhús* fyrir 90 fjár og *fjóshlaða* (15 × 4 × 5,3 m = 328 m³), *haughús* (130 m³) og *votheyshlaða* (48 m³). Öll önnur peningshús og hlöður voru þá með torf- og grjótveggjum.

Horft úr norðaustri yfir bæjarstæðið í Bólstaðarhlíð 1936. Næst er steinsteypt heyhlaða (byggð um 1930) ásamt öðrum útihúsum og leifum gömlu bæjarhúsanna. Gamla hlóðaeldhúsið ber í timburíbúðarhúsið, en hægra megin við það er þinghúsið frá 1928. (Ljós. Bruno Schweizer (myndhluti) / Fornleifaskráning Húnavatnshrepps II, s. 21.)



Af þessum húsum standa nú einungis *hlaða* (56,7 m²) og *geymsla* (13,3 m²), sem óvíst er hvaða hlutverki gegndi upphaflega. Bæði húsin eru talin byggð árið 1927 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018. Samkvæmt því eru þau *meðal elstu steinsteyptu útihúsa*, sem ennþá eru varðveitt í Húnavatnshreppi. Fjárhús frá 1952 er áfast suðvesturhlíð hlöðunnar.

Horft yfir bæjarstæðið úr norðvestri 1936. Nýleg og steinsteypt útihús eru í forgrunni til vinstri. (Ljós. Bruno Schweizer (myndhluti) / Fornleifaskráning Húnavatnshrepps II, s. 21.)



Hlaða og geymsla – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1927 (1930)
Fyrsti eigandi: Klemenz Guðmundsson
Hönnun/smíði: Óþekkt

Upphafleg notkun: Hlaða og geymsla (?).
Núverandi notkun: Hlaða og geymsla.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Mænis-/skúrþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar
Eru ómúraðir að utan, en málaðir hvítir.
Hlaðan er með mænisþaki og geymslan með einhalla þaki.

⁸²⁷ ÞÍ. Fasteignamat 1930. BAm1. Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 var hlaðan byggð árið 1927.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin eru með hefðbundnu sniði og án listræns gildis.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Húsin eru meðal elstu steinsteypu útihúsa í hreppnum sem enn eru varðveitt.
Umhverfsgildi:	Lágt	Umhirðu húsalóðar og nánasta umhverfis er ábótavant.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Húsin virðast halda að miklu leyti upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsin virðast í fremur lélegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Miðlung	Varðveislugildi húsanna felst einkum í aldri og upprunaleika.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

Horfið þinghús

Þingstaður var í Bólstaðarhlíð frá fornu fari og samkomustaður sveitarinnar. Framan af síðustu öld fóru þinghaldið og ýmsar samkomur fram í íbúðarhúsinu.⁸²⁸

Þar var lengi þingað í stofu allstórrí í íbúðarhúsinu og varð af því átroðningur mikill og oft yfir kvartað, en hreppsþúum þótti þröngbýlt í stofunni, þegar sveitarfundir voru vel sóttir. Á báðar hliðar var því kurr undir og óánægja mikil. Þótti einsætt, að ekki væri unandi við þessa tilhögun og kom mönnum saman um að reisa þinghús og varð umræða mikil um tilhögun og byggingu, en hreppsnefnd hafði forgöngu.⁸²⁹

Auk þingfunda voru haldnar samkomur í Bólstaðarhlíð á vegum málfundafélagsins Vísis, sem stofnað var 1911. Árið 1913 hófst umræða á fundum þess um byggingu samkomuhúss og í ársbyrjun 1914 bauð félagið hreppsnefndinni að leggja fram fé til „samkomuhússbyggingar“ fyrir hreppinn. Sömu leiðis gerði Guðmundur Erlendsson í Mjóadal ítarlegar tillögur um hönnun þess.⁸³⁰ Niðurstaðan varð



að lokum sú, að árið 1923 ákvað hreppsnefndin að byggja samkomu- og þinghús með kjallara í Bólstaðarhlíð og fól félaginu Vísi „byggingu á öllu steinverki kjallarans á sinn kostnað en hreppurinn leggi til mótstokka“, gegn því að félagið fengi ákveðin endurgjaldslaus afnot af húsinu fyrir fundi og samkomur.

Þinghúsið í Bólstaðarhlíð er til vinstri, skammt norðaustan við gamla íbúðarhúsið. Austan við þinghúsið er hesthús úr torfi og grjóti, sem byggt var af Ungmennafélagi Bólstaðarhlíðarhrepps. (Ljósm. Páll Jónsson. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. Kirkjur Íslands VIII, s. 109, myndhluti.)

Húsinu var valinn staður skammt norðaustur af íbúðarhúsinu í grunnstæði gamallar skemmu eða smiðju,⁸³¹ sem þá var rifin. Kjallarinn var steypdur sumarið 1924 og sett yfir hann þak. Sumarið 1928 var síðan samið við Guðmann Hjálmarsson (1900-1973), trésmið í Ytra-Tungukoti, um byggingu efri hæðar hússins skv. uppdrætti Ari Erlendssonar (1879-1934), trésmiðameistara á Móbergi í Langa-dal.⁸³²

Frá byggingu hússins og notkun þess sagði Bjarni Jónasson í Blöndudalshólum í endurminningabók sinni, *Vorþeyr og vébönd*, með svofelldum hætti:

⁸²⁸ *Húnavaka* 51. árg. 2011, s. 123.


⁸²⁹ Magnús Björnsson á Syðra-Hóli (1959), s. 61.

⁸³⁰ Ingi Heiðmar Jónsson (2006), s. 46-48 og 54-56.

⁸³¹ Skv. *Fornleifaskráningu Húnavatnshrepps II*, s. 20, stóð þar smiða á svonefndum Smiðjuhól.

⁸³² Ingi Heiðmar Jónsson (2006), s. 66-122; *Húnavaka* 11. árg. 1971, s. 27; Klemenz Guðmundsson (2003), s. 128; Magnús Björnsson á Syðra-Hóli (1959), s. 62-63.

Var í fyrstu byggður kjallari 8 × 11 álnir að grunnfleti og mun hann hafa verið steypdur upp og sett þak á til bráðabirgða á árunum 1922-24. Var kjallari þessi notaður til funda- og samkomuhalds næstu árin. Síðan var byggð járnklædd timburhæð ofan á kjallarann, og var það samkomusalur með litlu leiksviði í öðrum enda. Í kjallaranum var komið fyrir litlu eld-húsi og einu herbergi, sem notað var til fundarhalda og kaffisölu, þar var einnig bókasafn hreppsins til húsa. Var þetta litla hús samkomustaður Bólhlíðinga og miðstöð talsvert umfangsmikillar félagsstarfsemi þar til félagsheimilið Húnaver tók til starfa.⁸³³



Árið 1930 var húsinu þannig lýst: „Þinghús, eign hreppsins, úr timbri með steinsteypum kjallara, járnvörðu þaki og útveggjum, stærð 7,55 × 5,35 metrar. Nýbyggt.“ Árið 1939 var lýsingin þessi: „Úr timbri með steypum kjallara. Veggir og þak járnvarið. Stærð 200 m³. Viðbyggður skúr, steinsteypdur með járnþaki, 58 m³.“

Þinghúsið stóð nánast á bæjarhlaðinu í Bólstaðarhlíð, örskammt austan við gamla íbúðarhúsið. Það var í fullri notkun til ársins 1957, er nýja

félagsheimilið, *Húnaver*, var tekið í notkun. Ungmennafélag Bólstaðarhlíðarhrepps var stofnað 1935 og þá vaknaði fljótlega umræða um nauðsyn á stærra húsnæði til samkomuhalds í sveitinni. Varð þó ekki önnur breyting en sú, að á næstu árum stóð félagið að byggingu hesthúss úr torfi og grjóti austan við þinghúsið, eins og hér er nánar lýst:

Þegar ungmennafélagið var stofnað var húsakostur til samkomuhalds í sveitinni næsta ófullkominn. Þinghúsið í Bólstaðarhlíð var lítið og víðs fjarri að svara þeim kröfum, sem sýnt var að framtíðin mundi gera til slíkra bygginga. Voru á þeim árum uppi í sveitinni ýmsar ráðagerðir um stækkun hússins og breytingar. En aðrir vildu byggja nýtt hús og voru ungmennafélagar yfirleitt í þeim flokki. Varð þetta mál fljótt ofarlega á baugi hjá félaginu, en löng bið varð á raunhæfum aðgerðum. Á sínum fyrstu árum byggði félagið hesthús austan við þinghúsið í Bólstaðarhlíð og afhenti sveitinni að gjöf, svo að menn gætu hýst hesta sína, er þeir kæmu til mannfunda. Var þetta töluvert átak af ungu félagi með lítinn sjóð, þó að breyttir tímar hafi gert þessa framkvæmd lítills virði.⁸³⁴

Félagsheimilið *Húnaver* var vígt af séra Birgi Snæbjörnssyni sunnudaginn 7. júlí 1957, en bygging þess hafði þá staðið yfir frá vorinu 1952. Gamla þing- og samkomuhúsið stóð þá enn á hlaðinu í Bólstaðarhlíð, „lítið hús, kjallari og ein hæð“, sem þá hafði þjónað hlutverki sínu í röska þrjá áratugi sem samkomustaður sveitarinnar.⁸³⁵ Þegar 50 ára vígsluárs Húnavers var fagnað árið 2007, minntist Sigríður Ólafsdóttir í Ártúnum gamla þinghússins með þessum orðum:

Þeir sem muna enn gamla þinghúsið í Bólstaðarhlíð sjá það ef til vill svolítið í ljósrauðu ljósi þótt það hétéi þessu virðulega nafni Þinghús, þá voru þar örugglega oft haldin böll og aðrar skemmtisamkomur. Geymst hafa frásagnir af ýmsum menningarlegum viðburðum svo sem kórsöng stærri kóra sem voru á ferð um landið og einsöngvurum sem komu við og skemmtu. Má þar nefna Pétur Jónsson óperusöngv-ara, Stefán Íslandi o. fl. Þó að húsið væri ekki stærra í sniðum mun það hafa nýst til þess sem var í gangi hverju sinni. Kirkjuorgelið var eina hljóðfærið sem tiltækt var og varð að færast á milli eftir þörfum.⁸³⁶

Eftir tilkomu Húnavers var hlutverki þinghússins lokið sem samkomustaðar sveitarinnar. Fljótlega mun Ævar Klemenzson í Bólstaðarhlíð hafa keypt húsið, en það var rífið 1960.⁸³⁷

⁸³³ *Vorþeyr og vébönd*, s. 62.

⁸³⁴ *Húnavaka* 8. árg. 1968, s. 114.

⁸³⁵ *Tíminn* 12. júlí 1957, s. 7;

⁸³⁶ *Húnavaka* 47. árg. 2007, s. 58-59.

⁸³⁷ Schweizer, Bruno (2003 III), s. 207.

3.5.8 Bólstaðarhlíðarkirkja

Jörðin Bólstaðarhlíð hefur verið í bændaeign frá öndverðu og líklega kirkjustaður frá því í árdögum kristni á Íslandi. Þar getur þó fyrst guðshúss í Auðunarmáldaga frá um 1318 og var kirkjan helguð Mikjál erkiengli í kaþólskum sið. Eftir siðbreytinguna á 16. öld mun Bólstaðarhlíð þó sjaldnast hafa



verið prestssetur nema á árunum 1784 til 1825, er séra Björn Jónsson sat ættaróðal sitt, en kirkjunni var að öðru leyti þjónað sem annexú frá Bergsstöðum til ársins 1921, meðan þar var prestssetur.⁸³⁸


Bólstaðarhlíð og Bólstaðarhlíðarkirkja nokkru fyrir 1950. (Myndin er trúlega tekin af Páli Jónssyni. Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 690).

Klemenx Klemenxson (1795-1883) kirkjubóndi var ágætur smiður og byggði nýja torfkirkju í Bólstaðarhlíð árið 1831 ásamt nágranna sínum, Jónasi Einarssyni á Gili (1800-

1859). Kirkjan var stórt hús í átta stafgólfum og 15 álnir að lengd, öll máluð að innan og rúmaði 120 manns í sæti. Sagt er að „stoðir úr Bergsstaðakirkju, sem byggð var á 14. öld, hafi verið notaðar í kirkjuna og hafi þær verið svo sterkar og gildar að Klemens smiður hafi talið hverja þeirra fullgilda í fjórar stoðir í kirkjunni sem hann byggði“. Árið 1841 var kirkjan sögð ein sú fegursta og snotrasta í sýslunni.⁸³⁹

Lýsing kirkjunnar

Sumarið 1888 var ráðist í byggingu nýrrar kirkju úr timbri. Henni var valinn staður utan kirkjugarðs, á



sléttri grundu suðaustur af bænum, og gamla kirkjan látin standa óhreyfð á gamla kirkjustæðinu meðan á framkvæmdum stóð. Áratug síðar var nýr grafreit gerður umhverfis nýju kirkjuna. Til að annast smíði hennar réð Guðmundur Klemenxson kirkjubóndi Þorstein Sigurðsson (1859-1921), trésmíðameistara á Sauðárkróki, sem fimm árum fyrr hafði stjórnað smíði Bergsstaðakirkju. Tveir aðrir smiðir unnu með honum að smíði nýju kirkjunnar, Eiríkur Jónsson í Djúpadal og Sigurjón Jónsson frá Hóli í Sæmundarhlíð. Var smíðinni lokið seint á árinu og kirkjan vígð fyrsta sunnudag í jólaföstu 1888.⁸⁴⁰

Framstafn Bólstaðarhlíðarkirkju í mkv. 1:100, mælt og teiknað af arkitektanemum undir stjórn Pouls Nedergaards Jensen. (Kirkjur Íslands VIII, s. 111).


Kirkjan er timburhús á steinsteyptum sökkli, sem steypur var undir hana 1974 í stað grjóthlaðins grunnmúrs. Framkirkjan er 7,62 m að lengd og 6,37 m á breidd, en kór undir minna formi eða 3,09 að lengd og 3,31 m á breidd. Þök eru krossreist, en við vesturstafn er stöpull, sem nær upp fyrir mæni kirkjunnar, og á

⁸³⁸ *Kirkjur Íslands VIII*, s. 107; Sveinn Níelsson (1950), s. 233-234.

⁸³⁹ *Kirkjur Íslands VIII*, s. 107-109.

⁸⁴⁰ *Húnaþing I*, s. 123-124; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 108-111; *Vorþeyr og vébönd*, s. 135-136.

honum áttstrent þak. Á því er áttstrendur turn, 2,22 á lengd og 2,30 m á breidd, með lágu áttstrendu þaki. Tveir gluggar eru á hvorri hlið framkirkju, einn á hvorri hlið kórs og einn á framhlið stöpsuls, allir með krosspóstum og fjórum rúðum. Á stöpli er enn fremur gluggi undir þakskeggi á þremur hliðum og



hljómpop með hlera fyrir á fjórum turnhliðum. Kirkjan er klædd utan með listabili, þök framkirkju og kórs með bárujárni og turnþök með sléttjárni. Upphaflega voru þökin pappklædd timbursúð, en járn sett á framkirkju og kór 1910 og á turninn 1933.⁸⁴¹

Grunnmynd og langskurður í mkv. 1:100, mælt og teiknað arkitektanemum undir stjórn Pouls Nedergaards Jensen. (Kirkjur Íslands VIII, s. 110.)



Kirkjan og gamla timburíbúðarhúsið fyrir miðja síðustu öld. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Að innri gerð skiptist kirkjan í forkirkju í stöpli, framkirkju með setulofti og kór undir minna formi. Stjörnum prýddar hvelvingar eru yfir kór og framkirkju og veggir klæddir strikuðum og breiðum panelborðum. Úr forkirkju liggur stigi upp á stöpuloft og þaðan er gengið inn á setuloftið. Kirkjan heldur í meginatriðum upp-



haflegri gerð, en í *Kirkjum Íslands VIII* er gefin nánari lýsing á innri og ytri gerð hennar, ásamt teikningum og viðgerðarsögu. Þess má geta, að kirkjan var í bændaeign til 1942, en þá tók söfnuðurinn við henni „með því skilyrði frá gefandans hálfu, að kirkjan yrði ekki flutt frá Bólstaðarhlíð og söfnuðurinn léti sér annt um hag hennar og viðhald“.⁸⁴²

Horft inn framkirkju og kór. (Ljósmynd. Guðmundur Ingólfsson. Ímynd. Kirkjur Íslands VIII, s. 117.)

⁸⁴¹ *Húnaþing I*, s. 124; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 110-116; *Vorþeyr og vébönd*, s. 135-136; www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/566.

⁸⁴² *Húnaþing I*, s. 123; www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/566.



Bólstaðarhlíðarkirkja sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Líndal.)

Bólstaðarhlíðarkirkja – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1888	
Fyrstu eigendur:	Klemenz Guðmundsson og Elísabet Magnúsdóttir	Upphafleg notkun: Sóknarkirkja
Hönnuður:	Þorsteinn Sigurðsson	Núverandi notkun: Sóknarkirkja
Yfirsmiður:	Þorsteinn Sigurðsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Tímbur	Óbreytt	Kirkjan er klædd utan með listabíli.
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	Krossreist mænisþök eru á kirkju og kór, en áttstrend þök á stöpli og turni.
Þakklæðning:	Pappaklædd timbursúð	Bárujárn / slétt-járn	Turnþök eru klædd sléttu járn (frá 1933), en bárujárn hefur verið á þökum kórs og framkirkju frá 1910.
Sökkull:	Grjóthlaðinn	Steinsteyptur	Árið 1974 var steypur grunnur í stað grjóthlaðs grunnmúrs.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Turn kirkjunnar er byggður undir áhrifum gottnesks byggingarstíls og kór undir minna formi en framkirkja skv. rómanskri hefð, en kirkjan er að öðru leyti með nýklassísku sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Kirkjan er elst sex kirkna sömu gerðar, sem Þorsteinn Sigurðsson byggði um og fyrir aldamótin 1900 og enn standa, en þær skiptast allar í framkirkju, sérbyggðan kór og forkirkju í stöpli með áttstrendum turni yfir.
Umhverfisgildi:	Hátt	Kirkjan sómir sér prýðilega á sléttri grund með hávöxnum trjám og umgirtum grafreit.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Kirkjan er í meginatriðum í upprunalegri gerð og ásýnd, nema þakklæðning er önnur en í upphafi og steinsteyptur sökkull kominn í stað grjóthlaðs.
Tæknilegt ástand:	Gott	Kirkjan er í góðu ásigkomulagi eftir miklar endurbætur sem gerðar voru á henni á árabílinu 1974-2004.
Varðveislugildi:	Hátt	Kirkjan hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og síðan friðlýst 31. desember 2012 skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3.5.9 Gil í Svartárdal

Staðhættir og saga

Jörðin dregur nafn sitt af miklu og djúpu klettagili í hlíðinni ofan við bæinn, sem stendur austan Svartár og Svartárdalsvegar. Land jarðarinnar nær langt upp á hálsinn og eru þar bæði fjárhús og tún ofan brúna, en gegnt bænum og vestan Svartár rís veggbratt Skeggsstaðafjall (467 m).⁸⁴³



Túnakort Gils 1920. Sigfús Eyjólfsson. Bæjarhúsin eru syðst í túninu.

Á fyrri hluta 19. aldar bjó á Gili Jónas Einarsson (1800-1859) hreppstjóri, sem lét byggja þar torfbæ á árunum 1825-1830,⁸⁴⁴ en timburstofa bæjarins stóð allt til ársins 1963 (sjá síðar). Stofuna smíðaði Klemenz Klemenzson (1795-1883), bóndi og smiður í Bólstaðarhlíð. Líklega vann Jónas með honum að smíðinni, því að þeir stóðu saman að byggingu ýmissa húsa, þ.á m. kirknanna í Bólstaðarhlíð og á Holta-stöðum.

Árið 1908 keyptu jörðina hjónin Sigurjón Helgason (1867-1952) og Sigrún Tobíasdóttir (1877-1964), sem bjuggu á Gili til 1922.⁸⁴⁵ Næstu ábúendur voru Elísabet Guðmundsdóttir (1884-1969) og Stefán Sigurðsson (1879-1971) frá 1922 til 1954. Í sambýli við þau frá 1932 til 1942 voru Ingibjörg (1907-1997), dóttir þeirra og ljósmóðir, og Þorsteinn Jónsson (1904-1958), síðar sýsluskrifari á Blönduósi,⁸⁴⁶ en frá 1945 til 1954 hjónin Björn Jónsson (1904-1991) og Sigprúður Friðriksdóttir (1903-2002). Þau bjuggu síðan á Gili til starfsloka og í



sambýli við Friðrik (1928-2007) son sinn og Erlu Hafsteinsdóttur (1939-2018), sem keyptu jörðina 1954 og bjuggu þar til æviloka.⁸⁴⁷ Jörðin hefur verið í eyði frá 2018. Hún er í eigu barna Friðriks og Erlu og nytjuð af tveimur þeirra, Sigprúði og Birni Grétari.⁸⁴⁸

Þrjár af fjórum burstum gamla Gilsbæjarins. Lengst til vinstri var skáli, þá bæjardyr og næst stofuhús, sem byggt var 1825-1830. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 voru bæjarhús á Gili með 4 heilpiljum og einu hálfpili. Elsti hluti bæjarins voru þau hús, sem byggð voru á árunum 1825-1830 af Jónasi Einarssyni bónda og Klemenz Klemenzsyni í Bólstaðarhlíð, eins og áður getur. Meðal þeirra var timburstofa með fágætri innréttingu, sem þótti „listasmíð“ og bera „vott um mikinn hagleik“.⁸⁴⁹

⁸⁴³ *Húnaþing II*, s. 187; Jón Torfason (2007), s. 137.

⁸⁴⁴ Sjá m.a. *Morgunblaðið* 26. mars 1963, s. 24. Á öðrum stað segir, að timburstofan hafi verið byggð „laust eftir 1800“, sbr. *Húnavaka* 5. árg. 1965, s. 28, og verið „170 ára gömul“, þegar hún brann 1963, sbr. *Þjóðviljinn* 26. mars 1963, s. 1. Hvorugt fær staðist miðað við fæðingarár Klemenzar og Jónasar.

⁸⁴⁵ *Morgunblaðið* 30. maí 1942, s. 7, og 1. mars 1952, s. 11.

⁸⁴⁶ *Húnavaka* 5. árg. 1965, s. 17-29, 10. árg. 1970, s. 177-178; 12. árg. 1972, s. 142-143; *Tíminn* 6. ágúst 1958, s. 3 og 8; Schweizer, Bruno (2003 III), s. 217.


⁸⁴⁷ *Húnavaka* 32. árg. 1992, s. 216-218, 43. árg. 2003, s. 163-164; 48. árg. 2008, s. 149-150.

⁸⁴⁸ *Heim*. Sigprúður Friðriksdóttir 10. mars 2019.

⁸⁴⁹ *Morgunblaðið* 26. mars 1963, s. 24; *Þjóðviljinn* 26. mars 1963, s. 1; *Húnavaka* 5. árg. 1965, s. 28.

Í fasteignamati 1916/18 sagði aðeins þetta um bæjarhúsin: „Gamall torfbær, all-mikið hús og að mestu vel stæðilegt.“ Enn fátæklegri var umsögnin 1930, en 1939 var gömlu bæjarhúsunum þannig lýst: „Stofa, gömul með lofti og timburstafni, alþiljuð, 30 m³. Eldavélarhús 4,5 × 3 × 2,2 m = 30 m³, alþiljað, skúrris, járn undir torfi á þaki [á öllum húsum]. Eldhús (hlóðahús), torfveggir og þak. Skáli, torfhús með lofti og þili. Smiðja, toppreist með þili, 18 m³. Mókofi, torfhús.“⁸⁵⁰ Hængur Þorsteinsson tann-læknir, sem ólst upp á Gili til ársins 1945, lýsti húsakosti á uppvaxtarárum sínum með þessum hætti:

Fjögurra bursta torfbær, timburburstir, timburþiljur og timburgólf í vistarverum svo sem tíðkaðist. Elsti hluti bæjarins var byggður kringum 1830. Bærinn stóð þétt upp við fjallsrætur, rétt vestan við Gilslækinn á hól eða framburði úr læknum. Austan við bæinn var fjós og sambyggð hlaða en austast á lækjarbakk-anum var smiðja og aftan við hana áfast mylluhús. Beint neðan undan fjósinu voru fjárhús og sambyggð hlaða. [...] Griparétt var fyrir austan læk við kartöflugarðinn. [...] Gamli bærinn brann 1963. Var bæjarstæðið þá flutt og núverandi íbúðarhús reist niðri við veg.⁸⁵¹



Grunteikning af bæjarhúsum á Gili, gerð af Bruno Schweizer 1935. (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 222.)



Bæjar- og útihús á Gili 1935, séð úr hlíðinni fyrir ofan bæinn. Gilslækurinn rennur sunnan við húsin. (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 223.)


Íbúðarhús – hesthús

Árið 1939 stóð yfir bygging á steinhúsi á Gili í stað torfbaðstofunnar, sem var austust í röð þeirra fjögurra húsa, er sneru burstum að hlaði. Húsið varð þó ekki fullgert á því ári, þótt flutt væri í það.

⁸⁵⁰ Þí. Fasteignamat 1942.

⁸⁵¹ Schweizer, Bruno (2003 III, s. 223.) Áttavísanir í þessari frásögn eru ekki réttar, því að Gilslækurinn rennur austur-vestur og ekki norður-suður. Heim. Sigprúður Friðriksdóttir 10. mars 2019.

Fyrir byggingu þess stóðu hjónin Stefán Sigurðsson og Elísabet Guðmundsdóttir ásamt dóttur sinni og tengdasyni, en sjálfur fékkst Stefán við húsasmíðar og mun því hafa byggt húsið skv. uppdrætti frá Teiknistofu landbúnaðarins. Því var þannig lýst í fasteignamati 1939: „Íbúðarhús úr steinsteypu, ekki fullgert. Útveggir tvöfaldir með torfstoppi, þak timbursúð, pappi og járn. Ein hæð og lítið ris, enginn kjallari. Á hæðinni eru 3 herbergi, skilrúm, steipt, gólf og loft úr timbri. Loft ekki nothæft. Stærð 9,8 × 4,5 m, vegg hæð 2,5 m, rishæð 1 m. Tveir miðstöðvarofnar hitaðir frá eldavél.“



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að því steinsteyppta húsi, sem byggt var við gömlu bæjarhúsin 1939. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/12, nr. 520.)



Gamli burstabærinn á Gili, sem byggður var af Klemenz Klemenzsyni í Bólstaðarhlíð á árunum 1825-1830, eða a.m.k. timburstofan. Hún er þriðja burstin frá vinstri, næst steinhúsinu, sem byggt var 1939 í grunnstæði baðstofunnar, sem þar stóð áður. Öll bæjarhúsin brundu 24. mars 1963. (Ljós. Thorvald Imsland. Morgunblaðið 27. mars 1963, s. 23.)

Samkv. virðingargjörð frá 1. okt. 1954 var steinhúsið „byggt við gamlan timbur- og torfbæ, sem er eldhús með kjallara undir, stofa með lofti yfir og gangur, hlóðareldhús og geymsla“. Húsið var 4,80 × 10,50 m að stærð með járnklæddu timburþaki og kjallaraust. Undir loft á aðalhæð voru 2,35 m, frá jörð upp á gólf aðalhæðar 0,40 m og rishæðin 1,20 m. Útveggir voru „tvöfaldur steinn með torfi á milli“, 12 sm á þykkt með 20 sm tróði, skilrúmsveggir og gólf úr timbri. Í risi var „lítilsháttar geymsla“ og á stofuhæð þrjú herbergi.⁸⁵²

Sunnudagskvöldið 24. mars 1963 kom upp eldur í gamla bænum og brann hann til kaldra kola ásamt steinhúsinu og nánast öllu innbúi heimilisfólks á tæpri klukkustund. Frásagnir af eldsvoðanum birtust í dagblöðum og sagði þannig frá atburðinum í *Þjóðviljanum*:

Heimilisfólkið var að hlusta á útvarpsþáttinn „Sitt af hverju tagi“ og skrapp önnur konan fram, bætti á eldavélina og ætlað að skerpa á könnunni. Skildi hún eftir ljós í eldhúsinu. Eftir fimmtán mínútur var eldhúsið orðið alelda og tókst ekki að ráða við eldinn og brann bærinn á tiltölulega skömmum tíma. Petta

⁸⁵² Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/88.

var gamall bær og stóð til að endurbyggja bæjarhúsin í sumar, en hafði ekki orðið af framkvæmdum. Í húsinu var merkileg og gömul stofa og var orðin 170 ára gömul og þótti innréttingin fágæt.⁸⁵³

Í *Morgunblaðinu* sagði ennfremur: „Þetta var gamall torfbær og stofuröð úr steini byggð við hann. [...] Elzti hluti gamla bæjarins var stofa, sem Klemenz Klemenzson, bóndi í Bólstaðarhlíð, byggði á árunum 1825-1830. Þetta mun hafa verið elzta uppistandandi hús hér í sýslu. Stóð hún [stofan] óhöggð og var listasmíð.“⁸⁵⁴ Og í *Tímanum* var bæjarhúsum þannig lýst: „Á Gili var gamall bursta-bær, en steinsteypt álma með þremur herbergjum framan við.“⁸⁵⁵ Þá um sumarið (1963) hófu ábú-endur, Friðrik og Erla, byggingu nýs íbúðarhúss úr steinsteypu og fluttu í það árið eftir. Húsinu var valinn staður allnokkuð niður af gamla bæjarstæðinu, fast austan við Þjóðveginn.



Vestan við Gíslækinn standa steinsteypt hesthús á gamla bæjarstæðinu og rafstöðvarhús nokkru neðar á lækjarbakkanum. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Árið 1930 voru tvö steinsteypt útihús á Gili, þ.e. *haughús* (31 m³) og *safnfor* (9,5 m³), en árið 1939 voru húsin þessi, auk nýja íbúðarhússins, sem þá var í byggingu: „Fjós fyrir 5 kýr, veggir steiptir og grjóthlaðnir, sjálfbrynning. *Haughús* 40 m³ steinsteypt með járnþaki. *Safnþró* 9,5 m³, alsteypt. *Vot-heyshlaða* 15,3 m³, steinsteypt. *Rafstöðvarhús* 10,5 m³, steinsteypt með járnþaki.“ Rafstöðin verður nefnd hér á eftir, en einnig má geta þess, að kornmylla eða kvarnhús var við bæjarlækinn, áföst smiðjunni. Hún var í notkun einhver ár fram yfir 1940. „Bæjarlækurinn knúði mylluna. Var lítið uppi-stöðulón fyrir ofan mylluhúsið og tréstockur úr því að mylluhjólinu, sem var lárétt.“⁸⁵⁶

Öll áður nefnd hús eru nú horfin nema rafstöðvarhúsið og íbúðarhúsið frá 1939, en það þjónar nú sem *hesthús*. Var það byggt upp árið 1989 úr steintóftinni, sem stóð af sér húsbrunnann 1963, af Friðriki Björnssyni bónda. Það er 43,6 m² að gólfleti samkv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 og stendur á gamla bæjarstæðinu, vestan við Gíslækinn.



Steinsteypt hesthús á gamla bæjarstæðinu var byggt upp úr íbúðarhúsinu, sem byggt var 1939 og brann 1963. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

⁸⁵³ *Þjóðviljinn* 26. mars 1963, s. 1.

⁸⁵⁴ *Morgunblaðið* 26. mars 1963, s. 24.

⁸⁵⁵ *Tíminn* 26. mars 1963, s. 15.

⁸⁵⁶ Schweizer, Bruno (2003 III), s. 225.

Íbúðarhús / hesthús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1939 / 1989	
Fyrstu eigendur:	Stefán Sigurðsson og Elísabet Guðmundsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Hesthús
Yfirsmiður:	Stefán Sigurðsson	
Endurbygging:	1989	
Smiður:	Friðrik Björnsson	Húsið var endurbyggt sem hesthús.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft Stærð Reykháfur	Óbreytt Óbreytt Horfinn	4,80 × 10,5 m / 143,6 m ² .
	Gluggar	Breyttir	Upphaflegir gluggar eyðilögðust í húsbruna 1963.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Einfalt og sérkennalaust steinsteypuhús með mænisþaki.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Húsið var upphaflega byggt sem íbúðarhús, en síðar endurbyggt 1989 sem hesthús eftir bruna 1963.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Húsið stendur á gamla bæjarstæðinu og nýtur sín vel.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er nýtt sem hesthús, en heldur þó að miklu leyti upprunalegu sniði.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu ástandi og vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlung	Hefur nokkurt varðveislugildi vegna sögu sinnar.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins, enda eru varðveittar upprunalegar teikningar að því.



Rafstöðvarhúsið við Gilslækinn 9. október 2018. (Ljós. Páll J. Lindal / Gunnlaugur Haraldsson.)

Rafstöðvarhús

Stefán Sigurðsson hóf byggingu heimilisrafstöðvar á Gili sumarið 1933, eins og kom fram í bréfi Elísabetar konu hans 6. júlí það ár. Þar sagði hún, að nú sé „búið að steypa þessa fyrirhleðslu í lækinn og byrjað lítið eitt á húsinu“.⁸⁵⁷ Þessari framkvæmd afa síns lýsti Hængur Þorsteinsson þannig:

1933 réðst hann í að byggja heimilisrafstöð og var bæjarlækurinn stíflaður í því skyni. Var rafstöðin fullbúin 1934 og sá Stefán Runólfsson (1903-1961) frá Hólmi um uppsetninguna. Var þessa 220V jafnstraumsrafall knúinn vatnstúrbínu sem var íslensk smíði, líklega frá Bjarna í Hólmi, bróður Stefáns. Á ýmsu gekk með reksturinn. Fyrsta stíflan var gerð úr torfi og grjóti en hún stóðst ekki vorleysingarnar en í þeim gat lækurinn vaxið ótrúlega. Var þá gerð steinsteypt stífla, sem stóð flest af sér. En mikil vinna var

⁸⁵⁷ Ingi Heiðmar Jónsson (2009), s. 50.

að halda stöðinni gangandi. Stíflulónið vildi fyllast af grjóti og mól, sérstaklega á vorin, og þurfti því reglulega að moka úr því. Á veturnum sótti klaki og krap að inntaksristinni og þurfi því oft að hlaupa upp að stíflunni, sem var um 200 m fyrir ofan bæinn, og kraka úr ristinni eins og það var kallað. Rafmagnið nægði upphaflega aðeins fyrir ljósum en seinna var fjárfest í stærri túrbínu og dínamó eins og rafallinn var þá kallaður. Var þá farið að elda með rafmagni. Eftir að rafstöðin kom annaðist afi minn árum saman hleðslu á rafgeymum fyrir útvarpstækin á næstu bæjum.⁸⁵⁸



Rafstöðvarhúsið stendur enn á bakka Gilslægjar, nokkurn spöl neðan við gamla bæjarstæðið. Húsið er steinsteypt með einhalla þaki og dyrum og litlum glugga á norðurgafli. Það er 2,66 m að lengd og 2,14 m á breidd, en vegg hæð 2,0 m og 1,75 m á þeirri hlið, sem snýr að fjalli. Húsið er skráð *geymsla* í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018, 5,5 m² að gólfleti. Eins er það talið byggt árið 1938, sem er bersýnilega rangt miðað við frásögnina hér að framan.

Rafstöðvarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1933-1934
 Fyrsti eigandi: Stefán Sigurðsson
 Hönnuður: Stefán Runólfsson
 Yfirmsiður: Stefán Runólfsson

Upphafleg notkun: Rafstöðvarhús
 Núverandi notkun: Stendur autt og ónotað.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Einhalla þak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Stærð			2,66 × 2,14 m / 5,5 m ² .

Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Lítið og látlaust steinsteyptuhús með mænispaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er eitt fárra rafstöðvarhúsa, sem ennþá standa í hreppnum.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur stakt og fellur vel að grónu umhverfi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið gildi í menningarsögulegu tilliti.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, en auk þess leitað leiða til að varðveita það til frambúðar.

⁸⁵⁸ Schweizer, Bruno (2003 III), s. 227.

3.5.10 Skeggsstaðir

Staðhættir og saga

Skeggsstaðir eru nyrsta jörð í Svartárdal vestan Svartár. Eldra bæjarstæðið var undir brekkurótum, efst í gamla heimatúninu á syðri bakka Skeggsstaðalækjar, sem rennur fram í Svartagili ofan úr Skeggsstaðaskarði (Kílaskarði), er liggur milli Tunguhnjúks (530 m) og Kílafells (478 m). Skarðið er




grasi gróinn slakki og um hann er greið leið yfir að Brúarhlíð í Blöndudal. Norðvestur af bænum gnæfir Skeggsstaðafjall (467 m), en vegna hæðar þess sér ekki til sólar á þessum slóðum í mesta skammdeginu. Gegnt bænum austan Svartár stóð bærinn Fjósar, sem nú er horfinn. Brú er á ánni nærri núverandi bæjarstæði Skeggsstaða, en á ofanverðri 19. öld var komið fyrir kláfferju milli bæjarins og Eiríksstaðakots (nú Brattahlíð). eru ennþá sýnilegar leifar hennar vestan árinna. Fyrir á tíð var bænhús eða hálfkirkja á Skeggsstöðum, sem stóð á litlum hól við bæjarlækinn, fyrir utan og neðan bæinn, þar sem komið hafa fram mannabein í lækjarbakkanum.⁸⁵⁹

Túnakort Skeggsstaða 1920. Sigfús Eyjólfsson.



Skeggsstaðir séðir úr suðvestri sumarið 1935. Bærinn Fjósar stendur handan ár til vinstri. (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 235.)



Grunnteikning af bæjarhúsum á Skeggsstöðum, gerð af Bruno Schweizer 1935. (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 235.)

Árið 1898 keyptu Skeggsstaði hjónin Sigvaldi Björnsson (1858-1947) og Hólmfríður Björnsdóttir (1862-1926), sem bjuggu þar frá 1900 til 1933, er þau létu jörðina af hendi við Kristínu (1900-1976) dóttur sína og Sigurð Þorfinnsson (1891-1966). Þau bjuggu á Skeggsstöðum til 1966, en frá 1954 í sambýli við Pétur (1933-2000) son sinn, sem bjó og átti heimili þar til æviloka.⁸⁶⁰ – Frá 1979 hafa einnig búið á jörð-

⁸⁵⁹ Húnaþing II, s. 189; Húnavaka 9. árg. 1969, s. 115; Jón Torfason (2007), s. 138.

⁸⁶⁰ Húnavaka 17. árg. 1977, s. 176-178, 41. árg. 2001, s. 172-173; Húnaþing II, s. 189; Tíminn 13. des. 1947, s. 3 og 6; 11. nóv. 1961, s. 6.

inni Hrafn Þórisson (1943-) og Valgerður Jóna Sigurðardóttir (1943-), sem byggðu nýtt íbúðarhús sama ár, allnokkru norðan við gamla bæjarstæðið.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn með fjórum heilpiljum og einu hálpili og í fasteignamati 1916/18 voru bæjarhúsin sögð „úr torfi og timbri, töluvert mikil hús, öll gömul, en flest all-vel stæðileg“. Árið 1939 var ennþá búið í torfbænum, en aukið hafði verið við hann nýju baðstofuhúsi um 1933. Húsum torfbæjarins var annars þannig lýst: „*Baðstofa*, stærð $7 \times 3,5$ m, meðalhæð 1,9 m = 46 m³. Torfveggir, þak timbursúð og torf, alþiljað með einu skilrúmi, nokkuð biluð (sigin niður til hliðanna). *Baðstofuhús*, torfveggir, þak skarsúð og torf, timburhlið ofan fyrir glugga, um 6 ára gamalt = 38 m³. *Búr*, þiljað að



nokkru, gamalt og lélegt = 25 m³. *Eldhús* (hlóðahús) gamalt = 30 m³. *Bæjardyr* og *göng* með 1 skilrúmi og timburstafni, óþiljað, stærð 41 m³. *Skáli*, gamalt torfhús með þilstafni, 36 m³. *Skemma*, gamalt torfhús með þilstafni, 40 m³.

Íbúðarhúsið á Skeggsstöðum um 1977. Eldri hluti þess er háreista húsið til vinstri, sem snýr stafni að hlaði, en til hægri er yngri hlutinn frá 1948. (Ljósm. Húnaþing III, s. 189.)



Árið 1939 hafði Sigurður Þorfinnsson „nýlega“ byggt viðbyggingu úr timbri við eldri baðstofuna og var þeirri viðbót þannig lýst: „Hús, nýlega byggt, $7 \times 3,7$ m, veggghæð 2,2 m, rishæð 1,8 m = 80 m³. Timburstafn og hlið ofan fyrir glugga, járnklætt með pappa undir, þak borðasúð að nokkru, að nokkru járn, torf yfir. Skipt í stofu og eldavélarhús, loft yfir stofu tvöfalt, tvöfaldir timburveggir stoppaðir með torfi, gólf einfalt. Kjallari undir stofu, grjóthlaðinn = 24 m³.“

Efri mynd: Horft heim að Skeggsstöðum frá eystri bakka Svartár. (Ljósm. Unnar Agnarsson. Lesbók Morgunblaðsins 18. mars 2000, s. 13.) Neðri mynd: Gamla bæjarstæðið er nú gróin grasflöt með nokkrum reynitrjám. (Ljósm. Gunnlaugur Haraldsson, 9. október 2018.)



Óþekkt er hversu lengi framangreind torfhús stóðu, en sennilega lifði timburhúsið áfram sem hluti íbúðarhússins allt til búsetuloka, ásamt þeirri viðbót, sem byggð var árið 1948.

Um 1977 var húsið sagt byggt úr blönduðu efni og heildarstærð þess talin 224 m³. Síðast var búið í húsinu árið 1979 og það rifið til grunna um 2010. Gamla bæjarstæðið er nú gróin grasflöt, en sunnan við hana stendur ennþá eitt þeirra vöxtulegu reynitrjáa, sem fyrrum prýddu trjálundinn við húsið.

Fjánhús og hlaða

Árið 1939 voru fern fjánhús á jörðinni, en ekki getið um byggingarefni tveggja þeirra. Eitt fjánhúsið var fyrir 70 fjár með steypu baðkari, annað fyrir 30 fjár og síðan tvö (trúlega samstæð) „gömul torfhús, frekar léleg“. Þá var á jörðinni þurrheshlaða (198 m³) með torfveggjum og járnþökum „að mestu“.

Samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 eru eftirtalin útihús uppistandandi á jörðinni: *Fjánhús* (237,2 m²) frá 1925 og *hlaða* (112,1 m²) frá 1945, en þau byggingarár standast þó ekki sbr. það sem síðar segir. Húsin standa í túninu, beint niður af gamla bæjarstæðinu, og snúa stöfnum í suður-norður. Húsin eru steinsteyppt og lágreist með einhalla og bárujárnsklæddum þökum, en við suðurenda fjárhússins er gömul viðbygging úr timbri og bárujárni, sem nemur nærri þriðjung af heildarlengd hússins. Þakjárnið reif Hrafn Þórisson af hlöðunni um 1980, er hann notaði hana sem votheysgryfju, en húsin hafa staðið ónotuð í áratugi.⁸⁶¹

Ofannefnd húsu eru hin sömu, þ.e. fjárhús og hlaða, og lýst var í virðingargjörð frá 18. október 1956 og bæði sögð byggð 1954-1955. Fjánhúsin voru talin hýsa 140 fjár og voru 8,50 m á lengd og 14,50 m á breidd með 2,20 m vegghæð og 1 m þakhæð. Hlaðan var talin 240 m³ að stærð, 16 m á lengd og 4,50 m á breidd með 3,50 m vegghæð og 0,50 m þakhæð. Nánari lýsing á húsunum var þessi: „Fjánhúsin eru þrjú 50 kinda hús úr steinsteypu. Þaki hallar frá hlöðu og er á tveimur húsunum alklætt með timbri undir pappa og járni, en á þriðja húsinu er 5“ á milli langbanda og yfir pappi og járn. Hlaðan er úr steinsteypu að öllu leyti, en því að hún er byggð norðan við gamla torfhlöðu og er ósteyptur suðurstafrn hennar með fyrirhugaða lengingu fyrir augum. Á henni er járnþak.“⁸⁶²



Fjánhús og hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1954-1955
 Fyrstu eigendur: Sigurður Þorfinnsson og Kristín Sigvaldadóttir
 Hönnun/smíði: Sigurður Þorfinnsson (?)

Aldur húsanna er ranglega skráður í fasteignaskrá Þjóðskrár.

Upphafleg notkun: Fjánhús og hlaða.
 Núverandi notkun: Húsin hafa staðið ónotuð í áratugi.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Einhalla þak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Járnið var rifið af hlöðunni um 1980.

⁸⁶¹ Heim. Hrafn Þórisson 7. mars 2019.

⁸⁶² ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/252.


Varðveislumat

Listrænt gildi/byggingarlist:	Lágt	Húsin eru fremur óvenjuleg að gerð, en hafa ekkert listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin hafa einungis þjónað hlutverkum sínum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin standa stök og eru fremur berangursleg eftir niðurrif gamla bæjarins.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Það sem eftir stendur af húsunum heldur upprunalegu lagi.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsin eru illa farin vegna áralangs skorts á viðhaldi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsin hafa fremur takmarkað varðveislugildi.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð.

3.5.11 Brattahlíð

Staðhættir og saga

Næsti bær framan við eyðibýlið Fjósa í austanverðum Svartárdal er Brattahlíð, sem áður hét Eiríksstaðakot. Bærinn stendur á bökkum Svartár, fast austan við Þjóðveginn, en að húsabaki rís Eiríksstaðahöfði (457 m) í Svartárdalsfjalli, sem er afar hlíðabrátt.



Undir fjallsrótum og nyrst á landareigninni, á merkjum við Fjósa, er hyldjúp álagatjörn, Brattahlíðartjörn, sem í fyrndinni þótti mikið veiðivatn, og suðvestan við hana eru heimkynni huldufólks í melhól.⁸⁶³ Framan við bæinn eru leifar af gömlum kálgarði með glöggum garðhleðslum, sem sýndar eru á túna-korti frá 1920.

Túnakort Brattahlíðar 1920. Sigfús Eyjólfsson. Bærinn er vestast í túninu og kálgarður fyrir framan hann, fast við grjóthlaðinn túngarð.

Vorið 1903 fluttust að Eiríksstaðakoti hjónin Guðrún Sigurðardóttir (1855-1930) og Jónas Illugason (1865-1954). Þau eignuðust jörðina, sem þá var rýrðarkot og í mestu niðurníðslu. Jónas var „áhugasamur og mikilvirkur, bæði um húsagerð, túngræðslu, garðlag og garðyrkju [...] og breytti býli sínu úr koti í sæmilega bújörð og einnig nafni þess úr Eiríksstaðakoti í Brattahlíð. Þótti sú nafngift nýlunda, eins og fleira, sem hann hafðist að [...]“.⁸⁶⁴ Af því tilefni var ort: *Bær er nefndur Bratta-*

*hlíð, / byggt var þar upp slotið. / Áður hét það alla tíð / Eiríksstaðakotið.*⁸⁶⁵

Eftir lát Guðrúnar árið 1930 bjó Jónas í Brattahlíð til 1932.⁸⁶⁶ Síðustu eitt til tvö árin bjuggu í sambýli við hann hjónin Bjarnveig Jóhannsdóttir (1886-1987) og Guðmundur F. Jakobsson (1884-1959), sem keyptu jörðina stuttu síðar (trúlega 1936). Eftir lát hans bjó Bjarnveig áfram í Brattahlíð í skjóli Valtýs (1915-2011) sonar þeirra og Ingibjargar J. Baldvinsdóttur (1931-2013), sem tóku við jörðinni og bjuggu þar fram á síðari hluta árs 1978, er fjölskyldan fluttist að Eiríksstöðum.⁸⁶⁷ Síðan hefur Brattahlíð verið í eyði, en jörðin nýttuð frá Eiríksstöðum. Þar áttu Valtýr og Ingibjörg lögheimili til æviloka, en eigandi jarðarinnar er Lárus sonur þeirra, sem hefur þar sauðfé og hross.

Horfin bæjarhús

Bæjarhús í Brattahlíð voru að mestu óbreytt frá því um 1870 og fram yfir aldamótin, skv. úttektarbók- um hreppstjórans í Bólstaðarhlíðarhreppi.⁸⁶⁸ Húsin voru þessi: 1) Portbyggð *baðstofa* byggð um 1859, 6 × 5 álnir að stærð milli þilja, með alþiljaðri 4 álna langri stofu undir lofti og framstafni úr timbri. 2) *Búr* eða *búrhús* (5 × 3¼ al.) að norðanverðu innan við skála. 3) *Eldhús* (4½ × 4½ al.) með 2 strompum. 4) *Skáli* eða *kofi* inn af eldhúsi (5½ × 2¾ al.). 5) *Eldiviðarkofi* eða kofi móti baðstofudyrum (5¼ × 4 ál.). 6) Portbyggðar *bæjardyr* (dyraport) og *bæjargöng* til eldhúsdyra (6 × 3 ál.) með framgafla af timbri, hurð og glugga á porti. 7) *Skemma* (8¼ × 3¼ al.), sunnanvert við baðstofu með þilstafni að hlaði og

⁸⁶³ *Húnaþing* II, s. 190; Jón Torfason (2007), s. 138-140.

⁸⁶⁴ *Morgunblaðið* 7. ágúst 1954, s. 11, sbr. Magnús Björnsson á Syðra-Hóli (1959), s. 55-60 og 72-73.

⁸⁶⁵ Hjörleifur Stefánsson (2013), s. 116 og 270, en vísan er kennd Guðvarði Guðvarðarsyni, sem um það leyti var vinnumaður í Bólstaðarhlíð.

⁸⁶⁶ *Morgunblaðið* 7. ágúst 1954, s. 11; Magnús Björnsson á Syðra-Hóli (1959), s. 75.

⁸⁶⁷ *Morgunblaðið* 11. jan. 2012, s. 21; *Eyðibýli á Íslandi* VIII, s. 114; *Húnavaka* 28. árg. 1988, s. 207-208. Þar segir reyndar að Guðmundur og Bjarnveig hafi flust að Brattahlíð 1934 og verið fyrsta árið í sambýli við Jónas Illugason, sem var ennþá skráður eigandi jarðarinnar sumarið 1936, þegar úttekt var gerð á bæjarhúsum. Skv. Schweizer, Bruno (2003 III), s. 243, var búið í bænum til 1979.

⁸⁶⁸ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Bólstaðarhlíðarhrepps 1870-1902. Á því árabili voru gerðar 9 úttektir á bæjarhúsum, þ.e. árin 1872, 1876, 1880, 1885, 1888, 1889, 1890, 1896 og 1898.

hurð á járnum. 8) *Fjós* yfir 4 nautgripi. Ekki verður ráðið í húsaskipan að öðru leyti eða innbyrðis afstöðu einstakra húsa, enda voru nokkur þeirra rifin við byggingu nýs íbúðarhúss í aldarbyrjun.



Íbúðar- og útihús í Brattahlíð á fyrri hluta síðustu aldar. Til vinstri við framhúsið eru smiðja og skemma nyrst. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús – framhús

Á árunum 1904-1905⁸⁶⁹ byggði Jónas Illugason bóndi nýtt íbúðarhús, svokallað *framhús* eða *langhús*, á tóftum gamla frambæjarins. „Þótti hann þá best hýsti bær sveitarinnar og var farskólinn þar til húsa.“⁸⁷⁰ Húsinu var lýst svo árið 1910: „Timburhús með torfþaki og torfvegg fyrir norðurstafni.“ Í fasteignáúttekt 1916/18 var lýsingin þessi: „Íbúðarhús 12 × 9 álnir. Torfstafn í norður, að öðru leyti timburveggir, að nokkru járnklæddir. Torfþak. Kjallari undir húsinu. Kvistur yfir þvert húsið. Ennfremur eldhús og skemma með torfveggjum og torfþökum.“ Síðastnefndu húsin voru eldri hús, sem stóðu við norðurstafn (skemman) og að nokkru á bak við timburhúsið.



Brattahlíðarbærinn um eða eftir miðja síðustu öld. Við útidyr stendur húsfreyjan, Bjarnveig Jóhannesdóttir (1886-1987). (*Ettir Austur-Húnvetninga II*, s. 697.)

Árið 1930 var gefin þessi lýsing á húsinu: „Íbúðarhús úr timbri og torfi, 8,55 x 3,75 m, með kjallara og *viðbyggingu*. Loft með 0,65 m porti.“ Önnur bæjarhús voru skemma, smiðja og eldiviðarhús úr torfi og grjóti. Ítarlegri úttekt var gerð á bæjarhúsum í Brattahlíð 15. júní 1936, þar sem í fyrstu var lýst íbúðarhúsinu.⁸⁷¹

⁸⁶⁹ Í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018 er byggingarár bæjarins skráð 1900, en aðrar heimildir telja framhúsið byggt 1904-1905.

⁸⁷⁰ Hjörleifur Stefánsson (2013), s. 116.

⁸⁷¹ *Hér.A-Hún*. Úttektarbók Bólstaðarhlíðarhepps 1924-1936, s. 176-182.



Bæjarhúsin um 1970 (efri mynd) og 1977 (neðri mynd). Þá hafði verið byggt bárujárnsklætt timburhús með einhalla þaki norðan við framhúsið upp úr eldri húsum, sem þar stóðu. Þau voru skemma og smíðja með burstum að hlaði, en torfveggjum að norðan- og austanverðu, sem ennþá standa óraskaðir. Innangengt er í húsið úr kjallara íbúðarhússins eins og í smíðjuna áður. (Ágúst Guðmundsson / Ljósmyndasafn A-Hún.)



1. Íbúðarhús. Húsið er að mestu timburhús, stærð 12 × 9 álnir með loftherbergjum og grjóthlöðnum kjallara, stærð 11 × 5 álnir. Húsinu er skift þannig: a. *Forstofa*, einfalt timbur (klæðning), járnþak, steipt gólf, stærð 4 × 2 m, 2 tveggja rúðu gluggar, hurð á járnnum, klinkulæst. b. Húsinu er svo skift í 4 herbergi niðri auk gangs, sem er 6 × 2 álnir, alþiljaður, málaður, hurð, skrárlaus er fyrir ganginum. c. *Stofa* sunnan við ganginn 6 × 6 álnir, alþiljuð, loft yfir, bitar klæddir; í norðausturhorni eru fastar bókahillur og í suðurhorni smá hornhilla. Á vestri er gluggi með 2 föstum, sex rúðum [...]. Á suðri er gluggi með 4 rúðum; undir suðurglugga er fúaskemmd í þiljum. Stofan er máluð og er eitt rúm naglfast í henni. Hurð, skrárlæst, er fyrir húsinu. d. *Stofa* norðan gangs, stærð 4 × 6 álnir, alþiljuð með lofti af sömu gerð og í suður stofu. Stofan er pappalögð og veggfóðruð, en hvorutveggja er

faríð að bila til muna. Gluggi er á vestri af sömu gerð og austurgluggi í suðurstofu; fyrir húsinu er skrárlæst hurð. e. Austur af ganginum og áðurlýstum stofum er *eldavélarhús*, alþiljað, stærð 8 × 3 álnir. Í húsinu er steiptur reykháfur og steipt gólf undir eldavjel. Ennfremur eru þar bekkur með skápum og 4 skúffum undir og 2 skápar í vegg og 1 í horni. Þar er og „vaski“ með leiðslu í skolpfor. Gluggar 2, fjöggra rúðu, eru á húsinu [...]. f. *Búr* er suður af húsinu, alþiljað og hurð klinkulæst. Í suðurhorni er galli í gólfi. Naglfast borð við suðurstafn. Vatnsleiðsla er í húsið. Bæði þessi hús eru ómáluð.

Láðst hefur að geta þess að ganginum er skipt með skelli hurð framan við inngang í suðurstofu og er ómálaður innri hlutinn; þar er hleri yfir stigagati í kjallara og stigi upp á loftið. Hurð, ólæst, er milli gangs og eldavjellarhúss.

g. *Loftherbergi* eru: I. *Miðloft*, sem gengið er upp á, með kvistglugga í austur, 4ra rúðu, ein brotin. Skarsúð er á porti en reft á sperrur á porti; af þessu lofti er gengið inn á hin þrjú. II. *Kvistherbergi* að vestan, klætt með panel, málað, dúklagt gólf [...]. Gluggi 4ra rúðu [...], skrárlæst hurð. III. *Suðurloft*, þiljað á sperrur, þær pappalagðar, húsið málað [...]. Gluggi 4ra rúðu, skrárlæst hurð. IV. *Norðurloft*, reft með borðum á sperrur. Torfstafn með 2ja rúðu glugga að norðan. Kvistútbýgging er austast á loftinu með járnþaki undir torfi, einfalt þil, gisið, er að austan. Gluggi 4 rúðu [...]. Hurð með hespu er fyrir húsinu. [...] Timburklæðning er á húsinu að vestan og virðist í allgóðu standi (máluð); suðurstafn er pappa- og járnklæddur ofan fyrir glugga, en virðist vera kominn nokkur fúi í klæðningu, einkum milli glugga á stafni og austast. Að austan eru tveir torfstöplar, sá syðri gallaður, að öðru leyti er timburþil með stórgallaðri pappaklæðningu; að norðan er allgóður torfveggur. Þak úr torfi að mestu er á húsinu, allgott. Yfir búrinu er járnþak og járnklætt í sundi milli kvista að austan.



Framhlið (vesturhlið) Brattahlíðar 2003. (Hjörleifur Stefánsson (2013), s. 117.)

Norðan við íbúðarhúsið stóð svo *eldhús*, þ.e. hlóðaeldhús, sem var sperrureist hús með 5 sperrum og tilheyrandi stoðum og langböndum, strompi yfir hlóðum, þilstafni að hlaði með fjöggra rúðna glugga og öðrum einnar rúðu ofar á þilinu. Úr húsinu lá „gangur til kjallara með tvennum dyraútbúnaði“.




Virðist sem *smiðja* hafi verið sambyggt eldhúsinu með þilstafni að hlaði (sbr. úttekt 1939). Norðan við húsið var síðan *skemma*, uppgerð með sama sniði, en á þilstafni voru tveir tveggja rúðu gluggar, sinn hvoru megin dyra, og sá þriðji ofan við bita. Langleiðina milli skemmu og eldhúss (*smiðju*) var skilrúm úr bárujárnri, en útveggir að norðan og austan úr torfi og grjóti. Í norðausturhorni eða -stafni skemmu var *kamar*.⁸⁷²

Úr búi og eldhúsi. (Ljós. Páll J. Línal, 9. október 2018.)

Önnur, en talsvert knappari lýsing, var gerð á bæjarhúsum í Brattahlíð 1939: „Íbúðarhús úr timbri og torfi með kjallara og lofti með kvisti. Torfþak. Stafn járnlæddur. Stærð 8,5 × 3,8, hæð í mitt ris frá kjallara 3,3, m. Á stofuhæð eru 2 herbergi, veggfóðruð og máluð og gangur. Á

lofti íveruherbergi í suðurenda og kvistherbergi, alþiljuð, norðurendi til geymslu. Kjallari grjóthlaðinn til geymslu, 41 m³. Timburskúr fyrir dyrum, 6 m³. *Viðbyggt*: 8,5 × 2 × 3,3 m. Á gólfhæð 2 herbergi (bú og eldavélarhús), á lofti 3 herbergi alþiljuð, eitt málað. Stafninn járnlæddur. Stærð alls 203 m³.“ Önnur bæjarhús voru skemma, 50 m³, en járnlætt var á milli hennar og *smiðju*, og sambyggt hlóðaeldhús, uppreft með þilstafni, 40 m³ að stærð.



Grunnmynd af stofuhæð og risi (mælikvarði 1:200), teiknað 2012 af Hjörleifi Stefánssyni eftir mælingum Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts frá 2004. Skýringar: Neðri hæð: 1. forstofa, 2. gangur, 3. herbergi, 4. stofa, 5. eldhús, 6. búr/geymsla, 7. stigi til loftsins, 8. hleri að kjallara. Efri hæð: 9. stigapallur, 10., 11., 12. og 13. herbergi. (Hjörleifur Stefánsson (2013), s. 117.)

Byggingarlag hússins er af síðustu þróunargerð torfbæjarins eða svokallað *framhús* eða *langhús*. Þessi húsagerð (svokölluð *Marbælisgerð*), sem er blendingur torf- og timburhúss, fór að tíðkast undir lok

⁸⁷² *Hér.A-Hún*. Úttektarbók í Bólstaðarhlíðarhreppi 1924-1936, s. 176-182.

19. aldar og náði mestri útbreiðslu norðanlands. Brattahlíðarhúsið var augljóslega byggt í tveimur áföngum, og af framangreindum úttektum virðist mega ráða þetta um byggingu og þróun hússins:

Upphaflegur hluti þess er timburhús á einni hæð með portbyggðu risi og kvisti „yfir þvert húsið“, þ.e.



bæði á austur- og vesturhlið. Undir húsinu var grjóthlaðinn kjallari, torf á þaki og þykkur torfveggur við norðurgafli. Aðrir veggir voru klæddir timburklæðningu og jafnvel „að nokkru járnlæddir“, a.m.k. suðurgafllinn. Gunnflötur hússins var um 8,5 × 3,8 m. Á stofuhæð var stofa í suðurenda og herbergi í norðurenda, en á milli þeirra gangur með stiga upp á ris-hæðina, þar sem voru að líkindum tvö herbergi og geymsla.

Efri mynd: Austurhlið bæjarins 2012, nánast að hruni komin og nyrðri kvisturinn fallinn. (Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson. Af moldu, s. 119.)

Neðri mynd: Austurhlið og suðurgafli bæjarins 2003. (Hjörleifur Stefánsson (2013), s. 118.)



Einhverjum árum síðar var byggður inngönguskúr (*forstofa*) framan við útidyr, fyrir miðri vesturhlið hússins. Var hann byggður fyrir 1920, ef marka má grunnmynd hússins, sem rissuð var inn á túnakortið frá því ári. Hann er á steinsteyptum grunni með tveimur steiptum þrepum fyrir framan.⁸⁷³ Nokkru síðar var bærinn stækkaður, en óþekkt hvenær.

Reist var viðbygging úr timbri samsíða austurhlið

hússins og jafnlöng henni, kvisturinn lengdur til austurs og annar kvistur byggður við hlið hans, en einhalla járnþak sett á suðausturenda viðbyggingarinnar. Á húsinu var að öðru leyti torfþekja og torfveggur við norðurgafli. Miðbik bakhliðar (austurhliðar) var með tveimur gluggum og klætt pappa (síðar lóðréttri timburklæðningu), en til beggja handa voru „torfstöplar“ eða veggstúfar úr klömbruhnaus. Suðurgafllinn var hins vegar klæddur bárujárnri. Í viðbyggingunni var komið fyrir búi og geymslu í suðurenda, en eldhúsi með steinsteyptum reykháfi í norðurenda.



Fast norðan við framhúsið stóðu síðan tvær skemmur frá gamalli tíð, sem sneru burstum að hlaði. Vera má að önnur þeirra hafi þjónað hlutverki bæjardyra áður en framhúsið var byggt, en sú syðri var síðar nýtt sem smiðja og var innangengt úr henni í kjallara framhússins. Á óþekktum tíma voru burstabilin fjarlægð og skemmurnar endurbyggðar sem eitt hús með gömlu torfveggjunum á þrjá vegu, en einhalla þaki og vesturhlið af bárujárnslæddri trégrind. Þetta hús er skráð *geymsla* (37,8

⁸⁷³ Eyðibýli á Íslandi VIII, s. 114.

m²) í fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 og byggingarár þess talið 1925. Ekki er ljóst við hvaða heimildir það styðst.



Brattahlíð í ágúst 2015. (Ljós. Páll J. Líndal.)



Brattahlíð 9. október 2018. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

Sumarið 2004 voru bæjarhúsin mæld upp af Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt og Páli J. Líndal.⁸⁷⁴ Á grundvelli þeirra mælinga vann Hjörleifur Stefánsson arkitekt uppdrætti af húsinu í ágúst 2012 og birti í bók sinni *Af moldu*, sem kom út síðla árs 2013. Þar er gefin glögg lýsing á bænum, byggð á rannsókn Guðrúnar, og dregin upp skýr mynd af ytri og innri gerð hússins, eins og síðustu íbúar þess skildu við það, svo og á skemmu, smiðju og hlóðældhúsi, sem voru áföst húsinu fyrrum. Lýsingin virðist þó byggja á þeirri forsendu, að báðir hlutar bæjarins séu jafnaldra, en hún fær vart staðist, eins og fyrr er lýst:

Tvær skemmur voru við norðurvegg bæjarins með burstum fram á hlaðið. Í þeirri sem nær stóð bænum var smiðja eftir 1930 og innangengt í hana úr kjallara hússins. Við bakhlið hennar var inngönguskúr og í

honum var kamar. Þykkur torfveggur er við norðurgaflinn og nær hann upp á þekjuna, sem er grasi vaxin. Ofarlega í torfveggnum er skarð sem í er lítil gluggi. Neðst í veggnum er grjóthleðsla en torfið er strengur.

Við austurhliðina er torfveggur, sem nær upp undir kvistglugga efri hæðarinnar, og í honum er skarð að gluggum eldhússins á neðri hæðinni. Þarna er klömbruhnaus með strenglögum. Framhlið bæjarins er klædd láréttri vatnslæðningu, suðurgaflinn er með bárujárni en á þeim hluta bakhliðarinnar sem ekki er hulin torfi er lóðrétt timburklæðning sem áður fyrr var hulin tjörupappa.

Herbergjaskipan í Brattahlíð helgast af upphitunartækninni að mestu leyti, eins og í timburhúsunum sem reist voru á þessum tíma, og er að því leyti gjörólík gangabænum. Húsið er tvílyft með reykháfi og frá fyrstu tíð var í því eldavel og kolaofnar. Síðar komu miðstöðvarofnar sem hitaðir voru með eldavelinni. Neðri hæðin skiptist með langvegg aftan við miðju. Framan



⁸⁷⁴ Guðrún Jónsdóttir og Nanna Hermansson. *Brattahlíð í Svartárdal, Austur-Húnavatnssýslu*. Uppmæling 2004. Uppteikning ágúst 2012. Skýrsla í vörslu Húsafriðunarnefndar og TGJ.

við hann eru íveruherbergi en eldhús og búr innan við. Útidyr voru á framþili bæjarins og innan við þær gangur. Seinna var gerður inngönguskúr framan við útidyrnar. Sunnan við ganginn var stofa en að norðan herbergi. Bæði höfðu glugga á framþilinu en stofan auk þess glugga á suðurgafli hússins. Gangurinn lá að eldhúsinu en inn af því að sunnanverðu var búið. Í ganginum var stigi til loftsins og hleri í gólfi með stiga til kjallarans, sem er undir nyrðri hluta hússins. Efri hæðin er portbyggt ris með einum kvisti á vesturhliðinni og tveimur sambyggðum kvistum á austurhliðinni. Þar uppi eru fjögur lítil herbergi auk stigapalls.⁸⁷⁵

Ástand og varðveislugildi

Sérstaða og varðveislugildi Brattahlíðarbæjarins felst í aldri og byggingarlagi hans, því að þessi húsa-gerð er merkilegur hluti af þróunarsögu íslenska torfbæjarins. Ásigkomulagi bæjarins hefur hins vegar hnignað mjög ört á síðustu árum, svo að segja má að hann sé nú að hruni kominn og hluti hans raunar fallinn. Um þetta segir eftirfarandi í bók Hjörleifs Stefánssonar arkitekts:

Ekki er mörgum torfbæjum til að dreifa af svipuðum toga, og væri full ástæða til þess að gera við húsið og varðveita það sem dæmi um seinasta skeiðið í þróun torfbæjarins þegar ný og betri hitunartækni mótaði húsaskipan. Nú eru síðustu forvöð áður en bærinn verður að rúst. Að öðrum kosti er kjörið tækifæri fyrir fornleifafræðinga að fylgjast með því hvernig slík breyting á sér stað.⁸⁷⁶

Lengi hefur verið talað fyrir varðveislu bæjarins og skal hér m.a. á það minnt, að árið 2006 lagði minjavörður Norðurlands vestra til að hann yrði varðveittur og lýsti Húsafriðunarnefnd yfir stuðningi sínum við það.⁸⁷⁷



Til vinstri sést bakhlið (austurhlið) bæjarins og til hægri norðurhlið „geymslunnar“, sem er áföst norðurgafli framhússins. (Ljósmynd Gunnlaugur Haraldsson, 9. október 2018.)

Íbúðarhús / framhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1904-1905	
Fyrstu eigendur:	Jónas Illugason og Guðrún Sigurðardóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Jónas Illugason	Núverandi notkun: Í eyði
Yfirsmiður:	Jónas Illugason	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Torf/timbur	Óbreytt	Suðurgafli hússins er klæddur bárujárni, vesturhlið (framhlið) úr timbri og klædd láréttri vatnasklæðningu, en norðurgafli og bakhlið hússins eru úr torfi (víða fallið). Miðbik bakhliðar var þó úr timbri, upphaflega klætt pappa en síðar lóðréttri timburklæðningu. Einhalla þak er á hluta viðbyggingar bakatil.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn/torf	Óbreytt	
Undirstaða:	Grjót	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	

⁸⁷⁵ Hjörleifur Stefánsson (2013), s. 116 og 117.

⁸⁷⁶ Hjörleifur Stefánsson (2013), s. 118.

⁸⁷⁷ Eyðibýli á Íslandi VIII, s. 114.

Portbyggt ris	Óbreytt
Kjallari	Óbreytt
Viðbygging	Óbreytt
Kvistir (3)	Óbreytt
Reykháfur	Óbreytt
Úttröppur	Óbreytt
Inngangsskúr	Óbreytt
Gluggar	Óbreytt

Er á eldri (vestari) hluta hússins. Grjóthlaðinn undir eldri hluta hússins. Húsið var stækkað með viðbyggingu skömmu eftir 1930. Upphaflega voru tveir kvistir á húsinu, þ.e. á austur- og vesturhlið, en síðan var bætt við öðrum kvisti samsíða hinum eldri á austurhlið við stækkun bæjarins. Steinsteyptur reykháfur er upp úr eldhúsi í yngri hluta. Tvö steinsteypt þrep eru fyrir aðalinngangi á vesturhlið. Lítil timburskúr á steiptum grunni, trúlega byggður fyrir 1920. Gluggar hússins munu vera af upphaflegri gerð, en lélegir.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Eldri hluti bæjarins er framhús (langhús) af Marbælisgerð.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er vegna byggingarlags fágætt dæmi um seinasta skeiðið í þróun torfbæjarins, þ.e. millistigið frá torfbæ til steinhúsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Bærinn stendur á fornu bæjarstæði og er kjarni þeirra gömlu mannvirkja, sem þar mynda einstæða heild og eru fágætt sýnis-horn af menningarlandslagi frá eldri tíð.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Þrátt fyrir mikla hrönnun er bærinn í megindrattum í upprunalegu formi.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Bærinn er mjög illa farinn vegna aldurs og áratuga vanhirðu.
Varðveislugildi:	Hátt	Bæjarhúsin hafa afar mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Elsti hluti bæjarins er friðaður skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Ennfremur er lagt til að öll bæjar-

hús, ásamt gömlum útihúsum, garðlögum og fornum mannvirkjum, verði vernduð til frambúðar með hverfisvernd í aðal- og deiliskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Er hér m.a. vísað til svohljóðandi ákvæðis í Aðalskipulagi Húnavatns-hrepps 2010-2022: „Elsti hluti túnsins ásamt íbúðarhúsi sem byggt var árið 1900 úr timbri, torfi og grjóti og útihúsum sem byggð eru úr timbri, torfi og grjóti. Gerð er tillaga um að staðurinn verði hverfisverndaður. Þetta eru einstakar minjar með mikið rannsóknar- og fræðslugildi, sjá einnig kafla 4.2.2 Þjóðminjaverndarsvæði. Verndað gegn niðurrifi og breytingum samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð hefur verið. Einnig hefur verið gerð tillaga um þjóðminjavernd, sbr. kafla 4.2.2 Þjóðminjaverndarsvæði.“⁸⁷⁸



Bæjarhúsin séð úr norðri og suðri í ágúst 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

Skemmur / geymsla – grunnupplýsingar

Byggingarár:	Óþekkt (1925?)	Upphafleg notkun: Skemmur / smiðja
Fyrsti eigandi:	Jónas Illugason	Núverandi notkun: Geymsla
Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Torf/grjót/timbur	Torf/grjót/timbur/járn
Helstu einkenni/breytingar	Húsið var upphaflega tvær skemmur með burstum, sem voru áfastar norðurgafli framhússins, en var síðar breytt í eitt hús með einhalla þaki og bárujárnsklæddri framhlið úr timbri.	
Þakgerð:	Mænisþök	Einhalla þak
Þakklæðning:	Torf	Bárujárn

⁸⁷⁸ Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022, s. 42.

Varðveislumat

Listrænt gildi/byggingarlist:	Lágt	Húsið var upphaflega hefðbundið torfhús með burstum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er trúlega að stofni til frá síðari hluta 19. aldar.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Ásýnd hússins var raskað mikið við endurbyggingu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Aðeins torfveggir á tvo vegu geta talist „upprunalegir“.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er illa farið, en þak og framhlið þó heilleg.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið er mikilvægur hluti bæjarhússins.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er friðað eins og elsti hluti framhússins (sjá ofar).

Fjós?

Í fasteignamati 1916/18 voru þessi útihús skráð á jörðinni: „*Peningshús* eru yfir 5 nautgripi, þar við *haughús* [byggt 1913]⁸⁷⁹, hvorttveggja með steinsteyptum veggjum og járnþökum. *Fjárhús* úr torfi og timbri yfir 120 sauðfjár og 16 hross, og enn fremur 2 *heyhlöður* úr torfi og timbri yfir 500 hb. hey og að síðustu steinsteypt *safnþró* og fjárbaðker.“

Árið 1930 voru steinsteyptu hús þessi: „*Fjós* fyrir 5 kýr, steinsteypt að mestu, *haughús* og *safnfor* úr steinsteypu.“ Þessi hús stóðu enn um 1939 ásamt ýmsum torfhúsum: *Fjós* fyrir 5 kýr, steypdir veggir á tvo vegu (slæm steypa), *haughús* 50 m³, steypd og hlaðið með járn undir torfi, *þvaggrýfja* 9,12 m³, steypd með járnþaki, *safnþró* 18 m³, steypd, *hesthús* fyrir 10 hesta og tvö önnur fyrir 12 hesta, öll af torfi og grjóti með torfþaki, *fjárhús* fyrir 30 fjár með steinvegg að norðan og timburskilrúmi að hlöðu og tvenn samstæð *fjárhús* fyrir 100 fjár, *fjósblaða* (159 m³), *fjárhúshlaða* (140 m³) og tvær *hlöður* aðrar (350 og 51 m³), allar með grjóthlöðnum veggjum og járnþökum.



Þetta hús stendur snertispöl ofan við bæinn og er að líkindum leifar fjóss, sem þar var trúlega byggt árið 1913. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson, 9. október 2018.)

⁸⁷⁹ Magnús Björnsson á Syðra-Hóli (1959), s. 65. Haughús þetta var sennilega hið fyrsta, sem byggt var í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Einnig má sjá á túnakorti frá 1920 og ljósmynd frá fyrri hluta aldarinnar, hvar elstu útihúsin voru staðsett, þ.á m. *fjósíð* með tilheyrandi húsum, sem stóðu fáeina metra suðaustur af bænum eða skáhallt ofan við hann. Nánast öll þessi hús eru nú horfin. Á tóftum þeirra standa þrjár misaldra byggingar. Annars vegar eru þar tvö járnklædd útihús, þ.e. hlaða og hesthús, sem byggð voru 1992 og 1993, skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018, en hins vegar gamalt og hrörlegt hús. Það er með timburveggjum á tvær hliðar, en utan á þeim voru að því er virðist upphaflega steinsteyptir veggir, sem hvíldu á grjóthlöðnum sökkli. Er hann nokkuð heillegur á eina hlið (að sunnanverðu), en leifar torfveggja eru á tvo eða þrjá vegu. Húsið er með einhalla og bárujárnsklæddu þaki, sem að líkindum var upphaflega torflagt. Ekki er víska um upphaflegt hlutverk hússins,⁸⁸⁰ en sennilega er um að ræða það 5 nautgripa *fjós*, sem fyrst var tilgreint í fasteignamati 1916/18. Það var með steinsteyptum veggjum á tvo vegu með áföstu *haughúsi*, sem byggt var 1913. *Munu þessi hús hafa verið fyrstu steinsteyptu peningshúsin, sem byggð voru í Bólstaðarhlíðarhreppi.*

Fjós? – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1913 (?)
 Fyrsti eigandi: Jónas Illugason
 Hönnuður/smiður: Jónas Illugason

Upphafleg notkun: Fjós (?)
 Núverandi notkun: Stendur autt og ónotað.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyppa/timbur/torf	Timbur/torf	Útveggir voru trúlega upphaflega steinsteyptir á tvo vegu og klæddir að innan með timbri.
Þakgerð:	Einhalla þak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn/torf	Bárujárn	

Varðveislumat

Listrænt gildi/byggingarlist:	Lágt	Húsið er einföld bygging með einhalla þaki.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er eitthvert elsta steinsteypta útihúsið, sem byggt var í Bólstaðarhlíðarhreppi.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Húsið er fellur vel að gömlu bæjarhúsinum, en er bæði illa farið og aðþrengt að nýlegum útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Þótt steinsteyptir veggir séu horfnir og aðrir hlutar hússins orðnir hrörlegir, er upprunalegt gildi þess sem eftir stendur mikið.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er í afar slæmu ásigkomulagi.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verið mælt upp og teiknað. Það er friðað skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Ennfremur er lagt til að það verði, eins og aðrar menningarminjar í Brattahlíð, verndað til frambúðar með hverfisvernd í aðal- og deiliskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og sérstöku ákvæði í Aðalskipulagi Húnavatns- hrepps 2010-2022 (s. 42).



⁸⁸⁰ Jarðeigandi varð því miður ekki við beiðni skýrsluhöfunda um nánari upplýsingar og yfirlstur þessarar samantektar.

Fjánhús

Á árbakkanum, um 140 m norður af bænum, er gömul útihúsatóft (trúlega af fjánhúsi) og um 30 metr-um ofar standa ennþá tvö samstæð fjánhús úr torfi og grjóti,⁸⁸¹ sem skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 eru 117,4 m² að stærð og byggð árið 1930. Að baki þeim stendur stór heyhlaða úr bárujárni, sem byggð var 1994 skv. fasteignaskrá. Eins og túnakort frá 1920 sýnir, var grjóthlaðinn garður umhverfis túnið að sunnan-, vestan- og norðanverðu. Þessi garðlög standa enn að talsverðu leyti og er mikilvægt að verði varðveitt til frambúðar ásamt öðrum menningarminjum.



Fjánhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1930	Upphafleg notkun:	Fjánhús
Fyrsti eigandi:	Jónas Illugason	Núverandi notkun:	Fjánhús
Hönnuður:	Jónas Illugason		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Torf/timbur/grjót	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn/torf	Óbreytt	Torf er víðast fúnað og fokið af þökum.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Hefðbundið byggingarlag fjárhúsa úr torfi og grjóti.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsin eru mikilvægur hluti af bæjarheildinni.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin falla vel að umhverfi sínu, þótt nýrri hús rýri ásýnd þeirra.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsin virðast halda upprunalegri gerð að miklu leyti.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru í þokkalegu standi miðað við takmarkað viðhald til margra ára.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsin hafa mikið varðveislugildi sem hluti menningarlandslagsins.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp, teiknuð og varðveitt (sjá fyrr).



Horft út eftir Svartárdal í október 2018. (Ljósmynd. Páll J. Línadal.)

⁸⁸¹ Eyðibýli á Íslandi VIII, s. 114.

Fjánhús

Á háum og grasigrónum klettarana austur af bænum er hálfallið *fjánhús* ásamt viðfastri hlöðutóft, hvorttveggja byggt úr torfi og grjóti með árefti og torfklæddu þaki. Inngangur í fjárhúsið er á suðurhlið, og í stoðabili eftir húsinu að endilöngu er grjóthlaðinn garði, en innangengt var í hlöðu um dyr á austurgafli. Þekjan er fallin á suðurhluta fjárhússins svo að það stendur opið og óvarið fyrir veðrum og vindum. Um aldur og sögu þess er ókunnugt, en víst er að það hefur staðið autt og ónotað í áratugi. Endurgerð þessa hús væri þó ekkert tiltökumál.

Lagt er til að þessar húsatóftir verði varðveittar og verndaðar með hverfisvernd ásamt öðrum menningarminjum á landareigninni.



Gamalt fjánhús úr torfi og grjóti austan við bæinn. (Ljósm. Gunnlaugur Haraldsson, 9. október 2018.)

Fjánhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: Óþekkt (1930?)

Upphafleg notkun: Fjánhús

Núverandi notkun: Hefur staðið lengi autt.

Húsgerð

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Upphaflegt

Torf/grjót

Mænispak

Árefti/torf

Núverandi

Óbreytt

Óbreytt

Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

Veggir standa að miklu leyti, en eru víða laskaðir.

Ásar og tvöföld stoðaröð halda uppi þakinu.

Þekjan er fallin á helmingi hússins.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Miðlungs

Hátt

Hátt

Hátt

Miðlungs

Varðveislugildi:

Niðurstaða varðveislumats:

Hátt

Hefðbundið byggingarlag fjárhúss úr torfi og grjóti.

Húsin eru mikilvægur hluti af bæjarheildinni.

Húsið fellur vel að umhverfi sínu.

Húsið virðast halda upprunalegri gerð að flestu leyti.

Húsið er í fremur laklegu ásigkomulagi og þarfnast mikillar viðgerðar.


Húsin hafa mikið varðveislugildi sem hluti menningarlandslagsins.

Lagt er til að húsið verði mælt upp, teiknað og varðveitt ásamt öðrum jarðarhúsum (sjá fyrr).

3.5.12 Eiríksstaðir

Staðhættir og saga

Eiríksstaðir eru næsta jörð sunnan við Brattahlíð, fyrir miðjum Svartárdal. Býlið þótti vildisjörð fyrrum, enda tilheyra henni víðáttumikil og vel gróin hálsalönd langleiðina að Skagafjarðardölum. Jarðarinnar getur fyrst í heimildum árið 1390, en fyrrum var þar hálfkirkja, sem stóð enn uppi árið 1708. Heita Kirkjulautir í túninu, þar sem kirkjustæðið var. Í túninu er einnig stór steinn, sem Gullsteinn heitir, og fólgin fjársjóður undir honum skv. munnmælum. Bærinn stendur vestan þjóðvegur (Svartárdalsvegur) og á bakka Svartár, þ.e. gamla steinhúsið og útihús nær veginum og rótum Svartárdalsfjalls, en núverandi íbúðarhús ögn fjær og norðar á árbakkanum.⁸⁸²



Túnakort Eiríksstaða 1920. Sigfús Eyjólfsson. Af því má ráða, að þjóðvegurinn lá fyrrum fremst á árbakkanum, vestan við túnið (til vinstri á uppdrættinum).

Ábúendur á Eiríksstöðum frá ofanverðri 19. öld voru Helga Sölvadóttir (f. 1855) og Ólafur Gíslason (1847-1912), en síðan Hannes (1890-1950) sonur þeirra og Svava Þorsteinsdóttir (1891-1973), sem bjuggu þar til 1927. Frá 1927 bjuggu þar hjónin Kristvina Kristvinsdóttir (1883-1959) og Sigfús F. Eyjólfsson (1878-1956), og síðan Guðmundur (1906-1993) sonur þeirra ásamt eiginkonum sínum, Guðmundu Jónsdóttur (1908-1937) og Sólborgu Þorbjarnardóttur (1914-1963). Guðmundur bjó fyrst í sambýli við foreldra sína, en keypti síðan hálfu jörðina á móti föður sínum 1932 og bjó þar til 1972, er hann brá búi.⁸⁸³ Þá keypti jörðina Guðmundur Valtýsson (1951-) frá Brattahlíð, sem búið hefur þar síðan og frá 1978 í sambýli við foreldra sína, Valtýr Blöndal Guðmundsson (1915-2011) og

Ingibjörgu J. Baldvinsdóttur (1931-2013), sem fluttust að Eiríksstöðum frá Brattahlíð.⁸⁸⁴



Torfbærinn á Eiríksstöðum í byrjun 20. aldar. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

⁸⁸² Eyðibýli á Íslandi VIII, s. 115; Húnaþing II, s. 192; Jón Torfason (2007), s. 140-141; Sveinn Níelsson (1950), s. 233.

⁸⁸³ Húnavaka 14. árg. 1974, s. 147; 25. árg. 1985, s. 112, 34. árg. 1994, s. 182-184.

⁸⁸⁴ Húnavaka 28. árg. 1988, s. 207-208; Morgunblaðið 11. jan. 2012, s. 21.


Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn með þremur heilpiljum og einu hálfþili. Í fasteignamati 1916/18 var ekki gefin önnur lýsing á bæjarhúsum en sú, að þau voru „úr torfi og timbri, gömul og sum mjög léleg“. Eins og ljósmyndir sýna, sneru þrjú hús frambæjarins stöfnum að hlaði, en að baki þeim voru önnur



hús og þar á meðal „badstofa með kjallara“, sem stóð enn uppi um 1940 og var þá „ætluoð sem hlöðupláss“. Einnig voru þá uppstandandi „þrír gamlir kofar úr torfi“. Þessar leifar gamla torfbæjarins voru væntanlega rifnar fáum árum síðar, en í bókinni *Föðurtún* (útg. 1950) segir, að þar hafi staðið „til skamms tíma fornasti bær sýslunnar“.⁸⁸⁵

Gamli bærinn á Eiríksstöðum í júlí 1935. Guðmundur Sigfússon bóndi stendur með hest sinn við bæinn. (Schweizer, Bruno (2003 III), s. 218.)



Grunnteikning af gamla bænum, gerð af Bruno Schweizer 1935. (Schweizer, Bruno (2003 III), s. 221.)

Íbúðarhús

Árið 1938 byggði Guðmundur Sigfússon „Íbúðarhús, eitt fyrsta steinsteyppuhúsið í sveitinni [þ.e. Svartárdal], svo og útihús og jók jörð sína að ræktun til mikilla muna“.⁸⁸⁶ Húsið var byggt eftir teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins af Stefáni Friðrikssyni (1902-1980), trésmiði og torfhleðslumanni í Glæsibæ í Skagafirði.⁸⁸⁷ Stöðu framkvæmda lýsti hann þannig 23. september 1938: „Húsið er nú byggt að veggjum og verið að ljúka við að koma því undir þak. Eg hefi vandað til byggingarinnar eftir því sem eg hefi getað.“⁸⁸⁸

Steinhúsið frá 1938 er til vinstri, en fyrir ofan það og nær hlíðinni eru steinsteypt útihús frá 1940, 1945 og 1950. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 702.)



Þá vantaði ennþá kyndingu í húsið, en sennilega var flutt í það fyrir veturnætur. Endanlegum frágangi hússins var þó ekki lokið fyrr en haustið 1939, eins og fram kom í eftirfarandi lýsingu Aðalsteins Óskars Þór-

⁸⁸⁵ Páll V. G. Kolka (1950), s. 120.

⁸⁸⁶ *Húnavaka* 34. árg. 1994, s. 182.

⁸⁸⁷ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/63 (23. sept. 1938). Þar segir reyndar, að teikningin hafi verið unnin af Teiknistofu *Búnaðarbankans*.

⁸⁸⁸ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/63 (23. sept. 1938).

arinssonar (1911-2011), trésmíðameistara á Akureyri, í ágústbyrjun það ár, en hann annaðist að líkindum innansmíði hússins:

Búið er að ganga frá húsinu að utan, kústa steypuna úr sementsvatni og mála járníð á þakinu. Innréttingu hússins er lokið að öðru leyti en því að eftir er að veggfóðra og mála sum herbergin, en frá því verður gengið strax í haust, þegar heyskap er lokið. Steypa hússins virðist vera ágæt og vandlega frá öllu smíði gengið. Húsið er byggt eftir uppdrætti nr. 369.⁸⁸⁹

Sama ár (1939) var húsinu lýst þannig við gerð fasteignamats: „Steinhús með kjallara og einni hæð,



valmabak. Einfaldir steinveggir, þiljaðir að innan með pappalagi, er myndar tvö holrúm. Skilrúm steipt og timbur. Gólf og loft timbur. Þak: borðasúð, pappi og járn. Á stofuhæð 3 stofur, eldavélarhús, búr og forstofa. Í kjallara 2 svefnherbergi, þvottahús, baðherbergi og geymsla. Miðstöð, vatnsleiðsla, frárennsli og bað. Stofuhæð 2,5 m. Kjallarahæð 2,4 m. Stærð: 8,8 × 7 × 4,9 m = 304 m³.⁸⁹⁰

Íbúðarhús og útihús um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu á Eiríksstöðum. Norðan við húsið var gert ráð fyrir fjósi, sem innangengt var í úr íbúðarhúsinu. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005-0044, BB/9, s. 369.)

Sem fyrr segir er húsið steinsteypt, ein hæð og kjallari, með nánast flötu og bárujárnsklæddu valmabaki. Það er 65 m² að grunnfleti og 126,8 m² að gólfleti (kjallari og hæð).⁸⁹¹ Búið var í húsinu til ársins 1976, er nýtt íbúðarhús var reist á jörðinni. Húsinu er þannig lýst í ritinu *Eyðibýli á Íslandi VIII* (útg. 2013) eftir að hafa staðið autt í 37 ár:

Frágangur útveggja er hvítmáluð sjónsteypa, þó málningin hafi veðrast af víða. Gluggar eru ýmist glerjaddir eða negldir aftur. Horngluggi er á suðvesturhorni hússins og veitir hann útsýni inn eftir Svartárdalnum. Ástand hússins er sæmilegt að utan en innviðir þess voru ekki kannaðir. Inngangur hússins er á vesturhlið og snýr að Svartá. Þar liggja steypar tröppur upp að lokaðri útidyrhúð á hæðinni.

⁸⁸⁹ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/63 (6. ágúst 1939).

⁸⁹⁰ Húsið er þó sagt 320 m³ í *Húnaþingi II*, s. 192.

⁸⁹¹ *Eyðibýli á Íslandi VIII*, s. 115; www.skra.is.

Niðurstaða bókarhöfunda um varðveislugildi hússins var sú, að viðgerðir „til að koma húsinu í not-hæft stand [væru] raunhæfar“.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1938	Upphafleg notkun:	Íbúðarhús
Fyrsti eigandi:	Guðmundur Sigfússon	Núverandi notkun:	Stendur autt.
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins		
Yfirsmiður:	Stefán Friðriksson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Frágangur að utan er hvítmáluð sjónsteypa.
Þakgerð:	Valmaþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		8,8 × 7,0 m / 65 m ² - 126,8 m ² .
	Reykháfur	Óbreytt	Lágar steinsteyptar tröppur við aðalinngang á vesturhlíð.
	Útitröppur	Óbreytt	Gluggar virðast flestir vera með upphaflegu sniði, en lélegir.
Gluggar	Óbreytt		

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Húsið er í dæmigerðum funkisstíl frá þessum tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið á sér stutta sögu sem íveruhús, en það er einasta smíðis- verk Stefáns Friðrikssonar sem þekkt er í Húnavatnshreppi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið myndar áhugaverða heild með nálægum útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist halda að mestu leyti upprunalegu formi.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er í fremur slöku standi og þarfnast mikillar viðgerðar.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur nokkurt varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Engin tillaga er gerð varðandi varðveislu hússins, en varðveittar eru upprunalegar teikningar að því.



Fjós, fjárhús (2), hesthús og hlöður (2)

Skv. úttekt undirmatsnefndar árið 1939 voru öll útihús á jörðinni úr torfi og grjóti nema steinsteypt *votheyshlaða* (28,8 m³). Fjósið var sagt „að falli komið“ og ekki getið um steinsteypt *fjós*, 44,6 m² að stærð, sem skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 var byggt 1940.⁸⁹² Önnur steinsteypt hús, sem byggð voru fyrir 1951 og ennþá standa, eru þessi: *Fjárhús* (73,7 m²) frá 1945, önnur *fjárhús* (112,2 m²), *hesthús* (31,9 m²) og tvær *heyhlöður* (51,3 m² og 64,9 m²), en öll þessi hús voru byggð 1950 og ofan við bæinn, eins og sjá má á eldri og yngri ljósmyndum. Gamla *votheyshlaðan*, sem tilgreind var árið 1939, er trúlega úr sögunni, en ennþá stendur *votheysturn* frá 1954 við gömlu húsinn.



Útihús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1940, 1945 og 1950
 Fyrsti eigandi: Guðmundur Sigfússon
 Hönnun/smíði: Óþekkt

Upphafleg notkun: Skepnuhús og hlöður.
 Núverandi notkun: Skepnuhús og hlöður.

Húsgerð **Upphaflegt** **Núverandi**
 Útveggir: Steinsteyptir Óbreytt
 Þakgerð: Mænispök Óbreytt
 Þakklæðning: Bárújárn Óbreytt

Helstu einkenni/breytingar

⁸⁹² Skv. skýrslu ábúanda (Guðmundar Valtýssonar) pr. 20. okt. 1974 voru þá þessi steinsteyptu útihús á jörðinni, öll byggð árið 1950: *Fjós* yfir 6 kýr, *fjárhús* fyrir 260 fjár, *hlöður* 457 m³ og *hesthús* yfir 12 hross. ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/63.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsin hafa lítið listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin eru hefðbundin útihús og hafa þjónað sem slík.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsin mynda nokkuð áhugaverða heild ásamt íbúðarhúsi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast að miklu leyti halda upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsin eru í misjöfnu ástandi og sum fremur hrörleg.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsin hafa fremur takmarkað varðveislugildi.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð, en að öðru leyti er ekki gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu húsanna.

3.5.13 Bergsstaðir

Staðhættir og saga

Löng bæjarleið er milli Eiríksstaða og Bergsstaða. Er þar yfir allhátt klif að fara, Bergsstaðaklif, en þar er álfakirkja. Ofan við klifið breikkar dalurinn og undirlendið til muna. Bærinn stendur undir fjallsrótum og efst í gamla heimatúninu, sem er í aflíðandi halla niður undir þjóðveginn, sem liggur um vallendisgrundir og grónar eyrar Svartár. Jörðin er forn kirkjustaður og var prestssetur allt til ársins 1921.⁸⁹³



Fyrst getur um kirkju á Bergsstöðum í Auðunarmáldaga frá um 1318. Var hún helguð Ólafi helga Noregskonungi og Þorláki biskupi. Eftir að sóknaskipan festist í sessi heyrðu undir kirkjunna, auk annexunnar í Bólstaðarhlíð, hálfkirkja á Eiríksstöðum og fimm bænhús, þ.e. á Barkarstöðum, Steiná, Hóli, Kúfustöðum og Stafni. Aðeins guðshúsin á Eiríksstöðum og Steiná stóðu uppi í byrjun 18. aldar. Árið 1880 var Blöndudalshólasókn lögð til Bergsstaðaprestakalls og kirkjan þar síðan aflögð og sókninni skipt 1882. Lögðust þá sex bæir til Bergsstaða og síðan Holta- staðasókn með lögum 1907.⁸⁹⁴

Túnakort Bergsstaða 1920. Sigfús Eyjólfsson. Bæjarhúsin eru við enda heimreiðar á miðjum uppdrætti, en kirkja og kirkjugarður vestast í túninu, sunnan heimreiðar og beint niður af bænum.

Ýmsir merkisklerkar og búhöldar sátu Bergsstaði í aldanna rás, en hér verða aðeins nefndir þeir prestar, sem þjónuðu prestakallinu frá 1876 til 1921, er prestssetrið var aflagt: Stefán M. Jónsson (1852-1930) sat staðinn frá 1876 til 1886, Björn Jónsson (1858-1924) frá 1886 til 1889, Guðmundur Helgason (1863-1895) frá 1889 til 1895, Ásmundur Gíslason (1872-1947) frá 1895 til 1904, Ludvig Knudsen (1867-1930) frá 1904 til 1914 og Björn Stefánsson (1881-1958) frá 1914 til 1921, er hann fluttist að Auðkúlu. Þaðan þjónaði hann Bergsstöðum til 1925, en síðan Gunnar Árnason (1901-1985) til 1952 með aðsetur á Æsustöðum.⁸⁹⁵

Með því að Æsustaðir urðu prestssetur 1925 höfðu hjónin Gísli Pálmason (1894-1942) og Sigurbjörg Vilhjálmisdóttir (1892-1934) ljósmóðir makaskipti á jörðum og fluttust að Bergsstöðum, þar sem þau bjuggu til æviloka. Árið 1942 keyptu hjónin Halldór Jóhannsson (1905-1982) og Guðrún Guðmundsdóttir (1900-1984) jörðina af erfingjum Gísla og bjuggu þar til 1963, er þau fluttust á Blönduós. Jörðin var í eyði til ársins 1974, er hjónin Kristín Halldórsdóttir (1927-2007) og Gestur A. Pálsson (1925-2013) fluttu þangað og byggðu nýtt íbúðarhús, talsvert norðan við kirkjuna og gamla túnið. Þau bjuggu á Bergsstöðum til 1989. – Núverandi ábúendur á Bergsstöðum frá 1997 eru Guðmundur Guðbrandsson og Sigbrúður Friðriksdóttir.⁸⁹⁶

Horfin bæjarhús

Tíð prestaskipti voru á Bergsstöðum áður en séra Stefán M. Jónsson tók við staðnum 1876, enda þótti prestakallið fremur rýrt. Það setti mark sitt á húsakynninn, sem var þannig lýst þetta vor:

⁸⁹³ Páll V. G. Kolka (1950), s. 120; Jón Torfason (2007), s. 140-141; *Kirkjur Íslands VIII*, s. 43-44; Sveinn Nielsson (1950), s. 233-234.

⁸⁹⁴ *Kirkjur Íslands VIII*, s. 43-44; Sveinn Nielsson (1950), s. 233-234.

⁸⁹⁵ Gunnlaugur Haraldsson (2002 I og II), s. 260, 267-268, 379, 391-392, 632-633 og 811; Sveinn Nielsson (1950), s. 234.

⁸⁹⁶ *Húnavaka* 21. árg. 1981, s. 70-71, 23. árg. 1983, s. 181-183, 24. árg. 1984, s. 98-101, 25. árg. 1985, s. 243-244; *Húnaþing II*, s. 195; *Ættir Austur-Húnavetninga II*, s. 674-675; *Morgunblaðið* 17. okt. 2007, s. 30.

Húsakynni á Bergstöðum voru lítil og léleg. Baðstofan var alls fjórar rúmlengdir (stafgólf), fjögurra álna breið undir lágrestri skarsúð. Eitt stafgólf var afþiljað í hvorum enda, kölluð „sængurhús“. Miðbaðstofan var með föstum rúmbálkum og moldargólfi, en þiljur áttu að heita yfir bálkunum. Við rúmstokkana voru djúpar gryfjur í moldargólfið, enda hafði verið prestlaust á Bergstöðum árið áður og umgengni ekki góð. Þegar úttekt á jörðinni fór fram um vorið, urðu þeir séra Eiríkur Briem í Steinnesi og séra Stefán að sitja á rúmbálkum og skrifa á hnjám sér, en ekki náðu þeir til gólfsins með fótunum, þótt báðir væru hávaxnir, svo djúpar voru gryfjurnar. En hér var ekki í annað hús að venda. Hér var ekki um það eitt að ræða að gegna embætti og leggja hendur í skaut þess á milli. Hér blasti við, auk embættisanna, sjálf baráttan fyrir hinu daglega brauði. Út í þá baráttu lögðu hin ungu presthjón með djörfung og bjartsýni. Þau virðast þegar í stað hafa unnið sér velild og traust sóknarfólksins. Bændur í dalnum buðust til að setja gólf í baðstofuna á Bergstöðum og bæta stafgólfi við suðurenda hennar. Komst þetta þegar í verk fyrsta sumarið.⁸⁹⁷

Víst er, að séra Stefán bætti mjög bæjarhúsin á prestssetrinu í embættistíð sinni, auk þess að ráðast í byggingu nýrrar kirkju. Eru þó ekki kunnar aðrar lýsingar á bænum en þessi frá árinu 1910: „Torfbær með 6 heilþiljum á hlað fram og 3 hálfþiljum við stafna.“ Þessi bæjarhús voru sögð „gömul og mjög léleg hús“ í fasteignamati 1916/18, en sum þeirra stóðu þó fram um miðja öldina (sjá síðar).



Timburhúsið (framhúsið) á Bergstöðum um eða fyrir miðja síðustu öld. Gömul stofa eða stofuhús með lofti er lengst til vinstri. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús – framhús

Árið 1918⁸⁹⁸ lét séra Björn Stefánsson rífa nokkur af húsum frambæjarins og byggja í tóftum þeirra reisulegt *framhús* úr torfi og timbri, áfast suðurhlíð gamallar stofu, sem var látin standa áfram og sneri stafni að hlaði (sjá mynd). Það stofuhús er löngu horfið, en um hið nýlega framhús sagði hins vegar í ítarlegri úttekt, sem prófastur gerði á staðnum 10. júní 1921:⁸⁹⁹

Íbúðarhús nýlega byggt suður af stofuhúsi, sem lengi hefur staðið á jörðinni og áfast því. Húsið er með framhlið af timbri og timburstafni gegnt suðri, bakvegg af torfi og torfpaki. Það er á lengd 17 ál., á breidd 6 ál. Allt er húsið gólflagt og lopt í því öllu. Hæð undir lopt 4 ál., porthæð 1½ ál., lengd í sperrukverk 4 ál. Inngangur í húsið er nyrst í það við hið gamla stofuhús, sem áður er getið og er traustleg fylningshurð fyrir útidrym á járnum með járnloku og ónýtri skrá. Lengd inngangs þessa er breidd hússins, en á breidd er hann ein alin og 20 þumli. Gegnt inngangi þessum er inngangur í hin gömlu bæjarhús, sem eru austanvert við íbúðarhúsið og fyrir tjeðum er fylningshurð á járnum með hanalæsingu. Undir lopti í húsinu eru

⁸⁹⁷ *Kirkjuritið* 18. árg., 4. tbl., 1952, s. 249-250.

⁸⁹⁸ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/24 (virðingargjörð pr. 21. nóv. 1957). Þar segir um byggingarár bæjarins: „Íbúðarherbergin 1918, hitt töluvert eldra.“ Skv. viðtali við Stefán Þ. Sigurðsson á Steiná (1907-2000) í *Húnavöku* 25. árg. 1985 (s. 97) var húsið byggt „um 1917“. Ennfremur segir um íbúðarhús í dalnum í æsku Stefáns: „Líklega voru einna bestu húsakynnin á Bergstöðum og í Brattahlíð, en það voru nýjustu byggingarnar.“

⁸⁹⁹ Þf. Skjalasafn prófaste. Húnavatnsprófastsdæmi AA/12. Úttekta-, vísitásiu- og héraðsfundabók 1920-1925.

þrjú herbergi og er inngangur í hið nyrsta úr fordyri (eður nefndum inngangi) og eru herbergi áföst hvert við annað. Allar 3 herbergjahurðirnar eru með sömu gerð á járnum og með hanalæsingu. Nyrsta herbergið er í stærð á aðra hlið 4 ál. 19 þ., en á hina 5 ál. 17 þ. Í þessu herbergi eru þiljur allar gamlar og loptbitar eru óklæddir. Á herberginu er 1 gluggafag með 6 rúðum heilum. Gerikti vantar kringum gluggann og dyrainngang. Sömuleiðis vantar gerikti kringum dyrainngang til næsta herbergis. Næsta herbergi er í sömu stærð og áðurgreint herbergi. Loptbitar eru óklæddir og einfalt þil að mestu leyti, bæði á austur- og suðurhlið herbergisins. Auka inngangur er á austurhlið herbergisins með fylningshurð á járnum með hanalæsingu. Á þessu herbergi er eins og hinu fyrrnefnda 1 gluggafag með 6 rúðum heilum. Ein rúðan er á járnum. Steyptur reykháfur er í herberginu, sem gengur upp úr húsinu. Úr herberginu einnig uppgangur á loftið. Þriðja herbergið er að stærð sem fyrrnefnd, 2 gluggafög eru á því, annað á suðurstafni, en hitt á vesturhlið, 6 rúður í hverju. Ein þeirra er á járnum og ein sprungin. Lopt er málað og veggfóður á veggjunum.

Loptherbergi eru þrjú. Hið nyrsta er að stærð 6 × 5 ál. 17 þ. Skilrúmsþil á milli þess og næsta herbergis er óklárt. Hurð fyrir inngangi eigi á járnum og að fleira leyti ófrágengið. Þrjár fastar rúmumgjærðir fylgja herberginu, einn gluggi 6 rúða er á vesturhlið. Annar glugginn er á járnum. Súð úr kantlögðum borðum óhefluðum. Norðurstafn að vísu þiljaður, en þó ólistaður í kring. Næsta herbergi er 4 ál. 17 þ. × 5 ál. 17 þ. Eitt gluggafag er á vesturhlið með sex rúðum og 2 sprungnum. Ein föst rúmumgjörð fylgir herberginu. Uppgangur á loptið kemur í þetta herbergi og er timburhurð fyrir henni. Þriðja herbergið er 6 ál. × 5 ál. 17 þ. Hurðin fyrir inngangi á járnum með hanalæsingu. Herbergið er með veggfóðri, bæði súð og hliðar. Á suðurstafni er 1 gluggafag með 6 rúðum. Annar þeirra á járnum. Þess skal getið, að pappi er á grind hússins á suðurstafni og vesturhlið undir klæðningu. Hálf tónn er pappalagt á súð undir þaki. Ennfremur skal það tekið fram, að húsið virðist snarað til vesturs um 2 til 3 þ., t.d. er í syðsta loptherbergi gengið sundur loptið í vestasta horninu, sem sjáanlega getur ekki verið af öðru en snari. Einnig er



dýraumbúningur í flestum herbergjunum meira og minna skekktur. Hliðveggur hússins er gamall að nokkru leyti og virðist liggja á nokkrum hluta grindarinnar og valda að ein-hverju leyti snarinu. Þak á byggingu þessari er nokkurn veginn gróið.

Önnur hús, sem tilheyrðu staðarhúsunum og gamla torfbænum, voru þessi: *Búr* með kjallara, *eldhús* og *göng* til búrs og eldhúss, en við byggingu framhússins höfðu þessi fjögur hús verið rifin og viðir þeirra nýttir: *Baðstofa*, *bæjardyr* með lofti, svonefnd *suðurstofa* og *skemma*.



Efri mynd: Horft heim til bæjar, sennilega um 1960. Kirkjugestir væntanlega heima við bæinn. Neðri mynd: Bergsstaðakirkja og bæjarhúsin í baksýn. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 677.)

Hinn 15. júní 1927 fór fram úttekt á bæjarhúsum og var þá m.a. þetta skráð um þær endurbætur, sem gerðar höfður verið frá fyrri úttekt:

Frá því sú úttekt fór fram hefir verið sett ný skrá með koparhandgripi fyrir útidyrhurð. Inngangur til hússins að öðru leyti óbreyttur. Í nyrsta herbergi hússins hafa loptbitar verið klæddir, gerikti sett kringum glugga og

hurðir, húsið pappalagt, veggfóðrað og málað. Miðherbergi er með sömu ummerkjum að öðru en því, að breytt er uppgangi á loptið og þil endurbætt á austurhlið. Í syðsta herbergi hefir lopt verið pappalagt og málað að nýju, veggfóður endurnýjað og gluggar málaðir. Nyrsta herbergi á lopti er með sömu ummerkjum að öðru en því, að nú er fyrir því hurð á járnum og skilrúm endurbætt. Uppgöngu á lopti í miðherbergi á lopti hefir verið pappalagt, veggfóðrað og málað að nýju. 4 rúmumgjærðir eru á lopti. Þess

skal getið að hurðir og dyraumbúnaðir hússins, er farnir voru að skekkjast fyrir snar á húsinu, hafa verið lagfærðir. Snar á húsinu virðist ekkert hafa ágerst. Veggurinn við austurhlið hússins, sem í síðustu úttekt er getið um að hvíli á grind hússins, hefir verið hlaðinn upp að nýju, og gangurinn millum hans og hússins endur-bættur að viðum. Þak hússins gott, en dálítið brunnið á vesturhlið. Húsið hefir verið málað að utan.⁹⁰⁰



Gamla stofuhúsið (t.v.) og framhúsið á Bergsstöðum um 1960. (Eigandi: Kristín Þórarinsdóttir.)

Árið 1930 var gefin þessi lýsing á bænum: „Íbúðarhús úr torfi og timbri og viðbyggð bæjarhús.“ Fyllri lýsing var gefin á nýjum og gömlum húsum 1939: „Íbúðarhús, torf- og timburbygging. Torfþak. Á stofuhæð 3 herbergi og forstofa, á lofti 3 herbergi. Vegg hæð 3 m. Rishæð 1,6 m. Gólf og loft úr timbri, svo og skilrúm. Útveggir á tvo

vegu timbur, tvöfalt. Stærð 127 m³.“ Af gamla bænum stóðu þá þessi hús: „Gömul stofa með lofti, stærð 40 m³. Búr með kjallara 25 m³. Hlóðahús og göng 25 m³.“



Framhúsið á Bergsstöðum í júlí 2012. (Ljós. Keith Dalby.)

Í virðingargjörð frá 1957 segir, að „Íbúðarherbergi“ bæjarins, þ.e. framhúsið, hafi verið byggð 1918, en aðrir hlutar hans séu töluvert eldri. Íbúðin var „ein hæð með lofti [...], 3 herbergi og eldhús á hæð-inni og loftinu skipt í þrennt“. Um ástand þaks og útveggja sagði: „Eðlileg hrörnun, en ekki finnanleg-ur fúi.“⁹⁰¹

⁹⁰⁰ ÞÍ. Skjalasafn prófafa. Húnavatnsprófastsdæmi AA/13. Úttekta-, vísitásiu- og héraðsfundabók 1925-1941, s. 39-40.

⁹⁰¹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/24 (virðingargjörð pr. 21. nóv. 1957).




Sýnishorn af hrörlegu tréverki bæjarins í júlí 2012. (Ljós. Keith Dalby.)

Eins og fyrr segir var búið í húsinu til ársins 1963, er jörðin fór tímabundið í eyði. Frá þeim tíma hefur húsið staðið autt og drabbast niður, ár frá ári. Það virðist þó hafa verið notað eitthvað sem gripahús um tíma og síðan staðið opið fyrir aðgengi búpenings. Í júlí 2012 var húsið mælt upp, teiknað og ljósmyndað af Keith Dalby arkitekt. Sú rannsókn var gerð að frumkvæði Húsafríðunarnefndar til að afla sem gleggstra grunnupplýsinga um gerð og

ásigkomulag hússins. Ekki voru gerðar mælingar á norður- og austurhliðum hússins vegna slæms ástands þeirra, en svofelld lýsing gefin af húsinu, byggingarlagi og ásigkomulagi þess.⁹⁰²


Byggingin er úr timbri á tveimur hæðum og stendur á steinhlöðnum grunni. Nokkrar viðbyggingar hafa fyrrum verið byggðar upp við aðalbygginguna en hafa með tímanum hrunið og eru nánast ógreinanlegar og ekki var farið út í að mæla þær rústir. Viðbyggingar voru á norðurenda aðalbyggingar og einnig á allri austurhliðinni. Ekki er gott að greina hvaða hlutverkum þau rými hafa áður þjónað en meginbyggingar-efni virðast hafa verið bárujárn, timbur og veggir og þök úr torfi. Þessar viðbyggingar eru merktar á teikningu sem ójöfn lína sem markar svæðið þar sem þær stóðu. Þannig að viðbyggingar eru ekki hluti af mælingunni sjálfri.



Grunnmynd neðri hæðar bæjarins. Mælt upp og teiknað af Keith Dalby arkitekt í júlí 2012.

Byggingin sjálf er ekki notuð en augljóst er að sauðfé hefur leitað sér þar skjóls, bæði innandyra sem upp við bygginguna, í áraradír. Gólfíð er þakið mold og úrgangi á fyrstu hæð, það mikið að lagið er um einn


metri á þykkt á sumum stöðum. Grunnur byggingar var ekki skoðaður sérstaklega en skemmd timburgrindar og það sem eftir er af klæðningu gefa til kynna verulega eyðileggingu á lægstu gólfbitum. Viðbyggingar við austurhlið hafa hrunið til grunna fyrir utan stuttan bít af torfvegg sem stendur enn. Ekkert er eftir af viðbyggingum á norðurhliðinni en hægt er að sjá móta fyrir útlínun þeirra á jörðinni.



Framhlið bæjarins. Mælt upp og teiknað af Keith Dalby arkitekt í júlí 2012.


⁹⁰² Ópr. heim. Mí. Keith Dalby (2012). *Bergsstaðir í Svartárdal í Skagafirði* (sic!).

Steinar úr nágrenninu hafa verið notaðir sem grunnur byggingar. Grunnurinn er greinanlegur í suðvesturhorni byggingar. Timburgrind hússins samanstendur af ca. 120 × 120 mm bitum og stoðum. Ytri borðaklæðning á vesturhlið er í stærðinni 20 + 115 mm og á suðurhlið er svipað efni í klæðningu nema það er greinanlegur munur á breidd borða. Efri hluta timburgrindar svipar til stærðar fyrstu hæðar. Uppbygging þaks er í góðu ásíðkomulagi fyrir utan þakborðin. Sperrur eru um 110 × 120 mm og er ca. 1,2 metra bil á milli hvers og eins. Þakborð eru mismunandi að breidd en eru öll 32 mm að þykkt.



Grunnmynd efri hæðar bæjarins. Mælt upp og teiknað af Keith Dalby arkitekt í júlí 2012.

Þakgluggar samanstanda af tveimur gluggarömmum með lóðréttum pósti í miðju. Þakgluggarnir eru báðir í slæmu ásíðkomulagi. Á gólfi á annarri hæð eru 25 mm þykkar gólfjalir sem ýmist eru 110 mm og 140 mm að breidd. Grind innri skilveggja á báðum hæðum er um 80 mm á þykkt og klædd timburfjöllum sem eru mismunandi á breidd og þykkt. Eini strompurinn sem var mældur er staðsettur fyrir miðju meðfram austurvegg. Er hann steiptur og hefur þjónað nokkrum herbergjum. Stigi upp á aðra hæð hefur líklega verið staðsettur á gangi sem lá milli timburbyggingar og torfviðbyggingar á austurhlið. Gangurinn hefur líklega verið með bárujárnsþaki en þakið er hrunið.



Þversnið og suðurgafi bæjarins. Mælt upp og teiknað af Keith Dalby arkitekt í júlí 2012.

Torfþakið hefur eyðst talsvert mikið á öllum þökum og hefur valdið því að þakskeggið hefur losnað frá á suðvesturhlið byggingarinnar. Ekki var hægt að finna nákvæmlega út þykkt torfsins en virðist það að meðaltali hafa verið rúmlega 250 mm. Í suðausturhorni hefur eyðing torfs yfir langt tímaskið valdið því að þakborðin hafa fallið saman og veikt timburgrindina á því svæði. [...] Gluggar á fyrstu hæð voru mældir nákvæmlega, að mestu út frá syðsta glugganum á vesturhlið. Engar hurðir voru til staðar en dyrafaldrar voru mældir. Gluggar á annarri hæð voru mældir ásamt borðaklæðningu, þakskeggjum og vindskeiðum.

Niðurstöður Keiths Dalby arkitekts um ástand og varðveislugildi hússins voru að öðru leyti þessar:

Það er mitt mat að ekki sé hægt að gera upp bygginguna. Talsverð hætta er á að byggingin hrynji sökum skemmda sem auðveldlega má greina í timburgrindinni. Það er vel skiljanlegt að ekki sé áhugi fyrir að

gera upp bygginguna þar sem hana þyrfti líklega að rífa og endurbyggja nánast frá grunni og þar með yrði lítið eftir af upprunalegu efni byggingar. Hins vegar skal það áréttað, að ekki skyldi rífa bygginguna né fjarlægja hana á annan hátt þar sem hún sýnir tengsl og þróun Bergsstaða sem kirkjubýlis í gegnum tíðina. Tel ég mikilvægt að varðveita bygginguna með því að fyrirbyggja frekari skemmdir og gera hana aðgengilega og öruggari, þar sem hún getur gefið kynslóðum framtíðar aukinn skilning á búskaparháttum fyrri tíma og þróun híbýla á Íslandi.



Leifar af gluggum og innansmíði bæjarins. (Ljós. Keith Dalby í júlí 2012.)

Önnur en lauslegri úttekt var gerð á húsinu sumarið 2013 af höfundum ritsins *Eyðibýli á Íslandi V*, en þeim reiknaðist til að húsið væri 41 fermetri að grunnfleti:

Húsið er framhús torfbæjar, sem er að öðru leyti hruninn. Framhúsið er af *Marbælisgerð*. [...] Húsið stendur fallega í hlíðinni, langhlið þess snýr í átt að vegi, um 10 metra löng með tveimur kvistum. Húsið hefur hlaðnar undirstöður, eina hæð og portbyggt ris. Þak er úr timburgrind og klætt með torfi, en klæðning þaks á suðurhelmingi hússins er að hluta til fallin. Líklegt er að suðurhelmingurinn, sunnan kvistsins, sé viðbygging. Útveggir eru úr timbri, einangraðir með torfi. Upp við austurhlið eru rústir torfhlaðinna veggja torfbæjarins, sem framhúsið var byggt við. Gluggar eru allir opnir, sumir þeirra hafa enn pósta og fög. Inngangur er nyrst á vesturhlið hússins, þar er gengið inn gang sem síðan leiðir inn í rými jarðhæðar. Engin hurð er í húsinu. Gólf eru einungis moldarbreiður á jarðhæð og milliloft milli hæða er að hluta til hrunið. Eitthvað er um fastan húsbúnað og einstaka lausan húsbúnað má sjá, til dæmis rúm í risi.⁹⁰³

Um sérstöðu og varðveislugildi hússins segir enn fremur í ritinu:

Byggingarlag hússins er áhugavert og það gefur skemmtilegan heildarsvip með Bergsstaðakirkju. Ástand hússins er þannig að lítið af efni þess er hægt að nýta til uppgerðar svo húsið verði nothæft. Hins vegar væri jákvætt að sjá gert við það til að halda í sögu byggingarlagsins og heildarsvip bæjarhlaðsins.



Framhlið bæjarins sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Línadal.)

⁹⁰³ *Eyðibýli á Íslandi V*, s. 117.



Horft heim að Bergsstöðum og Bergsstaðakirkju sumarið 2015. (Ljósmynd. Páll J. Lindal.)

Hugsanlega eru örlög gamla bæjarins nú ráðin, því að skv. upplýsingum frá Sigþrúði Friðriksdóttur á Bergsstöðum hefur sveitarstjórn Húnavatnshrepps veitt leyfi fyrir niðurrifi bæjarins. Það liggur þó fyrir, að sú ákvörðun hefur verið tekin án samþykkis minjavarðar Norðurlands vestra.⁹⁰⁴

Framhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1917/1918
Fyrstu eigendur: Björn Stefánsson og Guðrún S. Ólafsdóttir

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Hefur staðið autt og ónotað frá 1963.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Torf/timbur	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Torf	Óbreytt
Undirstaða:	Grjóthlaðin	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Portbyggt ris	Óbreytt
	Stærð	
	Kvistir (2)	Óbreytt
	Gluggar	Horfnir

Helstu einkenni/breytingar

Upphaflega voru framhlið (vesturhlið) og suðurgafli úr timbri með láréttri klæðningu og austurhliðin úr torfi (nú að mestu fallin), en við norðurgafli stóð gamalt stofuhús úr timbri.

Torf er að mestu horfið af austurhlið þekjunnar.

6 × 17 álnir / 3,80 × 10,85 m / 41 m² / 127 m³.

Tveir litlir kvistir með mænisþökum eru á vesturhlið þaksins. Gluggar eru að mestu ónýtir, en með upphaflegum körmum og stöku pósti.

Varðveislumat


Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Bærinn er framhús af Marbælisgerð og er ásamt húsinu í Bratta-hlíð eina íbúðarhúsið af þeirri gerð, sem ennþá er varðveitt með torf- og timburveggjum í Húnavatnshreppi.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er vegna byggingarlags fágætt dæmi um seinasta skeiðið í þróun torfbæjarins, þ.e. millistigið frá torfbæ til steinhúsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er áberandi og fer vel á fögru bæjarstæði og gefur hinum forna kirkjustað friðsælt yfirbragð ásamt kirkjunni.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Þrátt fyrir mikla hrörnun er bærinn í megindrátum í upprunalegu formi.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Ástand hússins er afar slæmt, svo að varla verður nema lítil hluti þess nýttur við endurgerð.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur afar mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
iðurstaða varðveislumats:		Mikilvægt er að stuðlað verði að varðveislu hússins í einhverri mynd og reynt að forða því frá frekari skemmdum. Húsið er friðað

skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Lagt er til að húsið og nánasta umhverfi þess (þ.á m. hið forna kirkjustæði og grafreitir) verði vernduð til frambúðar með hverfisvernd í aðal- og deiliskipulagi skv. 2. gr. kipunagslaga nr. 123/2010.

⁹⁰⁴ Heim. Sigþrúður Friðriksdóttir 10. mars 2019; Ópr. heim. Mí. Tölvupóstur frá minjaverði Norðurlands vestra 19. mars 2019.

3.5.14 Bergsstaðakirkja


Fyrr á öldum stóð kirkjan uppi á hólnum, fram af bæjarhlaði, og grafreitir umhverfis, enda ekki annað vitað en að þar hafi bæjarstæðið verið frá öröfi alda. Elsta heimild um kirkjuna er máldagi Auðunar rauða Hólabiskups frá um 1318. Auk þess geymir þjóðsagan minni um Gunnar prest, sem í tíð biskups (1313-1321) lét reisa rammgera og vandaða kirkju úr rauðaviði af rekafjörum stólsins á Skaga.⁹⁰⁵



Þegar séra Stefán M. Jónsson tók við Bergsstöðum árið 1876, stóð þar mjög hrörleg torfkirkja með timburgöflum, sem byggð var um 1823. Hún var í fimm stafgölfum með kórþili, 12 álnir á lengd og 6 álnir á breidd. Árið 1882 var ákveðið að ráðast í byggingu nýrrar kirkju. Til þess var ráðinn Þorsteinn Sigurðsson (1859-1921), trésmíðameistari á Sauðárkróki, þá aðeins 23 ára gamall, en með honum að smíðinni vann Eiríkur Jónsson (1863-1948), bóndi og trésmíður í Djúpadal í Blönduhlíð.⁹⁰⁶

Vesturstafn Bergsstaðakirkju í upphafegri gerð í mkv. 1:100 skv. úttektum. Teikning: Hjörleifur Stefánsson arkitekt. (Kirkjur Íslands VIII, s. 46.)

Kirkjunni var valinn staður talsvert neðan bæjarhúsanna, þar sem landhalli var nokkru minni og nægt rými fyrir nýjan kirkjugarð. Sá eldri var orðinn útgrafinn, þótt áfram væri grafið í hann um nokkurt skeið. Sumarið 1895 gat prófastur þess í vísitasíu, að þá væri nýbyggður kirkjugarður vestan kirkjunnar og hefur hann síðan verið færður út oft en einu sinni. Gamli garðurinn uppi á hólnum var þá sléttaður og sjást hans nú ekki önnur merki en snyrtilegur grjótstallur, sem hlaðinn var sumarið 1995 til minningar um, að þar hafi verið grafreitir frá 14.



öld. Ofan á stallinum er járnkross úr steypujárni, sem áður stóð á gröf Hildar Eiríksdóttur (1808-1879), tengdamóður séra Stefáns M. Jónssonar.⁹⁰⁷

Grunnmynd Bergsstaðakirkju í mkv. 1:100, teiknuð af Hjörleifi Stefánssyni arkitekt. (Kirkjur Íslands VIII, s. 55.)

Nokkru áður en hugað var að byggingu kirkjunnar hafði Sveinbjörn Jaobsen, kaupmaður á Sauðárkróki, flutt frá Nor-egi tilhöggvinn húsavið í vöruskemmu,

sem eftir gjaldprot hans í árslok 1878 varð eign Gránufélagsins. Geymst hafa sagnir um, að þessi viður hafi verið keyptur til kirkjubyggingarinnar að undirlagi Þorsteins kirkjusmiðs. Unnið var að smíðinni sumarið 1883 og fór vígsla hennar fram síðar á því ári, en vígsludagurinn finnst hvergi skráður.⁹⁰⁸

Lýsing kirkjunnar

Kirkjan er timburhús á grjóthlöðnum sökkli með krossreistu mænispaki, gaflsneiddu að austanverðu og með turni yfir vesturgafli. Hún er 9,36 × 6,21 m að grunnfleti (innanmál). Veggir eru gerðir úr hefð-

⁹⁰⁵ Kirkjur Íslands VIII, s. 44.

⁹⁰⁶ Kirkjur Íslands VIII, s. 45-48.

⁹⁰⁷ Kirkjur Íslands VIII, s. 44 og 70-71; Sigurjón Guðmundsson (1984), s. 98.

⁹⁰⁸ Kirkjur Íslands VIII, s. 47-48; Sigurjón Guðmundsson (1984), s. 97.

bundnu 19. aldar bindingsverki og klæddir að utan með listasúð. Á hvorri langhlið eru þrjár átta rúðna gluggar, tveir slíkir á austurgafli, sinn hvorum megin altaris, og sá þriðji og nokkru minni yfir altarinu. Yfir dyrum á vesturgafli er gluggi, annar minni á neðri hluta turnsins og sá þriðji og minnsti á efri hluta turnsins. Turninn er ferstrendur að grunnfleti með tveimur misstórum stöllum og toppmynduðum þökum, þar sem hár trékross gengur upp úr hinu efra. Turnþökin eru klædd sléttu járni en sjálft kirkjubakið bárujárni, en voru upphaflega klædd pappa á sléttplægða borðasúð.⁹⁰⁹



Bergsstaðakirkja á fyrri hluta síðustu aldar, ennþá með upphaflegri klæðningu. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Kirkjan er án forkirkju og undir einu formi, þannig að kór og kirkjuskip mynda samfelld rými. Turninn er yfir fremsta hluta þess, þar sem gengt er upp á loftið, sem hvílir á tveimur þverbitum. Að öðru leyti er hvelving yfir kirkjurýminu, sem nemur þremur fjórðu af lengd hússins, en yfir kórskilum er þverbiti



á mörkum veggja og hvelfingar. Altari á horn-sneiddum palli er fyrir miðjum austurgafli og mjóir setubekkir meðfram veggjum í kórnum. Í framkirkju eru sjö bekkir að norðanverðu, auk bekkjar sem er áfastur vesturgafli. Að sunnan-verðu eru átta bekkir og sá innsti aðeins hálfur að lengd vegna prédikunarstólsins við suður-vegg á mótum kórs og kirkjuskips.⁹¹⁰ Rúmar kirkjan um 90 manns í sæti.⁹¹¹

Kirkjan með lárétrri timburklæðningu, sem sett var á húsið við endurbætur á því 1958-1960. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Nánari lýsing Hjörleifs Stefánssonar arkitekts á ytri og innri gerð kirkjunnar, byggingar- og viðhaldssögu hennar ásamt teikningum er birt í *Kirkjum*

⁹⁰⁹ *Kirkjur Íslands* VIII, s. 48-50 og 56-59; <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/564>.

⁹¹⁰ *Kirkjur Íslands* VIII, s. 59-60.

⁹¹¹ Sigurjón Guðmundsson (1984), s. 98.

Íslands VIII (s. 45-62). Þar getur þess meðal annars, að Bergsstaðakirkja sé að líkindum fyrsta kirkjan, sem Þorsteinn Sigurðsson reisti. Að eigin sögn stóð hann að smíði 14 kirkna á landinu og er talinn frumkvöðull að smíði kirkna með turni og forkirkju. Má því líta á „Bergsstaðakirkju sem aðdraganda þeirrar gerðar“. Önnur sérkenni hennar eru fólgin í „gluggum og gluggabúnaði sem er jafnframt hennar helsta prýði“, svo og gaflsneiðingu þaksins yfir austurgafli, sem er sjaldgæft sérkenni á kirkjum héraendis.⁹¹²



Horft ofan frá gamla kirkjustæðinu vestur yfir Bergsstaðakirkju. Næst er steinhlaðinn stallur með krossi úr steypu-járni, sem upphaflega var á leiði Hildar Eiríksdóttur (1808-1879). Ljósm. Ívar Brynjólfsson. (Kirkjur Íslands VIII, s. 71.)

Kirkjan var í umsjón staðarhaldara til ársins 1915, er séra Björn Stefánsson afhenti söfnuðinum hana til umsjár og eignar. Frá því fyrsta er viðhaldssaga hennar vörðuð baráttu við þrálátan hússleka og fúaskemmdir. Þrátt fyrir talsverðar endurbætur var hrörnun hússins slík, að til álita kom árið 1939 að telja kirkjuna ónýta. Ráðist var í umfangsmiklar viðgerðir og breytingar á kirkjunni árin 1958-1960 og var kirkjan endurvígð 16. júlí 1960.

„[V]oru breytingarnar heldur til hins verra hvað varðar byggingarlistarlegt gildi.“ Sótti þó fljótlega í sama horf með ástand kirkjunnar, svo að um 1990 þótti ýmsum „að henni væri vart viðbjargandi“. Með tilstyrk Húsafriðunarnefndar hófst þó undirbúningur að gagngerrri viðgerð hennar, sem framkvæmd var á árunum 1996-1998 af Grétari Guðmundssyni trésmíðameistara undir leiðsögn Hjörleifs Stefánssonar arkitekts. Þar var leitast við „að færa kirkjuna nær upprunalegum glæsi-leika en jafnframt að gera tæknilegar endurbætur á þeim smíðagöllum sem mestu höfðu valdið um hrörnun hennar“. Enn um sinn eru þó óunnar endurbætur á innansmíð kirkjunnar.⁹¹³



912 Kirkjur Íslands VIII, s. 60-61.
913 Kirkjur Íslands VIII, s. 50-55.

Bergsstaðakirkja – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1883	
Fyrsti eigandi:	Sr. Stefán M. Jónsson staðarhaldari	Upphafleg notkun: Sóknarkirkja
Hönnuður:	Þorsteinn Sigurðsson	Núverandi notkun: Sóknarkirkja
Yfirsniður:	Þorsteinn Sigurðsson	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur	Óbreytt	Húsgrindin er bindingsverk klædd að utan með listasúð.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	Kirkjan er með krossreistu og gaflsneiddu mænisþaki, en turnþökin eru toppmynduð.
Þakklæðning:	Pappi	Járn	Upphaflega pappklædd borðasúð, en nú er kirkjubakið klætt bárujárni og turnþökin sléttu járn.
Sökkull:	Grjóthlaðinn	Óbreytt	
Stærð:			9,36 × 6,21 m.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Kirkjan er fremur einföld að allri gerð og undir einu formi. Helstu sérkenni hennar eru fólgin í gluggum, gluggabúnaði og gafflsneiddu þaki yfir austurgafli.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Kirkjan er fyrsta kirkjan sem Þorsteinn Sigurðsson kirkjusmiður hannaði og smíðaði.
Umhverfisgildi:	Hátt	Kirkjan sómir sér prýðilega á sléttri grund með umgirtum grafreit.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Kirkjan hefur verið endurbætt mjög hið ytra og er útlit hennar hið ytra svipað því sem það var í upphafi.
Tæknilegt ástand:	Gott	Gagngerar endurbætur voru gerðar á kirkjunni 1996-1998.
Varðveislugildi:	Hátt	Kirkjan hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 skv. aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og síðan friðlýst 31. desember 2012 skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.




Horft inn eftir framkirkju og kór. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

3.5.15 Leifsstaðir I og II

Staðhættir og saga

Næsti bær innan við Bergsstaði austan Svartár er Leifsstaðir. Fyrr á öldum var bæjarstæðið nær bæjargilinu, en húsin tók af í snjóflóði um miðja 17. öld. Var bærinn þá fluttur á tryggari stað og nokkru




sunnar, þar sem hann stendur nú fast við þjóðveginn, sem liggur á bakka árinna. Handan við hana og gegnt bænum er eyðibýlið Seinárgerði (fór í eyði 1916), sem Leifsstaðabændur nytjuðu lengi. Um 1920 var settur kláfur á Svartá, niður undan Leifsstöðum, og notaður í um 20 ár, þar til áin hreif hann með sér í vatna-vöxtum. Enn sjást leifar af steiptum stólpum kláfsins beggja megin ár.⁹¹⁴

Vorið 1909 fluttist að Leifsstöðum Sigurður Benediktsson (1885-1974), keypti jörðina stuttu síðar og bjó þar til æviloka ásamt konu sinni, Ingibjörgu Sigurðardóttur (1894-1959). Sigurður „ræktaði og byggði tvisvar upp bæ sinn, í seinna skiptið tvíbýlishús úr steini“⁹¹⁵ árið 1945. Þá stefndi í það sem seinna varð, að fimm börn þeirra hjóna tóku við búi foreldra sinna og bjuggu þar til æviloka. Tveir bræðranna, Guðmundur (1922-1996) og Sigurður (1926-1984), keyptu jörðina og skiptu henni með sér á árunum 1947-1948 í Leifsstaði I og Leifsstaði II.

Túnakort Leifsstaða 1920. Sigfús Eyjólfsson. Bærinn er syðst í túninu.

Á fyrra býlinu og í suðurhluta tvíbýlishússins bjó síðan Sigurður Sigurðsson ásamt konu sinni, Maríu K. Steingrímsdóttur (1933-), og í sambýli við þrjú systkini, Aðalstein (1929-2005), Sigurbjörgu (1931-2004) og Björn (1930-1988). Hafði Björn jafnan heimili þar, en keypti árið 1951 nábýlisjörðina Skottastaði, ræktaði hana og rak þar stórt fjárbú. Í norðurenda hússins og á Leifsstöðum II bjuggu hins vegar Guðmundur Sigurðsson (1922-1996) og Sonja

S. Wium (1933-2010), en hann síðan einsamall til æviloka.⁹¹⁶ Núverandi eigandi Leifsstaða er sonur þeirra, Óskar Leifur Guðmundsson, bóndi á Eyvindarstöðum, en nú sem stendur er ekki föst búseta á jörðinni.



Torf- og timurbærinn á Leifsstöðum. Baðstofan er til hægri, þá miðalman með bæjardyrum, stofu, eldavélarhúsi og gangi, en til vinstri gamall skáli með hlóðahúsi bakatil. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 743.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbær á Leifsstöðum með þremur heilpiljum og byggði Sigurður Benediktsson bæinn fljótlega upp, eins og kemur fram í fasteignáttekt 1916/17:

⁹¹⁴ *Húnaþing II*, s. 196-197; Jón Torfason (handrit).

⁹¹⁵ *Húnavaka* 15. árg. 1975, s. 133.

⁹¹⁶ *Húnavaka* 15. árg. 1975, s. 132-133, 25. árg. 1985, s. 242, 29. árg. 1989, s. 214, 37. árg. 1997, s. 147-148, 46. árg. 2006, s. 174-175.



„Bæjarhús og geymsluhús úr torfi og timbri, sum gömul en sum í smíðum.“ Húsunum var þannig lýst 1939: „Baðstofa úr torfi og timbri, torfbak, þil fram og að nokkru hliðin að sunnan. Skiptist í 3 herbergi með timburskilrúmunum, $8,8 \times 3,8 \times 2,2 = 73 \text{ m}^3$. Miðálma með timburstafni. Þar í bæjardyr, stofa, eldavélarhús og gangur. Loft yfir til geymslu. Stærðir: Stofa 33 m^3 , bæjardyr 9 m^3 , eldavélarhús 23 m^3 og gangur $11 \text{ m}^3 = 76 \text{ m}^3$. Kjallari undir stofu. Norðast skáli með lofti, 30 m^3 , og hlóðahús 20 m^3 .“

Fjölskyldan á Leifsstöðum framan við gamla bæinn sumarið 1935. (Schweizer, Bruno (2003 III), s. 238.)

Íbúðarhús

Árið 1945 létu Sigurður Benediktsson og Ingibjörg Sigurðardóttir byggja steinsteypt tvíbýlishús á einni hæð með lágu gaflsneiddu risi eða valmapaki og kjallara, sem stendur að hálfu úr jörðu. Húsið var teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðarins, en uppdráttur að því hefur ekki enn komið í leitirnar þrátt



fyrir eftirgrennslan.⁹¹⁷ Að formgerð er húsið einsonar afbrigði af funkisstíl. Svipar því mjög til svokallaðs „Hreppshúss“, sem byggt var sama ár á Blönduósi (Hnjúkabyggð 4).⁹¹⁸ Yfirsmiður hússins á Leifsstöðum var Guðmundur Tryggvason (1918-2009), bóndi og smiður í Finnstungu, tengdasonur Sigurðar og Ingibjargar.⁹¹⁹

Prúðbúið fólk framan við íbúðarhúsið árið 1967. (Þf. Bygginga-stofnun landbúnaðarins 2005 A/187.)



Leifsstaðir um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Húsið er $13,60 \times 6,50 \text{ m}$ að grunnfleti og eru í því tvær jafnstórar íbúðir, 89 m^2 að gólfleti og 237 m^3 að stærð, „aðskildar með lóðréttum vegg“, eins og lýst var í virðingargjörð 1947. Syðri hluti hússins tilheyrir Leifsstöðum I og sá nyrðri Leifsstöðum II. Við vesturhlið hússins voru til skamms tíma steinsteyptar tröppur með handriðum við útidyr í sinn hvorn enda hússins og undir þeim inngangur í kjallara. Nú hafa tröppurnar verið fjarlægðar ásamt steinsteyptum reykháfi og einnig svalir úr timbri, sem fyrrum voru með suðurgafli hússins. Í stað þeirra er komin timburverönd meðfram vesturhlið með trétröppum fyrir miðju. Eins hefur gluggagerð verið breytt, þ.e. settir einpósta gluggar í stað kross-

⁹¹⁷ Skv. skjalasafni Teiknistofu landbúnaðarins fékk Sigurður Benediktsson senda teikningu (nr. 386) að íbúðarhúsi 24. apríl 1945, en hún hefur ekki komið í leitirnar.

⁹¹⁸ Blönduós. Verndarsvæði í byggð, s. 112.

⁹¹⁹ Heim. María Steingrímsdóttir 13. febr. 2019.

pósta, og suðurhlið hússins verið einangruð og klædd að utan. Húsið er því talsvert breytt frá upphaflegri gerð og ásýnd þess löskuð.



Íbúðarhúsið á Leifstöðum um 1990. (Skjalasafn skipulags- og byggingafultrúa Húnavatnshrepps.)



Íbúðarhúsið á Leifstöðum sumarið 2015 (að ofan) og 9. október 2018. (Ljós m. Páll J. Líndal / Gunnlaugur Haraldsson.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1945	
Fyrstu eigendur:	Sigurður Benediktsson og Ingibjörg Sigurðardóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirmiður:	Guðmundur Tryggvason	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Valmaþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		13,60 × 6,50 m / 178 m ² - 474 m ³
	Reykháfur	Horfinn	
	Útitröppur	Horfnar	
	Gluggar	Breyttir	Krosspósta gluggum hefur verið skipt út fyrir glugga með einum lóðréttum pósti.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Er að formgerð einskonar afbrigði funkisstíls.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur þjónað hlutverki sínu sem íveruhús í rúm 70 ár.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið sómir sér ágætlega á bæjarstæðinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur verið breytt að utan með því að útitröppur hafa verið fjarlægðar og gluggar endurnýjaðir með breyttu sniði.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist vera í þokkalegu standi og viðhaldi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað, ef ekki finnast upprunalegar teikningar að því.



Fjós

Árið 1939 voru ekki önnur steinsteypt útihús á jörðinni en *haughús* (31,5 m³) og *votheyslaða* (15,3 m³), hvorttveggja með járnpaki, svo og *hundahreinsunarkofi* (30 m³) með „lélegu torfpaki“, 4 × 3,5 × 2,2 m að stærð. Þessi hús eru nú öll horfin, en nærri íbúðarhúsinu er ennþá uppistandandi steinsteypt *fjós* (nú notað sem hesthús), sem byggt var 1945 og tilheyrði báðum býlunum. Er því hvor helmingur þess 34,2 fermetrar að grunnfleti, skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018, og hýstu þeir áður fyrr samtals 12 nautgripi. Húsið hefur verið endurbætt mikið á síðustu árum og langhliðar þess klæddar að utan með lárétrri bárujárnsklæðningu. Við sinn hvorn gaflegg er áföst skúrbygging með einhalla þaki, sú stærri 3,0 × 7,70 m að gólfleti.⁹²⁰



Fjós – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1945	
Fyrstu eigendur:	Sigurður Benediktsson og Ingibjörg Sigurðardóttir	Upphafleg notkun: Fjós
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins	Núverandi notkun: Hesthús
Yfirsmiður:	Guðmundur Tryggvason	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	Húsið er að mestu klætt að utan með bárujárnsklæðningu.
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	

⁹²⁰ Skjalasafn skipulags- og byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps. Uppmæling Hrafns Þórissonar pr. 4. júní 1999.


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er einfalt útihús úr steinsteypu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur einungis þjónað hlutverki sínu sem gripahús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið setur nokkurn svip á annars fremur berangurslegt bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið virðist tiltölulega óbreytt að frátaldri járnklæðningu.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu standi og viðhaldi.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur lítið varðveislugildi.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er talin þörf á sérstökum ráðstöfunum til varðveislu hússins.

3.5.16 Steiná I (III)

Staðhættir og saga


Steiná er næsti bær framán við Leifsstaði, en vestan Svartár. Bærinn stendur á hjalla ofarlega í gamla túninu, á norðurbakka Steinár (Steinárlækjar), sem á upptök í flóafenjnum uppi á hálsinum. Fyrrum var bænhús á Steiná, sem þjónað var frá Bergsstöðum. Guðshúsið stóð enn uppi árið 1708, en var þá notað sem skemma af ábúanda jarðarinnar. Frá árinu 1959 hefur verið þrífýlt á Steiná eftir að jörðinni var skipt og stofnuð nýbýlin Steiná II og Steiná III, árin 1959 og 1960. Byggt var steinhús á því fyrrnefnda 1960-1965 og á því síðarnefnda 1964-1965. Húsið á Steiná III er sambyggt húsinu á Steiná I, en íbúðarhúsið að Steiná II stendur örskammt neðan við hin húsin.⁹²¹



Túnakort Steinár 1920 (Sigfús Eyjólfsson) og suðurhlíð bæjarhúsa 1935. Til vinstri er baðstofufastafninn og maskínuhús til hægri. (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 249.)



Ábúendur á Steiná frá 1901 til 1930 voru Sigurður Jakobsson (1859-1945) og eiginkonur hans, Lilja Sigurðardóttir (1850-1906) og Ingibjörg H. Sigurðardóttir (1880-1969). Í sambýli við þau bjuggu Jón (1882-1924), sonur Sigurðar og Lilju, og kona hans Ingibjörg G. Bjarnadóttir (1888-1968). Síðan hefur jörðin verið setin af afkomendum Sigurðar. Frá 1929 bjuggu á Steiná I Stefán Þ. Sigurðsson (1907-2000) og Ragnheiður Rósa Jónsdóttir (1908-1997), svo og Jakob Sigurðsson (1920-1991), sem bjó í heimili þeirra, en rak annars bú á Hóli. Síðan hafa búið á Steiná I og III Sigurjón Stefánsson (1938-) og Katrín Grímsdóttir (1945-2015), svo og sonur þeirra og tengdadóttir, Jakob Sigurjónsson (1969-) og



Sesselja Sturludóttir (1972-), sem einnig nýta jörðina Hól til búskapar. Núverandi ábúendur á Steiná II eru Óskar Ólafsson (1959-) og Herdís Jakobsdóttir (1963-).⁹²²

Grunnteikning af bæjarhúsum á Steiná 1935, gerð af Bruno Schweizer (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 241.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn á Steiná með þremur heilþiljum og einu hálfþili. Í fasteignauttekt 1916/18 voru bæjarhúsin sögð „all-mikil [...], en flest gömul og gölluð“. Var þó búið áfram í bænum til

⁹²¹ Húnabing II, s. 198-200; Jón Torfason (2007), s. 143; Jón Torfason (2006).

⁹²² Húnavaka 32. árg. 1992, s. 230-231, 38. árg. 1998, s. 151-152, 41. árg. 2001, s. 173-175.

ársins 1939, er flutt var í nýbyggt steinhús. Ljósmynd af bæjarhúsum og teikning Brunos Schweizer frá 1935 segir nokkuð um gerð gamla bæjarins og verður honum ekki lýst hér frekar.



Horft heim að Steiná sumarið 1935 og 1977. (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 240. / Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús

Árið 1939 létu Stefán Þ. Sigurðsson og Ragnheiður Jónsdóttir byggja steinsteypt íbúðarhús á jörðinni og var það *annað fyrsta steinhúsið, sem byggt var í Svartárdal*, næst á eftir íbúðarhúsinu á Eiríksstöðum, sem byggt var árið áður. Húsin voru mjög svipuð að gerð og jafnvel byggð eftir sömu teikningu. Húsið á Steiná var teiknað hjá Teiknistofu byggingar- og landnámsráðgjafar og byggð af Ágústi Hreggviðssyni (1888-1970), bryggjusmiði og verkstjóra á Sauðárkróki. Byggingu hússins lýsti Stefán þannig:

Það var hægt að flytja allt á vörubílum. Mölin í steypuna var sótt hérna niður að ánni, tekin við lækjarósin. Hún var ekki mjög góð, en það hefur ekki komið að sök. Það var Ágúst Jónsson á Blönduósi sem flutti allt fyrir mig. Við hræðum steypuna í tunnu sem dregin var af hesti. Smiðurinn, Ágúst Hreggviðsson, ein-




stakur atorkumaður var hjá mér í 100 daga og ég greiddi honum 13 krónur á dag. Húsið var alveg búið um veturnætur. Ég fékk mikið af efninu lánað hjá Kaupfélaginu. Þá var Pétur Theódórs kaupfélagsstjóri, og hann sá þörfina á að byggja húsið. Ég var orðinn skuldlaus eftir þrjú ár og hefði byggt stærra ef ég hefði átt eitthvað þegar ég byrjaði.⁹²³

Íbúðarhúsið á Steiná I, byggt 1939 í funkistíl með valmaþaki. Myndin var tekin um eða skömmu eftir 1950; steinsteypta fjósið (lengst t.v.) nýbyggt, en hlaðan frá 1956 er óbyggð. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 764.)

Svohljóðandi úttekt var gerð á húsinu sumarið 1939, þ.e. rétt áður en flutt var í húsið: „Íbúðarhús úr steinsteypu í byggingu. Stærð 6,9 × 6,1 m vegg-hæð frá kjallaragólfi 4,5, rishæð 1 m = 190 m³. Útveggir einfaldir steinveggir, þiljaðir innan á stofu-hæð með pappalagi og torfstoppi, skilrúm í kjallara steypu, á stofuhæð eitt skilrúm steypu, hin úr

⁹²³ Húnavaka 25. árg. 1985, s. 97-98.

timbri, tvöföld. Gólf og loft úr timbri, einföld nema í kjallara steyp gólf. Þak borðasúð og bikaður pappi (valmapak), steypar þakrennur. Eitt herbergi í kjallara með þiljuðum veggjum og timburgólfi. Á stofuhæð 4 herbergi og forstofa. Í kjallara 4 herbergi og stigagangur. Við útidyr steypar tröppur og stigapallur. Þar undir útidyr á kjallara. Í húsinu er miðstöð frá katli, 4 vatnsöfnar, vatnsleiðsla og á að vera vatnssalerni. Stofuhæð að mestu klár undir málningu. Kjallahæð ekki klár, vantar hurðir og fleira.“



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu á Steiná I. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/9, nr. 334.)




Íbúðarhúsið á Steiná I með upphaflegu sniði, myndin tekin í júní 1962. (Ljósm. Ingar Gýgjar Jónsson. Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/267.)

Íbúðarhúsið er 41,5 m² að grunnfleti, ein hæð með kjallara, sem stendur að mestu úr jörðu, en inn-göngudyr í hann eru undir útitröppum á austurhlið. Áföst norðurhlið hússins er timburviðbygging með skúrpaki, sem byggð var 1953 og hýsir geymslu.⁹²⁴ Á húsinu var upphaflega lágreist valmaþak, en árin 1966-1967 var sett á það einhalla þak með upphækkun að austanverðu samhliða öðrum endur-bótum, sem gerðar voru á húsinu bæði að utan og innan. Þessar breytingar á þakgerð hússins voru



gerðar skv. teikningu Ólafs Jónssonar (1934-) húsasmíðs að byggingu nýs íbúðarhúss við suðurhlið hússins (Steiná III) og samþykkt var af Teiknistofu landbúnaðarins 12. desember 1963, en Ólafur hafði jafnframt umsjón með framkvæmdum.⁹²⁵

Steiná I og III um 1977. Til vinstri er íbúðarhúsið á Steiná III (byggt 1964), sem er sambyggt Steiná I, en til hægri standa fjós og heyhlaða. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Uppdráttur Ólafs Jónssonar að íbúðarhúsinu Steiná III, gerður 31. ágúst 1963 og samþykktur af Teiknistofu landbúnaðarins 12. desember 1963. (PÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/267.)



Horft heim að Steiná sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Lindal.)

⁹²⁴ Heim. Sigurjón Stefánsson 11. mars 2019.

⁹²⁵ PÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/267.



Íbúðarhúsin að Steiná I og III 9. október 2018. (Ljósmynd. Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1939	Upphafleg notkun:	Íbúðarhús
Fyrstu eigendur:	Stefán Þórarinn Sigurðsson og Ragnheiður Jónsdóttir	Núverandi notkun:	Íbúðarhús
Hönnun:	Teiknistofa landbúnaðarins		
Yfirmsiður:	Ágúst Hreggviðsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Valmaþak	Einhalla þak	Þakgerð hússins var breytt árið 1967 skv. teikningu Ólafs Jónssonar húsasmiðs á Steiná II.
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	
	Stærð		6,9 × 6,1 m (skv. teikningu 6,56 × 5,90 m) / 41,5 m ² .
	Útitróppur	Óbreytt	
	Geymsla	Óbreytt	Við norðurgaffl hússins var reist viðbygging (geymsla) úr timbri með einhalla þaki árið 1953.

Varðveislumat

Listrænt gildi/byggingarlist:	Lágt	Húsið var upphaflega í funkisstíl að formgerð með valmaþaki, sem síðar var breytt í einhalla þak.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er <i>annað fyrsta steinsteypta íbúðarhúsið</i> , sem byggt var í Svartárdal.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur hátt á fögru bæjarstæði og nýtur sín vel.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur öðlast nýja ásýnd með breyttri þakgerð.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu ásigkomulagi og er því vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi, þótt breytingar hafi rýrt gildi þess að talsverðu leyti.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er talin þörf á sérstakri ráðstöfun til varðveislu hússins, en varðveittar eru upprunalegar teikningar að því.

Fjós

Árið 1939 voru öll útihús á jörðinni úr torfi og grjóti nema steinsteypt *votheyshlaða* (32 m³), sem nú mun vera horfin. Uppistandandi eru hins vegar, rétt norðan við íbúðarhúsin, *fjós* með áburðarkjallara (92,6 m²) frá 1949. Það var byggt skv. teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins og var yfirmsiður þess Pálmi Sigurðsson (1914-1992) frá Steiná, húsasmiður á Skagaströnd.⁹²⁶ Sambyggð fjósinu eru *heyhlaða* (69,8 m²) og *votheysturn* (12,6 m²), hvorttveggja byggt 1956. Skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018

⁹²⁶ Heim. Sigurjón Stefánsson 11. mars 2019.

tilheyra þessi hús Steiná III, en voru á sínum tíma byggð af Stefáni Sigurðssyni. Um 1977 var fjósið talið rúma 14 nautgripi, skv. *Húnaþingi* II, s. 198.



Fjós – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1949		
Fyrsti eigandi:	Stefán Þ. Sigurðsson og Ragnheiður Jónsdóttir		Upphafleg notkun: Fjós
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins		Núverandi notkun: Geymsla
Yfirsmiður:	Pálmi Sigurðsson		

<i>Húsgerð</i>	<i>Upphaflegt</i>	<i>Núverandi</i>	<i>Helstu einkenni/breytingar</i>
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænispak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er hefðbundið útihús úr steinsteypu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur eingöngu þjónað hlutverki sínu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið nýtur sín prýðilega á bæjarstæðinu og myndar snotra heild ásamt viðbyggðri hlöðu og votheysgeymslu.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist að flestu leyti halda upprunalegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið virðist vera í þökkalegu ásigkomulagi og viðhaldi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vel færi á því að húsaheildin yrði varðveitt til frambúðar.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki er talin þörf á sérstakri ráðstöfun til varðveislu húsanna.

3.5.17 Skottastaðir

Staðhættir og saga

Skottastaðir eða Skoptastaðir eru næsti bær framan við Leifsstaði og stendur hann austan við ármót



Hólsár og Svartár, gegnt bænum Hóli, þar sem dalurinn sveigir til austurs um sinn. Ofan við bæinn er Svartárdalsfjall, sem skýlir fyrir norðanáttinni, en vestan Svartár gnæfir Oxinn (514 m). Jörðin tilheyrði fyrrum Leifsstöðum og taldist fjórðungur jarðarinnar.⁹²⁷

Túnakort Skottastaða 1920. Sigfús Eyjólfsson.

Á árunum 1909 til 1923 bjuggu á Skottastöðum hjónin Jón Ólafsson (1866-1936) og Sigríður Una Jónsdóttir (1872-1967), foreldrar Ragnheiðar á Steiná, þar sem þau dvöldu síðustu ævi-árin.⁹²⁸ Frá 1923 til 1939 bjuggu þar Halldór Jóhannsson (1895-1982) og Guðrún Guðmundsdóttir (1900-1984), sem síðar bjuggu á Fjósum og Bergsstöðum.⁹²⁹ Voru þau síðustu ábúendur á Skottastöðum og hefur jörðin verið í eyði frá 1939.⁹³⁰

Árið 1951 keypti Skottastaði Björn Sigurðsson (1930-1988) á Leifsstöðum. Hann ræktaði jörðina, reisti stór fjárhús og hlöðu 1954-1955⁹³¹ og rak þar búskap til æviloka, en átti þó ætíð heimili á Leifsstöðum.⁹³²



Séð heim að Skottastöðum sumarið 1935. (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 230.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn á Skottastöðum með aðeins tveimur þiljum, enda voru bæjarhúsin sögð lítil árið 1916/18, „sum gömul og hrörleg, sum stæðileg“, en öll „byggð með torfveggjum og torfþökum“. Þar stóð enn „gamall“ torfbær 1930 og mun hafa hýst ábúendur, lítt endurbættur, allt til búsetuloka.

⁹²⁷ Húnaþing II, s. 202; Jón Torfason (2006).

⁹²⁸ Húnavaka 8. árg. 1968, s. 130, 25. árg. 1985, s. 97, 38. árg. 1998, s. 151.

⁹²⁹ Húnavaka 23. árg. 1983, s. 181-182, 25. árg. 1985, s. 243-244, 32. árg. 1992, s. 232.

⁹³⁰ Heim. Sigurjón Stefánsson á Steiná 9. október 2018.


⁹³¹ Húsin voru byggð 1955 af Aðalsteini Sigurðssyni og skv. uppdrætti nr. 647 frá Teiknistofu landbúnaðarins. Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/256 (virðingargjörð pr. 12. nóv. 1956.)

⁹³² Húnavaka 29. árg. 1989, s. 214.

Sumarið 1935 átti dr. Bruno Schweizer prófessor viðdvöl á Skottastöðum á ferðalagi sínu um landið, svo að þakka má honum þær upplýsingar, sem geymst hafa af húsakynnum.



Frambær gamla torfbæjarins 1935. Lengst til vinstri sér í hesthús, þá burstir skemmu, bæjardyra og skála, en lengst til hægri er gaff baðstofunnar. (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 230.)



Grunnteikning af bæjarhúsunum, gerð af Bruno Schweizer. Í norðausturhorni er ranglega skráð fjárhús, þar sem fjósið var. (Schweizer, Bruno (2003 III, s. 230.)

Hesthús

Samkvæmt fasteignaskrá Þjóðskrár 2018 standa enn á Skottastöðum *hesthús* og *hlaða* (65,8 m²), sem þar eru talin byggð árið 1940. Það ártal miðast við aldur hesthússins, sem er aðfluttur hermanna-braggi frá stríðsárunum. Hlaðan, sem stóð á bak við hann, er hins vegar fallin og tóftin ein eftir að þakið fæk af henni fyrir nokkrum árum.⁹³³ Þessi hús, eða a.m.k. hesthúsið, voru sennilega byggð 1959 eða 1960 af Birni Sigurðssyni á Leifstöðum, sem eins og fyrr segir reisti einnig á jörðinni steinsteyp

⁹³³ Heim. Sigríður S. Þorleifsdóttir, 9. október 2018.

fjánhús og hlöðu árið 1955. Hesthúsbraggann fékk Björn á Skagaströnd.⁹³⁴ Stendur hann nokkurn spöl innan eða austan við þau hús, þ.e. í gömlu túni ofan þjóðveggar og uppi við brekkurætur. Hliðarveggir þess eru hlaðnir úr torfi og grjóti, en suðurstafrinn gerður úr timbri og þekjan klædd torfi. Húsin hafa ekki verið notuð um árabil nema sem skjól fyrir hross, sem höfð hafa verið þar í beitarhólfi hluta ársins.⁹³⁵



Hesthúsið er einn fárra stríðsárabragga, sem enn standa í Húnavatnshreppi. (Ljósmynd. Páll J. Línadal, 2015, og Gunnlaugur Haraldsson, 2018.)

Hesthús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1940	Upphafleg notkun:	Hesthús
Fyrsti eigandi:	Björn Sigurðsson	Núverandi notkun:	Húsið stendur autt.
Húsbyggjandi:	Björn Sigurðsson		

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Torf/grjót/timbur/járn	Óbreytt	
Þakgerð:	Bogmynduð braggagerð	Óbreytt	
Þakklæðning:	Járn/torf	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Húsið er að stofni til braggi frá stríðsárunum.
Menningsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er einn fárra stríðsárabragga, sem ennþá er varðveittur og var nýttur sem peningshús í hreppnum.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur stakt í aflíðandi brekku ofan þjóðveggar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið heldur að flestu leyti upprunalegri gerð og ásýnd.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er í fremur lélegu standi og engri umhirðu.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur sérstöðu sem einn fárra varðveittra minnisvarða um þessa gerð útihúsa í hreppnum.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verið mælt upp og teiknað og jafnframt leitað leiða til að varðveita það til frambúðar.


⁹³⁴ Heim. Sigríður S. Þorleifsdóttir 12. mars 2019; Heim. Sigursteinn Bjarnason 12. mars 2019.

⁹³⁵ Heim. Sigríður S. Þorleifsdóttir 12. mars 2019.

3.5.18 Stafn

Staðhættir og saga

Bærinn Stafn er hinn fremsti í Svartárdal að austan og í um 280 m hæð yfir sjó. Stendur hann skammt



ofan vegar, en brú er á Svartá spölkorn framan við bæinn, syðst í túninu. Allnokkru framar í dalnum er Stafnsrétt á mótum Svartárdals og Fossárdals, mikið mannvirki að fornu og nýju og ein kunnasta skilarétt landsins. Hér endar Svartárdalur, þar sem Svartá kemur framan af heiðinni og fellur niður í dalbotninn að austan um djúpt gil, Stafnsgil. Á Stafni var bænhús til forna.⁹³⁶

Túnakort Stafns 1920. Sigfús Eyjólfsson.

Lengsta ábúð í Stafni á síðustu öld áttu hjónin Sigvaldi Halldórsson (1897-1979) og Steinunn Elísabet Björnsdóttir (1899-1994), sem fluttu á jörðina 1934. Fáum árum síðar keyptu þau Stafn og bjuggu þar til æviloka ásamt Þóri (1925-1992) syni sínum. Síðan tók við jörðinni dóttursonur þeirra, Sigursteinn Bjarnason (1960-), sem búið hefur þar til þessa dags.⁹³⁷

Til hægri er baðstofuhúsið, sem byggt var litlu fyrir 1939, næst eru bæjardyr með heilþili og síðan önnur bæjar- og geymsluhús úr torfi og grjóti. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 758.)



Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn í Stafni með tveimur heilþiljum og einu hálfþili, en í fasteignaúttekt 1916/18 töldust bæjarhúsin „gömul, lítil og léleg“. Árið 1930 var bærinn sagður „gamall en

rakalítill“ og hafði þá nýlega verið byggður „baðstofuendi“. Þessum húsum var þannig lýst 1939: „Bær úr torfi og timbri. Baðstofa gömul með hálfþilistafni, veggir að öðru torf, þak timbursúð og torf, alþiljuð með einu skilrúmi. Stærð 6,5 × 3,8 × 2,2 m = 55 m³. Baðstofuhús nýlegt [var byggð 1938],⁹³⁸ timburhlið og stafn, þak timbursúð, pappi og torf. Veggir þiljaðir innan, stoppaðir með torfi, pappi undir ytri klæðningu. Eitt timburskilrúm, timburgólf. Húsið ómálað. Stærð 7 × 3,8 × 2,8 m = 74 m³. Bæjardyr með þilistafni, lélegar, 10 m³. Göng, uppreft með torfþaki, léleg, 20 m³. Eldhús (hlóðahús), torfhús, stæðilegt, 25 m³. Skáli, gamall og lélegur, 20 m³.“ – Nokkur hluti gömlu bæjarhúsanna stóð fram yfir 1961 og var þá notaður fyrir skepnur, 40-50 kindur.⁹³⁹

⁹³⁶ Páll V. G. Kolka (1950), s. 124; Húnaving II, s. 205; Jón Torfason (2007), s. 144-145; Sveinn Níelsson (1950), s. 233.


⁹³⁷ Húnavaka 20. árg. 1980, s. 144-145, 22. árg. 1982, s. 174-175, 33. árg. 1993, s. 167-168, 35. árg. 1995, s. 183-185.

⁹³⁸ Nákvæm úttekt var gerð á þessari baðstofu 30. okt. 1951, sbr. Hér.A-Hún. Úttektarbók Bólstaðarhlíðarhrepps 1937-1979, s. 30-31, en baðstofan var byggð þar sem áður stóðu búr og eldhús.

⁹³⁹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/266 (virðingargjörð pr. 20. sept. 1961).

Íbúðarhús

Á árunum 1949-1951 byggðu Sigvaldi Halldórsson og Steinunn Björnsdóttir steinsteypt íbúðarhús skv. uppdrætti Teiknistofu landbúnaðarins, en byggingarmeistari var Guðmundur J. Bergmann (1909-1987), bóndi og húsasmíðameistari á Stóru-Giljá og síðar í Öxl í Þingi.⁹⁴⁰ Vottað var af hreppstjóra 15. ágúst 1950, að húsið hefði verið gert fokhelt haustið áður og að nú væri „verið að ganga frá einstaka herbergjum í húsinu, þak frágengið undir járn“, og „efni að miklu leyti heimflutt nema þakjárnið“. Hálfum mánuði síðar, 2. september, var staðan þessi: „Skilrúmsveggir eru fullgerðir, þeir sem steptir eru. Útveggir frágengnir að innan að hálfu. Eitt herbergi frágengið að fullu. Pappapak komið á húsið. Efni að mestu keypt og heimflutt.“ Rúmu ári síðar, eða 30. okt. 1951, gáfu úttektarmenn hreppsins svofellda yfirlýsingu: „Húsið er að mestu frágengið, stofuhæðin. Miðstöðvarhitun, vatnsleiðsla ásamt frárennsli til rotþróar er komið í stand, enda fólkið flutt í húsið. Lofthæðin ekki frágengin, en efni að mestu til. Járnþak er á húsinu. Frágangur virðist okkur sæmilegur.“ Ennfremur var staðfest nærri mánuði síðar, að lokið væri við að múrhúða húsið að utan og væri „frágangur á húsinu hinn prýðilegasti að utan og innan“.⁹⁴¹



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu í Stafni. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/26, nr. 1266.)

⁹⁴⁰ Heim. Sigursteinn Bjarnason 3. febr. 2019.

⁹⁴¹ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/266.

Húsið er ein hæð án kjallara með mænisþaki og portlausu en íbúðarhæfu risi (sjá nánar teikningu). Húsið er 12 × 8 m eða 96 m² að grunnfleti (utanmál) og heildarstærð þess 148,8 m² og 384 m³. Loft-hæð á aðalhæð er 2,40 m og í rishæð 3,20 m. Upphafleg herbergjaskipan var þessi: Á aðalhæð 3 herbergi, eldhús, búr, snyrtiherbergi, fordyri og forstofa, en í rishæð 3 herbergi og eitt ófrágengið.

Húsið heldur í stórum dráttum upphaflegu svipmóti, en hefur þó verið klætt að utan með stálklæðningu og gluggagerð þess verið breytt. Við norðurstafn hússins er véla- og verkfærahús (131,5 m²) frá 1960, en sunnan við húsið er afgirtur garður með vöxtulegum trjám.



Íbúðarhúsið í Stafni um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1949-1951
 Fyrstu eigendur: Sigvaldi Halldórsson og Steinunn E. Björnsdóttir
 Hönnun: Teiknistofa landbúnaðarins
 Yfirsmiður: Guðmundur J. Bergmann

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Portlaust ris	Óbreytt
	Stærð	Óbreytt
	Reykháfur	Óbreytt
	Gluggar	Breyttir

Helstu einkenni/breytingar
 Húsið hefur verið klætt að utan með stálklæðningu.

12 × 8 m / 148,8 m² - 384 m³.

Gluggagerð hefur verið breytt og póstar fjarlægðir.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Miðlungs
 Menningarsögulegt gildi: Lágt
 Umhverfisgildi: Hátt

Húsið er hefðbundið og snoturt steinsteypuhús með mænisþaki. Húsið hefur þjónað sem íveruhús í tæp 70 ár. Húsið sómir sér prýðilega á bæjarstæðinu ásamt viðbyggingu.

Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið heldur að mestu upprunalegu svipmóti, þrátt fyrir að það hafi verið klætt að utan og gluggasetningu þess breytt.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er í góðu ásigkomulagi og er því vel við haldið.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsið hefur talsvert varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Ekki eru gerðar tillögur ráðstafanir til varðveislu hússins, en varðveittar eru upprunalegar teikningar að því.

Hesthús – braggi

Um 1940 voru engin steinsteypt útihús á jörðinni. Að sögn ábúanda, Sigursteins Bjarnasonar, stóð þá norðan við gamla bæinn ævagamalt fjós. Var það reyndar talið gamalt árið 1884, þegar langamma Sigursteins var vinnukona í Stafni. Í því voru 6 básar fyrir kúr, einn bás fyrir naut og kálfastía. Árið 1943 var þakið tekið af húsinu og viðað að nýju og veggir hlaðnir upp að hluta. Árið 1978 var byggt nýtt fjós og gamla fjósið aflagt fyrir kúr, en notað fyrir smálömb og hænsni í nokkur ár. Það var síðan rífið, en hefði þó verið vandalaust að varðveita það, því að allir veggir stóðu óhaggaðir, máttarviðir ófúnir og mjög sterklegir með ferköntuðum stoðum, 5,5" á kant.⁹⁴²

Nýja fjósið, sem byggt var 1978, var bogaskemma eða braggi úr járni með torfklæddu þaki og hlöðnum veggjum úr torfi og grjóti.⁹⁴³ Það hýsti 6 nautgripi, en brann til grunna 3. janúar 2001.⁹⁴⁴ Samskonar bygging stendur enn í túninu, skammt utan við bæinn og nærri brekkurótum. Um er að ræða hesthús (66 m²), sem byggt var árið 1967, skv. fasteignaskrá Þjóðskrár 2018.



Þetta er áhugavert hús og fellur vel að umhverfi. Þótt það falli aldursins vegna utan þeirra marka, sem þessari húsaskráningu eru sett, er ástæða til að vekja athygli á því og hvetja til þess að það verði varðveitt.

⁹⁴² Heim. Sigursteinn Bjarnason 3. febr. 2019.


⁹⁴³ Heim. Sigursteinn Bjarnason 3. febr. 2019.

⁹⁴⁴ Morgunblaðið 4. jan. 2001, s. 4; Feykir 10. jan. 2001, s. 8.

3.5.19 Fossar

Staðhættir og saga

Fossar voru til skamms tíma fremsti byggði bær í Húnaþingi eftir að grannbýlið Kóngsgarður fór í eyði



1896. Bærinn stendur á fögrum og skjólríkum undirlendis-skika í Fossár- eða Fossadal og vestan Fossárdalsár. Bæjarstæðið er um tvo km sunnan við Stafnsrétt, um 320 m yfir sjávarmáli, og munu Fossar standa hæst bæja í sýslunni. Gegnt bænum er Lækjarhlíðin og yfir gnæfa Háutungur í austurátt, en í mynni dalsins nærri mótum Fossár og Svartár er nokkurt haft, svonefnd Þrengsli, sem löngum þóttu viðsjál yfirferðar. Sunnan þeirra liggur vegurinn upp á Eyvindarstaðaheiði.⁹⁴⁵

Túnakort Fossa 1920. Sigfús Eyjólfsson.

Skv. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1708 var býlið „byggt upp úr fornri selstöðu frá Bergsstöðum“ og var þá enn í eigu staðarins.⁹⁴⁶ Höfðu þó lengi verið þrætur

um eignarhald landsins á Fossárdal, eins og þannig var lýst í jarðabókinni:

Um þessi tvö býli, Fossa og Kóngsgarð, sem standa á Fossárdal, hefur langvarandi, alt inn til næstu tólf ára, sífelður ágreiningur og þræta verið millum Bergstaða staðarhaldara og Stafns eiganda. En Anno 1696 niður slóst þessi deila með friðsamlegri forlíkun millum staðarhaldarans og Stafns eiganda, að Bergsstöðum skyldi fylgja Fossar, en Kóngsgarður Stafni, og hefur þetta verið átölulaust síðan af beggja hendi.⁹⁴⁷

Á Fossum bjó sama ættin í þrjá ættliði um 120 ára skeið, eða frá því að hjónin Guðmundur Sigurðsson (1853-1928) og Engilræð Guðmundsdóttir (1854-1904) hófu þar búskap árið 1891 og til þess að býlið féll úr ábúð 2010. Árið 1917 tók við búi Guðmundur (1893-1976) sonur þeirra, sem bjó þar til 1962 ásamt konu sinni Guðrúnu Þorvaldsdóttur (1901-1949), en síðan synir þeirra þrír frá 1962 til 2010, þ.e. Sigurður (1927-2012), Sigurjón (1935-) og Guðmundur Sigurbjörn (1930-2010), sem kvæntur var Jónu S. Stefánsdóttur (1925-2017).⁹⁴⁸ – Jörðin var eign Bergsstaðakirkju frá fornu fari, eins og áður er lýst, en varð bænda eign árið 1955, er Guðmundur Guðmundsson keypti jörðina.



Bæjarhús á Fossum 1954. (Ljós. Guðni Þórðarson. Þjóðminjasafn Íslands, Þjms. GP-371 og 377.)

⁹⁴⁵ *Húnaþing* II, s. 206; Páll V. G. Kolka (1950), s. 126; Jón Torfason (2007), s. 145.

⁹⁴⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, s. 368.

⁹⁴⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, s. 369-670.

⁹⁴⁸ *Húnaþing* II, s. 206; Páll V. G. Kolka (1950), s. 126; *Húnavaka* 17. árg. 1977, s. 182-183, 52. árg. 2012, s. 108 og 114; Jón Torfason (2007), s. 145

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn á Fossum með tveimur þiljum fram á hlaðið, en skv. fasteignamati 1916/18 þóttu bæjar- og geymsluhúsin „fremur lítil, en stæðileg og sum góð“. Um 1930 var bærinn sagður nokkuð gamall og rakagjarn, en „vel við haldið“. Svofelld lýsing var gefin á húsum jarðarinnar um 1940: „Bær úr torfi og timbri. *Baðstofa*, torfhús alþiljað með háltimburstafni, þak skarsúð og torf, $4,2 \times 3,2 \times 2,5 \text{ m} = 33,5 \text{ m}^3$. *Eldavélarhús*, torfhús þiljað, $3,2 \times 2 \times 2,2 \text{ m}$, og *kjallari* undir, grjóthlaðinn, $3 \times 2 \times 2 \text{ m} = 26 \text{ m}^3$. *Baðstofuhús* nýlegt með þilstafni að hálfu, að öðru torfveggir, torfþak, alþiljað með timbursúð tvöfaldri (slegið neðan á sperrur) $3,6 \times 3,1 \times 2,5 \text{ m} = 28 \text{ m}^3$. *Skáli*, torfhús með timburstafi 22 m^3 , fallið hús en á að gerast upp. *Eldhús* (hlóðahús) gamalt, hrörlegt 19 m^3 . *Bæjardyr* og *göng* með þilstafni 26 m^3 . Í bæinn er rafleiðsla frá einkastöð, nægilegt rafmagn til suðu og hitunar.“ Önnur hús voru *fjós* fyrir 3 kýr og kálf, 2 *hesthús* fyrir 11 hesta, *fjárhús* fyrir 100 fjár og *hlaða* (140 m^3), - allt úr torfi. Steinsteyppt *rafstöðvarhús* með járnþaki, 15 m^3 .



Búið var í gamla torfbænum á Fossum til ársins 1957, er flutt var í nýtt steinsteyppt íbúðarhús. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 719.)



Ekki er lengur föst búseta á Fossum, en þar stendur fallegt og reisulegt íbúðarhús, sem byggt var árið 1957. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson, 9. október 2018.)

Horfið rafstöðvarhús

Öll ofanefnd hús eru nú horfin nema annað *hesthúsið*, sem brátt verður getið. Gömlu bæjarhúsin stóðu þó að einhverju marki fram á 7. áratuginn, en flutt var úr þeim í nýtt steinsteyppt íbúðarhúsið árið 1957.⁹⁴⁹ Sumarið 2018 var illu heilli brotið niður *rafstöðvarhúsið*, sem byggt var árið 1931 í bröttum hvammi rétt ofan við gamla túnið, nokkurn spöl ofan við bæinn. Húsið var þá að miklu leyti fallið og þótti slysgildra, en nú standa einungis sökkulveggir þess, sem skv. lauslegri mælingu voru $2,5 \times 3,0 \text{ m}$ að grunnmáli.⁹⁵⁰

Þrátt fyrir þrengingar kreppunnar og nær algjört vegleysi í dalnum réðst Guðmundur Guðmundsson bóndi í það stórvirki að virkja bæjarlækinn, neðan við lítinn foss í brúninni á dalnum, eins og Sigurjón sonur hans minntist 80 árum síðar: „Faðir minn varð að vinna fimmtán dagsverk til að koma rafaln-

⁹⁴⁹ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/79.

⁹⁵⁰ Vettvangsferð skýrsluhöfunda 9. október 2018; Heim. Sigurjón Guðmundsson 4. mars 2019.

um, sem var þyngsti hlutinn til rafstöðvarinnar, á áfangastað. En stöðin komst upp og malaði gull í fimmtíu ár. Túrbína stöðvarinnar var smíði Bjarna í Hólmi í Landbroti og var númer 61. Hún bilaði aldrei.⁹⁵¹



Rúst rafstöðvarhússins 9. október 2018. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

Rafstöðin var hönnuð og byggð af Stefáni Runólfssyni (1903-1961), rafvirkja á Blönduósi, sem lagði til allt efni til virkjunarinnar. Frá stíflu eða steinsteyptri pró í bæjarlæknum var vatnið leitt í 15 cm víðri járnpiðu um 80 m vegalengd niður í stöðvarhúsið. Fékkst þar um 58 m fall. Túrbínan var smíðuð af bróður Stefáns, Bjarna Runólfssyni (1891-1938), rafvélasmiði í Hólmi, og var tekin til varðveislu, þegar stöðvarhúsið var rifið. Uppgefið afl hennar voru 9 hestöfl eða 4,7 kW. Raflínan heim til bæjar var um 180 m að lengd og borin uppi af um 7 álna háum tréstaurom. Raflagnir innanhúss voru lagðar af Enok Helgasyni, rafvirkjameistara í Hafnarfirði.⁹⁵²



Hestús

Af þeim torf- og grjóthlöðnu útihúsum, sem voru á Fossum um 1940, stendur nú aðeins eftir *hestús* uppi á hólkoli við brekkurætur, skammt ofan við bæinn og umvafið hávöxnum sinuflóka. Um aldur

⁹⁵¹ *Húnavaka* 52. árg. 2012, s. 108-109.

⁹⁵² ÞÍ. Rafmagnseftirlit ríkisins 1999 EB/3. R-146 („Tilkynning um litla vatnsaflsstöð við sveitabæ”, pr. 12. mars 1934).

Þess er ókunnugt, en til hliðar við húsið stóð einnig fyrrum torf- og grjóthlaðið fjárhús, sem nú er horfið. Grjóthleðsla í veggjum og jötu meðfram annarri langhlið hestshússins er nokkuð heilleg, en þekjan víða sigrin og jafnvel fallin að hluta. Húsið mætti þó hæglega endurgera án umtalsverðrar fyrirhafnar, jafnframt því að snyrta nánasta umhverfi þess. Vill reyndar svo ánægjulega til, að nú eru uppi áform um að ráðast í það verkefni.⁹⁵³

Hesthús – grunnupplýsingar

Byggingarár: Óþekkt
 Upphafleg notkun: Hesthús
 Núverandi notkun: Stendur autt.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Torf/grjót	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Árefti/torf	Óbreytt	

Varðveislumat

Listrænt gildi/byggingarlist:	Miðlungs	Látlaust útihús úr torfi og grjóti með hefðbundnu sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Einasta bygging sinnar gerðar, sem varðveitt er á bænum.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur hátt í landi og yrði staðarþýði í endurgerðri mynd
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið heldur upprunalegum sérkennum sínum.
Tæknilegt ástand:	Lélegt	Húsið er í fremur bágu ásigkomulagi, en veggir þó heillegir.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi, enda eitt fárra torf- og grjót-hlaðinna bygginga, sem enn eru varðveitt í Húnavatnshreppi.

Niðurstaða varðveislumats: Lagt er til að húsið verði endurgert og varðveitt til frambúðar. Þótt aldur þess sé ókunnur, má ætla að það sé eldra en 100 ára og þar af leiðandi friðað skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

⁹⁵³ Í bréfi Sigurjóns Guðmundssonar frá Fossum (f. 1935) til skýrsluhöfundar, dags, 4. mars 2019, segir hann eftirfarandi varðandi endurbyggingu torfhússins: „Ég hef rætt þetta við bróðurson minn, Guðmund Guðmundsson, sem býr í Skagafirði og er smiður. Við erum sam-mála um að reyna að endurbyggja hesthúsið í sinni mynd. Hvenær af því verður er ekki ákveðið.“

3.5.20 Kóngsgarður

Staðhættir og saga

Skamman spöl (tæpa 3 km) fram frá Fossum á Fossárdal (Fossadal) eru ennþá leifar eyðibýlis, sem ber hið tignarlega heiti Kóngsgarður. Það mun vera lengst frá sjó allra býla í Húnaþingi og var á sama hátt og Fossar byggt upp úr fornri selstöðu frá Bergsstöðum í Svartárdal. Bæjarstæðið er austan Fossár, í aflíðandi fjallshlíð undir Kóngsgarðstungu, sem rís hæst í 602 m hæð yfir sjávarmáli og er hluti af Háutungum. Býlið á land á austanverðum Fossárdal og liggur landið milli Svartár og Fossár fram að svo nefndum Arnarhól. Undirlendi er takmarkað og ræktun frá ýmsum tímum sundurslitin.⁹⁵⁴



Gripahús á Kóngsgarði árið 1967. (Ljós. Ingvar Gýgjar Jónsson / Skjalasafn skipulags- og byggingafulltrúa Húnavatnshrepps.)

Sagnir eru um búskap í Kóngsgarði á miðöldum og víst er að þar var búið í byrjun 18. aldar.⁹⁵⁵ Þá hafði nýlega (1696) verið útkljáð langvarandi þræta um eignarhald á afréttarlandinu á Fossárdal milli staðarhaldarans á Bergsstöðum og eiganda Stafns. Féll Kóngsgarður þá undir Stafn og hélst það síðan (sjá kafla 3.5.19). Samkvæmt sóknarlýsingu Bergsstaðaklerks frá 1839 var jörðin endurbyggð sem nýlenda árið 1833 eftir að hafa legið í eyði síðan á 15. öld. Ennfremur gat klerkur þess, að skv. fornum máldögum hefði Kóngsgarður legið hálfur undir jörðina Stafn og hálfur undir Bergsstaði, en nú „hafi Stafns-ábúandi sölsað undir sig allan garðinn“.⁹⁵⁶



Horft úr fjallshlíðinni yfir bæjarstæðið og peningshúsin í Kóngsgarði 2008. (Ljós. Minjastofnun Íslands.)

Kóngsgarður var í samfelldri ábúð á árunum 1883 til 1896.⁹⁵⁷ Keypti Lýtingsstaðahreppur þá jörðina ásamt Háutungum af ábúanda Stafns.⁹⁵⁸ Meðal síðustu ábúenda í Kóngsgarði voru Jóhann Guðmundsson (1821-1895) og 3. kona hans, Helga „fagra“ Guðmundsdóttir (1842-1913), sem bjuggu þar frá 1878 til 1889. Hann var lengi vegaverkstjóri víðsvegar um sýsluna og „allra manna skeggprúðastur,

⁹⁵⁴ Páll V. G. Kolka (1950), s. 126-127; Jón Torfason (2007), s. 145; *Húnaþing* II, s. 206; *Húnaþing* III, s. 32.

⁹⁵⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, s. 369.

⁹⁵⁶ *Húnaþing* III, s. 32 og 302.

⁹⁵⁷ Missagt er í *Húnaþingi* III, s. 301, að býlið hafi farið í eyði 1887.

⁹⁵⁸ *Húnaþing* III, s. 32.

og var kallaður „hnútur“ að viðurnefni vegna herðakistils“. ⁹⁵⁹ Þar bjuggu einnig í húsmennsku um skamma hríð (1878-1880) hjónin Sveinn Sigvaldason (1839-1887) og Sigríður Þórðardóttir (1838-1921), foreldrar Sigurbjörns Sveinssonar (1878-1950), kennara og rithöfundar, sem fæddist í Kóngsgarði. Næstsíðustu ábúendur fjallabýlisins voru Jón Sigurðsson (1831-1903) smiður og Margrét Jónsdóttir (1834-1899), sem bjuggu þar frá 1889 til 1896, er þau brugðu búi. Fór jörðin í eyði skömmu síðar, en síðast bjó þar um skamma hríð fyrir aldamótin einsetukona, en nafn hennar er gleymt. ⁹⁶⁰



Norðara fjárhúsið. (Ljós. Minjastofnun Íslands.)

Fjárhús

Þótt jörðin legðist í eyði og bæjarhús eyddust, stóðu þar eftir tóftir þeirra, þegar Guðmundur Guðmundsson (1893-1976), bóndi á Fossum byggði þar grjót- og torfhlaðin fjárhús árið 1953, ásamt sonum sínum, Sigurði, Guðmundi og Sigurjóni. Um er að ræða *norðara fjárhúsið*, sem svo er nefnt hér, en á gamla bæjarstæðinu eru nú tvö tvístæð 60 kinda fjárhús úr torfi og grjóti, sem standa samsíða í aflíðandi og gamalgrönu túni undir brekkurótum. Húsin snúa framstöfnum mót vestri og niður að

⁹⁵⁹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 126-127; *Skagfirzkar æviskrár 1850-1890 II*, s. 131-133.

⁹⁶⁰ *Heim*. Sigurjón Guðmundsson 18. mars 2019. Faðir Sigurjóns, Guðmundur Guðmundsson, bóndi á Fossum, sem fæddur var 1893, mundi vel eftir gömlu konunni, sem síðust var í Kóngsgarði. Skv. sálmregistri Bergsstaðasóknar var þó enginn skráður þar til heimilis á árabílinu 1896-1901.



Fossá, en í framræstu mýrlendi vestan ár eru ræktuð tún, sem nytjuð hafa verið af Fossabændum til skamms tíma.

Dyr (tóftargangur) á austurvegg norðara fjárhússins. (Ljósmynd. Sigursteinn Bjarnason, 6. sept. 2016.)

Guðmundur og synir hans hlóðu af nýju mikinn hluta veggja norðara fjárhússins, en naumast leikur vafi á, að nokkur hluti þeirra er afgangur og tilheyrði bæjarhúsunum, sem þar voru byggð á 19. öld. Á það einkum

við um austur- og suðurveggi hússins, sem eru ásamt undirstöðum óvenjulega þykkir, eins og mynd af tóftargangi sýnir. Og ef sú er raunin, eru þær hleðslur meðal hinna elstu, ef ekki þær elstu, sem ennþá standa í sýslunni,⁹⁶¹ enda hefur Minjastofnun Íslands séð ástæðu til að friða húsin skv. aldursákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.⁹⁶²



Hluti af veggjum norðara fjárhússins er sennilega frá 19. öld og leifar af gömlu bæjarhúsunum. (Ljósmynd. Sigursteinn Bjarnason, 6. sept. 2016.)

Lýsingar á húsunum hér að neðan byggja á frásögnum Sigursteins Bjarnasonar í Stafni og Sigurjóns Guðmundssonar frá Fossum, svo og ljósmyndum frá Sigursteini og Minjastofnun Íslands, því að sjálfir áttu skýrsluhöfundar þess ekki kost að heimsækja Kóngsgarð. Norðara fjárhúsið er í góðu ásigkomulagi með stæðilegum veggjum á allar hliðar. Neðri hluti þeirra er hlaðinn úr grjóti, en ofan á þeirri undirstöðu er væn torfhleðsla í dyrahæð. Á húsinu er sperrureist þak með bárujárni undir torfi, sem hvílir á lausholtum og stoðum með hliðarveggjum og tvöfaldri stoðaröð meðfram garða fyrir miðju húsi. Á austurvegg eru dyr eða tóftargangur úr garðaenda, sem sýnir óvenjulega veggþykkt. Yfir

⁹⁶¹ Heim. Sigursteinn Bjarnason 2. og 7. mars 2019. Um þetta segir m.a. í umsögn hans: „Austurveggurinn er svo þykkur og allar undirstöður þannig, að þær hafa varla verið hlaðnar eftir 1950. Enda ekki liðin nema rétt rúm 50 ár frá því að bæjarhúsin voru í notkun. Mín skoðun er óbreytt, að austur- og suðurveggur séu afgangir.“

⁹⁶² Ópr. heim. Mí. Gagnasafn Minjastofnunar Íslands. Þar eru varðveittar nýlegar ljósmyndir af þessum fjárhúsum, en ókunnugt er um tökuár og ljósmyndara.

dyrum á vesturgafli hússins er þríhyrningslaga timburgafl eða gaflhyrna með glugga, sem nú er úr lagi færður og rúðulaus.

Syðra fjárhúsið er af áþekkri stærð og norðara húsið, byggt um 1960 af Sigurjóni Guðmundssyni (f. 1935), bónda á Fossum. Húsið er nú í afar hrörlegu standi og grjóthlaðnir veggir sumstaðar fallnir. Það er yfirbyggt með braggalaga þaki, sem hvílir á járnbogum, langböndum og lágreistum hliðarveggjum úr grjóti. Vesturstafn hússins, sem var úr timbri, er einnig með öllu horfinn, svo að húsið stendur opið og óvarið fyrir veðri og vindum. Fast meðfram austurstöfum fjárhúsanna og þvert á þá er firnalöng bogaskemma úr járni, sem reist var af Sigurjóni árið 1967 og þjónaði jöfnum höndum sem þurrheyshlaða og fjárhús. Samanlagt hýstu húsin 200-300 fjár. Þau voru í notkun meðan Sigurjón bjó á Fossum, en hann flutti á Blönduós um áramótin 1995/1996.⁹⁶³



Syðra fjárhúsið og hlaðan neðst til hægri. (Ljós. Minjastofnun Íslands.)

Fjárhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1953 (nyrðra húsið)
Fyrsti eigandi: Guðmundur Guðmundsson
Hleðsla/smíði: Guðmundur Guðmundsson og synir hans á Fossum.

Upphafleg notkun: Fjárhús
Núverandi notkun: Húsin standa auð og ónotuð.

⁹⁶³ Heim. Sigurjón Guðmundsson 18. mars 2019.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Grjót/torf	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Tré/járn/torf	Óbreytt	


Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Miðlungs	Byggingarlag norðara fjárhússins er með fornu sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið er eitt fárra torf- og grjóthlaðinna útihúsa, sem ennþá eru varðveitt í Húnavatnshreppi. Hluti veggjanna er efalítið leifar af gömlum bæjarhúsum frá 19. öld og trúlega meðal elstu varðveittu vegghleðslna í Austur-Húnavatnssýslu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Fjárhúsið stendur á eyðijörð og vitnar um gamla húsagerðar- og búskaparhætti.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Norðara húsið heldur upphaflegri gerð sem fjárhús í meginatriðum.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsið er í þokkalegu ásigkomulagi og vegghleðslur heillegar.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Húsið er friðað skv. aldursákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað. Jafnframt verði leitast við að varðveita það til frambúðar ásamt hleðslum syðra hússins, þótt þakið yrði fjarlæggt.

3.5.21 Austurhlíð

Staðhættir og saga

Jörðin Austurhlíð í Blöndudal er milli Eyvindarstaða og Brandsstaða austan Blöndu. Býlið var fyrrum hjáleiga frá Eyvindarstöðum og kotbýli, jafnvel einungis stekkur. Nefndist þá Þrætugerði, trúlega



vegna landamerkjadeilna fyrrnefndra jarða, en einnig Eyvindarstaðagerði eða einfaldlega Gerði. Bærinn stendur á allbreiðum láglandisgeira, skammt frá brekkurótum, þar sem allbratt er upp á fjallið Járnhrygg (511 m) ofan við bæinn. Handan Blöndu eru Guðlaugsstaðir vestan ár, sem tilheyra Svínavatns-hreppi.⁹⁶⁴

Túnakort Austurhlíðar 1920. Sigfús Eyjólfsson.

Framan af síðustu öld var býlið í ábúð ýmissa, m.a. Þorsteins Frímanna Péturssonar (1866-1950) og Önnu Jóhannsdóttur (1861-1948), sem bjuggu þar nokkur ár í byrjun aldar, en síðan Sigurjóns Jóhannssonar (1873-1961) og Ingibjargar S. Jónsdóttur (1863-1944) til 1923. Sama ár keypti jörðina Guðmundur Jósafatsson (1894-1982), búfræðingur á Brandsstöðum, og bjó þar í þrjú ár, en gerðist síðan lausamaður til 1931 og leigði jörðina öðrum. Það ár hóf hann búskap að nýju í Austurhlíð með Sigurlaugu Þorláksdóttur (1896-1961) og breyttu þau jörðinni „úr kotbýli í góðbýli með þrotlausri elju og dugnaði“. Guðmundur brá búi þegar kona hans lést 1961.⁹⁶⁵ Sama ár keyptu jörðina Friðrik Brynjólfsson (1923-2008) húsasmíðameistari og Guðríður B. Helgadóttir (1921-2019), sem ráku þar hefðbundinn búskap til 1988. Þá seldu þau jörðina Brynjólfi (1960-) syni sínum og Jóhönnu Helgu Halldórsdóttur



(1967-), sem bjuggu þar hefðbundnum búskap til ársins 2008, en seldu þá Austurhlíð Þorgrími Ólafssyni (1955-) húsasmíðameistara, sem stundar þar hrossarækt. Guðríður og Friðrik tóku undan 7 hektara lóð úr jörðinni, stofnuðu þar iðnaðarbýli (Austurhlíð 2) til trjáræktar og byggðu sér timburhús 1992.⁹⁶⁶

Íbúðarhúsið í Austurhlíð 19. febrúar 1975. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/19.)

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn í Austurhlíð með tveimur heilpiljum að hlaði og hefur líklega hvorki verið stór né reisulegur, enda voru bæjarhúsin sögð „gömul, lítil og léleg“ í fasteignamati 1916/18. Líklega fékk bærinn einhverja endurbót eftir að Guðmundur Jósafatsson hóf þar búskap, en 1939 var húsa-kynnum þannig lýst: „Gamall torfbær. Baðstofa alpiljuð með skarsúð, 24 m³. Eldavélarhús, skarsúð, piljað að nokkru, 18,5 m³. Búr alpiljað, skúrris, járn undir torfi, 11 m³. Eldhús og skáli með þili, lélegt hús, 31 m³. Skáli ópiljaður, stæðilegur, 22 m³. Bæjardyr og göng uppreft, ópiljað, 10 m³.“ – Búið var í bænum þangað til flutt var í nýja íbúðarhúsið 1950.

⁹⁶⁴ Páll V. G. Kolka (1950), 132; *Húnaþing* II, s. 209; Jón Torfason (2007), s. 130; Jón Torfason (2006).

⁹⁶⁵ *Húnavaka* 23. árg. 1983, s. 163; *Íslendingaþættir Tímans* 7. júlí 1982, s. 7-8.

⁹⁶⁶ *Húnavaka* 49. árg. 2009, s. 175-176, 50. árg. 2010, s. 78; *Heim*. Brynjólfur Friðriksson 8. mars 2019.


Íbúðarhús

Árið 1950 létu Guðmundur Jósafatsson og Sigurlaug Þorláksdóttir byggja steinsteypt íbúðarhús á einni hæð og kjallaraust, með mænispaki og portlausu íbúðarhæfu risi. Sennilega hófst bygging þess árið 1949. Það er 11,60 m á lengd og 8,55 m á breidd, eða 249,2 m² og 370 m³ að stærð. Skv. virðingargjörð pr. 30. nóvember 1963 voru þá á stofuhæð innréttuð 4 herbergi, eldhús, baðherbergi og geymsla, en í risi eitt íbúðarherbergi og geymsla.⁹⁶⁷ Að formgerð líkist það mjög íbúðarhúsinu í Stafni, sem byggt var sama ár, en húsið í Austurhlíð teiknaði og byggði Kristján Gunnarsson (1903-1986), trésmíðameistari á Blönduósi (Stígandi hf.), sbr. teikningu hans hér að neðan.⁹⁶⁸ Teikningunni var þó ekki fylgt að fullu, því að t.d. var hvorki byggður kvistur á vesturhlíð þess né vélageymsla og þvottahús með séringngangi í áfastri byggingu norðan við húsið.



Austurhlíð um 1977. Fjárhús norðan við íbúðarhúsið var byggt 1967, en hefur nú verið breytt í hesthús. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Austurhlíð um 1977. Fjárhús norðan við íbúðarhúsið var byggt 1967, en hefur nú verið breytt í hesthús. (Ljósmyndasafn A-Hún.)



Teikning Kristjáns Gunnarssonar að íbúðarhúsinu í Austurhlíð, dags. 21. apríl 1948. (Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/30 (nr. 1489.)

Árið 1981 teiknaði og reisti Friðrik Brynjólfsson viðbyggingu við norðurgafhlússins og setti stóran kvist á vesturhlíð. Árið 1984 var húsið einangrað og heilklætt að utan með steniklæðningu. Árið 2009 var allt húsið síðan endurnýjað að innan og útliti þess gjörbreytt. Húsið var heilklædd að utan með láréttri timburklæðningu í stað hinnar eldri. Allir gluggar voru endurnýjaðir og gerð þeirra gjörbreytt,

⁹⁶⁷ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/19 (virðingargjörð pr. 30. nóv. 1963).

⁹⁶⁸ Þf. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/30 (nr. 1489.)

Þakjárn endurnýjað, byggðar svalir út frá kvisti á vesturhlíð og timburverönd framan við húsið. Eftir þessa aðgerð eru nánast öll auðkenni hins upprunalega íbúðarhúss horfin. Verkið var unnið af verk-
takafyrirtækinu Húsherja ehf., þ.e. Bjarka Kristjánssyni, húsasmíðameistara á Svínavatni.⁹⁶⁹



Íbúðarhúsið í Austurhlíð 10. október 2018. (Ljós. Gunnlaugur Haraldsson.)

Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1950
Fyrstu eigendur: Guðmundur Jósafatsson og
Sigurlaug Þorláksdóttir
Hönnuður: Kristján Gunnarsson
Yfirsmiður: Kristján Gunnarsson
Endurgerð: 2009
Yfirsmiður: Bjarki Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Núverandi notkun: Íbúðarhús

⁹⁶⁹ *Húnavaka* 50. árg. 2010, s. 242; *Heim*. Brynjólfur Friðriksson 8. mars 2019.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Steinsteypa/tré	Húsið var einangrað og klætt steniklæðningu að utan 1984, en henni síðan skipt út fyrir lárétta timburklæðningu árið 2009.
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Undirstaða:	Steinsteypt	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris Kvistur	Óbreytt Breytt	Árið 1981 var byggður kvistur á vesturhlið hússins, en honum síðan breytt og byggðar við hann svalir úr tré árið 2009.
	Reykháfur Gluggar	Horfinn Breytt	Allir gluggar hafa verið endurnýjaðir.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Upprunalega var húsið hefðbundið steinsteypuhús með mænisþaki og portlausu risi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var eitt þeirra íbúðarhúsa, sem hannað var og byggt af Kristjáni Gunnarssyni, húsasmíðameistara á Blönduósi.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið stendur á fögru bæjarstæði.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er gjörbreytt að allri gerð og upprunalegt gildi þess ekkert.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið er nýlega endurgert og í prýðilegri umhirðu.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið hefur lítið varðveislugildi skv. framansögðu.
Niðurstaða varðveislumats:		Engin tillaga er gerð um varðveislu hússins, en varðveittar eru upprunalegar teikningar að því frá hendi hönnuðar.

3.5.22 Blöndudalshólar

Staðhættir og saga

Blöndudalshólar, eða Hólar í Blöndudal, eru forn kirkjustaður og prestssetur til 1881. Þar getur fyrst kirkju í Auðunarmáldaga frá um 1318 og er vitneskja um 5-6 presta, sem þar þjónuðu á kaþólskum tíma. Annexía var á Holtastöðum og kirkjur á Gunnsteinsstöðum og í Mjóadal, svo og níu hálfkirkjur og bænhús í báðum sóknum, sem Hólaprestar þjónuðu meðan embættað var á þessum stöðum. Kirkjan í Blöndudalshólum var helguð Jóhannesi skírara. Prestakallið var lagt niður með lögum 1880



og var Holtastaðasókn þá lögð til Hjaltabakka, en Blöndudalshólasókn til Bergsstaða. Kirkjan var síðan aflögð 1882 og sókninni skipt þannig, að sex bæir lögðust til Bergsstaðakirkju, fjórir til Bólstaðahlíðar og þrjár bæir til Svínavatns-sóknar, þ.e. Þróm, Eldjárnsstaðir og Eiðsstaðir vestan Blöndu. Síðasti prestur í Blöndudalshólum var Markús Gíslason, sem þjónaði þar frá 1869 til 1881.⁹⁷⁰

Túnakort Blöndudalshóla 1920. Sigfús Eyjólfsson. Bærinn var þá á gamla bæjarstæðinu, þar sem búið var til 1932, er nýja húsið var byggt frammi á árbakkanum.

Bærinn dregur nafn sitt af hólabunka, sem myndaðist endur fyrir löngu af framhlaupi úr hlíðinni, og gengur niður að Blöndu. Sunnan undir þessu hólahafti er hvammur eða kriki, þar sem bær og kirkja stóðu áður. Árið 1932 var bærinn færður fram á árbakkann, þar sem hann stendur vestan undir stærsta hólnum og neðan vegar. Heitir nú Kirkjugarðsflöt þar sem gamla bæjarstæðið og kirkjugarðurinn voru. Ofan við núverandi bæjarhús, í bröttum bæjarhólnum við norðurjaðar gamla túnsins, er stór og vöxtulegur trjálundur, sem byrjað var að gróðursetja í fyrir 1940.⁹⁷¹



Blöndudalshólar um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Ábúendur í aldarbyrjun voru Sigfús Eyjólfsson (1878-1956) og Kristvina Kristvinsdóttir (1883-1959), sem síðar bjuggu á Eiríksstöðum. Árið 1923 fluttust á jörðina Bjarni Jónasson (1891-1984) og Anna Sigurjónsdóttir (1900-1993), ásamt foreldrum hennar, Ingibjörgu S. Jónsdóttur og Sigurjóni Jóhannssyni, sem bjuggu í sambýli við þau til 1935. Bjarni og Anna bjuggu í Blöndudalshólum til 1979, en létu af búskap 1961 og seldu jörð og bú í hendur Jónasi (1932-2018) syni sínum og Ásdísi Hlíf Friðgeirs-

⁹⁷⁰ *Húnavaka* 8. árg. 1968, s. 65; Sveinn Nielsson (1950), s. 232-233; Jón Kr. Ísfield (1968), s. 63-69.

⁹⁷¹ *Húnaþing* II, s. 211; Jón Torfason (2007), s. 129; Jón Torfason (2006); *Vorþeyr og vébönd*, s. 49-52.

dóttur (1937-2013). Núverandi ábúendur eru Friðgeir (1969-) sonur þeirra og Andrea Mueller (1969-).⁹⁷²

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn í Blöndudalshólum sagður með aðeins einu heilþili og einu hálfþili, enda voru bæjarhúsin „öll gömul og léleg“ 1916/18. Eftir að tengdafaðgarnir, Bjarni og Sigurjón, fluttu á jörðina „voru bæjarhúsin hresst nokkuð við [...] og byggður skáli og maskínuhús“.⁹⁷³ Árið 1930 var bærinn sagður „mjög gamall og óstæðilegur, en rakalaus“. Ári síðar, eða 1. nóvember 1931, kom upp eldur í eldhúsi og brann frambærinn.⁹⁷⁴



Hlaðsýn í febrúar 1975. Kvistur á íbúðarhúsinu var þá enn í upphaflegri stærð. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/31.)

Íbúðarhús

Eftir bruna gamla bæjarins keypti Bjarni Jónasson timburhús á Blönduósi, svonefnt *Vesturpakkhús*, reif það og flutti heim í Blöndudalshóla. Hús þetta hafði Carl Höephner kaupmaður byggt á árunum 1884-1885 í sandinum vestur undir sjó, ásamt sölubúð og íbúðarhúsi. Pakkhúsið var 15 × 7,50 m að grunnmáli með lofti og kjallara, pappklæddum útveggjum og járnvörðu þaki, skv. úttekt frá 1916.⁹⁷⁵ Bjarni valdi sér nýtt bæjarstæði frammi á árbakkanum, eins og fyrr er lýst, og endurreisti þar pakkhúsið á steinsteyptum kjallara. Þótti það „mikil bygging“, sem var þó um þriðjungi styttri en pakkhúsið eða 10 m í stað 15 m (16 × 12 álnir). Einnig byggði Bjarni steinsteypt fjós fyrir 6 kýr ásamt haughúsi norðan við íbúðarhúsið.⁹⁷⁶ Húsakosti á jörðinni var þannig lýst 1939:



Blöndudalshólar um 1977. Búið að stækka kvistinn á íbúðarhúsinu lengst til vinstri. (Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 680.)

⁹⁷² *Húnavaka* 25. árg. 1985, s. 229-230; *Vorþeyr og vébönd*, s. 45-55.

⁹⁷³ *Vorþeyr og vébönd*, s. 49. Ljóst er, að Bjarni Jónasson falaðist eftir teikningu að nýju íbúðarhúsi hjá Jóhanni Franklín Kristjánssyni húsa-meistara, einhvern tíma á árabílinu 1928-1931. Sú teikning er varðveitt í teikningasafni Teiknistofu byggingar- og landnámsjóð og var hún e. t. v. að einhverju leyti lögð til grundvallar við byggingu hins nýja íbúðarhúss eftir brunann. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/1 nr. 6.)

⁹⁷⁴ *Alþýðublaðið* 1. febr. 1932, s. 3; *Morgunblaðið* 31. jan. 1932, s. 4. Þar segir reyndar, að kviknað hafi í bænum seint í nóvember, en 1. nóvember skv. *Vorþeyr og vébönd*, s. 49.

⁹⁷⁵ Páll V. G. Kolka (1950), s. 191; Jón Arason (2008), s. 98; *Blönduós. Verndarsvæði í byggð*, s. 28.

⁹⁷⁶ *Vorþeyr og vébönd*, s. 49-50.

„Íbúðarhús úr timbri, járnvarið, 10 × 7,5 m. Ein hæð með lofti og steinsteyptum kjallara, hæð á kjallara 2,2 m. Vegg hæð 3 m, rishæð 3 m. Útveggir úr tvöföldu timbri, pappa og járnklæddir. Þak timbur-súð, pappi og járn, slegið neðan á og stoppað í íveruherbergjum. Á húsinu er kvistur, stærð 3,7 × 3,5 × 2,2 m. Á stofuhæð 6 herbergi og forstofa, veggfóðruð og máluð. Skilrúm úr timbri, tvöföld nema tvö einföld, gólf einfalt, loft tvöfalt og stoppað. Á lofti 2 íveruherbergi, veggfóðruð og máluð, tvö geymsluherbergi og gangur. Í kjallara 5 herbergi, skilrúm steypt. Þar þvottapottur. Í húsinu er miðstöð frá katli, 6 vatnsöfnar, vatnsleiðsla og skolpleiðsla.“

Áfast íbúðarhúsinu var fjós með steinsteyptum veggjum, járnþaki og torfi undir, sem haldið var uppi með vír, en farið að bila. Milli fjóss og íbúðarhúss var *gangur*, 7,5 × 1,6 × 3,7 m, og þar í gangur á efri hæð hússins og útidyr. Gangur við fjós 3,5 × 1 × 3 m. Ennfremur *haughús*, 32 m³, steinsteypt með járnþaki“. Önnur bæjarhús voru þessi og tilheyrðu gamla bænum: „*Skemma* með þili, nýleg, að öðru leyti torfveggir og torfþak, stærð 24 m³. *Reykhús*, torfhús með þili, stærð 13 m³. *Smiðja*, torfhús með þili, stærð 13 m³.“



Horft yfir að Blöndudalshólum frá vesturbakka Blöndu í ágúst 1976. (ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/31.)

Sem fyrr segir er íbúðarhúsið, sem byggt var 1931-1932, einnar hæðar timburhús á steinsteyptum kjallara með háu mænisrisi og stórum kvistum með mænisþökum á báðum hliðum. Heildarstærð þess er 210 m² og 525 m³. Upphaflega var aðeins lítill kvistur á austurhlið, en árið 1975 eða 1976 var hann stækkaður til samræmis við kvistinn á vesturhlið (sjá ljósmyndir). Geymsla (25,9 m²) er áföst norðurhlið hússins, byggð 1950, og í beinni línu norður af henni er röð steinsteyptra útihúsa, sem setja einkar geðþekkan og búsældarlegan svip á bæjarheildina.



Horft úr vestri yfir að Blöndudalshólum sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Línal.)



Horft heim að Blöndudalshólum sumarið 2015. (Ljós. Páll J. Línal.)

Ýmsar endurbætur og breytingar hafa verið gerðar á húsinu í tímans rás, þ.á m. sumarið 1956 undir umsjón Kristjáns Gunnarssonar, trésmíðameistara á Blönduósi. Allt húsið var þá múrhúðað að utan, skipt um alla glugga (tvöfalt gler), fjarlægður lítlisháttar fúí, en útveggir og þak síðan málað.⁹⁷⁷ Árið 1975 (eða 1976)⁹⁷⁸ var húsið enn fremur klætt að utan með járnklæðningu, svo að það hefur glatað að talsverðu leyti upphaflegu svipmóti.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1932	
Fyrstu eigendur:	Bjarni Jónasson og Anna Sigurjónsdóttir	Upphafleg notkun: Íbúðarhús
Hönnuður:	Óþekkt	Núverandi notkun: Íbúðarhús
Yfirsmiður:	Óþekkt	

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Timbur/járn	Timbur/járn	Húsið var upphaflega járnvarið að utan, en múrhúðað árið 1956 og síðan klætt með járnklæðningu árið 1975 (eða 1976).
Þakgerð:	Mænisþak	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt	
	Portlaust ris	Óbreytt	
	Kjallari	Óbreytt	Steinsteyptur kjallari er undir öllu húsinu. 10,0 × 7,5 m / 210 m ² - 525 m ³ .
	Stærð		Á vesturhlið er kvistur af upphaflegri stærð og hliðstæður kvistur var settur á austurhlið um 1975 í stað lítills kvists, sem þar var.
	Kvistur	Breytt	
	Reykháfur	Óbreytt	
	Geymsla	Byggð 1950	Er áföst norðurhlið hússins, 25,9 m ²
	Gluggar	Óbreytt	Gluggasetning er með upprunalegu sniði.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Hátt	Húsið er snoturt timburhús með klassísku sniði.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Húsið var byggt úr viðum Vesturpakkhúss, sem reist var á Blönduósi 1884-1885 og þjónaði Höephnersverslun til 1932.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið myndar kjarna fallegrar bæjarheildar.

⁹⁷⁷ ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/31 (bréf 10. okt. 1956).

⁹⁷⁸ Heim. Friðgeir Jónasson 25. mars 2019.

Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið er að mestu leyti með upprunalegu sniði, en gildi þess og svipmót hefur verið skert með utanhúsklæðningu.
Tæknilegt ástand:	Gott	Húsið virðist í góðu standi og vera vel við haldið.
Varðveislugildi:	Hátt	Húsið hefur mikið varðveislugildi skv. framansögu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsið verði mælt upp og teiknað.

Fjós og hlaða

Svo virðist sem steinsteypt fjós, haughús og gangur til íbúðarhúss, sem Bjarni byggði eftir 1932 og fyrr er lýst, hafi vikið fyrir nýjum steinsteyptum húsum, sem byggð voru norðan við íbúðarhúsið sumarið 1949. Um er að ræða fjós með áburðarkjallara (133,9 m²) og hlöðu með súgþurrkun (109,4 m²). Um byggingu þessara húsa segir svohljóðandi í minningarbók Bjarna Jónassonar:

Þá var mjólkurstöðin á Blönduósi tekin til starfa, og töldu þau [þ.e. Bjarni og Anna] augljóst að jörðin myndi betur henta til mjólkurframleiðslu en sauðfjárbúskapar. Þá höfðu Austur-Húnavetningar sett sér byggingasamþykkt fyrstir landsmanna samkvæmt nýlega settum lögum um húsagerðarsamþykktir í sveitum. Búnaðarsambandið keypti steypumót og vinnuflokkur starfaði við byggingar á vegum þess. Voru Blöndudalshólar í hópi hinna fyrstu býla, sem notfærðu sér þessa þjónustu. Byggingin var steinsteypt og tók 18 gripi.⁹⁷⁹

Fjós og hlaða – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1949		
Fyrstu eigendur:	Bjarni Jónasson og Anna Sigurjónsdóttir	Upphafleg notkun:	Fjós og hlaða
Hönnun/smíði:	Óþekkt	Núverandi notkun:	Fjós og hlaða

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi	Helstu einkenni/breytingar
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt	
Þakgerð:	Mænisþök	Óbreytt	
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt	
Stærð:			133,9 m ² og 109,4 m ² .

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt	Hefðbundin útihús úr steinsteypu.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsin hafa þjónað hlutverkum sínum í tæp 70 ár.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsin sóma sér vel á bæjarstæðinu og mynda fallega heild ásamt íbúðarhúsi og öðrum útihúsum.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsin virðast halda upprunalegu sniði að miklu leyti.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsin eru í góðu ásigkomulagi og umhirðu.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Húsin hafa talsvert varðveislugildi skv. framansögu.
Niðurstaða varðveislumats:		Lagt er til að húsin verði mæld upp og teiknuð jafnhliða íbúðarhúsinu.




⁹⁷⁹ Vorþeyr og vébönd, s. 54-55.

3.5.23 Finnstunga

Staðhættir og saga

Jörðin þótti vildarjörð og var ýmist nefnd *Tunga*, *Finnstunga* eða *Sölvatunga* í fornum heimildum. Fylgir sú sögn, að síðasta nafnið megi rekja til Sölva, sem var sveinn Einars Þorleifssonar (d. 1452) hirðstjóra og fékk jörðina að launum fyrir að bera höfðingjann dauðvona til bæjar í hríðarbyl. Tungu getur fyrst í fornbréfum frá 1384 og 1390, en þá bjó þar Finnur bóndi, sem bærinn var sennilega



kenndur við. Skv. máldaga Ólafs Rögnvaldssonar biskups frá um 1486 var „vel standandi“ hálfkirkja í Tungu, en aðrar ritheimildir eru að öðru leyti ekki um guðshús og grafreit þar. Mannabein hafa hins vegar oft sinnis fundist við framkvæmdir sunnan við íbúðarhúsið og gamla bæjarstæðið, síðast við fornleifa-könnun, sem þar var gerð haustið 2005. Hún leiddi í ljós órækar leifar um fornan kirkjugarð og búsetu þegar á 11. öld, jafnvel allt frá landnámstíð.⁹⁸⁰

Túnakort Finnstungu 1920. Sigfús Eyjólfsson. Þá lá þjóðvegurinn um bæjarhlaðið, en var síðar færður fram á bakka Blöndu.

Bærinn stendur ofan vegar undir Tunguhálsi (530 m) og hátt í norðausturhlíð Blöndudals, þar sem mikil og góð útsýn er um Langadal og Ása. Lögferja var frá Finnstungu yfir Blöndu, en á árunum 1949-1950 var byggð hengibrú á Blöndu niður undan Syðra-Tungukoti (Brúarhlíð). Árið 1983 byggði Guðmundur Tryggvason skógræktarbylí í landi Finnstungu og nefndi Sölvatungu.⁹⁸¹

Gamli og nýi tíminn mætast. Nýja steinhúsið frá 1942 var byggt fast vestan við og samsíða framhlíð gamla torfbæjarins, þ.e. framhússins, en lengst til hægri er baðstofan, sem byggð var um 1904. (Ljós. Ættir Austur-Húnavetninga II, s. 712.)



Sama ættin hefur búið í Finnstungu í rösk 130 ár, eða frá því að Jónas Jónsson (1848-1936) og Aðalheiður Rósa Sigurðardóttir (1835-1912) fluttu á

jörðina árið 1887. Jónas brá búi 1915, en bjó frá 1913 í sambýli við Tryggva (1892-1952) son sinn og Guðrúnu J. Jónsdóttur (1880-1967), sem bjuggu í Finns-tungu til 1948. Þá hófu búskap Guðmundur (1918-2009) sonur þeirra og Guðrún S. Sigurðardóttir (1923-1975) frá Leifsstöðum, en eftir fráfall hennar lét hann búið í hendur dóttur sinnar og tengda-sonar, Áslaugar Finndal (1951-) og Halldórs B. Maríassonar (1952-). Þau brugðu búi árið 2000 og tóku þá við jörðinni og keyptu hana sonur þeirra og tengdadóttir, Guðmundur Rúnar og Ragnheiður S. Ólafsdóttir.⁹⁸²

⁹⁸⁰ Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, s. 2-14; Páll V. G. Kolka (1950), s. 129.

⁹⁸¹ Páll V. G. Kolka (1950), s. 129; *Húnavaka* 50. árg. 2010, s. 181-182; *Húnaþing* II, s. 213; Jón Torfason (2007), s. 128-129; Jón Torfason (2006).

⁹⁸² *Húnavaka* 8. árg. 1968, s. 129-130, 50. árg. 2010, s. 181-183; *Heim*. Áslaug Finndal Guðmundsdóttir 12. febr. 2019.

Horfin bæjarhús


Árið 1910 var torfbær í Finnstungu „framhús með timburhlið með kvisti og 2 hálfþiljum og heilstafni á baðstofu“. Skv. fasteignamati 1916/18 voru bæjarhúsin „úr torfi og timbri, mismunandi gömul, en öll stæðileg og mega teljast góð hús“. Árið 1930 taldist bærinn „mestur til gamall, en rakalaus og vel viðhaldið“, en árið 1939 var honum rækilega lýst með þessum orðum:

„Bær úr torfi og timbri. *Baðstofa*, stærð 7,5 × 3,8 m, meðalhæð 2,5 m = 71 m³. Torfveggir og timburstafn, þak upprefti og torf, alþiljuð með hvelvingu. Skipt í 2 herbergi, öll máluð, um 35 ára, nokkuð biluð. *Gömul baðstofa* notuð til geymslu, alþiljuð, 34 m³. *Eldivélarhús* og *íveruherbergi* 6,2 × 3 × 2,5 m = 47 m³, alþiljað og málað, loft yfir íveruherbergi, timburstafn, þak borðasúð, pappi og torf. *Kjallari* undir grjóthlaðinn, 43 m³. Við enda hússins afþiljaður *gangur* til baðstofu og í kjallara. *Eldhús* (hlóðahús) torfhús, stórt og vel viðað. *Frammihús* 10,2



× 3,6 m, veggghæð 2,5 m, rishæð 1,5 m = 120 m³, torfhús með timburhlið og kvisti, þar í stofa og bæjardyr, alþiljað og málað og geymsla óþiljuð, um 5,5 m af lengd hússins með skarsúð, hitt uppreft. Svefnherbergi í suðurenda á lofti. Í bæinn er vatnsleiðsla og skolpleiðsla, tveir miðstöðvarofnar í sambandi við eldavél. Smiðja, torfhús með þilstafni, 16 m³.“

Íbúðarhúsið árið 1977, en það var byggt í tveimur áföngum á árabílinu 1942-1950. (Ljós. Ingvar Gýgjar Jónsson. Þf. Byggingarstofnun landbúnaðarins 2005 A/74.)




Horft heim að Finnstungu um 1977 og sumarið 2015. (Ljósmyndasafn A-Hún. / Ljós. Páll J. Lindal.)

Íbúðarhús


Árið 1942 réðust Tryggvi Jónasson og Guðrún Jónsdóttir í byggingu á nýju íbúðarhúsi úr steinsteypu, skv. teikningu frá Teiknistofu landbúnaðarins. Húsið byggði Guðmundur sonur þeirra, sem hóf „ungur maður að starfa við húsbyggingar og kom að smíði margra íbúðar- og útihúsa í Bólstaðarhlíðarhreppi

og víðar. Hann var vandvirkur smiður enda samvirkusemi í blóð borin.⁹⁸³ Meðal annars byggði hann íbúðarhúsið í Ártúnum (sjá 3.5.23).

Húsið var byggt í tveimur áföngum (sjá teikningu) og fyrri hluti þess, 9,50 m á lengd og 5,90 á breidd, þétt upp við vesturhlið gamla framhússins, svo að innangengt var úr því í nýja húsið. Framhúsið og yngri baðstofan, sem reist var um 1904 og fyrir er lýst, stóðu því næstu árin, en árið 1950 var byggður hinn hluti hússins í grunnstæði þessara húsa. Hann er 10,50 m á lengd og 4,60 m á breidd og gengur því einum metra lengra til suðurs en eldri hlutinn.⁹⁸⁴ Breidd hússins er einnig 10,50 m svo að heildarstærð þess er 207,6 m² og 500 m³. Húsið er ein hæð á háum kjallara, sem stendur að mestu leyti úr jörðu. Það var upphaflega með lágreistu valmapaki og í funksistíl. Upphafleg herbergjaskipan var þessi í húsinu fullbyggðu: Í kjallara voru 6 herbergi og gangur, þvottahús, smíðaherbergi og geymslur, en á stofuhæð 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, snyrtiherbergi og forstofa.⁹⁸⁵ Fyrir aðaldyrum á vesturhlið hússins er opið dyraskýli eða framskot með lágu mænispaki, sem byggt var 1942.⁹⁸⁶



Uppdráttur Teiknistofu landbúnaðarins að íbúðarhúsinu í Finnstungu, en talsvert var vikið frá honum við byggingu hússins. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/19, nr. 883.)



Teikningar af efri og neðri hæð íbúðarhússins, gerðar af Guðmundi Tryggvasyni 1976, þegar til stóð að stækka húsið með viðbyggingu norðan við það. (Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/74.)

⁹⁸³ Húnavaka 50. árg. 2010, s. 182.

⁹⁸⁴ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/74.

⁹⁸⁵ Þí. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/74 (virðingargjörð pr. 8. des. 1960 og 12. apríl 1969).

⁹⁸⁶ Heim. Áslaug Finndal Guðmundsdóttir 12. febr. 2019.

Um 1976 voru uppi áform um að stækka húsið til norðurs, þar sem komið yrði fyrir bílskúr á neðri hæð og herbergjum yfir honum (sjá teikningu). Úr þeim framkvæmdum varð ekki, en árið 1981 var þakinu breytt í einhalla þak og jafnframt steypdur kantur á þakbrún að norðan-, sunnan- og vestanverðu. Einnig var skipt um nokkra glugga á stofuhæð. Aðrar veigamiklar útlitsbreytingar voru gerðar á húsinu árið 2009 með því að það var heiklætt að utan með láréttri timburklæðningu og skipt um glugga í kjallara.⁹⁸⁷ Verkið var unnið af Bjarka Kristjánssyni, húsasmíðameistara á Svínavatni (Húsherja ehf.).⁹⁸⁸ Eftir þessar breytingar hefur húsið nánast alveg glatað sínu upphaflega svipmóti.



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1942 og 1950
 Fyrstu eigendur: Tryggvi Jónasson og Guðrún Jónsdóttir
 Hönnuður: Teiknistofa landbúnaðarins
 Yfirsniður: Guðmundur Tryggvason

Upphafleg notkun: Íbúðarhús
 Núverandi notkun: Íbúðarhús
 Húsið var byggt í tveimur áföngum 1942-1950.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Steypa/timbur
Þakgerð:	Valmaþak	Einhalla þak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Byggingarlag/útlit:	Einlyft	Óbreytt
	Kjallari	Óbreytt
	Stærð	Óbreytt
	Útitröppur/skýli	Óbreytt
	Gluggar	Breyttir

Helstu einkenni/breytingar
 2009 var húsið heiklætt að utan með láréttri timburklæðningu. Þakgerð hússins var breytt 1981 með því að sett var einhalla þak í stað upprunalegs valmaþaks.

9,50/10,50 × 10,50 m / 207,6 m² - 500 m³.
 Við aðalinngang á vesturhlið eru þrjár steinsteyptar tröppur og opið dyraskýli eða framskot, byggt 1942 og jafngamalt hús. Gluggum á stofuhæð var breytt við endurnýjun þeirra 1981 og gluggum í kjallara árið 2009.

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist: Lágt
 Menningarsögulegt gildi: Miðlungs
 Umhverfisgildi: Miðlungs

Húsið er byggt í funksistíl, en formgerð þess er nú talsvert breytt. Eldri hluti hússins er meðal elstu steinsteypuhúsa í Bólstaðarhlíðarhreppi og smíðisverk Guðmundar Tryggvasonar. Húsið stendur hátt og er áberandi á bæjarstæðinu.

⁹⁸⁷ Heim. Áslaug Finndal Guðmundsdóttir 12. febr. 2019.

⁹⁸⁸ Húnavaka 50. árg. 2010, s. 242.

Upprunalegt gildi:	Lágt
Tæknilegt ástand:	Gott
Varðveislugildi:	Lágt
Niðurstaða varðveislumats:	

Upprunalegu byggingarlagi hússins hefur verið gjörbreytt. Húsið er í góðu ásigkomulagi og því er vel við haldið. Húsið hefur lítið varðveislugildi vegna áður nefndra breytinga. Ekki er gerð tillaga um ráðstafanir til varðveislu hússins.

Votheysturn

Árið 1949 byggði Guðmundur Tryggvason steinsteyptan votheysturn, sem enn stendur við fjós og



fjóshlöðu norðan við íbúðarhúsið. Samkv. byggingarvottorði og virðingargjörðum, dags. 13. nóv. 1955 og 8. des. 1960, er turninn 45 m³ að stærð og hringlaga með járnþaki, 3,50 m í þvermál og 5 m að veggthæð. Hann er með topplaga járnþaki og ásigkomulag hans í meðallagi gott miðað við 70 ára aldur, en turninn hefur ekki verið notaður í 35-40 ár. Hann var teiknaður hjá Teiknistofu landbúnaðarins (teikn. nr. 578), en Guðmundur annaðist sjálfur byggingu hennar.⁹⁸⁹

Horf til suðurs að fjóshlöðu, votheysturni og fjósi (t.h.). (Ljós. Áslaug F. Guðmundsdóttir.)

Votheysturn – grunnupplýsingar

Byggingarár:	1949
Fyrsti eigandi:	Guðmundur Tryggvason
Hönnuður:	Teiknistofa landbúnaðarins
Yfirmsiður:	Guðmundur Tryggvason

Upphafleg notkun: Votheysgeymsla
Núverandi notkun: Hefur staðið ónotuð í 35-40 ár.

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Topplaga	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn

Helstu einkenni/breytingar

Varðveislumat

Listrænt gildi/ byggingarlist:	Lágt
Menningarsögulegt gildi:	Lágt
Umhverfisgildi:	Lágt

Húsið er með hefðbundnu byggingarlagi. Þjónaði eingöngu sínu hlutverki í fáa áratugi. Hefur lítið umhverfislegt gildi, en turninn er sambyggður fjósi og fjóshlöðu.

Upprunalegt gildi:	Hátt
Tæknilegt ástand:	Miðlungs
Varðveislugildi:	Lágt
Niðurstaða varðveislumats:	


Turninn heldur að öllu leyti upprunalegri gerð. Ástand turnsins er þokkalegt miðað við aldur. Byggingin hefur fremur lítið varðveislugildi. Ekki eru lagðar til neinar ráðstafanir til varðveislu hússins.

⁹⁸⁹ Heim. Áslaug Finndal Guðmundsdóttir 19. febr. 2019; ÞÍ. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/74. Skv. virðingargjörðum pr. 13. nóv. 1955 og 8. des. 1960 var votheysgeymslan byggð árið 1949, en árið 1950 skv. virðingargjörð pr. 12. apríl 1969 og þar sögð 40 m³ að stærð. Byggingin er ekki lengur skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár, enda löngu hætt að nota hana.

3.5.24 Ártún

Staðhættir og saga

Bærinn Ártún stendur á sléttunni vestan undir norðurrótum Tunguhnjúks, í tungunni milli Svartár og



Blöndu. Með byggingu Svartárbrúar árið 1931, skammt fyrir ofan ármótin og túnfót Ártúna að norðan, opnaðist leið frá Norðurlandsvegi inn Blöndudal að austanverðu. Frá bænum er útsýn austur um Ævarsskarð til Bólstaðarhlíðar og út yfir Langadal. Býlið hét áður Ytra-Tungukot og var hjáleiga frá Finnstungu. Það taldist rýrðarkot fram undir miðja síðustu öld og var í eyði um tíma, en árið 1947 var jörðin byggð upp sem nýbýlið Ártún á hálfleнду Finnstungu og breytt á næstu áratugum í myndarlegt stórbýli.⁹⁹⁰

Túnakort Ytra-Tungukots (síðar Ártúna) 1920. Sigfús Eyjólfsson.

Frá aldarbyrjun til 1947 var jörðin setin af ýmsum leiguliðum, en lengsta ábúð höfðu Halldóra Jónsdóttir (1879-1925) og Skarphéðinn Einarsson (1874-1944), gullsmiður, smáskammtalæknir og bílstjóri. Þau fluttu á jörðina 1913, en eftir lát Halldóru bjó Skarphéðinn þar til 1933, og frá

1927 í sambýli við dóttur og tengdason.⁹⁹¹ Síðan



bjuggu í Ytra-Tungukoti í allmörg ár hjónin Jóhanna Jóhannesdóttir (1895-1989) og Gunnar Bjarnason (1879-1957).⁹⁹² Árið 1947 hófu þar félagsbúskap bræðurnir Jónas (1916-1983) og Jón (1917-2007) Tryggvasynir frá Finnstungu. Jón var eigandi jarðarinnar, sem þeir gáfu heitið *Ártún*. Þar bjó Jónas til ársins 1958,⁹⁹³ en Jón og eiginkona hans, Sigríður Ólafsdóttir (1924-), ráku myndarbú fram yfir aldamótin, er þau létu búið alfarið í hendur Tryggva (1948-) syni sínum og Jóhönnu Magnúsdóttur (1952-). Þau hófu búskap í Ártúnum árið 1976 og byggðu þá nýtt íbúðarhús á jörðinni.⁹⁹⁴ – Barnaskóli sveitarinnar, með 7-10 börnum í heimavist, var starfræktur í nýja húsinu frá október 1949 til janúarloka 1950, en síðan í Þverárdal í febrúar og mars. Kennari var Jón Tryggvason bóndi.⁹⁹⁵



Efri mynd: Torfbærinn í Ytra-Tungukoti. Myndin er tekin eftir 1965. (*Húnavaka* 11. árg. 1971, s. 27.) Neðri mynd: Leifar gamla bæjar-ins til hægri, en fast norðan við torfhúsin standa steinsteypt fjár-hús og hlaða, sem byggð voru 1965. (*Ættir Austur-Húnavetninga* II, s. 780.)

⁹⁹⁰ Páll V. G. Kolka (1950), s. 129; *Húnaþing* II, s. 214; Jón Torfason (2007), s. 128.

⁹⁹¹ *Tíminn* 19. sept. 1944, s. 351-352; *Húnavaka* 11. árg. 1971, s. 26-27; *Morgunblaðið* 29. apríl 1944, s. 5.

⁹⁹² *Morgunblaðið* 10. ágúst 1957, s. 11.

⁹⁹³ *Húnavaka* 24. árg. 1984, s. 145-150.

⁹⁹⁴ *Tíminn* 29. mars 1967, s. 8; *Húnavaka* 48. árg. 2008, s. 160-162

⁹⁹⁵ *Heim*. Tryggvi Jónsson 12. og 13. mars 2019.

Horfin bæjarhús

Árið 1910 var torfbærinn í Ytra-Tungukoti aðeins með einu heilþili og einu hálfþili. Fáum árum síðar, eða 1916/18, voru bæjarhúsin þó sögð „nýleg og allvel byggð, en fremur lítil“. Aðeins baðstofan fylgdi jörðinni. Skarphéðinn Einarsson byggði upp bæinn og mikið af útihúsum, en áður hafði hann byggt timburhús á Mörk í Laxárdal, þar sem hann bjó áður, og síðar vandað steinhús á Blönduósi.⁹⁹⁶ Árið 1930 var bærinn í Ytra-Tungukoti þó „farinn að eldast“, en var „rakalítill og sæmilega viðhaldið“. Honum tilheyrði kjallari, 6 × 6 álnir að stærð. Árið 1939 var bæjarhúsum þannig lýst: „Baðstofa 5,4 × 3,5 × 2,5 m = 47 m³, alþiljuð með skarsúð, skipt með einu skilrúmi. Frammihús 5,6 × 3,8 × 3 m = 64 m³, alþiljuð stofa, 3 m af lengdinni, hitt geymsla, loft yfir stofunni í risi. Bæjardyr alþiljaðar, 4,4 × 1,2 × 2,2 m = 12 m³. Hlóðahús 4,5 × 3 × 3 m = 40 m³.“ Öll útihús voru af torfi og grjóti.




Íbúðarhúsið um 1977. (Ljósmyndasafn A-Hún.)

Íbúðarhús

Eins og fyrr segir hófu bræðurnir Jón og Jónas félagsbúskap á jörðinni árið 1947. Strax á fyrsta búskaparári hófu þeir byggingu á tveggja hæða tvíbýlishúsi úr steinsteypu í stað gamla torfbæjarins og fluttu í það árið eftir.⁹⁹⁷ Húsinu var valinn staður skammt norðvestur af gamla bænum, sem stóð uppi a.m.k. fram á sjöunda áratuginn. Íbúðarhúsið er í funkisstíl og teiknað hjá Teiknistofu landbúnaðar-ins, en byggingarmeistari var bróðir bændanna, Guðmundur Tryggvason (1918-2009), bóndi og smiður í Finnstungu, sem gerði frumteikningu að húsinu.⁹⁹⁸

„Lauslegt riss“ Guðmundar Tryggvasonar að húsinu, gert í Ártúnum 27. jan. 1949. (bl. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 A/11.)




⁹⁹⁶ Morgunblaðið 29. apríl 1944, s. 5.

⁹⁹⁷ Húnavaka 24. árg. 1984, s. 145-150, 48. árg. 2008, s. 160-162.

⁹⁹⁸ Samvinnan 52. árg. 1958, 10. tbl., s. 10.

Húsið er sem fyrr segir steinsteypt tvíbýlishús á tveimur hæðum með einhalla þaki og steyptum svölum yfir aðalinngangi á vesturhlið. Herbergjaskipan er alveg sú sama á báðum hæðum (sjá uppdrátt). Húsið er 10,50 m á lengd, 9,70 m á breidd og 5,0 m að vegghæð, en heildarstærð þess er 206,8 m² og 530 m³. Húsið heldur prýðilega sínu upprunalega útliti, að gluggagerð undanskilinni.



Teikning Teiknistofu landbúnaðarins (Pl. Byggingastofnun landbúnaðarins 2005 BB/28, nr. 1346.)



Íbúðarhús – grunnupplýsingar

Byggingarár: 1948
Fyrstu eigendur: Jónas Tryggvason, Jón Tryggvason og Sigríður Ólafsdóttir
Hönnun: Teiknistofa landbúnaðarins
Yfirsmiður: Guðmundur Tryggvason

Upphafleg notkun: Íbúðarhús / tvíbýlishús
Núverandi notkun: Íbúðarhús

Húsgerð	Upphaflegt	Núverandi
Útveggir:	Steinsteyptir	Óbreytt
Þakgerð:	Einhalla	Óbreytt
Þakklæðning:	Bárujárn	Óbreytt
Byggingarlag/útlit:	Tvílyft	Óbreytt
	Stærð	
	Svalir	Óbreytt
	Gluggar	Breyttir

Helstu einkenni/breytingar

9,70 × 10,50 × 5,0 m / 206,8 m² - 530 m³.

Gluggagerð hefur verið breytt í einpósta glugga.

Varðveislumat

Listrænt gildi/byggingarlist: Hátt
Menningarsögulegt gildi: Hátt

Umhverfisgildi: Hátt

Upprunalegt gildi: Hátt
Tæknilegt ástand: Gott

Varðveislugildi: Hátt

Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er stórt tvíbýlishús og fögur bygging í funkisstíl.

Húsið er meðal reisulegustu íbúðarhúsa, sem byggð voru í Bólstaðarhlíðarhreppi á fyrri hluta síðustu aldar.

Húsið nýtur sín afar vel með nálægum útihúsum og vöxtulegum trjágróðri á bæjarstæðinu.

Húsið heldur vel upprunalegri gerð að gluggum frátöldum.

Húsið er vel hirt og í góðu ásigkomulagi.

Húsið hefur mikið varðveislugildi skv. framansögðu.

Engar ráðstafanir eru lagðar til vegna varðveislu hússins.


4. Varðveislumat – samantekt

4.1 Sögulegt ágríp

Segja má að torf og grjót hafi verið allsráðandi byggingarefni í öllum sveitum landsins fram undir aldamótin 1900, því að nánast undantekningarlaust voru kirkjur einu timburhúsin, sem þar þekktust. Raunar voru torfhús af ýmsum toga ríkjandi húsakostur í sveitum núverandi Húnavatnshrepps allt fram á fimmta áratug síðustu aldar. Í byrjun aldarinnar stóðu þar torfbyggð íveru- og skepnuhús á nærfellt öllum bújörðum. Fyrstu altimbruðu íbúðarhúsin voru byggð á Kornsó (1879-1881), Hjallalandi (1881-1882), í Mjóadal (1882), á Þingeyrum (1882), á Hnjúki (1886), í Bólstaðarhlíð (1892), á Húnsstöðum, Másstöðum og í Meðalheimi á árabílinu 1895-1900. Nokkur þeirra voru þó að einhverju leyti torfklædd. Ónefnd eru þá önnur timburhús, eða svonefndar *timburstofur* og *framhús*, sem byggð voru á nokkrum jörðum fram undir 1930. Þau voru að miklu leyti timburhús og hluti torfbæjanna.

Auk þessara timburhúsa skörtuðu sveitirnar fjórum timburkirkjum, sem byggðar voru á árabílinu 1879-1894 og standa ennþá. Kirkjan á Þingeyrum hafði hins vegar þá sérstöðu að vera *steinhús*, þ.e. hlaðin úr steinlímdu holtagrjóti á árunum 1864-1877. Ekki er kunnugt um að reist hafi verið önnur hús af þeirri gerð í sveitunum eða á Blönduósi, en víða á bæjum tíðkuðust þó kjallarar með sama lagi undir torf- og timburhúsum. Á Blönduósi voru sömuleiðis engin steinsteyppt hús við upphaf 20. aldar, eða fyrir 1905.

Timburhúsum fjölgaði nokkuð í sveitunum á næstu áratugum, bæði altimburhúsum og öðrum, sem klædd voru með torfi á þekju og tvær eða þrjár hliðar. Helstu íbúðarhúsin fram til 1930 voru byggð á Kringlu, Akri, Mörk, Þingeyrum, Gunnsteinsstöðum, Undirfelli, Hóli og Brandsstöðum, og í Haga, Vatnshlíð og Sauðanesi. Við þessa tölu má bæta ýmsum bæjum, þar sem einhvers konar timburhús risu, og ennfremur Þinghúsinu í Bólstaðarhlíð (frá 1924/28). Án ítarlegrar rannsóknar er þó ógerlegt að greina með vissu milli mismunandi gerða timburhúsa og hver þeirra megi flokkast sem altimbruð hús. Allmörg þeirra voru sem fyrr segir úr blönduðu byggingarefni og óaðskiljanlegur hluti torfbæjanna, s.s. framhús og timburstofur. Mörg hver áttu sér ekki framhaldslíf eftir hvarf torfbæjanna, þótt ennþá standi reyndar tvö slík framhús, þ.e. í Brattahlíð og á Bergsstöðum.



Íbúðarhúsið á Beinakeldu var fimmta steinsteypuhúsið, sem byggt var í núverandi Húnavatnshreppi.

Snöggjum fleiri *steinsteypuhús* leystu torfbæina af hólmi, þegar fram liðu stundir, en þó ekki að verulegu marki fyrr en á þriðja og fjórða áratug 20. aldar. Á árabílinu 1905-1912 voru byggð 6 steinsteyppt íbúðarhús á Blönduósi, auk þess sem utan Blöndu risu verslunarhús Kaupfélags Húnavetninga (1909-1912) og Kvinnaskólinn (1911-1912). Þessi nýjung í húsagerð hélt innreið sína í sveitirnar árið 1910, er *tvö fyrstu steinsteypuhús* voru byggð þar, þ.e. á Flögu í Vatnsdal og Geitaskarði í Langadal. Til ársins 1920 voru reist þrjú steinsteyppt hús til viðbótar í Engihlíðarhreppi⁹⁹⁹ og í núverandi Húnavatnshreppi risu fimm steinsteyppt íbúðarhús, og þar að auki Skólahúsið á Sveinsstöðum (1914-1917) og Undirfellskirkja (1915). Íbúðarhús voru byggð á þessum bæjum: Í Hvammi og Auðkúlu (1911), á Hjaltabakka (1912-1914), Beinakeldu (1913) og Eyjólfstöðum (1913-1917).

Með lögum um fasteignamat nr. 22 frá 3. nóvember 1915 var í fyrsta sinn gerð tilraun til heildstæðrar úttektar og verðmats á húsakosti landsmanna. Þar var mælt svo fyrir, að slíkt mat skyldi fara fram í fyrsta sinn árin 1916-1918 „og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug“. Skyldu hreppstjórnar semja skýrslu um allar fasteignir í hreppum „og lýsa í fám orðum“, en þriggja manna undir- og yfirmatsnefndir í hverri sýslu skyldu hafa umsjón með verkinu. Endanlegar matsgerðir skyldu sendast stjórnarráðinu fyrir októberlok 1918 og fasteignamatið taka gildi 1. apríl 1920.¹⁰⁰⁰

Fasteignamatið öðlaðist þó ekki gildi fyrr en 1. apríl 1922, en var gefið út á sérstakri bók árið áður. Þar birtust ekki matsgerðir og lýsingar hreppstjóra á einstökum fasteignum, aðeins verðmat á jörðum og húsakosti, sem með því leysti af hólmi rúmlega 60 ára gamalt jarðamat, sem löggilt var með jarðabók 1. apríl 1861.¹⁰⁰¹ Úttektir og frumskýrslur matsmanna eru á hinn bóginn varðveittar í Þjóðskjalasafni Íslands og aðgengilegar á rafrænu formi á jarðavef safnsins.¹⁰⁰²

Fasteignamatið í hreppunum fimm, þ.e. núverandi Húnavatnshreppi, náði til bæjarhúsa á 141 jörð, sem þá voru í ábúð, þ.e. 25 í Áshreppi, 23 í Sveinsstaðahreppi, 20 í Torfalækjarhreppi, 31 í Svínavatnshreppi og 42 í Bólstaðarhlíðahreppi.¹⁰⁰³ Af þessum húsakosti voru skv. lýsingum úttektarmanna 118 eiginlegir torfbæir, þ.e. 84% hlutfall, en 16 bæir voru timburhús af ýmsum toga. Meðal þeirra voru augljóslega allmörg framhús og timburstofur, sem fyrr er lýst, þ.e. bæir eða bæjarhlutar með einum, tveimur eða jafnvel þremur altimbruðum útveggjum, steinlímdum kjallara og torfpaki. Má jafnvel ætla, að slík „hálfimbruð“ hús hafi þá staðið á talsvert fleiri jörðum en með vissu verður ráðið af lýsingum. Steinsteyppt íbúðarhús voru einungis eins og áður segir 6 talsins, að viðbættu Skólahúsinu á Sveinsstöðum, þar sem einnig var innréttuð íbúð.

Tafla 2. Flokkun bæjarhúsa 1918, skv. fasteignamati 1916-1918.¹⁰⁰⁴

Hreppur	Torfbær	Timburhús	Steinsteypuhús	Fjöldi
Áshreppur	20	2	3	25
Sveinsstaðahreppur	18	4	1	23
Torfalækjarhreppur	14	4	2	20
Svínavatnshreppur	30	0	1	31
Bólstaðarhlíðahreppur	37	5	0	42
Samtals:	118	16	7	141

⁹⁹⁹ Sjá nánar *Dreifbýli Blönduósbæjar. Húsakönnun*. TGJ 2018.

¹⁰⁰⁰ *Stjórnartíðindi fyrir Ísland* 1915(A), s. 79-82; 1916(B), s. 13-21 (reglugjörð um fasteignamat nr. 7 frá 26. jan. 1916).

¹⁰⁰¹ *Fasteignabók [1922]; Stjórnartíðindi fyrir Ísland* 1915(A), s. 82.

¹⁰⁰² <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat>.

¹⁰⁰³ *ÞÍ*. Fasteignamat 1916-1918. <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/nr/4>; *Fasteignabók [1922]*, s. 107-113.

¹⁰⁰⁴ *ÞÍ*. Fasteignamat 1916-1918. <http://jardavefur.skjalasafn.is/fasteigna--og-jardamat/nr/4>.

Eftir 1920 komst aukinn skriður á byggingu steinsteypra íbúðarhúsa í sveitum núverandi Húnavatns-hrepps og risu þar 12 hús fram til ársins 1930. Nýtt fasteignamat, sem öðlaðist gildi 1. apríl 1932 og var gefið út á bók sama ár (*Fasteignamat 1932*), var staðfest með lögum 8. september 1931. Þá hafði undirbúningur matsins staðið yfir frá vorinu 1929 í samræmi við eldri lög.¹⁰⁰⁵ Umsjón með matsgerð-inni heima í héraði hafði fasteignamatsnefnd Austur-Húnavatnssýslu, en hreppstjórar önnuðust út-tektir á fasteignum. Þær voru gerðar á árunum 1929-1930, svo að í flestum tilvikum miðast húsalýsingar fasteignamatsins við þau ár. Nokkrum upplýsingum um nýbyggð hús var þó aukið við síðar, þ. á m. lýsingum á 6 íbúðarhúsum, sem byggð voru í Bólstaðarhlíðarhreppi árin 1930 og 1931.¹⁰⁰⁶ Má því segja, að bæjalýsingar í hreppunum fimm gefi mynd af aðstæðum á árabílinu 1929-1931. Af öðrum steinsteyptum mannvirkjum, sem þá höfðu verið byggð, auk hverskyns útihúsa, má nefna sundlaug-ina á Reykjum á Reykjabraut, sem var endurbyggð um 1925, en er nú horfin.

Í fasteignamatið voru skráðar upplýsingar um samtals 141 bújörð í hreppunum fimm, eða jafnmargar og 1916-1918. Af þeim fjölda voru fjórar húslausar eyðijarðir. Skipting þeirra milli hreppa var eftirfarandi og nánast sú sama og í eldri matsgerð (fjöldi eyðijarða er hér innan sviga): Í Áshreppi voru 24 jarðir (1), Sveinsstaðahreppi 23 jarðir (1), Torfalækjarhreppi 21 jörð, Svínavatnshreppi 30 jarðir og í Bólstaðarhlíðarhreppi 43 jarðir (2). Skráin náði þannig til samtals 137 bæjarhúsa, en auk þess var lýst nokkrum gömlum bæjarhúsum, sem stóðu enn á þeim jörðum, þar sem nýrri íveruhús höfðu verið byggð. Ennfremur var getið lauslega um tvær rafstöðvar (á Stóru-Giljá og Fossum) og gefin stuttorð lýsing á Þinghúsinu í Bólstaðarhlíð og þremur kirkjum (Undirfells-, Bólstaðar- og Svínavatnskirkjum).

Tafla 3. Flokkun bæjarhúsa 1930-1931, skv. fasteignamati 1930.¹⁰⁰⁷

Hreppur	Torfbær A	Torfbær B	Timburhús	Steinsteypuhús	Fjöldi
Áshreppur	9	5	2	7	23
Sveinsstaðahreppur	8	6	4	4	22
Torfalækjarhreppur	14	1	3	3	21
Svínavatnshreppur	21	8	0	1	30
Bólstaðarhlíðarhreppur	24	8	5	4	41
Samtals:	76	28	14	19	137

Hér er ekki ráðrúm til að rýna náði í þær upplýsingar, sem tafla 3 sýnir. Sem fyrr voru torfbærir í einhverri mynd á langflestum jörðum í öllum hreppum, þ.e. samtals 104 bæir. Sá fjöldi nam 76% alls þess húsakosts, sem þá var í ábúð. Skv. þeirri flokkun húsa, sem fasteignamatið byggði á, voru í þessum hópi 76 hreinir torfbærir (hér nefnd A-gerð) og 28 af „blönduðu efni“ (hér nefnd B-gerð). Í þann flokk féllu þannig 6 framhús og „hálf-timbruð“ hús, sem talin voru með timburhúsum 1916-1918, sbr. töflu 2 hér að framan. Eiginleg *timburhús* eða *altimburhús* voru því aðeins 14 talsins og steinsteypt íbúðarhús á 19 jörðum.

Næsta allsherjafasteignamat var unnið á árunum 1938-1942 og öðlaðist gildi 1. apríl 1942.¹⁰⁰⁸ Húsa-virðingar hreppstjóra og undirmatsnefndar sýslunnar voru gerðar 1938-1939. Lýsingar á húsakosti taka því mestanpart mið af aðstæðum þau ár.¹⁰⁰⁹ Var þó að sögn aukið við upplýsingum um þær

¹⁰⁰⁵ *Fasteignabók 1932*, s. V; *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1931(A)*, s. 81.

¹⁰⁰⁶ Þí. *Fasteignamat 1930*. BAm1 (bréf dags. 12. janúar 1932).

¹⁰⁰⁷ Þí. *Fasteignamat 1930*. BAm1; *Fasteignabók 1932*, s. VI og 64-66.

¹⁰⁰⁸ *Fasteignabók [1942]*. Reykjavík 1942-1944; *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1938(A)*, s. 5-8.

¹⁰⁰⁹ Þí. *Fasteignamat 1942*. BAm/1-1 (Áshreppur), BAm/1-2 (Sveinsstaðahreppur), BAm/1-3 (Torfalækjarhreppur), BAm/2-2 (Svínavatnshreppur), BAm/3-1 (Bólstaðarhlíðarhreppur).

breyt-ingar, einkum varðandi nýbyggingar, sem urðu á árunum 1940, 1941 og 1942, eftir því sem föng voru á og vitneskja yfirfasteignanefndar leyfði.¹⁰¹⁰ Tafla 4 miðast því að einhverju leyti við aðstæður í árslok 1941.

Tafla 4. Flokkun bæjarhúsa 1940-1941, skv. fasteignamati 1942.¹⁰¹¹

Hreppur	Torfbær A	Torfbær B	Timburhús	Steinsteypuhús	Fjöldi
Áshreppur	9	4	2	9	24
Sveinsstaðahreppur	6	2	3	10	21
Torfaekjarhreppur	8	4	2	8	22
Svínavatnshreppur	15	6	0	7	28
Bólstaðarhlíðahreppur	16	7	6	7	36
Samtals:	54	23	13	41	131

Eins og tafla 4 sýnir urðu verulegar breytingar á húsakosti í sveitunum á árabílinu 1931-1940. Íveru- húsum í ábúð hafði fækkað lítillega, eða um 6 hús, þ.e. úr 137 í 131. Eiginlegum torfbæjum (A-gerð) og húsum úr „blönduðu efni“, þ.e. „háftimbruðum“ torfbæjum (B-gerð), fækkaði einnig umtalsvert milli ára, eða úr 104 í 77. Af heildarfjölda byggðra býla lækkaði þannig hlutfall þessara tveggja húsa-gerða úr 76% í 59%. Timburhúsum fækkaði um eitt, þrátt fyrir tilkomu tveggja nýrra, því að steinsteypt hús komu í stað eldri timburhúsa. Meginbreytingin á húsakosti byggðanna fólst hins vegar í tvöföldun steinsteypuhúsa, sem fjölgaði úr 19 í 41. Í þennan flokk má einnig bæta Laxárvatnsvirkjun, sem byggð var 1933.



Framhúsið á Bergsstöðum er annað tveggja torf- og timburhúsa af þeirri gerð, sem ennþá er varðveitt í Húnavatnshreppi.

Sambærilegar úttektir á húsakosti voru ekki gerðar við undirbúning fasteignamats, sem efnt var til á grundvelli laga nr. 33 frá 14. maí 1955 og öðlaðist gildi 1. maí 1957.¹⁰¹² Fyrir vikið eru ekki tiltækar jafn heildstæðar lýsingar á húsum, sem byggð voru á árabílinu 1941-1950. Bæjalýsingar í húsaskránni hér að framan bera þessa reyndar glögg merki, þó svo að leitast hafi verið við að afla sem víðast fanga um byggingu einstakra húsa og upphaflegt svipmót. Lausleg könnun á fjölda nýbygginga á þessum árum leiðir þó í ljós, að aðeins tvö timburhús voru byggð á þessu árabíli og 24 steinsteypt hús, ásamt viðbyggingum við þrjú eldri hús.

¹⁰¹⁰ *Fasteignabók [1942]*, s. V-IX.

¹⁰¹¹ Þí. *Fasteignamat 1930*. BAm1; *Fasteignabók 1932*, s. VI og 64-66.

¹⁰¹² *Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1955(A)*, s. 58-59; *Fasteignabók [1957]*, s. 3-7. Í lögnum er vitnað til „aukafasteignamats, sem gert hefur verið“ eftir 1942, einnig nefnt „millimat“, en óþekkt við hvað er átt.

Steinsteypt íbúðarhús voru þannig á röklega 60 jörðum í núverandi Húnavatnshreppi í árslok 1950. Þrátt fyrir þessi gagngeru umskipti þjónuðu torfbærir og torfhús af „blönduðu efni“ ennþá sem íveru- hús á um 40% jarða á svæðinu. Ótalin eru þá steinsteypt útihús og önnur mannvirki, sem frá því á öðrum áratug aldarinnar ruddu sér víða til rúms í stað gripahúsa úr torfi og grjóti. Ekki hefur verið ráðist í sambærilega könnun á þróunarsögu þeirra húsa og hér hefur verið gerð á íbúðarhúsum, enda vand-séð hvort tiltækar heimildir geti leitt til marktækrar niðurstöðu.

4.2 Varðveitt hús frá 1877 til 1950

Húsaskráin (3. kafli) hér að framan geymir upplýsingar um samtals 186 hús, sem byggð voru á árabíl- inu 1864 til 1950 og ennþá eru varðveitt í Húnavatnshreppi. Elsta húsið er Þingeyrakirkja, en bygging hennar hófst árið 1864. Er því álitamál, hvort miða skuli upphafsár þessarar húsasögu við þau tíma- mót eða vígsluár kirkjunnar, 1877.

Tafla 5. Íbúðarhús í Húnavatnshreppi frá 1879 til 1950

Bæjarnafn	Byggingarár	Bæjarnafn	Byggingarár
Kornsá	1879-1881	Miðhús	1938
Hjallaland	1881-1882	Gil	1939
1879-1900	2 hús	Steiná	1939
Brattahlíð	1904-1905	Vatnsdalshólar	1939
Flaga	1910	Ytri-Langamýri	1939
Hvammur	1911	1931-1940	19 hús
Beinakelda	1913	Finnstunga	1942/1950
Eyjófsstaðir	1913-1917	Hnausar I	1942
Bergsstaðir	1917-1918	Hnausar II	1942
1901-1920	6 hús	Torfalækur	1942-1943
Grimstunga	1921	Höllustaðir	1943/1947
Saurbær	1922	Hof	1944-1945
Brekka	1923	Laxárvatnsvirkjun	1945
Þingeyrar	1924/1935/1944	Leifsstaðir	1945
Gunnsteinsstaðir	1925/1935/1948	Grænahlíð	1946-1947
Stóra-Giljá	1926	Sauðanes	1946-1947
Hagi	1926/1946	Forsældalur	1947
Steinnes	1928	Leysingjastaðir	1947
Sveinsstaðir	1929	Sunnahlíð	1947-1950
Æsustaðir	1929	Ártún	1948
Helgavatn	1929-1930	Kaldakinn 1	1948
Auðólfstaðir	1930	Orrastaðir	1948
Guðrúnarstaðir	1930	Þverárdalur	1948
Mosfell	1930-1931/1939	Ás	1949-1950
1921-1930	14 hús	Stafn	1949-1951
Blöndudalshólar	1932	Akur	1950
Brekkukot	1933-1934	Austurhlíð	1950
Hæli	1934	Bólstaðarhlíð	1950
Litlidalur	1934-1935	Sólheimar	1950
Gautsdalur	1935/1948	Tindar	1950
Haukagil	1936	Syðri-Grund	1950-1951
Neðra-Holt	1936	Nautabú	1950-1953
Reykir	1936	1941-1950	26 hús
Snæringstaðir	1936	Íbúðarhús alls 1879-1950	67 hús
Breiðabólstaður	1937		
Grund	1937		
Hurðarbak	1937	Rifin íbúðarhús 2016	
Uppsálar	1937	Gilsstaðir	1924
Eiríksstaðir	1938	Marðarnúpur	1931/1942

Þessi húsakostur skiptist þannig eftir húsagerðum: 67 íbúðarhús, 6 kirkjur, 3 skóla- og samkomuhús, 4 rafstöðvarhús, 2 sæluhús, einn gangnamannaskáli og 103 útihús af ýmsum toga. Húsin deilast mis- jafnlega niður á hina gömlu hreppa, eins og gerð er nánari grein fyrir í 1. kafla (tafla 1). Í töflum 5, 6

og 7 hér á eftir er hinum mismunandi hústegundum skipt niður á þrjá efnisflokk, þar sem tilgreind eru byggingarár þeirra.

Aldursdreifing varðveittra íbúðarhúsa frá þessu tímasteiði (tafla 5) talar sínu máli. Með samanburði við það sem fyrr er sagt um nýbyggingar úr timbri og steinsteypu á löngu árabili má hins vegar glögg sjá, hvað stendur eftir af þessum byggingararfi. Má sem dæmi nefna, að einungis eru varðveitt tvö timburhús frá 19. öld, þ.e. á Kornsó og Hjallalandi, tveir bæir (framhús) frá upphafi síðustu aldar, sem ýmist má flokka sem torf- eða timburhús, þ.e. í Brattahlíð og á Bergsstöðum, og fjögur af þeim sex steinsteyptu húsum, sem byggð voru fyrir 1920. Af þeim húsakosti, sem byggður var á árabilinu 1921 til 1950, eru hins vegar varðveitt samtals 59 hús. Þar af eru 14 hús frá 1921 til 1930, 19 hús frá 1931-1940 og 26 hús frá 1941 til 1950.



Rafstöðvarhúsið á Stóru-Giljá er eitt þriggja mannvirkja af þeirri gerð, sem ennþá standa í Húnavatnshreppi.

Tafla 6 þarfnast ekki ítarlegra skýringa. Þar eru færð saman í einn stað þau 16 hús, sem þjónuðu öðru hlutverki en sem íbúðarhús og hefðbundin útihús. Ásamt hinum torfbyggða gangnamannaskála við Kúluvísl á Auðkúluheiði eru hér taldar 6 kirkjur, sem allar eru friðuð hús skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í þann flokk fellur einnig Skólahúsið á Sveinsstöðum, sem er elsta skólahús í Húnaþingi og meðal fyrstu skólahúsa, sem byggð voru til sveita á landinu. Það er því sérstakt fagnaðarefni, að nú skuli vera unnið að endurgervingu hússins á vegum Húnavatnshrepps. Önnur hús eru að sama skapi gagnmerk, hvert á sinn hátt, þ.e. tvö sæluhús á Hveravöllum, tvö félagsheimili, Laxárvatnsvirkjun og þrjú rafstöðvarhús til heimilisparfa.

Tafla 6. Skóla- og samkomuhús, kirkjur, rafstöðvarhús, gangnamannaskáli og sæluhús, byggð 1864-1936.

Hús	Byggingarár	Hús	Byggingarár
Skólahús		Rafstöðvarhús	
Skólahúsið á Sveinsstöðum	1914-1917	Stóra-Giljá	1930
Samkomuhús		Laxárvatnsvirkjun	1933
Móhella	1935	Gil	1933-1934
Dalsmynni	1936	Marðarnúpur	1946
Kirkjur		Gangnamannaskáli	
Þingeyrakirkja	1864-1877	Kúluvíslarskáli	1880-1890
Svínavatnaskirkja	1879-1881	Sæluhús	
Bergsstaðakirkja	1883	Sæluhús á Hveravöllum	1922
Bólstaðarhlíðarkirkja	1888	Sæluhús Ferðafél. Íslands	1936
Auðkúlukirkja	1894		
Undirfellskirkja	1915		
		Fjöldi alls:	16

Tafla 7. Gripahús og önnur útihús í Húnavatnshreppi, byggð fyrir 1951.

Bæjarnafn	Byggingarár	Húsgerð	Bæjarnafn	Byggingarár	Húsgerð
Kóngsgarður	< 1900	fjárhús	Hólabær	1948	hlaða
Fossar	< 1900 >	hesthús	Höllustaðir II	1948	fjós
Æsustaðir	1900-1914	fjárhús/hlaða	Hvammur	1948	geymsla
Hof	1900/1929	skemma	Hvammur	1948	fjóshús
Brattahlíð	< 1913 >	fjós	Hvammur	1948	hlaða
Fyrir 1920		5 hús	Hvammur	1948	hlaða
Flaga	1923	fjós	Hvammur	1948	geymsla
Flaga	1923	haughús	Litla-Giljá	1948	fjós
Brattahlíð	< 1925 >	skemma	Torfalækur	1948	fjós
Bólstaðarhlíð	1927	hlaða	Torfalækur	1948	hlaða
Bólstaðarhlíð	1927	geymsla	Torfalækur	1948	geymsla
Hvammur	1928	hlaða	Mosfell	1948-1949	hlaða
Hof	1929	hlaða	Blöndudalshólar	1949	fjós
Brekka	< 1930	fjós	Blöndudalshólar	1949	hlaða
Gautsdalur	1930	fjós	Eyjófsstaðir	1949	fjós
Vatnsdalshólar	1930	hlaða	Eyjófsstaðir	1949	fjárhús
Brattahlíð	< 1930 >	fjárhús	Eyjófsstaðir	1949	fjárhús
Brattahlíð	< 1930 >	fjárhús	Eyjófsstaðir	1949	hlaða
1921-1930		12 hús	Finnstunga	1949	votheysturn
Helgavatn	1933	fjárhús	Hnausar II	1949	hlaða
Litla-Giljá	1935	hundahr.hús	Hnausar II	1949	votgeysgryfja
Vatnsdalshólar	1935	fjárhús	Litla-Giljá	1949	hlaða
Æsustaðir	1935	geymsla	Neðra-Holt	1949	hlaða
Hjarðartunga	1938	hlaða	Steiná	1949	fjós
Marðarnúpur	1939	hlaða	Pingeyrar	1949	fjós
Sveinsstaðir	1939	fjárhús	Breiðabólstaður	1950	geymsla
Sveinsstaðir	1939	hlaða	Brekka	1950	geymsla
Akur	1940	geymsla	Eiríksstaðir	1950	fjárhús
Ásbrekka	1940	vöruskemma	Eiríksstaðir	1950	hesthús
Eiríksstaðir	1940	fjós	Eiríksstaðir	1950	hlaða
Grund	1940	geymsla	Eiríksstaðir	1950	hlaða
Kringla	1940	fjárhús	Eyjófsstaðir	1950	mjólkurhús
Skottastaðir	1940	hesthús	Eyjófsstaðir	1950	geymsla
1931-1940		14 hús	Grænahlíð	1950	fjós
Hjarðartunga	1944	fjárhús	Grænahlíð	1950	hlaða
Hnausar I	1944	haughús	Gunnsteinsstaðir	1950	fjárhús
Hnausar I	1944	mjólkurhús	Haukagil	1950	hlaða
Hnausar I	1944	hesthús	Hnausar II	1950	fjós
Hnausar I	1944	hesthús	Hnausar II	1950	haughús
Marðarnúpur	1944	fjárhús	Hnausar I	1950	hlaða
Eiríksstaðir	1945	fjárhús	Hnausar I	1950	votheysgryfja
Hvammur	1945	hesthús	Höllustaðir II	1950	hlaða
Leifsstaðir	1945	fjós	Litla-Giljá	1950	hlaða
Röðull	1945	hlaða	Mosfell	1950	fjárhús
Sunnuhlíð	1945	hlaða	Stekkjardalur	1950	hundahr.hús
Stóra-Giljá	1946	geymsla	Stóridalur	1950	fjárhús
Æsustaðir	1946	hlaða	Sunnuhlíð	1950	fjós
Akur	1947	hlaða	Sunnuhlíð	1950	geymsla
Brekka	1947	hlaða	Pingeyrar	1950	fjárhús
Gunnsteinsstaðir	1947	hlaða	Pingeyrar	1950	votheysgryfja
Stóra-Giljá	1947	hlaða	Póroarmstunga	1950	hlaða
Sveinsstaðir	1947	fjós	Póroarmstunga	1950	votheysgryfja
Brekka	1947-1948	fjós	1941-1950		72 hús
Beinakelda II	1948	votheysturn			
Gunnsteinsstaðir	1948	fjós	Samtals útihús:		103 hús

Í töflu 7 eru skráð samtals 103 útihús af ýmsum toga og þar af fjögur úr torfi og grjóti, sem byggð voru nærri aldamótum 1900. Þau eru þess vegna friðuð skv. aldursákvæði laga um menningarminjar. Eins eru varðveitt fáein yngri torfhlaðin útihús. Elsta timburhúsið í þeim flokki var upphaflega reist sem íshús Höepfnersverslunar á Blönduósi árið 1900, en tekið ofan árið 1929 og endurreist sem skemmuhús á Hofi í Vatnsdal, þar sem það þjónar nú sem sumarhús (Grjótá). Enn standa fáein steinsteypt útihús, sem byggð voru á árunum 1923-1930. Á hinn bóginn eru með öllu horfin þau gripahús,

sem vitað er um að steipt voru á nokkrum bæjum á árunum 1910-1920 (t.d. á Kornsa 1912), og jafnvel áður en fyrsta steinsteipta íbúðarhúsið var byggt á Flögu. Bróðurpartur útihúsanna frá fyrri hluta síðustu aldar var þó byggður á árbilinu frá 1931 til 1950, enda eru nærri 85% varðveittra útihúsa frá þeim tíma.

4.3 Niðurstöður varðveislumats – verndarflokkar

Í niðurlagi hvernar húsalýsingar í 3. kafla er birt samantekt með grunnupplýsingum og *varðveislumati* þeirra bygginga, sem þar er lýst. Til glöggvunar eru þessar niðurstöður færðar hér saman í eina töflu (nr. 8) eða heildaryfirlit. Þar eru tilgreindir þeir fimm matsþættir, sem liggja til grundvallar mati á varðveislugildi sérhvers húss, sem húsaskráin nær til. Um er að ræða byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalegt gildi og tæknilegt ástand. Á allmörgum jörðum, þar sem varðveitt eru tvö eða fleiri útihús frá svipuðum tíma, er valin sú leið að meta varðveislugildi þeirra sem einnar heildar. Sameiginlegt varðveislumat útihúsa er auðkennt með stjörnutákni (*) í töflu 8.

Skv. niðurstöðum varðveislumatsins eru húsin flokkuð í þrjá *verndarflokka* með eftirfarandi hætti:

Verndarflokkur A: Hátt varðveislugildi – friðlýst og friðuð hús

Í þennan verndarflokk falla samtals 54 hús, sem hafa ótvírætt eða *hátt varðveislugildi*. Þar skulu fyrst nefnd til sögu 23 íbúðarhús. Af þeim eru átta hús 100 ára eða eldri, þ.e. byggð á árbilinu 1879-1918. Þau eru þar af leiðandi friðuð skv. aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Húsin standa á eftirtöldum jörðum: Kornsa, Hjallalandi, Bröttuhlíð, Flögu, Hvammi, Beinakeldu, Eyjólfstöðum og Bergsstöðum. Yngri íbúðarhús, sem teljast hafa hátt varðveislugildi, eru á þessum jörðum: Grímstungu, Brekku, Þingeyrum, Stóru-Giljá, Steinnesi, Sveinsstöðum, Helgavatni, Auðólfstöðum, Blöndudalshólum, Hnausum II, Höllustöðum, Leysingjastöðum, Ártúnum, Orrastöðum og Þverárdal. Þrjú fyrstnefndu húsin, þ.e. í Grímstungu, á Brekku og Þingeyrum, voru byggð á árunum 1921-1925 og eru því *umsagnarskyld* vegna aldurs, skv. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í þennan verndarflokk er einnig skipað öllum húsum, sem hér að ofan eru skráð í töflu 6, að undanskildu rafstöðvarhúsi á Marðarnúpi. Af þessum 15 húsum eru 8 friðuð skv. áður nefndu aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar, þ.e. kirkjurnar sex, Skólahúsið á Sveinsstöðum og Kúluvíslarskáli. Gamla sæluhúsið á Hveravöllum, sem byggt var 1922, er ennfremur umsagnarskyld skv. ákvæði 30. gr. sömu laga.

Flest íbúðarhúsin sem hér um ræðir eru í fullri notkun sem íbúðar- og sumarhús, sem stuðlar að góðu viðhaldi þeirra og varðveislu. Húsin í Brattahlíð, á Bergsstöðum, Auðólfstöðum og Orrastöðum hafa hins vegar staðið auð um langa hríð, svo að meiri óvissu gætir um framtíð þeirra. Nánast öll húsin, sem tilgreind eru í töflu 6, njóta ennfremur góðrar umhirðu, en sérstaklega þarf að hyggja að framtíð rafstöðvarhúsanna á Stóru-Giljá og Gili. Einnig skortir ítarlegri rannsóknir á byggingarsögu fjölda húsa, þar sem upprunalegar teikningar virðist skorta að þeim flestum. Nokkur ofanefnd hús hafa þó verið mæld upp og teiknuð af sérfræðingum, þ.e. kirkjurnar, Skólahúsið á Sveinsstöðum, samkomuhúsið Móhella (nú sumarhús), framhúsin í Bröttuhlíð og á Bergsstöðum og íbúðarhúsin á Kornsa, Hjallalandi og í Grímstungu. Þess vegna er lagt til að önnur hús í þessum verndarflokki fái sömu meðferð og að byggingarsaga þeirra verði rannsökuð nánar. Þau tilmæli gilda um drjúgan hluta íbúðar- og útihúsa, sem hér eru færð í verndarflokka A og B, svo að tryggt verði að sem fyllstar upplýsingar geymist um þau til frambúðar.

Í þennan verndarflokk eru einnig færð 16 útihús. Þeirra elst eru fimm torf- og timburhús á Kóngsgarði, Fossum, Æsustöðum, Hofi og í Brattahlíð. Þótt ekki verði fullyrt um nákvæman aldur þeirra, eru þau að stofni til 100 ára eða eldri og þess vegna friðuð skv. 29. gr. laga um menningarminjar. Önnur

útihús eru á ýmsum aldri, þ.e. þrjú torfhús í Brattahlíð, fjós og hlaða á Brekku, fjós, fjárhús og hlaða á Sveinsstöðum, hesthúsbraggi á Skottastöðum og tvö hundahreinsunarhús, annað á Litlu-Giljá og hitt í Stekkjardal. Flest húsinn sem hér um ræðir eru í fremur slöku ásigkomulagi og þjóna ekki lengur upp-
runalegu hlutverki, en lagt er til að þau verði mæld upp og teiknuð.

Ennfremur er lagt til að stakar byggingar, húsaraðir, húsabyrpingar og afmörkuð svæði á 6 jörðum verði vernduð með *hverfisvernd* í aðal- og deiliskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna hins háa varðveislugildis þeirra. Í fyrsta lagi er um að ræða sérstæðar og formfagar raðir sambyggðra íbúðar- og útihúsa á Leysingjastöðum og Sveinsstöðum. Í annan stað er lagt til að steinsteypt stöðvarhús og tilheyrandi leifar heimilisrafstöðvar á Stóru-Giljá njóti hverfisverndar. Í þriðja lagi er hvatt til þess að leifar torf- og timburhússins á Bergsstöðum verði verndaðar með hverfisvernd, ásamt fornu kirkjustæði og grafreit, sem eru friðaðar fornleifar. Að síðustu er mælt til, meðal annars með vísan til stefnuyfirlýsingar í *Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022*,¹⁰¹³ að sömu verndarskilmálar gildi um bæjarhús og kirkju á Þingeyrum ásamt nánasta umhverfi, svo og um bæjarhús, gömul útihús, garðlög og önnur forn mannvirki í Brattahlíð.

Verndarflokkur B: Miðlungs varðveislugildi – friðuð, umsagnarskyld og varðveisluverð hús

Til þessa verndarflokks teljast hús, sem flokkuð eru með *miðlungs varðveislugildi*, óháð aldri. Um er að ræða samtals 77 hús, þ.e. 26 íbúðarhús og 51 útihús. Af þessum fjölda eru tvö íbúðarhús umsagnarskyld vegna aldurs, skv. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. íbúðarhúsið í Saurbæ og elsti hluti íbúðarhússins á Gunnsteinsstöðum, sem byggð voru 1922 og 1925. Þar er einkar áhugaverð þyrping íbúðar- og útihúsa, sem lagt er til að verði vernduð með *hverfisvernd* í aðal- og deiliskipulagi skv. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Önnur og yngri íbúðarhús eru misjafnlega varðveisluverð af tilgreindum ástæðum í húsaskránni og falla ekki undir lög um menningarminjar. Þau eru á eftirtöldum jörðum: Haga, Æsustöðum, Guðrúnarstöðum, Mosfelli, Hæli, Litladal, Gautsdal, Haukagili, Reykjum, Breiðabólstað, Grund, Eiríksstöðum, Gili (nú hesthús), Steiná, Vatnsdalshólum, Ytri-Löngumýri, Torfalæk, Hofi, Leifsstöðum, Köldukinn 1, Ási, Stafni, Akri og Syðri-Grund. Föst búseta er á flestum þessara jarða og varðveisla íbúðarhúsa því betur tryggð en ella væri. Víðast hvar er umhira þeirra með ágætum, enda gera skýrsluhöfundar sjaldnast tillögu um ráðstafanir til varðveislu þeirra. Sex íbúðarhús standa þó auð og yfirgefin, þ.e. í Haga, Gautsdal, Litladal, á Guðrúnarstöðum, Breiðabólstað og Æsustöðum. Þar er raunar unnið að endurgerð hússins, en ásigkomulag hinna húsanna er misjafnt og þess vegna álitamál, hvort þau ættu fremur að falla undir verndarflokk C. Gildir það m.a. um lítið íbúðarhús á Gili í Svartárdal, sem brann árið 1963 og var löngu síðar endurbyggt sem hesthús. Fyrirliggjandi eru uppdrættir að fjölda íbúðarhúsa í þessum verndarflokki, en í 8 tilvikum er sérstaklega lagt til að hús verði mæld upp og teiknuð.

Útihúsin, sem felld eru undir þennan verndarflokk, standa á eftirtöldum jörðum: Bólstaðarhlíð, Hofi, Gautsdal, Æsustöðum, Marðarnúpi (þar með talið laskað rafstöðvarhús), Akri, Ásbrekku (vöru-skemma), Grund, Hnausum I og II, Stóru-Giljá, Gunnsteinsstöðum, Beinakeldu, Höllustöðum II, Litlu-Giljá, Mosfelli, Blöndudalshólum, Eyjófsstöðum, Steiná, Brekku, Haukagili og Þingeyrum.

Á Flögu eru tvö umsagnarskyld útihús vegna aldurs (byggð 1923), skv. 30. gr. laga um menningarminjar. Önnur útihús (alls 49) teljast að einhverju marki varðveisluverð að mati skýrsluhöfunda, þó svo að þau falli ekki undir lög um menningarminjar eða verðskulda í það minnsta, að þeim verði gefinn sérstakur gaumur, ekki síst ef ákvörðun kynni að verða tekin um niðurrif þeirra. Í fæstum tilvikum er á færri skýrsluhöfunda að gera tillögur um ráðstafanir til varðveislu þeirra og síst af öllu, þegar húsinn þjóna ekki lengur hefðbundnum búrekstri og takmörkuð eða jafnvel engin not af þeim.

¹⁰¹³ Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022, s. 42.

Mælst er þó til þess, að velflest húsin verði mæld upp og teiknuð. Jafnframt þarf að grafast fyrir um upprunalegar teikningar, sem kunna í mörgum tilfellum að vera varðveittar í teikningasafni Byggingastofnunar landbúnaðarins.

Verndarflokkur C: Lágt varðveislugildi

Í þennan verndarflokk er skipað samtals 55 húsum, sem hafa fremur lítið eða takmarkað varðveislugildi og falla ekki undir lög um menningarminjar. Um er að ræða 18 íbúðarhús og 37 útihús. Sex íbúðarhús voru byggð á árabílinu 1933-1938, þ.e. á þessum bæjum: Brekkukoti, Neðra-Holti, Snæringsstöðum, Hurðarbaki, Uppsölum og Miðhúsum. Tólf hús voru byggð á árabílinu 1942-1950 og standa á þessum jörðum: Finnstungu, Hnausum I, Grænuhlíð, Sauðanesi, Forsæludal, Sunnuhlíð, Austurhlíð, Bólstaðarhlíð, Sólheimum, Tindum, Nautabúi og við Laxárvatnsvirkjun. Flestum þessara húsa hefur verið breytt umtalsvert frá upphaflegri gerð og ásýnd, sem rýrt hefur varðveislugildi þeirra. Skýrsluhöfundar gera því ekki tillögur um sérstakar ráðstafanir til varðveislu þessara húsa, en í nokkrum tilvikum hafa varðveist upphaflegar teikningar að þeim.

Svipaða sögu má segja um útihúsin, að varðveislugildi marga þeirra er takmarkað að mati skýrsluhöfunda. Elstu sjö húsin, sem byggð voru á árunum 1928-1940, eru t.d. í lélegu ásigkomulagi. Hið sama gildir um nokkur þeirra 30 útihúsa, sem byggð voru á árabílinu 1944-1950, á meðan önnur eru í prýðilegri umhirðu, t.d. útihús á Torfalæk, sem klædd hafa verið að utan. Þrátt fyrir misjafnt varðveislugildi er lagt til, að meirihluti gripa- og útihúsa í þessum verndarflokki verði mældur upp og teiknaður og leitast við að tryggja verndun nokkurra, s.s. burstlaga fjósbygginga á Brekku. Varðveisla meginþorra þessara bygginga, eins og reyndar alls annars húsakosts sem hér um ræðir, mun hins vegar ráðast öðru fremur af notagildi þeirra til lengri tíma, þar sem þær þjóna fæstar upphaflegu hlutverki sínu.

Tafla 8. Niðurstöður varðveislumats.

* Sameiginlegt varðveislumat allra útihúsa

Nokkur hús, byggð eftir 1950, eru innan hornklofa.

Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislugildi	
Áshreppur								
3.1.1	Hvammur I-II							
	íbúðarhús	1911	Hátt	Hátt	hátt	Miðlungs	Miðlungs	Hátt
	hlaða*	1928						
	hesthús*	1945						
	hlaða*	1948						
	hlaða*	1948						
	geymsla*	1948						
	hesthús*	1948						
	verkfærageymsla*	1948	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt	Lélegt	Lágt
3.1.2	Eyjólfsstaðir							
	íbúðarhús	1914-1917	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
	fjós*	1949						
	mjólkurhús*	1950						
	fjárhús*	1949						
	fjárhús*	1949						
	hlaða*	1949						
	verkfærageymsla*	1950	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Gott	Miðlungs
3.1.3	Hof							
	íbúðarhús	1944-1945	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Gott	Miðlungs
	skemma / Grjótá	1900/1929	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
	hlaða	1929	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
3.1.4	Marðarnúpur							
	hlaða	1939	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Hátt	Gott	Miðlungs
	fjárhús	1944	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lélegt	Miðlungs
	rafstöðvarhús	1946	Lágt	Hátt	Lágt	Miðlungs	Lélegt	Miðlungs

Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislugildi
3.1.5 Guðrúnarstaðir íbúðarhús	1930	Hátt	Hátt	Lágt	Lágt	Lélegt	Miðlungs
3.1.6 Póromstunga [fjárhús* hlaða* votheysgryfja*	1955] 1950 1950	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Hátt	Gott	Miðlungs
3.1.7 Sunnuhlíð íbúðarhús hlaða* fjós* geymsla*	1947-1950 1945 1950 1950	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Lágt	Gott	Lágt
3.1.8 Forsæludalur íbúðarhús	1947	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt	Gott	Lágt
3.1.9 Hjarðartunga hlaða* fjárhús*	1938 1944	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lélegt	Lágt
3.1.10 Grímstunga íbúðarhús	1921	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.1.11 Haukagil íbúðarhús hlaða	1936-1937 1950	Miðlungs Lágt	Miðlungs Lágt	Hátt Miðlungs	Lágt Miðlungs	Gott Gott	Miðlungs Miðlungs
3.1.12 Saurbær íbúðarhús	1922	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Lágt	Gott	Miðlungs
3.1.13 Móhella samkomuhús	1935	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt	Gott	Hátt
3.1.14 Ásbrekka vörugeymsluskúr	1940	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Gott	Miðlungs
3.1.15 Ás íbúðarhús	1949-1950	Hátt	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Gott	Miðlungs
3.1.16 Undirfellskirkja	1915	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt

Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislugildi
3.1.17 Nautabú íbúðarhús	1950-1953	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Lélegt	Lágt
3.1.18 Kornsá íbúðarhús	1879-1881	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.1.19 Gilsstaðir <i>horfið hús</i>							
3.1.20 Flaga íbúðarhús	1910	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Gott	Hátt
fjós*	1923						
haughús*	1923	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
Sveinsstaðahreppur							
3.2.1 Litla-Giljá fjós*	1948						
hlaða*	1949						
hlaða*	1950	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
hundahreinsunarhús	1935	Lágt	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt
3.2.2 Brekka íbúðarhús	1923	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt
fjós*	<1930/47-48						
hlaða*	1947-1948	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Lélegt	Hátt
verkfærageymsla	1950	Lágt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Gott	Miðlungs
3.2.3 Brekkukot íbúðarhús	1933-1934	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Lágt	Gott	Lágt
3.2.4 Hnausar I íbúðarhús	1942	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Lágt	Gott	Miðlungs
hesthús*	1944						
hesthús*	1944						
haughús*	1944						
mjólkurhús*	1944						
hlaða*	1950						
votheysturn*	1950	Lágt	Lágt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs

Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar-sögulegt gildi	Umhverfis-gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislugildi
3.2.5 Hnausar II							
íbúðarhús	1942	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Gott	Hátt
hlaða*	1949						
votheysgryfja*	1949						
fjós*	1950						
haughús*	1950	Lágt	Lágt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs
3.2.6 Hjallaland							
íbúðarhús	1881-1882	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.2.7 Helgavatn							
íbúðarhús	1929-1930	Miðlungs	Hátt	Hátt	Miðlungs	Gott	Hátt
fjárhús	1933	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Lélegt	Lágt
3.2.8 Breiðabólstaður							
íbúðarhús	1937	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Miðlungs
geymsla	1940	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Lélegt	Lágt
3.2.9 Miðhús							
íbúðarhús	1938	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt	Gott	Lágt
3.2.10 Uppsalir							
íbúðarhús	1937	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt	Gott	Lágt
3.2.11 Vatnsdalshólar							
íbúðarhús	1939	Miðlungs	Lágt	Hátt	Lágt	Gott	Miðlungs
[veiðihús	1952]	Lágt	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt
hlaða*	1930						
fjárhús*	1935	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lélegt	Lágt
3.2.12 Sveinsstaðir							
íbúðarhús	1929	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
fjárhús*	1939						
hlaða*	1939						
fjós*	1947	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.2.13 Sveinsstaðaskóli	1914-1917	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Gott	Hátt
3.2.14 Steinnes							
íbúðarhús	1928	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt

	Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislugildi
3.2.15	Hagi íbúðarhús	1926/1946	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
3.2.16	Leysingjastaðir íbúðarhús	1947	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.2.17	Pingeyrar íbúðarhús	1924/35/44	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
	fjós*	1949						
	fjórhus* votheysturn*	1950 1950	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Gott	Miðlungs
3.2.18	Pingeyrakirkja	1864-1877	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
Torfalækjarhreppur								
3.3.1	Stóra-Giljá íbúðarhús	1926	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
	verkfærageymsla*	1946						
	hlaða*	1947	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
	rafstöðvarhús	1930	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt
3.3.2	Akur íbúðarhús	1950	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Gott	Miðlungs
	geymsla*	1940						
	hlaða*	1947	Miðlungs	Lágt	Hátt	Hátt	Gott	Miðlungs
3.3.3	Torfalækur íbúðarhús	1942-1943	Miðlungs	Lágt	Hátt	Hátt	Gott	Miðlungs
	fjós*	1948						
	hlaða*	1948						
	geymsla*	1948	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt	Gott	Lágt
3.3.4	Neðra-Holt íbúðarhús	1936	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lágt
	hlaða	1949	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Lágt
3.3.5	Laxárvatnsvirkjun rafstöðvarhús	1933	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
	íbúðarhús	1945	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Lágt

	Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveisl- gildi
3.3.6	Kaldakinn I íbúðarhús	1948	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
3.3.7	Orrastaðir íbúðarhús	1948	Lágt	Hátt	Miðlungs	Hátt	Lélegt	Hátt
3.3.8	Reykir íbúðarhús	1936	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Lágt	Gott	Miðlungs
3.3.9	Hurðarbak íbúðarhús	1937	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Lélegt	Lágt
3.3.10	Grænahlíð íbúðarhús fjós* hlaða*	1946-1947	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Lágt
		1950						
		1950	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lélegt	Lágt
3.3.11	Hæli íbúðarhús	1934	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Gott	Miðlungs
3.3.12	Beinakelda íbúðarhús votheysturn	1913	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
		1948	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
3.3.13	Kringla fjárhús	1940	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lélegt	Lágt
3.3.14	Röðull hlaða	1945	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs	Lélegt	Lágt
3.3.15	Sauðanes íbúðarhús	1946-1947	Lágt	Lágt	Hátt	Lágt	Gott	Lágt
Svínavatnshreppur								
3.4.1	Svínavatnskirkja	1879-1882	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt	Gott	Hátt
3.4.2	Sólheimar íbúðarhús	1950	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Gott	Lágt
3.4.3	Tindar íbúðarhús	1950	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Lágt
3.4.4	Stóridalur fjárhús	1950	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Lélegt	Lágt

	Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislugildi
3.4.5	Dalsmynni samkomuhús	1936	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.4.5a	Stekkjardalur hundahreinsunarhús	1950	Lágt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Gott	Hátt
3.4.6	Ytri-Langamýri íbúðarhús	1939	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Miðlungs
3.4.7	Höllustaðir I-II íbúðarhús	1943/1947	Hátt	Miðlungs	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
	fjós*	1948						
	hlaða*	1950	Lágt	Lágt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
3.4.8	Guðlaugsstaðir	<i>horfið hús</i>						
3.4.9	Litlidalur íbúðarhús	1934-1935	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Lélegt	Miðlungs
	[fjós*	1952]						
	[hlaða*	1953]						
	[votheysturnar (2)*	1952/1956]	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Lágt	Lélegt	Miðlungs
3.4.10	Auðkúlukirkja	1894	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.4.11	Snæringstaðir íbúðarhús	1936	Lágt	Lágt	Lágt	Lágt	Lélegt	Lágt
3.4.12	Syðri-Grund íbúðarhús	1950-1951	Lágt	Lágt	Hátt	Miðlungs	Gott	Miðlungs
3.4.13	Grund íbúðarhús	1937	Lágt	Lágt	Hátt	Miðlungs	Gott	Miðlungs
	geymsla	1940	Lágt	lágt	Hátt	Miðlungs	Gott	Miðlungs
3.4.14	Mosfell íbúðarhús	1930/1939	Miðlungs	Lágt	Hátt	Miðlungs	Gott	Miðlungs
	hlaða*	1948-1949						
	fjórhus*	1950	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Hátt	Gott	Miðlungs
3.4.15	Kúluvíslarskáli	1880-1890	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.4.16	Sæluhús á Hverav.	1922	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.4.17	Sæluhús Ferðaf. Ísl.	1936	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt

Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar-sögulegt gildi	Umhverfis-gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislu-gildi
Bólstaðarhlíðarhr.							
3.5.1	Hólabær						
	hlaða	1948	Lágt	Lágt	Lágt	Lélegt	Lágt
	[fjós*	1954]					
	[haughús*	1956]					
	[hlaða*	1956]	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Hátt
3.5.2	Gunnsteinsstaðir						
	íbúðarhús	1925/36/48	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Lélegt
	hlaða*	1947					
	fjós*	1948					
	bogaskemma*	1950	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Miðlungs
3.5.3	Auðólfstaðir						
	íbúðarhús	1930	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott
3.5.4	Æsustaðir						
	íbúðarhús	1929	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Gott
	geymsluhús*	1935					
	hlaða*	1946	Lágt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Miðlungs
	fjárhús/hlaða	1900-1914	Lágt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs
3.5.5	Gautsdalur						
	íbúðarhús	1935/1948	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Gott
	fjós	1930	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Lélegt
3.5.6	Þverárdalur						
	íbúðarhús	1948	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Gott
3.5.7	Bólstaðarhlíð						
	íbúðarhús	1950	Miðlungs	Lágt	Lágt	Lágt	Miðlungs
	hlaða*	1927					
	geymsla*	1927	Lágt	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Lélegt
3.5.8	Bólstaðarhlíðarkirkj	1888	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott
3.5.9	Gil						
	íbúðarhús (hesthús)	1939	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Lágt	Gott
	rafstöðvarhús	1933-1934	Lágt	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs

Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveislugildi
3.5.10 Skeggsstaðir [fjárhús* [hlaða*]	1954-1955] 1954-1955]	Lágt	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Lélegt	Lágt
3.5.11 Brattahlíð íbúðarhús/framhús skemma fjós(?) fjárhús fjárhús	1904-1905 <1925> <1913> <1930> <1930>	Hátt Lágt Lágt Miðlungs Miðlungs	Hátt Hátt Hátt Hátt Hátt	Hátt Miðlungs Miðlungs Hátt Hátt	Hátt Miðlungs Miðlungs Hátt Hátt	Lélegt Lélegt Lélegt Miðlungs Miðlungs	Hátt Hátt Hátt Hátt Hátt
3.5.12 Eiríksstaðir íbúðarhús fjós* fjárhús* fjárhús* hesthús* hlaða* hlaða*	1938 1940 1945 1950 1950 1950 1950	Miðlungs Lágt	Miðlungs Lágt	Miðlungs Lágt	Hátt Miðlungs	Lélegt Lélegt	Miðlungs Lágt
3.5.13 Bergsstaðir íbúðarhús/framhús	1917-1918	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Lélegt	Hátt
3.5.14 Bergsstaðakirkja	1883	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt
3.5.15 Leifsstaðir I-II íbúðarhús fjós	1945 1945	Miðlungs Lágt	Lágt Lágt	Miðlungs Miðlungs	Miðlungs Miðlungs	Miðlungs Gott	Miðlungs Lágt
3.5.16 Steiná I (III) íbúðarhús fjós	1939 1949	Lágt Lágt	Miðlungs Lágt	Hátt Hátt	Miðlungs Hátt	Gott Miðlungs	Miðlungs Miðlungs
3.5.17 Skottastaðir hesthús	1940	Lágt	Hátt	Miðlungs	Hátt	Lélegt	Hátt
3.5.18 Stafn íbúðarhús	1949-1951	Miðlungs	Lágt	Hátt	Miðlungs	Gott	Miðlungs

	Bær / húsgerð	Byggingarár	Byggingarlist listrænt gildi	Menningar- sögulegt gildi	Umhverfis- gildi	Upprunalegt gildi	Tæknilegt ástand	Varðveisl- gildi
3.5.19	Fossar hesthús	<1900	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Lélegt	Hátt
3.5.20	Kóngsgarður fjárhús	<1900>	Miðlungs	Hátt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Hátt
3.5.21	Austurhlíð íbúðarhús	1950	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Gott	Lágt
3.5.22	Blöndudalshólar íbúðarhús fjós* hlaða*	1932	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Gott	Hátt
		1949						
		1949	Lágt	Lágt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
3.5.23	Finnstunga íbúðarhús votheysturn	1942/1950	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Lágt	Gott	Lágt
		1949	Lágt	Lágt	Lágt	Hátt	Miðlungs	Lágt
3.5.24	Ártún íbúðarhús	1948	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Gott	Hátt

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- Aðalskipulag Blönduóss 1993-2013*. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Útgefendur: Blönduósbær og Skipulag ríkisins 1996.
- Alþýðublaðið* 1926, 1932 og 1948. Reykjavík.
- Andvari* 1972. Tímarit Bókaútgáfu Menningarsjóðs og Hins íslenska Þjóðvinafélags. Reykjavík.
- Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson (2001). „Kjölur og kjalverðir.“ *Árbók Ferðafélags Íslands* 2001.
- Austri* 15. júlí 1898. Seyðisfirði.
- Ágúst B. Jónsson (1970). *Ágúst á Hofi leysir frá skjóðunni*. Með fólki og fénaði í öllum landsfjórðungum. Andrés Kristjánsson reiddi fram. Reykjavík.
- Ágúst B. Jónsson (1971). *Ágúst á Hofi lætur flest flakka*. Með stórmönnum lífsins í breiðum byggðum. Andrés Kristjánsson hagræddi. Reykjavík.
- Ágúst Sigurðsson (1965). „Auðkúla í Svíndal.“ *Dagur* 48. árg. (jólblað) 22. des. 1965, s. 16-22.
- Árbók Ferðafélags Íslands* 1938, 1940, 1959, 1970-1971, 1975-1976, 1981, 1984-1985, 1990, 1995-2000 og 2002-2003.
- Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1886-1892, 1966-1968, 1981, 1984 og 1988. Reykjavík.
- Ásgeir Einarsson (1978). *Lýsing Þingeyrakirkju og ræður við vígslu hennar*. Reykjavík.
- Ásgeir Jakobsson (1979). *Tryggva saga Ófeigssonar*. Hafnarfirði.
- Ásgeir L. Jónsson (1971). „Sögubættir og endurminningar um Sveinsstaði í gegnum fjóra ættliði.“ *Heima er bezt* 21. árg., 8. tbl., ágúst 1971, s. 289-291, 9. tbl., sept. 1971, s. 328-331, og 10. tbl., okt. 1971, s. 363-365.
- Bjarni Jónasson (1971). „Höfuðból og eyðibýli. Brot úr sögu Undirfells í Vatnsdal.“ *Húnavaka* 11. árg. 1971, s. 107-117.
- Blönduós. Gamli bærinn og Klifamýri – Verndarsvæði í byggð*. Tillaga og greinargerð. Höfundar: Gunnlaugur Haraldsson, Dagur Eggertsson og Páll J. Líndal. TGJ. Reykjavík 2018.
- Bragi Guðmundsson (1985). „Um byggð í Svinavatnshreppi fyrir 1706.“ *Húnavaka* 25. árg. 1985, s. 52-66.
- Bragi Guðmundsson (1992). *Héraðsstjórn í Húnaþingi*. Saga sýslunefndanna í Húnavatnssýslu 1872-1907 og Austur-Húnavatnssýslu 1908-1988. Útg. Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Akureyri.
- Búnaðarrit* 15. árg. 1901. Útgefandi: Búnaðarfélag Íslands. Reykjavík.
- Coles, John (1966). *Íslandsferð*. Kópavogur.
- Collingwood, William Gershom (1991). *Fegurð Íslands og fornir sögustaðir*. Reykjavík.
- Dagblaðið – Vísir* 1992-1994. Reykjavík.
- Dagur* 1909. Ísafirði.
- Dagur* 1965, 1988 og 1992. Akureyri.
- Dreifbýli Blönduósbæjar. Húsakönnun*. Höfundar: Gunnlaugur Haraldsson, Páll J. Líndal og Stefán J. K. Jeppesen. 1. útgáfa. TGJ. Reykjavík 2018.
- Erlendur G. Eysteinnsson (2000). „Kornmyllan og vatnsorkan.“ *Húnavaka* 40. árg. 2000, s. 104-111.
- Erlendur G. Eysteinnsson (2008). „Klausturstofan á Þingeyrum.“ *Húnavaka* 48. árg. 2008, s. 126-137.
- Eyðibýli á Íslandi V. Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Skagafjarðarsýslu, Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu sumarið 2013*. Ýmsir höfundar. Umsjónarmenn útgáfu: Gísli Sverrir Árnason og Sigbjörn Kjartansson. Útgefandi: Eyðibýli – áhugamannafélag 2013.
- Fasteignabók [1922]*. Löggilt af stjórnarráði Íslands samkv. lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík 1921.

- Fasteignabók 1932*. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkv. lögum nr. 41, 8. sept. 1931. Öðlast gildi 1. apríl 1932. Reykjavík 1932.
- Fasteignabók [1944]*. Löggilt af fjármálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 3 6. jan. 1938. Reykjavík 1942-1944.
- Fasteignabók [1957]* I. Mat fasteigna í sýslum samkvæmt lögum nr. 33 frá [14. maí] 1955. Öðlast gildi 1. maí 1957. Reykjavík 1956-1957.
- Feykir* 1993, 2001 og 2003. Óháð fréttablað á Norðurlandi vestra. Sauðárkróki.
- Fjallkonan* 26. árg. 1909. Reykjavík.
- Fréttatíminn* 7. árg. 2016. Reykjavík.
- Fréttir* 2. árg., 106. tbl., 13. ágúst 1918. ("Gamla kirkjan á Gunnsteinsstöðum".)
- Fundarhús og skólar í sveitum landsins*. Könnun á fjölda og ástandi varðveittra húsa frá fyrri hluta 20. aldar. Áfangaskýrsla fyrir Húsafriðunarnefnd, desember 2010. Gláma – Kím.
- Gísli Pálsson (2007). *Úr sveitinni. Saga og ábúendur Torfalækjarhrepps í A.-Húnavatnssýslu*. Gísli Pálsson og fleiri. Bókaútgáfan Hofi.
- Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenskra*. IV. bindi. Þorsteinn M. Jónsson gaf út. Reykjavík 1969.
- Grimur Gíslason (1999). „Pá var margt fólk í Vatnsdal.“ *Húnavaka* 39. árg. 1999, s. 70-114.
- Guðbrandur Jónsson (1926). „Gunnsteinsstaðakirkja.“ *Alþýðublaðið* 7. árg., 70. tbl., 23. mars 1926, s. 4-5.
- Guðbrandur Jónsson (1929). „Elsta hús á Íslandi.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 4. árg., 22. tbl., 2. júní 1929, s. 170-172.
- Guðjón Friðriksson (2017). *Litbrigði húsanna*. Saga Minjaverndar og endurgerðra bygginga um allt land. Reykjavík.
- Guðmundur Frímann (1978). *Þannig er ég – viljirðu vita það. Ósamstæðir minningabættir um lifandi menn og dauða*. Akureyri.
- Guðmundur L. Hafsteinsson (1996). *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana byggðar á dönsku SAVE-aðferðinni*. Skipulag ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd ríkisins, nóvember 1996.
- Guðmundur Hannesson (1943). „Húsagerð á Íslandi.“ *Iðnsaga Íslands*. Fyrri bindi. Ritstjóri Guðmundur Finnbogason. Reykjavík, s. 1-317.
- Guðrún Harðardóttir (2006). „Kirkjustaður.“ Þingeyrakirkja. *Kirkjur Íslands VIII*. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi II. Reykjavík, s. 263-270.
- Guðrún Jónsdóttir (2006). „Byggingarsaga kirkjunnar.“ Þingeyrakirkja. *Kirkjur Íslands VIII*. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi II. Reykjavík, s. 270-285.
- Gunnar Árnason (1973). „Auðkúlukirkja.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 15. tbl., 15. apríl 1973, s. 6 og 15.
- Gunnlaugur Haraldsson (2002). *Guðfræðingatal 1847-2002*. I og II. bindi. Reykjavík.
- Hallgrímur Jónasson (1971). „Kjalvegur hinn forni.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1971*.
- Hannes Björnsson (1984). „Þorsteinn Jósefsson bóndi í Umsvölum í Húnaþingi.“ *Húnavaka* 24. árg. 1984, s. 115-119.
- Hannes Þorsteinsson (1918-1920). „Æfisaga Björns Ólsens umboðsmanns á Þingeyrum. Eptir sjálfan hann.“ *Blanda I*, s. 284-306.
- Haukur Magnússon (2009). „Það er sagna sannast . . .“ *Húnavaka* 49. árg. 2009, s. 147-153.
- Heimskringla* 42. árg., 8. tbl. 1927. Winnipeg.
- Hjörleifur Stefánsson (2013). *Af moldu. Íslensk torfhús*. Reykjavík.
- Hólmfríður K. Gunnarsdóttir (2018). . . *hjá grassins rót*. Reykjavík.
- Hulda Á. Stefánsdóttir (1987). *Minningar Huldu Á. Stefánsdóttur III* (Húsfreyja í Húnaþingi). Reykjavík.
- Húnavaka* 1. – 57. árg. 1961-2017. Útgefandi: Ungmennasamband Austur-Húnavetninga.
- Húnaþing I-III*. Ritnefnd: Sigurður J. Línal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri 1975, 1978 og 1989.
- Húsakönnun á Blönduósi 2015*. Unnin af Guðrúnu Jónsdóttur, Ragnheiði Ragnarsdóttur og Páli Jakob Línal. TGJ - Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Fyrsta útgáfa 2015. Reykjavík.

- Hörður Ágústsson (1987). „Íslenski torfbærinn.“ *Íslensk þjóðmenning I. Uppruni og umhverfi*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Rvík, s. 227-344.
- Hörður Ágústsson (2000 I): *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Reykjavík.
- Hörður Ágústsson (2000 II): *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveislunnáall 1863-1990. Verndunaróskir*. Reykjavík.
- Ingi Heiðmar Jónsson (2006). *Stikill 2. Frá Málfundafélaginu Vísi og byggingu þinghúss í Hlíð*.
- Ingi Heiðmar Jónsson (2009). *Stikill 5. Bréf & dagbók*.
- Ingvar Þorleifsson (1998). „Nú er ekkert eins og fyrr.“ *Húnavaka* 38. árg. 1998, s. 57-64.
- Ísafold* 1909 og 1918. Reykjavík.
- Íslendingaþættir Tímans* 1970-1983. Reykjavík.
- Íslenzk fornrit XV*. Biskupa sögur I. Síðari hluti. Ritstjóri Jónas Kristjánsson. Reykjavík 2003.
- Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefur Jón Árnason. IV. bindi. Nýtt safn. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík 1956.
- Íslenzkt fornbréfasafn / Diplomatarium Islandicum, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*. II. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Khöfn 1893.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Áttunda bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn með styrk úr ríkissjóði Íslands. Kaupmannahöfn 1926.
- Jóhann Guðmundsson (1989). „Auðkúluheiði.“ *Húnaþing* III. Ritnefnd: Sigurður J. Línal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri, s. 68-101.
- Jóhann Fr. Kristjánsson (1915). „Leiðbeiningar í húsagerð. Úr skýrslu um árið 1914.“ *Búnaðarrit* 29. árg., 2. tbl. 1915, s. 148-151.
- Jóhanna Björnsdóttir (1999). „Um Auðkúlukirkju.“ *Húnavetningur. Ársrit Húnavetningafélagsins í Reykjavík*. XXII. árg. 1999, s. 87-92.
- Jón Arason (2008): „Af gömlum bókum“. *Húnavaka* 48. árg. 2008, s. 97-102.
- Jón Eyþórsson (1964). „Austur-Húnavatnssýsla.“ *Árbók Ferðafélags Íslands* 1964.
- Jón Kr. Ísfeld (1968). „Litið til liðinna alda.“ *Húnavaka* 8. árg. 1968, s. 62-69.
- Jón Torfason (2000). „Auðkúluheiði.“ *Morgunblaðið* 87. árg., 188. tbl., 19. ágúst 2000, s. 36-37.
- Jón Torfason (2007). „Húnaþing eystra frá jöklum til ystu stranda.“ *Árbók Ferðafélags Íslands* 2007.
- Jónas B. Jónsson (1982). „Bræðurnir á Stóru-Giljá.“ *Bóndi er bústólpi* III. Guðmundur Jónsson sá um útgáfuna. Reykjavík.
- Jónbjörn Gíslason (1964). „Reimleikar.“ *Verkamaðurinn* 46. árg., 28. tbl., 21. ágúst 1964, s. 6-7.
- Jörð* 8. árg. 1947. Tímarit með myndum. Akureyri.
- Kirkjur Íslands* VII. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi I. Reykjavík 2006.
- Kirkjur Íslands* VIII. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi II. Reykjavík 2006.
- Kirkjur Íslands* XXXI. Friðaðar kirkjur. Lokabindi. Reykjavík 2018.
- Kirkjuritið* 18. árg., 4. tbl., 1952. Tímarit gefið út af Prestafélagi Íslands. Reykjavík.
- Klemenz Guðmundsson (2003): „Bólstaðarhlíðarland, örnefni og búskapur.“ *Húnavaka* 43. árg. 2003, s. 125-132.
- Kristinn Magnússon (1975). „Ágrip af sögu rafmagnsmála Blönduóss og nágrennis.“ *Húnavaka* 15. árg. 1975, s. 12-23.
- Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. 2. útgáfa. Ritstjóri Adolf Friðriksson. Reykjavík.
- Lárus í Grímstungu* (1981). Gylfi Ásmundsson bjó til prentunar. Akureyri 1981.
- Lýður Björnsson (1972). *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. Fyrri bindi. Reykjavík.
- Lýður Björnsson (1990). Steypa lögð og steinsmið rís. Sagt frá mannvirkjum úr steini og steypu. *Safn til Iðnsögu Íslendinga*. V. bindi. Ritstjóri Jón Böðvarsson. Reykjavík.

Lögberg 1894 og 1935. Winnipeg.

Lögrjetta 1909, 1915, 1918 og 1925. Reykjavík.

Magnús Björnsson á Syðra-Hóli (1959). *Hrakhólar og höfuðból*. Akureyri.

Magnús Ólafsson (1980). „Laxveiðar í Vatnsdalsá.“ *Húnavaka* 20. árg. 1980, s. 23-39.

Manntal á Íslandi 1845. Norður- og austuramt. Reykjavík 1985.

Morgunblaðið 1928-2019. Reykjavík.

Múraratal og steinsmiða I-II. Ritstjóri Þorsteinn Jónsson. Reykjavík 1993.

Norðri 5. árg., 31. tbl. 1910. Akureyri.

Norðurland 12. árg., 24. tbl., 1. júní 1912. Akureyri.

Óðinn 1911-1928. Ritstjóri: Þorsteinn Gíslason. Reykjavík.

Páll V. G. Kolka (1950). *Föðurtún*. Reykjavík 1950.

Páll Ingbór Kristinsson (2002). „Tré ársins 2002. Bræðurnir á Stóru-Giljá rísa hátt og horfa vítt.“ *Skógræktarritið* 2002, 2. tbl., s. 4-7.

Samvinnan 52. árg., 10. tbl. 1958.

Schweizer, Bruno (2003 III). *Úr torfbæjum inn í tækniöld*. Þriðja bindi. Ritstjóri Magnús Kristinsson. Þýðandi Franz Gíslason. Myndaritstjóri Örlygur Hálfðanarson. Reykjavík 2003.

Sigurður Blöndal (2000 I). „Blæðspin á Hofi í Vatnsdal.“ *Skógræktarritið* 2000, s. 56-57.

Sigurður Blöndal (2000 II): „Gunnfríðarstaðir á Bakásum heimsóttir á ný.“ *Skógræktarritið* 2000, s. 58-65.

Sigurjón Guðmundsson (1984). „Bergsstaðakirkja eitt hundrað ára.“ *Húnavaka* 24. árg. 1984, s. 97-101.

Skagfirzkar æviskrár. Tímabilið 1890-1910. III. bindi. Akureyri 1968.

Skagfirzkar æviskrár. Tímabilið 1850-1890. VI. bindi. Sauðárkróki 1992.

Steinunn Kristjánsdóttir (2017). *Leitin að klaustrunum. Klausturhald á Íslandi í fimm aldir*. Reykjavík.

Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1915. A-deild; 1916. B-deild; 1927. B-deild; 1931, A-deild; 1938, A-deild; 1955, A-deild.

Sveinn Nielsson (1950). *Prestatal og prófaste á Íslandi*. Reykjavík.

Sverrir Haraldsson (1992). „Í aldanna rás.“ *Húnavaka* 32. árg. 1992, s. 58-64.

Sverrir Haraldsson (1994). „Frá höfuðbóli í eyðiból.“ *Húnavaka* 34. árg. 1994, s. 149-156.

Svæðisskipulag Austur- Húnavatnssýslu 2004-2016. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur. Reykjavík 2005.

Tíminn 1922-1988. Reykjavík.

Unnar Agnarsson (1991). „Gengið með Giljargili.“ *Húnavaka* 31. árg. 1991, s. 48-56.

Vatnsdalsá. Sagan og veiðimennirnir. Einar Falur Ingólfsson, Sigurður Árni Sigurðsson og Þorsteinn J. Reykjavík 2014.

Vatnsdalsá. Vatnsdalur – Þing. Bókaútgáfan Dyngja. Hofi í Vatnsdal 1990.

Vestri 8. árg., 33. tbl., 19. júní 1909. Ísafirði.

Vísir 1924-1968. Reykjavík.

Vorþeyr og vébönd. Minningarbók um Bjarna í Blöndudalshólum. Umsjón með útgáfu hafði Pétur Sigurðsson. Akureyri 1987.

Þjóðólfur 61. árg., 26. tbl., 18. júní 1909. Reykjavík.

Þjóðviljinn 1909 og 1915. Reykjavík.

Þjóðviljinn 26. mars 1963. Reykjavík.

Þormóður Sveinsson (1959). „Hugleiðingar út af skriðuföllum í Norðurárdal.“ *Nýjar kvöldvökur*. 52. árg., 4. hefti, 1959, s. 159-164.

Þorsteinn B. Gíslason (1970). „Kristján Vigfússon, fyrrverandi bóndi og járnsmiður, Vatnsdalshólum.“ *Íslendingaþættir Tímans* 3. árg., 16. tbl., 11. nóv. 1970, s. 12-13.

Þorsteinn Guðmundsson (1994). "Kúluprestar." *Húnavaka* 34. árg. 1994, s. 72-97.

Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórsson (1981). *Landið þitt Ísland*. 2. Bindi, Reykjavík.

Þór Hjaltalín (2008). *Hveravellir og Kerlingarfjöll. Fornleifaskráning*. Rit Fornleifaverndar ríkisins 2008:5. Reykjavík.

Þór Magnússon (2007). „Altaristaflan gamla í Auðkúlkirkju.“ *Húnavaka* 47. árg. 2007, s. 75-80.

Ættir Austur-Húnavetninga I-IV. bindi. Guðmundur Sigurður Jóhannsson og Magnús Björnsson. Reykjavík 1999.

Óprentaðar heimildir (Ópr. heim.)

Guðrún Jónsdóttir og Nanna Hermansson. *Brattahlíð í Svartárdal, Austur-Húnavatnssýslu*. Uppmæling 2004. Uppþeikning ágúst 2012. Skýrsla í vörslu Húsafriðunarnefndar og TGJ.

Gunnlaugur Björn Jónsson (2018). Skýrsla um endurbyggingu Sveinsstaðaskóla. GINGI teiknistofa, pr. 9. júlí 2018.

Húsaskráning, skráningarstaðall. Húsakönnun. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 2 (ópr. drög), 2017.

Jón Torfason (2006). Handrit að staðháttalýsingum í Húnaþingi.

Sigrún Magnúsdóttir (2018). Tölvupóstur pr. 18. júní 2018.

Stefán Árnason (2011). Sunnuhlíð, Húnavatnshreppi. Klæðning á húsi. Grunnmyndir o.fl. Dags. 28. mars 2011.

Stefán Árnason (2013). Grímstunga, Húnavatnshreppi. Grunnmynd, snið og útlit. Dags. 29. júlí 2013.

Stefán Árnason (2015). Hnausar 1, Húnavatnshreppi. Grunnmyndir, snið og byggingalýsing. Dags. 30. ágúst 2015.

Stoð ehf. verkfræðistofa. *Ásbrekka í Vatnsdal, A-Hún*. Aðaluppdráttur, útlit, grunnmyndir, snið og skýringartexti. Stoð ehf. verkfræðistofa. 4. ágúst 2017; *Hof í Vatnsdal, A-Hún*. Aðalteikningar, utanhússklæðning, október 2009.

Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu (Hér.A-Hún.)

Úttektarbækur Bólstaðarhlíðarhrepps 1870-1902, 1902-1924, 1924-1936 og 1937-1979.

Úttektarbækur Svínavatnshrepps 1880-1922 og 1922-1928.

Virðingabók Brunabótafélags Íslands í Svínavatnshreppi 1933-1953.

Minjastofnun Íslands (MÍ)

Bréf vegna niðurrifs Gilsstaða 2015.

Hjörleifur Stefánsson og Guðrún Guðmundsdóttir (1989). *Kornsó í Vatnsdal*. Mælingateikningar í maí 1989.

Keith Dalby (2012). *Bergsstaðir í Svartárdal*. Mælingateikningar og ljósmyndir. Skýrsla unnin fyrir Húsafriðunarnefnd í júlí 2012.

Tölvupóstur frá minjaverði Norðurlands vestra 19. mars 2019.

Þorsteinn Gunnarsson (1992). *Húsið á Kornsó*. Skoðunargerð júlí 1985. Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, ágúst 1992.

Þorsteinn Gunnarsson (1993). *Húsið á Hjallalandi, Vatnsdal*. Skoðunargerð júlí 1985. Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, ágúst 1993.

Skjalasafn skipulags- og byggingafulltrúa Húnavatnshrepps

Uppdrættir og ljósmyndir (Brekukot, Laxárvatnsvirkjun (íbúðarhús), Miðhús og Sauðanes).

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ.)

Manntal 1. desember 1910.

Manntal 2. desember 1940.

Manntöl 1880, 1890, 1901, 1920 og 1930 (vélrituð afrit á lestrarsal).

Byggingastofnun landbúnaðarins – Teiknistofa landbúnaðarins 2005

A. Bæjaskjöl.

BB. Teikningasafn - íbúðarhús.

BD. Teikningasafn – útihús.

Fasteignamat 1916-1918. Austur-Húnavatnssýsla

AA. Undirmat Austur-Húnavatnssýslu.

Fasteignamat 1930. Austur-Húnavatnssýsla

BAm1-1. Áshreppur.

BAm1-2. Svínavatnshreppur.

BAm1-3. Torfalækjarhreppur.

BAm1-5. Svínavatnshreppur.

BAm1-6. Bólstaðarhlíðarhreppur.

Fasteignamat 1942. Austur-Húnavatnssýsla

BAm/1-1. Áshreppur.

BAm/1-2. Sveinsstaðahreppur.

BAm/1-3. Torfalækjarhreppur.

BAm/2-2. Svínavatnshreppur.

BAm/3-1. Bólstaðarhlíðarhreppur.

Kirknasafn. Húnavatnsprófastsdæmi.

Hjaltabakki. CD/4. Endurritabók 1854-1890.

Þingeyraklaustur. CB/5. Bréfa- og endurritabók 1914-1936.

Landbúnaðarráðuneytið 2001

BA/328. Kirkjujarðir, prestssetur o.fl.

Myndir og kort (teikningasafn).

Sápur 18. Skúffa 38. Barnaskóli á Sveinsstöðum. Óársett teikning, árituð af Jóhanni Fr. Kristjánssyni.

Rafmagnseftirlit ríkisins 1999

EB/3. Einkarafstöðvar (R-143, R-144 og R-146).

Skjalasafn prófasta. Húnavatnsprófastsdæmi

AA/12. Vísitasíu-, úttekta- og héraðsfundabók 1920-1925.

AA/13. Vísitasíu-, úttekta- og héraðsfundabók 1925-1941.

AA/14. Vísitasíu-, úttekta- og héraðsfundabók 1941-1952.

AA/15. Vísitasíu-, úttekta- og héraðsfundabók 1952-1971.

Stjórnarráð Íslands I. skrifstofa

Db. 5, nr. 49 (B/168, nr. 3.)

1988 B/58. Prestssetraskoðun 1911-1913. Skýrslur eftir Rögnvald Ólafsson (og nokkrar teikningar).

Stjórnarráð Íslands II. skrifstofa

EB01. Túnakort – Áshreppur 1918.

EB03. Túnakort – Bólstaðarhlíðarhreppur 1920.

EB07. Túnakort – Sveinsstaðahreppur 1919.

EB08. Túnakort – Svínavatnshreppur 1920.

EB09. Túnakort – Torfalækjarhreppur 1920.

Vefheimildir (Vef.)

Auðkúlukirkja. www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/568.

Bergsstaðakirkja. <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/564>.

Bólstaðarhlíðarkirkja. www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/566.

Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2018. <http://www.skra.is/Fasteignaskrá>.

Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner og Sigríður Sigurðardóttir. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknaskýrslur 2002/8. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur/bsk-2002-8-vatnsdalur.pdf>.

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum. Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2002/9. http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknar_skyrslur/bsk-2002-9-hveravellir.pdf.

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum. Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2004/30. http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknar_skyrslur/bsk-2004-30-thingeyrar.pdf.

Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi. Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2005/46. http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknar_skyrslur/bsk-2005-46-finnstunga.pdf.

Fornleifaskrá Þingeyra. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2006/50. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur50-99/bsk-2006-50-thingeyrar.pdf>.

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps I. Svinavatn, Hólabak, Uppsalir og Öxl. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2008/81. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur50-99/bsk-2008-81-hunavatnshreppur.pdf>.

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps II. Bólstaðarhlíð og Botnastaðir. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2009/97. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur50-99/bsk-2009-97-hunavatnshreppur.pdf>.

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Hvammur, Hof, Saurbær, Brúsastaðir. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2009/99. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur50-99/bsk-2009-99-hunavatnshreppur.pdf>.

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps III. Stóra-Giljá og Reykir við Reykjabraut. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2009/100. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarsk100-149/bsk-2009-100-hunavatnshreppur-iii.pdf>.

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Auðkúla og Stóridalur. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2010/101. www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarsk100-149/bsk-2010-101-hunavatnshreppur-audkula.pdf.

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Sveinsstaðir. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2010/102. <http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarsk100-149/bsk-2010-102-hunavatnshreppur-sveinsstadir.pdf>.

Fornleifaskráning á veituleið Blönduvirkjunar. Bryndís Zoëga og Guðmundur Stefán Sigurðarson. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki. Rannsóknarskýrslur 2012/131. http://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarsk100-149/bsk-2012-131-fornleifaskraning-a-veituleid-blondu_virkjunar.pdf.

Húnavatnshreppur. Aðalskipulag 2010-2022. Landmótun. Tillaga 3. maí 2010. <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=31634740583352581455>.

Hveravellir og Kerlingarfjöll. Fornleifaskráning. Þór Hjaltalín. Fornleifavernd ríkisins 2008:5. www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/hveravellir_minni.pdf.

Laxárvatnsvirkjun. http://www.nat.is/travelguide/virkjair_laxarvatns.htm. Sótt 20. nóvember 2016.

Laxárvatnsvirkjun #1. <https://fos.is/2013/10/22/laxarvatnsvirkjun-1/>. Sótt 20. nóvember 2016.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. <https://www.althingi.is/alttext/stjt/2012.080.html>.

Lögbýlaskrá Þjóðskrár Íslands 1. desember 2017. <https://opingogn.is/dataset/logbylaskra/resource/-c117ac90-a10c-4020-81d5-cdec8c808d4a>.

Lögbýlaskrá Þjóðskrár Íslands 31. desember 2018. <https://www.skra.is/library/Samnyttar-skrar-/Um-okkur/ymsar-skyrslur/lögbýlaskrá%20-%202018.pdf>

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn. www.sarpur.is.

Svínavatnskirkja. www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/569.

Undirfellskirkja. <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordur-land-vestra/nr/563>.

Pingeyrakirkja. <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/567>.

Þór Hjaltalín (2008). *Hveravellir og Kerlingarfjöll – Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins 2008:5. www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/hveravellir_minni.pdf.

Heimildarmenn – viðmælendur (Heim.)

Alfreð Hjaltalín (f. 1962), Garðabæ	(Þórormstunga)
Árni Bragason (f. 1965), Sunnuhlíð	(Sunnuhlíð)
Árni Vigfússon (f. 1948), Reykjavík	(Skinnastaðir)
Áslaug F. Guðmundsdóttir (f. 1951), Blönduósi	(Finnstunga)
Áslaug María Magnúsdóttir (f. 1967), Hafnarfirði	(Eyjólfstaðir)
Baldur Reynisson (f. 1961), Kringlu	(Kringla)
Birgir Ingbórsson (f. 1963), Uppsölum	(Uppsaliir)
Björn Magnússon (f. 1947), Hólabaki	(Pingeyrakirkja)
Bryndís Júlíusdóttir (f. 1945), Blönduósi	(Mosfell)
Eðvarð S. Hallgrímsson (f. 1948), Garðabæ	(Helgavatn o.fl.)
Egill Herbertsson (f. 1964), Haukagili	(Haukagil)
Eiður Magnússon (f. 1978), Miðhúsum	(Miðhús)
Eiður Steingrímsson (f. 1954), Kópavogi	(Marðarnúpur)
Ellert Pálmason (f. 1938), Bjarnastöðum	(Skólahúsið á Sveinsst. / Hnausar)
Finnur Karl Björnsson (f. 1952), Köldukinn 1	(Kaldakinn 1)
Friðgeir Jónasson (f. 1969), Blöndudalshólum	(Blöndudalshólar)
Gauti Jónsson (f. 1955), Hvammi í Langadal	(Gautsdalur)
Gísli Ragnar Gíslason (f. 1952), Reykjavík	(Hvammur)
Grímur Guðmundsson (f. 1971), Reykjum	(Reykir)
Gróa M. Lárusdóttir (f. 1958), Brúsastöðum	(Undirfellskirkja)
Guðjón Skarphéðinsson (f. 1943), Reykjavík	(Marðarnúpur)
Guðráður B. Jóhannsson (f. 1958), Beinakeldu	(Beinakelda)
Guðrún Bjarnadóttir (f. 1939), Guðrúnarstöðum	(Guðrúnarstaðir)
Guðrún Guðmundsdóttir (f. 1952), Guðlaugsstöðum	(Guðlaugsstaðir)
Halldór Guðmundsson (f. 1952), Holti 2	(Auðkúla og Auðkúlukirkja)
Hannes Jónsson (f. 1961), Reykjavík	(Nautabú)
Haukur Pálsson (f. 1929), Röðli	(Röðull / Laxárvatnsvirkjun)

Heiðar Kristjánsson (f. 1939), Blönduósi	(Hæli)
Helgi Ingólfsson (f. 1937), Hvammstanga	(Vaglir)
Hjördís Þórarinsdóttir (f. 1948), Blönduósi	(Snæringstaðir)
Hjörleifur Stefánsson (f. 1947), arkitekt	(Ýmsar upplýsingar)
Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir (f. 1959), Vatnsdalshólum	(Vatnsdalshólar)
Hrafn Þórisson (f. 1943), Skeggsstöðum	(Skeggsstaðir)
Hreinn Magnússon (f. 1931), Leysingjastöðum	(Leysingjastaðir)
Hrefna María Gunnarsdóttir (f. 1944), Seltjarnarnesi	(Eyjófsstaðir)
Ingibjörg Eysteinsdóttir (f. 1927), Beinakeldu	(Beinakelda)
Ingibjörn E. Sigurjónsson (f. 1965), Tindum	(Tindar)
Ingimar Jóhannsson (f. 1947), Reykjavík	(Grímstunga)
Ingþór J. Kristmundsson (f. 1970), Gilá	(Marðarnúpur)
Jóhann Guðmundsson (f. 1946), Holti	(Dalsmynni / Kúlukvíslarskáli)
Jóhanna Pálmadóttir (f. 1958), Akri	(Akur)
Jóhanna Stella Jóhannsdóttir (f. 1970), Reykjum	(Reykir)
Jóhannes Torfason (f. 1945), Torfalæk	(Torfalækur)
Jón Arason (f. 1949), Blönduósi	(Eyjófsstaðir)
Jón B. Bjarnason (f. 1948), Ási	(Ás)
Jón Gíslason (f. 1959), Stóra-Búrfelli	(Svínavatn / sæluhús á Hveravöllum)
Jón Gíslason (f. 1963), Hofi	(Hof)
Jón Torfason (f. 1949), cand. mag. í Reykjavík	(Ýmsar upplýsingar)
Kristín Ágústsdóttir (f. 1940), Blönduósi	(Flaga)
Kristín Breiðfjörð Kristinsdóttir (f. 1955), Reykjavík	(Hurðarbak)
Kristín Rós Sigurðardóttir (f. 1975), Tindum	(Tindar)
Kristján Jónsson (f. 1950), Sléttárdal	(Stóridalur / Svínavatn)
Kristján Þorbjörnsson (f. 1954), Blönduósi	(Gilsstaðir)
Magnús Jósefsson (f. 1953), Steinnesi	(Steinnes)
Magnús Ólafsson (f. 1946), Blönduósi	(Sveinsstaðir)
Margrét G. Þórhallsdóttir (f. 1944), Vatnshlíð	(Vatnshlíð)
María K. Steingrimsdóttir (f. 1933), Auðkúlu 2	(Leifsstaðir)
Marianna Þórgrimsdóttir (f. 1974), Holti 2	(Neðra-Holt)
Páll Björnsson (f. 1948), Kópavogi	(Ytri-Langamári)
Páll Gíslason (f. 1954), Seltjarnarnesi	(Hof)
Páll Pétursson (f. 1937), Reykjavík	(Höllustaðir)
Páll Þórðarson (f. 1949), Sauðanesi	(Sauðanes / Laxárvatnsvirkjun)
Pétur Björn Guðmundsson (f. 1961), Reykjavík	(Ásbrekka)
Ragnar Páll Bjarnason (f. 1950), Norður-Haga	(Hagi)
Rúnar A. Pétursson (f. 1990), Hólabæ	(Hólabær / Gunnsteinsstaðir)
Sigríður Hermannsdóttir (f. 1955), Hjallalandi	(Hjallaland)
Sigríður S. Þorleifsdóttir (f. 1964), Hvammi	(Skottastaðir)
Sigrún Grímsdóttir (f. 1942), Blönduósi	(Saurbær)
Sigrún Hauksdóttir (f. 1962), Brekku	(Brekka)
Sigurbjörg Jónsdóttir (f. 1951), Litlidal	(Litlidalur)

Sigurður Skúli Bergsson (f. 1959), Garðabæ	(Hnausar I)
Sigurður Erlendsson (f. 1966), Stóru-Giljá	(Stóra-Giljá)
Sigurjón Guðmundsson (f. 1935), Blönduósi	(Fossar / Kóngsgarður)
Sigurjón Stefánsson (f. 1938), Steiná	(Steiná)
Sigursteinn Bjarnason (f. 1960), Stafni	(Stafn / Kóngsgarður)
Sigurvaldi Sigurjónsson (f. 1954), Húnavöllum	(Orrastaðir)
Sigprúður Friðriksdóttir (f. 1964), Bergsstöðum	(Bergsstaðir / Gil)
Skúli Thoroddsen (f. 1961), Selfossi	(Kornsa)
Snorri Jósefsson (f. 1964), Álftanesi	(Ásbrekka / Móhella)
Soffía Línal Eggertsdóttir (f. 1964), Selfossi	(Grímstunga)
Stefán Árnason (f. 1946), Blönduósi	(Grímstunga / Sunnhlíð)
Steingrímur Ingvarsson (f. 1951), Litlu-Giljá	(Litla-Giljá / Eyjólfstaðir / Hvammur / Reykir)
Sverrir Þór Sverrisson (f. 1974), Auðkúlu 3	(Æsustaðir)
Unnar Rafn Ingvarsson (f. 1968), Garðabæ	(Sólheimar)
Valur Ingimundarson (f. 1961), Reykjavík	(Þingeyrar)
Þorgils Magnússon (f. 1981), skipulags- og byggingarfulltrúi	(ýmsar upplýsingar)
Þorleifur Ingvarsson (f. 1958), Sólheimum	(Sólheimar)
Þorsteinn Guðmundsson (f. 1952), Kópavogi	(Grund / Syðri-Grund)
Þóra M. Lúthersdóttir (f. 1982), Forsæludal	(Forsæludalur)
Þórunn Magnúsdóttir (f. 1946), Auðólfstöðum	(Auðólfstaðir)

Vettvangsskoðun og ljósmyndun

Vettvangsferð Guðrúnar Jónsdóttur og Páls J. Línal 9. – 15. ágúst 2015.

Vettfangsferð Gunnlaugs Haraldssonar og Páls J. Línal 8. – 10. október 2018.